Hæstaréttardómar 1987 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1987

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Ábyrgð á mannvirkjagerð 1299
Ábyrgð stjórnar- og skilanefndarmanna í hlutafélagi 1031, 1229
Aðild 1444, 1456, 1460, 1563
Afréttir 1656
Áfrýjun 937, 947, 1096, 1105
Ákæra 995
Alm. hegningarlög, 108. gr. 1280
Alm. hegningarlög, 176. gr. 769
Árekstur bifreiða 1652
Arkitektar 1444, 1456, 1460
Áskorunarmál 1086
Atvinnuréttindi 1003, 1444, 1456, 1460
Ávana- og fíkniefni 890, 1549, 1594
Bifreiðar:
a) einkamál 915, 928, 1369, 1652, 1763
b) opinber mál 934, 1244, 1334, 1750, 1754
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1481
Byggingasamvinnufélög 1361
Bætur 788, 831, 863
Dagsektir 1374
Dómarar, vanhæfi 1160, 1189
Dómssátt 1118, 1136, 1155, 1156, 1332
Eignarupptaka 890, 1549, 1594
Endurgreiðsla 1247
Endurheimta 1229
Erfðaskrá 1400
Fasteign 1201, 1533, 1540, 1600
Fasteignakaup 1600
Félög 1247, 1361
Féviti 1293
Fjárnám 1083, 1086, 1293, 1672
Fjársvik 1191, 1343, 1410, 1434
Fjölbýlishús 1533
Fógetagerð, bein 1105
Forgangskröfur 968
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 995 (ákæra), 1108, 1110, 1119, 1138, 1146, 1620, 1758

Bls.
b) frá Hæstarétti 1089, 1521
c) frávísunardómur felldur úr gildi 782, 1093, 1253
d) frávísunarkröfu hrundið 1185
Frestun uppboðsmáls 1521
Frestur 1236, 1238, 1240, 1242, 1243, 1521, 1655
Fyrning 1273, 1369
Fyrning lögtaksréttar 1273
Gagnaöflun 990, 1553
Gallar 1600
Geðheilbrigðisrannsókn 1519
Gengismunur 1018
Gerðardómur 788, 831, 863
Geymslugreiðsla 1059
Gjafsókn 1465
Gjaldþrotaskipti 955, 961, 968, 1031, 1558, 1735
Greiðslustöðvun 1152, 1351, 1647
Gæsluvarðhald 1103, 1158, 1519, 1649, 1757
Hafning máls 1480
Hefð 1656
Hegningarauki 1410
Heimvísun 1078, 1189, 1686, 1700
Hilming 890
Hlutafélag, ábyrgð stjórnar- og skilanefndarmanna 1031
Hlutdeild 890
Húsfriður, brot á 1620
Hæstaréttarlög, 45. gr. 1083, 1086
Innbrot 1621
Innsetningargerð 1575
Ítrekun 1244
Íþróttafélög 1263
Jarðhiti 1201
Kaupgjaldsmál 1339
Kærumál:
1) Áfrýjun, verkun 1105
2) Ákæra 995
3) Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1481
4) Dómarar, vanhæfi 1160
5) Dómssátt 1118, 1136, 1155, 1156, 1332
6) Fógetagerð, bein 1105
7) Frávísun:
a) frá héraðsdómi .. 995 (ákæra), 1108, 1110, 1138, 1146, 1158
b) frá Hæstarétti 1089, 1521
c) frávísunardómur felldur úr gildi 782, 1093, 1253
d) frávísunarkröfu hrundið 1185
8) Frestur, uppboðsmál 1521
9) Gagnaöflun 990, 1553
10) Geðheilbrigðisrannsókn 1519
11) Gjaldþrotaskipti 1558
12) Greiðslustöðvun 1152, 1351, 1647

Bls.
13) Gæsluvarðhald 1103, 1158, 1519, 1649, 1757
14) Lögmannsþóknun 1495, 1505, 1512
15) Meðdómendur 1110
16) Réttarneitun 1558
17) Ríkissaksóknari, vanhæfi 995, 1146
18) Sératkvæði 990, 995, 1146
19) Sjálfræðissvipting 924
Lagatúlkun 1003
Landamerkjamál 1326
Lausafjárkaup 1489, 1524
Lax- og silungsveiði 788, 831, 863
Leiðbeiningarskylda 1563, 1686
Leiga 1054
Leigubifreiðar 1003
Lífeyrisréttur 1119
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins 1119
Líkamsárás 999, 1063, 1785
Líkamsáverkar 1481
Lyfjapróf 1263
Lögbann, lögbannsgerð 1374, 1395, 1563
Lögmannsþóknun 1495, 1505, 1512
Lögmenn 1582
Lögskráning 972, 1444, 1456, 1460
Lögtaksréttur 1273
Lögveðsréttur 1735
Málskostnaður 1229
Matsgerð 788, 831, 863
Meðdómendur 1110
Nauðungaruppboð 1096, 1686
Okur 937, 947
Ómerking 1078, 1189, 1686, 1700
Réttarfar 1096, 1354, 1575, 1579
Réttarneitun 1558
Reynslulausn 1410
Riftun 955, 961, 1600, 1690
Ríkissaksóknari, vanhæfi 995, 1146
Sakaskipting 1763
Sameign 1533
Samningar 1201, 1247, 1374, 1489, 1540
Samningsrof 1614
Sératkvæði 788, 831, 863, 915, 955, 961, 990, 995, 1003, 1008, 1031, 1078, 1119, 1146, 1201, 1247, 1263, 1273, 1280, 1299, 1374, 1395, 1426, 1563, 1656, 1686, 1706, 1726, 1735, 1763
Sjálfræðissvipting 924
Sjómenn 1339, 1358
Skaðabótaábyrgð hins opinbera 775
Skaðabótamál, skaðabætur 775, 915, 928, 999, 1059, 1168, 1299, 1369, 1465, 1483, 1524, 1582, 1600, 1620, 1652, 1690, 1773, 1785
Skaðabótaskylda 1763

Bls.
Skattar 972, 1008
Skilasvik 1726
Skilorð 1179, 1434
Skiptalög 968
Skipti 1735
Skírlífisbrot 1179
Skjalafals 890, 921, 1426, 1434
Skuldamál 1672
Skuldaröð 1735
Stjórnarskrá 1008, 1018
Stjórnsýsla 1444, 1456, 1460
Sýkna að svo stöddu 1374
Sölugjald 972
Sönnun 1426, 1483, 1785
Tékkar, tékkalög 1191, 1579, 1700
Umboðssvik 1773
Umferðarlög 915, 928, 934, 1244, 1334, 1369, 1750, 1754
Uppgjör 1361
Upprekstrarréttur 1656
Útivist, útivistardómar 931, 932, 933, 1083, 1086, 1164, 1165, 1166, 1167, 1168, 1579, 1594
Vanaafbrotamaður 1410
Vátrygging 1763
Verjandastörf, þóknun 1162
Verksamningar 1672, 1690
Vextir 1191, 1374
Viðskeyting 1374
Vinnusamningar 1059, 1293, 1339, 1358, 1614
Vinnuslys 1465
Víxlar 1083, 1086, 1354
Vörumerki 1706
Yfirborganir 1672
Þjófnaður 1434, 1620
Ærumeiðingar 1280

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVIII. árgangur. 2. hefti. 1987

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 261/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóru Árndísi Ingvadóttur
Ævari Kjartanssyni
Ragnheiði Þórðardóttur
Margréti Guðmundsdóttur
Stefáni Karli Linnet
Ögmundi Jónassyni
Hannesi Jóhannssyni
Ragnheiði Valdimarsdóttur
Gunnari Halldóri Baldurssyni og
Guðrúnu Pálsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Sýknað af ákæru um brot gegn 176. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Þ. Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Héraðsdómi er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds hinn 15. september 1986 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til ákvörðunar refsingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 6. febrúar 1987.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna um útsendingar Ríkisútvarpsins 1.-3. október 1984. Í bréfi Ríkisútvarpsins 9. mars 1987, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir svo:

„Svar við fyrirspurn hvort slökkt hafi verið á útsendingarborði og sendum dagana 1. til 3. október 1984, þegar útsendingu dagskrár var hætt.

Eftir að samþykkt var á fundi í Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins að hætta útsendingu dagskrár, var útsending stöðvuð kl. 13:04, samkvæmt bókun í dagbók útsendingar.

Ekki var slökkt á útsendingarborði né sendum.

Þulur og útsendingarstjóri voru alltaf á sínum vöktum og því tilbúnir að taka á móti og útvarpa fyrirvaralaust tilkynningum frá lögreglu, Slysavarnarfélagi Íslands, Almannavörnum og öðrum tilkynningum í almannaþágu.

Veðurfréttum var alltaf útvarpað á réttum tímum. Vaktir þula og útsendingarstjóra voru frá kl. 7:00 að morgni til kl. 24:00 að kvöldi."

Telja verður að ákærðu og samstarfsmönnum þeirra hjá Ríkisútvarpinu hafi eigi verið rétt að leggja niður vinnu eins og þau gerðu hinn 1. október 1984. Sú háttsemi þeirra verður hins vegar ekki talin falla undir verknaðarlýsingu 176. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 svo sem rétt þykir að skýra það ákvæði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður fyrir Hæstarétti þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 50.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Eigi verður litið svo á að vegna ákvæða 1. mgr. 20. greinar laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi verið lögskylt að greiða ákærðu og samstarfsmönnum þeirra hjá Ríkisútvarpinu laun fyrir októbermánuð 1984 á fyrsta starfsdegi þess mánaðar nema til þess dags er áður boðað verkfall átti að hefjast. Synjun ákærðu á að sinna skyldustörfum sínum og það frumkvæði sem þeir áttu að ákvörðun starfsmannafélaganna var því án lögmætra ástæðna. Sú háttsemi starfsmannanna að leggja niður vinnu leiddi til verulegra truflana á útvarps- og sjónvarpsrekstri. Varðar atferli þeirra samkvæmt þessu við 176. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940 svo sem skýra ber það ákvæði eftir orðum sínum og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem því fylgdu í greinargerð með frumvarpinu að lögum þessum.

Eftir öllum atvikum teljum við rétt að fresta megi ákvörðun um refsingu ákærðu og að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi þeir almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við teljum að dæma beri ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð samtals 50.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 2. september, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 426-435/1986: Ákæruvaldið gegn Halldóru Árndísi Ingvadóttur, Ævari Kjartanssyni, Ragnheiði Þórðardóttur, Margréti Guðmundsdóttur, Stefáni Karli Linnet, Ögmundi Jónassyni, Hannesi Jóhannssyni, Ragnheiði Valdimarsdóttur, Gunnari Halldóri Baldurssyni og Guðrúnu Pálsdóttur, sem tekið var til dóms 22. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. janúar 1985, gegn ákærðu Halldóru Árndísi Ingvadóttur, fulltrúa og formanni Starfsmannafélags útvarpsins, Lynghaga 4, Reykjavík, fæddri 26. september 1945 í Reykjavík, Ævari Kjartanssyni, varadagskrárstjóra og varaformanni Starfsmannafélags útvarpsins, Nönnugötu 4, Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1950 í Reykjavík, Ragnheiði Þórðardóttur, fulltrúa og gjaldkera í Starfsmannafélagi útvarpsins, Sólvallagötu 53, Reykjavík, fæddri 22. febrúar 1934 í Reykjavík, Margréti Guðmundsdóttur, fulltrúa og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi útvarpsins, Torfufelli 31, Reykjavík, fæddri 16. ágúst 1945 í Reykjavík, Stefáni Karli Linnet, útsendingarstjóra og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi útvarpsins, Skipasundi 43, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1922 á Sauðárkróki, Ögmundi Jónassyni, fréttamanni og formanni Starfsmannafélags sjónvarpsins, Hofsvallagötu 42, Reykjavík, fæddum 17. júlí 1948 í Reykjavík, Hannesi Jóhannssyni, tæknistjóra og gjaldkera í Starfsmannafélagi sjónvarpsins, Hjallaseli 18, Reykjavík, fæddum 5. nóvember 1949 í Hong Kong, Ragnheiði Valdimarsdóttur, dagskrárklippara og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi sjónvarpsins, Skaftahlíð 9, Reykjavík, fæddri 18. júní 1949 í Reykjavík, Gunnari Halldóri Baldurssyni, deildarfulltrúa og varamanni í stjórn Starfsmannafélags sjón-

varpsins, Miðvangi 4, Hafnarfirði, fæddum 4. október 1947 í Reykjavík, og Guðrúnu Pálsdóttur, aðstoðardagskrárgerðarmanni og gjaldkera í stjórn Starfsmannafélags sjónvarpsins, Nönnugötu 16, Reykjavík, fæddri 5. ágúst 1949 í Reykjavík.

Öllum ákærðu er gefið að sök að hafa haft forgöngu í nafni starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins um að starfsmenn Ríkisútvarpsins stöðvuðu með ólögmætum hætti útsendingar hljóðvarps frá kl. 13:00 mánudaginn 1. október 1984 og hæfu ekki útsendingar sjónvarpsins samkvæmt dagskrá þá um kvöldið og síðan valdið verulegri truflun á öllum útvarpsrekstri með því að koma í veg fyrir nær allar útsendingar hljóðvarps og allar útsendingar sjónvarps fram til miðnættis miðvikudagsins 3. október 1984, að verkfall opinberra starfsmanna innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hófst.

Framanlýst atferli ákærðu telst varða við 176. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málsatvik eru svofelld:

Í bréfi, sem ríkissaksóknari ritaði rannsóknarlögreglustjóra ríkisins hinn 9. október 1984, segir meðal annars: „Nokkru eftir kl. 13 mánudaginn 1. þ.m. stöðvuðust útsendingar Ríkisútvarpsins skyndilega og höfðu þær ekki hafist að nýju þegar verkfall starfsmanna í BSRB hófst á miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 4. þ.m.

Af þessu tilefni hafa embætti ríkissaksóknara borist tvö bréf, dags. í gær, annað undirritað af Auðuni S. Sigurðssyni fyrir hönd Félags frjálshyggjumanna en hitt undirritað af Sveini R. Eyjólfssyni, Herði Einarssyni, Ellert B. Schram og Jónasi Kristjánssyni, fyrirsvarsmönnum „Fréttaútvarpsins", þar sem þeir kæra starfsmenn Ríkisútvarpsins fyrir ætlað brot gegn 176. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 með því að leggja niður vinnu og stöðva útsendingar á vegum Ríkisútvarpsins 1. þ.m. Bréf þessi fylgja hjálagt (sic).

Almannahagsmuna vegna er hér með lagt fyrir yður að hefjast handa um opinbera rannsókn á framangreindum sakarefnum, sem þykja geta varðað við 176. gr. sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

Rannsóknin skal meðal annars beinast að eftirfarandi atriðum:

1. Hverjar voru orsakir þess að útsendingar Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, stöðvuðust 1. október sl.?
2. Hverjir stöðvuðu útsendingarnar og hvaða einstaklingar réðu því eða höfðu forgöngu um að það var gert?
3. Hverjir lögðu niður vinnu?
4. Hvað fór á milli þeirra einstaklinga sem réðu stöðvun útsendinga og

útvarpsstjóra áður en, um leið og eftir að útsendingar voru stöðvaðar? Ef skrifleg gögn eru til, verði þeirra aflað eða ljósrita af þeim."

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins beindi fyrirspurnum ríkissaksóknara til útvarpsstjóra, og voru svör hans svofelld:

„1. Ástæður til þess að útsendingar ríkisútvarps, útvarps og sjónvarps, stöðvuðust 1. október s.l. eru skýrðar af hálfu starfsmanna í bréfum, sem útvarpsstjóra bárust frá stjórnarmönnum starfsmannafélaga þessara starfsdeilda Ríkisútvarpsins fyrir og um hádegi 1. október síðastliðinn. Ljósrit af þeim bréfum eru lögð hér með sem fylgiskjöl. Bréf þessi voru afhent menntamálaráðuneyti og launadeild fjármálaráðuneytis eftir hádegi samdægurs.

2. Útvarpsstjóri hefur hvorki rétt né skyldu til að sitja fundi þessara hagsmunasamtaka starfsmanna. Ráð manna og forganga á fundum þeirra, sem spurt er um, er honum því ókunn að öðru en þeim fundasamþykktum sem til hans er beint. Útsendingar voru ekki í sjónvarpi á þeim tíma sem starfsmenn hættu þar störfum. Í starfsmannafélagi útvarps var samþykkt að leggja niður vinnu kl. 13:00.

3. Vinnu lögðu niður félagsmenn BSRB í starfsmannafélagi sjónvarps nema fjórir gæslumenn hússins og Pálína Oddsdóttir skrifstofustjóri, sem var á þessum tíma staðgengill framkvæmdastjóra. BSRB félagar í útvarpi lögðu niður vinnu nema Guðmundur Jónsson framkvæmdastjóri útvarps og starfsfólk á neyðarvakt sem tók umyrðalaust og óáreitt til starfa þegar í stað eftir að útsendingar hættu. Höfðu þeir sem hófu neyðarþjónustu verið samþykktir af kjaradeilunefnd með bréfi dags. 30. september og valdir með hliðsjón af svipuðum aðstæðum í verkfalli opinberra starfsmanna 1977. Ennfremur unnu þeir félagar í BSRB sem fá laun greidd eftir á áfram til 4. október.

4. Skrifleg gögn um samskipti starfsmannafélaga útvarps og sjónvarps við útvarpsstjóra eru þau bréf sem fylgja hér með í ljósriti og áður hefur verið getið."

Í bréfum þeim, sem útvarpsstjóri vikur að og efnislega eru samhljóða, segir meðal annars: „Fastir starfsmenn útvarpsins (sjónvarpsins) hafa ekki fengið mánaðarlaun sín greidd að fullu í dag, hinn 1. október eins og lög gera ráð fyrir (sbr. 20. grein laga nr. 38/1954 með breytingum skv. lögum nr. 44/1961, 27/1965 og 31/1976). Stjórn starfsmannafélags útvarpsins (sjónvarpsins) óskar eftir því að yfirstjórn stofnunarinnar hafi þegar í stað samband við viðeigandi stjórnvöld og krefjist þess að farið verði að lögum. Þar til svo verður gert sjá starfsmenn útvarpsins (sjónvarpsins) sér ekki fært að sinna störfum sínum og vill SRÚ (SFS) í því sambandi minna á að það er viðtekin meginregla í vinnurétti að launþegi sem ekki fær greidd laun sín með umsömdum eða lögbundnum hætti getur fyrirvaralaust lagt niður

vinnu, án þess að það teljist brot á vinnusamningum.“ Í bréfunum er þess farið á leit að ógreidd yfirvinna starfsmanna verði goldin þegar í stað. Loks hefur verið lagt fram í málinu bréf fjármálaráðuneytis til ríkissaksóknara, dagsett hinn 4. nóvember 1985, en þar kemur meðal annars þetta fram: „Á ríkisstjórnarfundi 20. september 1984 var m.a. rætt um hvernig hagað skyldi launagreiðslum vegna októbermánaðar. Varð niðurstaðan sú að fjármálaráðherra var veitt umboð til að taka endanlega ákvörðun um afgreiðslumáta.

Fimmtudaginn 27. september 1984 tók fjármálaráðherra endanlega þá ákvörðun að aðeins skyldi greiða þeim starfsmönnum sem fóru í verkfall fyrir 3 fyrstu dagana í október.“

Ákærð hafa öll kannast við nafnritanir sínar á fyrrnefnd bréf til útvarpsstjóra. Þau skýrðu frá því að fjölmennir fundir starfsmannafélaganna hafi verið einhuga um efni bréfanna og ákærð undirritað þau sem stjórnarmenn. Hverjum og einum hafi verið í sjálfs vald sett hvort hann legði niður vinnu, og ákærð í engu haft áhrif á ákvarðanir félaga sinna.

Engin skráning fór fram, og af gögnum málsins verður ekki ráðið, hversu stór hluti starfsmanna var fjarverandi.

Ákærð hafa staðhæft, að þau hafi lagt niður störf sín í því skyni að leggja áherslu á ógreiddar launakröfur, sem þau töldu gjaldfallnar. Tilgangur þeirra hafi hins vegar ekki verið sá að stöðva eða valda verulegri truflun á útvarpsrekstri, enda þau ekkert aðhafst í þá átt eða slíkt verið á þeirra færi. Að sögn ákærðu var þess ekki farið á leit, að þau hæfu störf að nýju.

Ákærður Stefán Karl Linnet útsendingarstjóri ríkisútvarpsins vildi að fram kæmi að útsendingar hafi ekki stöðvast nefnda daga nema að því marki, að áður auglýst dagskrá lagðist niður. Vakt hafi allan tímann verið í ríkisútvarpinu og með engum fyrirvara unnt að hefja útsendingar, hvenær sem var, ef nauðsyn byði, svo sem fyrir almannavarnir, stjórnvöld, lögreglu, tilkynningaskyldu skipa, slysavarnafélög, veðurstofu og alla þá aðila aðra, sem þyrftu að koma á framfæri áríðandi tilkynningum. Sjálfur hafi hann til að mynda margreynt beint samband við almannavarnir, en með því væri kleift að útvarpa fregnum án aðstoðar þula.

Svo sem áður er rakið hafa ákærð fullyrt að þau hafi viljað knýja á um greiðslur starfslauna sem ógoldin voru og að þeirra mati í eindaga fallin. Ásetningur þeirra hafi ekki beinst að því að raska útvarpsrekstri. Ákærð unnu ekki spjöll á tæknibúnaði útvarpsins og þau reyndu ekki að koma í veg fyrir að aðrir, sem ekki lögðu niður vinnu, gætu starfrækt útvarpið. Ekkert er fram komið því til styrktar að ákærð hafi haft forgöngu um að starfsemi útvarpsins stöðvaðist. Þess var ekki farið á leit við ákærðu að þau hæfu störf að nýju. Öryggisvakt starfsfólks var hjá ríkisútvarpinu allan tímann.

Með vísan til framanritaðs og eins og orðalagi 176. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 er háttað verður ekki talið að ákærð, sem fæst unnu við beinar útsendingar, hafi með því verknaðar- eða aðgerðarleysi sínu að sitja heima brotið refsiákvæði greinarinnar, en í henni er skilyrði refsiábyrgðar að truflun sé valdið með ólögmætum verknaði.

Ber því að sýkna þau af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og dæma ríkissjóð til að greiða sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Ákærð, Halldóra Árndís Ingvadóttir, Ævar Kjartansson, Ragnheiður Þórðardóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Stefán Karl Linnet, Ögmundur Jónasson, Hannes Jóhannsson, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Gunnar Halldór Baldursson og Guðrún Pálsdóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, krónur 10.000,00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 206/1986. **Guðrún Gyða Ölvisdóttir**
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)
gegn
Heilbrigðisráðherra f.h. ríkisspítalanna
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skaðabótamál. Skaðabótaábyrgð hins opinbera.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Björn Þ. Guðmundsson og Gaukur Jörundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Dómkröfur hans eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 179.331,25 krónur með 42% ársvöxtum frá 23. nóvember 1982 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársávöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júní 1985, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma skv. 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. og 14. gr. sömu laga. Þá krefst áfrýjandi þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Áfrýjandi, sem er hjúkrunarfræðingur, hafði á hendi stjórn á því, hvernig gengið var til verks þess, er leiddi til meiðsla hennar. Hvorki verður á það fallist, að slysið stafi af saknæmum mistökum annarra starfsmanna stefndu né af því að dyrabúnaði sjúkrastofunnar hafi verið áfátt. Slysið verður heldur ekki rakið til annarrar áhættu, sem stefndu beri fébótaábyrgð á gagnvart áfrýjanda.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum áfrýjanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 5. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 4. júní 1985 af

Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur hjúkrunarfræðingi, nnr. 3322-2467, til heimilis að Þverbrekku 4, Kópavogi, gegn heilbrigðisráðherra f.h. ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, til greiðslu skaðabóta vegna tjóns af völdum vinnuslyss, að fjárhæð kr. 182.049,25 með 42% ársvöxtum frá 23. nóvember 1982 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi, en til vara að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hún hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína á Kleppsspítalanum í Reykjavík aðfaranótt 23. nóvember 1982, og stefndu beri fébótaábyrgð á tjóni sínu, sem sé vegna varanlegrar örorku og tímabundinnar, kr. 31.766,25 og vegna miska kr. 150.000,00 auk útlagðs kostnaðar.

Stefnandi kveður slysið hafa orðið með þeim hætti, að hún hafi farið með lyf handa sjúklingi, sem var órólegur, og hafi hann þurft að sofna, enda hafi klukkan verið um 1.20 um nóttina. Fyrirmæli hafi verið frá lækni um að sjúklingur þessi, Jóhann Jónsson, sem sviptur hafði verið sjálfræði og vistaður gegn vilja sínum, fengi róandi lyf væri hann ekki sofnaður um miðnætti. Þegar stefnandi hafi fengið boð um að sjúklingurinn væri órólegur inni í herbergi sínu hafi hún fengið tvo aðstoðarmenn í lið með sér og gengið til herbergis sjúklingsins með lyfið í hendi sem var í glasi til þess að drekka. Þegar hurðin á herberginu hafi verið opnuð í hálfa gátt og stefnandi hafi séð til sjúklingsins og hún ætlað að tala við hann og fara inn til hans hafi hann fyrirvaralaust skellt hurðinni aftur af miklu afli. Fingur vinstri handar hennar hafi lent milli stafs og hurðar og hafi tekið af framan af baugfingri. Vegna þessa hafi stefnandi verið frá vinnu og gerðar hafi verið aðgerðir á fingrinum, og hafi hún liðið fyrir þetta eins og lýst sé í læknisvottorðum í málinu.

Stefnandi byggi kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Starfsmenn spítalans hafi ekki gert fullnægjandi varúðarráðstafanir vegna þess ástands sem skapast hafi vegna geðræns ástands viðkomandi sjúklings, þ.e. með fyrirbyggjandi lyfjagjöf. Í ljós hafi verið leitt að sjúklingurinn hafi verið mjög órólegur og ruglaður á þessum tíma og illa hafi gengið að koma

honum í svefn og fá hann til að taka lyf. Stefnandi hafi komið á næturvaktina kl. 23.00 og þá hafi legið fyrir boð læknis um að sjúklingurinn ætti að fá lyf eftir þörfum á miðnætti, væri hann þá ekki sofnaður, annars sprautu af Haldol 10 mg ef hann tæki ekki sjálfviljugur inn Prozil lyfið sem er drukkið. Þetta hafi verið óforsvaranlegar ráðstafanir, þar sem þarna hafi verið fyrirmæli um að gefa sprautu með valdi, sem ekki ætti að gefa fyrirmæli um á næturvakt þegar fáliðað er að starfi. Þegar stefnandi hafi síðan farið að gefa sjúklingnum Prozil-lyfið um kl. 1.20 um nóttina hafi hún farið með tveimur aðstoðarmönnum, sem sé of fáir við þessar aðstæður, og að þessu leyti hafi ekki verið um nægar varúðarráðstafanir að ræða. Auk þessa hafi aðbúnaður verið ófullnægjandi. Þarna hafi verið sjálfræðissviptur sjúklingur sem erfiður hafi verið í meðförum. Hann sé stór og sterkur og hafi getað lokað að sér í sínu herbergi og hurðin opnist inn til hans. Hann hafi því getað skellt hurðinni aftur þar sem engin áhöld hafi verið til að draga úr skelli, pumpur eða þess háttar og sé þetta óforsvaranlegt og skapi hættu fyrir þá sem eiga að umgangast sjúklinginn. Hér verði að athuga að þessi sjúklingur hafi verið sviptur frelsi sínu og vistaður gegn vilja sínum og forráð hans hafi því alfarið verið falið ríkisvaldinu. Starfsmönnum og forráðamönnum geðsjúkrahússins hafi borið að gera allt sem í þeirra valdi væri til þess að koma í veg fyrir slys. Það hafi þeir ekki gert og hafi þetta athafnaleysi bakað skaðabótaábyrgð stefndu.

Verði ekki fallist á þetta vegna skorts á sönnun um sök beri stefnandi í öðru lagi fyrir sig að skaðabótaábyrgð stefndu fari eftir sakarlíkindarreglu, og sé sönnunarbyrði þá snúið við. Stefndu beri þá sönnunarbyrði um að með öllu hafi verið útilokað að koma í veg fyrir tjónið, þrátt fyrir ítrustu varkárni. Þarna sé um hættulega starfsemi að ræða og stöðug hætta á því að geðveikt fólk valdi tjóni. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins, og því beri þeir sönnunarbyrði um atburðinn sjálfir. Stefndu hafi ekki tekist að sanna, að útilokað hefði verið að draga úr eða koma í veg fyrir slys þetta, og beri þeir því ábyrgð.

Í þriðja lagi byggi stefnandi á því að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að sök starfsmanna stefndu sé ekki um að ræða, stefndu hafi og einnig sannað að útilokað hefði verið að koma í veg fyrir slysið, þá blasi við að rekstur geðsjúkrahúsa hafi í för með sér talsverða hættu á því að tjón geti hlotist af völdum manna sem sviptir hafi verið sjálfræði sínu og séu vistaðir á geðsjúkrahúsi vegna þess að þeir séu taldir ósjálfráðir gerða sinna og hættulegir sér og öðrum. Að svo búnu myndi vera ljóst að slys á starfsmönnum eins og hér og sem vart verði umflúin verði starfsmenn að þola bótalaust, nema fallist verði á að rekstur geðsjúkrahússins sé „hættulegur atvinnurekstur“ og að stefndu beri því hlutlæga bótaábyrgð á tjóni stefnanda. Stefnandi telji eðlilegt að rekstur geðsjúkrahúsa teljist

hættulegur atvinnurekstur í þessum skilningi og að sá sem taki á sig þá áhættu að reka geðsjúkrahús, þar sem sjálfræðissviptir menn eru vistaðir, beri hlutlæga bótaábyrgð á tjóni því sem geti hlotist vegna þessara aðstæðna og tíma og fyrirhöfn taki að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hverju sinni. Starfsemi geðsjúkrahúsa hafi verið leyfð vegna nauðsynjar og notagildis hennar, þrátt fyrir áhættu á slysum sem væri þar með tekin. Eðlilegast sé að til útgjalda við rekstur slíkrar starfsemi sé tekið tjón sem þannig geti verið óhjákvæmilegt, eins og í þessu máli.

Stefnandi bendir á fordæmi í dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1970 í málinu nr. 252/1970: Sigríður Bjarnadóttir gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þar hafi starfsstúlka á Kleppsspítala verið ein á vakt er sjúklingur hafi veist að henni og veitt henni áverka sem leitt hafi til varanlegrar örorku. Í forsendum dómsins segi:

„Lítur rétturinn svo á, að bótaábyrgð á slysi stefnanda eigi að ráðast samkvæmt grundvallarreglum skaðabótaréttarins um „hættulega starfsemi". Þar sem stefnandi varð fyrir tjóninu af völdum hættueiginleika þessa starfs og ekkert bendir til að hún eigi sjálf sök, þá verður að telja stefnda bera óskoraða fébótaábyrgð á nefndu slysi, enda viðurkennt í greinargerð hans að hann eigi og reki margnefnt sjúkrahús."

Stefnandi taki undir þessi orð héraðsdómarans, en dómnum hafi ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þótt atburðarásin sé ekki sú sama sé svo margt sameiginlegt í þessum tveimur málum að sama regla ætti að gilda hér.

Auk þessa bendi stefnandi á að stefnda hafi verið í lófa lagið að kaupa hærri slysatryggingu en gert hafi verið, sem hefði getað bætt tjónið. Hagsmunamat og sanngirnissjónarmið mæli eindregið með þeirri niðurstöðu að stefndu, almannavaldið, beri fébótaábyrgð og að einstaklingurinn í þjónustu hans eigi ekki að bera tjón sitt einn.

Stefndu vísa því alfarið á bug að tjón stefnanda verði rakið til nokkurra þeirra atvika sem þeir verði að lögum gerðir bótaábyrgir fyrir. Af atvikalýsingu sé ljóst að sjúklingurinn, Jóhann Jónsson, sé tjónvaldurinn, og hann beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Hann sé sakhæfur en bæri bótaábyrgð skv. reglum 8. kapitula Jónsbókar um ábyrgð geðveikra manna þótt ósakhæfur teldist. Í ljós sé leitt að stefnandi, sem sérmenntaður hjúkrunarfræðingur í lyflæknishjúkrun og meðferð geðsjúkra og með mikla starfsreynslu á þessu sviði, hafi á þessari næturvakt farið með stjórn deildar 11 og haft aðstoðarfólk og stjórnað því. Hún hafi sjálf farið með tveimur aðstoðarmönnum að finna sjúklinginn í herbergi hans og hafi annar aðstoðarmaðurinn verið sérstaklega kallaður til frá annarri deild til þess að hafa hann með þar sem hann hafi verið stór og sterkur og vanur að fást við erfiða sjúklinga. Þegar stefnandi hafi séð til sjúklingsins inni í herberginu þar sem stefnandi stóð fyrir framan hálfopnaðar dyrnar hafi

sjúklingurinn skellt hurðinni aftur og stefnandi lent á milli stafs og hurðar með fingur. Einsýnt sé að stefnandi geti ekki sakast við neinn um slys þetta annan en sjálfa sig. Vitað hafi verið að búast mátti við hverju sem var af sjúklingnum og þá einnig að hann gæti reynt að loka dyrunum. Stefnandi hafi haldið á lyfjaglasinu í annarri hendi, en samt bendi allt til að hún hafi sjálf opnað dyrnar með hinni hendinni í stað þess að fela það aðstoðarmönnum sínum sem hún stjórnaði. Þetta hafi verið óaðgæsla stefnanda og engum aðbúnaði að kenna sem stefndu beri ábyrgð á, enda hafi ekkert verið athugavert við aðbúnað. Þarna séu venjulegar dyr og hurðir sem starfsfólk þekki, og ekki sé unnt að kenna hurð um að henni sé skellt á mann. Stefnandi hafi sjálf borið ábyrgð á öllum öryggisráðstöfunum sem unnt hafi verið að viðhafa við þessar aðstæður og geti engum öðrum um kennt.

Stefndu leggja áherslu á það að viðkomandi sjúklingur hafi fengið eðlilega umönnun og læknismeðferð. Upplýst sé að sjúklingurinn hafi verið rólegur þá um daginn og um kvöldið. Hann hafi komið inn um kl. 23.00 um kvöldið og hafi farið inn að hátta rétt eftir miðnættið. Hann hafi komið stuttu síðar og fengið sér í pípu og farið aftur inn til sín, en komið stuttu seinna aftur fram og hafi þá verið orðinn nokkuð æstur. Fyrirmæli læknis hafi verið að sjúklingurinn fengi róandi lyf á miðnætti ef hann væri ekki sofnaður, og það hafi verið þetta róandi lyf, Prozil, sem stefnandi hafi verið að fara með til sjúklingsins kl. 1.20 um nóttina. Það sé því alrangt hjá stefnanda að halda því fram að starfsmönnum stefndu öðrum en stefnanda sjálfri hafi orðið á í starfi með því að ekki hafi verið um fyrirbyggjandi lyfjagjöf að ræða. Komið hafi fram hjá stefnanda að henni hafi ekki líkað fyrirmælin um að gefa ætti sjúklingnum sprautu með valdi ef hann tæki ekki Prozil lyfið viljugur og að slíkt væri illframkvæmanlegt á næturvaktinni, og hafi æst sjúklinginn upp, þar sem hann væri hræddur við lyfjagjöf. Slíkt hafi ekki verið komið til þar sem stefnandi hafi einungis verið að fara með Prozillyfið með aðstoðarmönnum sínum þegar sjúklingurinn skellti hurðinni á hana. Stefndu benda og á að það sé ekki í samræmi við viðurkenndar aðferðir við geðlækningar nú á dögum að óla sjúklinga stanslaust niður eða halda þeim meðvitundarlausum og út úr heiminum með lyfjum eða öðrum aðferðum. Slíkt tíðkist annars staðar en hér og þyki ekki til fyrirmyndar. Ekkert sé athugavert við að komið sé fram við sjúklinga eins og manneskjur og reynt sé að hlúa að þeim og veita þeim aðbúnað í eðlilegu umhverfi þannig að sjálfsagðir hlutir eins og hurðir og gluggar séu á vistarverum þeirra. Stefndu andmæla því að annað eigi að gilda um aðbúnað sjálfræðissviptra sjúklinga og segja að því fari fjarri að sjálfræðissviptir sjúklingar og geðsjúklingar séu almennt séð hættulegt fólk.

Stefndu andmæla sem of seint fram komnum við munnlegan málflutning

málsástæðum stefnanda, að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og að hurðir hafi verið vanbúnar.

Stefndu andmæla því að þeir beri hlutlæga bótaábyrgð á þessu slysi. Engin lagastoð sé fyrir því og engin leið sé að telja rekstur geðsjúkrahúss hættulegan atvinnurekstur. Þetta lýsi í raun grundvallarmisskilningi stefnanda. Geðsjúkdómar í mönnum hafi verið til löngu áður en nokkrum stofnunum hafi verið komið á fót þeim til lækningar. Geðsjúklingar séu ekki til fyrir geðsjúkrahúsin heldur þvert á móti eru þessar stofnanir settar á fót til að lækna slíkt fólk.

Niðurstaða.

Málsástæður stefnanda verða skildar svo, að hlutlæg ábyrgð stefndu vegna hættulegs atvinnurekstrar með starfsemi geðsjúkrahússins Klepps komi því aðeins til skoðunar dómsins að fenginni þeirri niðurstöðu að engum verði kennt um slys stefnanda og sýnt sé að með öllu hafi verið ómögulegt að koma í veg fyrir það.

Þegar litið er til atburðarásar er ljóst að það tvennt, sem stefnandi kennir starfsmönnum stefndu sérstaklega um, þ.e. að sjúklingurinn hafi ekki fengið fyrirbyggjandi lyfjagjöf og að ekki hafi verið gerðar nægar varúðarráðstafanir þegar farið var að honum með lyfið kl. 1.20, var hvort tveggja á hennar eigin ábyrgð. Fyrirmæli læknis voru þau, að sjúklingurinn fengi róandi lyf kl. 24.00 ef hann væri ekki sofnaður, einmitt vegna þess að hann þurfti að sofa, og stefnandi vissi það. Stefnandi kveðst hafa litið til sjúklingsins um miðnættið og talið að hann væri að sofna og því hafi hún ekki gefið honum lyfið. Telja verður að þá hefði hún átt að fara að fyrirmælunum og fá hann til þess að taka lyfið, enda var hann þá rólegur. Það gerði hún ekki og hefur ekki gefið viðunandi skýringar á því.

Þegar síðan sjúklingurinn var orðinn órólegur klukkustundu síðar, þá mátti stefnandi búast við hinu versta og gerði það. Stefnandi hefur lýst því að algengt hafi verið að sjúklingar skeyti skapi sínu á hurðum og skelli þeim, enda sé ekkert á hurðunum til þess að draga úr skellum. Stefnandi sjálf gat því búist við að sjúklingurinn skellti og átti að vara sig á því. Það gerði hún ekki. Því ber að fallast á með stefndu að stefnandi geti ekki kennt öðrum starfsmönnum stefndu en sjálfri sér um slysið. Slysinu hefði mátt forða með lyfjagjöf á miðnætti til þess að sjúklingurinn sofnaði, eða með meiri aðgæslu og betri verkstjórn þegar að sjúklingnum órólegum var farið. Þar sem slysið verður því rakið til mistaka stefnanda sjálfrar kemur hlutlæg bótaábyrgð stefndu ekki til greina og ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, heilbrigðisráðherra f.h. ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðrúnar Gyðu Ölvisdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 111/1987. **Skipasmiðjan Hörður hf.**
gegn
Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf.
og gagnsök

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði til Hæstaréttar hinn 9. febrúar 1987, samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, frávísunardóm bæjarþings Keflavíkur uppkveðinn 3. s.m. Kæran barst Hæstarétti 30. mars 1987.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir bæjarþing Keflavíkur að taka málið fyrir að nýju til eðlilegrar meðferðar og uppkvaðningar efnisdóms.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað aftur heim í hérað til dómsálagningar.

Dómkröfur sóknaraðila fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur í málinu nr. 412/1985 eru þær, að staðfest verði að honum sé ekki skylt að greiða varnaraðila dagsektir vegna tafa sem urðu á framkvæmd breytinga á m.s. Þórkötlu II GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila 11. júlí 1983. Verður að skilja kröfu-

gerð sóknaraðila sem svo, að honum verði dæmt óskylt að hlíta gerðardómi þeim, sem upp var kveðinn 12. febrúar 1985 og kveðið var á um í fyrrgreindum samningi aðila. Ekki er unnt að leggja dóm á kröfu þessa, án þess að taka afstöðu til gildis gerðardómsins. Kröfu sína reisir sóknaraðili á þeim rökum, að gerðardómurinn hafi eigi verið rétt skipaður eftir að einum gerðardómenda hafði verið vikið úr dóminum, og í annan stað að ákvæðum um dagsektir í samkomulagi aðila 11. júlí 1983 hafi verið breytt með síðara samkomulagi þeirra 30. desember 1984.

Telja verður, að sóknaraðili eigi rétt á að leggja gildi gerðardómsins fyrir dómstóla með þessum hætti, og ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 3. febrúar 1987.

Mál þetta var þingfest 10. apríl 1985 og var þingið sótt af hálfu stefnda án undanfarandi stefnubirtingar. Það var dómtekið 14. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Skipasmiðjan Hörður hf., nnr. 4459-3408, Fitjabraut 3, Njarðvík. Hann krefst þess að staðfest verði, að sér sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa sem urðu á framkvæmd breytinga á m.s. Þórkötlu II GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning aðila, dags. 11. júlí 1983. Hann krefst einnig málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi er Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., nnr. 4295-7844, Grindavík, sem krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þann 3. nóvember 1985 höfðaði stefndi gagnsök til greiðslu kostnaðar, kr. 270.055 auk vaxta og málskostnaðar, vegna flutnings gerðardómsmáls aðila máls þessa. Gagnstefndi krafðist sýknu. Þann 17. apríl 1986 var ákveðið með samkomulagi aðila að gagnsök yrði flutt í máli sér er endanlegar lykir hefðu orðið í aðalsakarmálinu.

Þann 20. nóvember 1985 höfðaði stefnandi framhaldssök til greiðslu eftirstöðva kostnaðar við framkvæmd breytinga á m.s. Þórkötlu II GK-197, kr. 2.360.936 auk vaxta og málskostnaðar. Framhaldsstefndi gerði kröfu um

sýknu. Þann 17. apríl 1986 var ákveðið með samkomulagi aðila, að framhaldssök yrði flutt í máli sér er endanlegar lyktir hefðu orðið í aðalsök.

Hinn 8. maí 1985 höfðaði stefndi í máli þessu mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Útvegsbanka Íslands til greiðslu kr. 3.531,377 auk vaxta og málskostnaðar vegna ábyrgðaryfirlýsingar um greiðslu dagsekta, sem um ræðir í máli þessu, samkvæmt ákvörðun gerðardóms. Úrskurður í því máli var kærður og varð niðurstaða Hæstaréttar hinn 17. apríl 1985 þessi: „Samkvæmt þessu hefur með sérstöku dómsmáli verið gerð krafa um að Skipasmiðjunni Herði h.f., sem varnaraðili er í ábyrgð fyrir, sé óskylt að hlíta gerðardóminum sem um ræðir hér að framan. Varða úrslitin verulega um mál það sem hér um er fjallað. Þykir því eftir 2. gr. 117. gr. laga nr. 85/1936 mega staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara að fresta meðferð þessa máls. Dómsorð: Ákvörðun héraðsdómara um að fresta meðferð málsins nr. 2173/1985 á bæjarþingi Reykjavíkur á að vera óröskuð."

Skýrslur fyrir dóminum gáfu Ólafur Hörður Sigtryggsson, Álftárósi, Mýrasýslu, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, Guðmundur Guðmundsson, Baðsvöllum 2, Grindavík, framkvæmdastjóri stefnda, og vitnið Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, Árbæjarbletti 4, Reykjavík.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

II.

Með samningi, dags. 11. júlí 1983, tók stefnandi að sér að breyta m.s. Þórkötlu II GK-197, eign stefnda.

Fyrir verkið átti stefndi að greiða kr. 14.781.420. Samningsverð var miðað við verðlag á vinnu og efni þann 8. júlí 1983. Það var háð breytingum á gengi bandaríkjadollars og jafngilti þá U.S. $ 535.752,80. Heildarniðurstöðutala af viðskiptunum varð kr. 17.131.967,15. Meðal samningsákvæða um fjármögnun verksins var að stefndi skyldi greiða eigið framlag, þ.e. 10% af heildarsamningi samkvæmt nánara samkomulagi, en þó eigi síðar en 16. október 1983. Stefnandi kveður stefnda hafa lokið greiðslu eiginfjármagns síns 16. desember 1983, en samkvæmt yfirliti hans um greiðslustöðu verksins hafði stefndi greitt kr. 1.146.967 inn á verkið þann 16. október 1983 og kr. 1.339.941 þann 21. desember s.á.

Verksamningur kvað á um, að stefnandi skyldi afhenda skipið fullfrágengið að breytingum loknum þann 16. desember 1983. Tafir urðu á verkinu. Af hálfu stefnda er því haldið fram að það hafi enn ekki verið hafið þann 6. september 1983. Samkvæmt mati Fiskveiðasjóðs hafði verið unnið fyrir kr. 9.800.000 þann 5. desember 1983. Stefnandi sendi stefnda skeyti þann 22. maí 1984 þar sem tilkynnt var, að skipið væri tilbúið til afhendingar. Þann 26. júní 1984 gerðu málsaðilar með sér samkomulag um uppgjör vegna verksins að undanskildum hugsanlegum dagsektum. Stefndi

skuldbatt sig m.a. til að greiða viðbótarkostnað (hafnargjöld o.fl.) vegna skipsins til 26. júní 1984. Haffærisskírteini vegna m.s. Þórkötlu var gefið út þann 29. júní 1984 og fékk stefndi þá vörslur skipsins.

Í 7. gr. verksamnings aðila er ákvæði þess efnis, að stefnandi greiði stefnda jafnvirði $ 500 fyrir hvern almanaksdag vegna seinkunar á afhendingu skipsins af hans völdum. Í sameiginlegri yfirlýsingu málsaðila, dags. 30. desember 1983, segir svo: „Einnig eru aðilar sammála um að áðurnefndur verksamningur gildi við endanlegt uppgjör og ákvæði hans um verklok og févíti verði tekin til athugunar áður en breytingu lýkur, enda falli tilkynningarskylda verksala á töfum á verkinu og orsakir (sic) þeirra niður. Báðum aðilum er ljóst, að tafir eru óhjákvæmilegar."

Þann 2. mars gerði stefndi stefnanda tilboð um að falla frá dagsektum frá 16. desember 1983 til 20. janúar 1984, ef skipið yrði afhent fyrir 16. mars 1984. Stefnandi svaraði tilboðinu með símskeyti 7. mars 1984 og mótmælti kröfum um dagsektir með vísan til fyrrgreindrar yfirlýsingar.

Í 9. gr. verksamningsins er svohljóðandi ákvæði um lausn ágreinings:

„Verði meiningarmunur milli aðila vegna samningsins skal hann leystur fyrir gerðardómi, sem aðilar kalla saman á eftirfarandi hátt:

Gerðardómurinn skal skipaður 3 mönnum. Skal hvor aðili skipa einn mann í dóminn innan 8 daga frá því er beiðni kemur fram um skipan gerðardómsins frá hinum aðilanum. Gerðardómsmennirnir skulu tilnefna oddamann sem hefur sérþekkingu á smíði stálskipa og skal hann vera formaður dómsins. Komi þeir sér ekki saman um oddamann skal hann tilnefndur af Sýslumanni Gullbringusýslu.

Úrskurður gerðardómsins er endanlegur, og skuldbinda aðilar sig til að hlíta honum. Ef annar aðilinn lætur hjá líða að skipa mann í dóminn innan tilskilins frests (8 daga) af sinni hálfu, skal hinn aðilinn tilnefna báða mennina, fulltrúa beggja aðila.

Óskir um skipan gerðardóms skulu gerðar á sannanlegan hátt. Í niðurstöðum gerðardóms skal kveðið á um kostnað við störf dómsins og hver greiða skuli."

Að beiðni lögmanns stefnda skipaði sýslumaðurinn í Gullbringusýslu þann 12. september 1984 oddamann í gerðardóm vegna ágreinings aðila um dagsektir. Áður höfðu verið tilnefndir í dóminn, af hálfu stefnda Jónas Haraldsson lögfræðingur (skrifstofustjóri L.Í.Ú.) og af hálfu stefnanda Kristinn Sigtryggsson löggiltur endurskoðandi (bróðir Ólafs Harðar Sigtryggssonar). Samkomulag hafði orðið með aðilum um að víkja frá gerðardómsákvæði verksamnings um sérþekkingu oddamanns, enda yrði Valtýr Sigurðsson héraðsdómari eða Þorgeir Örlygsson borgardómari tilnefndur. Varð Valtýr fyrir valinu.

Í öðru þinghaldi gerðardómsins, 21. október 1983, lagði Kristinn

Sigtryggsson fram bókun um að það væri utan verksviðs dómsins að fjalla um dagsektir, þar sem dagsektarákvæði verksamnings hefði verið fellt niður með samkomulagi málsaðila 30. desember 1983. Í næsta þinghaldi setti lögmaður stefnda fram kröfu um að Kristinn Sigtryggsson viki sæti í dóminum. Kröfunni var mótmælt af hálfu stefnanda. Niðurstaða meirihluta gerðardómsins, þeirra Valtýs Sigurðssonar og Jónasar Haraldssonar, varð sú, í úrskurði uppkveðnum 20. nóvember 1984, að það væri ekki utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um hæfnisatriði einstakra dómenda og að Kristni Sigtryggssyni bæri að víkja sæti. Eftir þessa niðurstöðu var lýst yfir þeirri afstöðu stefnanda að hann teldi störf gerðardómsins óréttmæt og án allrar ábyrgðar fyrir sig, enda mundi hann ekki eiga frekari aðild að rekstri málsins. Áður höfðu málsaðilar lagt fram greinargerðir. Þorgeir Örlygsson tók sæti í dóminum 14. desember, tilnefndur af stefnda, en stefnandi tók ekki frekari þátt í störfum dómsins þótt hann væri boðaður til þinghalda.

Gerðardómur var upp kveðinn 12. febrúar 1985. Gerðarorð: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., Grindvík, kr. 2.941.960 ásamt 19% ársvöxtum frá 20.06.1984 til greiðsludags. Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, kr. 228.000.“

III.

Stefnandi kveður meginrök sín fyrir því að sér beri ekki að greiða dagsektir í samræmi við gerðardóminn vera tvíþætt.

Lýtur annar þátturinn að því að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki skylt að greiða dagsektir, en til vara ekki eins háar og gerðardómur kvað á um. Stefnandi telur forsendur dóms um dagsektir þurfa að vera mjög ljósar og ótvíræðar. Þannig megi ekki vera vafi á því hvenær byrja eigi að reikna þær. Telur stefnandi vera ótvírætt, að stefndi, sem hafi brugðist í því að greiða eiginfjárframlag sitt á réttum tíma, þ.e. 16. desember 1983 í stað 16. október s.á., geti ekki túlkað samkomulagið frá 30. desember 1983 þannig, að hann eigi rétt á dagsektum frá 16. desember s.á.

Hinn þátturinn lýtur að því, að gerðardómurinn hafi farið gróflega út fyrir verksvið sitt þegar hann vék einum dómendanna úr dóminum og hafi hann verið óstarfhæfur eftir það þar sem ekki hafi verið valin sú leið að skipa að nýju oddamann, sérfróðan um smíði stálskipa. Einnig, að það hafi verið utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um dagsektir þar sem ákvæðum, sem tengdust þeim, hafi verið breytt með samkomulaginu frá 30. desember 1983. Er sérstaklega á það bent að tilnefning oddamanns hafi verið byggð á munnlegu samkomulagi sem stefnandi átti hlut að, og byggðist á munnlegu samkomulagi sem stefnandi átti hlut að, og byggðist á þeirri forsendu m.a., að Kristinn Sigtryggsson yrði einn gerðardómsmanna.

Sýknukrafa stefnda er annars vegar reist á því að héraðsdómur geti ekki fjallað um efnisatriði hvort greiða eigi dagsektir eða ekki, þar sem aðilar hafi með verksamningi, dags. 11. júlí 1983, samið um að gerðardómur fjallaði um slíkt.

Hins vegar er sýknukrafan á því byggð, að niðurstaða gerðardóms sé rétt að formi og efni. Gerðardómurinn hafi í einu og öllu farið eftir meginreglum einkamálalaganna sem eigi við um gerðardómsmál.

IV.

Það er regla íslensks réttar, studd ríkri dómvenju, að dómstólum beri að virða niðurstöður gerðardóma sem heimild eiga í lögum eða gildum samningum, þegar fylgt hefur verið í meginatriðum almennum reglum um hæfi dómenda, meðferð mála og rökstuðning dóma eða/og þeim sérstöku reglum, sem hverju sinni kunna að vera lög- eða samningsbundnar.

Stefnandi átti þann kost einan, er hann vildi ekki una niðurstöðu gerðardóms og kaus að eiga frumkvæði að prófun hans fyrir dómstól, að krefjast ógildingar úrlausnarinnar.

Dómkrafa stefnanda verður ekki skýrð andstætt skýrri og ótvíræðri orðanna hljóðan þótt önnur meginmálsástæða hans miði að ógildingu gerðardómsins.

Dómurinn gæti ekki tekið dómkröfu stefnanda til greina, jafnvel þótt hann féllist á greinda meginástæðu, þegar af þeirri ástæðu að með því væri fengin efnisniðurstaða sem girti fyrir að ágreiningsefni málsaðila yrði lagt í gerð að nýju, en ógildi gerðardómsákvæðis verksamnings aðila hefur ekki verið haldið fram. Það er enn fremur til marks um óhæfilega kröfugerð að yrði fallist á sýknukröfu stefnda leiddi það til ótækrar niðurstöðu málsins, þar sem í því fælist það eitt að stefnanda bæri að greiða einhverjar dagsektir en ekki þær hinar sömu og gerðardómur kvað á um.

Niðurstaða máls þessa er samkvæmt framangreindu sú, að dómkrafa stefnanda sé eigi dómhæf og að vísa beri málinu (aðalsök) frá dómi af sjálfsdáðum.

Rétt þykir að hvor aðili málsins beri kostnað sinn af rekstri þess.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 199/1985. **Sýslusjóður Mýrasýslu og**
(Ásgeir Thoroddsen hdl.)
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)
gegn
Jóni Guðmundssyni
(Hjörtur Torfason hrl.)
og
Jón Guðmundsson
gegn
sýslusjóði Mýrasýslu
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og
(Eiríkur Tómasson hrl.)
Veiðifélagi Borgarfjarðar
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinni 27. ágúst 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda Jóns Guðmundssonar og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst þessi aðaláfrýjandi þess að kröfur gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinnni 24. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Þá krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir þessar varakröfur:

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 52.358,69.
2. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 78.538,02.
3. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 148.391,05.
4. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 222.586,57.

Í öllum varakröfum er þess krafist að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en 1. febrúar 1981. Þess er ennfremur krafist að vextir fram til þingfestingardags í héraði 29. apríl 1983 verði ekki dæmdir hærri en almennir sparisjóðsvextir voru á þeim tíma. Í öllum varakröfum er þess loks krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi Jón Guðmundsson hefur gagnáfrýjað með stefnu útgefinni 21. mars 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar s.á. Hann gerir í aðalsök þær kröfur að kröfum aðaláfrýjenda verði hafnað og þeim gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum eftir mati Hæstaréttar. Í gagnsök gerir hann svofelldar kröfur:

Að stefndu, ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og/eða Veiðifélagi Borgarfjarðar, verði gert að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.935.223,00 eða, til vara, aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir lögum samkvæmt á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Kröfunum er beint valkvætt að hinum stefndu og þess krafist, að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að greiða þær sem hér segir:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart gagnáfrýjanda en til vara hvor í sínu lagi.

2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir in solidum hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata eins og um getur í 2. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en til vara eins og mælt er í 2. lið og til frekari vara eins og mælt er í síðari liðunum hverjum fyrir sig. Gagnvart þeim stefndu, sem þannig yrðu sýknaðir af greiðslu skaðabóta og vaxta, er þess krafist að málskostnaður milli þeirra og gagnáfrýjanda verði felldur niður.

Varakrafa gagnáfrýjanda um fjárhæð skaðabóta er nánar tiltekið þess efnis, að bótafjárhæð verði ekki lægri en kr. 296.782,08, en til þrautavara ekki lægri en kr. 104.717,37.

Um upphafstíma vaxta er það varakrafa gagnáfrýjanda, að vextir verði reiknaðir frá 1. janúar 1980, en til þrautavara frá 1. febrúar 1981. Með kröfunni um hæstu lögleyfðu innlánsvexti er átt við, að tildæmd bótafjárhæð verði greidd með ársvöxtum sem hér segir:

30% frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar 1978, 33% frá þeim degi til 1. júní 1979, 34,5% frá þeim degi til 1. september 1979, 39,5% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43,5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 47% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október 1983,

36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 39% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% frá þeim degi til 20. ágúst 1984, 24,5% frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. október 1984, 28% frá þeim degi til 21. nóvember 1984, 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. júlí 1985, 36% frá þeim degi til 1. jnaúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst 1986, 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1986, 15,4% frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 15,7% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,1% frá þeim degi til 11. desember 1986, 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 18,8% frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 19,4% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 19,8% frá þeim degi til 1. mars 1987, 19,9% frá þeim degi til 11. mars 1987, 20,8% frá þeim degi til 21. mars 1987, 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags, og hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ef fjárhæð skaðabóta verður ákveðin með tilliti til verðlagsbreytinga fram að dómsuppsögutíma í héraði er þess krafist, að hún verði greidd með 3% ársvöxtum fram til 28. maí 1985, en frá þeim degi eins og áður greinir.

Þess er krafist að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og síðan reiknaðir af honum svo breyttum, í fyrsta skipti hinn 1. janúar 1982.

Loks gerir gagnáfrýjandi þá sérstöku varakröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýrasýslu, en málskostnaður í Hæstarétti milli hans og stefndu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar verði felldur niður.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst þess að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Þær skorður, sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjanda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga fellt niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjanda verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi hans, þann er leiddi af lögtöku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrirmælum nefnds ákvæðis en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjendur ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. grein stjórnarskrár svo og meginreglum laga að því er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörla rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlíttu bæði aðaláfrýjendur og gagnáfrýjandi meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

II.

Í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 var ekkert ákvæði sem ótvírætt og afdráttarlaust mælti fyrir um að þeir menn sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú er gerð var á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjandi megi krefja aðaláfrýjendur um skaðabætur

fyrir veiðimissi árin 1970-1976 á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29. september 1959 svo sem hann gerir í máli þessu.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Skírskotar þessi aðaláfrýjandi sérstaklega til 2., 67. og 76. greinar stjórnarskrár þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957 hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótagreiðslum sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýsluyfirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt margnefndri 35. grein og síðan greiða gagnáfrýjanda bætur samkvæmt úrskurði hans allt til ársins 1969.

Samkvæmt þessu verður sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki talið að stjórnvöld hafi farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkis og sýslusjóðs Mýrasýslu um að skaðabætur samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 yrðu ákveðnar af gerðardómi eða er þau hlíttu síðar í verki úrskurði hans um skaðabætur sem ákvarðaðar voru eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en kveðið var á um í lagaákvæði þessu.

V.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959, sem aðaláfrýjendur eru bundnir af gagnvart gagnáfrýjanda, voru bætur til gagnáfrýjanda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiri hluti yfirmatsmanna hafi í matsgerð sinni 10. apríl 1981 beitt röngum sjónarmiðum við mat sitt. Verður það því lagt til grundvallar að því er til bótafjárhæðar tekur, enda má á það fallast sem í héraðsdómi segir að ætla megi að matsmenn hefðu reiknað bótafjárhæð eftir sömu grundvallarsjónarmiðum og þeir gerðu, þó að þeir hefðu ákveðið bæturnar úr hendi aðaláfrýjenda.

VI.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda, um að aðaláfrýjendum verði gert að greiða honum 1.935.223,00 krónur, er hærri en aðalkrafa hans var í héraði. Eru ekki skilyrði til samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 að leyfa þá hækkun dómkröfunnar. Þá þykir krafa þessi, einnig í því horfi sem hún var höfð uppi í héraði, eigi hafa nægan lagagrundvöll. Verður henni því ekki sinnt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda 104.717,37 krónur ásamt vöxtum í samræmi við yfirmat svo sem síðar segir. Eftir ákvæðum gerðardómsúrskurðarins 29. september 1959, sem studdist við ákvæði 35. greinar laga nr. 53/1957, ber aðaláfrýjanda ríkissjóði að greiða ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, 78.538,03 krónur, en aðaláfrýjanda sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta, 26.179,34 krónur.

Krafa um vaxtavexti var ekki gerð í héraði. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita hér fyrir dómi.

VII.

Það leiðir af kröfugerð gagnáfrýjanda að þar sem honum eru dæmdar fébætur úr hendi aðaláfrýjenda verða honum ekki dæmdar

bætur úr hendi stefndu, sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar. Verða þeir því sýknaðir af kröfum hans. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir dómstóla þarf hins vegar engan gaum að gefa að því hvort aðaláfrýjendur, annar eða báðir, kunni að eiga framkröfur á hendur stefndu.

Rétt er að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar. Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjanda 75.000,00 krónur samtals í málskostnað í báðum dómum, en aðaláfrýjandi ríkissjóður 225.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er varðar Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að því er þessa aðila varðar.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjanda Jóni Guðmundssyni 26.179,34 krónur, og aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs 78.538,03 krónur hvort tveggja með ársvöxtum sem hér segir: 46% frá 1. febrúar 1981 til 1. mars s.á., 42% frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% frá þeim degi til 27. s.m., 25% frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. s.m., 28% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% frá þeim degi til 1. nóv-

ember s.á., 15,4% frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% frá þeim degi til 21. s.m. og 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjanda samtals 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjanda samtals 225.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég tel að eigandi Bóndhóls, Jón Guðmundsson, hafi samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 eignast lögvarinn bótarétt fyrir missi veiðiaðstöðu og breyti lög nr. 76/1970 ekki þeim bótarétti. Þegar af þessari ástæðu tel ég að sýkna beri Veiðifélag Borgarfjarðar. Undanfari gerðardómsins frá 29. september 1959 var sá, að Jón Guðmundsson, ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu samþykktu, „að yfirmatsmenn starfi sem gerðardómur." Af gögnum málsins verður ekki séð að sérstakur skriflegur gerðardómssamningur hafi verið gerður milli þessara málsaðilja. Verður því ekki með vissu sagt hvaða skuldbindingar aðiljar tóku á sig í einstökum atriðum. Ljóst er þó að þeir hafa hlítt þeim úrskurðum yfirmatsmanna sem gengu fyrir árin 1958-1969 að báðum meðtöldum.

II.

Í úrskurðinum 29. september 1959 brugðu yfirmatsmenn á það ráð, með gildum rökum sem fram koma í héraðsdómi, að meta árlegt gjald í stað skaðabóta í eitt skipti fyrir öll, er greiðast skyldu á 25 árum. Ég tel að skýra beri úrskurðinn á þann veg, að gjaldið

skyldi greiðast í 25 ár, en réttur til þess fylgi ekki jörðinni um aldur og ævi.

III.

Með matsgerð tveggja dómkvaddra manna 31. maí 1980 voru eiganda Bóndhóls metnar bætur fyrir árin 1970-1976 að fjárhæð nýkr. 296.782,10. Aflatjón á þessum árum töldu þeir vera 11.584 kg af laxi, sem þeir mátu á nýkr. 25,62 hvert kíló. Er þar miðað við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga sumarið 1979. Matsgerð þessari var skotið til yfirmatsmanna, sem voru ekki einhuga í málinu. Taldi minni hlutinn að staðfesta bæri bótafjárhæðina. Meiri hlutinn mat bæturnar á nýkr. 104.717,37. Ekki koma fram í matsgerð meiri hlutans athugasemdir við mat hinna dómkvöddu manna á aflatjóninu. Verður því ekki annað séð en allir matsmenn hafi verið sammála um þetta grundvallaratriði matsins. Hins vegar telur meiri hlutinn að ekki beri við útreikning tjónsins að miða við verð á laxi sumarið 1979, heldur annað og lægra verð matsáranna, en reikna þó verðbætur að nokkru. Um þetta segir svo í matsgerð hans: „Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta, að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr en síðla árs 1978. Ótal dæmi eru þess í lögum, að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags, þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu.“ Ljóst er af framangreindu að matsfjárhæðin er að nokkru ákveðin með hliðsjón af því að bótaskyldan er lögð á Veiðifélag Borgarfjarðar. Verður hún því ekki lögð til grundvallar bótaskyldu annarra. Er þá úr því að skera hvort afla þurfi nýrrar matsgerðar. Áður var að því vikið, að matsmenn greinir ekki á um aflatjónið. Þeir eru einnig sammála um að miða útreikning á verðmati þess við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðina, en greinir á um hvernig

verðbæta beri aflatjón hvers árs. Með því að ágreiningur þeirra sýnist vera um þetta eina atriði þykir ekki þörf frekari matsgerða. Telst þá rétt til að tjónþolinn fái tjón sitt að fullu bætt að dæma honum 296.782,10 krónur með hliðsjón af mati minni hluta yfirmatsmanna og undirmati.

IV.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 12/1927 og síðar lögum nr. 58/1961 er kveðið á um hvert skuli vera verksvið sýslufélaga. Verkefnum þeirra er það sameiginlegt að vera í þágu almanna hagsmuna í viðkomandi héruðum og hinar lögmæltu tekjuöflunarheimildir þeirra eru í samræmi við það. Með 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 var lögð á sýslusjóðina sú skylda að greiða ¼ hluta bóta til einstakra manna vegna rýrnunar á veiðiaðstöðu við laxveiðar. Við flutning málsins kom fram að í reynd hefði ákvæðið snert nær engar sýslnanna, ef ekki Mýrasýslu eina. Með hliðsjón af hinu lögbundna verksviði sýslufélaga eins og það er markað almennt í sveitarstjórnarlögum, þykja eigi efnisrök til þess að leggja bótaábyrgðina á sýslufélögin. Er þá sérstaklega til þess litið að engum slíkum hagsmunatengslum er til að dreifa er geri það réttmætt. Teljast þær því eiga að njóta hér verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu máli þykir það engu breyta þótt sýslusjóðunum kunni að vera heimilt að jafna bótunum niður á hreppana samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Svo sem getið var í upphafi hlítti sýslusjóður Mýrasýslu úrskurði yfirmatsmanna fyrir árin 1958-1969. Er þá úr því að slíta hvort hann hafi með því skuldbundið sig til að greiða bæturnar allt 25 ára bímabilið og firrt sig þar með rétti til að fá bótaskyldu sína endurskoðaða. Í því sambandi er sérstaklega á það að líta að ekki liggur fyrir í málinu formlegur gerðardómssamningur er leiði skýrt í ljós þær skuldbindingar er sýslusjóðurinn tók á sig í raun og eins var honum það vorkunnarmál, þótt hann véfengdi ekki þegar í upphafi stjórnskipulegt gildi 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 enda þá með sama lögmann og ríkissjóður. Með vísan til þessa tel ég að hann hafi ekki vangeymt svo réttar síns að það varði hann réttarspjöllum í þessu máli. Ber því að sýkna sýslusjóðina og leggja bótaábyrgðina á ríkissjóð að öllu leyti vegna fyrrgreinds annmarka á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

V.

Samkvæmt framanrituðu og með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því að bætur til áfrýjandans, Jóns Guðmundssonar, skal greiða úr ríkissjóði að öllu leyti. Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um upphafstíma vaxta, vaxtafót, vaxtavexti og málskostnað að öðru leyti en því, að ég tel að fella eigi niður málskostnað milli Jóns Guðmundssonar og sýslujóðs Mýrasýslu, en leggja hann þess í stað alveg á ríkissjóð.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ.m., er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Jóni Guðmundssyni bónda, Bóndhóli, Borgarhreppi Mýrasýslu, 5135-5318, gegn fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með stefnu birtri 11. apríl 1983, og með stefnu birtri 28. apríl 1983 gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Borgarnesi, f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því sem Bóndhóll heyrir til.

Hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, vék sæti í máli þessu með úrskurði uppkveðnum 29. apríl 1983.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 9. maí 1983, var Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Dæmir hann málið ásamt meðdómendunum Má Péturssyni héraðsdómara og Steingrími Gauti Kristjánssyni borgardómara sbr. 2. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 og 9. gr. laga nr. 28/1981.

Í stefnu er dómkröfu stefnanda lýst þannig: „að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 900.000 eða, til vara, sem nemur annarri fjárhæð lægri ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Nánar tiltekið er þess krafist að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að bera greiðsluna sem hér segir og kröfunni þannig beint að þeim eftir þeirri röð er stefnandi telur réttasta:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart stefnanda en til vara hvor í sínu lagi.
2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hins vegar. Til frekari vara greiði allir pro rata, þannig að hluti sýslusjóðanna tveggja verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar og sýslusjóðirnir in solidum hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata eins og um getur í 1. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Bóndhóll heyrir til, en það er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum saman.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en að því frágengnu eins og mælt er í 2. lið og þannig koll af kolli. Er gert ráð fyrir því, að í hverjum lið felist tæmandi tilgreining greiðsluskyldu, þannig að ótaldir aðilar verði sýknir, en fari svo að greiðsluskylda verði lögð á samkvæmt tilteknum lið og greiðslan takmörkuð við minna en fullt tjón (fulla bótakröfu) stefnanda er til þess ætlast að afgangur tjónsins verði felldur á aðila samkvæmt þeim liðum sem taldir eru til vara þar á eftir. Er þetta sérstaklega áréttað í 6. lið, þar sem átt er við að greiðsluskylda samkvæmt honum geti komið til hvort heldur sjálfsætt, ef greiðslu samkvæmt undanfarandi liðum yrði synjað, eða samfara slíkri greiðslu ef hún yrði takmörkuð.

Að því er bótafjárhæð varðar er þess krafist að hún verði ekki dæmd lægri en kr. 296.782,08, en það er sú fjárhæð sem varð niðurstaða matsmanna við grunnmat samkvæmt ákvæðum lax- og silungsveiðilaga á hinu umstefnda tjóni hinn 31. maí 1980, svo og minnihluta yfirmatsmanna við yfirmat á tjóninu skv. sömu lögum hinn 10. apríl 1981. ....

Gagnvart þessum umgetnu matsgerðum um tjón stefnanda felst sú afstaða eða krafa í ofangreindri kröfugerð hans, aðallega að í málinu beri að dæma sjálfstætt um skaðabætur honum til handa með hliðsjón af matsgerðunum, og verði fjárhæð bótanna ákveðin þannig, en til vara að matsgerðirnar verði staðfestar með þeim hætti að ofangreind bótafjárhæð þeirra verði lögð til grundvallar dómi með hækkun að tiltölu við almennar verðlagsbreytingar frá matstíma (þ.e. grunnmats í maí 1980) til dómsuppsögudags. Um aðild að bótagreiðslu verði í báðum tilvikum dæmt samkvæmt kröfuliðum 1-6 hér að framan. Til frekari vara verði umrædd bótafjárhæð

lögð til grundvallar beint án verðlagshækkana, og matsgerðirnar staðfestar þannig, en um aðild fari sem fyrr getur.

Um leið er þess krafist til ítrustu vara að stefnanda verði dæmdar skaðabætur með þeim höfuðstól og vöxtum sem um ræðir í atkvæði meirihluta yfirmatsmanna hinn 10. apríl 1981, og frá þargreindum aðila.

Vextir, sem um ræðir í dómkröfu, voru 30% á ári frá 1. janúar - 20. febrúar 1978, 33% þaðan til 1. júní 1979, 34,5% til 1. sept. 1979, 39,5% til 1. des. 1979, 43,5% til 1. júní 1980, 46% til 1. mars 1981, 42% til 1. júní 1981 og 39% til 1. nóvember 1982, en 45% frá þeim degi. Eru þetta dómvextir og dómvaxta einnig krafist fram í tímann."

Með framhaldsstefnu birtri 16. janúar 1984 hækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar úr kr. 900.000,00 í kr. 1.800.000,00 en hélt að öðru leyti fast við stefnukröfurnar.

Í þinghaldi 3. apríl 1984 lækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar í kr. 1.225.703,00.

Við hinn munnlega málflutning 7. maí 1985 hækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar í kr. 1.935.223,00 en hélt að öðru leyti fast við gerðar kröfur. Að því er varðar vexti var þó af hálfu stefnanda bókað: „Verði krafan kr. 1.935.223,00 tekin til greina að fullu, þá tel ég rétt að vextir reiknist af fjárhæðinni frá deginum í dag að telja nema dómstóllinn telji réttara að reikna vexti fyrir liðinn tíma eftir reglum um leyfilega vexti af verðtryggðum kröfum án þess að reikna þá inn í höfuðstól kröfunnar."

Af hálfu ríkissjóðs er nú aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda bæði í aðalsök og framhaldssök en til vara að kröfufjárhæðir stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi sýslusjóður Mýrasýslu krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, til vara að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnanda og til þrautavara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og framhaldssök en til vara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda bæði í aðalsök og framhaldssök og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Í greinargerðum lögmanna ríkissjóðs, sýslusjóðs Mýrasýslu og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu, komu fram kröfur um það að aðalsök málsins yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfur þessar hinn 11. júlí 1983, og sama dag var lagður á þær úrskurður með svofelldri niðurstöðu:

„Úrskurðarorð:

Hinar framkomnu frávísunarkröfur eru ekki teknar til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu."

Hinn 5. desember 1983 ritaði lögmaður stefnanda bréf til eiganda Einarsness í Borgarhreppi, Mýrasýslu, Sigríðar Guðmundsdóttur f.h. dánarbús Sigþórs Þórarinssonar og til ábúanda nefndrar jarðar, Óðins Sigþórssonar, þar sem vísað var til 52. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Í bréfinu er þeim tilkynnt um málarekstur stefnanda og jafnframt skorað á þau að veita stefnanda styrk í málinu. „Í þessu felst meðal annars áskorun um að mæta til þings í málinu ef aðilarnir telja sig eiga þar einhverra hagsmuna að gæta og að tjá sig um þá hagsmuni og gæta réttar síns í málinu eftir því sem við eigi, ef um slíkt sé að ræða."

Lögmaður réttargæslustefndu Sigríðar Guðmundsdóttur og Óðins Sigþórssonar mætti á dómþingi í málinu 7. desember 1983 og lagði fram yfirlýsingu, sem er dagsett sama dag. Þar segir m.a. svo:

„Samkvæmt landamerkjabréfi Einarsness frá 5. febrúar 1884 fylgja jörðinni allar þær eyjar og sker, sem umhverfis Einarsnes liggja. Þar með talið er að sjálfsögðu Skurðshalasker (Skurðshólasker). Landamerkjalína milli Bóndhóls og Einarsness út á ósasvæði Hvítár, þ.e. fram af bakkanum markast eftir þeim meginreglum sem m.a. koma fram í 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, um að vatnsbotn fylgi þeim bakka sem hann verði talinn áframhald af, þ.m.t. út frá eyjum og skerjum, og að hver botndepill skuli fylgja þeim bakka sem hann er næstur. Sérstaklega skal fram tekið að þeim skilningi Jóns Guðmundssonar, sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi Hjartar Torfasonar að landamerkjalínan liggi „skáhallt út yfir ósasvæðið um Skurðshólasker eftir línu, þar sem Skurðshólasker er miðað í Djúpadal í Hafnarfjalli", er alfarið mótmælt. Hefur skilningur Jóns Guðmundssonar hvorki stoð í landamerkjabréfi Einarsness, því sem fyrr getur, né landamerkjabréfi Bóndhóls frá febrúar 1884. Öllum málatilbúnaði Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, sem fer í bága við þessi sjónarmið umbjóðenda minna, er harðlega mótmælt. Ég tek fram að af hálfu umbjóðenda minna er ekki talin þörf á að sækja frekari þinghöld í máli þessu."

Munnlegur málflutningur fór fram um efni málsins hinn 7. maí 1984, en af hálfu ríkissjóðs var þá enn krafist frávísunar og var málið tekið til dóms að þeim munnlega málflutningi loknum. Dómur var kveðinn upp í málinu 25. maí 1984. Niðurstaða meiri hluta dómsins þeirra Steingríms Gauts Kristjánssonar og Más Péturssonar var þessi:

„Dómsorð:

Kröfum stefnanda Jóns Guðmundssonar á hendur landbúnaðarráðherra

og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs og sýslunefnd Mýrasýslu f.h. sýslusjóðs, er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli þessara aðila fellur niður."

Einn dómenda Bjarni Kristinn Bjarnason skilaði sératkvæði með svofelldu dómsorði:

„Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður."

Stefnandi skaut dóminum til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í málinu 19. apríl 1985.

Niðurstaða fjögurra dómara Hæstaréttar var þessi:

„Ekki er efni til að ákveða kærumálskostnað.

Dómsorð:

Vísað er frá Hæstarétti kröfum um, að aukadómþingsmáli nr. 29/1983 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verði í heild vísað frá héraðsdómi.

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi."

Einn dómenda Hæstaréttar skilaði sératkvæði og taldi að vísa bæri „málinu frá héraðsdómi, en eftir atvikum öllum megi láta kærumálskostnað falla niður".

Munnlegur málflutningur fór fram að nýju um efni málsins hinn 7. þ.m. og var málið að svo búnu tekið til dóms.

II.

Í dómsmáli þessu sækir stefnandi, Jón Guðmundsson, sér til handa bætur vegna veiðimissis á árunum 1970-1976, að báðum meðtöldum, er rót eigi að rekja til þeirrar skerðingar á rétti hans til laxveiði í net fyrir landi eignarjarðar hans, Bondhóls, sem honum hafi verið gert að þola með 35. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 sem breytt var með 15. gr. laga nr. 38/1970, sbr. nú 35. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Tildrög málsins eru þau að með 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði voru tekin af öll tvímæli um það, að „til lengdar fastrar veiðivélar ... telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar."

Í athugasemdum um frumvarpið, sem síðar varð að lögum nr. 53/1957, segir m.a. svo um 35. gr.:

„Greinin kemur í stað 31. gr. og 4. mgr. 33. gr. laga nr. 112/1941, en efni aukið við. Um 3. mgr. þessarar greinar frv. skal tekið fram: Þegar frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var samið mátti það heita föst regla að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum. Ákvæði þess frv. miðaðist því við þetta eins og sést á 31. gr., en þar segir svo: „Lengd fastra veiðivéla frá bakka og út í á skal miðuð við" o.s.frv., og síðar í sömu gr. segir: „Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar-

innar frá árbakka og út í á." Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingarspotta með gildrum langt úti í ám og ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á að ekki bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það sem girt var. Veiðimálastjórnin hélt hinu fram er hún taldi felast í anda og ákvæðum laganna. Varð af þessu dómsmál, og gekk dómur Hæstaréttar á móti skoðun veiðimálastjórnarinnar. Nú hefur einn þeirra manna, er undirbjuggu lögin um lax- og silungsveiði, vottað það að það hafi að minnsta kosti verið ætlun sín, „að lengd lagnar í veiðivatni skyldi jafnan mælast frá bakka og út að enda lagnar að leiðara meðtöldum, hvort sem fyrirstaða væri á allri þeirri leið eða ekki". Þykir verða að fallast á þessa skoðun, enda kemur ákvæðið um fjarlægð milli veiðivéla að litlu haldi, nema svo sé gert, að minnsta kosti á ósasvæðum. Í þessari mgr. frv. eru því fyrirmæli, sem væntanlega taka af öll tvímæli um þetta efni."

Ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 eru svohljóðandi:

„1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim er í missir bætt að fullu samkvæmt mati það sem er fram yfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laga þessara.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett."

Eftir gildistöku laga nr. 53/1957 hafði stefnandi uppi kröfur um bætur vegna þess að honum var eigi lengur heimilt að veiða lax í netalagnir (veiðivélar) þær, sem ekki voru lagðar út frá bakka. Samkomulag varð um, að yfirmatsmenn samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 skyldu sem gerðardómendur úrskurða um bæturnar, sbr. dómskjal nr. 98 og 77. Yfirmats-

menn kváðu upp gerðardóm sinn 29. september 1959. Þar segir m.a.:

„Í 31. gr. laga nr. 112/1941 var svo mælt, að bil milli fastra veiðivéla, hvort heldur væru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skyldi jafnan vera 100 m eftir endilangri á, þar sem skemmst væri á milli þeirra. Þó mátti bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar „frá árbakka og út í á". Leiðara frá fastri veiðivél skyldi telja hluta hennar. Þá er frumvarpið að nefndum lögum var samið mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum, og miðuðust ákvæði frumvarpsins við þá tilhögun. Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingarspotta með gildrum langt út í ám og á ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á að eigi bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það sem girt var.

Veiðimálastjórnin hélt því hins vegar fram að til lengdar fastrar veiðivélar teldist fjarlægð hennar frá bakka straumvatns til fjarlægari enda hennar, hvort sem hún væri landföst eða eigi. Dómur Hæstaréttar, uppkveðinn 19. apríl 1950 í málinu Ákæruvaldið gegn Benjamín Ólafssyni, gekk á móti skilningi Veiðimálastjórnarinnar. Er því í 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði skýrt kveðið á, að til lengdar fastrar veiðivélar „skuli teljast fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi", en að öðru leyti er ákvæði 31. gr. laga nr. 112/1941 um lengd fastra veiðivéla og bil milli þeirra tekin upp í 35. gr. laga nr. 53/1957.

Með 86. gr. laga nr. 112/1941 var veiðieiganda veittur réttur til skaðabóta, þá er hann missti veiði sína með öllu fyrir þá sök að lögin fyrirmunuðu honum að nota þá veiðiaðferð sem hann áður mátti einni við koma. Skaðabætur skyldi ákveða með mati og þær greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði þeim eða sýslusjóðum sem í hlut áttu. Ákvæði þetta var tekið upp í 108. gr. laga nr. 53/1957. En við meðferð stjórnarfrumvarpsins, sem lá til grundvallar þeim lögum á Alþingi, var nýju ákvæði skotið inn þar sem kveðið er á um bætur til handa þeim er veiðiaðstæða þeirra rýrnar vegna þess að lögin telja til lengdar fastrar veiðivélar fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt svæðið eða eigi, en „þá skal þeim, er missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er framyfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku laga þessara."

a) Jarðir þær, sem krafist er bóta fyrir í máli þessu, liggja allar norðan ósasvæðis Hvítár í Borgarfirði. Breiðir áin mjög úr sér á þessu svæði í álum á milli sandeyra. Breytast álar títt, þannig að aðalmagn vatns rennur einn tíma um suðurhluta ósasvæðisins og annan tíma um norðurhluta þess. Eins og áður greinir voru lög nr. 112/1941 eigi talin varna veiðieigendum að leggja

veiðivélum sínum í ála úti á ósasvæðin og skipti þá eigi nærri eins miklu máli þótt vatnsmeiri álarnir lægju langt undan bakka, en nú leiða ákvæði 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957 til þess, að álar langt undan verði eigi tiltækir veiðieigendum. Miðað við þau lög, sem nú gilda, getur veiðiaðstaða jarðar á ósasvæðinu verið mjög mismunandi á ýmsum tímum allt eftir því hvort aðalálar renna nærri landi hennar eða langt undan. Þess vegna væri það algerlega að renna blint í sjóinn að meta jarðeigendum þeim, sem hér eiga í hlut, skaðabætur í eitt skipti fyrir öll vegna takmörkunar þeirrar á veiðiaðstöðu, sem 35. gr. laga nr. 53/1957 leggur á þá.

b) Ákvæði nefndrar lagagreinar um að bætur, sem nú séu ákveðnar, skuli greiðast á næstu 25 árum leiða til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu, þar sem gera má ráð fyrir að verðgildi peninga breytist í framtíðinni.

Ástæður þær, sem raktar eru undir stafliðunum a og b hér að framan, sýna að ákvæði nefndrar 35. gr. um ákvörðun skaðabóta í eitt skipti fyrir öll og greiðslu þeirra á 25 árum, skýrð eftir bókstaf sínum, leiða til ótækrar niðurstöðu, er yrði í algeru ósamræmi við meginreglur laga.

Samkvæmt þessu telja gerðardómendur eigi aðra leið færa en að kveða á árgjald sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs. Aðiljum, veiðieiganda, ríkissjóði eða sýslusjóði skal hins vegar vera rétt að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 árgjald það sem í gerðardómi þessum er ákveðið, þá er breyting verður á rennsli Hvítár, verð á laxi breytist eða aðrar breytingar verða á aðstæðum er meginmáli skipta.

Svo sem rakið var er í 3. tl. 35. gr. mælt að þeim sem tjón bíða vegna ákvæðisins um lengd fastrar veiðivélar skuli „bætt að fullu samkvæmt mati það sem er fram yfir 30%". Áður en ákvæði þetta er tekið til meðferðar þykir rétt að geta þess að lög nr. 53/1957 setja ýmsar takmarkanir á veiði á laxi umfram það sem áður var. Má hér einkum nefna, að 19. gr. laga nr. 53/1957 lengir friðun á viku hverri gegn netjaveiði úr 60 klukkustundum í 84 klukkustundir og friðun gegn ádráttarveiði úr fjórum sólarhringum í fimm sólarhringa í viku hverri. Þá geymir nefnd 19. gr. það nýmæli að eigi má veiða með stöng og færi nema helming hvers sólarhrings. Er fiskur því nú einnig friðaður gegn stangarveiði 84 klukkustundir í viku hverri. Ákvæði laga nr. 53/1957 ber að skýra þannig, að veiðieigendur verði að hlíta takmörkunum þeim á veiði sem felast í 19. gr. án þess að sérstakar bætur komi fyrir, enda miða takmarkanir þessar að varðveislu og aukningu fiskstofna í ám og vötnum. Nú má ætla að veiðieigendur þeir, sem tilkall eiga til bóta samkvæmt 3. tl. 35. gr., missi veiði vegna ákvæða 19. gr. nefndra laga. Erfitt er að greina milli veiðimissis vegna takmarkana 19. gr. og veiðimissis vegna takmarkana 3. tl. 35. gr., en hinn síðarnefndi missir skal einungis bættur.

Í 3. tl. 35. gr. segir: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir

30%." Ákvæði þetta má skilja a.m.k. á tvo vegu, svo sem nú skal sýna með dæmum:

a) Jörð missir alla veiði sína. Eigandi fær bætt, ef lögin eru skýrð bókstaflega, af skaða þeim, sem hann bíður vegna ákvæða 3. tl. 35. gr. um

lengd veiðivéla,	70%
Bótalaus missir	30%
	100%

b) Jörð missir 50% af veiði vegna ákvæða nefnds 3. tl. 35. gr. Kemur þá til álita að reikna bætur til handa eiganda hennar á tvo vegu samkvæmt orðum ákvæðisins:

1)	Eigandi heldur eftir veiði	50%
	Bætur 70% af missinum, sem er 50% allrar veiði,	35%
	Bótalaus missir	15%
		100%
2)	Eigandi heldur eftir veiði	50%
	Bótalus missir	30%
	Bætur	20%
		100%

Skýring nr. 1 er á því reist að bótakrefjandi fái 70% af skaða sínum bætt, hver sem skaðinn er, en skýring nr. 2 er hins vegar á því byggð að bótakrefjandi verði að bera bótalaust veiðimissi sem er 30% af allri veiði hans eða minni.

Nefndu ákvæði 3. tl. 35. gr. var, eins og áður segir, skotið inn í stjórnarfrumvarp til laganna við meðferð þess á Alþingi. Eigi er greint í nefndarálitum eða umræðum hvernig skilja skuli ákvæðið.

Gerðardómendur telja að nefnt ákvæði, á hvorn veginn sem skilið er, geti haft í för með sér slíka mismunun veiðieigenda að eigi fái samrýmst sjónarmiðum þeim, sem liggja til grundavallar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar telja gerðardómendur rétt að hafa hliðsjón af vilja löggjafans til að takmarka bótagreiðslur vegna ákvæðis laganna um lengd fastra veiðivéla, þannig að einstökum veiðieigendum sé eigi mismunað.

Verður nú kveðið á um bætur til hinna einstöku veiðieigenda. ....

II. Bóndhóll.

Jón Guðmundsson bóndi telur sig hafa notað níu lagnir áður en lög nr. 53/1957 komu til framkvæmda, en eftirlitsmaður með veiði í Borgarfirði telur lagnirnar hafa verið sjö. Jón bóndi hefur nú góða aðstöðu til veiði í lögn við Kóngshól, þar sem vatnsmikill áll fellur alveg með landi hans.

Tvær aðrar landfastar lagnir gæti hann rækt með árangri en notar eigi nema aðra þeirra.

Gerðardómendur hafa kannað veiðiskýrslur og veiðiframtöl Jóns Guðmundssonar bónda og gert áætlun um kostnað af veiðinni ef allar lagnir, sem áður voru nytjaðar, væru enn í notkun, og svo áætlun af veiðinni eins og framkvæma má hana nú. Að öllu athuguðu þykja bætur til handa Jóni Guðmundssyni hæfilega ákveðnar kr. 17000,00 fyrir árið 1958 og kr. 17000,00 fyrir árið 1959.

Niðurstaða gerðardómsins varð sú að stefnanda voru tildæmdar í bætur kr. 34.000,00 með 6% ársvöxtum af kr. 17.000,00 frá 1. október 1958 til 1. október 1959 og af kr. 34.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. Var ríkissjóði gert að greiða ¾ hluta fjárhæðarinnar en sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta, en ekki er í gerðardómnum neitt um það fjallað, hvort til álita hafi komið að dæma sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu til greiðslu á hluta bótanna. Sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður greiddu stefnanda ofangreindar bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Yfirmatsmenn úrskurðuðu sem gerðardómendur mál stefnanda 11. júlí 1961 varðandi bótakröfu hans fyrir árið 1960. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Samkvæmt skýrslum hefur innlagður lax frá honum til Verslunarfélagsins Borgar h/f numið 1186,4 kg árið 1960. Öll laxveiði Jóns er tekin í eina lögn við Kóngshól sem er mjög þægilegt að stunda, og hefur tilkostnaður hans vitaskuld minnkað mjög af þeim sökum. Er auðsætt mál að betur veiðist í lögn hans þar sem áin er friðuð fyrir neðan hana. Að öllum málavöxtum athuguðum þykja eigi efni til að dæma honum bætur fyrir áirð 1960."

Með gerðardómsúrskurði dagsettum 21. júlí 1965 dæmdu yfirmatsmenn stefnanda bætur með svofelldum rökum:

„Samkvæmt framlögðum gögnum og með skírskotun til 35. gr. laga nr. 53/1957 eru sóknaraðila Jóni Guðmundssyni ákveðnar bætur fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir Bóndhólslandi fyrir árin 1961 til 1964, samtals kr. 68.000,00."

Enn úrskurðuðu yfirmatsmenn sem gerðardómendur bætur til stefnanda hinn 25. maí 1973 með eftirfarandi rökstuðningi:

„Að athuguðum öllum gögnum og aðstæðum á vettvangi eru sóknaraðilja Jóni Guðmundssyni ákveðnar bætur fyrir 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, samtals kr. 560.000,00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1972."

Í öllum ofangreindum tilfellum var ríkissjóði gert að greiða ¾ hluta bótanna en sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta.

Stefnandi lagði mál sitt enn fyrir yfirmatsmenn með bréfum dagsettum 19. nóvember 1974 og 14. apríl 1975 og krafðist bóta fyrir árin 1970-1973. Höfðu ný lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði þá leyst af hólmi lög

nr. 53/1957. Þess skal hér getið, að með bréfi dagsettu 18. júlí 1972 til formanns yfirmatsnefndar óskaði lögmaður stefnanda eftir endurskoðun yfirmatsmanna fyrir árin 1965-1970. Yfirmatsmenn kváðu upp úrskurð í málinu 5. nóvember 1975. Í atkvæði meirihluta yfirmatsnefndarinnar segir m.a.:

„Yfirmatsmenn fara með mál þetta samkvæmt 4. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, en ekki verður fullyrt að gerðardómsheimild, sem var veitt meðan lög nr. 53/1957 voru í gildi, taki til þess. ....

Ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 um lengd fastra veiðivéla og bilið milli þeirra voru tekin óbreytt upp í lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hins vegar voru skaðabótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 felld niður og ný skaðabótaákvæði sett, sem telja verður í betra samræmi við grunnreglur laga.

Ákvæði núgildandi laga um lax- og silungsveiði eru í 95. gr. laga nr. 76/1980, svohljóðandi:

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komi til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati sbr. 94. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því sem í hlut á eftir ákvörðun matsnefndar og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

1. og 2. tl. 95. gr. eru samhljóða 1. og 2. tl. 108. gr. laga nr. 53/1957 að öðru en því að eftir eldri lögunum átti sá rétt til skaðabóta er misst hafði veiði sína að öllu vegna ákvæða laganna en nú á sá skaðabótarétt samkvæmt ákvæðinu sem misst hefur veiði að mestu eða öllu. Ákvæði 108. gr. voru svo þröng að þeirra gætti ekki í framkvæmd. Þótti því rétt að bæta inn í þau orðunum „að mestu“ og rýmka þannig lítið eitt merkingu ákvæðisins til þess að það gegndi nokkuru hlutverki, en allt að einu ber að skýra ákvæðið í núverandi mynd sinni þröngt, enda þrengja orðin „að öllu“ orðin „að mestu“. Þá þykir óeðlilegt að leggja á sýslubúa, sem ekki njóta hagnaðar af veiði, víðtæka skaðabótaskyldu vegna friðunaraðgerða í þágu veiðieigenda. Ákvæði 1. mgr. 95. gr. verður því einungis beitt þegar sérstaklega stendur á, t.d. um Einarsnessveiðar.

Í 3. tl. 95. gr. er almennt ákvæði um skaðabótarétt sem telja verður í

samræmi við eðlisrök. Þar er svo kveðið á að veiðieigendum í fiskihverfi því, sem í hlut á, sé skylt að greiða þeim sem orðið hefur að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laganna bætur eftir úrskurði matsnefndar. Virðist þetta vera skaðabótaregla, reist á efnislegum ástæðum: Þeir skulu bera kostnað af verndarráðstöfunum sem njóta ávinnings af þeim.

Ummæli í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 76/1970, lesin í réttu samhengi, fara ekki í bága við þá eðlismerkingu 95. gr. nefndra laga sem að framan er rakin.

Jón bóndi Guðmundsson í Bóndhóli gerir í máli þessu kröfu til fébóta vegna hafta þeirra sem ákvæði 35. gr. laga nr. 76/1970 leggja á veiði fyrir landi hans. Bótakrafan tekur til misstrar veiði í fjögur ár, þ.e. 1970-1973. Í kröfugerð sinni tilfærir hann bæði þá veiði, sem hann hafi raunverulega aflað þessi ár, og svo áætlaðan veiðimissi sinn vegna veiðihamla. Ef tekið er meðaltal af tölum hans kemur fram að hann hefur þessi fjögur ár veitt nálægt 35% þess afla, sem hann sjálfur áætlar sér ef veiðar fyrir landi hans væru óheftar, en hér við er að athuga að það ber undir matsnefnd að úrskurða um veiðimissi hans. Að því athuguðu sem nú var rakið verður ekki talið að Jón bóndi hafi misst veiði sína „að mestu eða öllu" vegna ákvæða laganna. Á hann því ekki skaðabótarétt samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu. Hins vegar á hann skaðabótakröfu samkvæmt 3. tl. 95. gr. á hendur veiðieigendum í fiskihverfi sínu."

Minnihluti yfirmatsnefndar taldi hins vegar að matsmönnum bæri að meta stefnanda bætur eftir 1. lið 95. gr. laga nr. 76/1970.

Stefnandi fékk dómkvadda tvo matsmenn til að meta bætur fyrir árin 1970-1976. Matsmenn luku matsgerð sinni 31. maí 1980. Mátu þeir bæturnar samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 samtals kr. 29.678.208, sem ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skyldu greiða stefnanda in solidum ,,auk hæstu innlánsvaxta við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma" frá 1. janúar 1980 til greiðsludags.

Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skutu málinu til yfirmatsmanna, sem luku mati sínu 10. apríl 1981. Meirihluti yfirmatsmanna tóku m.a. fram í yfirmatsgerðinni:

,,Samkvæmt því, sem rakið hefur verið ber að ákveða Jóni bónda Guðmundssyni bætur skv. 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr

en síðla árs 1978. Ótal dæmi eru þess í lögum að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu. ....

Samkvæmt ótvíræðum orðum og tilgangi 94. og 95. gr. laga nr. 76/1970 ber fullnaðarákvörðun skaðabótaskyldu og skaðabóta undir nefnda yfirmatsmenn, sbr. hins vegar 1. og 17. gr. laga nr. 11/1973.

Loks vilja nefndir tveir yfirmatsmenn taka þetta fram: Þeir áttu hlut að því að semja ákvæði 95. gr. laga nr. 76/1970. Það hvarflaði þá ekki að þeim að reynt yrði að teygja undantekningarákvæði 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, sem sett voru af tilhliðrunarsemi með Einarsnessveiðar í huga, svo sem tilburðir hafa verið viðhafðir um í þessu máli. Slík útþensla ákvæðisins fer í bága við skoðun Alþingis fyrr og síðar. Ákvæði 96. gr. laga nr. 76/1970 um ákvörðun bóta eftir eignarnámsreglum var lögfest með lögum nr. 61/1932 og samið af höfundum þeirra laga, þeim Jörundi Brynjólfsyni, Ólafi Lárussyni og Pálma Hannessyni, sem tempruðu stórlega frjálsan fiskveiðirétt ósabænda án þess að veita þeim bótarétt. Skýra ber nefnt ákvæði í ljósi þessa aðdraganda síns. Það raskar á engan hátt þeirri skýringu á hinni nýju 95. gr. laga nr. 76/1970, sem að framan er gefin og útilokar eigi að beitt sé þeirri grunnreglu laga að bótakrefjandi verði að hlíta nokkru verðfalli peninga, þá er hann dregur óhóflega lengi að heimta gjaldfallnar kröfur hjá réttum skuldunaut.

Með hliðsjón af því, hversu háttað hefur verið rekstri máls þessa, þykir rétt að leggja kostnað og þóknun yfirmatsmanna á ríkissjóð."

Niðurstaða meirihluta yfirmatsmanna var sú, að Veiðifélag Borgarfjarðar var úrskurðað að greiða stefnanda kr. 104.717,37 með hæstu innlánsvöxtum frá 1. febrúar 1981 til greiðsludags og kr. 7.000,00 í málskostnað.

Einn yfirmatsmanna skilaði séráliti, sem einnig er dagsett 10. apríl 1981. Í sérálitinu segir m.a.:

„Fallast ber á þann skilning undirmatsmanna og veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að við skýringu á 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 skipti meginmáli hver áhrif lögákveðin veiðitakmörkun hafi á hreinan arð af veiði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því, sem áður hefur verið rakið um skýringu sama lagaákvæðis, ber einnig að fallast á það með undirmatsmönnum að í máli þessu sé um svo verulegan veiðimissi að ræða að veiðieiganda beri bætur úr sýslusjóði og ríkissjóði eftir umræddu ákvæði. Er rétt að hafa í huga að eigandi Bóndhóls hafði öðlast löglega ákveðinn

bótarétt á hendur umræddum aðilum í tilefni af veiðitakmörkunum samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu ber að meta eiganda Bóndhóls bætur fyrir tjón það sem í málinu greinir, og greiðist bætur þessar að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Ekki kemur hér til úrlausnar hvort sýslusjóður Mýrasýslu eigi endurkröfu á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, né heldur stjórnskipulegt gildi ákvæða lax- og silungsveiðilaga um greiðsluskyldu sýslusjóða vegna veiðitjóns.

Óhnekkt er skýrslum þeim sem lagðar voru til grundvallar undirmati um veiði í Hvítá fyrir landi Bóndhóls, og verður að telja veiðirýrnunina hæfilega ákveðna í undirmati, enda hafa ekki verið færð viðhlítandi rök að því að veiði hafi að neinu leyti verið ólögleg fyrir gildistöku laga nr. 38/1970. Meginsjónarmið við ákvörðun bóta, ekki síst bóta af því tagi sem hér um ræðir, hlýtur að vera það að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Ber því að færa bætur fyrir aflatjón hvers árs sem matið tekur til, í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum sem máli skipta við ákvörðun bóta, ber að staðfesta niðurstöðu undirmats um bótafjárhæð, enda hefur ekki komið fram af hálfu tjónþola nein krafa um breytingu á því mati.“

Niðurstaða í séráliti yfirmatsmannsins var sú, að úrskurðað var, að sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður skyldu greiða að hálfu hvor aðili stefnanda gkr. 29.678.208,00 með hæstu innlánsvöxtum frá 1. janúar 1980 til greiðsludags og gkr. 2.500.000,00 í málskostnað, en ríkissjóður skyldi greiða „allan kostnað af matinu“.

Veiðifélag Borgarfjarðar neitaði að gangast við bótaskyldu svo og ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Höfðaði stefnandi þá mál með stefnu birtri 17. desember 1981 á hendur ríkissjóði, sýslusjóði Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar. Það mál var hafið samkvæmt ósk stefnanda hinn 22. nóvember 1983 af formsástæðum en mál þetta höfðaði stefnandi síðan með stefnu birtri 11. og 28. apríl 1983, svo sem fyrr er frá greint.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að grundvallaratriði máls þessa sé sú staðreynd að stefnandi hafi orðið fyrir rýrnun á veiðiaðstöðu á eignar- og ábýlisjörð sinni fyrir tilverknað laxveiðilaga (35. gr.) og eigi hann rétt til bóta fyrir það tjón sem af rýrnuninni leiði. Þær takmarkanir á netaveiði, sem þessi ákvæði mæli fyrir um, geti ekki talist almennar takmarkanir eignarréttarins er menn verði að þola bótalaust, heldur sérstakar takmarkanir, og sé bótaréttur stefnanda lögvarinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétt sinn til bóta byggir stefnandi þó fyrst og fremst á ákvæðum laga

nr. 53/1957 og á samningum um gerðardóm sem á komst 1959 vegna þeirra laga. Lög nr. 76/1970 skipti fyrst og fremst máli vegna þess að þau hafi leyst fyrrnefndu lögin af hólmi formlega séð. Þau hafi hugsanlega rýmkað bótarétt stefnanda að sumu leyti, en í annan stað geti þau ekki raskað áunnum og viðurkenndum bótarétti stefnanda á grundvelli eldri laganna og lögmætum samningum.

Að því er varðar sérstaklega síðari lögin sé ótvírætt að 1. mgr. 95. gr. laga eigi við tjón stefnanda, en einnig megi vera, að 3. mgr. geti átt þar við.

Röðunin í liði 1-6 með tilliti til greiðsluaðildar í kröfugerð stefnanda sé gerð í samræmi við þau sjónarmið, sem felist í ofangreindri afstöðu. Þannig sé 1. liður á því byggður, að um bótaskyldu fari að öllu leyti eftir lögum nr. 53/1957 eða meginsjónarmiðum þeirra og/eða eftir samningi um gerðardóm frá árinu 1959 á grundvelli þeirra laga, og taki skyldan til þeirra, sem voru beinir aðilar að gerðardómsmeðferðinni í öndverðu. Í 2. lið sé byggt á hinu sama að því viðbættu, að Borgarfjarðarsýsla geti þar einnig verið aðili. Í 3. lið sé enn byggt á hinu sama að því breyttu, að skipting bótaskyldu fari eftir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eða meginsjónarmiðum hennar, en í 6. lið sé gert ráð fyrir að ríkissjóði hljóti að vera skylt að bæta stefnanda þá skerðingu sem á hann er lögð, ef eða að því leyti sem ekki sé séð fyrir bótum með öðrum hætti lögum samkvæmt.

Krafa stefnanda sé ekki borin fram gegn þeim öllum í senn, heldur valkvætt eftir þeirri tilteknu röð sem tilgreind er í dómkröfuþætti stefnunnar. Megi orða það svo með öðrum hætti að krafan sé gerð aðallega á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu einum eða ásamt sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu með greiðsluskyldu í hlutföllunum ¾:¼ milli ríkissjóðs og sýslusjóðs, til vara á hendur sömu aðilum í hlutföllunum ½:½, til frekari vara á hendur veiðifélagi Borgarfjarðar einu f.h. veiðiréttareigenda, og til þrautavara á hendur ríkissjóði einum. Verði það að velta á lagalegu mati á aðstæðum hvernig greiðsluskyldan skuli falla.

Eðlilegt sé að líta svo á að bótaréttur stefnanda komist í varanlegt horf með gerðardóminum frá 29. september 1959 og samningum aðila í sambandi við hann, þannig að þeirri réttarstöðu, sem þannig komst á, verði ekki síðar raskað með eftirfarandi löggjöf eða lagaframkvæmd, né heldur með neinum aðgerðum gerðardómsaðila sem slíkra.

Málshöfðun stefnanda feli í sér framhald af þeim matsmálum frá 1980 og 1981 samkvæmt laxveiðilögum sem fyrr var getið og fyrri matsmálum allt aftur til ársins 1959. Hafi stefnandi reynt að leggja málið þannig fyrir að sem eðlilegast samhengi verði þarna á milli, og að hann geti fengið aðfararhæfan dóm á hendur stefndu á grundvelli þess sem á undan er gengið. Kröfugerð sé sett fram með tilliti til þess að almennum dómstóli beri réttur til að ákveða sjálfur bætur vegna hins umdeilda tjóns með hliðsjón af mats-

gerðum eða þeim upplýsingum sem með þeim hefur verið aflað, með eða án annarra gagna. Og sé sá skilningur vefengdur, hafi dómstóllinn þó ótvírætt vald til að staðfesta niðurstöðu matsmálanna með breytingum vegna áorðinna verðlagshækkana. Til stuðnings þessum viðhorfum beri að hafa í huga 17. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, en þau eigi sér þó víðtækari grundvöll.

Dómstóllinn eigi ótvírætt úrskurðarvald um þá sérstöku lækkun eða lækkunarástæðu bóta sem meirihluti yfirmatsmanna lagði til grundvallar, enda reyni þar á laga- og réttarfarsatriði og lögmæti aðferða og sjónarmiða við matið. Úr ágreiningnum um aðild að bótaskyldu sé ekki unnt að leysa nema með atbeina dómstóla, og sé sú skoðun m.a. í samræmi við hefðbundin viðhorf varðandi framkvæmd eignarnáms.

Með tilliti til þess að bætur til stefnanda beri að ákveða eftir verðlagi á matstíma að undirstöðu til, sé stefnukrafa sett nokkrum mun hærri en matsfjárhæð nemi, en á dómskjali nr. 115 sé fram settur útreikningur á dómkröfunni og þá tekið tillit til hækkunar.

Hinar umkröfðu bætur fyrir árin 1970 til og með 1976 séu miðaðar við tjón hvers árs um sig sem metið hafi verið eftir á að veiðitíma loknum með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum á þeim tíma. Tilviljun hafi ráðið því, að sjö ár séu hér tekin saman, en það breyti ekki þessum grundvelli. Hér sé því um að ræða árlegt gjald í þeirri merkingu sem á var kveðið í gerðardóminum frá 29. september 1959, í framhaldi af honum og í fullu samræmi við hann. Matsmenn hafi og lagt gerðardóminn gagngert til grundvallar við ákvörðun bóta og matsþolar samþykkt hann beint og óbeint þótt þeir deili um bótaskyldu.

Bæturnar séu því ekki þáttur í heildargreiðslu bóta á 25 árum frá og með árinu 1958 eins og um var rætt í texta 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957. Sú eingreiðslugreiðsla, þ.e. bætur skiptar til greiðslu á 25 ár, hafi horfið úr sögunni með gerðardóminum 1959. Bæturnar séu því fyrir nettótjón hvers árs þannig að greiðsla þeirra leysi ekki úr rétti bótahafa vegna ókominna ára.

Í samræmi við þennan bótagrundvöll hafi stefnandi þegar gert ráðstafanir til að fá ákvörðun um tjón ársins 1977 og liðinna ára þar á eftir með matsbeiðni dagsettri 18. september 1981. Sú beiðni sé í sjálfu sér óháð þessu máli, en að áskorun matsþola hafi stefnandi þó samþykkt að framkvæmd hennar verði frestað að svo stöddu, meðan séð verði nánar hver framvindan verði um bæturnar fyrir árin 1970-1976.

Ekki sé nauðsynlegt formsins vegna að gera beinar kröfur í málinu um ógildingu eða staðfestingu þeirra matsgerða sem fyrir liggja í málinu. Hér sé einungis verið að leita úrlausnar dómstóls um þau álitaefni eða þann ágreining sem matsgerðirnar fjalla um, og hljóti dómstóllinn að taka á því

sem sjálfstæðu verkefni. Dómstólnum sé og heimilt að fjalla um það sjálfstætt í öllum greinum, en ekki einungis um lagaatriði, um starfssvið matsmanna og þvílíka ágreiningsþætti. Þegar lög standi til að úrlausnarefni séu lögð til mats, eins og mælt sé fyrir um í laxveiðilögum, geti réttarstaða væntanlega orðið sú að ekki sé heimilt að leita til dómstóls nema matsmeðferðar hafi áður verið leitað, en eftir að mat liggur fyrir eigi að vera fullur kostur á að leggja málið fyrir dómstóla til alhliða meðferðar.

Stefnandi sækist alls ekki eftir ógildingu eða staðfestingu á matsgerðunum, heldur leiðréttingu þeirra og samræmingu. Ljóst sé að matsgerðirnar séu í rauninni allar samdóma um helsta matsatriðið, þ.e. um umfangið á veiðitjóni stefnanda og mat þess til verðs. Hafi þetta hvort tveggja verið rétt metið af undirmatsmönnum. Krafa stefnanda í þessu máli sé því nánast ekki önnur en sú að fjárhæð þeirra verði staðfest honum til handa með þeim breytingum sem leiði af verðlagsbreytingum frá matstíma til dómsuppsögu. Þurfi þannig aðeins að leiðrétta þann annmarka sem á hafi orðið við yfirmat vegna þeirrar lækkunar sem meirihlutinn vildi gera og áður er vitnað til. Sú lækkun hafi sumpart verið byggð á misskilningi og í annan stað verði að telja hana ranga og óheimila. Sé þá bæði átt við að lækkunin hafi verið andstæð réttum lögum og svo hitt að matsmenn hafi í raun réttri ekki haft vald eða umboð til að framkvæma hana, jafnvel þótt fótur væri fyrir henni. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram að stefnandi viðurkenni ekki að matsgerð við yfirmat 1981 geti talist bindandi úrlausn á sakarefninu í máli þessu með bindandi áhrif gagnvart dómstólum þannig að ekki verði haggað.

Kröfur stefnanda á hendur Borgarfjarðarsýslu, sem séu fyrst og fremst gerðar í öryggisskyni og til vara, séu byggðar á sama grundvelli og kröfur hans á hendur Mýrasýslu, sem sé þeim að sýslusjóður hennar sé eða geti verið „sýslusjóður viðkomandi héraðs" í merkingu 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 og hún sjálf verið „sýsla sú, sem í hlut eigi" í merkingu 1. töluliðs 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. ásamt Mýrasýslu. Kröfur stefnanda geti einnig átt við gagnvart Borgarfjarðarsýslu þótt bótaskylda sé byggð á úrskurði yfirmatsmanna sem gerðardómsmanna árið 1959 eins og fram komi í 2. aðildarkröfu í stefnu. Auk þess virðist fullheimilt að líta svo á að Borgarfjarðarsýsla eigi að vera bundin við gerðardómsmeðferðina vegna sameiginlegra tengsla, þar sem þátttaka Mýrasýslu í að koma meðferðinni á hljóti að hafa bindandi áhrif á stöðu sýslunnar, ef hún teldist bótaskyld, þar sem um samaðild eða samhliða aðild sé að ræða. Segja megi og að gerðardóminum hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst að skera úr um bótaaðild heldur umfang bótaskyldunnar og fjárhæð tjóns. Í gögnum málsins komi ekki fram hvers vegna Borgarfjarðarsýsla var ekki aðili að bótaákvörðun gerðardómsmanna 1959 og síðar, en ætla verði að gerðardóms-

menn hafi gert ráð fyrir þeirri tilhögun, annaðhvort vegna þess að Borgarfjarðarsýsla væri ekki bótaskyld eða að þátttaka hennar í málinu væri ekki nauðsynleg eins og á stæði. Kunni þá einnig að hafa verið litið til þess að bótaskylda Borgarfjarðarsýslu væri ef til vill auðveldust meðferðar milli hennar og Mýrasýslu á grundvelli endurkröfu. Ganga verði út frá því að umboðsmenn aðila hafi veitt þessari tilhögun samþykki sitt. Mestu skipti þó fyrir stefnanda hver afstaða fulltrúa Mýrasýslu hefur verið. Stefnandi þurfi nú ekki að bera neinn halla af því að fyrirsvarsmenn Mýrasýslu hafi áður kosið að vera án Borgarfjarðarsýslu í málinu. Ætla megi að sakaraðild Borgarfjarðarsýslu skipti litlu máli nema svo færi að sýslurnar yrðu báðar taldar bótaskyldar pro rata.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að réttur hans til bóta sé háður orðunum „að mestu eða öllu" í 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, heldur sé hann fyrirvaralaus, eins og áður var gert ráð fyrir í 3. mgr. 35. gr. Ef talið yrði að síðarnefnda ákvæðið hafi verið fellt niður, þannig að annað kæmi í staðinn, sé jafnframt eðlilegt að líta svo á að við niðurfellinguna hafi áunninn réttur stefnanda samkvæmt því færst undir fyrrnefnda ákvæðið án þess fyrirvara sem í orðunum felst. Af því myndi leiða bótaskyldu hjá ríkissjóði að hálfu og sýslusjóði að hálfu in solidum að áliti stefnanda.

Á sama hátt sé því harðlega mótmælt að merking orðanna „að mestu eða öllu" geti verið jafnþröng og fram kemur hjá meirihluta yfirmatsmanna. Í fyrsta lagi verði að telja að orðin „með öllu" í upphaflegu formi hafi ekki haft bókstaflega merkingu í lögunum, heldur hafi þau táknað „að mestöllu" eða „að öllu verulegu" eins og gjarnan sé til orða tekið, m.a. af þeirri ástæðu að nær útilokað sé í framkvæmd að nokkur missi bókstaflega alla veiði sína. Þegar orðunum „að mestu" var bætt inn árið 1970 hafi ekki í því fólgist endurtekning þess sem var, heldur yfirlýst rýmkun ákvæðisins. Komi því ekki til álita að orðin tákni „að mestöllu", heldur sé merkingin mun rýmri.

Því er haldið fram að líta beri til kostnaðar og veiðitekna við túlkun ákvæðisins, en ekki til veiðimagns eingöngu. Það sé atvinnuleg hagnýting veiðiréttindanna, sem máli skipti og höfð sé í huga, en ekki veiði til heimilisnota, nema öðrum þræði.

Að því er varðar Veiðifélag Borgarfjarðar sé á það að líta að í 3. mgr. 95. gr. sjálfri sé ekki gefið til kynna að bótaskylda veiðiréttareigenda vegna veiðitakmarkana sé háð því að þeir hafi sjálfir átt aðild að þessum takmörkunum, heldur virðist allteins vera átt við lögákveðnar takmarkanir samkvæmt laxveiðilögunum sjálfum. Það sé einungis í frumvarpsgreinargerð sem hið fyrrnefnda sé gefið í skyn eins og rakið sé í matsgerðum og víðar, og verði að ætla dómstólum að leysa úr því hvort slíkt sé nægilegt

eins og á stendur. Bótaskylda af hálfu veiðifélagsins komi því vissulega til álita, þar sem stefnandi hafi öðrum fremur orðið fyrir mismunun á veiðiaðstöðu eins og 3. mgr. geri ráð fyrir.

Auk þessa sé unnt að hugsa sér að túlka 3. mgr. 95. gr. á tvo vegu í senn þegar saman eru tekin orðalag greinarinnar og túlkun frumvarpsgreinargerðarinnar þannig, að veiðiréttareigendur séu aðeins bótaskyldir vegna eigin aðgerða, en vegna takmarkana samkvæmt lögunum sjálfum sé einnig bótaskylda, í samræmi við hinn skýra og fortakslausa 1. málslið greinarinnar, en þá eftir atvikum hjá öðrum aðilum, þ.e. fyrst og fremst ríkissjóði.

Því er mótmælt, að Veiðifélagið eða aðrir geti sett það skilyrði fyrir bótaskyldu gagnvart stefnanda að bætur verði greiddar öðruvísi en með árgjöldum. Sá bóta- og greiðsluháttur sé í góðu samræmi við tilgang og efni laxveiðilaga, sbr. t.d. 85. gr.

Af hálfu stefnanda er því andmælt að kröfur hans séu fallnar niður fyrir fyrningu eða tómlæti.

Því er loks haldið fram af hálfu stefnanda að matsmeðferð sú, sem mál stefnanda hefur fengið, sé allskostar nægileg til að bera uppi endanlega dómsúrlausn um bótagreiðslu handa stefnanda, hvaða leið sem farin yrði í málinu, þ.e. hvort sem byggt yrði á stjórnarskrá, gerðardómssamningi, lagaákvæðum eða öðru, og hvort sem greiðsla yrði felld á ríkissjóð eða aðra stefndu.

IV.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan í fyrsta lagi rökstudd á þeim grundvelli, að 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það verði að telja óeðlilegt að löggjafarvaldið geti lagt á sýslusjóði almennt að taka þátt í kostnaði við bætur til handa aðilum sem verða fyrir skerðingu á eignarrétti vegna ákvæða löggjafarvaldsins, einkum með tilliti til þess að nefnd skerðing sé ekki til hagsbóta fyrir sýslufélagið í heild, heldur aðeins fáa ákveðna aðila innan sýslufélagsins. Jafnvel þótt talið yrði að löggjafarvaldið hafi heimild til þess að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóð sé ekki þar með sagt að það hafi stjórnskipulega heimild til þess að mismuna svo íbúum viðkomandi sýslu. Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar hindri það að bætur vegna friðunarráðstafana í Hvítá verði greiddar af öðrum en þeim sem hagnað hafa af friðunarráðstöfunum eða þá af ríkissjóði.

Í stefnu og greinargerð málshefjanda sé tæpt á því, að sýslunefnd Mýrasýslu hafi fallist á gerðardóm um greiðsluskyldu sína á árinu 1958 og að með dómsorði gerðardómsins frá 29. september 1959 hafi sýslusjóðnum verið gert að greiða skaðabætur til stefnanda. Sýslan hafi síðan greitt

stefnanda bætur bæði samkvæmt þessum gerðardómi og síðari úrskurðum yfirmatsnefndar. Á þann hátt hafi sýslan viðurkennt bótaskyldu sína og geti því ekki haldið uppi sýknukröfum í máli þessu. Þessari túlkun af hálfu stefnanda sé algerlega mótmælt. Eftir að lögin frá 1970 tóku gildi hafi stefnandi fyrst farið fram á bætur með bréfum dagsettum 19.11. 1974 og 14.4. 1975 og þá fyrir árin 1970 til 1973 að báðum meðtöldum. Í greinargerð dagsettri 14.4. 1975 hafi lögmaður sýslusjóðs Mýrasýslu mótmælt að yfirmatsmenn fjölluðu um málið sem gerðardómendur. Hafi það verið gert í því skyni að hafa möguleika á að láta Hæstarétt skera úr um það hvort sýslusjóðurinn væri skyldugur með hliðsjón af vernd 67. gr. stjórnarskrárinnar til að greiða stefnanda bætur. Gerðardómur í málinu hafi verið óæskilegur vegna gjörbreyttra bótaákvæða laga nr. 76/1970 og því fyllsta ástæða til að láta dómstóla tjá sig um málið.

Þá er sýknukrafan studd þeim rökum að eigendur veiðiréttar í fiskihverfinu eigi að greiða bæturnar.

Varakrafan um lækkun er í fyrsta lagi studd þeim rökum að jafnvel þótt dómendur telji heimild til að synja um frávísun málsins, þá sé dómstóllinn eftir sem áður bundinn við sem hámark þá fjárhæð sem yfirmatsmenn (meiri hlutinn) hafi ákvarðað. Telji dómstóllinn sig á annað borð bæran til að dæma um fjárhæðir, beri honum að ómerkja niðurstöðu yfirmatsmanna hvað fjárhæð snertir og gefa þá sóknaraðilum tækifæri til að leita álits nýrra matsmanna. Meðan það hafi ekki verði gert verði að leggja fjárhæðina kr. 104.717,37 til grundvallar í málinu.

Hvort sem síðastnefnda fjárhæðin eða einhver önnur verði endanlega lögð til grundvallar í dómi, beri að skipta þeirri fjárhæð jafnt milli Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem lögð hefur verið á sýslusjóð Mýrasýslu einan. Það hafi væntanlega aldrei verið ætlun stefnanda að gera kröfuna á hendur sýslusjóði Mýrasýslu einum. Heldur hafi niðurstaða bæði fyrr og síðar um greiðslu sýslusjóðs Mýrasýslu byggst á því, að bæði málflutningsmenn og matsmenn hafi staðið í þeirri meiningu að sýslusjóðurinn væri aðeins einn.

Stefnandi hafi sýnt verulegt tómlæti með því að láta dragast von úr viti að setja fram kröfur um bætur sem best sjáist á því að á árinu 1983 sé enn verið að deila um skaðabætur allt frá árinu 1970.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sem of hárri.

Að lokum er af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu tekið undir allt það, sem fram kemur í greinargerð sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að því marki sem ekki stangist á við hagsmuni sýslusjóðs Mýrasýslu.

V.

Því er haldið fram af hálfu stefnda sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að

gerðardómssamningurinn og gerðardómurinn sé óskuldbindandi fyrir þennan sýslusjóð, þar sem þessi sýslusjóður hafi ekki verið aðili að samkomulaginu sem gert var á sínum tíma um gerðardóm. Þá brjóti niðurstaða gerðardómsins í bága við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957. Af þeim sökum beri að líta alveg fram hjá úrskurði gerðardómsins. Gerðardómurinn hafi auk þess verið bundinn við lög nr. 53/1957. Þegar lög nr. 38/1970 sbr. nú lög nr. 70/1976 tóku gildi hafi komið til nýjar bótareglur. Þá beri að hafa í huga að stefnandi hafi með bréfum dagsettum 27. nóvember 1975 og 9. maí 1977, sbr. dómskjöl nr. 25 og 31, beðið um dómkvaðningu matsmanna. Með því hafi stefnandi endanlega fallið frá þeirri málsástæðu að bera gerðardómssamninginn og gerðardóminn fyrir sig.

Þá er því haldið fram að sú takmörkun veiðiaðferða, sem 35. gr. laga nr. 53/1957, nú 35. gr. laga nr. 76/1970 feli í sér, sé takmörkun á eignarrétti sem gera megi án bóta.

Þá er því haldið fram að það sé fráleitt að 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi við málsefni þetta, heldur hljóti 3. mgr. 95. gr. að taka til þess. Rök fyrir þessari lögskýringu séu eftirfarandi:

A. Skýra beri orðalagið „að mestu eða öllu“ í 1. mgr. þannig, að aðeins sé átt við það þegar veiði tapast annaðhvort að öllu eða mestöllu leyti, sbr. rökstuðning meirihluta yfirmatsmanna.

B. Skýra beri orðið „veiði“ í 1. mgr. skv. hefðbundinni notkun orðsins í íslensku máli þannig, að það merki „afli“, en ekki „arður af veiði“. Hljóti sönnunarbyrði að því er varðar hina afbrigðilegu merkingu að hvíla á stefnanda.

C. Því er sérstaklega mótmælt að skýra beri 3. mgr. þröngt. Sá þröngi skýringarkostur, sem minnihluti yfirmatsmanna byggir á, stangist á við orðalag ákvæðisins þar sem berum orðum sé gert ráð fyrir að það taki jafnt til tjóns vegna „ákvæða“ laga nr. 76/1970 og tjóns vegna „framkvæmdar“ laganna. Þetta sé og skilningur meirihluta yfirmatsmanna.

D. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 kom í stað 1. mgr. 108. gr. laga nr. 53/1957. Þeirri staðhæfingu minnihluta yfirmatsmanna að 1. mgr. 95. gr. hafi leyst af hólmi bótaákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 er algerlega vísað á bug. Nærtækara væri að telja, að 3. mgr. 95. gr., sem er nýtt ákvæði að stofni til, hefði komið í stað fyrrgreinds bótaákvæðis laga nr. 53/1957.

Framangreint bendi eindregið til þess að Veiðifélag Borgarfjarðar skuli svara stefnanda bótum, sé slík bótakrafa fyrir hendi.

Sýslumörk milli Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu hafi frá fornu fari legið um Hvítá, væntanlega um miðlínu hennar. Af því leiði að netalagnir stefnanda, sem mál þetta snýst um, hafi ætíð verið Mýrasýslumegin í ánni. Málið sé því óviðkomandi sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu þar eð skýra verði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 svo að fleiri sýslur en ein geti því aðeins talist bóta-

skyldar að mál varði veiðivatn í heild, en því sé ekki þannig farið í máli þessu.

Með vísun til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 beri af þessum sökum að sýkna sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu af kröfum stefnanda.

Mál þetta eigi rót sína að rekja allt aftur til þess tíma er lög nr. 53/1957 tóku gildi. Á þeim aldarfjórðungi, sem síðan er liðinn, hafi stefnandi engar kröfur haft uppi á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu fyrr en með stefnu í máli þessu. Stefnandi hafi ekki réttlætt þetta tómlæti. Hljóti það því að leiða til sýknu.

Stjórnarskráin geri ráð fyrir í 67. gr. að löggjafinn geti skert eignarréttindi eða veitt öðrum aðilum heimild til þess enda „komi fullt verð fyrir". Samkvæmt eðli máls geti löggjafinn mælt svo fyrir að aðili, sem hagnast á slíkri eignarskerðingu, skuli svara bótum. Hins vegar verði að draga í efa að löggjafanum sé stjórnskipulega heimilt að skylda aðila sem ekki hefur hag af eignarskerðingu að greiða bætur fyrir tjón af völdum hennar. Takmarkanir á eignarrétti samkvæmt lax- og silungsveiðilögum miði fyrst og fremst að því að vernda þá fiskistofna sem lögin taka til. Þetta sé væntanlega gert í þágu alþjóðar, en komi um leið þeim til góða sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta. Takmörkun sú á veiðirétti, sem mál þetta er sprottið af, sé þannig a.m.k. öðrum þræði til hagsbóta eigendum veiðiréttar í Hvítá og þverám hennar. Aftur á móti sé vandséð að íbúar Borgarfjarðar- og Mýrasýslna njóti almennt hagnaðar af takmörkuninni. Vegna þessa verði að telja það ákvæði 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og reyndar einnig 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 er leggur bótaskyldu á sýslusjóði, andstætt stjórnarskránni þ.e. meginreglu 2., 67. og 76. gr. hennar. Í samræmi við rótgróna stjórnskipunarvenju beri þar af leiðandi að sýkna sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu af kröfum stefnanda í málinu.

Verði sýknukrafan ekki tekin til greina sé gerð krafa um verulega lækkun á bótakröfu stefnanda.

Telji dómurinn sig bæran til að fjalla efnislega um yfirmat það, sem frammi liggur, hljóti sú umfjöllun að einskorðast við bótaskyldu. Hins vegar verði á grundvelli hefðbundinnar skýringar á 60. gr. stjórnarskrárinnar að leggja bótafjárhæð þá, sem tiltekin er af meirihluta yfirmatsmanna, til grundvallar dómi í málinu. Beri þegar af þessari ástæðu að lækka bótakröfu stefnanda úr kr. 1.225.703,00 í kr. 104.717,37.

Hækkun stefnanda á dómkröfum er sérstaklega mótmælt og sé þar um að ræða brot á ákvæði 4. mgr. 88. gr., sbr. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Verðlagsbreytingar, sem orðið hafa hér á landi frá því að upphafleg stefna var út gefin, réttlæti ekki slíka hækkun, en auk þess skorti lagaheimild til að miða kröfur í máli þessu við breytingar á verðlagi.

Þá hefur þessi stefndi haft uppi sjálfstæða málsástæðu á því byggða að

stefnandi hafi í raun ekki orðið fyrir neinu tjóni. Að minnsta kosti hafi tjón stefnanda, ef eitthvað er, verið svo smávægilegt að ákvæði 95. gr. laga nr. 76/1970 taki alls ekki til þess. Í því sambandi bendir þessi stefndi á, að á árunum 1950-1954 hafi stefnandi veitt 1448 laxa, en á árunum 1960-1964 hafi veiðin verið 1894 laxar og 1961 lax árin 1970-1974. Hin almenna takmörkun, sem stefnandi hafi orðið að þola, hafi ekki aðeins komið öðrum veiðieigendum til góða heldur stefnanda einnig. Þá hafi veiðimöguleikar að sjálfsögðu aukist á Bóndhóli við það að veiði var að mestu lögð niður á næstu jörð fyrir neðan, í Einarsnesi. Við þetta sé svo því að bæta að rekstrarkostnaður stefnanda við veiðivélar sínar hafi stórlega minnkað, því að allan laxinn, sem hann veiddi eftir að lögin nr. 53/1957 tóku gildi, hafi hann að mestu veitt í tvær veiðivélar sem hann hafði áður nytjað. Hins vegar hafi hann ekki þurft lengur að annast hinar kostnaðarsömu veiðivélar sem hann áður notaði úti á firðinum.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sem of hárri.

Þá er bent á það að nú sé upplýst að um landamerkjadeilur sé að ræða milli Bóndhóls og Einarsness. Úrslit þess máls kunni að hafa ahrif á bótarétt stefnanda. Gæti það leitt til sýknu eða lækkunar á kröfu stefnanda.

VI.

Sýknukrafa af hálfu ríkissjóðs er aðallega á því byggð að sá hluti veiðiskapar stefnanda sem telja megi lögbrot frá upphafi vegna ofveiði, samanber hið gamla lagaákvæði: „Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru ef gengið vill hafa", sé ekki bótaskyldur þótt stöðvaður sé. Óhæfilegur lagnafjöldi á svo litlu veiðisvæði hafi hlotið að leiða til ofveiði, og taki þar af tvímæli sú mikla aukning á veiðinni efra með ánum sem nú sé sannanleg eftir að veiðin á ósasvæðunum neðra hefur verið færð í löglegt horf.

Að því leyti sem umstefndar opinberar aðgerðir í sambandi við 35. gr. laxveiðilaga teljast „erstatningsfrie reguleringer" eigi engar skaðabætur að greiða. Slíkt eigi að skila sér aftur, stefnendum og öðrum til hagsbóta, er frá líði.

Útreikningur meints veiðitjóns stefnanda og ákvörðun tjónsprósentu verði auðvitað að vera með skaplegum hætti. Það verði t.d. að leiðrétta þann fráleita reikningsmáta sem viðgengist hafi við útreikning veiðitekna að leggja til frádráttar launatekjur heils manns í laxveiðina sumarlangt.

„Veiði" í merkingu 95. gr. laxveiðilaganna þýði veiði, afli, dreginn á land, en hins vegar ekki einhvers konar „bókhaldslegar" rekstrarútkomur sem teygja megi og hagræða eins og fara geri.

Sönnunarbyrðin fyrir umkröfðum bótafjárhæðum hljóti að vera hjá stefnanda, og það því frekar sem hjá honum sé um að ræða greinilegar tómlætisverkanir.

Því er haldið fram að stefnandi hafi í reynd ekkert tjón beðið og jafnvel þótt svo væri, verði ríkissjóður aldrei dæmdur, þar sem tjónið falli undir 3. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna.

Hækkunarkrafa stefnanda sé algerlega órökstudd og brot á 2. mgr. 94. gr., sbr. 95. gr. og 96. gr. laxveiðilaganna, en samkvæmt þeim lagaákvæðum skulu matsmemm fjalla um slíkar kröfur. Ennfremur standist ekki kröfur stefnanda um verðtryggingar fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 71/1966 og lög nr. 13/1979. Slíkar verðtryggingar og vísitölubindingar hafi aldrei verið viðurkenndar af íslenskum dómstólum.

Varakrafa ríkissjóðs um lækkun er studd þeim rökum að dómstóllinn sé bundinn við sem hámark þá fjárhæð, sem meiri hluti yfirmatsmanna hefir ákvarðað, kr. 104.717,37.

Vaxtakröfu stefnanda er einnig andmælt að því er varðar vaxtatíma og vaxtafót.

VII.

Því er haldið fram af hálfu Veiðifélags Borgarfjarðar að mál þetta hefði aldrei komið til ef tjónsbætur hefðu verið metnar svo sem til var ætlast eftir fortakslausum ákvæðum laga nr. 53/1957 með samkomulagi eða á annan hátt. Tjónbótauppgjörinu, sem meðstefndu sömdu um við stefnanda, sé ekki lokið vegna þess að gerðardómendur hafi talið „ákvörðun skaðabóta í eitt skipti fyrir öll leiða til ótækrar niðurstöðu, er yrði í algjöru ósamræmi við meginreglur laga". Gerðardómendur hafi og talið „eigi aðra leið færa en að kveða á árlegt gjald sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs". Á þetta hafi meðstefndu fallist. Síðar hafi matsmenn lýst þeirri skoðun sinni að sá hluti tjónbóta til handa stefnanda, sem samið hafði verið um greiðslu við hann á og er enn ógreiddur, verði vegna breyttra laga felldur á Veiðifélag Borgarfjarðar. Verði ekki betur séð en nú vilji yfirmatsmenn líta svo á að setning laga nr. 53/1957 og samningar stefnanda og meðstefndu á þeim tíma hafi allt verið „ómark".

Helstu málsástæður af hálfu Veiðifélags Borgarfjarðar eru þessar:

1. Sú takmörkun veiðiaðferða, sem 35. gr. laga nr. 53/1957, nú 35. gr. laga 76/1970 feli í sér, sé takmörkun á eignarrétti sem gera megi án bóta. Löggjafinn hafi sett þrátt fyrir það sérákvæði um tjónbótauppgjör í 35. gr. laga nr. 53/1957 og fellt greiðsluskyldu á meðstefndu, ríkissjóð og sýslusjóð, en alls ekki hafi verið reiknað með bótagreiðslum frá eigendum veiðiréttar.

2. Bann 35. gr. laga 53/1957 hafi verið fortakslaust og óháð tjónbótauppgjörinu. Þegar við tilkomu bannsins hafi tjónþolar öðlast bótarétt á hendur meðstefndu. Sú krafa hafi verið einkaréttarlegs eðlis og hafi stefnandi og meðstefndu getað samið um meðferð hennar á hvern þann hátt sem þeir náðu samkomulagi um.

3. Samningar stefnanda og meðstefndu séu ekki ítarlegir og reyndar nú orðnir umdeildir, en eftir standi þó óumdeilanlega að greiðsluskyldan hafi að lögum alfarið verið á ríkissjóði og sýslusjóði. Af því leiði einfaldlega það að ef Veiðifélag Borgarfjarðar yrði dæmt greiðsluskylt í máli þessu væri verið að létta greiðslubyrði af ríkissjóði og sýslusjóði (fyrir tjón stefnanda árin 1970 til 1976) en til þess standi hvorki lög, réttarvenja né neitt annað sem hald sé í.

4. Sú túlkun á 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 sem fram komi í ákvæði meirihluta yfirmatsnefndar og hjá meðstefndu, að Veiðifélag Borgarfjarðar eigi að greiða tjón stefnanda fyrir misstan veiðirétt, fái ekki staðist og sé alfarið mótmælt, enda sé túlkun þeirrar greinar skýrast fram sett í greinargerð fyrir lögunum sem sé sú að undir hana falli aðeins tjónbætur vegna friðunaraðgerða eða þess háttar aðgerða sem ákveðnar eru af veiðifélögunum sjálfum. Auk þess sé ljóst að ákvæði greinar þessarar geti á engan hátt verkað aftur fyrir sig til ársins 1957 og breytt því sem þá var gert í málum þessum.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar sé ekki réttur aðili að sakarefni þessu þar eð stefnandi eigi eingöngu lögvarða kröfu á meðstefndu.

6. Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu hafi margítrekað viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart stefnanda í máli þessu með þátttöku í gerðardómsmeðferð, sáttameðferð og peningagreiðslum til uppgjörs tjónbóta.

7. Friðunaraðgerðir þær, sem ákveðnar voru með lögum nr. 53/1957, 35. gr., nú 35. gr. laga nr. 76/1970, séu til hagsbóta fyrir alla þjóðina, en ekki aðeins meðlimi aðildarfélaga Veiðifélags Borgarfjarðar. Af því leiði það að bætur eigi að greiðast af almannafé svo sem gert sé í slíkum tilvikum. Enda þótt Veiðifélag Borgarfjarðar haldi því fram að sýslusjóður eigi að greiða stefnanda þær bætur, sem hér um ræðir, sé Veiðifélag Borgarfjarðar því ekki sammála að hér sé um réttmæta kröfu að ræða, enda njóti allir landsmenn hags af friðunaraðgerðum sem þessum, en ekki aðeins sýslubúar Mýrasýslu. Telja verði reyndar vafasamt að löggjafinn geti fellt bótaskyldu í því tilviki, sem hér um ræðir á aðra en ríkissjóð.

8. Bótakrefjendur hafi ekki fyrr en nú krafið Veiðifélag Borgarfjarðar um greiðslu tjónbóta enda þótt nú séu u.þ.b. 25 ár liðin, frá því að stefnendur og fleiri, sem í hans aðstöðu eru, misstu veiðirétt sinn. Sama sé að segja um ríkissjóð, sem hafi t.d. greitt einni jörð bætur, jafnvel eftir árið 1970. Af þessum ástæðum sé því einnig haldið fram að aðgerðarleysisverkanir af hálfu stefnanda og meðstefndu eigi að valda sýknu Veiðifélags Borgarfjarðar. Sömuleiðis væri krafa um tjónbætur að sjálfsögðu löngu fyrnd.

9. Komi til þess að Veiðifélag Borgarfjarðar teljist bera ábyrgð á greiðslu stefnukröfu í máli þessu, sé stefnukröfunni mótmælt sem of hárri auk þess

sem draga ætti frá henni þær tjónbætur sem hann hefur nú móttekið, enda þótt þær séu að stofni til tilteknar vegna annarra ára. Sömuleiðis sé áskilinn réttur til athugasemda við bótagrundvöllinn. Vaxtakröfu er einnig mótmælt.

10. Dómkvaðningar þær, sem matsgerðir byggjast á sem og matsgerðirnar sjálfar, séu að mestu ef ekki öllu leyti byggðar á sérákvæðum laga nr. 76/1970, XV. kafla um matsgerðir og skaðabætur. Þannig sé t.d. ekki lagt fyrir matsmenn að meta tjón stefnanda á grundvelli þess lagaákvæðis sem skerti rétt hans til veiði og sagði fyrir um matsaðferð. Af þessum ástæðum séu matsgerðirnar, sem allar byggjast á öðrum grundvallarforsendum, ógildar, markleysa, að því leyti sem þær kynnu að teljast snerta Veiðifélag Borgarfjarðar. Matsgerðunum sé þar af leiðandi öllum mótmælt á þessum grundvelli.

11. Matsgerðir matsmanna í máli þessu hafi ekki réttaráhrif umfram það að vera matsgerðir og séu þannig ekki sjálfstæðir úrskurðir sem einungis yrði hnekkt með málskoti til Hæstaréttar. Matsgerðirnar séu og allar ófullkomnar og byggðar á röngum grundvallarforsendum á mörgum sviðum.

12. Leggja beri áherslu á, að samkvæmt Grágás og síðari ákvæðum laga um laxveiðar hafi ætíð verið um tiltölulega víðtækar takmarkanir á eignarrétti manna, sem hafi ekki haft í för með sér neina bótaskyldu að ræða.

VIII.

Álit réttarins.

Telja verður að matsnefndir samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970 séu hvorki dómstóll né gerðardómur heldur yfirvald í skilningi 60. gr. stjórnarskrár, og eiga þá dómstólar, samkvæmt venjuhelguðum skilningi á nefndu ákvæði stjórnarskrár, úrlausnarvald um lagaatriði varðandi úrlausnir nefndanna, enda er ekkert ákvæði að finna í lögum nr. 76/1970 sem takmarkar vald dómstóla í þessu efni.

Með 15. gr. laga nr. 38/1970 var sú ein breyting gerð á 35. gr. laga nr. 53/1957 að fellt var niður bótaákvæði 3. mgr. Í athugasemdum við frumvarpið (þingskjal nr. 542/1968-1969, A-deild Alþingistíðinda bls. 1610, um 16. gr. frumvarpsins) segir að í stað þess komi ákvæði um þetta efni í 56. gr. frumvarpsins (nú 95. gr. laga nr. 76/1970). Síðan segir m.a. í athugasemdunum (bls. 1616) að rætt hafi verið um það í nefndinni sem lagði grundvöll að frumvarpinu hvort setja bæri meiri lagahömlur á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum, en að það hafi ekki þótt tiltækt nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Síðan segir orðrétt:

> Hins vegar er veiðifélögum með 61. gr. frv. veittur réttur til að takmarka í friðunarskyni með ⅔ hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið.

Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra er af því bíða tjón.

Þegar þessi ummæli eru virt og borin saman eldri og yngri ákvæði laxveiðilaga og tengsl 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 við önnur ákvæði laganna þykir verða að fallast á það með minnihluta yfirmatsnefndarinnar að þessi ummæli í athugasemdunum feli í sér alveg eindregna ráðagerð um að 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi aðeins við um tjón af völdum veiðiskerðinga sem veiðifélög ákveða og ganga lengra en lögákveðnar takmarkanir á veiði samkvæmt fyrirmælum laganna. Þessa skoðun þykir mega styðja við samanburð 59. gr. laga nr. 53/1957 og 61. gr. laga nr. 76/1970, en meginsjónarmið um bótaskyldu veiðieigenda og félaga þeirra má m.a. lesa út úr eftirtöldum ákvæðum þegar þau eru virt í heild og borin saman við nýnefnd ákvæði: 18. gr. laga nr. 112/1941, 16. og 20. gr. laga nr. 53/1957 og 16. gr. og 20. gr. laga nr. 76/1970.

Samkvæmt ofangreindum rökum þykir ekki verða fallist á þann skilning meirihluta yfirmatsnefndarinnar að stefnandi eigi bótarétt samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Þegar upplýsingar, sem fyrir liggja í málinu um veiði stefnanda fyrir og eftir gildistöku laga nr. 53/1957, eru virtar þykir á hinn bóginn verða að fallast á það álit meirihluta yfirmatsnefndarinnar að stefnandi verði ekki talinn hafa misst veiði að mestu eða öllu, og verður bótaréttur hans því ekki byggður á 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1980.

Þrátt fyrir ofangreind ummæli í athugasemdum um 15. gr. laga nr. 38/1970 (16. gr. frumvarpsins) verður sú ályktun ekki dregin af niðurfellingu hins sérstaka bótaákvæðis 35. gr. laga nr. 53/1957 að bætur til handa þeim sem ákvæðisins nutu skuli falla niður að því leyti sem þær voru ógreiddar við gildistöku laga nr. 38/1970 ef ekki var fyrir hendi bótaskylda samkvæmt 55. gr. þeirra laga, nú 95. gr. laga nr. 76/1970. Þegar höfð eru í huga fyrirmæli 35 gr. laga nr. 53/1957 um ákvörðun bóta innan tveggja ára og greiðslu þeirra á 25 árum þykir eðlilegast að líta svo á að við brottfall bótareglu 35. gr. hafi verið út frá því gengið að bótareglan væri búin að gegna hlutverki sínu, mötum væri löngu lokið á bótum vegna rýrnunar á veiðiaðstöðu sem leiddi af auknum veiðitakmörkunum samkvæmt 1. ml. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 og að greiðslum þannig ákveðinna matsfjárhæða yrði haldið áfram til loka 25 ára tímabilsins eins og ekkert hefði í skorist. Hefði tilgangur laganna verið annar hefði þess verið að vænta að lögleidd hefðu verið sérstök ákvæði um tengsl eldri laga og yngri að þessu leyti. Þeim mun síður þykir mega gera ráð fyrir að lagabreytingunni hafi verið ætlað að raska þeirri skipan sem komin var á bótagreiðslur þegar aðilar höfðu samið sérstaklega með sér eins og gert hafði verið í því tilviki sem hér um ræðir.

Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga rétt á bótum fyrir það árabil sem um er fjallað í máli þessu, á sama grundvelli og verið hafði fyrir gildistöku laga nr. 38/1970.

Með gerðardóminum var kveðið á um árlegt gjald sem aðilum væri rétt að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 vegna breytinga á aðstæðum er meginmáli skiptu. Ekki kemur fram í gerðardóminum hvort aðilum var aðeins rétt að leita til yfirmatsmanna eða hvort ætlast var til að þeir gætu borið gjaldið undir undirmatsmenn. Ekki kemur fram að matsmenn skuli starfa að endurskoðuninni sem gerðardómendur.

Gerðardómurinn virðist nokkuð víkja frá ákvæðum laga nr. 53/1957 um hámark bóta og greiðsutilhögun. Virðist þetta gert til að forðast mismunun sem bókstafsskilningur lagaákvæðisins kynni að leiða til og til þess að samþýða það meginreglum laga um jafnræði og einkum grunnrökum 67. gr. stjórnarskrár.

Almennt verður að telja að gerðardómendum sé heimilt að víkja frá ákvæðum settra laga í sama mæli og aðilum væri það heimilt með samningi. Líta verður svo á að heimild til slíkra frávika felist almennt í gerðardómssamningum, sé ekki annars getið.

Bæði stefnandi, sýslunefnd Mýrasýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu, og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, virðast hafa skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðu gerðardómsins.

Álitaefni er hvort ráðherra var heimilt að semja um frávik frá ákvæðum 35. gr. laga nr. 53/1957. Þegar gætt er ákvæðis 2. gr. stjórnarskrár og venja, sem mótast hafa varðandi frávik frá lagaákvæðum í iðkun stjórnvalda, þykir verða að játa ráðherra heimild til að hagræða framkvæmd nefnds ákvæðis með samkomulagi við þá aðila sem hlut áttu að máli, þannig að tekið væri sem mest tillit til megintilgangs ákvæðisins og það samþýtt svo sem verða mátti almennum grundvallarreglum réttarins. Samkvæmt þessu verður að telja að stefndu landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra hafi orðið bundnir af niðurstöðu gerðardómsins.

Þrátt fyrir fyrirvara, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur gert eftir uppkvaðningu gerðardómsins, þykir hún einnig hafa orðið bundin af gerðardóminum vegna fyrirframskuldbindingar um að hlíta honum, enda verður ekki talið að niðurstaða gerðardómsins hafi farið út fyrir gerðardómssamninginn gagnvart þessum aðila.

Þann 28. júlí 1958 beiddist Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður þess f.h. stefnanda og nokkurra annarra eigenda jarða í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu að yfirmatsmenn samkvæmt 107. gr. laga nr. 53/1957 mætu þeim bætur sem gerðardómendur. Hinn 30. júlí 1958 samþykkti Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður þessa málsmeðferð „f.h. ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýra- og Borgarfjarðarsýslu". Með yfirlýsingu dagsettri í nóv-

ember 1958 samþykktu eigendur sömu jarða að yfirmatsmenn kvæðu upp fullnaðarúrskurð sem gerðardómendur, og er mál þeirra þar skilgreint svo: „Sigþór Þórarinsson o.fl. gegn ríkissjóði og sýslunefndum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.“ Í greinargerð sóknaraðila dagsettri 16. júlí 1959 er málið nefnt svo: „Gerðardómsmálið: Sigþór Þórarinsson o.fl. gegn Ríkissjóði og Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.“ Í greinargerð varnaraðila 19. ágúst 1959 er málið nefnt: „Gerðardómsmálið: Sigþór Þórarinsson o.fl. gegn ríkissjóði og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.“ Gerðardómurinn tekur aðeins til eigenda jarða í Borgarhreppi í Mýrasýslu, og er málið þar skilgreint sem: „Gerðardómsmálið: Sigþór Þórarinsson ... gegn Ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu.“ Gerðardómurinn virðist fela í sér þá afstöðu, að stefnandi eigi ekki að hljóta bætur úr sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og verða kröfur á hendur honum því ekki byggðar á gerðardóminum. Stefnandi virðist hafa sætt sig við niðurstöðu gerðardómsins að þessu leyti. Að því er varðar hugsanlegan bótarétt stefnanda byggðan á öðrum grundvelli þykir bera að líta til þess að hann hreyfði engum kröfum á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu fyrr en með stefnu þingfestri 29. apríl 1983. Þykir hann þannig hafa sýnt svo mikið tómlæti um kröfugerð að hann teljist nú hafa fyrirgert bótarétti á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, hafi hann einhver verið.

Með bréfi til formanns yfirmatsnefndarinnar dagsettu 18. júlí 1972 krafðist umboðsmaður stefnanda endurskoðunar bóta fyrir árin 1965-1970 með vísan til gerðardómsins. Í bréfi til sama aðila dagsettu 6. janúar 1973 er tekið sérstaklega fram, að stefnandi áskilji sér rétt til kröfugerðar á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu um greiðslu bóta fyrir tjón hans árin eftir 1969 „og telur hann, að 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 breyti engu um greiðsluskyldu og ábyrgð ríkis- og sýslusjóðs ...“. Í kröfubréfi stefnanda til landbúnaðaráðuneytisins, dagsettu 5. júní 1974, um bætur fyrir árabilið 1970-1973 segir, að bótakrafan byggist á sömu rökum og málsástæðum og fyrri bótakröfur sem fram hafi verið settar, „sbr. gerðardómsmál um hana“. Í matsbeiðni sóknaraðila til yfirmatsmanna dagsettri 19. nóvember 1974 er vísað til gerðardómsins, krafist bóta úr ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu og því mótmælt að málið verði tekið fyrir á grundvelli 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. Í „bókun veiðieiganda“, stefnanda þessa máls, sem beint var til yfirmatsnefndar 23. febrúar 1981, segir svo:

„Telur umbj.m. ótvírætt að hann geti eftir sem áður átt bótarétt á hendur ríkissjóði, ekki aðeins ef hann hafi misst veiði sína „að mestu eða öllu“ heldur einnig þótt svo væri í minna mæli ... umbj.m. hefur því ekki fallið frá neinum rétti í máli þessu ... Gildir þetta eins þrátt fyrir úrskurð yfirmatsnefndar frá 5. nóv. 1975, sem umbj.m. hefur ekki samþykkt, og er umbj.m. meðal annars áskilinn réttur til að véfengja þann úrskurð fyrir dómstólum ...“.

Þótt umboðsmaður stefnanda hafi í dómkvaðningarbeiðni 9. maí 1977 sagt bótakröfu mundu verða beint gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar á grundvelli 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, stefnandi greint frá því á aukadómþingi 2. desember 1978 að hann óskaði bótakröfu og matsgerð beint aðallega gegn Veiðifélaginu og sýslusjóði og ríkissjóði til vara, í báðum tilvikum á grundvelli 95. gr. laga nr. 76/1970 og umboðsmaður hans ítrekað þessa afstöðu í greinargerð til undirmatsmanna 29. júní 1979, verður ekki talið að hann hafi með þessu fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi kröfu á öðrum grundvelli vegna reglna um að dómstólar geti ekki byggt dóm á öðrum málsástæðum en þeim sem aðilar beri fyrir sig. Í því sambandi ber þess sérstaklega að gæta að hér er fremur um að ræða mismunandi lagagrundvöll en eiginlega málsástæðu í þrengri merkingu.

Í 109. gr. laga nr. 53/1957 sagði að um fjárhæð bóta færi eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, „sbr. þó 35. gr.". Þessu ákvæði var ekki breytt með lögum nr. 38/1970. Hins vegar hefur tilvísunin í 35. gr. verið felld niður í endurútgáfu laganna án þess að sú breyting hafi hlotið þinglega meðferð. Í 17. gr. núgildandi laga um eignarnám nr. 11/1973 segir að leita megi úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnámsbóta, þ.á m. ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta. Í 1. gr. sömu laga segir að í engu skuli haggað ákvæðum laga nr. 76/1970.

Stefnandi virðist hafa leitað úrlausnar matsmanna í fullu samræmi við gerðardóminn og af upplýsingum sem fram hafa komið í málinu virðist mega treysta því að matsmenn hefðu reiknað bætur eftir sömu grundvallarsjónarmiðum, hvort sem þeir byggðu á reglum gerðardómsins eða ákvæðum gildandi laga um lax- og silungsveiði, en í úrlausn meirihluta yfirmatsnefndar er miðað við að bætur greiðist úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar, og mótast niðurstaðan að nokkru leyti af sérstökum atvikum varðandi skipti Veiðifélagsins og stefnanda. Stefnandi þykir hafa fært fram veigamikil rök fyrir því, að meirihluti yfirmatsnefndar hafi ekki verið á annarri skoðun en minnihlutinn og undirmatsmenn um bótrétt stefnanda að öðru leyti. Eins og málið liggur nú fyrir, sbr. dóm Hæstaréttar 19. apríl 1985, þykir það vera í bestu samræmi við gerðardóminn að ákveða stefnanda bætur í samræmi við álit minnihlutans og undirmatsnefndar að því er varðar fjárhæð, en þó þannig að ¾ hlutar greiðist úr ríkissjóði og ¼ úr sýslusjóði Mýrasýslu, enda nýtur ekki við þeirra gagna sem dómendur töldu þörf vera á í dómi réttarins frá 25. maí 1984. Þá telst ósannað að veiði stefnanda hafi verið ólögmæt.

Eins og málið liggur fyrir þykir stefnandi ekki hafa fært rök að því að hann eigi rétt á því að matsfjárhæðin verði umreiknuð til hækkunar með hliðsjón af verðlagsbreytingum og er þá m.a. haft í huga að vextir, sem stefnandi fær tildæmda, fela að hluta í sér verðbótaþátt.

Ákvæði lax- og silungsveiðilaga virðast ótvírætt fela í sér pro rata ábyrgð gagnvart stefnanda. Verður krafa stefnanda um solidariska ábyrgð því ekki tekin til greina.

Frá því að stefnandi óskaði endurskoðunar bóta fyrir árið 1970 með bréfi dagsettu 18. júlí 1972 hefur stöðugt verið unnið að því af hans hálfu að fá tjón vegna veiðimissis eftir 1969 metið og bætt, bæði fyrir matsmönnum og síðar fyrir dómstólum. Verður því ekki fallist á það með stefndu, ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, að tómlæti um kröfugerð eigi að leiða til missis bótaréttar á hendur þeim.

Í samræmi við niðurstöðu matsmannanna þykir bera að fallast á kröfur sóknaraðila um hæstu lögleyfðu innlánsvexti enda virðist þessi krafa hvorki fara í bága við gerðardóminn né lög. Vextir þessir ákveðast eins og nánar greinir í dómsorði. Niðurstaða dómsins er þá sú samkvæmt ofanrituðu, að stefnanda beri greiðsla kr. 296.782,10 auk vaxta eins og greint er í dómsorði og málskostnaðar eins og greinir hér að neðan úr ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu í þeim hlutföllum sem að ofan greinir. Í samræmi við ofangreindar niðurstöður þykir bera að sýkna stefndu Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjárðarsýslu af öllum kröfum stefnanda.

Við ákvörðun málskostnaðar þykir einkum bera að líta til verðgildis og mikilvægis þeirra hagsmuna sem um er deilt og umfang málsins, og þykir hann þannig hæfilega ákveðinn kr. 200.000,00. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnanda annars vegar og Veiðifélags Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu hins vegar falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóns Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður milli stefnanda og þessara aðila fellur niður.

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu, greiði stefnanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 296.782,10 með 43,5% ársvöxtum frá 1. janúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20. ágúst 1984, með 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til

18. september 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. október 1984, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað. Þar af greiðist ¾ hlutar úr ríkissjóði og ¼ hluti úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 200/1985. **Sýslusjóður Mýrasýslu og**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
dánarbúi Benjamíns Ólafssonar
Guðmundi Bjarnasyni og
Sveini Bjarnasyni
(Hjörtur Torfason hrl.)
og
dánarbú Benjamíns Ólafssonar
Guðmundur Bjarnason og
Sveinn Bjarnason
gegn
sýslusjóði Mýrasýslu
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Veiðifélagi Borgarfjarðar

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinni 27. ágúst 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda dánarbús Benjamíns Ólafssonar, Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar og honum tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst þessi aðaláfrýjandi þess að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar og honum dæmdur málskostnaður.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinnni 24. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir þessar varakröfur:

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 8.013,40.

2. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 12.020,10.

3. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 28.912,15.

4. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 43.368,22.

Í öllum varakröfum er þess krafist að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en 1. febrúar 1981. Þess er ennfremur krafist að vextir fram til þingfestingardags í héraði verði ekki dæmdir hærri en almennir sparisjóðsvextir voru á þeim tíma. Í öllum varakröfum er þess loks krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjendur dánarbú Benjamíns Ólafssonar, Guðmundur Bjarnason og Sveinn Bjarnason hafa gagnáfrýjað með stefnu útgefinni 21. mars 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m. Þeir gera í aðalsök þær kröfur að kröfum aðaláfrýjenda verði hafnað og þeim gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum. Í gagnsök gera þeir svofelldar kröfur:

Að stefndu, ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og/eða Veiðifélagi Borgarfjarðar, verði gert að greiða gagnáfrýjendum skaðabætur að fjárhæð kr. 200.000,00 eða, til vara, aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir lögum samkvæmt á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfunum er beint valkvætt að hinum stefndu og þess krafist, að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að greiða þær sem hér segir:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart gagnáfrýjendum en til vara hvor í sínu lagi.

2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir in solidum hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata eins og um getur í 2. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst

ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en til vara eins og mælt er í 2. lið og til frekari vara eins og mælt er í síðari liðunum hverjum fyrir sig. Gagnvart þeim stefndu, sem þannig yrðu sýknaðir af greiðslu skaðabóta og vaxta, er þess krafist að málskostnaður milli þeirra og gagnáfrýjenda verði felldur niður.

Varakrafa gagnáfrýjenda um fjárhæð skaðabóta er nánar tiltekið þess efnis, að bótafjárhæð verði ekki lægri en kr. 57.824,30, en til þrautavara ekki lægri en kr. 16.026,80.

Um upphafstíma vaxta er það varakrafa gagnáfrýjenda, að vextir verði reiknaðir frá 1. janúar 1980, en til þrautavara frá 1. febrúar 1981. Með kröfunni um hæstu lögleyfðu innlánsvexti er átt við, að tildæmd bótafjárhæð verði greidd með ársvöxtum sem hér segir: 30% frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar 1978, 33% frá þeim degi til 1. júní 1979, 34,5% frá þeim degi til 1. september 1979, 39,5% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október 1983, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% frá þeim degi til 20. ágúst 1984, 24,5% frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. október 1984, 28% frá þeim degi til 21. nóvember 1984, 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. júlí 1985, 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst 1986, 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1986, 15,4% frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 15,7% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,1% frá þeim degi til 11. desember 1986, 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 18,8% frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 19,4% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 19,8%

frá þeim degi til 1. mars 1987, 19,9% frá þeim degi til 11. mars 1987, 20,8% frá þeim degi til 21. mars 1987, 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags, og með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ef fjárhæð skaðabóta verður ákveðin með tilliti til verðlagsbreytinga fram að dómsuppsögutíma í héraði er þess krafist, að hún verði greidd með 3% ársvöxtum fram til 13. júní 1985, en frá þeim degi eins og áður greinir.

Þess er krafist að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og síðan reiknaðir af honum svo breyttum, í fyrsta skipti hinn 1. janúar 1982.

Loks gera gagnáfrýjendur þá sérstöku varakröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjendum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda ríkissjóðs og stefndu sýslusjóðs Mýrasýslu, en málskostnaður í Hæstarétti milli þeirra og stefndu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar verði felldur niður.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en til vara að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst þess að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandinn Benjamín Ólafsson lést 3. apríl 1987 og hefur dánarbú hans tekið við málinu.

I.

Þær skorður, sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjenda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga fellt niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjendum verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi þeirra, þann er leiddi af lögtöku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrirmælum nefnds ákvæðis en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjendur ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. grein stjórnarskrár svo og meginreglum laga að því er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörla rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlíttu bæði aðaláfrýjendur og gagnáfrýjendur meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

II.

Í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 var ekkert ákvæði sem ótvírætt og afdráttarlaust mælti fyrir um að þeir menn sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú er gerð var á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjendur megi krefja aðaláfrýjendur um skaðabætur fyrir veiðimissi árið 1970-1976 á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29. september 1959 svo sem þeir gera í máli þessu.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Skírskotar þessi aðaláfrýjandi sérstaklega til 2., 67. og 76. greinar stjórnarskrár þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957 hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótagreiðslum sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýsluyfirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt margnefndri 35. grein og síðan greiða gagnáfrýjendum bætur samkvæmt úrskurði hans allt til ársins 1969.

Samkvæmt þessu verður sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki talið að stjórnvöld hafi farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkis og sýslusjóðs Mýrasýslu um að skaðabætur samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 yrðu ákveðnar af gerðardómi eða er þau hlíttu síðar í verki úrskurði hans um skaðabætur sem ákvarðaðar voru eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en kveðið var á um í lagaákvæði þessu.

V.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959, sem aðaláfrýjendur eru bundnir af gagnvart gagnáfrýjendum, voru bætur til gagnáfrýjenda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiri hluti yfirmatsmanna hafi í matsgerð sinni 10. apríl 1981 beitt röngum sjónarmiðum við mat sitt. Verður það því lagt til grundvallar að því er til bótafjár

hæðar tekur, enda má á það fallast sem í héraðsdómi segir að ætla megi að matsmenn hefðu reiknað bótafjárhæð eftir sömu grundvallarsjónarmiðum og þeir gerðu, þó að þeir hefðu ákveðið bæturnar úr hendi aðaláfrýjenda.

VI.

Aðalkrafa gagnáfrýjenda, um að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim 200.000,00 krónur, þykir eigi hafa nægan lagagrundvöll. Verður henni því ekki sinnt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjendum 16.026,80 krónur ásamt vöxtum í samræmi við yfirmat svo sem síðar segir. Eftir ákvæðum gerðardómsúrskurðarins 29. september 1959, sem studdist við ákvæði 35. greinar laga nr. 53/1957, ber aðaláfrýjanda ríkissjóði að greiða ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, 12.020,10 krónur, en aðaláfrýjanda sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta, 4.006,70 krónur.

Krafa um vaxtavexti var ekki gerð í héraði. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita hér fyrir dómi.

VII.

Það leiðir af kröfugerð gagnáfrýjenda að þar sem þeim eru dæmdar fébætur úr hendi aðaláfrýjenda verða þeim ekki dæmdar bætur úr hendi stefndu, sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar. Verða þeir því sýknaðir af kröfum þeirra. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir dómstóla þarf hins vegar engan gaum að gefa að því hvort aðaláfrýjendur, annar eða báðir, kunni að eiga framkröfur á hendur stefndu.

Rétt er að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar. Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum 25.000,00 krónur samtals í málskostnað í báðum dómum, en aðaláfrýjandi ríkissjóður 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er varðar Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að því er þessa aðila varðar.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum, dánarbúi Benjamíns Ólafssonar, Guðmundi Bjarnasyni og

Sveini Bjarnasyni, 4.006,70 krónur, og aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs 12.020,10 krónur hvort tveggja með ársvöxtum sem hér segir: 46% frá 1. febrúar 1981 til 1. mars s.á., 42% frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% frá þeim degi til 27. s.m., 25% frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. s.m., 28% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% frá þeim degi til 21. s.m. og 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum samtals 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjendum samtals 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég tel að eigendur Holts og Brennistaða hafi samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 eignast lögvarinn bótarétt fyrir missi veiðiaðstöðu og breyti lög nr. 76/1970 ekki þeim bótarétti. Þegar af þessari ástæðu tel ég að sýkna beri Veiðifélag Borgarfjarðar. Undanfari gerðardómsins frá 29. september 1959 var sá, að eigendur greindra jarða, ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu samþykktu, „að yfirmatsmenn starfi sem gerðardómur". Af gögnum málsins verður ekki séð að sérstakur skriflegur gerðardómssamningur hafi verið gerður milli þessara málsaðilja. Verður því ekki með vissu sagt hvaða skuldbindingar aðiljar tóku á sig í einstökum atriðum. Ljóst er þó að þeir hafa hlítt þeim úrskurðum yfirmatsmanna sem gengu fyrir árin 1958-1969 að báðum meðtöldum.

II.

Í úrskurðinum 29. september 1959 brugðu yfirmatsmenn á það ráð, með gildum rökum sem fram koma í héraðsdómi, að meta árlegt gjald í stað skaðabóta í eitt skipti fyrir öll, er greiðast skyldu á 25 árum. Ég tel að skýra beri úrskurðinn á þann veg, að gjaldið skyldi greiðast í 25 ár, en réttur til þess fylgi ekki jörðunum um aldur og ævi.

III.

Með matsgerð tveggja dómkvaddra manna 31. maí 1980 voru eigendum Holts og Brennistaða metnar bætur fyrir árin 1970-1977 að fjárhæð nýkr. 57.824,34. Aflatjón á þessum árum töldu þeir vera 2.257 kg af laxi, sem þeir mátu á nýkr. 25,62 hvert kíló. Er þar miðað við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga sumarið 1979. Matsgerð þessari var skotið til yfirmatsmanna, sem voru ekki einhuga í málinu. Taldi minni hlutinn að staðfesta bæri bótafjárhæðina. Meiri hlutinn mat bæturnar á nýkr. 16.026,80. Ekki koma fram í matsgerð meiri hlutans athugasemdir við mat hinna dómkvöddu manna á aflatjóninu. Verður því ekki annað séð en allir matsmenn hafi verið sammála um þetta grundvallaratriði matsins. Hins vegar telur meiri hlutinn að ekki beri við útreikning tjónsins að miða við verð á laxi sumarið 1979, heldur annað og lægra verð matsáranna, en reikna þó verðbætur að nokkru. Um

þetta vísar hann til úrskurðar í matsmáli eiganda Bóndhóls, Jóns Guðmundssonar, gegn sömu aðiljum, en þar segir: „Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta, að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr en síðla árs 1978. Ótal dæmi eru þess í lögum, að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags, þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu.“ Ljóst er af framangreindu að matsfjárhæðin er að nokkru ákveðin með hliðsjón af því að bótaskyldan er lögð á Veiðifélag Borgarfjarðar. Verður hún því ekki lögð til grundvallar bótaskyldu annarra. Er þá úr því að skera hvort afla þurfi nýrrar matsgerðar. Áður var að því vikið, að matsmenn greinir ekki á um aflatjónið. Þeir sýnast einnig vera sammála um að miða útreikning á verðmati þess við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en greinir á um hvernig verðbæta beri aflatjón hvers árs. Með því að ágreiningur þeirra er um þetta eina atriði þykir ekki þörf frekari matsgerða. Telst þá rétt til að tjónþolar fái tjón sitt að fullu bætt að dæma þeim 57.824,30 krónur með hliðsjón af mati minni hluta yfirmatsmanna og undirmati.

IV.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 12/1927 og síðar lögum nr. 58/1961 er kveðið á um hvert skuli vera verksvið sýslufélaga. Verkefnum þeirra er það sameiginlegt að vera í þágu almanna hagsmuna í viðkomandi héruðum og hinar lögmæltu tekjuöflunarheimildir þeirra eru í samræmi við það. Með 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 var lögð á sýslusjóðina sú skylda að greiða ¼ hluta bóta til einstakra manna vegna rýrnunar á veiðiaðstöðu við laxveiðar. Við flutning málsins kom fram að í reynd hefði ákvæðið snert nær engar sýslnanna, ef ekki Mýrasýslu eina. Með hliðsjón af hinu lögbundna verksviði sýslufélaga eins og það er markað almennt í sveitarstjórnarlögum, þykja eigi efnisrök til

þess að leggja bótaábyrgðina á sýslufélögin. Er þá sérstaklega til þess litið að engum slíkum hagsmunatengslum er til að dreifa er geri það réttmætt. Teljast þær því eiga að njóta hér verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu máli þykir það engu breyta þótt sýslusjóðunum kunni að vera heimilt að jafna bótunum niður á hreppana samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Svo sem getið var í upphafi hlítti sýslusjóður Mýrasýslu úrskurði yfirmatsmanna fyrir árin 1958-1969. Er þá úr því að slíta hvort hann hafi með því skuldbundið sig til að greiða bæturnar allt 25 ára tímabilið og firrt sig þar með rétti til að fá bótaskyldu sína endurskoðaða. Í því sambandi er sérstaklega á það að líta að ekki liggur fyrir í málinu formlegur gerðardómssamningur er leiði skýrt í ljós þær skuldbindingar er sýslusjóðurinn tók á sig í raun og eins var honum það vorkunnarmál, þótt hann véfengdi ekki þegar í upphafi stjórnskipulegt gildi 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 enda þá með sama lögmann og ríkissjóður. Með vísan til þessa tel ég að hann hafi ekki vangeymt svo réttar síns að það varði hann réttarspjöllum í þessu máli. Ber því að sýkna sýslusjóðina og leggja bótaábyrgðina á ríkissjóð að öllu leyti vegna fyrrgreinds annmarka á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

V.

Samkvæmt framanrituðu og með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að bætur til eigenda Holts og Brennistaða skal greiða úr ríkissjóði að öllu leyti. Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um upphafstíma vaxta, vaxtafót, vaxtavexti og málskostnað að öðru leyti en því, að ég tel að fella eigi niður málskostnað milli eigenda Holts og Brennistaða og sýslusjóðs Mýrasýslu, en leggja hann þess í stað alveg á ríkissjóð.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júní 1985.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f.m., er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu birtri 17. desember 1981 af Benjamín Ólafssyni bónda, Holti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, Guðmundi Bjarnasyni bónda, Brennistöðum, Borgarhreppi, Mýrasýslu og Sveini Bjarnasyni bónda sama stað, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Holt og Brennistaðir heyra til, „til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 120.000,00 ásamt hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum við

innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins".

Með stefnu birtri 24. nóvember 1982 breyttu stefnendur kröfum sínum m.a. til hækkunar og beindu kröfum sínum nú einnig gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu.

Í framhalds- og sakaukastefnunni er tekið fram, að stefnendur þurfi „á grundvelli heimilda í 2. mgr. 70. gr. og 48. gr. laga nr. 85/1936, að auka og skýra stefnukröfur í aukadómþingsmálinu nr. 47/1981 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Benjamín Ólafsson, Guðmundur Bjarnason og Sveinn Bjarnason gegn ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar, og jafnframt að stefna inn í málið nýjum aðila, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, til að svara þar til sakar ásamt þeim aðilum er fyrr var stefnt við hlið sýslusjóðs Mýrasýslu.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skerðingar eða rýrnunar á veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði fyrir landi Holts og Brennistaða, á árunum 1970 til og með 1977. Eru dómkröfur stefnanda nú þær, að þessar skaðabætur verði ákveðnar kr. 200.000,00 eða önnur fjárhæð lægri, ásamt vöxtum sem svarar hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins, og að málsaðilar verði dæmdir til að greiða bæturnar (ásamt vöxtum og kostnaði) sem hér segir, talið eftir þeirri röð er stefnendur telja réttasta:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart stefnanda en til vara hvor í sínu lagi.
2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna tveggja verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.
3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi.
4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar og sýslusjóðirnir in solidum hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata eins og um getur í 1. lið.
5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Holt og Brennistaðir heyra til, en það er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.
6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að

fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum saman.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en að því frágengnu eins og mælt er í 2. lið og þannig koll af kolli. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir því, að í hverjum lið felist tæmandi tilgreining greiðsluskyldu, en fari svo, að greiðsluskylda sé lögð á samkvæmt tilteknum lið og greiðslan takmörkuð við minna en fullt tjón (fulla bótakröfu) stefnenda, er til þess ætlast að afgangur tjónsins verði felldur á aðila samkvæmt þeim liðum, sem taldir eru til vara þar á eftir. Er þetta sérstaklega áréttað í 6. lið, þar sem átt er við, að greiðsluskylda samkvæmt honum geti komið til hvort heldur sjálfstætt, ef greiðslu samkvæmt undanfarandi liðum yrði synjað, eða samfara slíkri greiðslu ef hún yrði takmörkuð.

Að því er bótafjárhæð varðar er þess krafist að hún verði ekki dæmd lægri en kr. 57.824,34, en það er sú fjárhæð sem varð niðurstaða matsmanna við grunnmat á hinu umstefnda tjóni hinn 31. maí 1980, svo og minnihluta yfirmatsmanna við yfirmat á tjóninu hinn 10. apríl 1981, og í reynd varð hún einnig grundvallarniðurstaða meirihlutans.

Í ofangreindri kröfugerð stefnenda felst sú afstaða eða krafa gagnvart umgetnum matsgerðum um tjón þeirra, aðallega að í málinu beri að dæma sjálfstætt um skaðabætur þeim til handa með hliðsjón af matsgerðunum, og verði fjárhæð bótanna ákveðin þennig, en til vara að matsgerðirnar verði staðfestar með þeim hætti að ofangreind bótafjárhæð þeirra verði lögð til grundvallar dómi með hækkun að tiltölu við almennar verðlagsbreytingar frá matstíma (þ.e. grunnmats í maí 1980) til dómsuppsögudags. Um aðild að bótagreiðslu verði í báðum tilvikum dæmt samkvæmt kröfuliðum 1-6 hér að framan. Til frekari vara verði umrædd bótafjárhæð lögð til grundvallar beint án verðlagshækkana, og matsgerðirnar staðfestar þannig, en um aðild fari sem fyrr getur. Er þetta tekið fram til áréttingar því sem lýst er í 5. málsgr. á bls. 3 í stefnu um grundvöll málsins.

Um leið er þess krafist til ýtrustu vara að stefnendum verði dæmdar skaðabætur með þeim höfuðstól og vöxtum, sem um ræðir í atkvæði meirihluta yfirmatsmanna hinn 10. apríl 1981, og frá þargreindum aðila. Hljóti stefnendur allavega að eiga rétt til að fá aðfararhæfan dóm fyrir því, sem teljist vera niðurstaðan af mati á grundvelli laxveiðilaga, og er þetta lægsta og óhallkvæmasta niðurstaðan frá sjónarmiði þeirra.

Röðunin í 1.-6. lið a.o. er í samræmi við staðhæfingar um greiðsluaðild í stefnu málsins og greinargerð stefnanda. Þannig er 1. liður á því byggður að um bótaskyldu fari að öllu leyti eftir lögum nr. 53/1957 og meginsjónarmiðum þeirra og/eða eftir samningi um gerðardóm frá árinu 1959 á grundvelli þeirra laga, og taki skyldan til þeirra sem voru beinir aðilar að gerðar-

dómsmeðferð í öndverðu. Í 2. lið er byggt á hinu sama að því viðbættu að Borgarfjarðarsýsla geti þar einnig verið aðili. Í 3. lið er enn byggt á hinu sama að því breyttu að skipting bótaskyldu fari eftir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og þá þannig að sýsluaðild sé bundin við Mýrasýslu. Í 4. lið er hinsvegar gert ráð fyrir aðild hennar og Borgarfjarðarsýslu saman á þeim grundvelli sem um ræðir í 3. lið. Í 5. lið er svo miðað við að bótaskylda fari eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eða meginsjónarmiðum hennar, en í 6. lið er gert ráð fyrir að ríkissjóður hljóti að vera skyldur að bæta stefnendum þá skerðingu sem á þá er lögð, ef eða að því leyti sem ekki er séð fyrir bótum með öðrum hætti lögum samkvæmt.

Hin tölulega hækkun á dómkröfum stefnenda, sem gerð er með framhalds- og sakaukastefnu þessari, er til komin vegna þess að verðbólga í landinu hefur orðið mun meiri en stefnendur gátu vænst við höfðun málsins. Er þeim brýn nauðsyn á þeirri leiðréttingu sem í þessu felst, þótt óvíst hljóti að vera á hinn bóginn hvort með henni sé nægilega séð fyrir allri verðbólguhækkun meðan málið stendur. Um breytingu á kröfunum að öðru leyti er ekki að ræða.

Hinum nýja aðila, Borgarfjarðarsýslu, er aukið í málið með tilliti til athugasemda sem fram hafa komið af hálfu sumra stefndu með beinum eða óbeinum hætti, en stefnendur töldu sér ekki fært að stefna þessum aðila í öndverðu eins og á stóð. Aðild hans hlýtur að teljast til hagræðis fyrir aðra stefndu fremur en hitt.

Stefnu þessari er beint til landbúnaðarráðherra ásamt fjármálaráðherra að því er ríkissjóð varðar þótt upphafleg stefna í málinu hafi ekki verið birt með þeim hætti, og felst ekki í því nein breyting á sakaraðild.“

Af hálfu ríkissjóðs er nú aðallega krafist sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar og að stefnendur verði dæmdir til að greiða ríkissjóði málskostnað.

Stefndi sýslusjóður Mýrasýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að staðfest verði niðurstaða meirihluta yfirmatsmanna um bætur. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

Hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, vék sæti í málinu með úrskurði uppkveðnum 14. janúar 1982.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dagsettu 11. febrúar 1982 var Guð-

mundur Jónsson borgardómari skipaður setudómari í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Hann vék sæti í málinu með úrskurði 14. september 1982 eftir að hann var settur hæstaréttardómari.

Hinn 9. maí 1983 var Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í málinu. Dæmir hann málið ásamt meðdómendunum Má Péturssyni héraðsdómara og Steingrími Gauti Kristjánssyni borgardómara sbr. 2. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 og 9. gr. laga nr. 28/1981.

III.

Í greinargerðum lögmanna ríkissjóðs, sýslusjóðs Mýrasýslu og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu komu fram kröfur um það að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfur þessar hinn 4. mars 1983.

Hinn 11. mars 1983 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfurnar með svofelldri niðurstöðu:

„Úrskurðarorð:

Hinar framkomnu frávísunarkröfur eru ekki teknar til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu."

IV.

„Tildrög málsins eru þau ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 803-807.]

... til hinna einstöku veiðieigenda."

III. Holt, Lækjarkot og Brennistaðir.

Benjamín V. Ólafsson, Holti, hefur stundað veiði fyrir löndum þessara jarða og telur sig hafa notað fjórar lagnir. Vafi hefur verið talinn vera á því hvort meira en þrjár lagnir hafi komist fyrir á veiðisvæði jarða þessara fyrir gildistöku laga nr. 53/1957.

Nú er eigi hagkvæmt að hafa þar nema tvær lagnir. Bætur árið 1958 og 1959 ákveðast kr. 5500,00 hvort ár til eigenda þessara jarða. Af þeirri fjárhæð fellur í hlut Benjamíns V. Ólafssonar kr. 4600,00 á ári og í hlut Guðmundar og Sveins Bjarnasona kr. 900,00 á ári."

Niðurstaða gerðardómsins varð sú að Benjamín V. Ólafssyni voru tildæmdar í bætur kr. 9.200,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4.600,00 frá 1. október 1958 og af 9.200,00 frá 1. október 1959 til greiðsludags. Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni voru tildæmdar bætur kr. 1800,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 900,00 frá 1. október 1958 og af kr. 900,00 frá 1. október 1959 til greiðsludags. Hér var um að ræða gamlar krónur. Í gerðardóminum segir jafnframt:

„Ennfremur greiði ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu í nefndum hlutföllum aðiljum þeim, er greinir í 1-6 í dómsorði þessu kr. 40.000,00 í málflutningslaun fyrir gerðardóminum og svo þóknun til gerðardómsmanna."

Ríkissjóði var gert að greiða sóknaraðilum ¾ hluta bótanna en sýslusjóður skyldi greiða ¼ hluta þeirra.

Í gerðardóminum er ekkert fjallað um það, hvort til álita hafi komð að dæma sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu til greiðslu á hluta bótanna.

Sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður greiddu ofangreindar bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Hinn 25. maí 1973 kváðu yfirmatsmenn, sem þá störfuðu samkvæmt 3. tl. 94. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, upp úrskurð í málinu. Í úrskurðinum segir m.a. svo:

„GERÐARDÓMSMÁLIÐ
Benjamín Ólafsson, Holti,
Guðmundur Bjarnason og
Sveinn Bjarnason
gegn
ríkissjóði og sýslunefnd Mýrasýslu.

Um aðdraganda og sögu máls þessa er vísað til gerðardóma frá 29. september 1959 og 21. júlí 1965.

Með bréfi, dags. 12. september 1967, og síðan árlega hefur Benjamín Ólafsson, Holti, krafizt þess, að honum og eigendum Brennistaða og Lækjarkots, þeim Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni, verði úrskurðaðar bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu fyrir landi þessara jarða fyrir árin 1965-1971 auk 7% ársvaxta og kostnaðar. Frá því á árinu 1970 hefur Haraldur Henrysson lögfræðingur flutt mál þetta fyrir Benjamín Ólafsson.

Af hálfu ríkissjóðs hefur Sveinbjörn Dagfinnsson hrl. krafizt sýknu af kröfum sækjenda.

Umboðsmaður sýslusjóðs Mýrasýslu, Guðmundur Pétursson hrl., krefst sýknu af kröfum sækjenda.

Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja og aðstæðum á vettvangi, eru bætur fyrir árin 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, ásamt 7% inniföldum ársvöxtum frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1973 ákveðnar samtals kr. 230.000,00.

Ríkissjóður greiði að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta framangreinda fjárhæð auk 7% ársvaxta af henni frá 1. janúar 1973 til greiðsludags. Málflutningslaun til Haraldar Henryssonar lögfræðings ákveðast kr. 18.000,00.

.....

Um ákvörðun tjónbóta til sækjenda fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir árin 1970 og 1971 fer samkvæmt 94. gr. og 3. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Þar

sem undirmat hefir ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðiljar hafa ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna, brestur yfirmatsmenn bærni til að meta tjónbætur þessar að svo stöddu."

Því er haldið fram af stefnendum að ályktun yfirmatsmanna í síðustu málsgrein í úrskurðinum frá 25. maí 1973 hafi yfirmatsmenn gert einhliða og sé ályktunin gagnstæð sjónarmiðum þeirra. Þeir telja sig ekki hafa viðurkennt að hin nýju lög nr. 76/1970 ættu að breyta neinu gagnvart þeim í því efni sem hér um ræðir. Halda stefnendur því fram, að af hálfu eigenda jarðanna hafi þetta ekki síðar verið viðurkennt þannig að bindandi sé gagnvart öðrum málsaðilum, enda þótt þeir hafi kosið að láta á það reyna, hverju orka mætti með mati í venjulegu formi.

Áður en úrskurður gekk í gerðardómsmálinu höfðu veiðifélög í fiskihverfi Hvítár kynnt sjónarmið sín um það álitaefni hvort breyting væri orðin á stöðu ósabænda við Hvítá vegna laga nr. 76/1970, þannig að veiðifélögin væru nú orðin réttir greiðendur bóta til bændanna í stað ríkissjóðs og sýslusjóðs. Gerðu þau þetta með bréfi Jónasar Aðalsteinssonar hrl. hinn 13. febrúar 1973 (dskj. 16), þar sem þessu var eindregið mótmælt, m.a. með vísan til gerðardómssamnings og svo þess að hinar umdeildu veiðitakmarkanir væru ekki að frumkvæði félaganna.

Jafnframt stóð svo á um þessar mundir að gerðardómsmál var í vændum um bótakröfur Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, fyrir veiðitjón áranna 1971-73, og var úrskurður um þær kveðinn upp hinn 18. júní 1974 (dskj. 12). Þar höfðu Sigþór og lögmaður ríkissjóðs báðir talið rétt, að yfirmatsmenn úrskurðuðu málið sem gerðardómendur, en lögmaður sýslusjóðs var því mótfallinn og vísaði í því sambandi til hinna nýju laga nr. 76/1970. Sjálfir töldu þeir rétt að ákveða Sigþóri bætur skv. 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970, en hins vegar leystu þeir ekki úr ofangreindu álitaefni, heldur afgreiddu það með þessum ummælum: „Undirritaðir ákveða bætur til sækjanda máls þessa, Sigþórs Þórarinssonar, með sama hætti, hvort sem þeir teljast gerðardómendur eða yfirmatsmenn samkvæmt 3. tölulið 94. gr. laga nr. 76/1970."

Enn gerðist og það að bóndinn í Bóndhól, Jón Guðmundsson, lagði fram beiðni um bótaákvörðun vegna áranna 1970-1973 hinn 19. nóvember 1974. Var þar tekið fram varðandi formhlið málsins, að það væri lagt fyrir yfirmatsmenn á sama grundvelli og áður (þ.e. til gerðardómsmeðferðar), og teldi Jón tjón sitt sambærilegt við tjón bóndans í Einarsnesi. Af hálfu ríkissjóðs og sýslusjóðs var ekki hreyft athugasemdum við því, að yfirmatsmenn ákvörðuðu tjónið, en hins vegar var mótmælt bótaskyldu aðilanna.

Úrskurður yfirmatsmanna í þessu Bóndhólsmáli var kveðinn upp hinn 5. nóvember 1975 (dskj. 13), og segir þar meðal annars:

„Yfirmatsmenn fara með mál þetta ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 809-810.]

... veiðieigendum í fiskihverfi sínu."

Niðurstaðan varð þannig sú, að engar bætur voru greiddar, þar sem Veiðifélag Borgarfjarðar var ekki aðili að málinu.

Að þessari afgreiðslu stóðu þó aðeins 2 yfirmatsmenn, en hinn þriðji skilaði séráliti (dskj. 14) og taldi að eiganda Bóndhóls bæru bætur skv. 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. úr hendi ríkissjóðs og sýslusjóðs fyrir árin sem um var að tefla. Byggði hann það sumpart á gerðardómsmeðferð þeirri sem um hafði verið samið, en einnig á því að bóndinn hlyti að teljast hafa misst veiði sína að mestu eða öllu í merkingu þessa lagaákvæðis.

Af hálfu stefnanda er á það bent að þessi staða mála, sem upp var komin við þessa úrskurði yfirmatsmanna, hafi hvorki verið ljós né álitleg. Eðlilegt hafi því þótt eins og á stóð að láta reyna á það, áður en leitað væri dómstólaúrræða, hvort eigendur gætu náð rétti sínum með mati samkvæmt laxveiðilögum í venjulegu formi og hafi þá verið haft í huga hið sama og yfirmatsmenn sögðu sjálfir í máli Sigþórs Þórarinssonar að þeir myndu ákveða bætur með sama hætti hvort sem þeir teldust gerðardómendur eða yfirmatsmenn. Hafi því verið óskað dómkvaðningar matsmanna með bréfi til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á árinu 1976 vegna áranna 1970-1975. Hafi þar komið fram, að beðið væri um dómkvadda matsmenn samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 til að meta það tjón sem þeir álitu sig hafa orðið fyrir vegna breytinganna á lax- og silungsveiðilögum frá 1957. Dómkvaðning fór fram 26. október 1976. Dómkvaðningin sætti hins vegar kæru frá Veiðifélagi Borgarfjarðar hinn 4. nóvember 1976, og felldi Hæstiréttur hana úr gildi með dómi sínum hinn 15. febrúar 1977.

Að þeim úrslitum fengnum báðu stefnendur um dómkvaðningu með bréfi 20. febrúar 1978, og var beiðnin svipaðs efnis og hin fyrri, nema fram var tekið að bótakröfum væri beint að ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, en til vara gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar. Dómkvaðning fór fram 2. desember 1978 og náði hún til áranna 1970-1977.

Matsmenn, sem voru tveir, skiluðu matsgerð sem dagsett er 31. maí 1980. Í henni segir m.a. svo:

„Af þeim gögnum sem fyrir liggja má sjá að töpuð veiði hjá Holti og Brennistöðum er nokkuð mikil. Við mat á tapaðri veiði telja matsmenn rétt að miða við meðaltal síðustu 10 ára fyrir breytingu lax- og silungsveiðilaganna árið 1957, þ.e. árin 1948-1957. Eins og áður greinir hafa jarðirnar sameiginlega veiði í Hvítá, og er hlutur þeirra í heildarveiði vatnahverfisins árin 1948-1957 1,86%. Töpuð veiði áranna 1970-1977 er 608 laxar, og þungi þeirra 1.649 kg. Tafla sem fylgir sýnir þetta. Meðalþungi veiddra laxa á

þessum jörðum hefur lækkað mjög mikið á þessu tímabili, eða um rúmlega eitt kílógramm. Ástæðan er sú að þær tvær lagnir, sem þessar jarðir misstu vegna ákvæða laxveiðilaganna frá 1957, gáfu miklum mun vænni fisk en þær sem frá landi lágu og eru nýttar enn. Svo háttar til, þar sem þessar lagnir eru, að þær liggja skammt neðan ósa Gufuár, og veiðist því í þær fiskur sem í þá á gengur, en hann er smærri en Hvítárlaxinn sem fékkst lengra frá landi. Verðmætatap Holts og Brennistaða verði því meira en tala veiddra laxa gefur til kynna. Rétt þykir því að bæta við tapaðan laxaþunga einu kílógrammi, eða samtals 608 kg, og ákveða tap þessara jarða 2257 kg. Þó er ekki fyllilega víst að þyngdarmunurinn sé þar með bættur að fullu, því að verð hvers kílógramms í laxi er hærra eftir því sem hann er stærri.

Töpuð veiði þessara jarða er 29,48% þegar miðað er við laxafjöldann einan. En þegar tekið er tillit til þess, að síðan árið 1970 er hver lax 1,04 kg léttari en var fyrir árið 1957, verður tjónið 40,79%.

Veiði í Holti og Brennistöðum hefur verið vel arðbær meðan fjórar lagnir voru nýttar. En síðan tvær þeirra voru lagðar niður vegna ákvæða laganna frá 1957, verður eigi séð að veiðarnar á árunum 1970-1977 standi að fullu undir tilkostnaði, nema ef vera skyldi þrjú ár af átta ára tímabili. Veiðitap þessara jarða er því mjög tilfinnanlegt, þar sem þær gefa lítið sem ekkert umfram tilkostnað.

Til grundvallar útreikningi á tjóni matsbeiðenda telja matsmenn rétt að miða við verð á laxi um sl. áramót, þ.e. eins og það var sl. ár hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Samkvæmt riti Kaupfélags Borgfirðinga, útgefnu í desember 1979, var meðalverð á laxi, seldum bæði innanlands og utan, kr. 2.562, og er það 15,96 sinnum hærra verð en árið 1970, og er það lægra hlutfall en verðhækkun á öðrum landbúnaðarvörum, t.d. kindakjöti og mjólk, sem hefur hækkað 16,5 falt á sama tíma, samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Samkvæmt því sem að framan greinir reiknast tjón matsbeiðenda fyrir árin 1970-1977, að báðum meðtöldum, kr. 5.782.434 (2.257 kg á kr. 2.562).

.....

Þar sem getið er um missta veiði að mestu eða öllu mun átt við þá veiði sem er umfram tilkostnað, og er það álit veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Munu þeir þar gerst um vita, þar sem veiðimálastjóri og þrír aðrir nefndarmenn voru í nefnd þeirri sem stóð að samningu laganna 1970.

Vegna fólksfæðar á sveitaheimilum eru bændur nú flestir orðnir einyrkjar og hafa þeir eigi tíma til að stunda netaveiðar sjálfir. Það er því orðið mjög algengt að veiðieigendur ráði menn til þess að veiða fyrir sig, og er það venja að helmingur þess sem veiðist komi í hlut veiðimanna en helmingur í hlut eiganda veiðiréttar. Fari veiði á jörð niðurfyrir 360 laxa

nægir ekki helmingur aflans til greiðslu kostnaðar, þar sem lágmark hans er verðmæti 180 fiskar ef lagnir eru eigi náttúru-gerðar. En svo er ekki í þessu tilviki.

Við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði frá 1970 féllu niður 2 lagnir í Hvítá, frá Holti og Brennistöðum, og varð það til þess að skírar tekjur af veiði, sem samkvæmt framansögðu eru lagðar til grundvallar tjónbótum, hafa rýrnað á tímabilinu 1970-1977 um 99.3%

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan sú, að tjónþolar eiga skaðabótarétt á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt ákvæðum 1. tl. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, og ber þeim aðilum in solidum að bæta þeim hið metna tjón. Rétt þykir að ákvarða tjónþolum vexti af matsupphæðinni er verði jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, og reiknist vextir frá 1. janúar 1980 til greiðsludags.

Eignarhlutfall í Hvítárveiðinni er þannig að Holt á 7/8 hluta og Brennistaðir 1/8 hluta.

Þá þykir rétt að ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu greiði allan kostnað af matinu að jöfnu."

Í niðurstöðu matsmanna í lok matsgerðarinnar stendur hins vegar:

„Kostnað allan af matinu greiði ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu in solidum."

Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skutu matsgerðinni til yfirmats hinn 31. maí 1980. Yfirmatsmenn luku mati sínu 10. apríl 1981. Meirihluti yfirmatsmanna tók m.a. fram í yfirmatsgerðinni:

„Um aðdraganda og sögu þessa máls er vísað til matsúrskurðar í matsmálinu Jón Guðmundsson bóndi gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda, en til vara gegn ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu sem kveðinn var upp í dag, 10. apríl 1981 og fylgir hér með.

Samkvæmt töflu, sem lögð hefir verið fram af hálfu sóknaraðilja, er töpuð veiði þeirra árin 1970-1977 29,48% samkvæmt laxafjölda og 40,79% samkvæmt þunga.

Þeir hafa þannig ekki misst veiði sína að mestu eða öllu, þ.e. að mestöllu, fyrir aðgerðir laganna og eiga þeir því ekki kröfu á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Rétt þykir að meta bætur handa Benjamín Ólafssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni samkvæmt 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda þannig:

Fyrir árið 1970	gkr.	74.772
Fyrir árið 1971		162.242
Fyrir árið 1972		281.947
Fyrir árið 1973		151.427

Fyrir árið 1974		182.379
Fyrir árið 1975		184.394
Fyrir árið 1976		88.128
Fyrir árið 1977		477.391
	Samtals gkr.	1.602.680
	þ.e. nýkr.	16.026.80

Ber Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda að greiða nefndum sóknarðailjum nýkr. 16.026,80, ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 1. febrúar 1981 og svo matskostnað sem ákveðst nýkr. 2.000,00.

Af nefndum fjárhæðum fellur í hlut Benjamíns Ólafssonar 7/8 hlutar og í hlut Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar 1/8 hlutur.

Ríkissjóður greiði þóknun og kostnað yfirmatsmanna."

Í matsmáli Jóns Guðmundssonar á Bóndhóli tók meirihluti yfirmatsmanna m.a. fram:

„Samkvæmt því sem rakið hefur verið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 810-811.]

... kröfur hjá réttum skuldunaut."

Einn yfirmatsmanna skilaði séráliti, sem einnig er dagsett 10. apríl 1981. Í sérálitinu segir m.a.:

„Fallast ber á þann skilning undirmatsmanna og veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að við skýringu á 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 skipti meginmáli hver áhrif lögákveðin veiðitakmörkun hafi á hreinan arð af veiði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því sem áður hefur verið rakið um skýringu sama lagaákvæðis ber einnig að fallast á það með undirmatsmönnum að í máli þessu sé um svo verulegan veiðimissi að ræða að veiðieiganda beri bætur úr sýslusjóði og ríkissjóði eftir ákvæði þessu. Er rétt að hafa hér í huga að jarðeigendur höfðu öðlast löglega ákveðinn bótarétt á hendur umræddum aðilum í tilefni af veiðitakmörkunum samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu ber að meta eiganda Holts og eigendum Brennistaða bætur fyrir tjón það, sem í málinu greinir, og greiðist bætur þessar að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Ekki kemur hér til úrlausnar, hvort sýslusjóður Mýrasýslu eigi endurkröfu á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu né heldur stjórnskipulegt gildi ákvæða lax- og silungsveiðilega um greiðsluskyldu sýslusjóða vegna veiðitjóns.

Óhnekkt er skýrslum þeim sem lagðar voru til grundvallar undirmati um veiði í Hvítá fyrir landi Holts og Brennistaða og verður að telja veiðirýrnunina í meginatriðum hæfilega ákveðna í undirmati, enda hafa ekki verið færð viðhlítandi rök að því, að veiði hafi að neinu leyti verið ólögleg fyrir

gildistöku laga nr. 38/1970. Meginsjónarmið við ákvörðun bóta, ekki síst bóta af því tagi sem hér um ræðir, hlýtur að vera það, að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Ber því að færa bætur fyrir aflatjón hvers árs, sem matið tekur til, í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta við ákvörðun bóta, ber að staðfesta niðurstöðu undirmats um bótafjárhæð, enda hefur ekki komið fram af hálfu tjónþola nein krafa um breytingu á því mati.

Eftir atvikum þykir rétt, að ríkissjóður greiði kostnað bæði af undirmati og yfirmati."

Veiðifélag Borgarfjarðar neitaði að gangast við bótaskyldu svo og ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Höfðuðu stefnendur þá mál þetta með stefndu birtri 17. desember 1981.

V.

Lögmaður stefnenda hefur í greinargerð m.a. tekið fram:

„Í fyrsta lagi virðist mér ekki nauðsynlegt formsins vegna að gera kröfur í málinu um ógildingu eða staðfestingu þeirra matsgerða sem fyrir liggja á dskj. 4-7. Hér er einungis verið að leita úrlausnar dómstóls um þau álitaefni eða þann ágreining sem matsgerðirnar fjalla um, og hlýtur dómstóllinn að taka á því sem sjálfstæðu verkefni. Tel ég dómstólnum heimilt að fjalla um það sjálfstætt í öllum greinum en ekki einungis um lagaatriði, um starfssvið matsmanna og þvílíka ágreiningsþætti. ...

Í öðru lagi ... liggur ljóst fyrir, að matsgerðirnar eru í rauninni allar samdóma um helzta matsatriðið, nl. um umfangið á veiðitjóni stefnenda og mat þess til verðs. Var þetta hvort tveggja rétt metið af undirmatsmönnum, og er krafa stefnenda í máli þessu nánast ekki önnur en sú að fjárhæð þeirra verði staðfest þeim til handa með þeim breytingum, sem leiðir af verðlagsbreytingum frá matstíma til dómsuppsögu. Þarf þannig einungis að leiðrétta þann annmarka sem á varð við yfirmat vegna þeirrar lækkunar sem meirihlutinn vildi framkvæma og áður er vitnað til. Sú lækkun var sumpart byggð á misskilningi, og í annan stað verður að telja hana ranga og óheimila. Er þá bæði átt við að lækkunin hafi verið andstæð réttum lögum, og svo hitt að matsmenn hafi í raun réttri ekki haft vald eða umboð til að framkvæma hana, jafnvel þótt fótur væri fyrir henni.

...

Í þriðja lagi verður að undirstrika að stefnendur hafa lagt út í mál þetta og hin undanfarandi matsmál af þeirri einföldu meginástæðu að veiðiaðstaða þeirra hefur rýrnað fyrir tilverknað laxveiðilaga. Þeir hafa m.ö.o. nákvæmlega orðið fyrir því sem þingmenn höfðu í huga við breytingu bakkaákvæðisins í 35. gr. árið 1957: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis." Enda þótt svo vilji til að bótaákvæðið með þessum inngangs-

orðum hafi verið fellt brott úr texta laganna árið 1970 og út af því breytt í framkvæmdaratriðum við meðferð gerðardómsmálsins 1959 stendur þessi tilvitnaði kjarni þess eða undirstaða enn óhaggaður sem hluti af lögunum í reynd, ef ekki að formi. Með honum var skýlaust viðurkennt að veiðirýrnun vegna hins mismununarkennda ákvæðis væri rétt og skylt að bæta enda sker það sig úr öðrum takmörkunarákvæðum laganna eins og fyrr var að vikið. Er allskostar óhugsandi að unnt sé með síðari lagabreytingum eða öðrum aðgerðum að þrengja þessa undirstöðu eða breyta henni veiðiréttareigendum í óhag eftir að réttarskerðingin er á orðin, hvort sem það er gert með því að tengja hana ákvæðum um veiðimissi „að mestu eða öllu" eða á annan hátt.

Þannig er útilokað að unnt sé að svipta stefnendur bótarétti vegna veiðirýrnunarinnar, heldur verður að telja hann viðurkenndan og áunninn í samræmi við fyrirheit laganna. Getur í mesta lagi orðið að álitaefni hver aðild eigi að bótaskyldunni, enda hefur það fyrst og fremst verið deiluatriðið á undanförnum árum eftir að lög nr. 76/1970 komu til skjalanna."

Helstu málsástæður og lagasjónarmið af hálfu stefnanda eru:

1. Stefnendur telja ljóst, að bótaréttur þeirra vegna ákvæða 3. mgr. 35. gr. laxveiðilaga nr. 53/1957 og síðan laga nr. 76/1970 sé lögvarinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar, þegar af þeirri ástæðu, að ekki sé um venjulega eignarréttartakmörkun að ræða, og væri einnig fyrir hendi án bótaákvæða í lögum. — Þá sé og ljóst að réttur stefnenda samkvæmt því sem sagt hefur verið og gert samkvæmt lögum til að staðfesta og viðurkenna bótarétt þeirra njóti stuðnings þessa ákvæðis. Meðal þess megi að sjálfsögðu telja gerðardóminn frá 29. sept. 1959.

2. Af framansögðu leiði að stefnendur kynnu að eiga beinan kröfurétt á hendur ríkissjóði vegna tjóns síns, ef öðrum aðilum yrði ekki til að dreifa. En jafnframt styðji stjórnarskrárákvæðið mjög eindregið kröfugerð stefnenda á hendur þeim sem á er bent í þessu máli, og geri raunar útilokað að stefnendur yrðu án bótaréttar.

3. Eðlilegt sé að líta svo á að bótaréttur stefnenda hafi komist í varanlegt horf með gerðardómnum frá 29. september 1959 og samningum aðila í sambandi við hann, þannig að þeirri réttarstöðu, sem þannig komst á verði ekki síðar raskað með eftirfarandi löggjöf eða lagaframkvæmd.

4. Það er krafa stefnenda að þetta sjónarmið verði viðurkennt, og myndi það leiða til bótaskyldu af hálfu ríkissjóðs að ¾ og sýslusjóðs Mýrasýslu að ¼ og jafnframt in solidum að áliti stefnenda.

5. Í matsgerðum sé nánar rakið hvernig ákvæði laga nr. 76/1970 standast á við ákvæði laga nr. 53/1957. Frá sjónarmiði stefnenda eigi þetta ekki að skipta meginmáli þar sem réttur þeirra grundvallist í raun á eldri lögunum. Stefnendur mótmæla því þó sérstaklega að bótaréttur þeirra gagnvart ríkis-

sjóði og sýslusjóði hafi þrengst eins og gefið er til kynna hjá meirihluta yfirmatsmanna. Væri það vissulega ekki í samræmi við hinn yfirlýsta vilja Alþingis frá 1957, og liggi ekkert fyrir um, að hann hafi breyst stefnendum í óhag.

6. Stefnendur mótmæla því m.a. að réttur þeirra til bóta sé háður orðunum „að mestu eða öllu" í 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, heldur sé hann fyrirvaralaus eins og áður var gert ráð fyrir í 3. mgr. 35. gr. Sé eðlilegt að líta svo á að við niðurfellingu síðarnefnda ákvæðisins hafi áunninn réttur stefnenda samkvæmt því færst undir hið fyrrnefnda án þess fyrirvara sem í orðunum felst. Af því mundi leiða bótaskyldu hjá ríkissjóði að hálfu og sýslusjóði að hálfu in solidum að áliti stefnenda.

7. Jafnframt er því harðlega mótmælt, að merking orðanna „að mestu eða öllu" geti verið jafnþröng og fram kemur hjá meirihluta yfirmatsmanna. Í fyrsta lagi verði að telja að orðin „með öllu" í upphaflegu formi hafi ekki haft bókstaflega merkingu í lögunum, heldur hafi þau táknað „að mestöllu" eða „að öllu verulegu", eins og gjarna sé til orða tekið, m.a. af þeirri ástæðu, að nær útilokað sé í framkvæmd að nokkur missi bókstaflega alla veiði sína. Þegar orðunum „að mestu" hafi verið bætt inn árið 1970 hafi ekki falist í því endurtekning þess sem var, heldur yfirlýst rýmkun ákvæðisins. Komi því ekki til álita að orðin tákni „að mestöllu", heldur sé merkingin mun rýmri.

8. Jafnframt telja stefnendur ljóst að líta beri til kostnaðar og veiðitekna við túlkun ákvæðisins, en ekki til veiðimagns eingöngu. Það sé atvinnuleg hagnýting veiðiréttindanna sem máli skipti og höfð sé í huga, en ekki veiði til heimilisnota, nema þá öðrum þræði.

9. Að því er varðar aðstöðu Veiðifélags Borgarfjarðar sé á það að líta að í 3. mgr. 95. gr. sjálfri sé ekki gefið til kynna að bótaskylda veiðiréttareigenda vegna veiðitakmarkana sé háð því að þeir hafi sjálfir átt aðild að þessum takmörkunum, heldur virðist allteins vera átt við lögákveðnar takmarkanir samkvæmt laxveiðilögunum sjálfum. Það sé einungis í frumvarpsgreinargerð sem hið fyrrnefnda sé gefið í skyn, eins og rakið er í matsgerðum og víðar, og verði að ætla dómstólnum að leysa úr því hvort slíkt sé nægilegt eins og á stendur.

10. Bótaskylda af hálfu Veiðifélagsins kæmi því vissulega til álita þar sem stefnendur hafi öðrum fremur orðið fyrir mismunun í veiðiaðstöðu eins og 3. mgr. geri ráð fyrir. Á hinn bóginn verði að telja, að 1. mgr. sé aðalákvæði 95. gr., en ekki 3. mgr. A.m.k. sé hún það í þeim skilningi að hún hafi forgang og tæmi málsefnið, þannig að bótaskylda Veiðifélagsins komi ekki til greina ef mál stefnenda geti fallið undir 1. mgr.

11. Auk þessa sé rétt að benda á að unnt virðist að hugsa sér að túlka 3. mgr. 95. gr. á tvo vegu í senn þegar saman eru tekin orðalag greinarinnar

og túlkun frumvarpsgreinargerðarinnar, þannig að veiðiréttareigendur séu aðeins bótaskyldir vegna eigin aðgerða, en vegna takmarkana samkvæmt lögunum sjálfum sé einnig bótaskylda í samræmi við hinn skýra og fortakslausa 1. málslið greinarinnar, en þá eftir atvikum hjá öðrum aðilum, þ.e. fyrst og fremst ríkissjóði. Væri þessi framkvæmd greinarinnar síður en svo fjarlægari en framkvæmd laganna frá 1957 og mjög í samræmi við eðli málsins. Allavega geti það ekki hafa verið vilji Alþingis að gera mun á bótarétti manna vegna hliðstæðra veiðitakmarkana eftir því hver að þeim stæði að formi til.

12. Því er mótmælt að Veiðifélagið eða aðrir geti sett það skilyrði fyrir bótaskyldu gagnvart stefnendum að bætur verði greiddar öðruvísi en með árgjöldum. Sá bóta- og greiðsluháttur sé í góðu samræmi við tilgang og efni laxveiðilaga og eigi sér hliðstæðu í öðrum ákvæðum þeirra, t.d. 85. gr.

13. Því er og haldið fram að matsmeðferð sú, sem mál stefnenda hefur fengið, sé allskostar nægileg til að bera uppi endanlega dómsúrlausn um bótagreiðslu handa stefnendum hvaða leið sem farin yrði í málinu, þ.e. hvort sem byggt yrði á stjórnarskrá, gerðardómssamningi, lagaákvæðum eða öðru, og hvort sem greiðslan yrði felld á ríkissjóð eða aðra stefndu.

14. Kröfur stefnenda á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu eru byggðar á sama grundvelli og kröfur þeirra gagnvart Mýrasýslu, sem sé þeim, að sýslusjóðurinn sé eða geti verið „sýslusjóður viðkomandi héraðs" í merkingu 3. málsgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 og sýslan sjálf verið „sýsla sú, sem í hlut eigi" í merkingu 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. ásamt Mýrasýslu. Geti hún þannig orðið bótaskyld með Mýrasýslu gagnvart stefnendum samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum laxveiðilöggjafarinnar og/eða þeim meginreglum bóta- og eignarréttar sem þessi ákvæði eru tengd. Í framkvæmd geti sú bótaskylda hvort heldur orðið bein með því að kröfu sé beint að Borgarfjarðarsýslu jafnhliða Mýrasýslu eða með óbeinum hætti, þannig að kröfu sé beint að Mýrasýslu er síðan eigi endurkröfurétt á hendur Borgarfjarðarsýslu.

15. Kröfur stefnenda geti einnig átt við þótt bótaskylda sé byggð á úrskurði yfirmatsmanna sem gerðardómsmanna árið 1959, eins og fram komi í 2. aðildarkröfu í framhaldsstefnu. Meðal annars sé þess þar að gæta að úrskurðurinn og gerðardómssamningur aðila hafi falið í sér tilraun til að framfylgja laxveiðilögunum frá 1957 eða vilja löggjafans, en ekki til að rifta þeim eða raska.

16. En að auki virðist fullheimilt að líta svo á að Borgarfjarðarsýsla eigi að vera bundin við gerðardómsmeðferðina vegna samningslegra tengsla, þar sem þátttaka Mýrasýslu í að koma meðferðinni á hljóti að hafa bindandi áhrif á stöðu Borgarfjarðarsýslu ef hún teljist bótaskyld, þar sem um samaðild eða samhliða aðild sé að ræða. Og segja megi um gerðardóminn

að honum hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst að skera úr um bótaaðild, heldur umfang bótaskyldunnar og fjárhæð tjóns.

17. Í skjölum málsins komi ekki fram, hvers vegna Borgarfjarðarsýsla var ekki aðili að bótaákvörðun við gerðardómsmeðferðina 1959 og síðar. Telja stefnendur að yfirmatsmenn samkvæmt laxsveiðilögum, er gerðardóminn sátu, hafi gert ráð fyrir þeirri tilhögun. Hafi afstaða þeirra annaðhvort ráðist af þeirri skoðun, að Borgarfjarðarsýsla væri ekki bótaskyld, eða hinu, að þátttaka hennar í málinu væri ekki nauðsynleg eins og á stæði, þar sem hún ætti þá sameiginlega aðild með Mýrasýslu, er væri málsaðili. Kunni þá einnig að hafa verið litið til þess, að bótaskylda Borgarfjarðarsýslu væri máske auðveldust meðferðar milli hennar og Mýrasýslu, á grundvelli endurkröfu. — Allavega sé ljóst að umrædd tilhögun eigi rót að rekja til þess, að Mýrasýsla er heimasýsla stefnenda og veiði þeirra innan marka hennar landfræðilega séð.

18. Stefnendur telja ennfremur víst, að umboðsmenn aðila hafi veitt þessari tilhögun samþykki sitt, þótt forsendur þeirra liggi ekki fyrir, en lögmaður þeirra við gerðardómsmálið 1959 sé nú látinn. Á hinn bóginn telja þeir mestu skipta hver afstaða fulltrúa Mýrasýslu hafi verið í þessu efni. Geti þeir ekki átt að þurfa að bera neinn halla af því nú ef fyrirsvarsmenn Mýrasýslu hafi þá kosið að vera án Borgarfjarðarsýslu í málinu.

19. Að öðru leyti ítreka stefnendur, að þeir geti vel sætt sig við umrædda tilhögun á málsaðild, og vilji aðeins hafa það sem réttast þykir í þessu efni. Megi og gera ráð fyrir að sakaraðild Borgarfjarðarsýslu skipti litlu fyrir þá sjálfa, nema svo færi að sýslurnar yrðu báðar taldar bótaskyldar pro rata. Frá sjónarmiði þeirra er Borgarfjarðarsýsla þannig fyrst og fremst stefnt inn í málið í öryggisskyni, svo unnt sé að fjalla um hugsanlega bótaskyldu hennar jafnhliða bótaskyldu annarra aðila.

20. Af hálfu stefnenda er því andmælt, að kröfur þeirra séu fallnar niður fyrir fyrningu eða tómlæti.

VI.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan nú í fyrsta lagi studd þeim rökum að stefnendur hafi ekkert tjón beðið. Sjáist þetta best á hinum framlögðu veiðiskýrslum.

Í öðru lagi er því haldið fram að 2. tl. 95. gr. laga nr 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það verði að teljast óeðlilegt að löggjafarvaldið geti lagt á sýslusjóði, hvort sem það er í Mýrasýslu eða annars staðar, að taka þátt í kostnaði við bætur til handa aðilum sem verða fyrir skerðingu á eignarrétti vegna ákvæða löggjafarvaldsins, einkum með tilliti til þess að nefnd skerðing væri ekki til hagsbóta fyrir sýslufélagið í heild, heldur aðeins fáa ákveðna aðila innan sýslufélagsins. Jafnvel þótt talið yrði að löggjafar-

valdið hafi heimild til þess að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóð, sé ekki þar með sagt að það hafi stjórnfarslega heimild til þess að mismuna svo íbúum einnar sýslu. Þannig gæti maður hugsað sér að ríkissjóður væri ábyrgur, en ákvæði laganna um þátttöku sýslunnar fái ekki staðist. Það sé því á engan hátt óeðlilegt þótt sýslurnar yrðu algjörlega sýknaðar á þessum grundvelli en bótaábyrgð lögð á ríkissjóð einan ef svo væri litið á að beita skuli 2. mgr. 95. gr., sem þó fái ekki staðist. Það sé öllum ljóst hversu fjarstæðukennt það sé og langt frá því að allir séu jafnir fyrir lögunum, ef t.d. Borgnesingar eða Mýramenn, sem engan veiðirétt eða hlunnindi hafa af veiðum í Hvítá en eru mikill meiri hluti sýslubúa, eigi með útsvörum sínum að greiða bætur til þeirra manna sem fyrir skerðingu verða á veiðum í Hvítá og eingöngu er til gagnaðar fyrir þá sem veiðirétt eiga ofar á vatnasvæði Hvítár og í bergvatnsám þeim sem í hana renna.

Í stefnu á dskj. nr. 1, bls. 2 sé því haldið fram að bótakröfur stefnanda eftir að skerðing kom til hafi „sætt úrlausn yfirmatsmanna skv. lögum um lax- og silugsveiði er störfuðu að henni sem gerðardómendur eftir samkomulagi þar um". Þetta sé ekki alls kostar rétt hjá stefnendum. Með gerðardómi dags. 29. september 1959 hafi verið ákveðnar bætur úr hendi ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýrasýslu til nokkurra jarðeigenda við Hvítá í Borgarfirði fyrir rýrnun á veiðiaðstöðu vegna 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

Með bréfi dagsettu 12. september 1967 hafi eigendur jarðanna farið fram á bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu fyrir árin 1965 til 1971 að báðum meðtöldum. Samhljóða niðurstaða yfirmatsnefndarinnar hafi verið sú að Holti og Brennistöðum skyldu ákveðnar bætur fyrir árin 1965 til 1969 að báðum meðtöldum, kr. 230.000,00, ásamt vöxtum frá 1. janúar 1967 til greiðsludags. Hins vegar segi í forsendum yfirmatsnefndarinnar (dskj. 11) að um ákvörðun tjónbóta til sækjanda fyrir skerta veiðiaðstöðu árin 1970 til 1972 að báðum meðtöldum skuli fara skv. 94. gr. og 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. En þar sem undirmat hafi ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðilar hafi ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna hafi yfirmatsmenn brostið bærni til þess að meta tjónbætur að svo vöxnu máli.

Þegar þetta síðastnefnda mat fór fram hafi hvorki verið samkomulag um að yfirmatsnefndin skyldi starfa sem gerðardómur, né heldur að yfirmatsnefndin kvæði upp úrskurð án undangengins úrskurðar undirmatsnefndar, svo sem heimilt sé samkvæmt lögunum frá 1970, svo sem niðurlag á dómskjali nr. 11 beri með sér. Í greinargerð til yfirmatsnefndarinnar hafi gerðardómi verið mótmælt af lögmanni sýslusjóðsins m.a. á þessa leið:

„Sýslusjóður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu viðurkennir ekki greiðsluskyldu á bótum eftir að lög nr. 76/1970 tóku gildi. Er því ákveðið haldið fram að mat bóta fyrir það ár skuli byggjast á síðastnefndu lögunum.

Með tilliti til þess sem hér hefur verði rakið, að ný lög hafa verið sett með gerbreyttum bótaákvæðum, lítur umbjóðandi minn svo á að gerðardómssamningurinn frá 1958 sé niður fallinn og neitar að viðurkenna mat það, sem nú fer fram, sem bindandi gerðardóm. Á hinn bóginn er umbjóðandi minn reiðubúinn til að fallast fyrir sitt leyti á mat það, sem nú fer fram, sem endanlegt og bindandi hvað fjárhæðir snertir, og fellst jafnframt á að ganga hjá undirmati, þótt lög geri ráð fyrir að slíkt mat fari fyrst fram. Er þetta gert til þess að tefja ekki um of fyrir veiðieiganda að fá ákvarðaða bótafjárhæð. Að sjálfsögðu mun sýslunefndin gera tilraunir til þess að fá eigendur veiðiréttar í fiskhverfinu til að viðurkenna bótaskyldu skv. 3. mgr. 95. gr.“

Eftir að lögin frá 1970 voru sett sé ekki um að ræða gerðardóm, enda geti slíkur dómur aldrei tekið gildi nema með fullu samþykki allra aðila. Þannig sé það á misskilningi byggt að niðurstaðan á dskj. nr. 11 sé bindandi gerðardómur, og það megi fullyrða að allar þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi til bænda, sem telja sig hafa orðið fyrir skerðingu á laxveiði, hafi verið greiddar með þeim fyrirvara að greiðsluskylda sýslusjóðsins sé ekki viðurkennd með greiðslunni, enda líti sýslunefndin ennþá svo á að laxveiðilögin frá 1970 beri að túlka þannig að jafnvel þótt greiðsla yrði lögð á skv. 2. tl. 95. gr. þá sé það ríkissjóður sem eigi að bera þær byrðar, sbr. það sem rakið var í upphafi.

Varakrafa sýslusjóðsins um lækkun á kröfum stefnenda er sú að niðurstaða meirihluta yfirmatsnefndar verði staðfest, ef dómurinn telji sig hafa lögsögu í málinu. Meirihluti yfirmatsmanna hafi rakið ítarlega í forsendum fyrir niðurstöðu sinni hvers vegna leggja beri greiðsluskylduna á Veiðifélag Borgarfjarðar en ekki ríki og sýslu eða sýslur. Á þær forsendur er nú fallist til vara af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er tekið undir allar varnarástæður sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að því marki sem þær stangist ekki á við hagsmuni sýslusjóðs Mýrasýslu. Ef greiðsluskylda komi til úr hendi sýslusjóðanna þá sé þó eðlilegt að þær skaðabætur skiptist til helminga milli þeirra sbr. niðurlag 2. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna „eða sýslna sem í hlut eiga“. Þetta orðalag geti aðeins átt við það að veiðivatnið sé á sýslumörkum.

Vaxtakröfu stefnenda er sérstaklega mótmælt.

Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu umboðsmanns sýslusjóðs Mýrasýslu að véfenging á stjórnskipulegu gildi 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi einnig við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957.

VII.

Því er haldið fram af hálfu stefnda sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að gerðardómssamningurinn og gerðardómurinn sé óskuldbindandi fyrir

þennan sýslusjóð, þar sem þessi sýslusjóður hafi ekki verið aðili að samkomulaginu sem gert var á sínum tíma um gerðardóm. Þá brjóti niðurstaða gerðardómsins í bága við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957. Af þeim sökum beri að líta alveg fram hjá úrskurði gerðardómsins.

„Þá er því haldið fram að það sé fráleitt ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 819-821.]

... úti á firðinum."

Varakrafa um lækkun á kröfum stefnenda er m.a. byggð á síðastgreindum sjónarmiðum.

Vaxtakröfu stefnenda er mótmælt sem of hárri.

Af hálfu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu er á það bent að hugsanlegt sé að sýslusjóðurinn hafi í upphafi verið aðili að gerðardómsmálinu, en hafi síðar horfið úr málinu svo að úrskurður gerðardómsins hafi aldrei tekið til sýslusjóðsins.

Þá er því haldið fram að stefnendur hafi fallið frá því að byggja á gerðardómsmálsmeðferðinni, þegar þeir rituðu matsbeiðnina á dómskjali nr. 17, en þar hafi þeir óskað þess að sýslumaður „dómkveði menn í undirmat skv. lögum um lax- og silungsveiði ..."

Þá hefir því einnig verið haldið fram að skerðing sú sem varð hafi ekki verið bótaskyld samkvæmt 35. gr. nýrri laga nr. 76/1970.

VIII.

Sýknukrafa ríkissjóðs er á því byggð í fyrsta lagi, að ekki sé fullsannað að um nokkurt tjón hafi verið að ræða, en sönnunarbyrðin sé hjá bótakrefjendum. Í öðru lagi að jafnvel þótt talið yrði að um eitthvert tjón hafi verið að ræða myndi það falla undir „ersatningsfrie Reguleringer". Það sé skýlaust álit fræðimanna, enda margdæmt, að bótagreiðslur komi ekki til greina í slíkum tilfellum. Það væri háskalegt og fráleitt fordæmi, ef stefnendum yrði dæmdar bætur eins og hér hagar til. Í þriðja lagi athugist að jafnvel þótt svo ólíklega færi að bætur yrðu dæmdar myndi fjárhæðin aldrei nægja til þess að tilvikið gæti fallið undir 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Ríkissjóður yrði þannig í öllum tilfellum sýknaður. Hins vegar kynni greiðsluaðildin að vera hjá „eigendum veiðiréttar í fiskihverfinu" sbr. 3. mgr. 95. gr. laganna.

Í 1. mgr. 95. gr. sé sett sérstakt skilyrði fyrir skaðabótum að hlutaðeiganda sé „fyrirmunað" að nota „veiðiaðferð, sem hann mátti einni við koma". Þessa „fyrirmunun" sé hvergi um að ræða hjá stefnendum. Leiði þetta einnig til sýknu.

Þá hafi stefnendur sýnt af sér mikið aðgerðarleysi og tómlæti við heimtu kröfu sinnar. Beri því einnig að sýkna af þeirri ástæðu.

Verði sýknukrafan ekki tekin til greina er þess krafist af hálfu ríkissjóðs

að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og fari í engu tilfelli fram úr yfirmatsfjárhæðinni kr. 16.026,00.

Þá er því haldið fram að orðið „veiði" í 95. gr. laxveiðilaganna merki afli dreginn á land, en hins vegar ekki einhvers konar „bókhaldslegar" rekstrarútkomur sem teygja megi og hagræða eins og fara geri.

Vaxtakröfu stefnenda er sérstaklega mótmælt sem of hárri.

IX.

„Því er haldið fram ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 822-824.]

... mótmælt á þessum grundvelli."

11. Matsgerðir matsmanna í máli þessu hafi ekki réttaráhrif umfram það að vera matsgerðir og séu þannig ekki sjálfstæðir úrskurðir sem einungis yrði hnekkt með málskoti til Hæstaréttar.

12. Þá er á það lögð áhersla að samkvæmt Grágás og síðari ákvæðum laga um laxveiðar hafi ætíð verið um að ræða tiltölulega víðtækar takmarkanir á veiðirétti manna sem hafi ekki haft í för með sér neina bótaskyldu.

X.

Álit réttarins.

„Telja verður að matsnefndir ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 824-827.]

... hafi hann einhver verið."

Í 109. gr. laga nr. 53/1957 sagði að um fjárhæð bóta færi eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, „sbr. þó 35. gr.". Þessu ákvæði var ekki breytt með lögum nr. 38/1970. Hins vegar hefur tilvísunin í 35. gr. verið felld niður í endurútgáfu laganna án þess að sú breyting hafi hlotið þinglega meðferð. Í 17. gr. núgildandi laga um eignarnám nr. 11/1973 segir að leita megi úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnámsbóta, þ. á m. ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta. Í 1. gr. sömu laga segir að í engu skuli haggað ákvæðum laga nr. 76/1970.

Stefnendur virðast hafa leitað úrlausnar matsmanna í fullu samræmi við gerðardóminn og af upplýsingum sem fram hafa komið í málinu virðist mega treysta því að matsmenn hefðu reiknað bætur eftir sömu grundvallarsjónarmiðum, hvort sem þeir byggðu á reglum gerðardómsins eða ákvæðum gildandi laga um lax- og silingsveiði, en í úrlausn meirihluta yfirmatsnefndar er miðað við að bætur greiðist úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar, og mótast niðurstaðan að nokkru leyti af sérstökum atvikum varðandi skipti Veiðifélagsins og stefnenda. Stefnendur þykja hafa fært fram veigamikil rök fyrir því að meirihluti yfirmatsnefndar hafi ekki verið

á annarri skoðun en minnihlutinn og undirmatsmenn um bótarétt stefnenda að öðru leyti. Eins og málið liggur nú fyrir, sbr. dóm Hæstaréttar 19. apríl 1985 í máli Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, þykir það vera í bestu samræmi við gerðardóminn að ákveða stefnendum bætur í samræmi við álit minnihlutans og undirmatsnefndar að því er varðar fjárhæð en þó þannig að ¾ hlutar greiðist úr ríkissjóði og ¼ úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Eins og málið liggur fyrir þykja stefnendur ekki hafa fært rök að því að þeir eigi rétt á því að matsfjárhæðin verði umreiknuð til hækkunar með hliðsjón af verðlagsbreytingum og er þá m.a. haft í huga að vextir sem stefnendur fá tildæmda fela að hluta í sér verðbótaþátt.

Ákvæði lax- og silungsveiðilaga virðast ótvírætt fela í sér pro rata ábyrgð gagnvart stefnendum. Verður krafa stefnenda um solidariska ábyrgð því ekki tekin til greina.

Svo sem greinir í úrskurði yfirmatsmanna frá 25. maí 1973 höfðu stefnendur árlega unnið að því að fá tjón vegna veiðimissis eftir 1969 metið og bætt. Síðan hafa stefnendur fylgt fram kröfum sínum gagnvart ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, bæði fyrir matsmönnum og síðar fyrir dómstólum. Verður því ekki fallist á það með stefndu, ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, að tómlæti um kröfugerð eigi að leiða til missis bótaréttar á hendur þeim.

Í samræmi við niðurstöðu matsmannanna þykir bera að fallast á kröfu stefnenda um hæstu lögleyfðu innlánsvexti enda virðist þessi krafa hvorki fara í bága við gerðardóminn né lög. Vextir þessir ákveðast eins og nánar greinir í dómsorði. Niðurstaða dómsins er þá sú samkvæmt ofanrituðu að stefnendum beri greiðsla kr. 57.824,30 auk vaxta eins og greint er í dómsorði og málskostnaðar eins og greinir hér að neðan úr ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu í þeim hlutföllum sem að ofan greinir. Í samræmi við ofangreindar niðurstöður þykir bera að sýkna stefndu Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu af öllum kröfum stefnenda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnenda annars vegar og Veiðifélags Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu hins vegar falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Benjamíns Ólafssonar, Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar, í máli þessu. Málskostnaður milli stefnenda og þessara aðila fellur niður.

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu, greiði stefnendum, Benjamín Ólafssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni kr. 57.824,30 með 43,5% ársvöxtum frá 1. janúar

1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20. ágúst 1984, með 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. október 1984, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað. Þar af greiðist ¾ hlutar úr ríkissjóði og ¼ hluti úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 201/1985. **Sýslusjóður Mýrasýslu og**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Sigrúnu Jónsdóttur
Þórhildi Einarsdóttur
Guðrúnu Fjeldsted og
Sigurði Fjeldsted
(Hjörtur Torfason hrl.)
og
Sigrún Jónsdóttir
Þórhildur Einarsdóttir
Guðrún Fjeldsted og
Sigurður Fjeldsted
gegn
sýslusjóði Mýrasýslu
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og
(Eiríkur Tómasson hrl.)
Veiðifélagi Borgarfjarðar
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinni 27. ágúst 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda Sigrúnar Jónsdóttur, Þórhildar Einarsdóttur, Guðrúnar Fjeldsted og Sigurðar Fjeldsted og honum tildæmdur málskostnaður úr þeirra

hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst þessi aðaláfrýjandi þess að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar og honum dæmdur málskostnaður.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinnni 24. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir þessar varakröfur:

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 40.805,98.
2. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 61.208,97.
3. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 103.891,60.
4. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 155.837,40.

Í öllum varakröfum er þess krafist að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en 1. febrúar 1981. Þess er ennfremur krafist að vextir fram til þingfestingardags í héraði verði ekki dæmdir hærri en almennir sparisjóðsvextir voru á þeim tíma. Í öllum varakröfum er þess loks krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjendur Sigrún Jónsdóttir, Þórhildur Einarsdóttir, Guðrún Fjeldsted og Sigurður Fjeldsted hafa gagnáfrýjað með stefnu 21. mars 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s.m. Þeir gera í aðalsök þær kröfur að kröfum aðaláfrýjenda verði hafnað og aðaláfrýjendum gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum. Í gagnsök gera þeir svofelldar kröfur:

Að stefndu, ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og/eða Veiðifélagi Borgarfjarðar, verði gert að greiða gagnáfrýjendum skaðabætur að fjárhæð kr. 630.000,00 eða, til vara, aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir lögum samkvæmt á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu í

héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfunum er beint valkvætt að hinum stefndu og þess krafist, að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að greiða þær sem hér segir:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart gagnáfrýjendum en til vara hvor í sínu lagi.

2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir in solidum hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata eins og um getur í 2. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en til vara eins og mælt er í 2. lið og til frekari vara eins og mælt er í síðari liðunum hverjum fyrir sig. Gagnvart þeim stefndu, sem þannig yrðu sýknaðir af greiðslu skaðabóta og vaxta, er þess krafist að málskostnaður milli þeirra og gagnáfrýjenda verði felldur niður.

Varakrafa gagnáfrýjenda um fjárhæð skaðabóta er nánar tiltekið þess efnis, að bótafjárhæð verði ekki lægri en kr. 207.783,20, en til þrautavara ekki lægri en kr. 81.611,96.

Um upphafstíma vaxta er það varakrafa gagnáfrýjenda, að vextir verði reiknaðir frá 1. janúar 1980, en til þrautavara frá 1. febrúar 1981. Með kröfunni um hæstu lögleyfðu innlánsvexti er átt við, að tildæmd bótafjárhæð verði greidd með ársvöxtum sem hér segir:

30% frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar 1978, 33% frá þeim degi til 1. júní 1979, 34,5% frá þeim degi til 1. september 1979, 39,5% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43,5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október 1983, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% frá þeim degi til 20. ágúst 1984, 24,5% frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. október 1984, 28% frá þeim degi til 21. nóvember 1984, 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. júlí 1985, 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst 1986, 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1986, 15,4% frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 15,7% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,1% frá þeim degi til 11. desember 1986, 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 18,8% frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 19,4% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 19,8% frá þeim degi til 1. mars 1987, 19,9% frá þeim degi til 11. mars 1987, 20,8% frá þeim degi til 21. mars 1987, 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags, og með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ef fjárhæð skaðabóta verður ákveðin með tilliti til verðlagsbreytinga fram að dómsuppsögutíma í héraði er þess krafist, að hún verði greidd með 3% ársvöxtum fram til 19. júní 1985, en frá þeim degi eins og áður greinir.

Þess er krafist að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og síðan reiknaðir af honum svo breyttum, í fyrsta skipti hinn 1. janúar 1982.

Loks gera gagnáfrýjendur þá sérstöku varakröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjendum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýrasýslu, en málskostnaður í Hæstarétti milli þeirra og

stefndu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar verði felldur niður.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en til vara að kröfur þeirra verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst þess að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var mál þetta höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1981 af eigendum Ölvaldsstaða í Mýrasýslu, Birni H. Jónssyni, Einari Runólfssyni, Guðrúnu Fjeldsted og Sigurði Fjeldsted. Björn H. Jónsson lést 16. maí 1984 og situr ekkjan Sigrún Jónsdóttir í óskiptu búi. Einar Runólfsson lést 23. júlí 1986 og var dóttir hans Þórhildur einkaerfingi.

I.

Þær skorður, sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjenda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga fellt niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjendum verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi þeirra, þann er leiddi af lögtöku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrirmælum nefnds ákvæðis en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjendur ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. grein stjórnarskrár svo og meginreglum laga að því

er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörla rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlíttu bæði aðaláfrýjendur og gagnáfrýjendur meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

II.

Í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 var ekkert ákvæði sem ótvírætt og afdráttarlaust mælti fyrir um að þeir menn, sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú, er gerð var á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970, standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjendur megi krefja aðaláfrýjendur um skaðabætur fyrir veiðimissi árin 1970-1976 á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29. september 1959 svo sem þeir gera í máli þessu.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Skírskotar þessi aðaláfrýjandi sérstaklega til 2., 67. og 76. greinar stjórnarskrár þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær, sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957, hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótagreiðslum

sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýsluyfirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt margnefndri 35. grein og síðan greiða gagnáfrýjendum bætur samkvæmt úrskurði hans allt til ársins 1969.

Samkvæmt þessu verður sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki talið að stjórnvöld hafi farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkis og sýslusjóðs Mýrasýslu um að skaðabætur samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 yrðu ákveðnar af gerðardómi eða er þau hlíttu síðar í verki úrskurði hans um skaðabætur sem ákvarðaðar voru eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en kveðið var á um í lagaákvæði þessu.

V.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959, sem aðaláfrýjendur eru bundnir af gagnvart gagnáfrýjendum, voru bætur til gagnáfrýjenda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiri hluti yfirmatsmanna hafi í matsgerð sinni 10. apríl 1981 beitt röngum sjónarmiðum við mat sitt. Verður það því lagt til grundvallar að því er til bótafjárhæðar tekur, enda má á það fallast sem í héraðsdómi segir að ætla megi að matsmenn hefðu reiknað bótafjárhæð eftir sömu grundvallarsjónarmiðum og þeir gerðu, þó að þeir hefðu ákveðið bæturnar úr hendi aðaláfrýjenda.

VI.

Aðalkrafa gagnáfrýjenda, um að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim 630.000,00 krónur, er hærri en aðalkrafan var í héraði. Eru ekki skilyrði til samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 að leyfa þá

hækkun dómkröfunnar. Þá þykir krafa þessi, einnig í því horfi sem hún var höfð uppi í héraði, eigi hafa nægan lagagrundvöll. Verður henni því ekki sinnt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjendum 81.611,96 krónur ásamt vöxtum í samræmi við yfirmat svo sem síðar segir. Eftir ákvæðum gerðardómsúrskurðarins 29. september 1959, sem studdist við ákvæði 35. greinar laga nr. 53/1957, ber aðaláfrýjanda ríkissjóði að greiða ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, 61.208,97 krónur, en aðaláfrýjanda sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta, 20.402,99 krónur.

Krafa um vaxtavexti var ekki gerð í héraði. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita hér fyrir dómi.

VII.

Það leiðir af kröfugerð gagnáfrýjenda að þar sem þeim eru dæmdar fébætur úr hendi aðaláfrýjenda verða þeim ekki dæmdar bætur úr hendi stefndu, sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélags Borgarfjarðar. Verða þeir því sýknaðir af kröfum þeirra. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir dómstóla þarf hins vegar engan gaum að gefa að því hvort aðaláfrýjendur, annar eða báðir, kunni að eiga framkröfur á hendur stefndu.

Rétt er að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar. Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum 40.000,00 krónur samtals í málskostnað í báðum dómum, en aðaláfrýjandi ríkissjóður 120.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er varðar Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að því er þessa aðila varðar.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum, Sigrúnu Jónsdóttur, Þórhildi Einarsdóttur, Guðrúnu Fjeldsted

og Sigurði Fjeldsted, 20.402,99 krónur, og aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs 61.208,97 krónur hvort tveggja með ársvöxtum sem hér segir: 46% frá 1. febrúar 1981 til 1. mars s.á., 42% frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% frá þeim degi til 27. s.m., 25% frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% frá þeim degi til 11. október s.á., 26% frá þeim degi til 12. s.m., 28% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% frá þeim degi til 1. mars 1987, 19,9% frá þeim degi til 11. mars s.á., 20,8% frá þeim degi til 21. s.m., 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum samtals 40.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjendum samtals 120.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég tel að eigendur Ölvaldsstaða hafi samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 eignast lögvarinn bótarétt fyrir missi veiðiaðstöðu og breyti lög nr. 76/1970 ekki þeim bótarétti. Þegar af þessari ástæðu tel ég að sýkna beri Veiðifélag Borgarfjarðar. Undanfari gerðardómsins frá 29. september 1959 var sá að eigendur greindrar jarðar, ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu samþykktu, „að yfirmatsmenn starfi sem gerðardómur". Af gögnum málsins verður ekki séð að sérstakur skriflegur gerðardómssamningur hafi verið gerður milli þessara málsaðilja. Verður því ekki með vissu sagt hvaða skuldbindingar aðiljar tóku á sig í einstökum atriðum. Ljóst er þó að þeir hafa hlítt þeim úrskurðum yfirmatsmanna sem gengu fyrir árin 1958-1969 að báðum meðtöldum.

II.

Í úrskurðinum 29. september 1959 brugðu yfirmatsmenn á það ráð, með gildum rökum sem fram koma í héraðsdómi, að meta árlegt gjald í stað skaðabóta í eitt skipti fyrir öll, er greiðast skyldu á 25 árum. Ég tel að skýra beri úrskurðinn á þann veg, að gjaldið skyldi greiðast í 25 ár, en réttur til þess fylgi ekki jörðinni um aldur og ævi.

III.

Með matsgerð tveggja dómkvaddra manna 31. maí 1980 voru eigendum Ölvaldsstaða metnar bætur fyrir árin 1970-1977 að fjárhæð nýkr. 207.783,20. Aflatjón á þessum árum töldu þeir vera 8.118 kg af laxi, sem þeir mátu á nýkr. 25,62 hvert kíló. Er þar miðað við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga sumarið 1979. Matsgerð þessari var skotið til yfirmatsmanna, sem voru ekki einhuga í málinu. Taldi minni hlutinn að staðfesta bæri bótafjárhæðina. Meiri hlutinn mat bæturnar á nýkr. 81.611,96. Ekki koma fram í matsgerð meiri hlutans athugasemdir við mat hinna dómkvöddu manna á aflatjóninu. Verður því ekki annað séð en allir matsmenn hafi verið sammála um þetta grundvallaratriði matsins. Hins vegar telur meiri hlutinn að ekki beri við útreikning tjónsins að miða við verð á laxi sumarið 1979, heldur annað og lægra verð

matsáranna, en reikna þó verðbætur að nokkru. Um þetta vísar hann til úrskurðar í matsmáli eiganda Bóndhóls, Jóns Guðmundssonar, gegn sömu aðiljum, en þar segir: „Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta, að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr en síðla árs 1978. Ótal dæmi eru þess í lögum, að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags, þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu." Ljóst er af framangreindu að matsfjárhæðin er að nokkru ákveðin með hliðsjón af því að bótaskyldan er lögð á Veiðifélag Borgarfjarðar. Verður hún því ekki lögð til grundvallar bótaskyldu annarra. Er þá úr því að skera hvort afla þurfi nýrrar matsgerðar. Áður var að því vikið, að matsmenn greinir ekki á um aflatjónið. Þeir sýnast einnig vera sammála um að miða útreikning á verðmati þess við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en greinir á um hvernig verðbæta beri aflatjón hvers árs. Með því að ágreiningur þeirra er um þetta eina atriði þykir ekki þörf frekari matsgerða. Telst þá rétt til að tjónþolar fái tjón sitt að fullu bætt að dæma þeim 207.783,20 krónur með hliðsjón af mati minni hluta yfirmatsmanna og undirmati.

IV.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 12/1927 og síðar lögum nr. 58/1961 er kveðið á um hvert skuli vera verksvið sýslufélaga. Verkefnum þeirra er það sameiginlegt að vera í þágu almanna hagsmuna í viðkomandi héruðum og hinar lögmæltu tekjuöflunarheimildir þeirra eru í samræmi við það. Með 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 var lögð á sýslusjóðina sú skylda að greiða ¼ hluta bóta til einstakra manna vegna rýrnunar á veiðiaðstöðu við laxveiðar. Við flutning málsins kom fram að í reynd hefði ákvæðið snert nær engar sýslnanna, ef

ekki Mýrasýslu eina. Með hliðsjón af hinu lögbundna verksviði sýslufélaga eins og það er markað almennt í sveitarstjórnarlögum, þykja eigi efnisrök til þess að leggja bótaábyrgðina á sýslufélögin. Er þá sérstaklega til þess litið að engum slíkum hagsmunatengslum er til að dreifa er geri það réttmætt. Teljast þær því eiga að njóta hér verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu máli þykir það engu breyta þótt sýslusjóðunum kunni að vera heimilt að jafna bótunum niður á hreppana samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Svo sem getið var í upphafi hlítti sýslusjóður Mýrasýslu úrskurði yfirmatsmanna fyrir árin 1958-1969. Er þá úr því að slíta hvort hann hafi með því skuldbundið sig til að greiða bæturnar allt 25 ára tímabilið og firrt sig þar með rétti til að fá bótaskyldu sína endurskoðaða. Í því sambandi er sérstaklega á það að líta að ekki liggur fyrir í málinu formlegur gerðardómssamningur er leiði skýrt í ljós þær skuldbindingar er sýslusjóðurinn tók á sig í raun og eins var honum það vorkunnarmál, þótt hann véfengdi ekki þegar í upphafi stjórnskipulegt gildi 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 enda þá með sama lögmann og ríkissjóður. Með vísan til þessa tel ég að hann hafi ekki vangeymt svo réttar síns að það varði hann réttarspjöllum í þessu máli. Ber því að sýkna sýslusjóðina og leggja bótaábyrgðina á ríkissjóð að öllu leyti vegna fyrrgreinds annmarka á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

V.

Samkvæmt framanrituðu og með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því að bætur til eigenda Ölvaldsstaða skal greiða úr ríkissjóði að öllu leyti. Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um upphafstíma vaxta, vaxtafót, vaxtavexti og málskostnað að öðru leyti en því, að ég tel að fella eigi niður málskostnað milli eigenda Ölvaldsstaða og sýslusjóðs Mýrasýslu, en leggja hann þess í stað alveg á ríkissjóð.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. júní 1985.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f.m., er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu birtri 17. desember 1981 af Birni H. Jónssyni bónda, Ölvaldsstöðum, Borgarhreppi, Mýrasýslu, Einari

Runólfssyni bónda, sama stað, Guðrúnu Fjeldsted, sama stað, og Sigurði Fjeldsted, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því sem Ölvaldsstaðir heyra til, „til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 420.000,00 ásamt hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins".

Með stefnu birtri 24. nóvember 1982 breyttu stefnendur kröfum sínum m.a. til hækkunar og beindu kröfum sínum nú einnig gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu.

Í framhalds- og sakaukastefnunni er tekið fram, að stefnendur þurfi „á grundvelli heimilda í 2. mgr. 70. gr. og 48. gr. laga nr. 85/1936, að auka og skýra stefnukröfur í aukadómþingsmálinu nr. 46/1981 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Björn H. Jónsson, Einar Runólfsson, Guðrún Fjeldsted og Sigurður Fjeldsted gegn ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar, og jafnframt að stefna inn í málið nýjum aðila, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, til að svara þar til sakar ásamt þeim aðilum, er fyrr var stefnt, við hlið sýslusjóðs Mýrasýslu.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skerðingar eða rýrnunar á veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði fyrir landi Ölvaldsstaða, á árunum 1970 til og með 1977. Eru dómkröfur stefnenda nú þær, að þessar skaðabætur verði ákveðnar kr. 630.000,00 eða önnur fjárhæð lægri, ásamt vöxtum sem svara hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins, og að málsaðilar verði dæmdir til að greiða bæturnar (ásamt vöxtum og kostnaði) sem hér segir, talið eftir þeirri röð er stefnendur telja réttasta:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart stefnendum en til vara hvor í sínu lagi.
2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna tveggja verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.
3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi.
4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu

sameiginlega að ½, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar og sýslusjóðirnir in solidum hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata eins og um getur í 1. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Ölvaldsstaðir heyra til, en það er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.
6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum saman.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en að því frágengnu eins og mælt er í 2. lið og þannig koll af kolli. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir því, að í hverjum lið felist tæmandi tilgreining greiðsluskyldu, en fari svo, að greiðsluskylda sé lögð á samkvæmt tilteknum lið og greiðslan takmörkuð við minna en fullt tjón (fulla bótakröfu) stefnenda, er til þess ætlast að afgangur tjónsins verði felldur á aðila samkvæmt þeim liðum, sem taldir eru til vara þar á eftir. Er þetta sérstaklega áréttað í 6. lið, þar sem átt er við, að greiðsluskylda samkvæmt honum geti komið til hvort heldur sjálfstætt, ef greiðslu samkvæmt undanfarandi liðum yrði synjað, eða samfara slíkri greiðslu ef hún yrði takmörkuð.

„Að því er bótafjárhæð varðar ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 843-844.]

... breyting á sakaraðild.“

Stefnandinn Björn H. Jónsson andaðist 16. maí 1984 og hefur dánarbú hans tekið við sóknaraðild að því er hann varðar.

Af hálfu ríkissjóðs er nú aðallega krafist sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar og stefnendur verði dæmdir til að greiða ríkissjóði málskostnað.

Stefndi sýslusjóður Mýrasýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að staðfest verði niðurstaða meirihluta yfirmatsmanna um bætur. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

„Hinn reglulegi dómari ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 844-845.]

... endanlegs dóms í málinu.“

„Tildrög málsins eru þau ...
[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 803-807.]
... til hinna einstöku veiðieigenda."

IV. Ölvaldsstaðir.

Eigendur Ölvaldsstaða, Björn og Gunnar Jónssynir, höfðu fjórar lagnir fyrir gildistöku laga nr. 53/1957. Árin 1958 og 1959 hafa þeir veitt í tvær lagnir. Þá er litið er annars vegar til veiði þeirra samkvæmt framtali og veiðiskýrslum fyrir og eftir gildistöku laganna og hins vegar til hinnar auknu vikufriðunar, sem eigi verður að lögum bætt, er eigi fullvíst um veiðitap af völdum 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957, en rétt þykir að bæta þeim aðstöðumissinn með kr. 3000,00 árið 1958 og kr. 3000,00 árið 1959.

Einar Runólfsson er eigandi og ábúandi að einum fjórða Ölvaldsstaða. Ágreiningur er milli hans og þeirra Björns og Gunnars um, hvernig skipt skuli veiði, og hefur Einar eigi stundað veiði árin 1958 og 1959 af þeim sökum. Er því eigi efni til, eins og á stendur, að dæma honum bætur vegna veiðirýrnunar af völdum laga nr. 53/1957 nefnd ár."

Niðurstaða gerðardómsins varð sú, að Birni H. Jónssyni og Gunnari Jónssyni voru tildæmdar í bætur „kr. 6.000,00 með 6% ársvöxtum af kr. 3.000,00 frá 1. október 1958 og af kr. 3.000,00 frá 1. október 1959 til greiðsludags".

Ríkissjóði var gert að greiða sóknaraðilum ¾ hluta fjárhæðarinnar en sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta hennar.

Í gerðardóminum er ekkert fjallað um það, hvort til álita hafi komið að dæma sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu til greiðslu á hluta bótanna.

Sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður greiddu ofangreindar bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Hinn 25. maí 1973 kváðu yfirmatsmenn, sem þá störfuðu samkvæmt 3. tl. 94. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, upp úrskurð í málinu. Er hann svohljóðandi:

„GERÐARDÓMSMÁLIÐ
Einar Runólfsson, Björn H. Jónsson
og Lárus Fjeldsted
gegn ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu.

Um aðdraganda og sögu þessa máls er vísað til gerðardóms frá 29. september 1959 og 21. júlí 1965.

Með bréfum, dags. 25. nóvember 1972 og 21. apríl 1973, hafa eigendur Ölvaldsstaða krafizt þess að þeim verði úrskurðaðar bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu fyrir Ölvaldsstaðalandi fyrir árin 1960 til 1972, að báðum meðtöldum, auk vaxta og málskostnaðar.

Af hálfu ríkissjóðs hefur Sveinbjörn Dagfinnsson hrl. krafizt sýknu af kröfum sækjenda.

Umboðsmaður sýslusjóðs Mýrasýslu, Guðmundur Pétursson hrl., hefur einnig krafizt sýknu af kröfum sækjenda.

Með úrskurði gerðardómsmanna, dags. 21. júlí 1965, var synjað bótagreiðslum „fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir landi Ölvaldsstaða fyrir árin 1961 til 1964".

Að athuguðum öllum gögnum og aðstæðum á vettvangi eru sóknaraðiljum ákveðnar bætur fyrir árin 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, samtals kr. 190.000,00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. nóvember 1972 til greiðsludags.

Af tjónbótunum, kr. 190.000,00, falla í hlut Einars Runólfssonar 4/16 hlutar, Björns H. Jónssonar 5/16 hlutar og Lárusar Fjeldsted 7/16 hlutar.

Um ákvörðun tjónbóta til sækjenda fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir árin 1970 til 1972, að báðum meðtöldum, fer samkvæmt 94. gr. og 3. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Þar sem undirmat hefir ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðiljar hafa ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna brestur yfirmatsmenn bærni til að meta tjónbætur þessar að svo stöddu."

Því er haldið fram af stefnendum að ályktun yfirmatsmanna í síðustu málsgrein í úrskurðinum frá 25. maí 1973 hafi yfirmatsmenn gert einhliða og sé ályktunin gagnstæð sjónarmiðum þeirra. Þeir telja sig ekki hafa viðurkennt að hin nýju lög nr. 76/1970 ættu að breyta neinu gagnvart þeim í því efni sem hér um ræðir. Halda stefnendur því fram að af hálfu eigenda jarðarinnar hafi þetta ekki síðar verið viðurkennt þannig að bindandi sé gagnvart öðrum málsaðilum, enda þótt þeir hafi kosið að láta á það reyna hverju orka mætti með mati í venjulegu formi.

Áður en úrskurður gekk í gerðardómsmálinu höfðu veiðifélög í fiskihverfi Hvítár kynnt sjónarmið sín um það álitaefni, hvort breyting væri orðin á stöðu ósabænda við Hvítá vegna laga nr. 76/1970, þannig að veiðifélögin væru nú orðin réttir greiðendur bóta til bændanna í stað ríkissjóðs og sýslusjóðs. Gerðu þau þetta með bréfi Jónasar Aðalsteinssonar hrl. hinn 13. febrúar 1973 (dskj. 16), þar sem þessu var eindregið mótmælt, m.a. með vísan til gerðardómssamnings og svo þess, að hinar umdeildu veiðitakmarkanir væru ekki að frumkvæði félaganna.

Jafnframt stóð svo á um þessar mundir, að gerðardómsmál var í vændum um bótakröfur Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, fyrir veiðitjón áranna 1971-73, og var úrskurður um þær kveðinn upp hinn 18. júní 1974 (dskj. 12). Þar höfðu Sigþór og lögmaður ríkissjóðs báðir talið rétt, að yfirmatsmenn úrskurðuðu málið sem gerðardómendur, en lögmaður sýslusjóðs var því mótfallinn og vísaði í því sambandi til hinna nýju laga nr. 76/1970.

Sjálfir töldu þeir rétt að ákveða Sigþóri bætur skv. 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970, en hinsvegar leystu þeir ekki úr ofangreindu álitaefni, heldur afgreiddu það með þessum ummælum: „Undirritaðir ákveða bætur til sækjanda máls þessa, Sigþórs Þórarinssonar, með sama hætti, hvort sem þeir teljast gerðardómendur eða yfirmatsmenn samkvæmt 3. tölulið 94. gr. laga nr. 76/1970."

Enn gerðist og það, að bóndinn í Bóndhól, Jón Guðmundsson, lagði fram beiðni um bótaákvörðun vegna áranna 1970-1973 hinn 19. nóvember 1974. Var þar tekið fram varðandi formhlið málsins, að það væri lagt fyrir yfirmatsmenn á sama grundvelli og áður (þ.e. til gerðardómsmeðferðar), og teldi Jón tjón sitt sambærilegt við tjón bóndans í Einarsnesi. Af hálfu ríkissjóðs og sýslusjóðs var ekki hreyft athugasemdum við því, að yfirmatsmenn ákvörðuðu tjónið, en hinsvegar var mótmælt bótaskyldu aðilanna.

Úrskurður yfirmatsmanna í þessu Bóndhólsmáli var kveðinn upp hinn 5. nóv. 1975 (dskj. 13), og segir þar meðal annars:

„Yfirmatsmenn fara með mál þetta ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 809-810.]

... veiðieigendum í fiskihverfi sínu."

Niðurstaðan varð þannig sú að engar bætur voru greiddar, þar sem Veiðifélag Borgarfjarðar var ekki aðili að málinu, né heldur hafði sóknaraðili gert neinar kröfur á hendur þeim.

Að þessari afgreiðslu stóðu þó aðeins 2 yfirmatsmenn, en hinn þriðji skilaði séráliti (dskj. 14) og taldi að eiganda Bóndhóls bæru bætur skv. 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. úr hendi ríkissjóðs og sýslusjóðs, fyrir árin sem um var að tefla. Byggði hann það sumpart á gerðardómsmeðferð þeirri sem um hafði verið samið, en einnig á því að bóndinn hlyti að teljast hafa misst veiði sína að mestu eða öllu í merkingu þessa lagaákvæðis.

Í greinargerð stefnenda kemur fram að eigendum Ölvaldsstaða hafi þótt þessi staða mála, sem upp var komin við þessa úrskurði yfirmatsmanna, hvorki mjög ljós né álitleg og talið eðlilegt eins og á stóð að láta á það reyna, áður en leitað væri dómstólaúrræða, hvort þeir gætu náð rétti sínum með mati samkvæmt laxveiðilögum í venjulegu formi og hafi þeir þá m.a. haft í huga hið sama og yfirmatsmenn sögðu sjálfir í máli Sigþórs Þórarinssonar, að þeir mundu ákveða bætur með sama hætti hvort sem þeir teldust gerðardómendur eða yfirmatsmenn.

Eigendur Ölvaldsstaða óskuðu dómkvaðningar með bréfi til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á árinu 1976 vegna áranna 1970-75. Kom þar fram, að beðið væri um dómkvadda menn skv. XV. kafla laga nr. 76/1970 til að meta það tjón, sem þeir álitu sig hafa orðið fyrir vegna breytinganna á lax- og silungsveiðilögum frá 1957. Dómkvaðning fór fram 26. okt. 1976. Dómkvaðningin sætti hinsvegar kæru frá Veiðifélagi Borgarfjarðar hinn 4.

nóv. 1976 og felldi Hæstiréttur hana úr gildi með dómi sínum hinn 15. febr. 1977.

Að þeim úrslitum fengnum báðu stefnendur um dómkvaðningu með bréfi 20. febrúar 1978 og var beiðnin svipaðs efnis og hin fyrri, nema fram var tekið að bótakröfum væri beint að ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, en til vara gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar. Dómkvaðning fór fram 2. desember 1978, og náði hún til áranna 1970-77.

Matsmenn, sem voru tveir, skiluðu matsgerð sem dagsett er 31. maí 1980. Í henni segir m.a. svo:

„Sex net voru lögð niður við lagabreytinguna, en sjö net hafa verið notuð áfram, þó yfirleitt ekki nema sex hvert ár.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, má sjá að töpuð veiði á Ölvaldsstöðum er allmikil. Við mat á tapaðri veiði telja matsmenn rétt að miða við meðaltal síðustu 10 ára fyrir breytingu lax- og silungsveiðilaganna árið 1957, þ.e. árin 1946-1957. Á þeim 10 árum er hlutur Ölvaldsstaða 5,72% í heildarveiði vatnahverfisins, en meðaltal áranna 1970-1977 (átta ár) sýnir að hlutur þeirrar jarðar hefur rýrnað um 2325 laxa, eða 8.118 kg. Meðalþungi fiska á þessari jörð hefur ekki breytzt svo teljandi sé. Töpuð veiði á Ölvaldsstöðum þessi ár er 36,64% miðað við það sem hún hefði átt að vera ef lagnir hefðu verið þær sömu og fyrir árið 1957.

.....

Til grundvallar útreikningi á tjóni matsbeiðenda telja matsmenn rétt að miða við verð á laxi um sl. áramót, eða eins og það var sl. ár hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Samkvæmt riti Kaupfélags Borgfirðinga, útgefnu í desember 1979, var meðalverð á laxi, seldum bæði innanlands og utan, kr. 2.562,00 og er það 15,96 sinnum hærra verð en árið 1970. Það er lægra hlutfall en verðhækkun á öðrum landbúnaðarvörum, t.d. kindakjöti og mjólk, sem hefur hækkað 16,5 falt á sama tíma, samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

Samkvæmt því sem að framan greinir reiknast tjón matsbeiðenda fyrir árin 1970-1977, að báðum meðtöldum, kr. 20.778.316 (8118 kg, á kr. 2.562).

.....

Vegna fólksfæðar á sveitaheimilum eru bændur nú flestir einyrkjar, og hafa þeir eigi tíma til að stunda netaveiðar sjálfir. Það er því orðið mjög algengt að veiðieigendur ráði menn til þess að veiða fyrir sig, og er það venja að helmingur þess sem veiðist komi í hlut veiðimanna, en helmingur í hlut eiganda veiðiréttar. Fari veiði á jörð niðurfyrir 360 laxa nægir ekki helmingur aflans til greiðslu kostnaðar, þar sem lágmark hans er verðmæti 180 fiska, ef lagnir eru eigi náttúrugerðar. En svo er ekki í þessu tilviki.

.....

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan sú að tjónþolar eiga skaða-

bótarétt á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt ákvæðum 1. tl. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, og ber þeim aðilum in solidum að bæta þeim hið metna tjón. Rétt þykir að ákvarða tjónþolum vexti af matsupphæðinni er verði jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, og reiknist vextir frá 1. janúar 1980 til greiðsludags."

Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skutu matsgerðinni til yfirmats hinn 24. júní 1980. Yfirmatsmenn luku mati sínu 10. apríl 1981. Meirihluti yfirmatsmanna tók m.a. fram í yfirmatsgerðinni:

„Um aðdraganda og sögu þessa máls er vísað til matsúrskurðar í matsmálinu Jón Guðmundsson bóndi gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda, en til vara ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, sem kveðinn var upp í dag, 10. apríl 1981, og fylgir hér með.

Samkvæmt töflu, sem lögð hefir verið fram af hálfu sóknaraðilja, er töpuð veiði þeirra árin 1970-1977 36,64% samkvæmt laxafjölda.

Þeir hafa þannig ekki misst veiði sína að mestu eða öllu, þ.e. að mestöllu, fyrir aðgerðir laganna og eiga þeir því ekki kröfu á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Rétt þykir að meta bætur handa Guðrúnu Fjeldsted, Sigurði Fjeldsted, Birni H. Jónssyni og Einari Runólfssyni samkvæmt 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda þannig:

Fyrir árið 1970	gkr.	568.660
Fyrir árið 1971	—	1.009.509
Fyrir árið 1972	—	1.061.707
Fyrir árið 1973	—	982.532
Fyrir árið 1974	—	0
Fyrir árið 1975	—	907.172
Fyrir árið 1976	—	1.572.869
Fyrir árið 1977	—	2.058.747
Samtals	gkr.	8.161.196
þ.e.	nýkr.	81.611,96

Ber Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda að greiða nefndum sóknaraðiljum nýkr. 81.611,96 ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 1. febrúar 1981 og svo matskostnað sem ákveðst nýkr. 2000,00."

Í matsmáli Jóns Guðmundssonar á Bóndhól tók meirihluti yfirmatsmanna m.a. fram:

„Samkvæmt því sem rakið hefur verið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 810-811.]

... kröfur hjá réttum skuldunaut."

Einn yfirmatsmanna skilaði séráliti sem einnig er dagsett 10. apríl 1981. Í sérálitinu segir m.a.:

„Fallast ber á þann skilning undirmatsmanna og veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að við skýringu á 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 skipti meginmáli hver áhrif lögákveðin veiðitakmörkun hafi á hreinan arð af veiði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því sem áður hefur verið rakið um skýringu sama lagaákvæðis ber einnig að fallast á það með undirmatsmönnum að í máli þessu sé um svo verulegan veiðimissi að ræða að veiðieiganda beri bætur úr sýslusjóði og ríkissjóði eftir ákvæði þessu. Er rétt að hafa hér í huga að jarðeigendur höfðu öðlast löglega ákveðinn bótarétt á hendur umræddum aðilum í tilefni af veiðitakmörkunum samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu ber að meta eigendum Ölvaldsstaða bætur fyrir tjón það sem í málinu greinir, og greiðist bætur þessar að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Ekki kemur hér til úrlausnar, hvort sýslusjóður Mýrasýslu eigi endurkröfu á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu né heldur stjórnskipulegt gildi ákvæða lax- og silungsveiðilaga um greiðsluskyldu sýslusjóða vegna veiðitjóns.

Óhnekkt er skýrslum þeim sem lagðar voru til grundvallar undirmati um veiði í Hvítá fyrir landi Ölvaldsstaða, og verður að telja veiðirýrnunina í meginatriðum hæfilega ákveðna í undirmati, enda hafa ekki verið færð viðhlítandi rök að því að veiði hafi að neinu leyti verið ólögleg fyrir gildistöku laga nr. 38/1970. Meginsjónarmið við ákvörðun bóta, ekki síst bóta af því tagi, sem hér um ræðir, hlýtur að vera það að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Ber því að færa bætur fyrir aflatjón hvers árs sem matið tekur til í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta við ákvörðun bóta, ber að staðfesta niðurstöðu undirmats um bótafjárhæð, enda hefur ekki komið fram af hálfu tjónþola nein krafa um breytingu á því mati.

Eftir atvikum þykir rétt að ríkissjóður greiði kostnað bæði af undirmati og yfirmati."

Veiðifélag Borgarfjarðar neitaði að gangast við bótaskyldu svo og ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Höfðuðu stefnendur þá mál þetta með stefnu birtri 17. desember 1981.

V.

„Lögmaður stefnenda hefur ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 852-855.]

... ríkissjóð eða aðra stefndu."

14. Stefnendur hafi ekki haft lögfræðing í þjónustu sinni á meðan

fjallað var um matsmálin, fyrr en 23. febrúar 1981. Einhver skortur kunni því að hafa orðið á formlegum mótmælum í sambandi við rekstur matsmálanna. Í þessu sambandi beri þó að hafa í huga, að sú samstaða, sem mótaðist á árunum 1957-1959 með öðrum veiðieigendum, sérstaklega með Jóni á Bóndhóli, hafi haldist alla tíð.

15. Stefnendur hafi ekki fengið sérstakan úrskurð svo sem yfirmatsmenn gáfu 5. nóvember 1975 í máli Jóns á Bóndhóli. Hinsvegar líti stefnendur svo á, að sá úrskurður yfirmatsmanna hafi verið prófmál fyrir alla hina veiðieigendurna.

16. Kröfur stefnenda á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu eru byggðar á sama grundvelli og kröfur þeirra gagnvart Mýrasýslu, sem sé þeim, að sýslusjóðurinn sé eða geti verið „sýslusjóður viðkomandi héraðs" í merkingu 3. málsgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 og sýslan sjálf verið „sýsla sú, sem í hlut eigi" í merkinu 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. ásamt Mýrasýslu. Geti hún þannig orðið bótaskyld með Mýrasýslu gagnvart stefnendum samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum laxveiðilöggjafarinnar og/eða þeim meginreglum bóta- og eignarréttar, sem þessi ákvæði eru tengd. Í framkvæmd geti sú bótaskylda hvort heldur orðið bein, með því að kröfu sé beint að Borgarfjarðarsýslu jafnhliða Mýrasýslu, eða með óbeinum hætti, þannig að kröfu sé beint að Mýrasýslu, er síðan eigi endurkröfurétt á hendur Borgarfjarðarsýslu.

17. Kröfur stefnenda geta einnig átt við, þótt bótaskylda sé byggð á úrskurði yfirmatsmanna sem gerðardómsmanna árið 1959, eins og fram komi í 2. aðildarkröfu í framhaldsstefnu. Meðal annars sé þess þar að gæta, að úrskurðurinn og gerðardómssamningur aðila hafi falið í sér tilraun til að framfylgja laxveiðilögunum frá 1957 eða vilja löggjafans, en ekki til að rifta þeim eða raska.

18. En að auki virðist fullheimt að líta svo á, að Borgarfjarðarsýsla eigi að vera bundin við gerðardómsmeðferðina vegna samningslegra tengsla, þar sem þátttaka Mýrasýslu í að koma meðferðinni á hljóti að hafa bindandi áhrif á stöðu Borgarfjarðarsýslu, ef hún teljist bótaskyld, þar sem um samaðild eða samhliða aðild sé að ræða. — Og segja megi um gerðardóminn, að honum hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst að skera úr um bótaaðild, heldur umfang bótaskyldunnar og fjárhæð tjóns.

19. Í skjölum málsins komi ekki fram, hversvegna Borgarfjarðarsýsla var ekki aðili að bótaákvörðun við gerðardómsmeðferðina 1959 og síðar. Telja stefnendur, að yfirmatsmenn samkvæmt laxveiðilögum, er gerðardóminn sátu, hafi gert ráð fyrir þeirri tilhögun. Hafi afstaða þeirra annaðhvort ráðizt af þeirri skoðun, að Borgarfjarðarsýsla væri ekki bótaskyld, eða hinu að þátttaka hennar í málinu væri ekki nauðsynleg eins og á stæði, þar sem hún ætti þá sameiginlega aðild með Mýrasýslu, er væri málsaðili, Kunni

þá einnig að hafa verið litið til þess, að bótaskylda Borgarfjarðarsýslu væri máske auðveldust meðferðar milli hennar og Mýrasýslu, á grundvelli endurkröfu. — Allavega sé ljóst, að umrædd tilhögun eigi rót að rekja til þess, að Mýrasýsla sé heimasýsla stefnenda og veiði þeirra innan marka hennar landfræðilega séð.

20. Stefnendur telja ennfremur víst, að umboðsmenn aðila hafi veitt þessari tilhögun samþykki sitt, þótt forsendur þeirra liggi ekki fyrir, en lögmaður þeirra við gerðardómsmálið 1959 sé nú látinn. Á hinn bóginn telja þeir mestu skipta, hver afstaða fulltrúa Mýrasýslu hafi verið í þessu efni. Geti þeir ekki átt að þurfa að bera neinn halla af því nú, ef fyrirsvarsmenn Mýrasýslu hafi þá kosið að vera án Borgarfjarðarsýslu í málinu.

21. Að öðru leyti ítreka stefnendur, að þeir geti vel sætt sig við umrædda tilhögun á málsaðild, og vilja aðeins hafa það sem réttast þykir í þessu efni. Megi og gera ráð fyrir að sakaraðild Borgarfjarðarsýslu skipti litlu fyrir þá sjálfa nema svo færi, að sýslurnar yrðu báðar taldar bótaskyldar pro rata. Frá sjónarmiði þeirra er Borgarfjarðarsýslu þannig fyrst og fremst stefnt inn í málið í öryggisskyni, svo unnt sé að fjalla um hugsanlega bótaskyldu hennar jafnhliða bótaskyldu annarra aðila.

22. Af hálfu stefnenda er því andmælt, að kröfur þeirra séu fallnar niður fyrir fyrningu og tómlæti.

VI.

„Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 856-857.]

... vegna 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957."

Með bréfum dagsettum 25. nóvember 1972 og 21. apríl 1973 hafi eigendur farið fram á bætur fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir Ölvaldsstaðalandi fyrir árin 1960 til 1972, að báðum meðtöldum. Samhljóða niðurstaða yfirmatsnefndarinnar hafi verið sú, að Ölvaldsstöðum skyldu ákveðnar bætur fyrir árin 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, kr. 190.000,00, ásamt vöxtum frá 25. nóvember 1972 til greiðsludags. Hins vegar segi í forsendum yfirmatsnefndarinnar í gerðardómsúrskurðinum frá 25. maí 1975 (dskj. 11), að ákvörðun tjónbóta til sækjenda fyrir skerta veiðiaðstöðu árin 1970 til 1972, að báðum meðtöldum, skuli fara skv. 94. gr. og 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. En þar sem undirmat hafi ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðilar hafi ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna, hafi yfirmatsmenn brostið bærni til þess að meta tjónbætur að svo vöxnu máli.

„Þegar þetta síðastnefnda mat fór fram ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 857-858.]

... bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957."

VII.

Því er haldið fram af hálfu stefnda sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að gerðardómssamningurinn og gerðardómurinn séu óskuldbindandi fyrir þennan sýslusjóð, þar sem þessi sýslusjóður hafi ekki verið aðili að samkomulaginu sem gert var á sínum tíma um gerðardóm. Þá brjóti niðurstaða gerðardómsins í bága við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957. Af þeim sökum beri að líta alveg fram hjá úrskurði gerðardómsins.

„Þá er því haldið fram ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 819-821.]

... úti á firðinum."

Varakrafa um lækkun á kröfum stefnenda er m.a. byggð á síðastgreindum sjónarmiðum.

Vaxtakröfu stefnenda er mótmælt sem of hárri.

Af hálfu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu er á það bent að hugsanlegt sé að sýslusjóðurinn hafi í upphafi verið aðili að gerðardómsmálinu, en hafi síðar horfið úr málinu svo að úrskurður gerðardómsins hafi aldrei tekið til sýslusjóðsins.

Þá er því haldið fram að eigendur Ölvaldsstaða hafi fallið frá því að byggja á gerðardómsmálsmeðferðinni, þegar þeir rituðu matsbeiðnina á dómskjali nr. 17, en þar hafi þeir óskað þess að sýslumaður dómkveddi „tvo menn samkvæmt XV. kafla um matsgerðir og skaðabætur í lögum frá 1970".

Þá hefur því einnig verið haldið fram að skerðing sú sem varð hafi ekki verið bótaskyld samkvæmt 35. gr. nýrri laganna nr. 76/1970.

VIII.

„Sýknukrafa ríkissjóðs er á því byggð ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 200/1985 bls. 859-860.]

... mótmælt sem of hárri."

IX.

„Því er haldið fram ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 822-824.]

... mótmælt á þessum grundvelli."

11. Matsgerðir matsmanna í máli þessu hafi ekki réttaráhrif umfram það að vera matsgerðir og séu þannig ekki sjálfstæðir úrskurðir, sem einungis yrði hnekkt með málskoti til Hæstaréttar.

15. Þá er á það lögð áhersla, að samkvæmt Grágás og síðari ákvæðum laga um laxveiðar hafi ætíð verið um að ræða tiltölulega víðtækar takmarkanir á veiðirétti manna, sem hafi ekki haft í för með sér neina bótaskyldu.

Álit réttarins.

„Telja verður að matsnefndir ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 824-827.]

... hafi hann einhver verið."

Í 109. gr. laga nr. 53/1957 sagði að um fjárhæð bóta færi eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, „sbr. þó 35. gr.". Þessu ákvæði var ekki breytt með lögum nr. 38/1970. Hins vegar hefur tilvísunin í 35. gr. verið felld niður í endurútgáfu laganna án þess að sú breyting hafi hlotið þinglega meðferð. Í 17. gr. núgildandi laga um eignarnám nr. 11/1973 segir að leita megi úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnámsbóta, þ.á m. ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta. Í 1. gr. sömu laga segir að í engu skuli haggað ákvæðum laga nr. 76/1970.

Stefnendur virðast hafa leitað úrlausnar matsmanna í fullu samræmi við gerðardóminn og af upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu, virðist mega treysta því að matsmenn hefðu reiknað bætur eftir sömu grundvallarsjónarmiðum, hvort sem þeir byggðu á reglum gerðardómsins eða ákvæðum gildandi laga um lax- og silungsveiði, en í úrlausn meirihluta yfirmatsnefndar er miðað við að bætur greiðist úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar, og mótast niðurstaðan að nokkru leyti af sérstökum atvikum varðandi skipti Veiðifélagsins og stefnenda. Stefnendur þykja hafa fært fram veigamikil rök fyrir því, að meirihluti yfirmatsnefndar hafi ekki verið á annarri skoðun en minnihlutinn og undirmatsmenn um bótarétt stefnenda að öðru leyti. Eins og málið liggur nú fyrir, sbr. dóm Hæstaréttar 19. apríl 1985 í máli Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, þykir það vera í besta samræmi við gerðardóminn að ákveða stefnendum bætur í samræmi við álit minnihlutans og undirmatsnefndar að því er varðar fjárhæð, en þó þannig að ¾ hlutar greiðist úr ríkissjóði og ¼ úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Eins og málið liggur fyrir þykja stefnendur ekki hafa fært rök að því, að þeir eigi rétt á því að matsfjárhæðin verði umreiknuð til hækkunar með hliðsjón af verðlagsbreytingum og er þá m.a. haft í huga að vextir, sem stefnendur fá tildæmda, fela að hluta í sér verðbótaþátt.

Ákvæði lax- og silungsveiðilaga virðast ótvírætt fela í sér pro rata ábyrgð gagnvart stefnendum. Verður krafa stefnenda um solidariska ábyrgð því ekki tekin til greina.

Svo sem greinir í úrskurði yfirmatsmanna frá 25. maí 1973 höfðu stefnendur árlega unnið að því að fá tjón vegna veiðimissis eftir 1969 metið og bætt. Síðan hafa stefnendur fylgt fram kröfum gagnvart ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu bæði fyrir matsmönnum og síðar fyrir dómstólum. Verður því ekki fallist á það með stefndu, ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, að tómlæti um kröfugerð eigi að leiða til missis bótaréttar á hendur þeim.

Í samræmi við niðurstöðu matsmannanna þykir bera að fallast á kröfu stefnenda um hæstu lögleyfðu innlánsvexti enda virðist þessi krafa hvorki fara í bága við gerðardóminn né lög. Vextir þessir ákveðast eins og nánar greinir í dómsorði. Niðurstaða dómsins er þá sú samkvæmt ofanrituðu, að stefnendum beri greiðsla kr. 207.783,20 auk vaxta eins og greint er í dómsorði og málskostnaður eins og greinir hér að neðan úr ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu í þeim hlutföllum sem að ofan greinir. Í samræmi við ofangreindar niðurstöður þykir bera að sýkna stefndu Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu af öllum kröfum stefnenda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,00. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnenda annars vegar og Veiðifélags Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu hins vegar falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, dánarbús Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar, Guðrúnar Fjeldsted og Sigurðar Fjeldsted, í máli þessu. Málskostnaður milli stefnenda og þessara aðila fellur niður.

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu, greiði stefnendum, kr. 207.783,20 með 43,5% ársvöxtum frá 1. janúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20. ágúst 1984, með 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. október 1984, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000,00 í málskostnað. Þar af greiðist ¾ hlutar úr ríkissjóði og ¼ hluti úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar.

Ég er sammála meirihluta dómenda um annað en bótaskylt tjón stefnenda.

Samkvæmt því sem fram er komið í málinu hafði margnefnt ákvæði 3. töluliðs 35. gr. laga nr. 53/1957 það í för með sér að bændurnir í Einarsnesi, á Bóndhóli, Holti og Brennistöðum, fengu ekki lengur að stunda laxveiðar í netalagnir í álum úti á ósasvæðinu. Þannig virðist bóndinn í Einarsnesi hafa þurft að leggja niður um fimm netalagnir sem hann áður nytjaði í álum fyrir landi sínu. Bóndinn á Bóndhóli telur sig hafa orðið að leggja niður 9 lagnir og bændurnir í Holti og Brennistöðum tvær lagnir. Ofangreindar jarðir eru allar fyrir neðan Ölvaldsstaði og norðan Hvítár. Ljóst er að þessar friðunaraðgerðir hafa haft í för með sér mun greiðari leið fyrir laxinn á göngu sinni upp eftir ánni fyrir landi þessara jarða eftir að netalagnir í álunum voru ekki lengur notaðar.

Við lagabreytinguna þurftu eigendur Ölvaldsstaða einnig að leggja niður veiðilagnir sem þeir höfðu notað í álum fjarri landi. Í undirmatsgerð segir: „Sex net voru lögð niður við lagabreytinguna, en sjö net hafa verið notuð áfram þó yfirleitt ekki nema sex hvert ár.“ Virðist netafjöldinn í matsgerðinni vera tíundaður hærri en leiða má af úrskurði gerðardómsmanna frá 29. september 1979 sbr. kafla IV hér að framan. Og í bréfi Gests Kristjánssonar veiðieftirlitsmanns, dagsettu 31. júlí 1959 segir svo: „Frá Ölvaldsstöðum hafa verið 3-4 veiðivélar landfastar og tel ég að svo geti enn verið. Staðir eru þessir: Ein norð-austur af Magnúsarhöfða, ein suður af Magnúsarhöfða, ein norður af Lambakró og ein suðaustur af Lambakró. Sú síðast talda hefur fremur sjaldan verið starfrækt. Þess má og geta að suður af Regnbakka hefur oftast nær verið veiðivél frá Ölvaldsstöðum og veit ég ekki nema hún gæti verið þar enn þrátt fyrir hin nýju lagaákvæði, sem hér um ræðir.“ Á kortum, sem lögð hafa verið fram af hálfu stefnenda, er því haldið fram, að þrjár lagnanna, sem lagðar voru niður, hafi verið neðan við Lambakró en þrjár ofan við.

Nú hagar svo til á Ölvaldsstöðum að fyrir landi jarðarinnar er eyja sem ber nafnið Lambakró. Milli eyjarinnar og lands rennur áin nú í föstum farvegi, og í sundinu þarna er góð gönguleið fyrir lax upp ána. Hafa eigendur Ölvaldsstaða þar líka netalagnir bæði út frá eyjunni og einnig út frá fastalandinu. Svo sem aðstæðum er háttað þarna þrengir mjög að laxinum þegar hann nálgast eyjuna á leið sinni upp ána. Verður hann annaðhvort að synda milli lands og eyjar eða fyrir utan eyjuna. Við þessar náttúrulegu

aðstæður, sem mynda eins konar trekt á gönguleið laxins, má ljóst vera að veiðimöguleikar í netalagnir á Ölvaldsstöðum, bæði frá eyjunni og fastalandinu á móts við eyjuna, hljóta að hafa aukist verulega við það að bændurnir neðar með ánni á áðurgreindum jörðum gátu ekki lengur stundað veiðar í veiðivélar sínar úti í álunum fjarri landi.

Veiðivélar í álum án tengsla við fastalandið voru almennt erfiðari og dýrari í rekstri en þær lagnir sem lagðar voru út frá landi, m.a. vegna þess að flóðs og fjöru sjávar gætir á þessu svæði.

Í málinu liggja frammi veiðiskýrslur frá Veiðimálastofnun yfir laxveiði í net á Ölvaldsstöðum, en tölur þessar „eru samkvæmt veiðiskýrslum, sem Veiðimálastofnun hafa borist árlega" frá Ölvaldsstöðum. Í skýrslunum kemur m.a. fram:

Ár	*Fjöldi laxa*	*Þyngd í kg*	*Ár*	*Fjöldi laxa*	*Þyngd í kg*
1950	203	691	1970	376	1124
1951	376	1504	1971	496	1961
1952	315	1103	1972	536	2242
1953	313	1330	1973	341	1036
1954	285	1026	1974	684	2030
1955	528	1426	1975	720	2361
1956	352	1408	1976	451	1583
1957	598	1973	1977	423	1486
	2.970	10.461		4.027	13.823

Þegar það er virt sem að ofan er rakið, svo og það að veiði á Ölvaldsstöðum hefur samkvæmt skýrslum, sem veiðieigendur hafa sent Veiðimálastofnun, aukist verulega á því tímabili sem hér er um að ræða miðað við átta ára tímabilið fyrir gildistöku laga nr. 53/1957 án þess að því sé haldið fram að kostnaður við veiðarnar hafi aukist, þykja stefnendur ekki hafa sannað nægjanlega, að þeir hafi orðið fyrir bótaskyldu fjárhagstjóni á tímabili því sem um ræðir í máli þessu vegna veiðitakmarkananna sem 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957 höfðu í för með sér fyrir stefnendur, enda verður eigi talið að það geti ráðið úrslitum hér þó að veiði í net á Ölvaldsstöðum hafi samkvæmt veiðiskýrslum ekki aukist eins mikið og heildarlaxveiði í vatnahverfinu á nefndu tímabili.

Ég tel því að sýkna beri alla stefndu af kröfum stefnenda en hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 307/1986
og 328/1986 **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hauki Engilbertssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
Krisjáni Aðalsteinssyni og
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
Árna Árnasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Skjalafals. Hylming. Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Hlutdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Einar Ingimundarson bæjarfógeti.

Áfrýjað er dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. mars 1986 á hendur öllum hinum ákærðu og dómi sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1986 á hendur ákærða Kristjáni Aðalsteinssyni, en með þeim dómi var hann dæmdur til refsingar ásamt tveimur mönnum öðrum, sem báðir undu dómi og ákæruvald einnig að því er til þeirra tók. Brot þau sem ákærða Kristjáni eru gefin að sök eru öll talin framin áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Eru málin því dæmd í einu lagi í Hæstarétti.

Dóminum 24. mars 1986 er áfrýjað 15. apríl 1986 að ósk allra hinna ákærðu en jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Dóminum 26. maí 1986 er áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar en ákærði Kristján undi þeim dómi.

Ágrip beggja málanna bárust Hæstarétti 5. febrúar 1987.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir að því leyti sem þeim er áfrýjað með eftirtöldum frávikum:

1. Brot ákærða Árna Árnasonar verði heimfært til refsiákvæða samkvæmt aðalkröfu í ákæru og honum refsað samkvæmt 173. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Refsingar allra ákærðu verði þyngdar, bæði fangelsisrefsingar og fésektir, þar með taldar refsingar ákærða Kristjáns samanlagðar samkvæmt báðum dómum.

Loks krefst ákæruvald þess að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar.

I.

Ákæruefni sem dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum lýtur að.

Með játninum ákærðu sem studdar eru öðrum sakargögnum er leitt í ljós að þeir hafa gerst sekir um þann verknað sem þeim er gefinn að sök í ákæruskjali. Um var að tefla kaup og innflutning mikils magns af ávana- og fíkniefnum ætluðum til sölu til margra manna. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brots til refsiákvæða að því er varðar ákærðu Sigurð Hauk Engilbertsson og Kristján Aðalsteinsson. Þá þykir og bera að heimfæra brot ákærða Árna Árnasonar til sömu refsiákvæða og brot annarra ákærðu. Verður öllum ákærðu því refsað samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. einnig 22. gr. sömu laga að því er varðar ákærða Árna er hljóta átti umbun sína fyrir flutning hinna innfluttu efna með sérstakri greiðslu.

II.

Ákæruefni sem dómur sakadóms Reykjavíkur lýtur að.

Með játningu ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar, sem studd er öðrum sakargögnum, telst sannað að hann framvísaði sparisjóðsbókum þeim sem greinir í 1.-8. tl. í III. kafla ákæru, sbr. 2.-7. tl. í I. kafla A í ákæruskjali, til úttektar á innistæðum eftir því sem þar greinir, vitandi að bækurnar voru stolnar. Notaði hann við þetta úttektarseðla með röngum nafnritunum sem ýmist voru ritaðar af honum sjálfum eða af öðrum með vitund og að fyrirlagi hans. Tókst ákærða með þessu að ná fé út úr sparisjóðsbókunum, samtals að fjárhæð 1.265.000,00 krónur. Varðar verknaður þessi við þau refsiákvæði sem í héraðsdómi greinir.

III.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður.

Refsing ákærða Sigurðar Hauks Engilbertssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Með vísan til forsendna héraðsdóms þykir og rétt að gera honum sektarrefsingu sem telst hæfilega ákvörðuð að öðru leyti en því að vararefsing verði fangelsi 25 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi 66 dagar er hann sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða Kristjáns ber að tiltaka í einu lagi vegna allra þeirra brota sem hann er sakfelldur fyrir með dómi þessum, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 5. maí 1987, um að ákærði hafi rofið skilorð reynslulausnar sem honum var veitt 20. apríl 1983 á 50 daga eftirstöðvum af fangelsisrefsingu. Að ákvörðun ráðuneytisins hóf hann afplánun á þessum eftirstöðvum fangelsisrefsingarinnar samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga er hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa 19. september 1984. Lauk hann úttekt á þessum eftirstöðvum 8. nóvember 1984 og verða þær því ekki teknar með við ákvörðun refsingar hans í þessu máli, sbr. 42. gr. hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. og 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða, sem áður hefur oft verið dæmdur fyrir brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni, hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár. Jafnframt verða sektarákvæði héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna, þó þannig að vararefsing verði fangelsi 25 daga verði sekt ekki goldin innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans, í samtals 138 daga vegna rannsóknar beggja málanna.

Refsing ákærða Árna Árnasonar verður ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga svo sem greint er í héraðsdómi og ákveðst hún fangelsi 18 mánuði. Jafnframt greiði hann 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga verði sektin ekki goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa. Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans undir rannsókn málsins, alls 24 dagar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum um eignaupptöku ber að staðfesta.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað, sem ákæruvald hefur krafist að verði staðfest, eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 40.000,00 krónur.

Ákærði, Árni Árnason, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 5/8 hlutum en ákærði Kristján einn að 3/8 hlutum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, sæti fangelsi í 2 ár og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 3 ár og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Árni Árnason, sæti fangelsi í 18 mánuði og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um eignaupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Ákærði Árni Árnason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 5/8 hlutum en ákærði Kristján Aðalsteinsson einn að 3/8 hlutum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. mars 1986.

Ár 1986, mánudaginn 24. mars var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn Sigurði Hauki Engilbertssyni, Kristjáni Aðalsteinssyni og Árna Árnasyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 á hendur Sigurði Hauki Engilbertssyni, Básenda 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. júlí 1958, Kristjáni Aðalsteinssyni, Njálsgötu 22, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1957, og Árna Árnasyni, Hverafold 48, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. október 1958.

Málið er höfðað gegn ofangreindum aðilum fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni,

„með því að hafa um mánaðamót október/nóvember 1983 staðið sameiginlega að innflutningi á rúmum 5 kg af hassi, 242,5 g af amfetamíni og 17 g af kókaíni. Ákærðu Sigurður Haukur og Kristján keyptu efnin í Hollandi 25.-27. október fyrir fé sem Sigurður Haukur lagði fram í þessu skyni og 28. s.m. afhentu þeir ákærða Árna efnin í Rotterdam til flutnings hingað til lands og voru efnin að verulegum hluta ætluð til sölu hér á landi. Ákærði Árni flutti efnin til landsins með ms. Lagarfossi, sem hann var skipverji á, og var samkomulag með ákærðu um að hann fengi greitt fyrir flutninginn, en lögreglan lagði hald á efnin 5. nóvember 1983 eftir komu skipsins til Straumsvíkur.“

Ofangreind meint háttsemi ákærðu Sigurðar Hauks og Kristjáns er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

Ofangreind meint háttsemi ákærða Árna er í ákæruskjali aðallega talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, en til vara við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980,

sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978 og auglýsingu nr. 314, 1981.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá er þess ennfremur krafist af hálfu ákæruvaldsins að 5.143,4 g af hassi, 242,5 g af amfetamíni og 17 g af kókaíni verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Ákærðu hafa allir náð sakhæfisaldri svo sem rakið var og hafa sætt eftirfarandi kærum og refsingum samkvæmt sakavottorðum sem öll eru dagsett 25.2. 1986:

Ákærði Sigurður Haukur:

1977 22/3 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot g. 7. gr. sbr. 36. gr., 18. gr. sbr. 39. gr. áfl.

1979 21/12 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Sátt: 85.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hgl. og að hluta 5. gr. s.l.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson:

1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 26.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. rg. 390/1974.

1977 6/10 í Reykjavík: Sátt: 192.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974, sbr. og 71. gr. hgl.

1978 22/9 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 29/6 '78.

1979 15/2 í Reykjavík: Sátt: 110.000 kr. f. brot g. 27. og 18. gr. umfl.

1979 11/5 í Reykjavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 60. sbr. 61. gr. tolllaga.

1981 9/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 77., 71. og 5. gr. hgl.

1981 20/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. og að hluta 2. tl. l. mgr. 5. gr. hgl.

1981 30/4 Borgarréttur Kaupmannahafnar, Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. d. fíkniefnalöggjöf og hegningarlögum.

1982 23/3 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-kveðinn 20.3. 1981, 5 mán. fangelsi og 4.000 kr. sekt.

1982 29/4 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.1. '82.

1982 29/9 í Reykjavík: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1982 18/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65/1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390, 1974.

1983 20/4 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar.

1985 13/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Ákærði Árni Árnason:

1978 25/1 á Seltjarnarn. Dómur: 45 daga varðhald skb. 2 ár f. brot g. 215. gr. hgl. 1. mgr. 26., 1. mgr. 37. l., 2. og 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 20 mán. frá 15/9 1976.

1984 6/3 á Seltjarnarn. Sátt: 1.200 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Mál þetta var þingfest 31. janúar sl. Munnlegur málflutningur fór fram 6. mars sl. og var málið dómtekið sama dag.

— — —

Málsatvik:

Hinn 5. nóvember 1983 var ákærði Árni handtekinn hér í borg og við lögregluyfirheyrslu sama dag viðurkenndi ákærði Árni að hafa flutt hingað til lands fíkniefni fyrir meðákærða Kristján Aðalsteinsson. Ákærði Árni var skipverji á m.s. Lagarfossi er ákærði Árni var handtekinn hinn 5. nóvember 1983 og var skipið þá nýlega komið hingað til lands frá Rotterdam og í framhaldi handtökunnar og yfirheyrslu hjá lögreglu vísaði ákærði Árni á pakka er falinn hafði verið í lest skipsins. Pakki þessi reyndist innihalda 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamíni og 17 grömm af kókaíni.

Ákærði Árni bar við lögregluyfirheyrslu 5. nóvember 1983, að hann hafi kynnst meðákærða Kristjáni fyrir nokkrum árum er þeir voru saman til sjós og kvaðst ákærði Árni hafa vitað til þess að meðákærði Kristján hafi gerst sekur um fíkniefnabrot bæði hér á landi og í Danmörku.

Við lögregluyfirheyrslu 14. nóvember 1983 lýsti ákærði Árni því er hann hitti meðákærða Kristján í miðbæ Reykjavíkur og greindi honum þá frá fyrirhugaðri ferð sinni erlendis sem skipverji á millilandaskipi og kvaðst ákærði Árni hafa boðist til að flytja fíkniefni hingað til lands fyrir meðákærða Kristján gegn fégreiðslu.

Ákærði Árni kvað svo hafa samist milli sín og meðákærða Kristjáns að ákærði Árni flytti hingað til lands fíkniefni og hafi verið rætt um að ákærði Árni fengi kr. 80.000,00 til 90.000,00 fyrir flutning fíkniefnanna til landsins og kvað ákærði Árni hafa verið ákveðið að hann hitti meðákærða í Rotterdam er m.s. Lagarfoss væri þar staddur í höfn.

Ákærði Árni bar við yfirheyrslu hjá lögreglu um það er hann hitti meðákærða Kristján í Rotterdam og er ákærði Árni fékk fíkniefni þar afhent og að við afhendinguna hafi verið staddur þriðji maður er ákærði Árni þekki á ljósmynd sem meðákærða Sigurð Hauk Engilbertsson.

Við nefnda lögregluyfirheyrslu 14. nóvember 1983 kvaðst ákærði Árni hafa vitað um efnismagn er hann ætti að flytja hingað til lands og kvaðst ákærði Árni hafa vitað um að um væri að ræða hassefni og annaðhvort amfetamín eða kókaín. Ákærði Árni kvað ytra hafa verið um það rætt milli sín og meðákærða Kristjáns að greiðsla fyrir flutning efnanna hingað til lands myndi hækka og geta numið allt að kr. 150.000,00. Ákærði Árni kvaðst einungis hafa átt að fá peningagreiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands.

Ákærði Árni var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og kvað hann þá atvikum rétt lýst í ákæruskjali og kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi skjalið.

Ákærði Árni bar við nefnda dómsyfirheyrslu í aðalatriðum efnislega á sama veg og rakið var að ofan. Ákærði Árni kvaðst alllöngu fyrir utanför sína hafa rætt við meðákærða Kristján með innflutning fíkniefna í huga og kvað ákærði Árni meðákærða Kristján strax hafa ákveðið að nýta sér boð ákærða Árna varðandi innflutning fíkniefna til landsins. Ákærði Árni kvaðst u.þ.b. tveimur dögum fyrir brottför skipsins hafa sett sig í samband við meðákærða Kristján og þá hafi svo um samist að ákærði Árni fengi greiddar kr. 100.000,00 til 150.000,00 fyrir flutning fíkniefnanna til landsins.

Ákærði Árni kvaðst ekkert hafa vitað um fjármögnun meðákærða Kristjáns varðandi fíkniefnakaupin eða hverjir kunni að eiga þátt í kaupunum með honum.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar 1984. Ákærði Kristján viðurkenndi þá að hafa samið við meðákærða Árna um það að sá síðarnefndi flytti fíkniefni til landsins gegn peningagreiðslu að upphæð kr. 150.000,00 til 200.000,00. Ákærði Kristján bar í aðalatriðum á sama veg og meðákærði Árni en framburður meðákærða Árna var rakinn hér að framan.

Ákærði Kristján kvaðst hafa sett sig í samband við meðákærða Sigurð Hauk Engilbertsson eftir að ákærði Árni hafði boðist til að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði Kristján kvaðst hafa greint meðákærða Sigurði frá áðurnefndum innflutningsmöguleika á fíkniefnum án þess þó að hafa í fyrstu nafngreint meðákærða Árna. Ákærði Kristján kvað meðákærða Sigurði Hauki hafa litist vel á ofangreindan möguleika á innflutningi fíkniefna. Ákærði Kristján kvað meðákærða Sigurð Hauk hafa tekið að sér að útvega fjármagn til ferðarinnar og til fíkniefnakaupanna ytra. Þá kvað ákærði Kristján svo hafa um samist milli sín og meðákærða Sigurðar Hauks

að sá síðarnefndi lánaði ákærða Kristjáni kr. 30.000,00 sem ákærði Kristján kvaðst hafa ætlað til kaupa á amfetamíni.

Ákærði Kristján kvaðst hafa haldið flugleiðis til Amsterdam hinn 25. október 1983 og þegar að kvöldi sama dags fest kaup á amfetamíni fyrir fé er meðákærði Sigurður Haukur hafði afhent ákærða Kristjáni fyrir brottför til Amsterdam. Ákærði Kristján kvaðst hafa keypt 250 grömm af amfetamíni af manni er ákærði Kristján kvaðst hafa komist í kynni við á nafngreindum bar í Amsterdam. Ákærði Kristján kvaðst hafa orðað við nefndan sölumann fíkniefna hvort sá gæti útvegað hassefni og hafi sölumaðurinn tekið vel í það að sögn ákærða Kristjáns.

Ákærði Kristján kvaðst hafa hitt meðákærða Sigurð Hauk daginn eftir að framangreind kaup áttu sér stað og lýsti ákærði Kristján því er þessir tveir ákærðu festu kaup á 5,2 kílóum af hassi af sama sölumanni fíkniefna og að framan var getið.

Ákærði Kristján lýsti við nefnda lögregluyfirheyrslu 13. janúar 1984 hvernig hann ásamt meðákærða Sigurði Hauki gekk frá fíkniefnum til afhendingar til meðákærða Árna og þá lýsti ákærði Kristján kaupum sínum á um 20 grömmum af kókaíni sem ákveðið var að kaupa.

Ákærði Kristján bar loks um afhendingu fíkniefnanna til meðákærða Árna og voru þá allir ákærðu saman í bifreið er meðákærði Sigurður Haukur hafði til umráða. Ákærði Kristján kvað hafa verið ákveðið að meðákærði Árni hefði við sig samband hér á landi eftir heimkomu og þá ákveðið með væntanlega afhendingu efnanna.

Ákærði Kristján kvaðst hafa átt 100 grömm af amfetamíninu sem ákærði Kristján kvað hafa verið keypt fyri 30 þúsund króna lánið frá meðákærða Sigurði Hauki, en að öðru leyti kvað ákærði Kristján ekki hafa verið ákveðið með framhaldið.

Ákærði Kristján var enn yfirheyrður af lögreglu 14. janúar 1983 og kvað þá hafa verið fyrirhugað að selja hluta af sínu efnismagni og að hluti hefði átt að fara til eigin neyslu og í neyslu kunningja.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og vísaði ákærði þá í framburði sína undir frumrannsókn máls þessa og bar ákærði Kristján á sama veg og rakið var hér að framan. Ákærði Kristján kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi efni ákæruskjals.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson var margsinnis yfirheyrður hjá lögreglu og hér fyrir dómi um meintan hlut sinn í máli þessu.

Ákærði Sigurður Haukur viðurkenndi aðild sína fyrst hér fyrir dómi 13. janúar 1984. Ákærði Sigurður Haukur var síðan yfirheyrður hjá lögreglu 16. janúar 1984 og bar þá í öllum aðalatriðum á sama veg og méðákærði Kristján varðandi aðdraganda ferðar, kaup og afhendingu fíkniefnanna til

meðákærða Árna í Rotterdam. Má hér vísa til framburða meðákærða Kristjáns er raktir eru hér að framan.

Ákærði Sigurður Haukur kvað hlut meðákærða Kristjáns í fíkniefnunum hafa verið 100 grömm af amfetamíni sem meðákærði Kristján hafi fengið fyrir 30 þúsundin er ákærði Sigurður Haukur lánaði meðákærða Kristjáni. Ákærði Sigurður Haukur kvað ekkert hafa verið ákveðið varðandi dreifingu fíkniefnanna utan að ákærði Sigurður Haukur kvaðst hafa ákveðið að selja hvert gramm af hassi á kr. 200.00, hvert gramm af amfetamíni á kr. 1500,00 og hvert gramm af kókaíni á kr. 5000,00 og kvaðst ákærði Sigurður Haukur hafa átt að fá í sinn hlut um eina milljón króna er allur kostnaður hafði verið dreginn frá.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og kvað háttsemi sinni vera rétt lýst í ákæruskjali og engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi efni ákæruskjals sem ákærði Sigurður Haukur taldi vera í samræmi við framburði sína undir frumrannsókn málsins.

Niðurstöður:

Með framburðum allra ákærðu sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum máls þessa er sannað að ákærðu hafa gerst sekir um eftirfarandi:

Ákærðu stóðu sameiginlega að innflutningi á 5.143,4 grömmum af hassi, 242,5 grömmum af amfetamíni og 17 grömmum af kókaíni hingað til lands um mánaðamót október/nóvember 1983.

Ákærðu Sigurður Haukur og Kristján keyptu fíkniefni í Hollandi 25.-27. október 1983 fyrir fé sem ákærði Sigurður Haukur lagði fram í þessu skyni. Hinn 28. október afhentu ákærðu Sigurður Haukur og Kristján ákærða Árna fíkniefni í Rotterdam til flutnings hingað til lands og voru fíkniefnin að verulegum hluta ætluð til sölu hér á landi. Ákærði Árni flutti fíkniefnin til landsins með m.s. Lagarfossi, sem hann var skipverji á, og var samkomulag með ákærðu um að hann fengi greitt fyrir flutninginn, en lögreglan lagði hald á efnin hinn 5. nóvember 1983 eftir komu m.s. Lagarfoss til Straumsvíkur.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákærði Sigurður Haukur viðurkenndi við yfirheyrslu undir frumrannsókn máls þessa að fíkniefni þau sem keypt voru og flutt til landsins og ákært er út af hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi.

Ákærði Kristján bar hér fyrir dómi 31. janúar sl. að hluti þeirra 100 gramma af amfetamíni er ákærði Kristján kvað vera sinn hluta efnisins hafi verið ætlaður til sölu hér á landi. Dómurinn telur að ákærða Kristjáni sem að verulegu leyti sá um kaup fíkniefnanna ytra hafi verið ljóst að fíkniefnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi.

Ákærði Kristján sætti fyrst refsingu fyrir fíkniefnabrot í júlí 1976 og hefur síðan margsinnis gerst sekur um fíkniefnabrot.

Ákærði Árni vissi um langan brotaferil ákærða Kristjáns varðandi fíkniefnamál. Ákærði Árni stuðlaði að framningu brota er hér er ákært út af með því að bjóða ákærða Kristjáni að flytja fíkniefni til landsins gegn peningagreiðslu. Ákærði Árni var þannig að þessu leyti frumkvöðull brota og ákærði Árni hefur borið að hafa að verulegu leyti vitað um efnismagn hassins er hann flutti til landsins og að hafa vitað að einnig hafi verið amfetamín eða kókaín en ekki kvaðst ákærði Árni hafa vitað um efnismagn þeirra efna.

Eftir að ákæruskjal var útgefið hefur reglugerð nr. 390, 1974 verið numin úr gildi og í hennar stað komin reglugerð nr. 16, 1986 og auglýsing nr. 293, 1978 einnig verið numin úr gildi með auglýsingu nr. 84, 1986.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 svo sem henni var breytt með auglýsingu nr. 293, 1978 var amfetamín sett í hóp þeirra efna er almennt voru bönnuð á íslensku forráðasvæði nema samkvæmt sérstakri undanþágu.

Samkvæmt núgildandi reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986 hefur stöðu amfetamíns verið breytt að þessu leyti þannig að efnið fellur nú ekki undir 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986 eða 2. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. fylgiskjal I með reglugerð nr. 16, 1986 þar sem amfetamín er ekki meðal ávana- og fíkniefna sem merkt eru sérstaklega sem efni sem óheimil eru samkvæmt 2. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Nýlega uppkveðnir hæstaréttardómar styðja að hluta þá túlkun dómsins að staða amfetamíns sé nú breytt svo sem rakið var, því að í hæstaréttarmálum nr. 259/1985, 248, 285 og 268, 1985 er reglugerð nr. 16, 1986 talin komin í stað auglýsingar nr. 293, 1978. Rökin fyrir því að telja reglugerð nr. 16, 1986 koma í stað auglýsingar nr. 293, 1978 eru þau, að auglýsingin nr. 293, 1978 var andstæð reglugerðinni nr. 16, 1986 varðandi stöðu amfetamíns þar sem auglýsingin nr. 293, 1978 felldi amfetamín örugglega undir efni er vörðuðu við 2. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 og 2. gr. laga nr. 65, 1974, en nýja reglugerðin nr. 16, 1986 breytti stöðu amfetamíns að þessu leyti svo sem rakið hefur verið. Samkvæmt ofanrituðu virðist töluliður nr. 2 undir liðnum undanþágur og athugasemdir í fylgiskjali I eða reglugerð nr. 16, 1986 ekki samrýmanlegur efni sjálfrar reglugerðarinnar.

Auglýsing nr. 84, 1986 þykir ekki vera til þess fallin að breyta stöðu amfetamíns að þessu leyti þar sem nefnd auglýsing fjallar um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf. Nefnd auglýsing nr. 84, 1986 kveður m.a. á um það að innflutningur (hér amfetamín) sé bundinn innflutningsleyfum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390, 1974. Þegar nefnd auglýsing nr. 84, 1986 var gefin út hafði reglugerð nr. 390, 1974 þegar verið

felld úr gildi með reglugerð nr. 16, 1986 og hlýtur því að eiga að vísa til reglugerðar nr. 16, 1986 í 4. tl. auglýsingar nr. 84, 1986 en ekki til reglugerðar nr. 390, 1974.

Í reglugerðinni nr. 16, 1986 er amfetamín merkt sem efni er innflutningsleyfa er krafist og er ítarlega kveðið á um innflutningsleyfi í reglugerðinni. Þær breytingar er átt hafa sér stað og raktar hafa verið þykja ekki bera vott um breytt refsinæmi brota ákærðu. Því til stuðnings má benda á dóma hæstaréttar uppkveðna 26. febrúar 1986 vegna brota fyrir innflutning á amfetamíni og einnig styðja hækkuð refsimörk í reglugerð nr. 16, 1986 að nokkru þá niðurstöðu að meðferð ákærðu á amfetamíni sé jafn refsinæm brot og var fyrir framangreinda breytingu á reglugerðinni og auglýsingu, þótt í máli þessu verði ekki beitt þyngri viðurlögum en heimil voru er ákærðu frömdu brot sín.

Verður í máli þessu alfarið beitt hinum nýju reglum, þó þannig að ekki verður beitt þyngri viðurlögum en heimil voru fyrir gildistöku reglnanna sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Mál þetta snýst um innflutning í söluskyni á sterkum og hættulegum fíkniefnum. Meðal efna var kókaín.

Svo sem rakið var telur dómurinn amfetamín ekki falla undir 2. gr. laganna nr. 65, 1974 eða 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, en við flutning málsins var vikið að nefndum breytingum á reglugerð og auglýsingu og málið reifað að hluta með breytingarnar í huga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Brot ákærðu Sigurðar Hauks og Kristjáns varða við verknaðarlýsingar 3. gr. laga nr. 65, 1974 og 3. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986 varðandi meðferð ákærðu á amfetamíni en brot þessara tveggja ákærðu varða við verknaðarlýsingu 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, varðandi meðferð þeirra á hassi auk þess að varða við auglýsingu nr. 314, 1981, vegna kókaínsins.

Brot þessara tveggja ákærðu þykir svo alvarlegs eðlis að þeim eigi að refsa eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64, 1974.

Brot ákærða Árna þykir ekki vera með þeim hætti að honum verði vegna þess gerð refsing eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974 svo sem brotið er aðallega talið varða við í ákæruskjali.

Brot ákærða Árna þykir varða við 2. gr. og 3. gr. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og nú 2. og 3. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986 og auglýsingu nr. 84, 1986 og auglýsingu nr. 314, 1981.

Kröfu ákæruvalds um að við ákvörðun refsingar ákærða Kristjáns verði

tekið tillit til reynslulausnar ákærða Kristjáns verður að skilja svo að krafa sé gerð um að 50 daga eftirstöðvar refsivistar ákærða Kristjáns verði dæmd með í máli þessu. Svo sem rakið var varðar brot ákærða Kristjáns við almenn hegningarlög og er því framkvæmdavaldshafa unnt að ákvarða að ákærði Kristján taki út 50 daga eftirstöðvar refsingar sem ákærði fékk reynslulausn á hinn 20. apríl 1983. Þrátt fyrir þetta þykir í máli þessu mega ákvarða ákærða Kristjáni refsingu í einu lagi fyrir brot það er hér er ákært út af og að teknu tilliti til 50 daga er ákærði fékk reynslulausn á hinn 20. apríl 1983 í 2 ár. Vísast í þessu sambandi til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Árna verður ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 vegna sáttar frá 6. mars 1984, sekt kr. 1200 fyrir umferðarlagabrot.

Ákærðu sammæltust varðandi framningu brota og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða Sigurðar Hauks hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, skulu 66 dagar er ákærði Sigurður Haukur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði Sigurður Haukur framdi brot sitt með viðskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja komi 50 daga fangelsi í sektar stað.

Ákærði Sigurður Haukur greiði skipuðum verjanda Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 20.864,00 vegna réttargæslu Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Refsing ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár, en ákærði Kristján hefur ítrekað gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 skulu 69 dagar er ákærði Kristján sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði Kristján framdi brot sitt að hluta með viðskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa komi fangelsi í 50 daga í sektar stað.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Björgvins Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns og þá greiði ákærði Kristján kr. 34.944,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Refsing ákærða Árna Árnasonar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, skulu 34 dagar er ákærði Árni sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Árni framdi brot sitt með vipskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa komi fangelsi í 50 daga í sektar stað.

Ákærði Árni greiði skipuðum verjanda Guðnýju Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanni kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 9.500,00 vegna réttargæslu Kristján Stefánssonar héraðsdómslögmanns.

Fallist er á upptökukröfur ákæruvaldsins í máli þessu og skulu með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 upptæk til eyðingar 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamíni og 17 grömm af kókaíni. Fíkniefnin eru merkt efnaskrá nr. 1073 í vörslum dómsins.

Annan sakarkostnað en að ofan er sérstaklega greindur greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, fæddur 9. júlí 1958, skal sæta fangelsi í þrjú ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 66 dagar er ákærði Sigurður Haukur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Sigurður Haukur greiði kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 50 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Sigurður Haukur greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns og kr. 20.864,00 vegna réttargæslu Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, skal sæta fangelsi í þrjú ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 69 dagar er ákærði Kristján sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Kristján greiði kr. 50.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 50 dagar í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Björgvins Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns og kr. 34.944,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Ákærði, Árni Árnason, fæddur 2. október 1958, skal sæta fangelsi í tvö ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 34 dagar er ákærði Árni sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Árni greiði kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð og komi 50 dagar í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Árni greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanns og kr. 9.500,00 vegna réttargæslu Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamíni og 17 grömm af kókaíni. Efnin eru nú merkt efnaskrá nr. 1073 í vörslum dómsins.

Annan sakarkostnað en að ofan er sérstaklega greindur greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 40,000,00

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1986.

Ár 1986, mánudaginn 26. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 303-305/1986: Ákæruvaldið gegn I, Kristjáni Aðalsteinssyni og G, sem tekið var til dóms 5. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. febrúar 1986, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur I, Kristjáni Aðalsteinssyni, Njálsgötu 22, fæddum 4. nóvember 1957, og G, öllum fæddum í Reykjavík og búsettum þar í borg, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. *Gegn ákærða I fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot og brot í opinberu starfi.*

Að hafa á tímabilinu frá því í byrjun febrúar 1984 og til 2. júlí sama ár farið í þjófnaðarskyni, ávallt að næturlagi, sjö ferðir, sbr. II. og III. ákærulið, inn í húsakynni Borgarfógetaembættisins í Reykjavík að Skógarhlíð 6, með því að nota til þeirra ferða lykla að húsakynnum embættisins sem ákærði hafði undir höndum vegna starfa sinna hjá embættinu sem aðstoðarmaður og vottur við fasteigna- og lausafjáruppboð og stolið þar úr peningaskáp, sem ákærði hafði lag á að opna, sparisjóðsbókum og öðrum fjárverðmætum er þar voru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur, nema annars sé getið, en eign ýmissa dánar- og þrotabúa.

— — —

III. *Gegn ákærða Kristjáni fyrir skjalafals og hilmingu og ákærða I fyrir skjalafals og brot í opinberu starfi.*

Sparisjóðsbókum þeim, sem lýst er í I. kafla A 2.-7. tölulið, framvísaði ákærði Kristján í viðkomandi bönkum fyrir ákærða I, þrátt fyrir vitneskju um að sparisjóðsbækurnar væru allar stolnar með þeim hætti sem lýst er í I. kafla, ásamt úttektarseðlum sem ákærðu höfðu sameiginlega staðið að því að útfylla og falsa á nafnritanir, eins og rakið verður.

1. Þann 28. febrúar 1984 framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 2. tölulið ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritun Bjarna Bjarnasonar en ákærði I hafði tilgreint reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Sigríðar Bjarnadóttur, og úttektarfjárhæðina, kr. 250.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 50.000-70.000 en hlutur ákærða I kr. 180.000-200.000.

2. Þann 9. apríl 1984 framvísað í Landsbanka Íslands, Vegamótaútibúi, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A, 3. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Guðjóns Torfasonar og tilgreindum eiganda bókarinnar, Ragnari H. Hall, skiptaráðanda v/dánarbús Friðþjófs Jóhannessonar, Patreksfirði, og úttektarfjárhæðinni kr. 195.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 35.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 135.000-160.000.

3. Þann 23. maí 1984 framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 4. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Stefáns Arasonar og tilgreindum reikningseiganda, skiptaráðandinn í Reykjavík v/dánarbús Önnu S. Aradóttur og úttektarfjárhæð kr. 250.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 50.000-70.000 en hlutur ákærða I, kr. 180.000-200.000.

4. Þann 29. maí 1984 framvísað í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 5. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Stefáns Guðmundssonar og tilgreindum reikningseiganda, skiptaráðandinn í Reykjavík v/þrotabús Oks hf., og úttektarfjárhæð kr. 200.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af andvirðinu varð kr. 40.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 140.000-160.000.

5. Þann 12. júní 1984 framvísað í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 6. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Gunnars Stefánssonar og tilgreindum eiganda sparisjóðsbókarinnar, skiptaráðandinn í Reykjavík v/dánarbús Sesselju Jörundsdóttur og úttektarfjárhæð kr. 180.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 30.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 120.000-150.000.

6. Þann 2. júlí 1984 framvísað í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31,

sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið a), ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján falsaði á nafnritunina Gunnar Stefánsson og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Sesselju Jörundsdóttur og úttektarfjárhæðina kr. 70.000 sem ákærði fékk greidda í reiðufé.

7. Sama dag framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók þeirri, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið b), ásamt úttektarseðli sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritunina Þráinn Einarsson og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/þrotabús Vátryggingafélagsins hf., og úttektarfjárhæðina kr. 120.000 sem ákærði fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af andvirði úttekinna fjárhæða samkvæmt þessum tölulið og 6. tölulið varð kr. 110.000-140.000 en hlutur ákærða I kr. 50.000-80.000.

8. Enn sama dag framvísað í Landsbanka Íslands, Vegamótaútibúi, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið c), ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritunina Gunnar Sölvason og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Lilju Tryggvadóttur.

Ákærði Kristján hvarf á brott úr bankanum jafnskjótt og ákærði varð þess var að fyrirstaða var á greiðslu samkvæmt framvísuðum úttektarseðli.

Brot ákærða Kristjáns, sem í þessum ákærulið greinir, teljast varða við 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga en brot ákærða I við 1. mgr. 155. gr. og 138. gr. sömu laga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og til að sæta samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga upptöku á myndavél, Konica FT 372299 með þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem lögreglumenn lögðu hald á þann 19. júlí 1984 og ákærðu höfðu keypt af ónafngreindum aðila og notað til þeirra kaupa peninga af úttektum, sem í III. ákærulið greinir."

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 26.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974.

1977 6/10 í Reykjavík: Sátt: 192.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 71. gr. hgl.

1978 22/9 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 29/6 1978.

1979 15/2 í Reykjavík: Sátt: 110.000 kr. f. brot g. 27. og 18. gr. umfl.

1979 11/5 í Reykjavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 60. sbr. 61. gr. tolllaga.

1981 9/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2., sbr., 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 77., 71. og 5. gr. hgl.

1981 20/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. og að hluta 2. tl. l. mgr. 5. gr. hgl.

1981 30/4 Borgarréttur Kaupmannahafnar, Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. d. fíkniefnalöggjöf og hegningarlögum.

1982 23/3 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-kveðinn 20.3. 1981: 5 mán. fangelsi og 4.000 kr. sekt.

1982 29/4 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.1. 1982.

1982 29/9 í Reykjavík: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1982 18/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65, 1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390, 1974.

1983 20/4 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 50 dögum.

1985 13/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1986 24/3 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Dómur: 3 ára fangelsi og 50.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 16, 1986.

— — —

Málavextir:

Mánudaginn 2. júlí 1984 kom vitnið, Jóhann Kristján Birgisson, á skrifstofu RLR og lagði fram kæru.

Vitnið kvaðst hafa verið við vinnu sína í Landsbankanum á Laugavegi 7 um kl. 13:30 þennan dag er maður hafi komið inn í bankann og framvísað bankabók ásamt útfylltum úttektarseðli við starfsmann bankans. Þar sem bankabók þessi var tilkynnt stolin á skrám bankans gerði starfsmaðurinn vitninu viðvart og óskaði aðstoðar vegna þessa. Vitnið kvaðst hafa tekið hinn aðkomna mann tali og í framhaldi af því hafi maðurinn tekið til fótanna og flúið út úr bankanum. Vitnið kvaðst hafa fylgt manninum eftir á hlaupum en misst af honum á Hverfisgötu, síðan svipast um eftir honum en án árangurs.

Sá er hér var að verki hafði fyllt út úttektarseðilinn fyrir hönd Skiptaráðandans í Reykjavík en þaðan var bókin tilkynnt stolin til bankans. Undir úttektarseðilinn ritaði maðurinn nafnið Gunnar Sölvason. Af 129.000 króna inneign á bankabókinni reyndi maðurinn að taka úr kr. 125.000 og ritaði á úttektarseðilinn vegna d/b Lilju Tryggvadóttur.

Vitnið lýsti manni þessum sem 32-34 ára gömlum, 178-179 cm háum og grönnum með langan háls. Hárið ljósskollitt og þunngert. Hann var íklæddur dökkum jakka og rauðri skyrtu og með brúna skjalatösku í hendinni.

Vitnið skoðaði myndir hjá RLR af brotamönnum en ekki tókst að finna þann grunaða.

Vitnið gaf skýrslur hjá RLR og að lokum fyrir dómi 18. apríl 1986.

Skiptaráðandinn í Reykjavík kærði málið til RLR með bréfi, dagsettu 3. júlí 1984. Verulegur skriður komst þó ekki á rannsókn málsins fyrr en fjórum dögum seinna eða 7. júlí en þá var komið á daginn á borgarfógetaskrifstofunni, að margar bankabækur dánar- og þrotabúa voru horfnar. Þá var gerð skrá um horfið geymslufé.

Um sama leyti féll grunur á ákærða I sem starfaði við Borgarfógetaembættið sem lausamaður. Úrskurður um húsleit að Búlandi 1 og handtöku ákærða I var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur aðfaranótt mánudagsins 9. júlí, en síðar þann dag var hann handtekinn á lögmannsstofu hér í borg. Ákærði neitaði sakargiftum og var lögð fram krafa um gæsluvarðhald af hálfu RLR þann 10. júlí. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Reykjavíkur þann 11. júlí til miðvikudagsins 1. ágúst 1984. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt til 29. ágúst 1984. Játningar ákærða I komu smátt og smátt hjá RLR og liggja fyrir allmargar skýrslur hans í málinu.

Fljótlega féll einnig grunur á ákærða Kristján Aðalsteisson. Vitni töldu sig endurþekkja hann af myndum svo og vegna tengsla hans við ákærða I. Úrskurður um húsleit og handtöku var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 12. júlí og um gæsluvarðhald hans í sama dómi daginn eftir og skyldi það standa til 1. ágúst. Ákærði Kristján kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands og var hann staðfestur þar. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt tvívegis fyrst til 29. ágúst og aftur til 19. september.

Ákærði Kristján neitaði sakargiftum í fyrstu en smám saman komu játningar hans eins og hjá ákærða I.

Ákærði G var handtekinn 28. júlí. Hann játaði strax brot sitt. Hann var hnepptur í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. júlí og átti gæsluvarðhaldið að standa til 1. ágúst. Ákærða var sleppt 30. júlí.

Rannsókn máls þessa hjá RLR er yfirgripsmikil. Fjölda margir hafa verið

yfirheyrðir, bæði starfsfólk borgarfógetaembættisins svo og ýmis vitni er tengdust ákærðu eða eitthvað gátu tjáð sig til upplýsingar í málinu.

Hinir ákærðu tengjast fíkniefnum og fíkniefnamálum og hafa allir hlotið dóma eða undirgengist sáttir hjá sakadómi á ávana- og fíkniefnamálum. Samkvæmt upplýsingaskýrslu Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 25. september 1984, kemur fram að fíkniefnamisferli kærðra eru aðskilin málinu með sérkærum, en ákærðu I og Kristján höfðu fjármagnað fíkniefnakaup með hluta þeirra peninga sem þetta mál snýst um.

Eins og hér er komið fram var mál þetta ítarlega rannsakað af hálfu RLR og komu fram játningar ákærðu, sem eru samhljóða að öðru leyti en því að ákærðu I og Kristján töldu sig hafa fengið minna í hlut hvor um sig en hinn hélt fram.

Ákæra var gefin út þann 28. febrúar 1986. Ákærðu var öllum stefnt til dóms þann 18. apríl 1986 og fóru ákærubirtingar fram utan réttar. Málið var síðan þingfest þennan dag.

Ákærði I gaf eftirfarandi dómskýrslu:

— — —

Varðandi sakarefni í III. kafla ákæru.

Ákærði viðurkennir að hafa fengið meðákærða Kristján Aðalsteinsson til að framvísa úttektarseðlinum sem ákærðu höfðu í sameiningu falsað að fyrirlagi ákærða ásamt sparisjóðsbókum sem rétt er lýst í töluliðum 1-8, í þeim lánastofnunum sem þar er líka rétt lýst og tók meðákærði út af bókunum fé sem réttilega er tilgreint í ákærunni.

Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut sem hér greinir:

Af úttekt úr bók sem	
lýst er í 1. tölulið	kr. 180.000,00
lýst er í 2. tölulið	— 135.000,00
lýst er í 3. tölulið	— 180.000,00
lýst er í 4. tölulið	— 140.000,00
lýst er í 5. tölulið	— 120.000,00
lúst er í 6.-7. tölulið	— 50.000,00
Eða samtals	kr. 805.000,00

Ákærða er bent á að samkvæmt framburði meðákærða Kristjáns Aðalsteinssonar eigi ákærði að hafa fengið meira í sinn hlut eða sem nemur samtals 145.000 krónum.

Ákærði telur það fráleitt og kveðst nokkuð viss um að Kristján hafi tekið við meiri peningum en Kristján hefur viðurkennt.

Ákærða eru nú kynnt gögn á dskj. nr. VI, skjali 84, bls. 1, A-I og AA-II.

Ákærði þekkir aftur alla úttektarseðlana á skjölum A-I, hann þekkir skrift sína á þeim, það sem hann hefur skrifað og viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu.

Hann telur efni skjala merkt AA-II vera rétt og þar rétt frá greint á þeim hvað ákærði skrifaði á skjölin og hvað aðrir skrifuðu.

Ákærði staðfestir efni skýrslna sinna hjá RLR.

Ákærði segir að í skýrslu á skjali nr. 71 líti út eins og hann hafi farið eina ferð áður en hann fór fyrstu ferðina sem ákært er út af. Svo hafi ekki verið heldur sé þarna um sömu ferðina að ræða. Þá vill ákærði taka fram að aldrei hafi verið samið um helmingaskipti milli hans og meðákærða Kristjáns í upphafi. Heldur hafi Kristján haft uppi kröfur um slíkt þegar á leið.

Borin er undir ákærða upptökukrafa í IV. kafla ákærunnar.

Ákærði kveðst mótmæla þessari kröfu.

Aðspurður kveður ákærði það rétt vera að hlutirnir sem krafist er upptöku á hafi verið keyptir fyrir það fé sem tekið var út af bankabókunum og greint er frá í III. kafla ákærunnar.

Aðspurður kveðst ákærði ekki geta tilgreint af hverjum hlutirnir voru keyptir, en meðákærði Kristján hafi haft milligöngu um kaupin. Aðspurður kveður ákærði að hlutirnir hafi verið keyptir fyrir hluta ákærða af þýfinu.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson kom fyrir dóminn 22. apríl 1986 og gaf eftirfarandi skýrslu varðandi sakarefnið í III. kafla ákæru:

Ákærði viðurkennir að hafa framvísað úttektarseðlum, sem ákærði og meðákærði I höfðu falsað og rétt er lýst í ákæru, ásamt sparisjóðsbókum, í lánastofnunum þeim sem eru líka rétt greindar í töluliðum 1-8 og tekið út af bókunum það fé sem rétt er lýst í ákæru.

Ákærði viðurkennir að hafa vitað hvernig bækurnar voru fengnar.

Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut af úttektunum sem hér greinir:

Samkvæmt tölulið 1.	kr.	50.000,00
Samkvæmt tölulið 2.	—	35.000,00
Samkvæmt tölulið 3.	—	50.000,00
Samkvæmt tölulið 4.	—	40.000,00
Samkvæmt tölulið 5.	—	30.000,00
Samkvæmt tölulið 5.-7.	—	110.000,00
Eða samtals	kr.	315.000,00

Ákærða er bent á að samkvæmt framburði meðákærða I eigi ákærði að hafa fengið meira í sinn hlut, eða sem nemur samtals kr. 145.000. Ákærði heldur fast við að hafa ekki fengið meira í sinn hlut en hann hefur viðurkennt í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglunni.

Ákærða eru kynnt gögn á dskj. nr. VI, skjali nr. 84, bls. 1, B-I og BB-II.

Ákærði þekkir aftur alla úttektarseðlana á skjölum merktum B-I. Hann þekkir skrift sína á þeim, það sem hann hefur skrifað og viðurkennt hjá RLR. Hann telur efni skjala, merktra BB-II , vera rétt og þar rétt greint á þeim hvað ákærði skrifaði á úttektarseðlana.

Ákærði staðfestir efni skýrslna sinna hjá RLR.

Aðspurður segir ákærði að fyrirfram hafi verið ákveðið að ákærði fengi við fyrstu úttektina kr. 50.000, en það segir ákærði að meðákærði I hafi boðið sér. Ákærði segir að í öll skiptin hafi þetta gengið þannig fyrir sig að hann hafi afhent meðákærða I það sem út var tekið og I síðan afhent sér það sem átti að koma í hlut ákærða. Framan af var um að ræða fimmta part eða nálægt því.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafi fengið Örn Nielsen til að skrifa á einhverja úttektarseðlana segir ákærði að það geti verið að hann hafi haldið að með því fríaði hann sig að einhverju leyti frá sök.

Ákærði kveðst hafa greitt Erni Nielsen fyrir þetta kr. 10.000 sem Örn kannist þó ekki við.

Borin er undir ákærða upptökukrafa í IV. kafla ákærunnar.

Ákærði hefur ekkert við þessa kröfu að athuga. Hann kveðst engra hagsmuna hafa að gæta í því sambandi.

Aðspurður kveðst ákærði hafa keypt hlutina fyrir meðákærða I fyrir peninga sem meðákærði I lét hann hafa. Ákærði kveðst hafa haft grun um að það væru peningarnir sem fengnir voru í úttektum sem ákært er fyrir. Ákærði vill þó ekki fullyrða neitt um þetta atriði. Það geti líka verið að I hafi lagt fyrir af kaupi.

Aðspurður man ákærði ekki af hverjum var keypt en kaupin fóru fram heima hjá ákærða. Ákærði telur þó sem fyrr það vera líklegast að keypt hafi verið af Sigurði eins og fram muni koma í skýrslu ákærða hjá RLR.

— — —

Vitnið Ragnar Hall borgarfógeti kom fyrir dóminn 5. maí 1986.

— — —

Vitnið skýrir svo frá að endurgreiðsla fjárins hafi farið fram með þeim hætti að þrír menn gerðu samkomulag við Fjármálaráðuneytið, þeir X og bróðir Kristjáns Aðalsteinssonar, Y, svo og Z. Gáfu þessir menn út þrjú skuldabréf í júlí 1985 til 10 ára með veði í fasteignum þeirra, en bréfin voru vaxtalaus og án verðtryggingar. Vitnið segir bréfin hafa verið að fjárhæð samtals í kringum kr. 1.700.000, en þá hafði verið reiknað með vöxtum og kostnaði í samræmi við dóma uppkveðna á bæjarþingi Reykjavíkur.

Vitnið kveðst upphaflega hafa bætt búunum tjónið persónulega með peningum.

Vitnið höfðaði síðan fjögur mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og lauk þremur þeirra með efnisdómi, en einu þeirra var frávísað. Það var á grundvelli þeirra dóma auk þeirrar kröfu, sem vísað var frá, sem fjárhæð skuldabréfanna var fundin út.

— — —

Þá kom fyrir dóminn þann 22. apríl 1986, vitnið Kristinn Rafn Hjaltason, framkvæmdastjóri, Meistaravöllum 19, Reykjavík. Hann staðfesti skýrslur sínar hjá RLR.

Vitnið man þegar ákærði Kristján kom til hans á Hverfisgötuna og hafði meðferðis töskú sem Kristján bað vitnið að geyma fyrir sig. Vitnið benti honum á að setja töskuna í eldhúsið, í skáp þar. Vitnið man að Kristján var móður og bað um vatnsglas sem hann fékk. Vitnið sinnti ekki Kristjáni neitt sérstaklega.

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna núna sérstaklega eftir að Kristján hafi beðið um jakka að láni.

Vitnið vissi ekkert hvað var í töskunni og segir að I hafi síðan komið og spurt um töskuna og líklega tekið eitthvað úr henni.

— — —

Niðurstöður:

— — —

Varðandi sakarefni III. kafla ákæru:

Ákærðu I og Kristján Aðalsteinsson hafa báðir viðurkennt hjá RLR og fyrir dómi brot sitt sem rétt er lýst í ákæru að mati dómsins.

Ákærði I sagði fyrir dóminum að hann hefði fengið meðákærða Kristján til að framvísa úttektarseðlunum, sem ákærðu höfðu í sameiningu falsað, að fyrirlagi ákærða, ásamt sparisjóðsbókum sem rétt er lýst í töluliðum 1-8, í þeim lánastofnunum sem þar er líka rétt lýst og tók meðákærði út af bókunum fé sem réttilega er tilgreint í ákærunni fjárhæðir samtals kr. 1.437.049,12.

Sams konar játning liggur fyrir hjá ákærða Kristjáni. Þó er hið rétta að ákærðu fengu í sumum tilvikum aðra til að falsa nöfn fyrir sig á úttektarseðlana og liggja fyrir skýrslur þeirra hjá RLR þar sem þeir skýra frá því í smáatriðum. Ekki náðist til vitnisins Arnar Nielsen sem ritaði á nokkra seðlana, en hann er fluttur til Danmerkur. En ótvírætt er að ákærðu áttu báðir þátt í því að skjölin voru fölsuð og voru báðir saman um að nota þau.

Ákærðu voru ekki sammála í framburðum sínum um það hve mikið hefði komið í hlut hvors þeirra af því fé sem tekið var út.

Með vísan til þessa alls og sakargagna, er að sakaratriðum III. kafla

ákæru lúta, þykir sannað að ákærðu hafi framið það brot sem rétt er lýst í þeim kafla ákæru. Varðar það þá refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði I er sýknaður af broti samkvæmt 138. gr. þeirra laga. Ákærði Kristján verður hins vegar sakfelldur fyrir brot samkvæmt 1. mgr. 254. gr. laganna á sama hátt og ákærði I var sekur fundinn fyrir brot samkvæmt 244. gr. laganna en því var lýst í I. kafla ákærunnar. Þykir þessu broti ákærða Kristjáns næjanlega lýst í ákærunni.

Upptökukrafa í IV. kafla ákæru:

Af hálfu ákæruvaldsins hefur þess verið krafist, að samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga verði gerð upptæk til ríkissjóðs myndavél, Konica FT 372299 með þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem lögreglumenn lögðu hald á 19. júlí 1984 og ákærðu Kristján og I höfðu keypt fyrir andvirði úttekta, sem í III. kafla ákæru greinir.

Samkvæmt framburði þessara ákærðu voru þessir munir keyptir fyrir andvirði þeirra úttekta er þarna getur. Þeir eru sammála um það að það hafi verið fyrir það fé sem kom í hlut ákærða I þótt ákærði Kristján hafi haft milligöngu um kaupin.

Þar sem munir þessir eru keyptir fyrir þýfi þykja, enda þótt gengið hafi verið frá bótahlið málsins sbr. bréf Fjármálaráðuneytisins, dagsett 1. júlí 1985 og framburð vitnisins, Ragnars Halldórs Hall fyrir dómi þann 5. maí 1986 og bréf þess vitnis, dagsett sama dag, vera fyrir hendi nægjanleg rök til að gera framangreinda muni upptæka til ríkissjóðs samkvæmt þeim ákvæðum laga sem hér að framan eru greind.

Ákvörðun refsinga o.fl.:

— — —

Ákærði Kristján Aðalsteinsson var með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum 24. mars 1986, dæmdur í 3 ára fangelsi og 50.000 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 65, 1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum svo og 173. gr. almennra hegningarlaga, en þá heimfærslu vantar á sakavottorð ákærða.

Ákærða Kristjáni verður nú ákveðinn hegningarauki með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og verður ekki fallist á það sjónarmið ákæruvaldsins sem fram kom í munnlegum málflutningi, að meta eigi refsingu ákærða sjálfstætt þar sem fyrrnefndum dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Refsing ákærða Kristjáns þykir með vísan til þessa hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 13. júlí til 19. september 1984 með fullri dagatölu.

— — —

Ákærði Kristján verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði G verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., krónur 15.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, þykir rétt að ákærði I greiði að 4/8 hlutum, ákærði Kristján að 3/8 hlutum og ákærði G að 1/8 hluta.

Dómsorð:

Ákærði I sæti fangelsi 12 mánuði, en frá refsingu þeirri skal draga gæsluvarðhald hans frá 11. júlí til 29. ágúst 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson sæti fangelsi 6 mánuði, en frá refsingu þeirri skal draga gæsluvarðhald hans frá 13. júlí til 19. september 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði G sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsingin til framkvæmda skulu dragast frá henni 2 gæsluvarðhaldsdagar.

Upptæk skal vera til ríkissjóðs myndavél af gerðinni Konica FT 372299 ásamt þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem hald var lagt á við rannsókn málsins og ákærði I keypti fyrir andvirði úttekta, sem í III. kafla ákæru greinir.

Ákærði I greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði Kristján greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði G greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., krónur 15.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, greiði I að 4/8 hlutum, ákærði kristján að 3/8 hlutum og ákærði G að 1/8 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. maí 1987.

Nr. 313/1986. **Eggert Thorarensen**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
Berghreini Þorsteinssyni og
Almennum Tryggingum h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. nóvember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 5. s.m. Hann krefst þess að stefndu verði dæmd til þess að greiða honum in solidum 20.862,00 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. nóvember 1985 og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt skýrslu ökumanns R-21720 og skýrslu og uppdrætti lögreglu þykir ljóst að ökumaður R-11305 hafi ekið suður Grensásveg og inn á mót þeirrar götu og Miklubrautar móti biðskyldumerki án þess að gæta að umferð vestan Miklubraut og valdið árekstri við R-21720 sem kom vestan Miklubraut. Átti ökumaður því sök á árekstrinum samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kemur þá til álita hvort R-21720 hafi verið ekið að einhverju leyti ógætilega þannig að rétt sé að skipta sök samkvæmt 68. gr. umferðarlaga. Af hálfu stefnda hafa gegn mótmælum áfrýjanda engin sönnunargögn um þetta verið færð fram, og ekki verður sú ályktun dregin af ummerkjum á árekstrarstað, eins og þau koma fram á

uppdrætti, að R-21720 hafi verið ekið hratt og ógætilega miðað við aðstæður eða með öðrum hætti andstætt umferðarreglum. Samkvæmt þessu verður að telja að ökumaður R-11305 hafi átt alla sök á árekstrinum.

Stefndu samþykkja kröfur áfrýjanda tölulega nema kröfu um auknar bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar vegna stærðar hennar. Áfrýjandi þykir eigi hafa fært sönnur á það að hann eigi rétt á hærri bótum fyrir afnotamissi en 974 krónum á dag.

Samkvæmt þessu verður krafa áfrýjanda tekin til greina þannig:

1) Greiðsla vegna sjálfsábyrgðar til húftryggjanda bifreiðarinnar 16.100 kr.	12.075	4.025,00 kr.
2) Bætur fyrir afnotamissi í 17 daga, 974 kr. á dag	8.000 kr.	8.558,00 kr.
	Samtals	12.583,00 kr.

Vextir verða ákveðnir eins og í héraðsdómi, en stefndi mótmælir vaxtakröfu áfrýjanda ekki.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda 40.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Berghreinn Þorsteinsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði áfrýjanda, Eggert Thorarensen, in solidum 12.583,00 krónur með vöxtum eins og í héraðsdómi segir.

Stefndu greiði áfrýjanda 40.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Er umræddur atburður varð voru ljósmerki á umferðarljósum gatnamóta Miklubrautar og Grensásvegar með þeim hætti að á hverjum stólpa logaði eitt gult ljós sem kviknaði og sloknaði á víxl. Var ökumönnum, sem um gatnamótin fóru, heimilt að aka áfram með ýtrustu varúð sbr. niðurlagsákvæði 29. gr. reglugerðar nr.

414/1978 um umferðarmerki og notkun þeirra sbr. lög nr. 40/1968, 66. gr.

Ökumaður R 21720 skýrði svo frá að hann hefði séð til ferða R 11305 er henni var ekið að gatnamótunum úr norðurátt en hann hefði talið að henni yrði ekki ekið inn á gatnamótin fyrr en bifreið hans væri komin fram hjá. Hann hafði svo ekkert vitað fyrr en bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir bifreið hans og hafi hann þá hemlað og beygt undan en það hafi ekki nægt til að afstýra árekstri.

Má ráða af frásögn ökumanns R 21720 og hemlaförum eftir bifreið hans að hann hafi ekki fylgst með R 11305 á ferð hennar inn á gatnamótin og hafi hann ætlað að aka viðstöðulaust austur yfir gatnamótin. Gætti hann því ekki ýtrustu varúðar. Þykir hann því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum. Þykir mega staðfesta sakarskiptingu héraðsdóms.

Ég er sammála þeirri ákvörðun meiri hluta dómara að óbætt tjón áfrýjanda nemi 12.583,00 krónum. Samkvæmt framansögðu tel ég að stefndu beri að greiða ¾ hluta þeirrar fjárhæðar eða 9.437,25 krónur með vöxtum eins og í héraðsdómi segir en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. febrúar sl., hefur Eggert Thorarensen, Bragagötu 36, Reykjavík, nnr. 1717-7818, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 7. nóvember 1985 á hendur Berghreini Þorsteinssyni, Dalseli 34, Reykjavík, nnr. 1026-9598 og Almennum Tryggingum hf., Síðumúla 39, Reykjavík, nnr. 0267-3363.

Stefnt er til greiðslu in solidum að fjárhæð kr. 20.862,00 með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega að þeir verði algjörlega sýknaðir, en til vara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir tildrögum málsins svo:

„*Málavextir* eru þeir að laugardaginn 28. júlí 1984 um kl. 3.45 varð árekstur á milli bifreiðanna R-11305, sem er eign stefnda, Berghreins, sem var ekið suður Grensásveg í Reykjavík með fyrirhugaða aksturssstefnu í

austur og bifreiðarinnar R-21720, eign stefnanda, sem ekið var austur Miklubraut.

Umferðarljós stjórna umferð um gatnamót þessi, en þegar árekturinn varð voru blikkandi gul ljós. Biðskyldumerki eru á gatnamótum Gresásvegar og Miklubrautar auk ljósanna. Ökumaður bifreiðarinnar R-21720 í þetta sinn var Hrólfur Smári Jónsson, Jörfabakka 20, Reykjavík; hann segir að hann hafi ekið bifreiðinni austur Miklubraut á hægri akrein götunnar. Hann sér bifreiðina R-11305 þar sem henni var ekið að gatnamótunum frá vinstri og að hann hafi ekki reiknað með að henni yrði ekið inn á gatnamótin fyrr en hann væri kominn fram hjá. En bifreiðinni hafi verið ekið áfram og að árekstrinum hafi ekki verið forðað þó hann hafi beygt undan.

Við árekturinn skemmdust bifreiðarnar báðar og urðu báðar óökufærar þannig að fjarlægja varð þær með kranabifreið. Skemmdir á R-21720 voru á vinstra fram- og afturhorni. Bifreiðin er af gerðinni Peugeot og er notuð sem leigubifreið til fólksflutninga. Stefnandi segir að hann hafi ekið á 40-50 km hraða miðað við klst. Bifreiðin R-21720 var bæði í ábyrgðar- og kaskótryggingu hjá Samvinnutryggingum.

Ökumaður R-11305 var Bryndís Ósk Berghreinsdóttir, Dalseli 34, Reykjavík. Bifreiðin er Citroën fólksbifreið og tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Almennum Tryggingum hf.

Bifreiðin R-21720 var sett í viðgerð til Bílamálunar sf., Hamarshöfða 10 og var þar inni frá 28. júlí til 3. ágúst 1984 og síðan aftur 3. september til 12. september. Í báðum tilfellum eru báðir dagar meðtaldir eða samtals í 17 daga. Þar sem bifreiðin var í kaskótryggingu hjá Samvinnutryggingum þá greiddi það tryggingafélag viðgerðarkostnaðinn að undanskilinni sjálfsábyrgð, sem nam kr. 16.100,00, sem var hlutur stefnanda. Almennar tryggingar hf. greiddu 75% af þessari fjárhæð, þ.e. kr. 12.075,00. Á stefnanda féllu því vegna viðgerðarinnar kr. 4.025,00, sem er annar hluti stefnufjárhæðarinnar. Stefnandi gerði kröfu til þess að stefndu greiddu sér fyrir afnotamissi bifreiðarinnar þann tíma, sem hún var í viðgerð. Krafa hans var kr. 974,00 á dag auk 50% álags, þar sem hér var um að ræða 7 manna leigubifreið, sem ekið er að jafnaði 10.000 km á mánuði, þ.e. samtals kr. 24.837,00, en honum voru einungis greiddar kr. 8.000,00, sem greiðsla inn á tjón þetta, eftir standa því kr. 16.837,00."

Hann gerir þannig grein fyrir málsástæðum sínum og lagarökum:

„Stefnandi reisir kröfur sínar á því að bifreiðastjórinn á R-11305 hafi ekið af miklu gáleysi á móti blikkandi gulu ljósi og fram hjá biðskyldumerki af Grensásveginum inn á Miklubrautina og alla leið yfir á hægri akrein Miklubrautar miðað við akstursstefnu í austur. Með þessu aksturslagi braut ökumaður R-11305 veigamiklar akstursreglur og ber því eigandi bifreiðarinnar alla ábyrgð á því tjóni sem þarna varð. Ekki hefur annað komið fram

en að bifr. R-21720 hafi verið ekið á eðlilegum hraða og á hægri akrein Miklubrautar á austurleið."

„Skírskotað er einkum til 46. og 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og 67., 69., 70. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga."

Stefndu deila ekki um það að ökumaður R-11305 eigi meginsök á árekstrinum heldur hvort hann beri alla sök á honum. Telja þeir að skipta skuli sökinni skv. grundvallarreglu 68. gr. umferðarlaga. Halda þeir því fram að þeir hafi þegar bætt stefnanda tjón hans þar sem hann beri hluta sakar.

Þeir rökstyðja mál sitt svo:

„1. Á vettvangi gaf sig fram vitni sem hafði ekið austur Miklubraut, sömu leið og stefnandi, og kom að slysinu eftir að það var yfirstaðið. Lögreglumenn hafa það eftir þessu vitni að bifreið stefnanda hafi verið ekið fram úr bifreið vitnisins skammt vestan við gatnamót Háaleitisbrautar, á mjög mikilli ferð, en vitnið kveðst þá sjálft hafa verið nálægt hámarkshraða á brautinni, sem er 60 km hraði á klst.

2. Stefnandi mótmælir því að hann hafi verið á ólöglegum hraða, en nefnir við lögreglumenn að hann telji hraðann hafa verði 40-50 km á klst. Þessi ummæli stefnanda benda til þess, að hann telji sig grunaðan um of hraðan akstur, ekki að ástæðuslausu, en reyni að draga úr grunsemdum.

3. Það, að bremsuför eftir bíl stefnanda eru 12 metrar skv. teikningu lögreglu, og árekstur það þungur að bíll umbj. míns snýst um 45 gráður og kastast a.m.k. 10 metra, sannar tvímælalaust ólöglegan hraða á akbrautinni. Hvað þá á hættulegustu gatnamótum Miklubrautar.

4. Sú viðbára, sem fram kemur í lögregluskýrslunni, að bifreið umbj. míns hafi verið ljóslaus, er haldlaus í þessu máli, þar sem upplýst er og viðurkennt að stefnandi hafi séð bifreiðina R-11305, þ.e. bifreið umbj. míns, þar sem henni er ekið að gatnamótunum. Ljósleysi er því ekki orsakavaldurinn.

5. Í 49. gr. umferðarlaganna er ákvæði í 3. mgr. b og c lið, þar sem segir, að sú skylda hvíli á ökumönnum að sýna ýtrustu varkárni, þegar skuggsýnt er og við vegmót.

6. Einnig skal bent á síðustu málsgrein 29. gr. reglugerðar nr. 414/1978 um umferðarmerki. Samkv. þeirri grein tákna tvö gul ljós á sama stólpa, sem kvikna og slokkna á víxl, það að aka megi áfram með ýtrustu varúð.

7. Verulegur blæmunur er á orðalagi 1. mgr. 48. gr. umferðarlaganna og 3. mgr. 49. gr., sbr. síðustu mgr. 29. gr. reglugerðarinnar. Annars vegar er talað um að gæta „fyllstu varúðar", en í tveimur síðastnefndu dæmunum að gæta „ýtrustu varkárni" og „ýtrustu varúðar"."

Álit dómsins:

Ökumaður R-21720, Hrólfur Smári Jónsson, hefur komið fyrir dóminn.

Af hálfu stefndu er viðurkennt að ökumaður R-11305, sem tryggð var

ábyrgðartryggingu hjá stefnda Almennum Tryggingum hf. og var eign stefnda Berghreins Þorsteinssonar, hafi átt meginhluta sakar á árekstrinum. Hafa Almennar Tryggingar hf. greitt tjón stefnanda miðað við ¾ hluta sakar ökumanns R-11305. Aðeins hefur þó sbr. dskj. 10 verið greitt inn á tjón stefnanda vegna afnotamissis með kr. 8.000,00, það samsvarar um ½ þess tjóns sem stefndu viðurkenndu tölulega við munnlegan flutning málsins vegna afnotamissis í 17 daga, kr. 974,00 á dag.

Í málinu er um það deilt hvort ökumaður R-21720, eign stefnanda, átti einhvern hluta sakar þannig að stefnandi verði að bera hluta tjóns síns sjálfur.

Miða verður við uppdrátt lögreglu af vettvangi þar sem ekkert hefur komið fram sem hnekkir honum. Við það verður því að miða að ökumaður R-21720 hafi ekið á vinstri akrein og að hemlaför eftir bifreið hans hafi verið 12 metrar, enda samræmist það uppdrættinum og framburðum aðila að öðru leyti en því að ökumaður R-21720 heldur því fram að hann hafi verið á hægri akrein.

Samkvæmt lögregluskýrslu gaf sig fram á vettvangi vitnið Marie Eyþórsson, sem kvaðst hafa ekið austur Miklubraut og komið að slysinu eftir að það var afstaðið. Marie benti á að bifreiðinni R-21720 hefði verið ekið fram úr sinni bifreið skammt vestan gatnamóta Háaleitisbrautar á mjög mikilli ferð. Hún kvaðst sjálf hafa ekið á 50-60 km/klst.

Ökumaður R-21720 neitaði því fyrir lögreglu að hafa ekið á ólöglegum hraða og taldi sig hafa verið á um 40-50 km/klst. hraða. Hér fyrir dómi hefur hann upplýst að á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar hafi verið gul blikkandi ljós og hafi hann ekið yfir gatnamótin óhindraður. Miklubrautinni hallar síðan í aksturssteftnu hans að Grensásvegi. Ökumaður R-11305 heldur því fram að R-21720 hafi verið ekið ákaflega hratt og hefur það eftir farþega í bifreiðinni R-21720, sem hafi gefið sig fram við hann á slysstað, að bifreið þeirri hefði verið ekið „ofsalega" hratt inn á gatnamótin.

Þegar uppdráttur lögreglunnar er virtur, framburðir aðila og vitna fyrir lögreglu, ákomustaðir bifreiðanna og tjón á þeim þykir nægjanlega í ljós leitt að ökumaður R-21720 hafi miðað við aðstæður ekið allt of hratt. Athuga verður í því sambandi sérstaklega að myrkt var, gatan blaut og gult blikkandi ljós á gatnamótunum en samkvæmt niðurlagi 29. gr. reglugerðar nr. 414/1978, sbr. 66. gr. 1. mgr. laga nr. 40/1968, mátti hann við þær aðstæður aðeins halda áfram með ýtrustu varúð. Hann verður því að bera hluta sakar af tjóninu.

Stefndi Almennar Tryggingar hf. hafa sbr. dómskj. nr. 7 greitt stefnanda án fyrirvara kr. 16.100,00 (sic) sem svara til ¾ hluta upphæðar þeirrar sem á hann féll sjálfan vegna tjóns á bifreiðinni. Þykir mega una við þá sakar-

skiptingu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu því að greiða stefnanda ¾ hluta tjóns vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að eðlilegt sé hér að greiða fyrir hærri afnotamissi vegna stærðar bifreiðarinnar og hann hefur þegar fengið greiddar kr. 8.000,00. Niðurstaðan er þannig sú að stefndu skulu greiða stefnanda kr. 16.558,00 að frádregnum kr. 8.000,00 með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir með tilliti til þessarar niðurstöðu og að upplýst er að stefndu hafa verið reiðubúnir til að greiða stefnanda skv. samkomulagi tryggingafélaganna bætur miðað við sakarskiptinguna 4/5-1/5, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Berghreinn Þorsteinsson og Almennar Tryggingar hf., greiði stefnanda, Eggert Thorarensen, kr. 8.558,00 með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. nóvember 1985 og síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr. 75/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. janúar 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur mál það, sem dæmt var í héraði 19. desember 1985, verið dæmt í Hæstarétti hinn 10. desember 1986. Var ákærði dæmdur í 1 mánaðar fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þar á meðal ákvæði dómsins um fébætur, en af hálfu ákærða var krafist endurskoðunar á því. Það athugast að lög um dómvexti nr. 56/1979 voru felld út gildi með vaxtalögum nr. 25/1987, en ákvæði héraðsdóms um dómvexti ber eftir sem áður að skilja sem hæstu innlánsvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 581/1986, sem tekið var til dóms hinn 23. október sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari fyrir sakadómi Reykjavíkur með ákæru, dagsettri 15. ágúst sl. á hendur ákærða Jóni Helga Bjarnasyni, Garðastræti 2, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir tékkafals með því að hafa í aprílmánuði 1986 selt í strætisvagnabiðskýlinu við Suðurgötu í Reykjavík, tékka, útgefinn til handhafa af Daníel Má Ólafssyni á eyðublað nr. 1561678 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, dagsettan 16. apríl 1986, eftir að hafa heimildarlaust breytt fjárhæð tékkans úr 500 krónum í 5.000 krónur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Ákærði fékk hinn 16. apríl sl. lánaðar kr. 500,00 hjá kunningja sínum Davíð (ekki Daníel eins og segir í ákæru) Má Ólafssyni. Afhenti Davíð ákærða tékka að ofangreindri fjárhæð á reikning sinn við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ákærði breytti tékkanum þannig að tilgreind tékkafjárhæð í tölustöfum og bókstöfum varð kr. 5.000,00. Seldi ákærði tékkann síðan í biðskýli við Suðurgötu og fékk fyrir hann kr. 5.000,00.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir þessa refsidóma:

1975 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.

1977 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, fjárdrátt o.fl.

1980 60 daga fangelsi fyrir þjófnað

1980 45 daga fangelsi fyrir svik
(Hæstaréttardómur í tveimur síðasttöldu málunum: 4 mánaða fangelsi)

1981 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað

1982 45 daga fangelsi fyrir þjófnað

1983 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað

1984 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik o.fl.

1985 3 mánaða fangelsi fyrir svik (Hæstaréttardómur í því máli: 1 mánaðar fangelsi)]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Fyrir liggur í málinu krafa frá Agli V. Sigurðssyni að fjárhæð kr. 5.000,00 auk dómvaxta frá 17. apríl 1986 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hún tekin til greina.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Agli Vilhjálmi Sigurðssyni kr. 5.000,00 með dómvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá 17.4. 1986 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., kr. 10.000,00.

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr. 155/1987. **X**

gegn

A og B

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í 10. gr. laga nr. 68/1984 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m. er barst Hæstarétti 14. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu varnaraðila hefur ekki borist greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 29. apríl 1987.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er höfðað þ. 13. febrúar sl. með beiðni hjónanna A og B, til heimilis ..., um að dóttir þeirra X, f. ... 1962, til heimilis ..., verði svipt sjálfræði.

X var gegn vilja sínum lögð inn á Geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þ. 6. febrúar sl. að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, sbr. 13. gr. lögræðislaga, og var það í 3. skipti sem slíkt leyfi dómsmálaráðuneytisins var fengið til vistunar X á sjúkrahúsi.

Í málinu liggja frammi eftirtalin læknisvottorð:

1. Vottorð Ingu Björnsdóttur læknis, dags. 4. febrúar 1987, en þar segir:

„Undirrituð, heilsugæslulæknir við Heilsugæslustöðina á Akureyri, vottar hér með eftirfarandi varðandi sjúklinginn:

X ...

Að mínu mati þarfnast X bráðrar vistunar á sjúkrahúsi vegna dómgreindarskorts af völdum geðsjúkd.: Anorexia neurosa, ICD: 307,1 og depressio mentis, ICD: 300,4. Ég tel að líf hennar sé í hættu vegna næringarskorts og sjálfsvígshugsana.

Um árabil, eða síðan 1980 hefur hún sjálfviljug hlotið meðferð við sjúkd. sínum á geðdeild Lsp. í Reykjavík þar til í nóvember 1986 að hún neitaði meðferð. Var hún þá vistuð á geðdeild Lsp. gegn vilja sínum með stoð í 13. gr. lögræðislaga.

Í byrjun janúar 1987 var hún lögð inn öðru sinni á geðd. Lsp. gegn vilja sínum í krafti sömu laga. Hún strauk af deildinni þann 21.01. og fór til heimilis síns á Akureyri. Meðferð á geðd. Lsp. virðist hafa staðið of stutt til að bera varanlegan árangur.

Síðan X kom norður hefur hún sáralítið nærst og ekkert aðhafst. Hún hefur ekki sinnt tilmælum foreldra sinna um að leita sér læknishjálpar. Að beiðni foreldra fór undirrituð í vitjun til Önnu fyrir 2 dögum síðan ásamt Sigmundi Sigfússyni geðlækni á FSA og ræddi við hana og foreldra hennar. Þá ráðlagði ég henni, vegna alvarlegs líkamlegs og andlegs ástands hennar, að þiggja læknismeðferð á sjúkrahúsi. Því vísaði hún mjög ákveðið á bug.

Þar sem ég tel líf X í hættu vegna næringarskorts af völdum geðsjúkd. óska ég eindregið eftir að hún verði vistuð hið bráðasta til meðferðar á sjúkrahúsi.

Af framangreindum ástæðum mæli ég með því að Dómsmálaráðuneytið leyfi að X verði vistuð á geðdeild FSA gegn vilja sínum.

Þar sem fullreynt virðist vera að 15 daga sjúkrahúsvist, með stoð í 13. og 19. gr. lögræðislaga, nægi ekki til að bæta heilsu sjúklings mæli ég með því að sótt verði um tímabundna sviptingu sjálfræðis svo að komið verði við fullnægjandi læknismeðferð á sjúkrahúsi."

2. Vottorð sama læknis, dags. 12. febrúar 1987, svohljóðandi:

„Varðandi X ...

X liggur nú á geðdeild FSA. Var lögð inn gegn vilja sínum þann 06.02. 1987, með stoð í 13. og 19. gr. lögræðislaga.

Læknismeðferð er hafin. Sýnt er að X læknast ekki til fulls á 15 dögum og því mæli ég með því að hún verði svipt sjálfræði um tíma á meðan reynt verður til hlítar að lækna hana."

Sigmundur Sigfússon, yfirlæknir á Geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, hefur látið dóminum í té greinargerð sem dagsett er 7. apríl 1987. Í greinargerðinni segir: „X var lögð inn á Geðdeild F.S.A. gegn samþykki sínu hinn 6. febr. 1987 að ósk Ingu Björnsdóttur heilsugæslulæknis, að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Ástæða til innlagnarinnar var lífshættulegt ástand stúlkunnar vegna geðsjúkdóms. Hún var vannærð og fór næringarástand hennar versnandi vegna ófullnægjandi fæðuinntöku um langt skeið. Að baki vannæringunni lá sjúkdómurinn *anorexia nervosa* eða lystarstol af geðrænum toga. Einkenni um þennan sjúkdóm hefur X haft á köflum síðastliðin 7 ár, og

hlotið meðferð við honum á Geðdeild Landspítala, fyrst 08.09.-23.12. 1984 (sic), öðru sinni 16.06.-27.09. 1983 og þriðja sinni 11.11. 1983 - 14.04. 1984. Síðast var hún vistuð til meðferðar á Geðdeild Landspítala frá 07.11. 1986 - 21.01. 1987. Lauk þeirri vist með að hún strauk af deildinni og fór til heimilis síns á Akureyri, en hún hafði þessu sinni verið á deildinni gegn vilja sínum með stoð í 13. gr. lögræðislaga. Meðferð á Geðdeild Landspítala virtist hafa staðið of stutt til að bera varanlegan árangur. Eftir að X kom norður í janúar sl. nærðist hún illa og hafðist ekki að. Hún sinnti ekki tilmælum foreldra sinna um að leita sér læknishjálpar.

Auk lystarstols af geðrænum toga var X við komu hingað á deildina haldin árátttu-taugaveiklun (neurosis obsessiva-compulsiva) og alvarlegu þunglyndi. Áráttuhegðunin fólst m.a. í svo miklum handþvotti að húð á höndum var skemmd af þeim sökum. Einkenni þunglyndis voru tregða í hugsun og athöfnum, vonleysi, svartsýni og skortur á löngun til að lifa.

Nú eftir tveggja mánaða vist á deildinni er læknismeðferð X enn komin skammt á veg. Þunglyndiseinkennum hefur þó létt að mestu. Fram til þessa hefur meðferðin mest verið fólgin í að styrkja sjúkling til athafna og setja skorður óhollri og óskynsamlegri hegðun. X kveðst enn ósamþykk veru sinni hér á sjúkrahúsinu og hefur í byrjun ætíð þurft að skipa henni til samvinnu, t.d. um nauðsynlegar rannsóknir og um hvert nýtt skref til aukinnar þátttöku hennar í meðferðarprógrammi deildarinnar. Næringarástand hennar hefur breyst lítið eitt til hins betra þótt þyngd hafi nánast staðið í stað, hæst mælst 41,5 kg, lægst 40,5 kg. Viðunandi lágmarksþyngd væri um 50 kg. Innsæi sjúklings hvað varðar lystarstols-sjúkdóminn virðist ekki hafa aukist á þessum tíma, þ.e.a.s. dómgreind hennar er skert hvað varðar líkamsímynd, næringu og samband næringar við heilsufar hennar. Á flestum öðrum sviðum virðist dómgreind allgóð, en sjúkdómurinn þrengir mjög möguleika X á að nýta sér greind sína og hæfileika.

Ráðleggingum um lyfjameðferð við þráháttum og þráhugsun, sem í fyrri meðferðaratrennum hefur verið beitt með nokkrum árangri, hefur sjúklingur hafnað. Enn sem komið er er það metið svo að ekki séu efni til að þvinga í sjúkling lyf eða næringu, og því hefur það ekki verið gert.

Eftir 2-3 vikur er að því komið að hefja innsæismeðferð, bæði með fjölskylduviðtölum og einkaviðtölum. X hefur lýst sig andvíga hvoru tveggja, en þau hafa viðbrögð hennar áður verið við allri nýbreytni í þessari innlögn. Líklegt er að þurfi að skipa henni til þátttöku í þessu starfi til að byrja með, en síðan verði hún til samvinnu innan þess ramma sem nauðungarvist hennar hér skapar. Ekki er vitað til þess að fjölskyldumeðferð hafi áður verið reynd á 7 ára sjúkdómsferli Önnu, en sterk rök mæla með því að slíkt verði reynt nú.

Það skal nefnt að sjúklingur hefur ekki reynt að fara af deildinni í óleyfi

nema allra fyrstu sólarhringana hér. Frjálsræði hennar hefur aukist með vaxandi trausti, og hefur deildin t.d. verið ólæst frá 11. mars sl. Frá 1. apríl hefur X meira að segja verið treyst einni fyrir sjálfri sér utan deildar afmarkaða stund á degi hverjum.

Það er álit undirritaðs læknis að X þarfnist enn meðferðar á sjúkrahúsi við erfiðum geðsjúkdómi, sennilega í marga mánuði enn. Enn þiggur X ekki meðferð sjálfviljug svo að henni verður ekki við komið án þess að setja sjálfræði X hömlur. Batahorfur hennar án meðferðar eru slæmar að mati undirritaðs."

Þá hefur sami læknir látið dóminum í té viðbót við framangreinda greinargerð, sem dagsett er 28. apríl 1987, svohljóðandi: „Í greinargerð um ofangreinda konu, dags. 7. apríl síðastliðinn, segir í lokin: Enn þiggur X ekki meðferð sjálfviljug svo að henni verður ekki við komið án þess að setja sjálfræði X hömlur. Batahorfur hennar án meðferðar eru slæmar að mati undirritaðs.

Síðan þetta var ritað hefur sú breyting orðið, að X hefur lýst sig fúsa til að vera sjálfviljug á Geðdeild F.S.A. í allt að þrjá mánuði eftir að vistun gegn samþykki hennar lýkur. Hún segir að í þessu felist að hún hlíti ráðum um meðferð þennan tiltekna tíma.

X hefur sýnt bætta samvinnu um meðferð síðustu tvær vikur, fylgt fyrirmælum og staðið við orð sín. Hún tók þátt í tveim fjölskyldufundum sem haldnir voru 20. og 22. apríl. Þar kom fram hjá henni sú þversögn að þótt hún samþykki að vera sjálfviljug á deildinni, þá lítur hún ekki á sig sem sjúkling.

Enn skortir á sjúkdómsinnsæi hjá X og óeðlilega lág líkamsþyngd hennar hefur nánast staðið í stað. Ef hún verður ekki svipt sjálfræði með dómi er ógjörningur að segja fyrir um hvort breytt viðhorf hennar til meðferðar muni nægja eða endast nægilega lengi til að varanlegur árangur náist af meðferðinni."

Samkvæmt framangeindum gögnum þykir nægjanlega fram komið, að sjúkdómi varnaraðila sé þannig háttað að hann sé, eins og á stendur, ófær um að ráða persónulegum högum sínum að því er varðar sjúkrahúsvistun og læknismeðferð sem talin er nauðsynleg. Þá er fram komið að mikil óvissa ríkir um hvort nauðsynlegri læknismeðferð verði við komið án þess að varnaraðili verði sviptur sjálfræði.

Samkvæmt framanskráðu þykja skilyrði 3. gr. a-liðar lögræðislaga til sjálfræðissviptingar vera fyrir hendi og ber með vísan til þeirrar lagagreinar að svipta varnaraðila sjálfræði.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X ..., er svipt sjálfræði.

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr. 141/1986. **Sigurhans Hlynsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Arnardal sf. og
Almennum Tryggingum hf. til réttargæslu
(Guðm. Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda Arnardal sf. verði dæmt að greiða 39.958,00 krónur með 25% ársvöxtum frá 9. janúar 1984 til 21. s.m., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 27. júní 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Á hendur réttargæslustefnda Almennum Tryggingum hf. gerir áfrýjandi engar sjálfstæðar dómkröfur.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurhans Hlynsson, greiði stefnda, Arnardal sf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 7. mars sl., höfðaði Sigurhans Hlynsson, nnr. 7945-5008, nú til heimilis að Laugarásvegi 24, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 27. júní

1985, gegn Arnardal sf., Kópavogi, nnr. 0454-6997 og Almennum Tryggingum hf., Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða kr. 39.958,00 ásamt 25% ársvöxtum frá 9. janúar 1984 til 21. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skaðabóta vegna tjóns sem hann varð fyrir þegar grafa, eign stefnda Arnardals sf., rakst á bifreið stefnanda R-41309, 30. nóvember 1983. Óhapp þetta varð í Grafarvogi, en þar var stefnandi við vinnu sem verktaki og notaði bifreið sína við framkvæmd verksins. Þegar óhappið varð var ökumaður bifreiðarinnar þáverandi starfsmaður stefnanda, Jóhann Hlynsson, bróðir stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að grafan eigi alla sök á árekstrinum og beri stefndu því að bæta tjón stefnanda að fullu. Tjón stefnanda hafi numið kr. 83.326,00 og upp í það hafi ábyrgðartryggjandi gröfunnar, stefndi Almennar Tryggingar hf., greitt 50% af viðgerðarkostnaði kr. 32.930,00 og kr. 10.498,00 vegna afnotamissis bifreiðar. Stefnanda hafi verið nauðsyn vegna starfs síns að taka bílaleigubifreið á meðan viðgerð á bifreiðinni fór fram á tímabilinu 1. desember 1983 til 9. janúar 1984 og hafi leigufjárhæðin numið kr. 17.526,00. Skuldin við stefnanda vegna tjóns þessa nemi kr. 39.958,00 (sic).

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til 67. og 69. gr. l. nr. 40/1968. Kröfur á hendur stefnda Almennum Tryggingum hf. eru rökstuddar með vísan til 2. mgr. 74. gr. l. nr. 40/1968.

III.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að kröfugerð stefnanda á hendur Almennum Tryggingum hf. um solidariska greiðslu skv. heimild í 2. mgr. 74. gr. l. nr. 40/1968 sé á misskilningi byggð. Hér sé ekki um ábyrgðartryggingu bifreiða að ræða, heldur hafi fyrirtækið Arnardalur sf., Kópavogi, keypt frjálsa ábyrgðartryggingu til greiðslu á skaðaverkum sem fyrirtækið kynni að bera ábyrgð á. Arnardalur sf. sé þannig hinn tryggði og þá jafnframt tryggingartaki og það fyrirtæki eitt eigi rétt á greiðslum frá Almennum Tryggingum hf. ef það teljist bera skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni. Af þeim sökum beri að sýkna Almennar Tryggingar hf. í máli þessu.

Sýknukrafa Arnardals sf. byggist á því að hér sé ekki um neina sök að

ræða og beri fyrirtækið því ekki neina skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda. Vélskólfa frá stefnda Arnardal sf. hafi verið að vinna við að moka snjó í Grafarvogi í miklu kófi. Vinnusvæðinu hafi verði lokað fyrir allri bílaumferð með þar til gerðri grind, sem sýnd er á tjónstilkynningu á dskj. 3. Stefnandi hafi troðist inn á hið lokaða svæði án heimildar og eins og fram komi á tjónstilkynningunni, hafi ýtustjórinn ekki orðið var við bifreiðina fyrr en eftir að óhappið skeði. Öll sök á þessu óhappi sé stefnanda málsins. Sá sem fari inn á lokað vinnusvæði hljóti að gera það á eigin ábætttu. Stefndi Almennar Tryggingar hafi þó fallist á að helminga sökina og greiða hálft tjónið út.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi málsins, ökumaður bifreiðarinnar Jóhann Hlynsson, stjórnandi gröfunnar Jóhann Pétur Jónsson og Birgir Lúðvíksson, deildarstjóri hjá Almennum Tryggingum hf.

Stefnandi og stjórnandi gröfunnar voru sammála um að uppdráttur á dskj. 7 sýni aðstæður á árekstursstað. Ekki er upplýst á hvaða götu árekstsurinn varð, en gatan er í nýja hverfinu í Grafarvogi. Í götu þessari, sem er í brekku var verið að vinna. Efst í brekkunni var veghefill og er hann merktur nr. 3 á uppdrættinum, en neðst í brekkunni var skurður, sem grafinn hafði verið yfir götuna vegna hitaveituframkvæmda, þar á milli var verið að vinna með gröfu stefnda Arnardals sf., merkt nr. 1 og þar fyrir neðan var stefnandi að vinna við að sjóða saman hitaveiturör. Niður þessa brekku var bifreið ekið og hún stöðvuð fyrir ofan gröfuna af því að hún komst ekki fram hjá gröfunni að sögn ökumanns bifreiðarinnar. Bifreiðin er merkt nr. 2 á uppdrættinum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er ósannað að gatan þar sem árekstsurinn varð hafi verið lokuð fyrið umferð, en þarna var vinnusvæði og það var ökumanni bifreiðar stefnanda ljóst. Þegar það er virt, sem fram kom hjá ökumanni bifreiðarinnar við yfirheyrslur hér fyrir dómi, og þá sérstaklega það að hann hvorki fylgdist með gröfunni né gerði vart við sig, heldur fór að sortera dót í bílnum, þá verður að telja að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki sýnt þá aðgæslu, sem honum bar og telst hann eiga sök á árekstrinum að hluta sem telst hæfilega ákveðinn ½ hluti.

Viðurkennt er að stefndi Almennar Tryggingar hf. hefur greitt stefnanda vegna tjóns þessa samtals kr. 50.697,00 þ.e. kr. 32.930,00 sem er ½ umsaminn viðgerðarkostnaður, kr. 6.272,00 v/vatnskassa og kr. 11.495,00 v/bílaleigubíls. Telst stefnandi ekki eiga rétt á frekari bótum og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður. Ekki þykir skipta máli við ákvörðun málskostnaðar, að mál þetta var höfðað á hendur stefnda Almennum Trygg-

ingum hf. með vísan til 2. mgr. 74. gr. l. nr. 40/1968, enda hafði stefndi Almennar Tryggingar hf. greitt stefnanda beint þær bætur sem stefnandi hefur fengið vegna tjónsins.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Arnardalur sf. og Almennar Tryggingar hf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurhans Hlynssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 51/1987. **Þorgils Axelsson**
gegn
Bókhaldstækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgils Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 52/1987. **Þorgils Axelsson**

gegn

Bókhaldstækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgils Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 131/1987. **S.G. Einingahús**

gegn

Útvegsbanka Íslands, Keflavík
Veðdeild Landsbanka Íslands
v/byggingasjóðs ríkisins

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, S.G. Einingahús, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 134/1987. **María Erla Kjartansdóttir**
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík
f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, María Erla Kjartansdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. júní 1987.

Nr. 164/1987. **Ástdís Kristjánsdóttir**
gegn
Sveini Björnssyni
Birni Inga Sveinssyni
og Margréti Jónu Sveinsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ástdís Kristjánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 89/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Árna Davíðssyni
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 11. febrúar sl. skotið til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði framdi brot þau sem honum eru gefin að sök. Með því að aka bifreið hinn 18. nóvember 1985 og 27. maí 1986, þótt sviptur hefði verið ökuleyfi, hefur hann brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og með því að aka á ólöglegum hraða í fyrra skiptið hefur hann brotið gegn 1. mgr. 50. gr. sömu laga. Refsing ákærða er samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 30 daga óskilorðsbundið varðhald.

Í dómsorði héraðsdóms er kveðið á um ævilanga sviptingu ákærða til að öðlast ökuleyfi, en eigi sést af forsendum á hverju ákvæði þetta er byggt. Ákærði er eigi saksóttur til ökuleyfissviptingar né réttar til að öðlast slíkt leyfi og kemur það því ekki til álita í málinu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Árni Davíðsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. janúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með tveim ákærum, dagsettum 15. maí 1986 og 10. nóvember 1986 „á hendur Guðmundi Árna Davíðssyni, Álfhólsvegi 85, Kópavogi, fæddum 16. maí 1961 í Reykjavík.

Í ákæruskjali, dagsettu 15. maí 1986, er ákærða gefið að sök „að aka, mánudaginn 18. nóvember 1985, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-22050, norður Álfheima í Reykjavík með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að húsi nr. 38-42.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember 1986, er ákærða gefið að sök „að aka, þriðjudaginn 27. maí 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-13617 frá Kaplahrauni 9, Hafnarfirði, til Reykjavíkur, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Bústaðavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Ákæra, útgefin 15. maí 1986.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þeir að lögreglan í Reykjavík stöðvaði akstur bifreiðarinnar G-22050, þar sem henni var ekið norður Álfheima í Reykjavík, með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund, mánudaginn 18. nóvember 1985, kl. 16:35. Hafði lögreglan tal af ökumanni bifreiðarinnar sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið á tilgreindum hraða og kvaðst ekki rengja hraðamælingu rögreglunnar. Aðspurður sagðist ákærði hafa verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja.

Ákæra, útgefin 10. nóvember 1986.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þeir að lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði akstur bifreiðarinnar Y-13617 á Bústaðavegi, hinn 27. maí 1986, kl. 23:26. Hafði lögreglan tal af ökumanni og reyndist hann vera ákærði í máli þessu. Aðspurður sagðist ákærði vera sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja. Ákærði skýrði svo frá að hann hafi verið að koma frá Hafnarfirði þar sem hann hafi verið að gera við bifreiðina. Hafi ferðinni verið heitið heim með viðkomu í vídeóleigu.

Ákærði kom fyrir dóm og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Með játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

III.

Ákærði hefur 10 sinnum gengist undir dómsátt, þar af 9 sinnum vegna brota á umferðarlögum. Ákæru hefur einu sinni verið frestað skb. vegna brots gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Einu sinni hefur ákærði hlotið dóm vegna brots gegn umferðarlögum. Var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja.

IV.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og lög 16, 1977 og þykir hún með hliðsjón af sakaferli mannsins og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 38/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Pálma Ólafssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Okur. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 10. janúar 1987 skotið af hálfu ákæruvalds til Hæstaréttar „til sakfellingar samkvæmt ákæru- vegna eftirtaldra fimm lánveitinga: 29.6. 1984 og 19.1., 19.3., 19.5. og 19.7. 1984, og til refsiákvörðunar samkvæmt því og greiðslu sakarkostnaðar", en ákærði hafði viljað hlíta héraðsdómi.

I.

Í ákæru er ákærða gefið að sök okur í 26 skipti á tímabilinu frá 19. janúar 1984 til 2. september 1985. Eru brot hans talin varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur „bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985".

Þar sem refsing fyrir ólöglega vaxtatöku byggist á nefndu ákvæði laga nr. 58/1960 í tengslum við 3. gr. sömu laga og gildandi auglýsingar um hámarksvexti hefði í ákærunni átt að tilgreina, auk þeirra auglýsinga, sem þar er samkvæmt framansögðu vitnað til, einnig þær auglýsingar, sem tóku gildi eftir að auglýsingin frá 20. janúar 1984 hafði verið felld niður, og áttu við hluta þess tíma, sem hér um ræðir. Bréf Seðlabanka Íslands frá 7. janúar 1986 er heldur ekki refsiheimild.

Þar sem háttsemi ákærða er nægilega lýst í ákærunni þykir þó

unnt að komast hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi vegna nefndra galla á ákæru.

II.

1. Eins og að framan segir, er ákærða gefið að sök okur í 26 skipti á tímabilinu frá 19. janúar 1984 til 2. september 1985. Frá gildistöku auglýsingar Seðlabanka Íslands 2. ágúst 1984 til loka þess tímabils sem hér um ræðir var hins vegar ekki til að dreifa neinum gildum fyrirmælum um hámarksvexti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 19. desember 1986, og ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á lögum nr. 58/1960 með lánveitingum nefnt tímabil, alls 21 talsins.

2. Í héraðsdómi er því lýst, hvaða háttur var á viðskiptum ákærða og Hermanns Gunnars Björgvinssonar. Ákærði hefur haldið því fram, eins og nánar greinir frá í héraðsdómi, að hann hafi ekki lánað Hermanni fé, heldur fengið honum fé til ávöxtunar. Á þessa skýringu ákærða verður hins vegar ekki fallist.

Viðskipti ákærða og Hermanns Björgvinssonar hófust á því, að ákærði leitaði í ársbyrjun 1983 til Hermanns um upplýsingar um verðbréf og ávöxtun fjár. Kveðst ákærði hafa keypt skuldabréf af Hermanni tvívegis á árinu 1983, í apríl og í september. Að sögn ákærða bauð Hermann honum í síðara skiptið aðra ávöxtunarleið, er Hermann hafi sagt áhættulausa og gefa betri ávöxtun. Sú ávöxtunarleið, sem Hermann hafi boðið fram, hafi verið þannig, að ákærði skyldi fá vissa mánaðarvexti, ef hann léti af hendi fé, og að unnt yrði að taka inneignina út með tveggja eða þriggja mánða millibili eða halda ávöxtun áfram. Í janúar 1984 segist ákærði hafa ákveðið að reyna þessa ávöxtunarleið.

Af skýrslum ákærða og Hermanns Björgvinssonar kemur fram, að um leið og ákærði afhenti Hermanni fé var þeirra á milli samið um vexti og vaxtatímabil. Tók Hermann við það tækifæri einn á sig tékkaskuldbindingu um greiðslu höfuðstóls ásamt vöxtum á tilgreindum gjalddaga. Sami háttur var hafður á, þegar tékki féll í gjalddaga og nýr gefinn út í stað hins eldra. Samkvæmt þessu og eigin frásögn ákærða af aðdraganda þeirra viðskipta, sem í máli þessu greinir, hlaut honum að vera ljóst, að Hermann Björgvinsson tók ekki við fé af honum í því skyni að kaupa verðbréf á markaði fyrir hans hönd. Gat ákærða ekki dulist, að um peningalán af hans

hálfu væri að ræða að áskildu endurgjaldi, eins og lýst er í ákæru.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að ákærði hafi hinn 19. janúar, 19. mars, 19. maí og 19. júlí 1984 veitt Hermanni Björgvinssyni peningalán, hvert um sig að fjárhæð 70.000,00 krónur, og áskilið sér endurgjald fyrir lánin svo sem í ákæru segir. Ennfremur er sannað, að hinn 29. júní 1984 hafi ákærði veitt Hermanni peningalán að fjárhæð 200.000,00 krónur og að hann hafi áskilið sér endurgjald, eins og í ákæru greinir.

III.

1. Þegar ákærði lánaði Hermanni Björgvinssyni 70.000,00 krónur 19. janúar 1984, gilti auglýsing Seðlabanka Íslands 16. desember 1983 um vexti o.fl. Endurgjald það, er ákærði tók fyrir lán þetta, braut í bága við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. nefnda auglýsingu Seðlabankans en samkvæmt skýlausum ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. ákvæði I til bráðabirgða, taka nefnd ákvæði laga nr. 58/1960 til brota ákærða. Hefur ákærði í þessu tilviki tekið ólöglega vexti, að fjárhæð 5.950,00 krónur en talan 5.883,00 krónur í ákæru hefur ekki verið skýrð hér fyrir dómi. Í ákæru er sagt, að leyfilegir hámarksvextir hafi verið 24%, en samkvæmt 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar frá 16. desember 1983 námu þeir 27% á ári.

2. Þegar ákærði lánaði Hermanni Björgvinssyni 70.000,00 krónur 19. mars 1984 gilti auglýsing Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl. Endurgjald það, er ákærði tók fyrir lán þetta, braut í bága við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. nefnda auglýsingu Seðlabankans. Hefur ákærði í þessu tilviki tekið ólöglega vexti að fjárhæð 6.650,00 krónur en talan 6.620,00 krónur í ákæru hefur ekki verið skýrð hér fyrir dómi. Í ákæru er sagt, að leyfilegir hámarksvextir hafi verið 18,5% en samkvæmt 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar frá 20. janúar 1984 námu þeir 21% á ári.

3. Þegar ákærði lánaði Hermanni Björgvinssyni 200.000,00 krónur 29. júní 1984 og 70.000,00 krónur í hvort skiptið 19. maí og 19. júlí 1984, gilti auglýsing Seðlabanka Íslands 9. maí 1984 um vexti o.fl. Endurgjald það, er ákærði tók fyrir lán þessi, braut í bága við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. nefnda auglýsingu Seðlabankans. Hefur ákærði í þessum tilvikum tekið ólöglega vexti

að fjárhæð 32.300,00 krónur, en talan 31.842,00 krónur í ákæru hefur ekki verið skýrð hér fyrir dómi. Í ákæru er sagt, að leyfilegir hámarksvextir lánsins frá 29. júní 1984 hafi verið 21,6%, lánsins frá 19. maí 18,5% og lánsins frá 19. júlí 23,1% en samkvæmt 2. lið II. kafla nefndrar auglýsingar frá 9. maí 1984 námu þeir 21% á ári.

IV.

Refsing ákærða fyrir þau brot, sem greinir í III. kafla hér að framan, þykir hæfilega ákveðin 180.000,00 króna sekt, en rétt er að fresta greiðslu sektarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði 90 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður verði að hálfu greiddur af ákærða en að hálfu úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmi Ólafsson, greiði 180.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og skal hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði 90 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Ákærði greiði 15.000,00 krónur upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Sakarkostnað í héraði og annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Dómur sakadóms Keflavíkur 22. september 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. september 1986 var á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík af Símoni Ólasyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 595/86: Ákæruvaldið gegn Pálma Ólafssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 15. apríl 1986 og dómtekið 27. ágúst 1986, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. mars 1986, á hendur Pálma Ólafssyni iðnnema, Greniteig 10, Keflavík, fæddum 8. október 1961 í Keflavík, „fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 26 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 19. janúar 1984 lánað honum kr. 70.000,00 sem greiðast skyldi þann 19. mars 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 79.100,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 9.100,00 og svara til 67,9% ársvaxta í stað 24% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 5.883,00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 25 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 2. september 1985, og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 285.188,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar. (Sjá næstu síðu).

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði húsleit í skrifstofu Hermanns Gunnars Björgvinssonar, Hafnarstræti 20, Reykjavík hinn 31. október 1985 og fundust þá gögn sem talin voru benda til þess að Hermann Gunnar hafi tekið við fé af ákærða í máli þessu og að ákærði ætti talsverða fjárupphæð hjá Hermanni Gunnari. Nefndur Hermann Gunnar var grunaður um umfangsmikla okurlánastarfsemi.

Dagsetning láns	*Greiðslu-dagur*	*Lánsfjár-hæð*		*Áskildir vextir pr. ár í %*	*Miðað við tímabil kr.*
14. 6. 1985	14. 8. 1985	38000.	42950.	68.0	4950.
14. 3. 1985	14.10. 1985	42950.	48530.	67.9	5580.
29. 6. 1984	29. 8. 1984	200000.	226000.	78.0	26000.
29. 8. 1984	29.10. 1984	221000.	249730.	67.9	28730.
29.10. 1984	29.12. 1984	244730.	276550.	67.9	31820.
29.12. 1984	29. 2. 1985	276550.	312500.	78.0	35950.
29. 2. 1985	29. 4. 1985	312500.	353125.	67.9	40625.
29. 4. 1985	29. 6. 1985	323125.	365130.	67.9	42005.
29. 6. 1985	29. 8. 1985	365130.	412600.	67.9	47470.
29. 8. 1985	29.10. 1985	397600.	449290.	67.9	51690.
19. 1. 1984	19. 3. 1984	70000.	79100.	67.9	9100.
19. 3. 1984	19. 5. 1984	70000.	79100.	67.9	9100.
19. 5. 1984	19. 7. 1984	70000.	79100.	67.9	9100.
19. 7. 1984	19. 9. 1984	70000.	79100.	78.0	9100.
19. 9. 1984	19.11. 1984	69100.	78083.	67.9	8983.
19.11. 1984	19. 1. 1985	78083.	88233.	78.0	10150.
19. 1. 1985	19. 3. 1985	73233.	82750.	67.9	9517.
19. 3. 1985	19. 5. 1985	77750.	87860.	67.9	10110.
19. 5. 1985	19. 7. 1985	87860.	99280.	67.9	11420.
19. 7. 1985	19. 9. 1985	99280.	112200.	68.0	12920.
2.11. 1984	2. 1. 1985	70000.	79100.	67.9	9100.
2. 1. 1985	2. 3. 1985	74100.	83733.	67.9	9633.
2. 3. 1985	2. 5. 1985	78733.	88970.	67.9	10237.
2. 5. 1985	2. 7. 1985	88970.	100530.	67.9	11560.
2. 7. 1985	2. 9. 1985	90530.	102300.	67.9	11770.
2. 9. 1985	2.11. 1985	102300.	115600.	67.9	13300.

Skildir vextir fyrir tímabilið kr. 479920.
Ólögleyfðir vextir fyrir tímabilið kr. 194732.
Vextir umfram lögleyfða fyrir tímabilið kr. 285188.

Lögleyfðir vextir pr. ár í %	*Miðað við tímabilið kr.*	*Vextir umfram lögl. fyrir tímabilið kr.*	*Hæstu lögl. vextir á lánstímanum miðast við*
29.5	2147.	2803.	hæstu víxlavexti
30.0	2467.	3113.	hæstu víxlavexti
21.6	7183.	18817.	hæstu skuldabréfa
23.0	9733.	18997.	hæstu víxlavexti
24.0	11246.	20574.	hæstu víxlavexti
32.0	14762.	21188.	hæstu skuldabréfa
31.0	18549.	22076.	hæstu víxlavexti
31.0	19179.	22826.	hæstu víxlavexti
29.5	20624.	26846.	hæstu víxlavexti
30.0	22839.	28851.	hæstu víxlavexti
24.0	3217.	5883.	hæstu víxlavexti
18.5	2480.	6620.	hæstu víxlavexti
18.5	2480.	6620.	hæstu víxlavexti
23.1	2695.	6405.	hæstu skuldabréfa
24.0	3175.	5808.	hæstu víxlavexti
27.7	3601.	6549.	hæstu skuldabréfa
31.0	4347.	5170.	hæstu víxlavexti
31.0	4615.	5495.	hæstu víxlavexti
30.5	5131.	6289.	hæstu víxlavexti
30.0	5704.	7217.	hæstu víxlavexti
24.0	3217.	5883.	hæstu víxlavexti
31.0	4398.	5235.	hæstu víxlavexti
31.0	4673.	5564.	hæstu víxlavexti
31.0	5281.	6279.	hæstu víxlavexti
29.5	5114.	6656.	hæstu víxlavexti
30.0	5876.	7424.	hæstu víxlavexti

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins bar ákærða og Hermanni Gunnari saman um það að ákærði hafi látið Hermann Gunnar hafa fé á árunum 1984 og 1985. Upphafið að viðskiptum þeirra var að ákærði keypti skuldabréf af Hermanni Gunnari, sem aðrir höfðu gefið út, í apríl 1983. Ákærði hefur hér fyrir dómi haldið fast við þann framburð sinn fyrir rannsóknarlögreglu að hann hafi látið Hermanni Gunnari fé þetta í té til að Hermann Gunnar ávaxtaði það fyrir hann, en Hermann Gunnar hefur haldið sig við þann framburð að ákærði hafi lánað sér féð. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hefur Hermann Gunnar lýst því yfir að breyting hafi orðið á viðskiptum hans og ákærða á árinu 1983 en hins vegar hefur ákærði haldið því fram í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hafi fyrst tekið við tékkum af Hermanni gegn afhendingu fjár í janúar 1984. Ákærði hefur einnig sagt að þá þegar hafi Hermann Gunnar ítrekað verið búinn að ámálga við sig þennan viðskiptahátt en hann hafi verið tregur til, þar eð honum þóttu skuldabréfaviðskiptin betri.

Viðskiptin voru með þeim hætti að ákærði afhenti Hermanni Gunnari tékka en tók á móti við tékkum fyrir tékkafjárhæðinni auk vaxta og var sá tékki dagsettur tveimur mánuðum síðar. Alls var hér um að ræða 26 skipti sem ákærði lét Hermann Gunnar hafa fé og lauk þessum viðskiptum vegna aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 31.10. 1985. Síðustu tékkarnir voru útgefnir þann 2.9. 1985. Hvorki ákærði né Hermann Gunnar hafa hér fyrir dómi dregið í efa lýsingu viðskiptanna í ákæruskjali hvað fjárhæðir snertir. Styðst sá framburður þeirra við önnur gögn málsins og þykir því sannað að viðskiptin hafi verið með þeim hætti hvað fjárhæðir snertir sem í ákæru greinir.

Þegar viðskiptum ákærða og Hermanns Gunnars lauk vegna aðgerða yfirvalda hinn 31. október 1985 hafði ákærði í höndum 4 tékka frá Hermanni Gunnari, samtals að fjárhæð kr. 725.620,00. Hefur ákærði ekki reynt að fá tékkana greidda enda telur hann það vonlítið. Af hálfu Hermanns Gunnars Björgvinssonar hefur ekki komið fram krafa um það, að ákærði greiði honum skaðabætur vegna oftekinna vaxta.

Niðurstaða.

Mál það sem hér er til meðferðar er fyrir margra hluta sakir allsérstætt. Rúmlega tvítugur iðnnemi úr Keflavík fer með fé sitt til verðbréfasala í Reykjavík sem hefur stundað slík viðskipti um allnokkurt skeið og auglýst starfsemi sína sem slíka. Verjandi ákærða hefur lagt áherslu á að ákærði hafi verið lítt reyndur í heimi viðskiptanna eins og sjáist á dómskjali nr. 5, en það er ávísun stíluð á handhafa og gefin út af ákærða á reikning nr. 3610 í Sparisjóðnum í Keflavík hinn 26.6. 1984. Ávísun þessi sé mjög viðvaningslega útfyllt og raunar svo illa úr garði gerð að handhafi hennar,

þ.e. Hermann Gunnar, hafi þurft að breyta henni til þess að gild væri.

Þegar viðskipti ákærða og Hermanns Gunnars áttu sér stað ríkti mikil óvissa í vaxtamálum í þjóðfélaginu og ýmsir þeir sem um vexti þurftu að véla töldu sig ekki of örugga með hverjir væru réttir vextir hverju sinni. Á þessum tíma voru margar verðbréfasölur í gangi og auglýstu þær hver í kapp við aðra mismunandi ávöxtun, en almenningur hlýtur að hafa átt erfitt með að sundurgreina ávöxtun og vaxtatöku enda oft erfitt að greina þar á milli, þar eð ávöxtun hlýtur oftast að fela í sér vaxtatöku að meira eða minna leyti. Bankar gáfu fólki einnig kost á margs konar og mismunandi ávöxtunarleiðum og hæpið verður að telja að öllum almenningi hafi verið nægilega ljóst hvað löglegt var í viðskiptum með skuldabréf og þess háttar pappíra, a.m.k. þegar verðbréfasölur höndluðu með slíkt og viðkomandi einstaklingur stóð ekki í beinu sambandi við skuldara og ákvað þar af leiðandi vaxtatökuna sjálfur.

Tæplega er hægt að ætlast til þess að ungur iðnnemi úr Keflavík hafi verið fullviss þess hverjir réttir vextir voru hverju sinni við slíkar aðstæður. Vitað er að Hermann Gunnar rak verðbréfastofu í Reykjavík á þessum árum og átti viðskipti við marga. Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram að hann hafi ekki lánað Hermanni Gunnari fé heldur hafi hann einungis afhent honum það til ávöxtunar og það hefur komið fram hér í málinu með yfirlýsingu Hermanns Gunnars hér fyrir dómi að hann hafi ávallt verið upphafsmaður að ákvörðun vaxta hverju sinni og að ákærði hafi aldrei áskilið sér neina ákveðna vexti. Telja verður afar ólíklegt að iðnneminn þ.e. ákærði í þessu máli hafi lánað Hermanni Gunnari verðbréfasala féð eins og ákæruskjal hljóðar um. Sennilegri verður að teljast sú meining ákærða að hann hafi látið Hermann Gunnar hafa fé sitt til ávöxtunar og að hann hafi ekki endilega getað gert sér grein fyrir því að vextir væru ólöglegir. Á hér tvímælalaust að líta til einnar meginreglu réttarkerfis vors, þ.e. reglunnar in dubio pro reo.

Refsiákvæði það sem meint brot ákærða heyrir undir, þ.e. 2. mgr. 6. gr. okurlaganna nr. 58/1960, er aðallega ætlað til að koma í veg fyrir að bágstatt og lítilsmegandi fólk lendi í klóm okrara. Þykir mega leiða þetta af greinargerð um lagaákvæði þetta í gegnum tíðina.

Brotalýsing 2. mgr. 6. gr. okurlaganna er alfarið bundin við áskilnað of hárra vaxta. Refsing manns vegna brots á henni er hins vegar miðuð við upphæð áskilinna vaxta eða tekinna vaxta. Það er álit dómsins að til þess að refsiákvæði þessu verði beitt gegn ákærða verði að teljast sannað að um ásetningsbrot hans hafi verið að ræða. Verður að beita hér lögjöfnun frá 18. gr. laga nr. 19/1940. Það er óumdeilt að hann tók við of háum vöxtum úr hendi Hermanns Gunnars en virða verður honum það til

gáleysis. Með hliðsjón af framburði Hermanns Gunnars hér fyrir dómi, þ.e. að hann hafi í hverju tilfelli verið frumkvöðull að ákvörðun vaxta, og með hliðsjón af eðli starfsemi hans og ákærða þykir ennfremur hæpið að telja að um ásetningsbrot hafi verið að ræða hjá ákærða. Ljóst er að Hermann Gunnar stundaði umsvifamikla okurstarfsemi á þessum tíma og notaði til hennar fé það er hann fékk frá ákærða og mörgum öðrum. Ákærði átti aldrei bein viðskipti við þá viðskiptavini Hermanns sem þola urðu okurlánastarfsemi hans, engu fremur í viðskiptum með tékkana heldur en með kaupunum á skuldabréfunum.

Hefur reyndar enginn haft uppi endurkröfurétt á ákærða vegna oftekinna vaxta.

Verður ekki hægt að telja að neinn meginmunur sé á tékkavipskiptunum og veðskuldabréfaviðskiptunum hvað þetta snertir.

Telja verður með öllu ósannað að ákærði hafi lánað Hermanni Gunnari fé með okurvöxtum, heldur þvert á móti að hann hafi afhent Hermanni Gunnari fé til ávöxtunar, en jafnframt telst sannað að ákærði hafi tekið við tékkum af Hermanni Gunnari sem inni fólu í fjárhæð sinni oftekna vexti eins og segir í ákæru.

Því telst ósannað að ákærði hafi haft ásetning til þessa brots m.a. með tilliti til þjóðfélagshátta á þessum tíma og dómurinn telur að ekki sé hægt að dæma mönnum refsingu fyrir brot á lögum þessum fyrir gáleysissakir.

Ákærði hefur ekki áður sætt kæru né refsingu.

Með tilliti til alls þessa þykir rétt að ákærði sé sýkn af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu. Eftir þessum úrslitum og samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 skal sakarkostnaður allur þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Skarphéðins Þórissonar hrl., kr. 25.000,00 greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmi Ólafsson, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Skarphéðins Þórissonar hrl., kr. 25.000,00.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 39/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Eyþóri Sölva Jónssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Okur. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 23. desember 1986 skotið af hálfu ákæruvalds til Hæstaréttar „til sakfellingar samkvæmt ákæru- vegna lánveitingar þann 2. febrúar 1984 — og til refsiákvörðunar samkvæmt því og þyngingar", en ákærði hafði viljað hlíta héraðsdómi.

I.

Í ákæru máls þessa segir að háttsemi sú sem ákærða er gefin að sök, teljist varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir 16. desember 1983 og 20. janúar 1984. Einnig er í ákærunni vitnað í „bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa".

Þar sem refsing fyrir ólöglega vaxtatöku byggist á nefndu ákvæði laga nr. 58/1960 í tengslum við 3. gr. sömu laga og gildandi auglýsingar um hámarksvexti hefði í ákærunni átt að tilgreina þær auglýsingar Seðlabanka sem í gildi voru á þeim tíma sem hér er um að ræða, en ákæran lýtur að ólöglegri vaxtatöku af lánum veittum 2. febrúar 1984 og 21. október 1985. Auglýsing Seðlabankans frá 16. desember 1983, sem vitnað er til í ákæru, var eigi í gildi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og auglýsingin frá 20. janúar 1984, sem einnig er vísað til í ákæru var ekki í gildi 21. október 1985. Þá er bréf Seðlabankans 7. janúar 1986 eigi refsiheimild.

Þar sem háttsemi ákærða er nægilega lýst í ákærunni þykir þó hægt að komast hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi vegna nefndra galla á ákæru.

II.

1. Í ákæru er ákærða gefið að sök okur í tvö skipti, í fyrra skiptið 2. febrúar 1984 og í seinna skiptið 21. október 1985. Í október 1985 var hins vegar ekki til að dreifa neinum gildum fyrirmælum um hámarksvexti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 19. desember 1986, og ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á lögum nr. 58/1960 með lánveitingu þann dag.

2. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi hinn 2. febrúar 1984 lánað Hermanni Gunnari Björgvinssyni 184.000,00 krónur og að ákærði hafi áskilið sér endurgjald fyrir lánið svo sem í ákæru segir. Eins og tekið er fram í héraðsdómi gilti auglýsing Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl., þegar lánið var veitt. Endurgjald það er ákærði tók fyrir lán þetta braut í bága við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960 sbr. síðastnefnda auglýsingu Seðlabankans, en samkvæmt skýlausum ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. ákvæði I til bráðabirgða, taka nefnd ákvæði laga nr. 58/1960 til brots ákærða. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi í þessu tilviki tekið ólöglega vexti að fjárhæð 20.571,00 króna, en eigi 20.396,00 krónur eins og í ákæru greinir. Þar er miðað við að leyfilegir hámarksvextir hafi verið 18,5% á ári, en samkv. 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar 20. janúar 1984 námu þeir 21% á ári. Við ákvörðun refsingar ber hins vegar að miða við þá fjárhæð, sem í ákæru greinir, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 90.000,00 króna sekt. Fallist er á með héraðsdómara að fresta megi greiðslu sektarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði 45 daga varðhaldi ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður verði að hálfu greiddur af ákærða en að hálfu úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Eyþór Sölvi Jónsson, greiði 90.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og skal hún niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði 45 daga varðhaldi ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Ákærði greiði 15.000,00 krónur upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Sakarkostnað í héraði og annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. september 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 18. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 470/1986: Ákæruvaldið gegn Eyþóri Sölva Jónssyni sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. mars 1986, á hendur Eyþóri Sölva Jónssyni öryrkja, Jórufelli 12 í Reykjavík, fæddum hér í borg 26. september 1941, „fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 2 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánum en lögleyft var á því tímabili, í fyrra skiptið þann 2. febrúar 1984 lánað honum kr. 184.000,00 sem greiðast skyldi þann 2. apríl 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 211.011,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 27.011,00 og svara til 75,5% ársvaxta í stað 18,5% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 20.396,00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan aftur þann 21. október 1985 veitt Hermanni Gunnari peningalán með okurvöxtum, og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 52.436,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

Dags. láns	Greiðslu-dagur	Lánsfjár-hæð	Endur-greitt	Áskildir vextir pr. ár í %	Áskildir vextir Mið-að við tímab. kr.	Lögleyfðir vextir pr. ár í %	Lögleyfðir vextir Mið-að við tímab. kr.	Vextir umfram lögl. fyrir tímabil kr.	Hæstu lögleyfðir vextir á lánstíma-anum miðast við
02.02.1984	02.04. 1984	184.000	211.011	75.5	27.011	18.5	6.615	20.396	hæstu víxlavexti
21.10.1985	21.12. 1985	350.000	402.500	77.0	52.500	30.0	20.460	32.040	hæstu víxlavexti

Áskildir vextir fyrir tímabilið	kr.	79.511.
Lögleyfðir vextir fyrir tímabilið	kr.	27.075.
Vextir umfram lögleyfða fyrir tímabilið	kr.	52.436.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

I. Við húsleit, sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í skrifstofu Hermanns Gunnars Björgvinssonar í Hafnarstræti 20 31. október 1985, fundust gögn sem bentu til þess að ákærði hefði afhent Hermanni Gunnari fé og ætti hjá honum fé. Í tveimur stílabókum sem fundust hjá honum var nafn ákærða, símanúmer hans, dagsetningin 21.12., talan 402.500 og 15%. Samkvæmt framburði Hermanns Gunnars merkti þetta að ákærði ætti hjá honum 402.500, og hann hefði fengið tékka, dagsettan 21. desember 1985, fyrir þeirri fjárhæð og umsamdir vextir af láninu væru 15% fyrir tvo mánuði.

Samkvæmt frásögn Hermanns Gunnars Björgvinssonar og ákærða og gögnum málsins fór hann á fund Hermanns Gunnars 2. febrúar 1984 og afhenti honum 184.000 króna ávísun og fékk á móti tékka dagsettan 2. apríl 1984 að fjárhæð 211.011 krónur, þ.e.a.s. fyrir þessum 184.000 krónum að viðbættum vöxtum. Tékka þennan innleysti ákærði á sögðum útgáfudegi hans, 2. apríl 1984.

Á sama hátt er uppýst að ákærði afhenti Hermanni Gunnari 18. október 1985 tékka að fjárhæð 350.000 krónur og fékk á móti tékka að fjárhæð 402.500 krónur þ.e.a.s. fyrir þessum 350.000 krónum að viðbættum vöxtum. Var sá tékki dagsettur 21. desember 1985. Þegar Hermann Gunnar var handtekinn 31. október 1985 og húsleit gerð hjá honum var tékki þessi í fórum ákærða og hefur hann ekki fengist greiddur.

Ákærði hefur skýrt frá því, að í fyrra sinnið hafi verið um að ræða fé sem hann fékk að láni hjá syni sínum en í hið síðara hafi verið um að ræða vátryggingabætur frá tryggingafélagi. Í málinu er upplýst að ákærði fékk greidda vátryggingu fyrir vélbát í júní og júlí 1985.

Ákærði hefur haldið því fram frá upphafi að hann hafi afhent Hermanni Gunnari fé til þess að keypt yrðu fyrir það skuldabréf eða víxlar með afföllum og hann hafi alls ekki lánað Hermanni Gunnari fé. Aftur á móti kveðst hann aldrei hafa séð nein bréf og ekki vita hvaða bréf voru keypt fyrir hann. Það fyrirkomulag, að ákærði fékk tékka fyrir framlagi sínu að viðbættum vöxtum, hafi aðeins verið til hægðarauka.

Samkvæmt framburði Hermanns Gunnars hóf hann verðbréfaviðskipti undir firmanafninu „Verðbréfamarkaðurinn" á árinu 1981. Setti hann þá um sumarið upp skilti við skrifstofudyr sínar í Hafnarstræti 20 með þessu firmanafni. Kveðst hann hafa rekið þessa starfsemi fram á árið 1983 en þá hafi hann byrjað að taka við lánum frá fólki. Segir hann að fyrirtækið hafi verið skráð í símaskrá 1982 og sé enn. Aftur á móti hafi hann tekið niður skiltið við dyrnar um áramótin 1984-1985.

Hermann Gunnar hefur borið, að viðskipti þeirra ákærða hafi verið hrein lánsviðskipti og aldrei hafi verið rætt um kaup á verðbréfum á milli þeirra.

Á svuntu í tékkhefti ákærða, sem ber sama númer og síðari tékki ákærða til Hermanns Gunnars stendur þetta ritað: „18/10 '85 — Hermann — lán — 350.000."

Þegar á það er litið að ákærði og Hermann Gunnar sömdu fyrirfram um vexti af framlögum ákærða, að ákærði hefur borið að hann hafi hvorki séð né vitað neitt um verðbréf þau sem hann kveður að hafi átt að kaupa fyrir framlög sín og að ákærði hefur skráð hjá sér að síðari tékkinn væri lán, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun hans, að hann hafi lánað Hermanni Gunnari fé í tvö skipti, eins og segir í ákæru. Þó verður að telja að upphaf síðara lánstímabilsins hafi verið 18. október 1985 en ekki 21. október, enda ber ákærða og Hermanni Gunnari saman um það og tékki ákærða til hans er gefinn út 18. október og innleystur samdægurs.

Ákærði hefur verið heilsulaus frá 1982 og ekki haft aðrar tekjur undanfarin ár en örorkubætur og lífeyri. Tryggingastofnun ríkisins hefur metið örorku hans 75%. Eiginkona ákærða er einnig öryrki með yfir 75% örorku.

II. Þegar ákærði lánaði Hermanni Gunnari fé í fyrra skiptið, 2. febrúar 1984, var í gildi auglýsing Seðlabanka Íslands um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá 20. janúar 1984, sem birtist næsta dag í Lögbirtingarblaði. Samkvæmt henni skyldu forvextir víxla vera 18.5% á ári en vextir óverðtryggðra skuldabréfa vera 21% á ári.

Þegar ákærði lánaði Hermanni Gunnari fé í síðara skiptið var í gildi auglýsing Seðlabankans um sama efni frá 20. desember 1984, sem birtist

í Lögbirtingarblaði 28. sama mánaðar. Þar voru vextir af óverðtryggðum skuldabréfalánum ákveðnir 25.8% á ári en ekkert ákvæði var þar um víxilvexti. Með auglýsingunni var viðskiptabönkunum heimilað að ákveða út- og innlánsvexti að fengnu samþykki Seðlabankans. Í III. kafla auglýsingarinnar segir m.a., að ákvarðanir innlánsstofnana um vexti á grundvelli þessarar auglýsingar og „framangreindar ákvarðanir Seðlabankans um vexti" gildi „sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960".

I sama tölublaði Lögbirtingarblaðs birtist einnig auglýsing bankans „um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti, sem gilda í janúar 1985". Er þar tilgreint lágmark, hámark og meðaltal skuldabréfavaxta en engir víxilvextir. Slíkar auglýsingar birtust síðan í blaðinu fyrir hvern almanaksmánuð ársins 1985. Samkvæmt þeim voru hámarksvextir það ár af skuldabréfum sem hér segir: Janúar 27%, febrúar-maí 34% og júní-desember 32%. Engir víxilvextir voru auglýstir af hálfu Seðlabankans það ár.

Auglýsingar Seðlabankans „um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti", sem giltu árið 1985, bera ekki með sér að með þeim séu auglýstir hámarksvextir samkvæmt lögunum um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Eru þessar auglýsingar alls ekki svo skilmerkilegar sem vera ætti enda þótt tilgreindir séu í þeim hæstu vextir, sem tíðkist hjá bönkum og sparisjóðum. Allt að einu þykir með hliðsjón af ákvæði III. kafla auglýsingar Seðlabankans frá 20. desember 1984, sem áður var tilfært, og orðalagi 3. gr. okurlaganna, mega telja að þær geymi fullnægjandi réttarheimild um hámarksvexti í skilningi þess ákvæðis.

Í ákæru er miðað við hæstu lögleyfðu víxilvexti þegar tilgreindir eru ofteknir vextir af hálfu ákærða. Lán ákærða til Hermanns Gunnars voru ekki víxillán og víxilforvextir geta ekki talist almennir útlánsvextir í skilningi 3. gr. okurlaganna. Þykir eðlilegast að miða við vexti almennra óverðtryggðra skuldabréfa eins og þeir hafa verið ákveðnir með auglýsingum Seðlabankans og hér segir:

Dags. láns:	*Greiðsludagur:*	*Lánsfjárhæð:*	*Endurgreitt:*	*Áskildir vextir í kr.:*	*Lögleyfðir vextir á ári: í %*	*í kr.*	*Vextir umfram löglega í kr.:*
02.02. 1984	02.04. 1984	184.000	211.011	27.011	21	6.440	20.571
18.10. 1984	21.12. 1984	350.000	402.500	52.500	32	19.600	32.900
					Samtals		53.471

Með því að áskilja sér þessa vexti hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti og verðtryggingu sparifjár og láns-

fjár o.fl. frá 20. janúar 1984, sem birtist í Lögbirtingarblaði 21. sama mánaðar, auglýsingu bankans um sama efni frá 20. desember 1984, sem birtist 28. sama mánaðar, sbr. auglýsingu bankans um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti, sem giltu í október 1985, frá 20. september 1985, sem birtist 27. s.m.

Auglýsing Seðlabankans frá 16. desember 1983, sem tilfærð er í ákæruskjali málsins, á ekki við um brot ákærða enda tekur hún til annars tímabils en brot ákærða er framið og bréf bankans til rannsóknarlögreglu ríkisins frá 7. janúar 1986 getur ekki talist réttarheimild.

Kröfugerð í ákæru beinist að fleiru en einum ákærðum en það á ekki við í máli þessu.

III. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði sektaður fjórum sinnum á árunum 1961 til 1968, umferðarlagabrot og húsbrot.

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir að áskilja sér í vexti samtals 53.471 krónur umfram það sem heimilt var að lögum í tveimur lánveitingum til Hermanns Gunnars Björgvinssonar, en í ákærunni er honum gefið að sök að hafa oftekið í vexti 52.436 krónur. Þegar ákærða er ákvörðuð refsing verður, samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála, að taka mið af lægri tölunni.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. okurlaganna er skylt að dæma ákærða sektarrefsingu sem sé ekki lægri en fjórfaldir ólöglega áskildir eða teknir vextir og allt að tuttugu og fimmfaldir. Refsiákvæði þetta verður að telja einstakt í íslenskum lögum og var innleitt með tilskipun um leiguburð af peningum frá 27. maí 1859 og síðan tekið upp lítið breytt í lögum um bann við okri nr. 73, 1933. Ljóst er af sögu ákvæðisins og greinargerð fyrir þeim lögum að því var aðallega ætlað að forða bágstöddu og lítilsmegandi fólki frá því að lenda í klóm okrara. Fram er komið að Hermann Gunnar hefur orðið uppvís að því að reka sjálfur umfangsmikla okurlánastarfsemi og lána áfram fé það sem hann tók að láni hjá ákærða og öðrum.

Með hliðsjón af þessu, því að ákærði situr uppi með tékka frá Hermanni Gunnari, samtals að fjárhæð 402.500 krónur, sem nær vonlaust verður að telja að fáist greiddur og því að ofteknir vextir, sem refsa ber ákærða fyrir, nema 52.436 krónum, og því að ákærði hefur ekki aðrar tekjur að reiða sig á en örorkubætur og lífeyri og öðru því sem vitað er um efnahag hans, er það álit dómsins að það væri harkalegt og ósanngjarnt að dæma ákærða í óskilorðsbundna sekt. Fordæmi eru fyrir því, bæði í dómum Hæstaréttar, sbr. XI. bindi, bls. 6 og XXIII. bindi bls. 206 og í úrlausnum héraðsdómara að skilorðsbinda sektarrefsingar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 210.000 króna sekt til ríkissjóðs. Með skírskotun til þess sem áður sagði og hliðsjón af grunnreglu 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 þykir mega fresta greiðslu sektarinnar

og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að sæta varðhaldi í 4 mánuði, rjúfi hann framangreint skilorð og greiði ekki 210.000 krónur innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt að refsingunni skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hrl., 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Eyþór Sölvi Jónsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 210.000 krónur en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og skal hún niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti varðhaldi í 4 mánuði rjúfi hann skilorðið og greiði ekki 210.000 krónur innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt að refsingunni skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 119/1986. **Kaupfélag Húnvetninga**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu
vegna þrotabús Vörðufells h/f
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1986. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum að hann krefst 19% ársvaxta frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags krefst hann þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefir ekki verið hreyft andmælum við fjárhæð dómkröfu stefnda né upphafstíma vaxta.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann með þeirri málskostnaðar- og vaxtabreytingu er greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu vegna þrotabús Vörðufells h/f,

154.967,29 krónur auk 19% ársvaxta frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags þá dráttarvexti sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara og
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi lét kröfu sína á hendur stefnda í innheimtu hjá lögmanni, sem að fenginni aðfararheimild gerði fjárnám í bifreið þeirri, er hér kemur við sögu, 5. desember 1983 og krafðist nauðungaruppboðs á henni, sem fram átti að fara 11. febrúar 1984. Að beiðni stefnda féll hann frá fjárnámi og nauðungarsölu á bifreiðinni og samþykkti sölu hennar á almennum markaði gegn loforði um greiðslu. Telja má víst, að fyrirsvarsmenn Vörðufells h/f hafi talið frjálsa sölu bifreiðarinnar félaginu (og þar með kröfuhöfum) hagstæðari en sölu hennar á nauðungaruppboði. Upplýst er í málinu, að viðskiptabanki stefnda greiddi fyrir sölunni með lánveitingu til kaupandans fyrir kaupverðinu, en það gekk að meiri hluta til lúkningar skulda Vörðufells h/f við bankann. Ekki er fram komið að áfrýjandi hafi átt hlut að sölu bifreiðarinnar, en bankinn greiddi honum að fyrirlagi stefnda fjárhæð þá er ágreiningur máls þessa snýst um. Eigi verður talið að greiðsla þessi, sem innt var af hendi í reiðufé, sé frábrugðin því sem tíðkað er í viðskiptum og ekki er heldur fram komið að áfrýjanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að stefnda biði greiðslustöðvun og gjaldþrot. Var greiðslan því ekki óvenjulegur greiðslueyrir og „venjuleg eftir atvikum". Brestur því heimild til að rifta henni á grundvelli 54. eða 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum

stefnda, sem greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. desember sl., höfðaði Viðar Már Matthíasson hdl., Borgartúni 24, Reykjavík, sem skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi f.h. þrotabúsins gegn Kaupfélagi Húnvetninga, nnr. 5579-3360, Blönduósi, Austur-Húnavatnssýslu, 21. mars 1985.

Aðilar málsins sömdu með heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að rift verði með dómi greiðslu skuldar Vörðufells hf. við stefnda sem fram fór 21. febrúar 1984 að fjárhæð kr. 154.967,29.

Í öðru lagi að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 154.967,29 með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Fyrirtækið Vörðufell hf. tók að sér fyrir Landsvirkjun að byggja hlöðu og fjárhús á Eiðsstöðum í Blöndudal. Framkvæmdirnar munu hafa staðið yfir sumarið og haustið 1983. Vörðufell fékk heimild hjá stefnda til þess að taka út vörur af ýmsu tagi sem honum voru nauðsynlegar vegna þessara framkvæmda í viðskiptareikning í verslun stefnda á Blönduósi.

Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda nam skuldin hinn 31. október 1983 kr. 532.496,05, en á úttektartímanum hafði Vörðufell hf. ekkert greitt og gerði heldur ekki eftir að viðskiptunum lauk þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnda. Stefndi fékk þá lögfræðingi sínum skuld þessa til innheimtu.

Stefndi höfðaði síðan áskorunarmál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu hinn 28. nóvember 1983 út af skuldinni. Skuldin var gerð aðfararhæf með áritun á stefnu og 5. desember 1983 gerði fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík að kröfu stefnda fjárnám fyrir skuldinni í tveim bifreiðum Vörðufells hf., X-2060 og X-734.

Með bréfum dags. 13. desember 1983 fór lögmaður stefnda þess á leit

við borgarfógeta í Reykjavík að Vörðufell hf. yrði svipt vörslum bifreiðanna tveggja og þær seldar á opinberu nauðungaruppboði. Með bréfi yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 16. janúar 1984 var Vörðufelli hf. tilkynnt að bifreiðarnar yrðu að beiðni lögmanns stefnda seldar á opinberu uppboði 11. febrúar nk. til lúkningar á skuld að fjárhæð kr. 665.991,00.

Samkvæmt því sem segir í greinargerð stefnda fór Guðni Eiríksson, sem á þessum tíma var gjaldkeri Vörðufells hf., þess á leit við lögmann stefnda að framangreindu uppboði yrði frestað þar sem skuldin yrði greidd fljótlega en Vörðufell hf. ætti von á greiðslum fyrir verk sín. Lögmaðurinn hafi neitað að afturkalla uppboðið nema gegn tryggingu greiðslu skuldarinnar. Hann hafi fengið tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 375.000,00 og að því búnu afturkallað uppboðið.

Með afsali dags. 10. febrúar 1984 seldi Vörðufell hf. Perlusandi sf. bifreiðina X-734 ásamt festivagninum TX 11 fyrir kr. 1.900.000,00. Í afsalinu kemur fram að áhvílandi veðskuld sé kr. 2.000.000,00 sem standi áfram.

Kaupandinn mun hafa fengið hinn 21. febrúar 1984 lán til kaupanna í Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibúi í Hveragerði að fjárhæð kr. 1.900.000,00, en af hálfu útibúsins er staðfest hinn 21. febrúar 1984 að lán þetta hafi runnið óskipt til greiðslu skuldbindinga Vörðufells hf. Í málinu hefur verið lagt fram yfirlit um það hvernig Árnesingaútibú Búnaðarbankans sem á þessum tíma var viðskiptabanki Vörðufells hf. ráðstafaði söluandvirðinu. Þar kemur fram að greitt hafi verið upp í skuld Kaupfélags Húnvetninga kr. 154.967,29, en það er sú greiðsla sem stefnandi krefst riftunar á.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 29. mars 1984 óskaði lögmaður Vörðufells hf. f.h. félagsins eftir því að veitt yrði heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði. Sýslumaður tók við bréfinu 6. apríl og 13. s.m. var veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. júlí 1984. Greiðslustöðvunin var síðar framlengd til 13. september en þá var bú Vörðufells hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Með bréfi til stefnda dags. 27. desember 1984 krafðist bústjóri stefnanda þess að stefndi greiddi stefnanda áðurgreinda fjárhæð kr. 154.967,29 og með bréfi dags. 26. febrúar 1985 tilkynnti hann stefnda að ákveðið hafi verið að rifta greiðslunni og riftunarmál höfðað verði stefndi ekki við kröfunni um endurgreiðslu fjárins.

Stefndi varð ekki við þessum kröfum og var mál þetta höfðað 21. mars 1985 eins og fyrr greinir.

Kröfu sína um riftun framangreindrar greiðslu byggir stefnandi í fyrsta lagi á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann heldur því fram að um óvenjulegan greiðslueyri sé að ræða þannig tilkominn að seld hafi verið fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands í Hveragerði bifreið sem stefndi hafi

verið búinn að láta gera fjárnám í. Ekkert af andvirði bifreiðarinnar né heldur tengivagns sem með henni hafi verið seldur hafi runnið til Vörðufells hf. heldur hafi Búnaðarbankinn ráðstafað því öllu til greiðslu ákveðinna skulda fyrirtækisins þ. á m. þeirrar sem stefndi átti. Ekkert sé komið fram um að Vörðufell hf. og stefndi hafi áður átt viðskipti af þessu tagi né heldur að um sé að ræða venjulegan greiðslueyri eftir öðrum atvikum. Ekki skipti máli þótt greiðsla sú sem stefndi fékk að lokum hafi verið peningar, en miða verði við hvaða greiðslu þrotamaður láti í upphafi af hendi.

Verði á riftun greiðslunnar fallist eigi stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 að greiða stefnanda kr. 154.967,29, en þá fjárhæð hafi hann fengið umfram aðra kröfuhafa í þrotabúi Vörðufells hf. Að fá kr. 154.967,29 sé sá hagur sem stefndi hafi haft af ráðstöfun söluandvirðis bifreiðarinnar.

Þá byggir stefnandi í öðru lagi kröfu sína um riftun á 61. gr. laga nr. 6/1978. Vörðufell hf. hafi í raun verið gjaldþrota á þessum tíma. Hlaupareikningi fyrirtækisins hafi verið lokað haustið 1983. Stefndi hafi átt í miklum erfiðleikum með að fá skuld sína greidda hjá fyrirtækinu og hafi beðið um uppboð á eignum þess sem hann hafi ekki viljað afturkalla nema gegn útgáfu tryggingarvíxils til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Telja megi sannað af gögnum málsins að stefndi hafi vitað eða mátt vita hversu bág staða Vörðufells hf. var þegar hin umdeilda greiðsla fór fram.

Sú málsástæða sé þýðingarlaus að greiðslan hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf.

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978 beri stefnda, verði greiðslunni rift samkvæmt 61. gr. laganna, að greiða stefnanda kr. 154.967,29 en það sé tjónið sem stefnandi hafi haft af því að þessi greiðsla var innt af höndum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að skýra verði 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 þröngt og taka tillit til aðstæðna sem ríki þegar greiðslan sé innt af hendi. Rekstur Vörðufells hf. hafi verið með eðlilegum hætti miðað við árstíma og greiðslan ekki óvenjuleg þar sem algengt sé að verktakar selji tæki sín þegar lítið sé með þau að gera eins og verið hafi á þessum tíma.

Þá sé hvoru tveggja skilyrði riftunar samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið. Hvorugu þessara skilyrða sé fullnægt í því tilviki sem hér um ræði.

Því sé alfarið mótmælt að stefndi hafi vitað eða mátt vita um greiðsluerfiðleika hjá Vörðufelli hf. Fyrirtækið hafi verið í fullum rekstri og boðið í ný verk. Forráðamenn þess hafi sagt stefnda að þeir ættu miklar fjárhæðir útistandandi. Greiðslan sem um sé deilt í málinu hafi engu ráðið um gjaldfærni Vörðufells hf. Engin skilyrði séu til þess að rifta samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 er það skilyrði eitt sér nægilegt til að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur ef greiðslan hefur farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Sú greiðsla sem hér um ræðir mun hafa farið fram 21. febrúar 1984 en frestdagur var 6. apríl s.á.

Ekkert er komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi áður átt viðskipti þess eðlis að Vörðufell hf. hafi greitt stefnda með þeim hætti sem að framan er rakinn eða svipuðum. Ekki er heldur neitt komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi þegar til viðskiptanna var stofnað samið um að greitt skyldi með þessum hætti.

Sú greiðsla sem krafist er riftunar á í þessu máli er þannig til komin að bifreið Vörðufells hf. var seld á almennum markaði, en stefndi hafði áður beðið um uppboð á bifreiðinni en síðar fallið frá því til þess að hin umrædda sala gæti farið fram. Hluti söluandvirðisins rann síðan beint til stefnda fyrir milligöngu viðskiptabanka Vörðufells hf.

Þótt tíðkanlegt kunni að vera að verktakafyrirtæki greiði skuldir með framangreindum hætti verður engu að síður að telja eins og hér stendur á að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og samkvæmt því ber að fallast á þá kröfu stefnanda að greiðslunni skuli rift samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978.

Upplýst er að stefnda hefur verið heimilað að lýsa kröfu sinni í þrotabú Vörðufells hf. enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út. Með það í huga og svo hitt að því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnda að tjón stefnanda sé minna en hann heldur fram ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 greiði honum kr. 154.967,29.

Vaxtakröfu stefnanda hefur stefndi ekki mótmælt og verður hún tekin til greina þó með þeim breytingum að 4% vanskilavextir á mánuði dæmast til 1. júní 1985, 3,5% vanskilavextir frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75% vanskilavextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda ákveðst kr. 35.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Kaupfélag Húnvetninga, fékk af söluandvirði bifreiðarinnar X-734 og festivagns TX-11 hinn 21. febrúar 1984 er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 154.967,29 með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% vanskilavöxtum á mán-

uði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á. og með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 120/1986. **Kaupfélag Húnvetninga**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu
vegna þrotabús Vörðufells h/f
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1986. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum, að hann krefst 32% ársvaxta frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags er krafist þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki

Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi fékk goldna skuld Vörðufells hf., þá sem í málinu greinir, með þeim hætti að félagið afsalaði til Konráðs Vilhjálmssonar og Pálma Friðrikssonar loftpressu og bortæki gegn því að þeir tækju að sér greiðslu á skuldinni við áfrýjanda. Afhentu þeir síðan áfrýjanda víxla henni til lúkningar. Verður að telja að með þessum greiðsluhætti hafi Vörðufell hf. goldið skuld sína við áfrýjanda með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu áfrýjanda hefir ekki verið hreyft andmælum við fjárhæð dómkröfu stefnda né upphafstíma vaxta.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann með þeirri vaxtabreytingu er greinir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu vegna þrotabús Vörðufells h/f 300.000,00 krónur auk 32% ársvaxta frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Verktakafyrirtækið Vörðufell h/f seldi skagfirskum verktökum, Pálma Friðrikssyni og Konráð Vilhjálmssyni, loftpressu og borgeit með fylgihlutum. Ekki er fram komið að áfrýjandi hafi átt hlut að þessum viðskiptum. Í afsali fyrir tækjunum 3. desember 1983 er þess getið, að andvirði þeirra skuli renna til greiðslu á gjaldfallinni skuld Vörðufells h/f við áfrýjanda. Með skuldskeytingarsamningi 19. s.m., sem greindur er í héraðsdómi, ganga þeir Pálmi og Konráð frá greiðslu á skuldinni við áfrýjanda. Eigi verður talið að greiðslan sé frábrugðin því sem tíðkað er í viðskiptum og ekki er heldur fram komið, að áfrýjanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að stefnda biði greiðslustöðvun og gjaldþrot. Var greiðslan því „venjuleg eftir atvikum" og greiðslueyrir ekki óvenjulegur. Brestur því heimild til að rifta henni á grundvelli 54. eða 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda, sem greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. desember sl., höfðaði Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, sem skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, gegn Kaupfélagi Húnvetninga, nnr. 5579-3360, Blönduósi, Austur Húnavatnssýslu.

Með heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 sömdu aðilar um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær í fyrsta lagi að rift verði greiðslu á skuld Vörðufells hf. við stefnda að fjárhæð kr. 300.000,00 sem fram hafi farið 3. desember 1983 með afhendingu (sölu) loftpressu og borgeitar ásamt fylgihlutum til Pálma Friðrikssonar, nnr. 7044-6854 og Konráðs Vilhjálmssonar, nnr. 5685-6854.

Í öðru lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 300.000,00 með 32% ársvöxtum frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættri þóknun kr. 5.500,00 til vitnisins Sigurðar Jónssonar.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu en ekki tekist.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Fyrirtækið Vörðufell hf. tók að sér fyrir Landsvirkjun að byggja hlöðu og fjárhús á Eiðsstöðum í Blöndudal. Framkvæmdirnar munu hafa staðið yfir sumarið og haustið 1983. Vörðufell fékk heimild hjá stefnda til þess að taka út vörur af ýmsu tagi sem honum voru nauðsynlegar vegna þessara framkvæmda í viðskiptareikning í verslun stefnda á Blönduósi.

Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda nam skuldin hinn 31. október 1983 kr. 532.497,05, en á úttektartímanum hafði Vörðufell hf. ekkert greitt og gerði heldur ekki eftir að viðskiptunum lauk þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnda. Stefndi fékk þá lögfræðingi sínum skuld þessa til innheimtu.

Stefndi höfðaði síðan áskorunarmál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu hinn 28. nóvember 1983 fyrir skuldinni. Skuldin var gerð aðfararhæf með áritun á stefnu og 5. desember 1983 gerði fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík fjárnám fyrir skuldinni í tveim bifreiðum Vörðufells hf. að kröfu stefnda.

Með afsali Vörðufells hf. dags. 3. desember 1983 seldi fyrirtækið og afsalaði þeim Pálma Friðrikssyni og Konráði Vilhjálmssyni loftpressu og borgeit ásamt fylgihlutum. Kaupverð var umsamið kr. 300.000,00 og áttu kaupendur að greiða það með yfirtöku á skuld við Kaupfélag Húnvetninga á Blönduósi samkvæmt samkomulagi þar um.

Hinn 19. desember gera stefndi og þeir Pálmi og Konráð með sér svofelldan skuldskeytingarsamning:

„Undirritaðir Pálmi Friðriksson, Háuhlíð 6, Sauðárkróki, og Konráð Vilhjálmsson, Ytri-Brekku, Skagafirði, taka að sér að greiða kr. 300.000,- —þrjúhundruðþúsundkrónur— af skuld Vörðufells h/f við Kaupfélag Húnvetninga. Skuldin greiðist á eftirfarandi hátt:

Þann 20. janúar 1984 kr. 100.000,00
— 20. apríl 1984 — 100.000,00
— 20. júní 1984 — 100.000,00 auk vaxta og kostnaðar kr. 26.510,00 samtals kr. 126.510,00.

Af skuldinni reiknast víxilvextir frá 3. desember 1983 til greiðsludags. Til tryggingar skuldarinnar eru samþykktir þrír víxlar samkvæmt framanrituðu."

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 29. mars 1984 óskaði lögmaður Vörðufells hf. f.h. félagsins eftir heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði. Sýslumaður tók við bréfinu 6. apríl og 13. s.m. var veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. júlí 1984. Greiðslustöðvunin var síðar framlengd til 13. september 1984 en þá var bú Vörðufells hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Viðar Már Matthíasson hdl., sem fyrst var ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúi Vörðufells hf. og síðan kosinn skiptastjóri hinn 8. febrúar 1985, krafði stefnda bréflega fyrst 19. nóvember 1984 og síðan 27. febrúar 1985 um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar er Pálmi og Konráð tóku að sér að greiða f.h. Vörðufells hf. en stefndi synjaði þeim tilmælum. Mál þetta var höfðað með þingfestingu þess 21. mars 1985.

Kröfu sína um riftun framangreindrar greiðslu byggir stefnandi í fyrsta lagi á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefnandi heldur því fram að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða sem runnið hafi til stefnda sem greiðsla á skuldum Vörðufells hf. við hann á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag sem í þessu tilviki sé 6. apríl 1984. Engu máli skipti þótt Pálmi Friðriksson og Konráð Vilhjálmsson hafi átt aðild að því að koma greiðslunni í kring, enda strax um það samið að þeir greiddu stefnda. Þeir hafi ekki hagnast sérstaklega á viðskiptunum. Ekki skipti máli þótt stefndi hafi að lokum fengið greiðslu í reiðufé, en miða verði við það hvaða greiðslu þrotamaður láti af hendi í upphafi. Þessi greiðslueyrir sé óvenjulegur enda þótt litið sé til þess að greiðslan hafi framið fram á þeim árstíma þegar oft sé lítið um umsvif hjá verktakafyrirtækjum og þau reyni að losa sig við tæki sem þau hafi ekki þörf fyrir.

Verði á riftun greiðslunnar fallist eigi stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 að greiða stefnanda kr. 300.000,00, en þá fjárhæð hafi hann fengið umfram aðra kröfuhafa í þrotabú Vörðufells hf. Að fá kr. 300.000,00 sé sá hagur sem stefndi hafi haft af þessari ráðstöfun Vörðufells hf.

Þá byggir stefnandi í öðru lagi kröfu sína um riftun á 61. gr. laga nr. 6/1978. Vörðufell hf. hafi í raun verið gjaldþrota á þessum tíma. Sú málsástæða sé þýðingarlaus að greiðslan hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf., til dæmis hafi hlaupareikningi félagsins verið lokað haustið 1983 og þess hafi verið stutt að bíða að beðið hafi verið um greiðslustöðvun, en bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að henni lokinni. Telja megi sannað af gögnum málsins að stefndi hafi vitað eða mátt vita hversu bág staða Vörðufells hf. hafi verið þegar hin umdeilda greiðsla fór fram.

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978 beri stefnda verði greiðslunni rift

samkvæmt 61. gr. laganna að greiða stefnanda kr. 300.000,00, en það sé tjónið sem þrotabúið hafi haft af ráðstöfun Vörðufells hf.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann sé ekki aðili að þeim samningi sem Vörðufell hf. og Pálmi Friðriksson og Konráð Vilhjálmsson gerðu um kaupin á loftpressu og borgeit 3. desember 1983. Þessi samningur hafi verið gerður án tillits til skuldar Vörðufells hf. við stefnda og hafi stefndi ekki vitað um samningsgerðina fyrr en 19. desember þegar skuldskeytingarsamningurinn hafi verið gerður. Þá hafi stefndi verið búinn að gera fjárnám hjá Vörðufelli hf. Það hafi verið gert 5. desember. Kröfum vegna þessa samnings eigi að beina gegn Pálma og Konráði en ekki stefnda sem sýkna eigi vegna aðildarskorts. Það beri að skýra 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 þröngt og taka tillit til aðstæðna sem ríki þegar greiðslan sé innt af hendi. Greiðsla Vörðufells hf. hafi ekki verið óvenjuleg þar sem algengt sé að verktakar losi sig við tæki með þessum hætti þegar lítið sé að gera með þau, eins og verið hafi á þessum tíma. Þá sé hvort tveggja skilyrði riftunar skv. 1. mgr. 54. gr. að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið. Hvorugu þessara skilyrða sé fullnægt í því tilviki sem hér um ræði.

Því sé alfarið mótmælt að stefndi hafi vitað eða mátt vita um greiðsluerfiðleika hjá Vörðufelli hf. Fyrirtækið hafi verið í fullum rekstri og boðið í ný verk. Forráðamenn fyrirtækisins hafi sagt stefnda að það ætti miklar fjárhæðir útistandandi. Greiðslan sem um sé deilt í málinu hafi engu ráðið um gjaldfærni Vörðufells hf. Engin skilyrði séu til þess að rifta samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978.

Niðurstaða dómsins.

Þegar hinn 3. desember 1983 er Vörðufell hf. selur og afsalar Pálma Friðrikssyni og Konráði Vilhjálmssyni loftpressu, borgeit og fylgihlutum var ákveðið að kaupverðið skyldu þeir greiða með yfirtöku á skuld Vörðufells hf. við stefnda, Kaupfélag Húnvetninga, „samkvæmt samkomulagi þar um" eins og í afsalinu segir. Eigi er ljóst til hvaða samkomulags er verið að vitna, en hins vegar gátu aðilar afsalsins ekki samið um skipti á skuldurum stefnda nema með samþykki hans. Það samþykki veitti stefndi í síðasta lagi 19. desember 1983 með samningi við Pálma og Konráð.

Ljóst er að frá upphafi var það vilji forráðamanna Vörðufells hf. að stefndi sem einn kröfuhafa fyrirtækisins fengi í sinn hlut andvirði umræddra tækja.

Þegar viðskipti þessi eru skoðuð með 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 í huga verður að telja einu gilda þá staðreynd að stefndi fékk ekki tækin sjálf í hendur heldur andvirði þeirra greitt af kaupendunum. Stefndi er engu að síður réttur aðili þessa máls.

Greiðslan á sér stað á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag sem er 6. apríl 1984 í þessu tilfelli.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 er það skilyrði eitt sér nægilegt til að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur ef greiðslan hefur farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Ekkert er komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi áður átt viðskipti þess eðlis að Vörðufell hf. hafi greitt stefnda með þeim hætti sem að framan er rakinn eða svipuðum. Ekki er heldur neitt komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi þegar til viðskiptanna var stofnað samið um að greitt skyldi með þessum hætti.

Þótt tíðkanlegt kunni að vera að verktakafyrirtæki greiði skuldir með afhendingu vinnuvéla verður engu að síður að telja eins og hér stendur á að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og það enda þótt stefndi hafi ekki sjálfur fengið umræddar vélar í hendur. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar á grundvelli 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978.

Upplýst er að stefnda er heimilt að lýsa kröfu sinni í þrotabú Vörðufells hf. enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út. Með það í huga og svo hitt að því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnda að tjón stefnanda sé minna en hann heldur fram ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 greiði honum kr. 300.000,00.

Vaxtakröfu stefnanda hefur stefndi ekki mótmælt og verður hún tekin til greina þó með þeim breytingum að 4% vanskilavextir á mánuði dæmast til 1. júní 1985, 3,5% vanskilavextir frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75% vanskilavextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda ákveðst kr. 65.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Kaupfélag Húnvetninga, fékk samkvæmt samningi dags. 19. desember 1983 er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 300.000,00 með 32% ársvöxtum frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á. og með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 65.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 150/1986. **Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín**
og
Félags blikksmiða
(Garðar Garðarsson hrl.)
gegn
þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs h/f
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Skiptalög. Forgangskröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og krafa hans, að fjárhæð 1.922.088,94 krónur, verði samþykkt sem forgangskrafa í þrotabú Blikksmiðjunnar Vogs h/f. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Málavextir eru þeir, að hinn 12. ágúst 1985 var Blikksmiðjan Vogur h/f úrskurðuð gjaldþrota. Áfrýjandi lýsti kröfum í þrotabúið vegna vangoldinna iðgjalda til lífeyrissjóðsins og vegna félagsgjalda og iðgjalda í sjúkra- og orlofssjóð Félags blikksmiða. Var gerð krafa um að 1.923.188,94 krónur yrðu greiddar úr búinu sem forgangskrafa. Fyrir Hæstarétti hefir áfrýjandi lækkað kröfu þessa um 1.100,00 krónur eða niður í 1.922.088,94 krónur. Skiptastjóri hafnaði því, að kröfur um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir

nóvember og desember 1983, samtals kr. 186.464,49, svo og innheimtulaun af þeirri fjárhæð, kr. 15.929,37, yrðu samþykktar sem forgangskröfur, þar sem þær hefðu gjaldfallið meir en 18 mánuðum fyrir gjaldþrotaúrskurð og nytu því ekki forgangs, heldur aðeins kröfur að fjárhæð 1.719.695,08.

Áfrýjandi vildi ekki fallast á afstöðu skiptastjóra, og var ágreiningi þeirra vísað til meðferðar skiptaréttar Kópavogs, sem staðfesti afstöðu skiptastjóra með úrskurði uppkveðnum 27. janúar 1986.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á 4. og 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Hér sé um lífeyrissjóðsgjöld að ræða fyrir mánuðina nóvember og desember 1983, er fallið hafi í gjalddaga 10. desember 1983 og 10. janúar 1984.

Samkvæmt 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1979 megi taka greiðslur þessar lögtaki.

Gjöld þessi séu forgangskröfur skv. 4. tl. 84. gr. skiptalaganna. Þau hafi fallið í gjalddaga meira en 18 mánuðum fyrir gjaldþrot. Beiðst hafi verið lögtaks fyrir gjöldum þessum 23. apríl 1985 í fógetarétti Kópavogs, er hafi samdægurs úrskurðað að lögtak skyldi fram fara. Hafi lögtakið verið gert 2. maí s.á. Úrskurður fógetaréttar sé dómur í merkingu 6. tl. 84. gr. skiptalaganna, annaðhvort samkvæmt rýmkandi lögskýringu eða með lögjöfnun. Úrskurðurinn hafi fallið á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta og því njóti kröfurnar forgangs samkvæmt 6. tl. 84. gr. laganna.

Telur áfrýjandi það engum vafa undirorpið að í bindandi úrskurði fógetaréttarins um framgang lögtaksins felist réttarfarshagræði lífeyrissjóðnum til handa, sem komi í veg fyrir að krefjast þurfi bæjarþingsdóms til staðfestu á gildi lögtakskröfunnar. Það sé andstætt réttarfarshagræðinu í lögum nr. 21/1979 og 55/1980 við innheimtu þar tilgreindra gjalda ef túlka ætti ákvæði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 svo að dómsathafnir fógetaréttar teldust ekki dómur í skilningi laganna.

III.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á því, að kröfur áfrýjanda um lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir nóvember og desember 1983 hafi ekki fallið

í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot. Framlagning lögtaksbeiðni í fógetarétti sé eigi málshöfðun í merkingu 6. tl. 84. gr. skiptalaga, og úrskurður fógetaréttar Kópavogs ekki dómur í skilningi nefnds lagaákvæðis. Skýra verði hugtök þessa ákvæðis, er sé undantekningarákvæði eftir orðanna hljóðan, þannig að hér sé einungis átt við venjuleg dómsmál.

IV.

Fallast verður á það með stefnda, að 6. töluliður 84. gr. skiptalaganna sé undantekningarákvæði sem hvorki verði túlkað rýmkandi lögskýringu né beitt með lögjöfnun. Verður því að skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan, þannig að hugtökin „mál hefur verið höfðað" og „dómur" taki ekki til meðferðar lögtaksmála fyrir fógetarétti.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið ber að hafna kröfu áfrýjanda um það að kröfur hans um lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir nóvember og desember 1983 að fjárhæð 186.464,49 krónur og innheimtulaun af þeirri fjárhæð 15.929,37 krónur séu forgangskröfur í þrotabú stefnda.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að fógetafulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð, hefur í forsendum hans, með almennum orðum, vísað um efnisrök fyrir niðurstöðu sinni til raka stefnda en ekki tilgreint rökstuðning sinn sjálfstætt.

Dómsorð:

Viðurkennt er að kröfur áfrýjanda, Lífeyrisjóðs málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða, að fjárhæð 1.719.695,08 krónur séu forgangskröfur í hinu stefnda þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 27. janúar 1986.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 21. þ.m., ekki komu þá fram óskir af hálfu málsaðila um að úrskurði skiptaráðanda skyldu fylgja forsendur.

Sá ágreiningur, sem hér er uppi, varðar kröfu Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða og Félags blikksmiða í þrotabú Blikksmiðjunnar Vogs hf., nnr. 9338-6329, Auðbrekku 2, Kópavogi, sem úrskurðuð var gjaldþrota 12. ágúst 1985.

Kröfur sóknaraðila Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða eru þær að kr. 1.923.188,94 verði samþykktar sem forgangskrafa í þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs hf. svo og úrskurðaður verði málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands vegna skiptréttarmálsins.

Af hálfu skiptastjóra f.h. þrotabúsins er gerð sú krafa að staðfest verði afstaða skiptastjóra skv. kröfulýsingarskrá til viðurkenningar á forgangskröfu stefnanda á hendur búinu að fjárhæð kr. 1.719.695,08. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og jafnframt að málskostnaðarkröfu hans verði synjað.

Rétt þykir með vísan til raka varnaraðila að staðfesta afstöðu skiptastjóra til kröfulýsingar sóknaraðila.

Málskostnaður skal falla niður.

Úrskurðarorð:

Staðfest er afstaða skiptastjóra samkvæmt kröfulýsingarskrá í þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs hf., nnr. 9338-6329, Auðbrekku 2, Kópavogi til forgangskröfu stefnanda, Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 12/1986. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Kjartan Ragnars hdl.)
gegn
Kjarnborun sf.
og gagnsök
(Viðar Már Matthíasson hdl.)

Lögskráning. Skattar. Sölugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. desember 1985. Krefst hann þess aðallega að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjanda beri að greiða 10.808,00 krónur í sölugjald vegna desember 1981 auk viðurlaga frá 25. janúar 1982 til 26. apríl s.á. að fjárhæð 3.621,00 króna. Þá er krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess að verða einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 14.429,00 krónur og að málskostnaður verði felldur niður. Til þrautavara krefst hann þess að verða einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 253.775,00 krónur og að málskostnaður verði felldur niður. Í vara- og þrautavarakröfum er þess krafist, að engir vextir verði dæmdir, en til vara, að einungis verði dæmdir almennir sparisjóðsvextir frá 10. janúar 1985 til greiðsludags án vaxtavaxta.

Gagnáfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1986, krefst í aðalsök sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til endurgreiðslu á ofgreiddum söluskatti að fjárhæð 318.260,00 krónur með 37% ársvöxtum af kr. 58.799,00 frá 27. júlí 1981 til 19. janúar 1982, en af kr. 98.267,00 frá þeim degi til 26. apríl 1982, en af kr. 141.413,00 frá þeim degi til 30. október 1982, en með 45% ársvöxtum af kr. 158.893,00 frá þeim degi til 13. apríl 1983, en af kr. 183.893,00 frá þeim degi til 25. ágúst 1983, en af kr. 248.868,00

frá þeim degi til 20. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20.nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 318.260,00 frá þeim degi til 20. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 10. janúar 1985, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 (nú 30%) frá þeim degi til greiðsludags. Þess er einnig krafist að í dómsorði verði kveðið á um það, að vextir áfallnir eftir 10. janúar 1985 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 10. janúar 1986. Í gagnsökinni er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins og jafnframt að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 (nú 30%) aðallega frá dómtökudegi í Hæstarétti, en til vara frá dómsuppsögudegi og til greiðsludags.

Í máli þessu er deilt um skyldu gagnáfrýjanda til að greiða sölugjald af starfsemi sinni í desember 1981, en fyrirtækið átti svonefnda kjarnaborvél og tók að sér að bora fyrir gluggum og dyrum í húsum og að annast ýmsa trésmíðavinnu á byggingarstöðum.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sé ekki réttur málsaðili og að skylt hafi verið að stefna ríkisskattanefnd í málinu. Um röksemdir aðila hér að lútandi er fjallað í héraðsdómi, og ber að fallast á niðurstöðu hans að þessu leyti og röksemdir fyrir þeim.

Í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, sem hér ber að leggja til grundvallar, segir í 2. gr. 1. mgr., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980:

„Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu ... skal greiða söluskatt...“

Í 4. gr. laganna, f-lið, segir, að til skattskyldrar sölu og þjónustu teljist meðal annars vélaleiga.

Í upphafi 7. gr. sömu laga segir:

„Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð...“

Ágreiningur málsaðila er fyrst og fremst um það, hvort starfsemi gagnáfrýjanda sé undan skatti þegin eftir síðastgreinda ákvæðinu. Orðið vinna, sem þar er notað, verður ekki skýrt svo, að það taki til verka, sem unnin eru með jafnstórvirku tæki og kjarnaborvél gagnáfrýjanda. Ber þá og að hafa í huga, að í 7. gr. söluskattslaga eru taldar undanþágur frá hinni almennu reglu í 2. gr. laganna um söluskattskyldu, sbr. 4. gr. f-lið, og verður 7. gr. þess vegna ekki skýrð rúmri skýringu. Af þessum sökum ber að taka kröfu aðaláfrýjanda til greina og koma kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök þá ekki til sérstakrar athugunar. Tölulegur ágreiningur er ekki í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að gagnáfrýjanda, Kjarnborun sf., var skylt að greiða 14.429,00 krónur í sölugjald og viðurlög vegna desembermánaðar 1981 til aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júlí 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí sl., er höfðað með stefnu í aðalsök birtri 25. júní 1984 af fjármálaráðherra, Albert Guðmundssyni, með starfsstöð í Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs á hendur Kjarnborun sf., nnr. 5595-7118, Hjallavegi 31, Reykjavík til staðfestingar á skyldu félagsins til greiðslu sölugjalds vegna desembermánaðar 1981 ásamt viðurlögum frá 25. janúar 1982, sem fellt var niður með úrskurði ríkisskattanefndar uppkveðnum 30. desember 1983.

Eru dómkröfur aðalstefnanda þessar: að niðurstöðu úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 811/1983 uppkveðins 30. desember 1983 verði hrundið og viðurkennt verði með dómi að stefnda beri að greiða kr. 10.808,00 í sölugjald vegna desembermánaðar 1981 auk viðurlaga á þá fjárhæð frá 25. janúar 1982 til 26. apríl 1982 að fjárhæð kr. 3.621,00.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnanda.

Stefna í gagnsök var birt 10. janúar 1985. Með henni gerir gagnstefnandi, Kjarnborun sf. kröfu á gagnstefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að

sér verði endurgreiddur ofgreiddur söluskattur kr. 318.260,00 með 37% ársvöxtum af kr. 58.799,00 frá 27. júlí 1981 til 19. janúar 1982, en af kr. 98.267,00 frá þeim degi til 26. apríl 1982, en af kr. 141.413,00 frá þeim degi til 30. október 1982, en með 45% ársvöxtum af kr. 158.893,00 frá þeim degi til 13. apríl 1983, en af kr. 183.893,00 frá þeim degi til 25. ágúst 1983, en af kr. 248.868,00 frá þeim degi til 20. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 318.260,00 frá þeim degi til 20. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 10. janúar 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að kveðið verði á um að áfallnir vextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1982 en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstíma vaxta.

Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri 25,5% ársvexti frá *aðallega* dómtökudegi en *til vara* þeim degi er dómur verður aðfararhæfur og til greiðsludags. Vextir á málskostnað bætist við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafsdeginum, en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.

Gagnstefndi gerir þær dómkröfur í gagnsök *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. *Til vara* krefst hann lækkunar stefnufjárhæðarinnar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir:

Í aðalsök deila aðilar um það hvort starfsemi stefnda, sem felst í steinborun og múrbroti með sérhannaðri vél, kjarnaborvél, og fram fer eðli sínu samkvæmt á byggingarstað, hafi verið söluskattsskyld í desembermánuði 1981 eða verið undanþegin söluskatti skv. ákvæði 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 1. tl. 1. mgr. 14. gr. þágildandi reglugerðar um sama efni nr. 169/1970, sbr. br. reglugerð nr. 316/1978. Undanþáguákvæði laganna hljóðar þannig: „Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð." Vill stefndi halda því fram að starfsemi sín falli undir þetta undanþáguákvæði, en af hálfu skattyfirvalda hefur verið litið svo á að vinna með tækjum, sambærilegum við kjarnaborvél aðalstefnda, falli ekki undir þetta

ákvæði. Ekki er deilt um fjárhæð skattsins heldur aðeins hvort um söluskattsskylda starfsemi sé að ræða.

Í gagnsök er deilt um rétt fyrirtækisins til endurgreiðslu á söluskatti úr ríkissjóði, sem greiddur hefur verið vegna þessarar starfsemi.

Málavöxtum er nánar þannig lýst í stefnu í aðalsök að á árinu 1980 hafi Guðmundur Oddgeirsson, Rúnar Oddgeirsson og Oddgeir H. Steinþórsson stofnað sameignarfélgið Kjarnborun sf. Var tilgangur félagsins að annast viðgerðar- og breytingarvinnu í húsum eða á byggingarstað, nánar tiltekið steinborun, múrbrot og skyld störf með þar til sérhönnuðum vélum og verkfærum, svo og ísetningu hurðarkarma, glugga og aðra trésmíðavinnu.

Nánar lýsir stefnandi kjarnbor sem mikilvirku tæki sem leysi af hendi á stuttum tíma múrbrot með þéttri borun í steypuna þannig að rétt þurfi að slá á flötinn á eftir til að fella hann út úr vegg. Séu borarnir yfirleitt festir á ramma þannig að þeir geti staðið sjálfstætt. Í notkun og flutningi milli vinnustaða séu borarnir yfirleitt það fyrirferðarmiklir að tvo menn þurfi til að flytja þá og stilla þá af. Stjórnun tækisins sé fólgin í því að staðsetja tækið, beina síðan borkrónunni að þeim stað, þar sem bora skal, gangsetja mótorinn og snúa sveif sem þrýsti borkrónunni inn í viðfangsefnið. Borunin felist í því að borkróna, sem er sívalningslaga sög með demantstöngum, sagar kjarna úr steinsteypu og sitji hann eftir inni í borkrónunni og sé síðan fjarlægður með einu handtaki.

Áður en starfsemi stefnda hófst mun hafa verið leitað til söluskattsdeildar Skattstofu Reykjavíkur og spurst munnlega fyrir um söluskattsskyldu þeirrar þjónustu sem félagið hugðist bjóða. Starfsmaður skattstofunnar sem þar varð fyrir svörum mun hafa svarað því til eftir lauslega skoðun að ekki væri um söluskattsskylda vinnu eða þjónustu að ræða.

Með bréfi dagsettu 31. desember 1980 kynnti skattstjórinn í Reykjavík stefnda að hvers konar vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnfyrirtækjum teldist söluskattsskyld og að undanþága sú er kveðið væri á um í 1. tl. 14. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 169/1970 um vinnu við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja, gilti ekki um vélavinnu við þau verk né vinnu þeirra manna sem með þeim vinna, þar með talið múrbrot eða ígildi þess, þegar það er framkvæmt með vélum. Með vísan til þessa taldi skattstofan að sú starfsemi stefnda sem fólgin væri t.d. í gerð dyra- og gluggagata með borvélsögum væri söluskattsskyld. Stefndi mun nú hafa staðið athugasemdalaust skil á sölugjaldi vegna starfsemi sinnar þar til í október og nóvember 1981 að stefndi tók fram í skýrslum sínum að þeim væri skilað með fyrirvara um skattskyldu og á söluskattsskýrslu fyrir desembermánuð 1981 sem skilað var 13. janúar. Tekur stefndi fram í athuga-

semdadálki að hann álíti að öll starfsemin eins og tilgreint var væri sala á söluskattsfrjálsri þjónustu. Á skýrslu er tilgreint að heildarvelta í mánuðinum hafi numið kr. 62.448.20. Til frádráttar eru færðar kr. 56.798,20 sem sala skattfrjálsrar vöru og þjónustu og undir annar frádráttur kr. 5.650,00 og söluskattsskyld sala í mánuðinum engin.

Skattstjóri féllst ekki á að um skattfrjálsa sölu væri að ræða og leiðrétti skýrsluna í samræmi við það og ákvað stefnda kr. 10.808,00 í söluskatt vegna desember 1981 og reiknaði viðurlög á skattinn fram til 15. febrúar 1982. Umboðsmaður stefnda kærði ákvörðun söluskatts fyrir desembermánuð til skattstjóra innan tilskilins kærufrests og færði fram þau rök fyrir skattfrelsi starfseminnar að ekki yrði séð að sú túlkun skattyfirvalda stæðist að undanþága sú er kveðið væri á um í 1. tl. 14. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 169/1970, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978, einskorðaðist við vinnu manna og næði því ekki til véla- og tækjanotkunar. Þá taldi umboðsmaður stefnda að sú framkvæmd skattyfirvalda að greina á milli vinnu með meiri háttar tækjum og minni háttar tækjum að húsbyggingum og mannvirkjagerð varðandi söluskattsskyldu ætti sér ekki stoð í 10. eða 14. gr. söluskattsreglugerðarinnar. Ef talið yrði að slík aðgreining stæðist þá væri starfsemin allt að einu söluskattsfrjáls þar sem kjarnaborinn væri minni háttar tæki.

Skattstjóri hafnaði kærunni með úrskurði sínum uppkveðnum 31. mars 1982. Í forsendum úrskurðarins tekur skattstjóri fram að um þá túlkun á orðinu „vinna" í 1. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 169/1970, að þar sé átt við vinnu manna, hafi aldrei verið neinn ágreiningur hjá skattyfirvöldum varðandi söluskattsframkvæmdina frá setningu laga nr. 10/1960. Þá tekur skattstjóri fram að sú framkvæmd skattyfirvalda að takmarka söluskattsskylduna við vélar og meiri háttar tæki, sé tilkomin af hagkvæmnisástæðum þar sem ekki hafi þótt svara kostnaði að eltast við öll smátæki.

Um málsástæðu aðalstefnda að kjarnaborvélin væri minni háttar tæki tekur skattstjóri fram að hér sé um að tefla nýja tækni til þess að leysa verk sem löngum hafa verið unnin með meiri háttar tækjum og vélum en sú þjónusta sé talin söluskattsskyld og það sé andstætt lögum og reglugerð um söluskatt að valda þannig mismunun með söluskatti að það raski samkeppnisaðstöðu aðila og tekur skattstjóri fram í dæmaskyni að gluggasmíði á byggingarstað myndi vera talin söluskattsskyld vegna þess að yfirleitt sé hún unnin með vélum á verkstæðum. Af hálfu stefnda var úrskurður þessi kærður til ríkisskattanefndar með bréfi dagsettu 13. apríl 1982, og hinn 26. apríl 1982 greiddi hann söluskatt vegna desember 1981 auk áfallinna viðurlaga. Með bréfi dagsettu 18. nóvember 1982 reifaði umboðsmaður hans rökstuðning aðalstefnda ítarlega og gagnrýndi úrlausn skattstjóra. Því til viðbótar lagði umboðsmaður stefnda sérstaka áherslu á að með orðunum „vinna við húsbyggingar" í 7. gr. 1. mgr. 1. tl. söluskattslaga, sbr. 14. gr.

1. tl. rgl. væri átt við hvers konar vinnu hvort sem hún væri unnin með berum höndum eða af vélum og tækjum.

Ríkisskattstjóri setti fram kröfu gjaldkrefjenda 25. maí 1982. Með bréfi dagsettu 29. júní 1983 ítrekaði ríkisskattstjóri kröfur sínar frá 25. maí 1982 og rökstuddi þær. Þar kom fram að ríkisskattstjóri gæti ekki fallist á svo viðtækan skilning á ákvæðum 7. gr. 1. mgr. 1. tl. laga nr. 10/1960, sbr. 14. gr. 1. tl. rgl. nr. 169/1970. Allt frá gildistöku söluskattslaganna hefði það verið skoðun skattyfirvalda að einungis vinna manna væri undanþegin söluskattsskyldu, skv. nefndu ákvæði, en öll vinna véla og tækja væri söluskattsskyld, svo meginreglu laganna um söluskattsskyldu. Framkvæmd skattyfirvalda í samræmi við framangreinda skoðun hefði eigi sætt aðfinnslum í þeim fjölmörgu söluskattsmálum sem verið hefðu til meðferðar hjá ríkisskattanefnd. Þá ætti þessi túlkun skattyfirvalda sér stoð í lögskýringargögnum.

Taldi ríkisskattstjóri að stefndi væri atvinnufyrirtæki er seldi út þjónustu við alls kyns steinborun og múrbrot með sérhönnuðum vélum og verkfærum. Í starfsemi hans fælist bein sala til neytenda en slík sala skapaði ávallt söluskattsskyldu skv. meginreglu söluskattslaga og engin ákvæði laganna undanþægju stefnda söluskattsskyldu í þessu tilviki. Með vísan til þessa krafðist ríkisskattstjóri staðfestingar á úrskurði skattstjóra.

Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn í málinu hinn 30. desember 1983. Féllst ríkisskattanefnd á kröfur kæranda og var því sölugjald fyrir desember 1981 að fjárhæð kr. 10.808,00 auk viðurlaga fellt niður. Óljóst sé á hvaða forsendum ríkisskattanefnd byggi niðurstöðu sína þar sem málsástæður aðila séu ekki teknar til rökstuddrar úrlausnar.

Málsástæður og lagarök í aðalsök.

Stefnandi telur starfsemi stefnda vera söluskattskylda skv. 2. gr. laga nr. 10/1960, en í henni komi fram sú meginregla söluskattslaganna að greiða skuli söluskatt af allri sölu á vöru og verðmæti, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu og úttekt til eigin nota, og af hverjum þeim sem í atvinnuskyni hafa með höndum söluskattsskylda sölu beri að gefnum þeim takmörkunum sem í lögunum greinir að innheimta söluskatt. Söluskattsskylda starfsemi slíkrar sem stefndi hafi með höndum sé sérstaklega áréttuð í 4. gr. söluskattslaganna. Stefndi sé sjálfstæður skattaðili og sé sem slíkur skattskyldur skv. a-lið 5. gr. söluskattslaganna. Meginregla söluskattslaganna sé að hvers konar starfsemi og þjónusta sé söluskattsskyld. Undanþágur frá skattskyldu beri í samræmi við viðurkennt lögskýringarviðhorf að skýra þröngt. Undanþáguákvæði 1. mgr. 1. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 hafi allt frá setningu laganna sætt þröngri lögskýringu, þannig að undir það ákvæði falli eingöngu vinna manna en ekki starfsemi véla og

tækja sem notuð séu á byggingarstað. Þessi túlkun skattyfirvalda hafi verið framkvæmd allt fram á þennan dag og í reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt komi þessi skilningur skýrt fram í orðum 1. mgr. 1. tl. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. söluskattslaganna kveði ráðherra nánar á um hvað falli undir undanþáguákvæði 6. og 7. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna sé fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu, umfram það sem undanþegið er í 6. og 7. gr. ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Ekki sé til að dreifa slíkri undanþágu að því er varðar starfsemi og þjónustu stefnda.

Strax frá upphafi hafi komið fram af hálfu fjármálaráðuneytisins sá skilningur á undanþáguákvæði 1. tl. 1. mgr. 7. gr. að þar undir félli eingöngu vinna manna á byggingarstað en ekki störf unnin með vélum og tækjum utan almennra handverkfæra.

Nánar segir stefnandi um þetta atriði að strax eftir lögtöku söluskattslaganna árið 1960 hafi risið fjölmörg álitaefni um framkvæmd laganna. Það hafi komið í hlut fjármálaráðuneytisins að samræma framkvæmd skattstjóranna á nýju lögunum en embætti ríkisskattstjóra var ekki stofnað fyrr en 1962. Til ráðgjafar við útfærslu laganna hafi um árabil starfað nefnd á vegum fjármálaráðherra, svokölluð söluskattsnefnd sem getið sé um í gögnum máls þessa, og í henni hafi átt sæti m.a. þeir menn sem sömdu frumvarpið til söluskattslaganna auk starfsmanna Skattstofu Reykjavíkur og ríkisskattstjóra. Frá skattstofum og einstökum aðilum hafi borist fyrirspurnir til ráðuneytisins um túlkun á lögunum og reglugerðinni, sem afstaða hafi verið tekin til í ráðuneytinu og Skattstofu Reykjavíkur síðan iðulega falið að svara þeim. Þessar úrlausnir ráðuneytisins hafi gengið undir heitinu úrskurðir þó ekki væri um úrskurði í venjulegri merkingu þess orðs að ræða, þ.e.a.s. að ekki væri raunverulegur ágreiningur um skattskyldu. Meðal annars hafi komið til kasta ráðuneytisins strax í marslok 1960 að túlka undanþáguákvæði 1. mgr. 1. tl. 7. gr. laganna. Af hálfu ráðuneytisins hafi ákvæðið verið túlkað svo að tilgangur ákvæðisins væri eingöngu að undanþiggja venjulega persónulega vinnu, þ.e. vinnu sem framkvæmd væri með handafli með aðstoð einfaldra tækja. Notkun véla og meiriháttar tækja við húsbyggingar og mannvirkjagerð og öll vinna með þessum tækjum og þeirra manna sem með þau færu, væri söluskattsskyld.

Þessa túlkun kveður stefnandi hafa átt sér stoð bæði í greinargerð með frumvarpi til söluskattslaga og í orðum fjármálaráðherra á Alþingi er hann flutti framsöguræðu með frumvarpinu. Þannig segi í þingskjali 164, greinargerð með lögunum á bls. 527 í Alþ.tíðindum 1959 A-deild varðandi þessa undanþágu að áður hafi slík vinna verið söluskattsskyld, nema um venjulega launavinnu væri að ræða eða eigin vinnu húseiganda sjálfs. Í greinar-

gerð með 7. gr. laganna á bls. 529 segir um þetta: „Höfuðbreytingin er sú, að öll vinna við mannvirkjagerð, viðhald þeirra og endurbætur, er undanþegin söluskatti ef vinnan er framkvæmd á byggingarstað. Skiptir ekki máli, hver lætur vinnu í té, né hvers konar mannvirki er um að ræða. Hins vegar er vinna við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða verkstöð söluskattsskyld, enda sé um að ræða sölu til neytenda." Lögfestingu undanþágu þessarar skýri fjármálaráðherra í framsöguræðu með frumvarpinu á bls. 1128 og áfram í Alþingistíðindum B 1959 þannig að mjög óeðlilegt væri að heimta söluskatt af eigin vinnu manna við byggingu íbúða en ef slík vinna væri ein og sér undanþegin söluskatti væru skapaðir miklir örðugleikar á álagningu og innheimtu söluskattsins af annarri byggingarvinnu. Þar sem í raun væri óhjákvæmilegt að undanþiggja eigin vinnu húsbyggjenda söluskatti myndi þannig skapast möguleikar á að komast hjá skattinum í einstaka tilfellum. Því væri horfið að því ráði að undanþiggja alla byggingarvinnu skattinum. Stefnandi telur að í framangreindum lögskýringargögnum sé eindregin tilvísun til eigin vinnu húsbyggjenda sem hins raunverulega andlags skattfrelsisins og sú staðreynd að skv. greininni sé vinna á verkstæðum, verksmiðju eða starfsstöð við framleiðslu og aðvinnslu byggingarvara skattskyld, sýni að það sé vinna með handafli og einföldum verkfærum sem höfð sé í huga við ákvörðun undanþágunnar. Véla- og tækjanotkun falli utan undanþágunnar. Auk þess sem hugtakið „vinna" sé ekki notað almennt um annað en menn.

Stefnandi telur að með vísan til þessa verði ekki annað séð en að sú túlkun á ákvæði 1. mgr. 1. tl. 7. gr. söluskattslaganna sem ráðuneytið lagði til grundvallar við samræmingu á framkvæmd skattstofanna við gildistöku laganna, sé rétt. Sú túlkun hafi og verið lögð til grundvallar í framkvæmd skattyfirvalda á lögunum allt til þessa dags eða um 24 ára skeið. Þessi skilningur á ákvæðinu hafi sömuleiðis hlotið staðfestingu ríkisskattanefndar í úrskurðum hennar á framangreindu árabili.

Þá bendir stefnandi á að ofangreindur skilningur á undanþáguákvæði 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laganna um að einungis vinna manna sé undanþegin söluskatti komi skýrt fram í núgildandi reglugerð um söluskatt 1. mgr. 1. tl. 14. gr. laga nr. 486/1982 og sé í samræmi við þá meginreglu að undanþágur frá skattskyldu beri að skýra þröngt.

Nánari úttærsla á þeirri túlkun sem lögð sé til grundvallar í 1. mgr. 1. tl. 7. gr. laganna komi fram í bréfi ríkisskattstjóra á dskj. nr. 23. Eins og þar komi fram beri jafnframt að líta til vélaleigu til húsbyggjenda, en á liðnum árum hafi starfað ýmis fyrirtæki sem hafi með höndum leigu verkfæra og véla, stórra og smárra, til aðila sem hafi þurft á slíkum tækjum að halda í tilfallandi tilvikum. Í þeim tilvikum sé leigugjaldið söluskattsskylt, sbr. f-lið 4. gr. söluskattslaganna. Mörk vélaleigu og útseldrar vinnu

manna eru þó ekki ætíð svo ljós. Sé þá reynt að meta hvort vegi þyngra í hinni útseldu þjónustu, mannshöndin eða eiginleikar vélarinnar sem slíkir. Ef um iðnaðarmenn sé að ræða hafi mörkin þó verið skýr. Ef sérstök greiðsla kemur fyrir vélina eða ef kauptaxtar sérgreina vélina til gjaldtöku, sé söluskattsskyldan ótvíræð. Sé vélin eða tækið einungis notað til að létta störf iðnaðarmannsins og auka afköst hans hefur ekki verið talin ástæða til að iðnaðarmaðurinn innheimti söluskatt. Kjarnaborvél stefnda sé sérhannað tæki til að framkvæma ákveðin verk og verði fráleitt talin handverkfæri eða minni háttar tæki sem falli utan söluskattsskyldu skv. reglu áðurrakinnar framkvæmdavenju um að innheimta ekki söluskatt af minni háttar vélum og tækjum.

Stefndi sé skattskyldur aðili sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 10/1960. Hann hafi með höndum söluskattsskyld viðskipti sbr. 2. mgr. 2. gr., sbr. d-lið 4. gr. laganna. Þjónusta stefnda falli utan við undanþágu 1. mgr. 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. tl. 14. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 169/1970, sbr. 2. gr. rgl. nr. 316/1978 og 1. gr. rgl. nr. 249/1979 um söluskatt. Hvorki þjónustan né stefndi njóti sérstakrar undanþágu skv. ákvörðun ráðherra með heimild í 1. mgr. 20. gr. laganna. Hér sé um að ræða þjónustu sem felist í því að ná fram tilteknum árangri á verki gagngert með sérhönnuðum eiginleikum tækisins. Múrbrot og gerð gata á þennan hátt verða með engu móti felld undir vinnu manna við húsbyggingar í skilningi 1. tl. 1. mgr. 7. gr. Kjarnaborvél sé ekkert venjulegt handverkfæri sem auki afköst iðnaðarmanna. Vinna þeirra manna sem komi nálægt verkinu snúist fyrst og fremst í kringum tækið sjálft, koma því fyrir á byggingarstað, stilla það af og stjórna því. Það að eiginleiki tækisins ráði mestu um árangur verksins sjáist gleggst af því að í reynd sé fyrirtækið stofnað í kringum kaup á tækinu og sölu á þjónustu þess.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi sökum:

1. Að fjármálaráðherra eigi ekki aðild að kröfu um að greiða skuli söluskatt af hinni umdeildu starfsemi, þar sem ríkisskattanefnd sé sá aðili, sem samkvæmt lögum taki hina endanlegu framkvæmdarvaldsákvörðun um skattskylduna, og ríkisskattanefnd hafi ákveðið að engan skatt eigi að greiða. Fjármálaráðherra hafi ekkert frekar um þetta að segja og geti ekki borið undir dómstóla spurninguna um skattskylduna. Með því sé hann að biðja dómstóla að leggja á skatta, sem lögleg skattyfirvöld hafi ekki viljað leggja á. Verði að telja að 14. gr. laga nr. 10/1960 eigi aðeins við um réttindi gjaldanda, sem telji skattyfirvöld hafa lagt á sig skatta á röngum grundvelli. Ákvörðun um álagningu skatts á tiltekinn gjaldanda sé framkvæmdavaldsathöfn, sem löggjafinn hafi með lögum fengið alveg sérstökum yfirvöldum í hendur, skattstjórum og ríkisskattanefnd. Ef þessi yfirvöld ákveða að leggja ekki skatt á tiltekinn aðila, t.d. tekjuskatt skv. lögum nr. 75/1981,

vegna þess að þau telja að lög standi ekki til þess, þá fái fjármálaráðherra þar engu um breytt og fráleitt geti hann höfðað mál með kröfu um viðurkenningu á skattskyldu.

Í söluskattstilvikinu sé aðstaðan þannig að skattstjóri (og skattanefnd) taki ákvarðanir um söluskatt, sbr. upphafsákvæði 13. gr. söluskattslaga. Ákvörðun megi kæra til sama aðila og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveði upp fullnaðarúrskurð, sbr. 2. mgr. 13. gr. Með þessum hætti hafi löggjafinn ákveðið hvaða stofnanir það séu, sem leggi á skattinn. Fjármálaráðherra eigi enga aðild að því að bera undir dómstóla hvort stjórnvöld, sem starfi á sérstökum sviðum, hafi farið að lögum í sýslan sinni. Allt öðru máli gegni hins vegar um skattborgarann. Hann megi auðvitað bera undir dómstóla hvort stjórnvöld hafi farið að lögum í skiptum sínum við hann. Og þegar í 14. gr. söluskattslaga sé heimilað að bera ágreining um skatthæð og skattskyldu undir dómstóla verði að skilja ákvæðið svo að það sé gjaldandi sem geti borið þessi ágreiningsefni undir dóm en ekki handhafar ríkisvalds. Þeir hafi tekið sína endanlegu ákvörðun með fullnaðarúrskurði ríkisskattanefndar, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna og geti ekki farið í mál til að fá eigin ákvörðun sinni breytt.

2. Þá heldur stefndi því fram að ef ekki verði fallist á ofangreind rök hans og talið að fjármálaráðherra geti höfðað mál til breytingar á úrskurði ríkisskattanefndar, hljóti hann að þurfa að stefna nefndinni. Með dómkröfum sínum í máli þessu krefjist hann breytingar á stjórnvaldsákvörðun. Það geri hann á þeim grundvelli að stjórnvaldið hafi ekki farið að réttum lögum við sýslan sína. Til þess að geta fengið dæmt um þetta hljóti hann að þurfa að stefna stjórnvaldinu sem ákvörðunina tók og binda það við dóm í málinu.

3. Þá kveðst stefndi styðja dómkröfur sínar við þær málsástæður að úrskurður ríkisskattanefndar sé efnislega réttur. Meginsjónarmið stefnda er það að samkvæmt texta söluskattslaga og reglugerðar sé starfsemi hans ekki söluskattsskyld, þar sem í 7. gr. 1. mgr. 1. tl. laganna sé ákveðið að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja, sé undanþegin söluskatti ef unnið sé á byggingarstað, sbr. einnig 14. gr. 1. tl. reglugerðar nr. 169/1970 og 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978.

Við sjónarmið stefnanda hefur stefndi sett fram eftirfarandi athugasemdir og mótrök:

a) Stefnandi telji að með „vinnu" sé átt við „vinnu manna" í þeim skilningi að sé unnið með vélum gildi undanþágan ekki. Stefndi telur enga stoð vera fyrir þessum skilningi stefnanda. Texti laganna sé skýr og geri engan greinarmun á vinnu á byggingarstað eftir því hvers konar áhöld og vélar séu notuð við vinnuna. Komi reyndar einnig vel fram bæði í greinargerð

með frumvarpi að lögum og framsöguræðu ráðherra að enginn svona greinarmunur sé gerður. Ekki tjái fyrir stefnandann að bera því við að aldrei hafi verið neinn ágreiningur hjá skattyfirvöldum um framkvæmd ákvæðisins að þessu leyti. Í fyrsta lagi hnekki skortur á ágreiningi ekki skýru ákvæði laganna, og í öðru lagi sé það áreiðanlega rangt að ekki hafi verið uppi ágreiningur um þetta. A.m.k. sé ljóst að úrval stefnanda á erindum sem snerti ákvæðið og hann hafi lagt fram í málinu á dskj. 24 og 25 veiti enga sönnun um þetta efni. Hið sama sé að segja um hina hlutdrægu reifun úrskurða sem stefnandi hafi lagt fram, sbr. dskj. nr. 23. Greindum skjölum hefur stefndi mótmælt sem óþinglegum.

b) Því hafi verið haldið fram í málinu af stefnanda að fjármálaráðherra hafi með ákvæði 7. gr. 2. mgr. söluskattslaganna verið fengið einhvers konar sérstakt lögskýringarvald eða jafnvel úrskurðarvald um söluskattsskyldu. Þetta sé að mati stefnda að sjálfsögðu misskilningur. Með lagaákvæðinu sé aðeins verið að fela ráðherra að ákveða með reglugerð nánari útfærslu á hinum tilgreindu reglum laganna. Sé heimildin til fyllingar ákvæði 27. gr. (nú 28. gr. 2. mgr.) um reglugerð. Við reglugerðarsmíð sína verði ráðherra að sjálfsögðu að halda sig innan ramma laganna. Megi raunar, auk almennra sjónarmiða um reglugerðarvald ráðherra, benda á að hér sé fjallað um skattheimtu. Um hana fjalli 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem skýrt komi fram að löggjafinn eigi að taka ákvarðanir um skatta, álagningu þeirra, breytingar á þeim og afnám. Ráðherranum verði því ekki að réttum lögum fengin nein verkefni á því sviði.

c) Af hálfu stefnanda sé komið fram í málinu að hann telji vinnu við húsbyggingar ekki undanþegna ef unnið sé með „meiri háttar" tækjum. Hvergi sé að finna staf um aðgreiningu af þessu tagi í lögunum og raunar ekki heldur í reglugerð. Í málatilbúnaði skattstjórans í Reykjavík við kærumeðferð málsins hafi komið fram að hann sé búinn að búa sér til reglukerfi um aðgreininguna sem hvergi sé skráð, sbr. úrskurð hans dskj. 10. Sem dæmi um hinar tilbúnu óskráðu reglur skattstjórans megi nefna að honum finnist máli skipta hvort tækni sé ný eða gömul, hvernig tæki hafi áður verið notuð og hversu vel svari kostnaði að „eltast við þjónustu vélanna". Þessar reglur skattstjórans hafi auðvitað enga þýðingu í málinu.

d) Skattstjóri taldi það vera „rauðan þráð" í gegnum söluskattslög og reglugerð að „eigi sé rétt að valda þannig mismun með söluskatti að það raski verulega samkeppnisaðstöðu aðila". Taldi hann t.d. gluggasmíði á byggingarstað vera söluskattsskylda vegna þess að yfirleitt væri hún unnin með vélum á verkstæði. Það sé nú að vísu svo, að engin leið sé að átta sig á, hvaðan skattstjórinn fái efnivið í þessa reglu sína. Hitt sé þó ljóst að reglan styðji skattfrelsi starfsemi stefnda, þar sem telja verði að líkur standi gegn því, að unnt sé að vinna að múrbroti í húsbyggingum á verk-

stæðum úti í bæ, þannig sé skattfrelsi starfsemi stefnda ekki ógnun við samkeppni.

e) Skattstjóri hafi talið í úrskurði sínum á dskj. 10 að það skipti máli, hvort þjónusta vélar væri seld út sérstaklega eða hvort henni væri reikningslega blandað saman við aðra vinnuþætti. Enn sé hér aðgreining sem skattstjórinn búi sér til sjálfur.

f) Í greinargerð stefnanda á dskj. 2 komi fram að hann telji „að hugtakið vinna sé ekki notað almennt um annað en menn". Af þessu tilefni tekur stefndi fram að enginn vafi geti leikið á því að með orðunum „vinna við húsbyggingar" í 7. gr. 1. mgr. 1. tl. sé átt við hvers konar vinnu, hvort sem hún sé unnin berum höndum, með áhöldum (svo sem vinnuvettlingum, hömrum, sögum o.fl.) eða vélum (ljósahundum, vélsögum, slípivélum, loftpressum, byggingarkrönum o.fl.). Ljóst sé að berlega þyrfti að taka fram í lögunum ef ætlunin væri að skattfrelsið tæki ekki til einhverra framangreindra þátta. Raunar komi þessi skilningur óbeint fram í reglugerðinni sjálfri, þar sem í 14. gr. 1. tl. 4. mgr. sé sérstaklega tekið fram að ákveðnu þar greindu tilviki skuli vélavinna teljast söluskattskyld. Telur stefndi ljóst að óþarft hefði verið að taka þetta fram ef vélavinna hefði ekki talist falla undir undanþáguákvæði 1. tl. Í þessu komi ótvírætt fram sá skilningur á „vinnu við húsbyggingar" sem hann hafi haldið hér fram.

4. Fyrir liggi í málinu, að af hálfu skattyfirvalda hafi verið talið að t.d. byggingarkrana í eigu byggingarfyrirtækis væri söluskattfrjáls og að sama máli gegndi um snittvélar, sem pípulagningarmenn nota. Þessi tæki séu ekki síður „meiri háttar" heldur en kjarnaborvél stefnda. Á því sé byggt í máli þessu að stefndi eigi rétt á samkvæmt almennri jafnræðisreglu í stjórnarfarsrétti, að verða ekki verr settur heldur en aðrir sem eins stendur á um.

Málsástæður og lagarök í gagnsök.

Gagnstefnandi, hér eftir nefndur stefndi, kveðst hafa greitt í söluskatt kr. 318.260,00 frá ársbyrjun 1981 og fram til þess tíma er úrskurður ríkisskattanefndar féll 30. desember 1983 en með honum var stefnda talið óskylt að greiða skattinn. Sé endurkrafan í gagnsök á því byggð, sem nú liggi fyrir með úrskurði ríkisskattanefndar, að skattheimta þessi hafi allt hið umrædda tímabil verið andstæð lögum. Byggist endurkrafan á öllum hinum sömu sjónarmiðum og fram komi í greinargerð í aðalsök, m.a. þeim að fjármálaráðherra sé að því er skattskylduna varði bundinn af úrskurðum ríkisskattanefndar og geti ekki fengið þeim hnekkt fyrir dómi. Kveðst stefndi hafa talið að stefnandi myndi endurgreiða allan ofgreiddan söluskatt ef úrskurður ríkisskattanefndar yrði stefnda í hag. Það hafi hann ekki gert, heldur freisti hann þess með aðalsök máls þessa að hnekkja úrskurði ríkisskattanefndar efnislega og sé því nauðsynlegt að höfða gagnsök þessa til heimtu fjárins.

Stefndi telur að vera megi að stefnandi beri því við að við gildistöku reglugerðar nr. 486/1982 hafi lagaskylda stefnda breyst, þar sem þá hafi verið gerð breyting á orðalagi hins umdeilda undanþáguákvæðis og nú talað um „vinnu manna", sbr. 14. gr. 1. tl. reglugerðarinnar. Þessum skilningi kveðst stefndi mótmæla. Hér sé um að ræða undanþágu sem berum orðum komi fram í settum lögum, þ.e. 7. gr. 1. mgr. 1. tl. söluskattslaga nr. 10/1960. Fjármálaráðherra geti ekki með reglugerð þrengt undanþágu sem veitt sé í settum lögum. Að því marki sem hinn nýi texti reglugerðarinnar yrði talinn fela í sér efnislega frávik frá lagatextanum skorti hann lagastoð.

Þá sé ástæða til að vekja athygli á, að málshöfðunarfrestur 14. gr. laga nr. 10/1960 hafi ekkert með gagnsök þessa að gera, enda sé ekki verið að „bera undir dómstóla" úrskurð ríkisskattanefndar, heldur sé þvert á móti byggt á úrskurðinum bæði að því er varði form og efni.

Um vaxtakröfu sína segir stefndi að dráttarvaxta sé krafist í samræmi við auglýsingar Seðlabanka Íslands um það efni og lög nr. 56/1979 um dómvexti. Um upphafstímann sé það að segja að til hægðarauka sé safnað saman nokkrum greiðslum í einu á þann hátt sem fram komi handskrifað á dskj. nr. 33. Um þá kröfu að vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti segir stefndi að þessi háttur sé á hafður við innlánsstofnanir og verði að ætla að dráttarvaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands séu byggðar á því, að vextirnir séu svona reiknaðir. Og að því er varði kröfu um dómvexti sé þessi háttur augljóslega nauðsynlegur til að vextir verði „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir" svo sem það er orðað í 1. gr. laga nr. 56/1979, þar sem hæstu innlánsvöxtum við þessar stofnanir sé jafnan bætt við þá innlánsfjárhæð sem vexti ber um hver áramót. Varðandi vexti á málskostnað, þá séu engin efni til að telja að sú krafa beri ekki dráttarvexti, rétt eins og hver önnur gjaldfallin peningakrafa.

Gagnstefndi, hér eftir nefndur stefnandi, rökstyður sýknukröfu sína aðallega með því að söluskattur sá er stefndi krefji nú um endurgreiðslu á sé réttilega á lagður og innheimtur samkvæmt lögum. Um málsástæður og lagarök fyrir skattskyldu stefnda vísast til umfjöllunar í aðalsök.

Stefnandi bendir á að kröfugerð stefnda nái til alls þess söluskatts, viðurlaga og dráttarvaxta, sem hann hafi greitt frá 25. febrúar 1981 til 15. nóvember 1983, þ.á m. söluskatts og viðurlaga vegna desembermánaðar 1981 sem sé þegar til umfjöllunar í aðalsök málsins. Að því leyti sem gagnsök málsins taki til þess söluskattstímabils sé málshöfðunin óþörf, þar sem ekki séu af hálfu stefnanda bornar brigður á að honum sé skylt að endurgreiða álagðan og greiddan söluskatt og viðurlög vegna desembermánaðar 1981, fari svo að dómstólar hafni kröfum hans í aðalsök, sbr. 5. mgr. 13. gr. söluskattslaga.

Þá byggir stefnandi á 14. gr., sbr. 13. gr. laga um söluskatt en skv. 14.

gr. sé það skilyrði fyrir að höfða dómsmál til endurkröfu á greiddum söluskatti að ágreiningi um þá skattálagningu er endurgreiðslukrafa tekur til, hafi áður verið skotið til úrskurðar ríkisskattanefndar og málið sé borið upp við dómstóla innan 6 mánaða frá því ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn í málinu. Stefndi uppfylli ekki þetta skilyrði, þar sem hann hafi ekki kært söluskattsálagningu mánaðanna janúar til nóvember 1981 og frá janúar 1982 til september 1983 til ríkisskattanefndar. Hann hafi aðeins kært söluskatt vegna eins mánaðar þ.e. desember 1981 og sé um skattskyldu hans þann mánuð fjallað í aðalsök málsins.

Varakröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar í gagnsök kveðst stefnandi reisa í fyrsta lagi á því að frá og með gildistöku reglugerðar nr. 486/1982 í ágúst 1982 sé starfsemi gagnstefnanda ótvírætt söluskattsskyld skv. skýrum orðum 1. tl. 14. gr. hennar, en í þeirri grein komi skýrt fram að sú undanþága er greinin kveði á um nái einvörðungu til „vinnu manna". Með setnigu þeirrar reglugerðar og þess ákvæðis í 14. gr. hennar var ráðherra fyllilega innan lagaheimilda sinna samkvæmt söluskattslögum nr. 10/1960 og sé staðhæfing gagnstefnanda á dskj. 32 um hið gagnstæða alfarið mótmælt.

Í annan stað, fallist dómurinn ekki á sýknukröfu stefnanda, sé ljóst að hann verði að taka afstöðu til sérhverrar álagningar. Í því efni skipti m.a. máli hvort álagning sé í hverju tilviki fyrir sig byggð á framtölum stefnda sjálfs eða áætlun skattstjóra skv. 12. gr. söluskattslaganna, sbr. 9. gr. l. nr. 10/1974 og ákvæðum í 27. og 29. gr. reglugerðar nr. 169/1970, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 310/1973 um söluskatt og skv. 12. gr. l. nr. 10/1960, sbr. 1. gr. l. nr. 33/1982 og ákvæðum í 27. og 29. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt. Kveður stefnandi áætlunarskyldu skattyfirvalda vera lögboðna aðferð til að knýja á um efndir framtalsskyldu. Þannig álagður skattur verði ekki úr gildi felldur nema skattaðili uppfylli í kærufresti framtalsskyldu sína.

Dráttarvaxtakröfu stefnda er mótmælt þar sem hana skorti lagastoð. Í 13. gr. l. nr. 10/1960 sem fjalli um endurgreiðslu á ofborguðum söluskatti í kjölfar úrskurðar eða dóms sé ekkert kveðið á um rétt skattþegns til vaxta fyrir það tímabil sem fé er í vörslu ríkissjóðs. Því verði ekki séð að stefndi eigi neinn rétt til vaxta. Að minnsta kosti sé alveg út í hött að krefjast dráttarvaxta eins og stefndi geri hér, vegna skattgreiðslna sem eigi sér stað á lögformlegan hátt. Réttur stefnda til endurgreiðslu kvikni ekki fyrr en sú skattlagning sé úr gildi felld með úrskurði eða dómi, sbr. 13. gr. söluskattslaganna. Alveg sé því ljóst að stefndi hafi ekki átt endurgreiðslurétt á hendur ríkissjóði strax hinn 25. febrúar 1981 er hann greiddi söluskatt vegna janúar 1981 svo dæmi sé tekið. Gjalddagi kröfu sem almennt marki upphaf dráttarvaxtaáfalls, sbr. 5. gr. l. nr. 58/1960 sé því augljóslega ekki í þessu tilviki fyrr en dómur er upp kveðinn fari svo ólíklega að kröfur stefnanda um endurgreiðslu verði teknar til greina.

Vaxtakröfu stefnanda af málskostnaði er mótmælt sem löglausri, svo og kröfu hans um að vextir leggist við höfuðstól.

Niðurstaða.

Stefndi hefur krafist sýknu á þeirri forsendu að úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður sem verði ekki skotið til dómstóla af hálfu fjármálaráðherra. Ekki verður fallist á þetta sjónarmið stefnda. Dómurinn telur fjármálaráðherra vera réttan aðila að málinu, skv. 1. gr., sbr. 4. mgr. 13. gr. l. 10/1960 um söluskatt. Löglíkur þykja liggja til þess að skýra beri „fullnaðarúrskurð" í 13. gr. laganna sem fullnaðarákvörðun framkvæmdavaldshafa, en ákvæðinu sé ekki ætlað að útiloka það að deiluefni um skattskyldu eða skatthæð sé borið undir dómstóla svo sem heimilað er beint með ákvæði 14. gr. Hefði ætlan löggjafans verið að sú heimild 14. gr. næði aðeins til annars aðila ágreinings, hefði orðið að taka það fram berum orðum.

Ekki verður fallist á það með stefnda að nauðsyn beri til að stefna ríkisskattanefnd til aðildar að máli þessu, enda er það ekki tilskilið í l. 10/1960. Þykir eðlilegt að líta svo á að ríkisskattanefnd sé úrskurðaraðili er ekki eigi hagsmuna að gæta í deilu aðila málsins.

Ekki verður fallist á þann skilning stefnanda að ákvæði 2. mgr. 7. gr. s.l. veiti fjármálaráðherra óformlegt ákvörðunarvald með tilliti til túlkunar á undanþáguákvæðum 6. og 7. gr. Litið er svo á að hér sé um að ræða formlega útfærslu ráðherra sem birta beri á lögskipaðan hátt í formi reglugerða eða auglýsinga. Túlkun fjármálaráðherra á hinu umdeilda ákvæði, sem rakin hefur verið í máli þessu, var ekki þannig birt fyrr en með reglugerð nr. 486/1982.

Skal nú tekið til efnislegrar úrlausnar hvort þjónusta stefnda sé söluskattsskyld og tekin afstaða til niðurstöðu ríkisskattanefndar. Niðurstaða nefndarinnar er órökstudd og er því ekki mögulegt að taka afstöðu til þeirra forsendna er hún hefur byggt á í úrskurði sínum.

Almenna reglan um söluskattsskyldu kemur fram í 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga 10/1960 um söluskatt og er það meginregla laganna að hvers konar starfsemi sé söluskattsskyld.

Frá þessari aðalreglu eru gerðar undantekningar, m.a. í 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laganna, þar sem undanþegin er frá söluskatti eftirtalin starfsemi og þjónusta: „vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfstöð." Orðalag þeirrar reglugerðar er sett var til fyllingar laganna, nr. 169/1970, sbr. br. regl. nr. 316/1978, og sem í gildi var á því tímabili sem

deilt er um í aðalsök var samhljóða. Í þessu undanþáguákvæði stendur orðið „vinna" eitt sér og án frekari útfærslu á merkingu þess. Telja verður ljóst að orðið „vinna" verði ekki túlkað svo að það taki til leigu tækis með eða án manns til notkunar á byggingarstað. Vélaleiga er tvímælalaust söluskattsskyld, sbr. f-lið 4. gr. s.l., og er grundvöllur hennar að jafnaði sérstakur löggerningur, samningur um afnotarétt tækis með eða án manns. Dómurinn telur að starfsemi stefnda sé ekki vélaleiga heldur bjóði hann fram þjónustu til að vinna ákveðin verk með þar til sérhæfðum tækjum sem hann hefur yfir að ráða og falli slík starfsemi undir d-lið 4. gr. laganna. Þykir orðið „vinna" í nefndri lagagrein geta tekið til slíkrar aðkeyptrar þjónustu.

Um það er deilt hvort orðið „vinna" nái aðeins til vinnu manna eða einnig til vinnu manna með verkfæri og verkfæra stjórnað af mönnum. Í 4. mgr. 1. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 169/1970, sbr. rgl. nr. 316/1978 er tekið fram að undanþáguákvæðið taki ekki til þess „þegar settar eru upp vélar á eða í byggingarstað til aðvinnslu á vörum eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju". Má af þessari takmörkun á undanþágureglunni og örðum lögskýringargögnum ráða að það hafi ekki verið ætlun löggjafans að orðið „vinna" í 7. gr. tæki aðeins til vinnu manna án hvers konar notkunar tækja við þá vinnu, áhersla löggjafans virðist hafa verið lögð á það að vinnan færi fram á byggingarstað.

Skal þá næst athuga hvort gerður verði greinarmunur á þeim tækjum sem notuð eru af þeim sem veita byggingaraðila þjónustu sína. Ekki verður séð að lagaheimild sé til þess að gera mun á „minni háttar" og „meiri háttar" tækjum svo sem skattyfirvöld hafa gert í framkvæmd, enda verður slík aðgreining ætíð óhjákvæmilega afstæð og ekki til þess fallin að stuðla að jafnræði. Á tímum örrar tækniþróunar getur umfangsmikið tæki verið afkastaminna en handhægara tæki, og verk sem aðeins varð unnið með stórvirkum vélum áður kann í dag að vera unnið með handverkfærum, sem þykja sjálfsögð hjálpartæki iðnaðarmanns. Múrbrot það, sem aðalstefndu stunda með véltækni sinni, hefði ekki talist söluskattsskylt skv. 7. gr. söluskattslaga, hefði það verið unnið með handborum og fleygum. Þykir gerð þess hjálpartækis eða stærð, sem notað er við þá þjónustu er fyrirtækið býður fram, ekki geta ráðið úrslitum um söluskattsskylduna samkvæmt þeim lagareglum er giltu á því tímabili sem mál þetta varðar. Starfsemi stefnda fer tvímælalaust fram á byggingarstað og er fólgin í endurbótum á mannvirkjum og ekki í aðvinnslu á vörum eða efni og fellur því beint undir undanþáguákvæði 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga 10/1960, sbr. regl. nr. 169/1970, sbr. breytingu með reglugerð nr. 316/1978.

Úrskurður ríkisskattanefndar skal því vera óhaggaður og skal stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Varðandi dómkröfur í gagnsök þykir verða að líta svo á, að frá og með birtingu reglugerðar nr. 486/1982 í B-deild Stjórnartíðinda hinn 7. september 1982 sé starfsemi stefnda söluskattsskyld, sbr. 1. tl. 14. gr. hennar, þar sem ráðherra hefur þar með á lögformlegan hátt kveðið nánar á um það hvað falli undir undanþáguákvæði 7. gr. l. 10/1960, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis, með orðalaginu „vinna manna".

Kemur þá til álita hvort stefndi eigi rétt til endurgreiðslu fyrir tímabilið frá 27. júlí 1981 til 7. september 1982. Um gagnkröfur segir stefndi í greinargerð sinni: „Hins vegar hélt hann áfram að telja fram til söluskatts, vegna tímans eftir desember 1981, í samræmi við sjónarmið skattstjórans um skattskylduna. Var auðvitað báðum aðilum ljóst að deilan um desembermánuð var prófmál um skattskylduna, og þess vegna væru öll framtöl og greiðslur frá stefnda eftir þetta bundin fyrirvara ef sjónarmið hans yrðu tekin til greina." Ekki verður á það fallist með stefnda að kæra hans vegna ákvörðunar söluskatts fyrir desembermánuð 1981 feli sjálfkrafa í sér kæru vegna annarra greiðslutímabila. Þar sem stefndi hefur ekki gætt fyrirmæla 13. gr., sbr. 14. gr. laga 10/1960 um kærufrest og málsókn hefur hann glatað rétti sínum til endurgreiðslu að öðru leyti en vegna álagningar desembermánaðar 1981 auk viðurlaga fyrir það tímabil. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda kr. 10.808,00 auk viðurlaga fyrir þetta tímabil kr. 3.621,00 samtals kr. 14.429,00 með almennum sparisjóðsvöxtum svo sem þeir eru á hverjum tíma, skv. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignaskatt, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960, frá 26. apríl 1982, sbr. dskj. nr. 26, til stefnubirtingardags 10. janúar 1985, svo sem nánar greinir í dómsorði, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þykir verða að túlka 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 þannig að áfallnir vextir leggist við höfuðstól um hver áramót í fyrsta sinn 1. janúar 1983, svo sem venja er til hjá innlánsstofnunum.

Stefnandi greiði stefnda kr. 35.000,00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök. Krafa stefnda um vexti á málskostnað er ekki tekin til greina.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist sökum embættisanna dómarans.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Kjarnborun sf., skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Gagnstefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnstefnanda, Kjarnborun s.f., kr. 14.429,00 með 34% ársvöxtum frá 26. apríl 1982 til 1. nóvember s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 27% ársvöxtum

frá þeim degi til 21. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 10. s.m., en með dómvöxtum (sbr. l. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Áfallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn 1. janúar 1983.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 157/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni
Ragnari Kjartanssyni
Páli Braga Kristjónssyni og
Helga Magnússyni

Kærumál. Gagnaöflun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilarnir Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. f.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Af hálfu Björgólfs er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að afla þeirra upplýsinga sem um var beðið. Krafist er kærumálskostnaðar." Í greinargerð verjanda Ragnars kemur ekki fram skýr kröfugerð í þessu kærumáli en ætla verður að einnig af hans hálfu sé úrskurðurinn kærður í því skyni að hann verði felldur úr gildi.

Í greinargerð af hálfu ákæruvalds, undirritaðri af Braga Steinarssyni vararíkissaksóknara og Jónatan Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, skipuðum sækjanda í málinu, er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Ástæður þær, sem færðar hafa verið fram af hálfu kærenda fyrir kröfum þeirra um að ríkissaksóknari víki sæti, gefa ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um það atriði. Samkvæmt því verða kröfur kærenda í máli þessu ekki teknar til greina, og er hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Varnaraðilar sýnast styðja kröfur sínar um öflun gagna þeim rökum að þeim sé þörf á gögnum þessum til styrktar kröfu sem þeir hafa gert í sakadómi Reykjavíkur um frávísun málsins, en krafa þessi bíður úrlausnar.

Ég tel að eigi verði leitað dómsúrlausnar um það að máli verði vísað frá dómi af þeim ástæðum að ríkissaksóknari mundi vera vanhæfur til þess að vera dómari í því. Með þessum rökum er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómara um það að kröfur varnaraðila verði ekki teknar til greina.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæru, dagsettri 9. apríl sl. höfðaði ríkissaksóknari mál hér fyrir dóminum gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Helga Magnússyni fyrir að hafa í störfum sínum fyrir Hafskip hf., ákærði Ragnar á árinu 1981, og allir ákærðu á árunum

1983-1985 gerst sekir um ýmis brot á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög og lögum um löggilta endurskoðendur.

Mál þetta var þingfest hér fyrir dóminum hinn 5. þ.m., en ákæran hafði verið birt hinum ákærðu á útgáfudegi ákærunnar. Við þingfestinguna voru lagðar fram yfirlýsingar af hálfu ákærðu um verjendur og voru verjendur skipaðir í þinghaldinu. Verjendur ákærðu gerðu allir kröfu um frávísun málsins með tilvísan til 22. gr. laga nr. 74/1974, en óskuðu eftir fresti til að skila greinargerðum um kröfur sínar. Jón Magnússon hdl., skipaður verjandi ákærða Ragnars Kjartanssonar, krafðist þess og, með tilvísan til þess að ekki hefðu fengist nægilegar upplýsingar um ýmis atriði, sem frávísunarkröfu hans varða, að ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, kæmi fyrir dóminn sem vitni og svaraði spurningum er lúta að þeim efnum.

Í þinghaldi í dag, 14. maí, lagði Jón Magnússon hdl. fram svofellda kröfugerð:

„Ég krefst þess að Ríkissaksóknari Hallvarður Einvarðsson verði kvaddur fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu og svara spurningum sem varða framkomna frávísunarkröfu í málinu m.a. um tengsl hans og aðila sem tengjast málinu og rannsókn þess hlýtur að hafa beinst að.

Þá krefst ég þess einnig að Albert Guðmundsson alþingismaður verði kvaddur fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu og svara spurningum varðandi m.a. þau atriði sem varða samskipti hans og ríkissaksóknara.

Þá er þess krafist að fjármálaráðherra verði gert að upplýsa um meinta lánveitingu til Hallvarðs Einvarðssonar úr sérstökum sjóði sem fjármálaráðherra hafði yfir að ráða á árunum 1984 til 1985 m.a. hver fjárhæð lánsins var, greiðslukjör, hvort Hallvarður hafi fengið hærra lán en venja var um þá sem fengu lánveitingar úr einkasjóði fjármálaráðherra, með hvaða hætti sótt var um lán þessi til fjármálaráðherra og hvort þakkarbréf Hallvarðs Einvarðssonar hafi borist ráðherra að fenginni lánveitingu og sé svo hvers efnis það sé.“

Lögmaðurinn lagði og fram ljósrit af bréfi sínu til fjármálaráðherra, dagsettu 13. apríl sl., þar sem hann óskar eftir upplýsingum um lánveitingar til Hallvarðs Einvarðssonar fyrir milligöngu fjármálaráðherra á árinu 1984 eða 1985. Að lokum lagði hann fram ljósrit af svarbréfi fjármálaráðherra til hans, dagsettu 14. apríl sl. en þar segir m.a.:

„Til svars erindi yðar skal vakin athygli á, að lánastofnanir birta almennt ekki nöfn einstaklinga, sem tekið hafa lán hjá viðkomandi stofnun. Eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja gildir sú regla alfarið að lífeyrissjóðir birti ekki skrá yfir einstaklingslán, hvorki í ársreikningum sínum né annars staðar. Öll sömu sjónarmið og rök eiga við að þessu leyti um þá einstaklinga, sem tekið hafa lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins af svokölluðum ráðherrakvóta eins og um aðra lánþega sjóðsins. Með vísan til ofanrit-

aðs mun ráðuneytið ekki veita upplýsingar um það, hvaða einstaklingar hafa fengið lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.“

Í sama þinghaldi afhenti Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., skipaður verjandi Björgólfs Guðmundssonar, fram bréf til dómsins, þar sem þess er óskað að dómurinn afli upplýsinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins varðandi lántökur Hallvarðs Einvarðssonar hjá sjóðnum, en meðfylgjandi bréfinu voru ljósrit tveggja veðskuldabréfa, útgefinna af Hallvarði til fyrrgreinds lífeyrissjóðs, dagsett 28. desember 1984 og 11. febrúar 1985, hvort um sig að fjárhæð kr. 300.000,00. Í bréfinu er sagt, að Hallvarður hafi fengið umræddd lán úr lífeyrissjóðnum „fyrir tilstuðlan þáverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar, sem tengist svokölluðu Hafskipsmáli bæði sem fyrrverandi stjórnarformaður Hafskips hf. og fyrrverandi formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Það mun hafa tíðkast alllengi, en nú aftekið, að fjármálaráðherra hafi veitt lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir eigin geðþótta.“ Þá leiðir lögmaðurinn getum að því að Hallvarður Einvarðsson hafi, að því er varðar annað skuldabréfið, notið betri kjara að því er varðar útreikning á lánskjaravísitölu og vaxtafótar en almennt hafi gerst á þessum tíma. Af því tilefni óskar lögmaðurinn að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins svari eftirfarandi spurningum:

„1. Sat Hallvarður Einvarðsson við annað og betra borð en aðrir lántakar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á þessu tímabili, það er beggja vegna áramótanna 1984/1985 og ef svo er í hverju eru frávikin fólgin? (Lánsupphæð? Vaxtafótur? Grunntala lánskjaravísitölu? Lánstími?).

2. Hallvarður á samkvæmt bréfinu frá 28. desember að hafa greitt 2 afborganir og vexti af því, þ.e. 28.12. 1985 og 28.12. 1986. Spurningin er hvort hann hafi aðeins verið látinn greiða 2% í vexti bæði skiptin.“

Verjendur hinna tveggja ákærðu, Páls Braga Kristjónssonar og Helga Magnússonar, Jónas A. Aðalsteinsson hrl. og Ólafur Garðarsson hrl., hafa tekið undir framanritaðar kröfur og beiðnir verjenda ákærðu Björgólfs Guðmundssonar og Ragnars Kjartanssonar.

Af hálfu ákæruvaldsins, en sækjendur málsins eru Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari og Jónatan Sveinsson hrl., hefur kröfum Jóns Magnússonar hdl. alfarið verið mótmælt, þar sem hvorki séu efnis- eða lagarök til þeirra yfirheyrslna eða gagnaöflunar sem þar er farið fram á. Að því er ríkissaksóknara varðar er vísað til 92. gr. laga nr. 74, 1974 og að því er varðar skýrslutöku af öðrum er vísað til 132. gr. sömu laga. Málatilbúnaður verjandans um skýrslutökur á þessu stigi málsins séu til þess eins fallnar að torvelda framgang málsins og þykir ástæða til þess af ákæruvaldsins hálfu að vekja athygli dómsins á 88. gr. laga nr. 74/1974.

Varðandi bréf Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl. mótmæla sækjendur því að umræddra upplýsinga verði aflað af þeim ástæðum að þær geti ekki

skipt máli við úrlausn þess álitaefnis hvort ríkissaksóknari hafi verið vanhæfur til að gefa út ákæruskjal í málinu á hendur 4 tilteknum mönnum.

Eðlilegt þykir að taka umræddar kröfur til úrskurðar áður en frávísunarkröfur verjenda ákærðu verða úrskurðaðar. Einnig þykir rétt að taka afstöðu til krafna Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl. og Jóns Magnússonar hdl. í einum úrskurði, enda lúta þær að hluta að sömu atriðum.

Telja verður að það samrýmist ekki lögum um meðferð opinberra mála að ríkissaksóknari komi fyrir dóm sem vitni í máli sem hann höfðar, þótt til álita kynni að koma að krefja megi hann upplýsinga um tengsl hans við mál eða aðila. Hér við bætist að í kröfugerð Jóns Magnússonar hdl. er ekki tilgreint hvaða spurningar óskast lagðar fyrir Hallvarð Einvarðsson og sama er að segja um kröfu hans um að Albert Guðmundsson alþingismaður verði kallaður fyrir dóm. Skv. framansögðu þykja því ekki efni til að verða við kröfum hans um að framangreindir tveir menn verði kvaddir til að gefa vitnaskýrslu fyrir dóminum.

Að öðru leyti eru hér til úrskurðar kröfur lögmannanna tveggja sem lúta að því að dómurinn hlutist til um öflun gagna varðandi persónulegar lántökur Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, en á þeim tíma gegndi hann starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Upplýst verður að telja að lántökur þessar voru fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi fjármálaráðherra og stjórnarformanns Hafskips á árunum 1979-1983, en einnig hefur komið fram að lánveitingar með þessum hætti úr umræddum lífeyrissjóði höfðu tíðkast lengi í mismunandi miklum mæli.

Af þeim gögnum, sem liggja fyrir í málinu, er ljóst, að umræddar lántökur áttu sér stað áður en mál þetta kom til sögunnar. Bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 6. desember 1985 og mál þetta barst ríkissaksóknara með skýrslu skiptaréttarins, dagsettri 6. maí 1986, en hún var framsend rannsóknarlögreglustjóra með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí 1986, þar sem Rannsóknarlögreglu ríkisins var falin rannsókn málsins. Verður því ekki séð að fyrrgreind einkamálefni Hallvarðs Einvarðssonar hafi nein þau tengsl við mál þetta, er réttlæti að dómurinn hlutist til um sérstaka athugun á þeim.

Með tilvísan til framanritaðs er öllum kröfum Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl. og Jóns Magnússonar hdl., verjenda ákærðu Björgólfs Guðmundssonar og Ragnars Kjartanssonar, hafnað.

Því úrskurðast:

Kröfu Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., verjanda ákærða Björgólfs Guðmundssonar, um upplýsingaöflun hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er hafnað.

Kröfu Jóns Magnússonar hdl., verjanda ákærða Ragnars Kjartanssonar, um að Hallvarður Einvarðsson og Albert Guðmundsson verði kallaðir fyrir dóm sem vitni er hafnað, svo og kröfu hans um að fjármálaráðherra verði gert að upplýsa um lántökur Hallvarðs Einvarðssonar fyrir milligöngu fjármálaráðherra.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 162/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Axel Kristjánssyni
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni
Lárusi Jónssyni
Ólafi Helgasyni
Ármanni Jakobssyni
Bjarna Guðbjörnssyni og
Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar

Kærumál. Vanhæfni ríkissaksóknara. Ákæru vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðiljar hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er þeir lýstu fyrir sakadómara 18. f.m. Kærugögn bárust Hæstarétti 19. og 20. f.m. Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málinu vísað frá sakadómi.

Af hálfu ákæruvalds er því lýst yfir, með vísan til 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974, að kæra úrskurðarins sé samþykkt, en krafist staðfestingar hans.

Í ákæru eru sjö starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 12/1961, sakaðir um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í starfi, að því er varðar viðskipti bankans við Hafskip h/f, sem tekið var til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985. Er málið höfðað á hendur ákærðu fyrir brot í opinberu starfi á árunum 1982 - 1985, hverjum um sig þann tíma sem þeir gegndu starfi við bankann. Voru sex hinna ákærðu bankastjórar og sá sjöundi forstöðumaður lögfræðingadeildar bankans og aðstoðarbankastjóri.

Skýra ber 22. gr. laga nr. 74/1974 svo, að við meðferð einstaks máls beri ríkissaksóknara að víkja sæti ef hann „er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því". Úrskurðarvald í þeim efnum heyrir að lokum undir dómstóla, enda er hvergi í lögum mælt á annan veg.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 12/1961 hafði bankaráð yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans og samkvæmt 14. gr. sömu laga hafði bankastjórn æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum í reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs. Í erindisbréfi fyrir bankastjóra Útvegsbanka Ísalnds, sem samþykkt var í bankaráði 24. febrúar 1983, segir meðal annars, sbr. 3. gr., að einu sinni í mánuði, eða eftir því sem þurfa þyki, skuli bankastjórarnir leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, og annað það, er bankaráðinu þyki nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Hallvarður Einvarðsson var skipaður ríkissaksóknari frá 1. júlí 1986. Jóhann S. Einvarðsson, bróðir hans, tók sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1. janúar 1985 og átti því sæti í bankaráðinu hluta þess tímabils, sem ákæra lýtur að. Mjög náin tengsl voru milli starfssviðs og starfsskyldna bankastjóra annars vegar og bankaráðs hins vegar. Af þessum sökum var ekki rétt, að ríkissaksóknari tæki ákvörðun um ákæru í máli þessu, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. málsgr. 15. gr. sömu laga og grundvallarreglu 3. og 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa ákærunni frá héraðsdómi. Með dómi þessum er ekki tekin nein afstaða til þess, hvernig haga beri ákæru í máli þessu.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá sakadómi.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974 skal ríkissaksóknari tilkynna það dómsmálaráðherra ef hann „er svo við mál eða aðila riðinn að hann mætti ekki gegna dómarastörfum í því" og skipar ráðherra þá annan í hans stað. Mat á því hvort slíkrar ráðstöfunar sé þörf ber endanlega undir dómsmálaráðherra, enda er hvorki í nefndri 22. gr., 124. gr. sömu laga né annars staðar í lögum gert ráð fyrir því að máli verði vísað frá dómi sakir þess að handhafi ákæruvalds mætti eigi gegna dómarastörfum í því. Samkvæmt því ætti að vísa kröfu varnaraðila, þeirri sem um er dæmt í þessu máli, frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, taka þátt í efnisúrlausn málsins.

Hvorki hefur verið sýnt fram á að ríkissaksóknari sé í neinum tengslum við varnaraðila máls þessa er mundu gera hann vanhæfan til þess að vera dómari í máli á hendur þeim, né heldur að hann mundi vera það af öðrum ástæðum. Það er eigi í verkahring dómstólanna að meta eða segja fyrir um hvernig haga hefði átt ákæru í þessu máli, svo sem hvort rétt hefði verið að saksækja aðra menn en gert hefur verið. Samkvæmt því tel ég að staðfesta ætti hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1987.

Ár 1987, mánudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæru, dagsettri 9. f.m., var höfðað opinbert mál hér fyrir dóminum á hendur sjö fyrrverandi og þáverandi bankastjórum og aðstoðarbankastjórum Útvegsbanka Íslands, þeim Axel Kristjánssyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Ármanni Jakobssyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar, fyrir brot í opinberu starfi á árunum 1982-1985.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að máli þessu verði vísað frá dómi. Er krafan reist á því, að ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, sé vanhæfur til þess að fara með mál þetta og er það talið styðjast við 22. gr., sbr. 15. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 og 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85, 1936.

Ennfremur segir í kröfugerðinni:

„Þegar gefin var út ákæra á hendur fyrrverandi og þáverandi bankastjórum Útvegsbanka Íslands hinn 9. apríl sl., hlaut ríkissaksóknari að standa frammi fyrir því álitaefni hvort ákæran ætti að einskorðast við bankastjórana eða beinast jafnframt að bankaráðsmönnum.

Frá 1981 til 14. júní 1983 var Albert Guðmundsson alþingsimaður formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Fyrir nokkru birtu fjölmiðlar þá frétt að ríkissaksóknari hefði tvívegis fengið peningalán hjá Albert Guðmundssyni sem fjármálaráðherra, kr. 300.000 í hvort skipti. Lán þessi voru veitt úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, utan við hefðbundnar lánveitingar úr sjóðnum.

Á árinu 1985 var Jóhann Einvarðsson, alþingismaður, varaformaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Hann er bróðir ríkissaksóknara."

Ríkissaksóknari hefur andmælt kröfu þessari.

Í máli þessu liggur ekkert frammi um þau einkamálefni ríkissaksóknara, sem krafan er öðrum þræði reist á. Aftur á móti segir í úrkurði sakadóms Reykjavíkur, 14. þ.m., í máli ákæruvaldsins gegn Björgólfi Guðmundssyni o.fl. m.a. þetta:

„Að öðru leyti eru hér til úrskurðar kröfur lögmannanna tveggja, sem lúta að því að dómurinn hlutist til um öflun gagna varðandi persónulegar lántökur Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, en á þeim tíma gegndi hann starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Upplýst verður að telja að lántökur þessar voru fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi fjármálaráðherra og stjórnarformanns Hafskips á árunum 1979-1983, en einnig hefur komið fram að lánveitingar með þessum hætti úr umræddum lífeyrissjóði höfðu tíðkast lengi í mismunandi miklum mæli."

Samkvæmt gögnum málsins sat Albert Guðmundsson í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1981 til 14. júní 1983 og bróðir ríkissaksóknara, Jóhann Sigurður Einvarðsson, sat í bankaráðinu árið 1985.

Hvorki Albert Guðmundsson né Jóhann Sigurður Einvarðsson eru ákærðir í málinu og ákvörðun ríkissaksóknara að draga ekki bankaráðsmenn Útvegsbanka Íslands til ábyrgðar í máli þessu, sætir ekki, eins og hana ber að, endurskoðun dómsins. Ber því að synja kröfu um að vísa málinu frá dómi.

Úrskurðarorð:

Kröfu um að máli þessu verði vísað frá dómi er synjað.

Föstudaginn 5. júní 1987.

Nr. 87/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingólfi Rúnari Jónssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. janúar 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. mars sl.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Það athugist að lög um dómvexti nr. 56/1979 voru felld úr gildi með vaxtalögum nr. 25/1987, en ákvæði héraðsdóms um dómvexti ber eftir sem áður að skilja sem hæstu innlánsvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Ákærði verður dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ingólfur Rúnar Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Selfoss 12. ágúst 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 18. febr. 1985, á hendur Ingólfi Rúnari Jónssyni, Reynivöllum 12, Selfossi, fæddum þar í bæ 29. sept. 1963, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 17. september 1983 í samkomuhúsinu Árnesi,

Gnúpverjahreppi, sparkað í andlit Olavs Heimis Davíðssonar, f. 12. júní 1958, með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

II.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 18. sept. 1983, lagði Olav Heimir Davíðsson, Reykjabraut 20, Þorlákshöfn, fram kæru á hendur ákærða í máli þessu hjá lögreglunni í Árnessýslu. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið í dansi, ásamt stúlkum frá Þorlákshöfn á dansleik í Árnesi, Gnúpverjahreppi, hinn 17. sept. s.á., og hefði hann ásamt öðrum, sem voru á dansgólfinu, sest á hækjur sínar er ákærði sparkaði í andlit sitt (sic) og kvaðst hann hafa fallið við það á gólfið. Hafi höggið komið á vinstri kinn, auga og nef og fékk hann allmikla áverka af þessu. Eftir að Olav féll á gólfið kveður hann ákærða hafa lagst ofan á sig og reynt að halda sér föstum, en stúlkur, sem Olav þekkti og voru þarna, kveður Olav hafa komið sér til hjálpar.

Framangreindur Olav kvaðst ekkert þekkja ákærða og ekki hafa séð hann fyrr. Hann hefur staðfest framburð þennan hér fyrir dómi.

Skv. framlögðu vottorði Jóns G. Hannessonar læknis kom kærandi til læknis hinn 18. sept. 1983 og kom þá í ljós, að hann var nefbrotinn og þurfti að lagfæra nef hans á Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Framangreindur Olav skýrði svo frá fyrir dómi hin 6. mars sl. að hann væri að mestu búinn að ná sér en ennþá sé hnúður á nefi hans.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 8. nóv. 1983. Kvaðst hann þar mótmæla ofangreindri kæru sem rangri. Kvaðst hann hafa staðið við leiksviðið í danssalnum og verið að horfa á hljómsveitina, þegar hann fékk högg í andlitið án þess að hann vissi hvaðan það kom. Kvaðst ákærði hafa borið hönd fyrir andlitið, en hafi þá fengið spark í hægri olnboga. Kveðst ákærði heldur ekki vita hver var þarna að verki. Þá kveður hann stúlku frá Þorlákshöfn hafa togað í hárið á honum. Á hinn bóginn kveðst ákærði ekki vita til þess, að hann hafi barið eða sparkað í nokkurn mann. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, en ekki svo, að hann visi ekki hverju fram fór.

Við meðferð þessa máls hér fyrir dómi kveður ákærði að útilokað sé að hann hafi sparkað í nokkurn mann eða slasað á ofangreindum dansleik.

Vitnið Ingibjörg Ketilsdóttir, f. 4. 12. 1958, kveður ákærða hafa verið í einhverjum hnippingum við stúlku sem vitnið þekkti. Er vitnið var að dansa

kveður það ákærða hafa slegið sig í andlitið, en það kvaðst þá hafa slegið á móti og meira ekki orðið úr þessu. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa séð að ákærði og Olav Heimir lágu á gólfinu, en upphaf átakanna kvaðst vitnið ekki hafa séð.

Vitnið Andrea Hilmarsdóttir, f. 6. 11. 1965, kvaðst í umrætt sinn hafa verið að dansa við kæranda í máli þessu og voru dansendur að beygja sig niður þegar ákærði sparkaði í andlit Olavs Heimis, svo að hann féll í gólfið. Hafi ákærði síðan ráðist á Olav þar sem hann lá á gólfinu. Kveður vitnið ákærða hafa verið sífellt að ónáða vitnið og aðrar stúlkur þarna á dansleiknum áður en ofangreint gerðist.

Vitnið Rúnar Guðjónsson, f. 26. 04. 1965, kveðst ekki hafa séð nein átök á milli ákærða og Olavs í umrætt sinn. Kveðst hann hafa setið á leiksviðinu og séð vel yfir vettvang og fylgst með ákærða öðru hverju þarna um kvöldið. Telur vitnið ólíklegt að átök hafi verið með ákærða og Olavi á dansleiknum, þannig að þau færu framhjá vitninu. Vitnið segir á hinn bóginn að einhverjar stelpur hefðu togað í ákærða. Kveðst vitnið hafa verið allsgátt í umrætt sinn.

Vitnið Trausti Guðmundsson, f. 24. 3. 1964, kvaðst hafa verið að dansa á umræddum dansleik í námunda við þá Olav og ákærða og fylgst með þeim, aðallega þó ákærða, og ekki hafa séð nein slagsmál á milli þeirra. Einu slagsmálin, sem vitnið kvaðst hafa séð, var að tvær stúlkur voru að tuskast eitthvað við ákærða.

Vitnið Páll Skaftason, f. 13. 5. 1965, segist hafa verið á ofangreindum dansleik rétt hjá leiksviðinu og séð Olav Heimi og nokkrar stúlkur frá Þorlákshöfn sitja á hækjum sínum er ákærði hafi sparkað í andlit Olavs, en síðan slegið ofangreinda stúlku í andlitið. Kveðst vitnið hafa tekið ákærða og farið með hann í burtu.

Vitnið kveður ákærða hafa átt upptökin að þessu, en ákærði hafi verið mjög ölvaður þegar þetta gerðist. Sjálft kvaðst vitnið hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel, þeir hafi verið saman í skóla.

III.

Telja verður sannað með framburðum vitnanna Olavs Heimis, Andreu Hilmarsdóttur og Páls Skaftasonar, svo og öðrum gögnum máls þessa að þrátt fyrir neitun ákærða hafi hann gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur hvorki sætt kæru né refsingu svo kunnugt sé.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 1 mánuð.

Fullnustu refsingar skal þó frestað og hún niður falla að liðnum 3 árum frá birtingu dóms, haldi hann alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Af hálfu Olavs Heimis Davíðssonar hefur verið lögð fram eftirgreind bótakrafa á hendur ákærða sem sundurliðast þannig:

1.	Jakki, sem var rifinn og eyðilagður	kr.	2.500,00
2.	Lækniskostnaður	"	254,00
3.	Ferðakostnaður v. læknismeðferðar	"	1.000,00
4.	Vinnutap í 1 viku + orlof	"	5.989,00
5.	Miskabætur	"	15.000,00

Auk þess er krafist hæstu lögleyfðu vaxta frá 5. okt. 1983 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt bótakröfu þessari.

Liðir 1 og 4 eru óskýrðir og órökstuddir og verður þeim því hér vísað frá. Rétt þykir hinsvegar að ákærði greiði Olav Heimi skaðabætur sem hér telst (sic) hæfilega ákveðnar kr. 10.000. Auk þess skal ákærði dæmdur til að greiða dómvexti frá 5/10 1983 af kr. 10.000 til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Selfossi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Ingólfur Jónsson, f. 29. sept. 1963, sæti varðhaldi í 1 mánuð. Fullnustu refsingar skal þó frestað og hún niður falla að liðnum 3 árum frá birtingu dóms.

Ákærði skal greiða Olavi Heimi Davíðssyni, kr. 10.000 í skaðabætur, auk dómvaxta frá 5/10 1983.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1987.

Nr. 101/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gissuri Sveini Ingólfssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuréttindi. Lagatúlkun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 19. mars 1987 áfrýjað til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar og refsiákvörðunar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, en eigi þykja þau skipta neinu um úrlausn málsins.

Ákærða er gefið að sök að hann hafi notað sendiferðabifreið sína til fólksflutninga „allt frá skráningardegi bifreiðarinnar R-62507 þann 17. janúar 1985 og til þessa", en síðan tilgreint tvö tilvik, 1. og 19. apríl 1985. Er ákæruði kom fyrir dóm í máli þessu var þetta bókað eftir honum um afstöðu hans til ákærunnar: „Ákæruði kveðst ekki mótmæla atvikalýsingu í ákærunni. Atburðir sem lýst er í a- og b-liðum hennar hafi gerst eins og þar segir."

Samkvæmt þessu þykir ákæruði hafa skýlaust kannast við þau tvö tilvik sem um ræðir í a- og b-liðum, en framburður hans verður hins vegar ekki metinn sem játning á því að hann hafi að öðru leyti stundað leiguakstur með menn, enda var hann ekki spurður neitt nánar um þann þátt ákærunnar né heldur hafa nein önnur gögn verið færð fram um hann. Verður því að meta það eitt hvort hann hafi með umræddum tveim ökuferðum brotið gegn þeim ákvæðum sem í ákæru greinir.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1970 er lagt bann við að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum nema að uppfylltum þeim skilyrðum er þar greinir. Ákært er í málinu fyrir akstur gegn gjaldi á sendibifreið, sem fjallað er um í 3. og 4. gr. sömu laga. Með því að skýra ber nefnda 2. mgr. 1. gr. eftir orðum sínum þykir ákæruði ekki hafa

brotið gegn henni. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Halldórs Þorbjörnssonar

Við erum sammála meiri hluta dómara um það að í máli þessu verði einungis um það dæmt hvort ákærði hafi brotið gegn lögum nr. 36/1970 með akstri sínum hinn 1. og 19. apríl 1985, sbr. a- og b-liði í ákæru.

Skilja verður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1970 á þann veg að þar sé lagt bann við því að aðrir bifreiðarstjórar aki farþegum gegn gjaldi en þeir sem aka frá viðurkenndri fólksbifreiðastöð. Teljum við því að ákærði hafi í áðurnefnd skipti brotið gegn ákvæði þessu og unnið samkvæmt 11. gr. laganna til refsingar sem ákveðin verði með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 10.000,00 króna sekt og vararefsing sektar 5 daga varðhald. Eftir þeirri niðurstöðu ætti að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði, svo og áfrýjunarkostnaðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 63/1987: Ákæruvaldið gegn Gissuri Sveini Ingólfssyni, sem dómtekið var 30. janúar 1987.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. maí 1985, á hendur Gissuri Sveini Ingólfssyni bifreiðarstjóra, Gnoðarvogi 16 í Reykjavík, fæddum 20. ágúst 1950 þar í borg, „fyrir brot á lögum um leigubif-

reiðar nr. 36, 1970 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa nr. 320, 1983 með því að hafa allt frá skráningardegi bifreiðarinnar R-62507 þann 17. janúar 1985 og til þessa, en bifreiðin er skráð sendiferðabifreið til flutnings á hlassi allt að 536 kg, notað þá bifreið til fólksflutninga og ekið henni auk venjubundins leiguaksturs sendiferðabifreiða frá sendibifreiðastöðinni Sendibílum hf., Hafnarstræti 2, Reykjavík, frá þeirri bifreiðastöð jöfnum höndum og án þess að hafa öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík, sem leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík þ. á m.:

a) Föstudaginn 19. apríl 1985 um kl. 22:00 sinnt kvaðningu frá áðurnefndri sendibifreiðastöð um leigubifreið að húsinu Barmahlíð 33 í Reykjavík og ekið þaðan, gegn fyrirhugaðri gjaldtöku, farþegunum Birni Kristjánssyni og konu hans Þuríði Stefánsdóttur, til heimilis Barmahlíð 33, sem óskað höfðu eftir leigubifreið frá „Bifreiðastöð Steindórs", áleiðis að Krummahólum 4 þar til akstur ákærða með farþegana var hindraður á Höfðabakka af nokkrum leigubifreiðastjórum í Reykjavík eftir að þeir höfðu kallað lögreglu á vettvang.

b) Mánudaginn 1. apríl 1985, um kl. 12:30 sinnt kvaðningu frá áðurnefndri sendibifreiðastöð um leigubifreið að húsinu Austurbrún 6 í Reykjavík og ekið þaðan farþega, ónafngreindri konu, að Norðurbrún 2, þar sem farþeginn greiddi ökugjald, kr. 95, og yfirgaf bifreið ákærða sem þá var hindraður af tveimur leigubifreiðastjórum í að aka brott þar til lögregla kom á vettvang.

Brot ákærða teljast varða við 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 11. gr. laga um leigubifreiðar nr. 36, 1970, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 320, 1983.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Mánudaginn 1. apríl 1985 var lögregla kvödd að Norðurbrún 1 í Reykjavík en þar hafði skorist í odda með ákærða og öðrum leigubifreiðarstjórum. Voru þar fyrir ákærði með sendiferðabifreið sína, R-62507, og tveir bifreiðarstjórar frá Bæjarleiðum sem kváðu ákærða hafa tekið farþega á Austurbrún 6 og ekið með hann að Norðurbrún 2, en ákærði hefði ekki réttindi til þess að stunda leiguakstur með farþega.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, eftir að beiðni barst um talstöð bifreiðar hans, ekið að Austurbrún 6 og tekið þar farþega. Hann hafði ekið með farþegann að Norðurbrún þrátt fyrir að leigubifreiðarstjórarnir hafi reynt að hefta för hans. Þar hefði farþeginn farið úr og greitt ökugjaldið, 95 krónur. Þegar ákærði ætlaði að aka á brott hindruðu bifreiðastjórarnir

hann í því og komst ákærði ekki á brott fyrr en lögreglan var kvödd á staðinn. Ákærði kveðst ekki hafa flutt neinn varning í þetta sinn.

Föstudaginn 19. sama mánaðar var lögregla kvödd til Stekkjabakka við Hamrastekk, en þar hafði enn skorist í odda með ákærða og öðrum leigubifreiðarstjórum. Voru þar fyrir ákærði og margir leigubifreiðarstjórar, þar af þrír frá BSR, Bæjarleiðum og Hreyfli, sem höfðu veitt ákærða eftirför þegar hann ók með farþega frá Barmahlíð 33 áleiðis í Krummahóla þar til þeir stöðvuðu akstur ákærða á Stekkjabakka.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, eftir að beiðni barst um talstöð bifreiðar hans, ekið að Barmahlíð 33, tekið þar tvo farþega og ekið með þau (sic) áleiðis í Krummahóla þar til akstur hans var stöðvaður eins og fyrr segir.

Ákærði segist ekki hafa tekið neinar vörur í Barmahlíð 33.

Samkvæmt vottorðum Bifreiðaeftirlits ríkisins er bifreið ákærða sendibifreið af tegundinni Subaru E10 Van 4WD, 860 kg að þyngd, gerð fyrir þrjá farþega og 536 kg hlass.

II.

Samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 1970, eru þrjár gerðir leigubifreiða: leigubifreiðar til fólksflutninga (einnig nefndar fólksbifreiðar), leigubifreiðar til sendiferðabifreiðaaksturs (einnig nefndar sendiferðabifreiðar) og leigubifreiðar til vöruflutninga (einnig nefndar vörubifreiðar).

Ekki er í lögunum að finna neina skilgreiningu á þessum hugtökum og verður því að miða við hvernig bifreið ákærða er skráð hjá Bifreiðaeftirlitinu.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna er kveðið svo á að bæjarstjórn sé heimilt að ákveða að fólksbifreiðar í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafi viðurkenningu bæjarstjórnar, og í 2. mgr. segir að þar sem starfandi séu viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar sé öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki sé viðurkennd. Þá eru í 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. hliðstæð ákvæði um sendiferðabifreiðar og vörubifreiðar.

Í 2., 4. og 6. gr. laganna eru ennfremur ákvæði sem heimila samgönguráðuneytinu að takmarka með reglugerð og samkvæmt beiðni stéttarfélaga bifreiðastjóra (fólks-, sendiferða- eða vörubifreiða) fjölda leigubifreiða af hverri gerð ef fjöldi íbúa á félagssvæðinu er 700 eða meiri.

Tala leigubifreiða til fólksflutninga í Reykjavík er takmörkuð með reglugerð nr. 320, 1983, og tala leigubifreiða til vöruflutninga í Reykjavík og nágrenni með reglugerð nr. 244, 1970.

Samkvæmt bréfi borgarlögmanns, sem liggur frammi í málinu, hefur borgarstjórn Reykjavíkur ekki neytt heimildar 3. gr. laganna til þess að

ákveða að allar sendibifreiðar í borginni skuli hafa afgreiðslu á viðurkenndum bifreiðastöðvum, enda þótt stéttarfélag sendibifreiðastjóra hafi óskað eftir því við borgarstjórn þegar árið 1970. Þá hefur samgönguráðuneytið ekki takmarkað fjölda sendiferðabifreiða í Reykjavík með reglugerð. Verður að líta svo á að öllum sé frjálst að stunda leiguakstur á sendiferðabifreiðum í Reykjavík.

Kemur þá til álita hvort ákærði hafi, með því að aka farþegum gegn gjaldi, gerst sekur um refsivert brot gegn lögunum um leigubifreiðar.

Hvorki í lögunum um leigubifreiðar né í reglugerðinni nr. 320, 1983 er að finna neitt ákvæði sem bannar sendibifreiðastjórum að fara inn á venjubundið starfssvið fólks- og vörubifreiðarstjóra og öfugt, heldur eru refsiheimildirnar í lögunum bundnar við það að stundaður sé leiguakstur utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur verið viðurkennd, ef í kaupstaðnum eða sýslustaðnum er viðurkennd stöð fyrir þá gerð leigubifreiða, sem í hlut á.

Með vísan til þessa ber að sýkna ákærða af ákærunni í máli þessu og dæma ríkissjóð til þess að greiða allan kostnað af því, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gissur Sveinn Ingólfsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin máslvarnarlaun til verjanda ákærða, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 10. júní 1987.

Nr. 271/1985. **Lilja Kristjánsdóttir**
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skattar. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1985. Dómkröfur áfrýjanda eru þær ,,að samsköttun skattstjóra Reykjanesumdæmis á eignum hennar og eignum dætra hennar Sóleyjar Erlu og Ingibjargar Ingólfsdætra, gjaldárin 1982 og 1983 samkvæmt úrskurði skattstjóra dags. 28. september 1982 og úrskurði ríkisskattanefndar dags. 1. júlí 1983 verði felld úr gildi. Loks er þess krafist að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði dæmdur til að endurgreiða Lilju Kristjánsdóttur kr. 21.828,- af eignarskattsálagningu á hana gjaldárin 1982 og 1983 með 42% ársvöxtum af kr. 5.017,- frá 1. janúar 1983 til 21. september 1983, en 35% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim tíma til 21. október 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. nóvember 1983, en 27% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. desember 1983, en 21,5% ársvöxtum af krónum 21.828,- frá 1. janúar 1984 til 21. sama mánaðar, en 15% ársvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá stefnubirtingardegi til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1985 til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til þess tíma er vaxtalög nr. 25/1987 tóku gildi, en frá gildistöku vaxtalaga nr.

25/1987 er krafist dráttarvaxta samkvæmt þeim lögum til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæða samkvæmt mati Hæstaréttar með sömu vöxtum. Jafnframt er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. í héraði og fyrir Hæstarétti."

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins.

Til vara: Að stefndi verði sýknaður að svo stöddu af endurgreiðslukröfu áfrýjanda og málskostnaður verði felldur niður.

Til þrautavara: Að stefndi verði einungis dæmdur til endurgreiðslu á 16.800,00 krónum með almennum sparisjóðsvöxtum frá 1. júlí 1983 til greiðsludags.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt fortakslausum ákvæðum 82. gr. laga nr. 75/1981, ber að telja eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs, með eignum foreldra eða hjá þeim manni, sem nýtur barnabóta vegna barnsins. Eru því ekki fyrir hendi skilyrði til lögjöfnunar frá 1. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga, svo sem haldið er fram af hálfu áfrýjanda, enda tekur nefnt ákvæði aðeins til tekjuskatts.

6. og 82. gr. laga nr. 75/1981 eru þáttur í afmörkun skattskyldu og skattstofna, að því er almennan tekjuskatt og eignarskatt varðar, en í 67. og 83. gr. laganna er kveðið á, hvert skuli vera hlutfall tekjuskatts og eignarskatts af skattstofni. Lagaákvæði þessi, sem hafa verið sett með stjórnskipulegum hætti, sbr. 44. og 45. gr. stjórnarskrárinnar, fullnægja því þeim kröfum, sem gera ber til skattalaga samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður ekki fallist á, að 2. gr. stjórnarskrárinnar setji lagareglum þær skorður að efni til, sem áfrýjandi heldur fram.

Áfrýjandi heldur því fram, að skattheimta sú, sem í málinu greinir, fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar og grundvallarreglur um jafnrétti þegnanna og jafnræði, sbr. m.a. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Fallast verður hins vegar á það með stefnda, að þar beri að líta til þeirra áhrifa í heild, sem lög nr. 75/1981 hafa á fjárhagslega stöðu skattþegns. Þegar þess er gætt og þar sem ætla verður löggjafanum verulegt svigrúm til að ákveða þau sjónarmið, sem

ráða skattlagningu, verður ekki talið, að sú álagning eignarskatts, sem í málinu greinir, hafi mismunað eða íþyngt áfrýjanda svo miðað við aðra skattþegna, að brotið hafi verið gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar eða þeim jafnræðisreglum, sem þar og í ýmsum öðrum stjórnarskrárákvæðum koma fram. Ber þar og að hafa í huga, að í íslenskri skattalöggjöf hafa um langan aldur tíðkast að meira eða minna leyti sérstakar reglur um tekju- og eignarskatt foreldra og barna þeirra.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála niðurstöðu meirihlutans af ástæðum þeim er hér greinir. Samkvæmt 82. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 teljast eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr. með eignum foreldra eða hjá þeim manni, er nýtur barnabóta vegna barnsins. Áfrýjandi er ekkja með tvær dætur, fæddar 15. júlí 1969 og 10. júní 1972.

Árið 1982 og 1983 voru eignir dætranna lagðar við eignir áfrýjanda og eignarskattur lagður á hana eina vegna allra eignanna, þannig að hún þurfti að greiða 5.017,00 krónum meira í eignaskatt fyrra árið en 16.800,00 krónum meira síðara árið heldur en henni hefði borið að greiða, ef hún hefði verið skattlögð sérstaklega og dæturnar sérstaklega, svo sem hún hafði farið fram á. Skattlagningarregla þessi var fyrst lögtekin með lögum nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt, 82. gr. Eldri lög um tekju- og eignarskatt höfðu heimilað sérsköttun á eignum barna (sbr. t.d. 57. gr. 2. tl. reglugerðar um tekju- og eignarskatt nr. 133/1936, 4. gr. laga nr. 70/1962 um tekju- og eignarskatt, 1. gr. laga nr. 42/1964 um breyting á lögum nr. 70/1962, 4. gr. laga nr. 55/1964 um tekju- og eignarskatt, 4. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, 4. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt).

Með því að leggja eignir barna við eignir foreldris og samskatta þær þannig hjá foreldri er verið að gera einum manni að greiða skatt af eign annars manns án þess að hinn fyrrnefndi hafi nokkurn ráðstöfunarrétt yfir téðri eign. Þessi samsköttun, er leiðir til skattahækkunar og mismunar gjaldþegnum verulega, brýtur í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um friðhelgi eignarréttarins, er byggir á jafnræðisreglu. Engar sifjaréttarlegar röksemdir, sem grundvöllur hjónabands og fjölskyldu, réttlæta aukna skattheimtu af þessu tagi.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið ber að fella úr gildi samsköttun skattstjóra Reykjanesumdæmis á eignum áfrýjanda og dætra hennar Sóleyjar Erlu og Ingibjargar Ingólfsdætra, gjaldárin 1982 og 1983 samkvæmt úrskurði skattstjóra, dags. 28. september 1982 og úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 1. júlí 1983.

Dæma ber stefnda því til að endurgreiða áfrýjanda hinn oftekna eignarskatt, er hún greiddi með fyrirvara nefnd ár. Í stefnu í héraði krafðist áfrýjandi endurgreiðslu á ofteknum eignarskatti vegna ársins 1983 að fjárhæð 16.800,00 krónum. Þessi fjárhæð kemur heim við þrautavarakröfu stefnda fyrir Hæstarétti. Áfrýjanda verður því eigi dæmd hærri endurgreiðsla vegna ársins 1983.

Samkvæmt þessu er stefnda gert að endurgreiða áfrýjanda samtals 21.817,00 krónur vegna áranna 1982 og 1983 (þ.e. kr. 5.017,00 + 16.800,00) ásamt almennum sparisjóðsvöxtum, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, af 5.017,00 krónum frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 1984, en af 21.817,00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 15. október 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 15. febrúar 1984 af Lilju Kristjánsdóttur, Hlíðarvegi 18, Kópavogi, nnr. 6107-0982, gegn fjármálaráðherra f.h. lýðveldisins Íslands (ríkissjóðs Íslands), Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að staðfest verði með dómi að 82. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 sbr. áður lög nr. 40/1978 með síðari breytingum hafi eigi lagagildi um álagningu eignarskatts á Lilju gjaldárin 1982 og 1983. Ennfremur krefst Lilja þess, að samsköttun skattstjóra Reykjanesumdæmis á eignum hennar og eignum dætra hennar

Sóleyjar Erlu og Ingibjargar Ingólfsdætra, gjaldárin 1982 og 1983 samkvæmt úrskurði skattstjóra dags. 28. september 1982 og úrskurði ríkisskattanefndar dags. 1. júlí 1983 verði felld úr gildi. Loks er þess krafist að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði dæmdur til að endurgreiða Lilju Kristjánsdóttur kr. 21.828,00 af eignarskattsálagningu á hana gjaldárin 1982 og 1983 með 42% ársvöxtum af kr. 5.017,00 frá 1. janúar 1983 til 21. september 1983, en 35% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim tíma til 21. október 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. nóvember 1983, en 27% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. desember 1983, en 21,5% ársvöxtum af krónum 21.818,00 frá 1. janúar 1984 til 21. sama mánaðar, en 15% ársvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæðir að mati dómsins. Jafnframt er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið krafist frávísunar á dómkröfum stefnanda og var kveðinn upp dómur á bæjarþingi Kópavogs þann 4. júní 1984 en þar er vísað frá fyrsta þætti í kröfugerð stefnanda en kröfu um frávísun á öðrum og þriðja þætti í kröfugerðinni hafnað. Stefnandi kærði dóm þennan til Hæstaréttar Íslands sem staðfesti niðurstöðu hans með dómi uppkveðnum 5. október 1984.

Stefndi krefst til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara krefst stefndi lækkunar á stefnufjárhæð. Í öllum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að við skipti á dánarbúi Ingólfs heitins Ragnarssonar, er lést hinn 17. febrúar 1981, hafi ófjárráða dætur hans, Ingibjörg fædd 15. júlí 1969 og Sóley Erla fædd 10. júní 1972, orðið eigendur tveggja íbúða í fasteigninni nr. 2 við Skjólbraut í Kópavogi, þ.e. kjallaraíbúð með bílskúr og íbúð í viðbyggingu. Hafi þær orðið eigendur að eignum þessum að hálfu hvor í óskiptri sameign samkvæmt skiptayfirlýsingu dagsettri 25. nóvember 1981.

Þar sem verulegu hafi munað, einkum þegar til lengri tíma er litið, varðandi eignarskattsálagningu hafi þess verið óskað við skattstjóra Reykjanesumdæmis að eignarskattur yrði lagður sérstaklega á móður annars vegar og hins vegar hvora dætranna gjaldárið 1982. Með bréfi skattstjóra Reykjanesumdæmis dagsettu 26. júlí 1982 var tilkynnt að skattstjóri féllist eigi á sérskattlagningu eigna og tekna. Var sú afgreiðsla kærð til skattstjóra og samkvæmt úrskurði 28. september 1982 varð niðurstaða sú, að fyrri ákvarðanir skattstjóra skyldu óbreyttar. Með bréfi dagsettu 22. október 1982 var úrskurði skattstjóra skotið til ríkisskattanefndar, en niðurstaða varð þar á sömu lund og meginforsendur þær að nefndin hafi

eigi vald til að fjalla um og veita úrlausn um stjórnskipulegt gildi laga.

Eignarskattar árin 1982 og 1983 hafi verið greiddir með fyrirvara um endurheimtu fjárins síðar.

Gjaldárið 1982 hafi eignarskattstofn hjá stefnanda samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda verið kr. 716.240,00 og eignarskattur kr. 8.594,00. Ef lagt væri á eignir stefnanda eingöngu væri eignarskattstofn sama árs kr. 624.340,00 og eignarskattur k. 3.577,00. Eignarskattur samkvæmt því væri fyrir það ár kr. 5.017,00 lægri en álagningin samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda.

Gjaldárið 1983 hafi skattyfirvöld talið eignarskattstofn vera kr. 2.399.240,00 og álagðan eignarskatt kr. 22.840,00 en ef lagður væri eignarskattur á eignir stefnanda eingöngu væri eignarskattstofn kr. 998.340,00 og eignarskattur kr. 6.029,00 eða kr. 16.800,00 lægri en samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda.

Mismunur sá sem fram komi á skattlagningu stefnanda samkvæmt skattlagningaraðferð skattyfirvalda annars vegar og hins vegar skattálögur miðað við að stefnandi væri skattlögð sem sjálfstæður skattþegn væru þær fjárhæðir sem stefnt er til greiðslu á.

Lagarök stefnanda eru þau að 82. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt væri andstæð stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og fengi eigi samræmst ýmsum greinum og grunnrökum stjórnarskrárinnar. Þyngst væri þar á metunum að lagagrein þessi fengi eigi samræmst því lagahugtaki sem 2. grein stjórnarskrárinnar byggi á.

Lagaákvæði þetta fullnægði eigi þeim skilyrðum er felist í löggjafarhugtaki 2. gr. stjórnarskrár um málefnislegt löggjafarmat. Borgarar væru með lagaákvæði þessu á ómálefnalegan og órökrænan hátt gerðir ábyrgir fyrir gæðum og eignum annarra. Skattlagt væri vegna eigna annarra aðila og vegna atriða sem viðkomandi þegn hafi alls eigi sjálfur forræði á.

Stefnandi telur að lagaákvæði þetta brjóti gegn grunnreglum um sjálfstæði hvers borgara sem einstaklings en löggjafanum bæri að meðhöndla hvern borgara „vegna atriða og atvika sem þann sama borgara varða og hann hefir eðlilegt forræði á". Ekki verði lagðar á borgarana skyldur vegna gæða er tilheyri öðrum lögpersónum.

Skattlagning þessi byggi ekki á viðhlítandi efnahagslegum sjónarmiðum og löggjöf þessi geti eigi talist helgast af sérstökum tilgangi eða erfiðum og afbrigðilegum þjóðfélagsaðstæðum. Um væri að ræða gróft brot á jafnræðisreglu á sviði skattaréttar. Foreldrum efnaðra barna væri hér mismunað með ómálefnislegum og óskýranlegum hætti miðað við aðra skattborgara. Regla um að hengja bakara fyrir smið hafi með þessu verið lögleidd á Íslandi. Brjóti þetta gegn grunnrökum þeim og menningararfi, sem stjórnarskipan vor byggi á.

Í annan stað byggir stefnandi á því að lagaákvæði þetta brjóti gegn 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þar sem þetta lagaákvæði fullnægi eigi skilyrðum til að teljast gild lög samkvæmt löggjafarhugtaki þessara stjórnarskrárgreina sbr. 2. gr. Skattlagning samkvæmt greindu lagaákvæði byggist að áliti stefnanda eigi á nægilega almennum né efnislegum skattlagningarmælikvarða. Með lagaákvæði þessu væri skattþegnum þunglega mismunað vegna atriða sem þeir hafi eigi forræði á, þ.e. vegna fjölskyldutengsla við efnafólk.

Skattheimta samkvæmt löggjöf þessari sem framkvæmd væri ár eftir ár gengi of nærri greiðslugetu skattþegnsins. Væri þar með brotið gegn því grundvallarsjónarmiði um skattheimtu að hún sé í samræmi við gjaldþol (ability to pay). Viðhlítandi skattlöggjafarsjónarmið bresti.

Lagaákvæði þetta fengi eigi samræmst 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og þeirri eignarréttarskipan er það ákvæði lýsi friðhelga og þjóðfélagið byggi á. Skattlagning einnar lögpersónu vegna eigna annarrar lögpersónu fái yfir höfuð eigi samræmst eignarréttarskipaninni. Löggjöf þessi geri eigi ráð fyrir endurheimtu skattsins hjá börnum. Verði eigi betur séð en lagaákvæði þetta feli í sér eignarnám framkvæmt í áföngum án þess að nokkrar bætur komi fyrir.

Til viðbótar er á því byggt að lagaákvæðið fái eigi samræmst grundvallarreglum um jafnrétti þegnanna og jafnræði. Lögmæt skattlagningarheimild væri af þeirri ástæðu eigi fyrir hendi.

Skattlagningaraðferð þessi væri handahófskennd, órökræn og ósanngjörn og leiddi augljóslega af sér mismunun.

Með dæmum væri hægt að sýna fram á að einstaklingur yrði gerður gjaldþrota vegna skattlagningar eigna sem hann hafi eigi forræði á.

Af hálfu stefnanda er þeirri málsástæðu og lögskýringarkosti teflt fram til vara, að lögjafna megi þeim aðstæðum sem fyrir hendi væru við eignarskattsálagningu þessa við fyrirliggjandi aðstæður við álagningu tekjuskatts samkvæmt 1. tölulið A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og beri samkvæmt því að skattleggja eignir barna sérstaklega, ef óskir um slíkt kæmu fram af hálfu foreldris.

Sýknukrafa stefnda er byggð á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum.

Eignarskattur stefnanda fyrir gjaldárið 1982 kr. 8.594,00 hafi verið lagður á hana í samræmi við ósk hennar sjálfrar um skattlagningu eigna og tekna það gjaldár. Skattstofn sem skattyfirvöld ákváðu stefnanda það ár væri kr. 684.370 eins og fram komi á álagningarseðli 1982 á dskj. nr. 11, en skv. ósk hennar sjálfrar í framtali 1982 á dskj. nr. 4 væri skattlagt eins og um hjón væri að ræða allt árið. Samkvæmt 81. gr. l. nr. 75/1981 skuli skipta eignarskattsstofni að jöfnu milli hjóna og reikna eigarnskatt af hvorum helmingi um sig. Eignarskattsstofn að meðtöldum eignum

barna, sem telja beri fram í reit 15 á framtali gjaldárið 1982, væri kr. 1.368.740. Þeim eignarskattsstofni væri skipt að jöfnu sbr. 81. gr. og verði eignarskattsstofninn þá hjá hvoru hjóna um sig kr. 684.370. Samkvæmt 83. gr. laganna reiknist eignarskattur manna þannig að af fyrstu 150.000 krónum greiðist enginn skattur og tekur sú fjárhæð breytingum árlega sbr. 121. gr. laganna og á árinu 1982 væri fjárhæðin í 83. gr. 326.250 skv. auglýsingu ríkisskattstjóra. Í stefnu og greinargerð stefnanda væri þessi fjárhæð ranglega nefnd frádráttur. Hér væri ekki um neinn frádrátt að ræða heldur skattfrelsismörk, eign innan þessara marka væri eignarskattsfrjáls. Samkvæmt þessum reglum reiknist eignarskattur stefnanda árið 1982 þannig:

684.370 - 326.250 = 358.120 sem væri eignarskattskyld eign og greiðist af 1.2% eignarskattur = 4.297,- kr. Skattur vegna látins maka reiknist á sama hátt og er því kr. 4.297,-. Samanlagt nemi skattarnir kr. 8.594,-, sem væri álagður eignarskattur á stefnanda gjaldárið 1982, reiknaður og álagður í samræmi við ósk stefnanda.

Stefndi telur lagagrundvöll fyrir álögðum eignarskatti stefnanda árið 1983 þann að eignarskattsstofn væri ákveðinn af skattyfirvöldum sbr. 73. gr. l. nr. 75/1981 þannig að fjárhæðir á bls. 1 í framtali 1983 í reitum 06, 11 og reit 15 þar sem telja skuli fram eignir barna væru lagðar saman en til frádráttar þeim fjárhæðum komi skuldir í reit 87 á 4. bls. framtals sbr. 76. gr. laganna og eignir sem falli undir 78. gr. skattalaga að því marki sem þær væru umfram skuldir. Skattayfirvöld ákvarði skattstofninn tölulega þannig: 85.340 + 913.000 + 919.918 + 1.400.900 - 15.322 - 904.596 = 2.399.240 sem sé eignarskattsstofn stefnanda gjaldárið 1983.

Á gjaldárinu 1983 hafi skattfrelsismörk skv. 83. gr. laganna verið kr. 495.900 og væri hér ekki um frádrátt að ræða.

Stefndi mótmælir því alfarið að 82. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt brjóti gegn stjórnskipunarlögum. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að ákvæði stjórnarskrárinnar banni að lögleiða það lagaákvæði að eignir og tekjur barna skuli skattlagðar til tekju- og eignarskatts hjá því foreldri eða þeim aðila er njóti barnabóta vegna barnsins. Umrætt lagaákvæði brjóti engan veginn gegn 2. gr. né VII. kafla stjórnarskrárinnar. Lagaákvæðinu verði heldur ekki hnekkt á grundvelli 40. gr. sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar enda væri um að ræða ótvírætt lagaákvæði sett af löggjafarvaldinu með tíðkanlegum hætti. Í tilvitnuðum stjórnarskrárgreinum felist engin takmörkun á heimild löggjafans til að afmarka með þessum hætti skattaðild til eignarskatts.

Stefndi heldur því fram að eigi fái það staðist að fyrrnefnt skattalagaákvæði brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Eignarskattur væri einn þeirra skatta sem álagður væri án tillits til greiðslu-

getu eins og t.d. neysluskattar og leggist hann á eignir án tillits til þess hvort þær gefi af sér arð eða ekki. Greiðslugetumælikvarði væri því hvergi nærri einhlítur í skattalögum, auk þess væri álagning eignarskatts hér á landi mjög hófsöm, miðað við það sem gerist víða í löndum, sem næst standa okkur að menningu, að fjarstætt væri að halda því fram, að með henni væri gengið svo nærri eignarréttindum eða greiðslugetu skattaðila, að varðað geti ógildingu lagasetningarinnar. Samkvæmt 6. gr. laganna væru börn ekki sjálfstæðir skattaðilar ef þau væru á framfæri foreldra sinna. Sú regla væri lögfest í 82. gr. að eignir barna undir 16 ára aldri á tekjuárinu skuli skattlagðar hjá foreldrum eða þeim er njóti barnabóta vegna barnsins. Sama regla gildi hér um alla framfærendur barna. Enginn mismunur væri hér gerður á mönnum að þessu leyti, né á því hvort börn eigi miklar eða litlar eignir eða í hvaða formi. Fjarstætt væri að halda því fram að brotið sé gegn jafnræðisreglu.

Í 82. gr. laga um tekju- og eignarskatt væri afdráttarlaust kveðið á um að eignir barns skuli teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni er njóti barnabóta vegna barnsins. Takmörkuð heimild samkvæmt 4. gr. laga nr. 68/1971 um sérsköttun tekna og eigna barna sem sjálfstæðum skattaðilum væri nú felld úr gildi samkvæmt núgildandi lögum. Skilyrði til lögjöfnunar við þær aðstæður, sem tilgreindar væru í 1. tl. A-liðs 7. gr. laga um tekju- og eignarskatt, væru ekki fyrir hendi enda væru skýr fyrirmæli um skattlagningu á eignir barna í lögunum.

Kröfu stefnanda um dómvexti frá stefnubirtingardegi er af hálfu stefnda mótmælt. Samkvæmt 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 skuli vextir vegna ofgreiddra skatta vera jafnháir vöxtum, sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnistæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 væri sérlagaákvæði og gangi það framar hinum almennu ákvæðum laga um dómvexti nr. 56/1979.

Niðurstöður:

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því að skattlagning eigna barns hjá foreldri sé andstæð þeirri grundvallarreglu að löggjafanum beri að skattleggja hvern borgara vegna atriða og atvika sem sá borgari hafi sjálfur forræði á. Því megi ekki skattleggja hann vegna eigna er tilheyri öðrum lögpersónum. Lagaákvæðið sem umrædd skattlagning byggist á brjóti gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar um málefnislegt löggjafarmat svo og gegn meginreglum VII. kafla stjórnarskrárinnar. Um væri að ræða gróft brot á jafnræðisreglu á sviði skattaréttar.

Dómurinn lítur svo á að skattlagning þessi brjóti ekki gegn tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar enda takmarki þau ekki heimildir löggjafar-

valdsins til beitingar samsköttunar foreldra og barna. Eigi verður heldur séð að hér sé um mismunum að ræða á sviði skattaréttar enda gildir sama regla um alla þá sem eins er ástatt um, þ.e. um alla foreldra efnaðra barna.

Þá byggir stefnandi á því að umrætt ákvæði skattalaga brjóti gegn 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Skattalagning samkvæmt lagaákvæðinu byggðist ekki á nægilega almennum né efnislegum mælikvarða. Gengið væri og nærri greiðslugetu skattþegans en skattheimtan væri ekki í samræmi við gjaldþol hans. Á þessar röksemdir getur dómurinn eigi fallist enda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að umrædd skattlagning sé með þeim hætti að með henni sé gengið of nærri greiðslugetu stefnanda.

Loks byggir stefnandi á því að umrætt skattalagaákvæði fái eigi samrýmst 67. gr. stjórnarskrárinnar en skattlagningin einnar lögpersónu vegna eigna annarrar lögpersónu fái eigi samræmst eignarréttarskipaninni. Eigi væri í lögum gert ráð fyrir endurheimtu skattsins hjá börnunum og lagaákvæðið feli í sér eignarnám framkvæmt í áföngum án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Ekki verður á það fallist að skattlagning samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði feli í sér eignarnám og eigi þykir hún raska í nokkru friðhelgri eignarréttarskipan.

Til vara byggir stefnandi á því að lögjafna megi hér út frá 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981. Á það verður ekki fallist með vísan til rökstuðnings stefnda um skilyrði lögjöfnunar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 18. febrúar sl.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. júní 1987.

Nr. 175/1986. **Sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Útveri hf.
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gengismunur. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1986 og krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Til vara krefjast þeir þess, að einungis verði dæmdir almennir sparisjóðsvextir fram til þingfestingardags í héraði, en dómvextir eftir það og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Taka gengismunar þess er mál þetta snýst um var liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum vorið 1983. Deilt er um hvort hún sé heimil vegna ákvæða stjórnarskrár og hvernig skýra beri 3. gr. laga nr. 71/1984 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, sbr. áður 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um sama efni. Greinin, 1.-3. mgr., hljóðar svo:

„Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans ...“

Af gögnum málsins má ráða, að undanþágur þær er ríkisstjórnin veitti hafa aðeins numið tiltölulega litlum hluta gengismunarins. Í 1. mgr. greinarinnar er fólgin almenn regla um gjaldskylduna. Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. greinarinnar, þykir ekki eiga í þessu sambandi að skýra hana rýmra en svo, að með henni hafi ríkisstjórninni verið veitt heimild til undanþágu á einstökum tegundum sjávarafurða eftir málefnalegu mati. Verður því ekki talið að um valdframsal hafi verið að ræða sem í bága fari við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ágreiningslaust er í málinu, að tekjur þessar voru ekki teknar í fjárlög eða fjáraukalög og ráðstöfun þeirra ekki markaður annar bás í lögum en þeim skyldi verja í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans. Ekki verður fallist á að ákvæði laganna um ráðstöfun gengismunarins hafi hindrað töku hans. Þá verður heldur ekki fallist á með stefnda að umrædd ákvæði um gengismun og ráðstöfun hans hafi falið í sér óheimila mismunun milli útflytjenda.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Útvers h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., hefur Útver hf., nnr. 9032-8026, Hafnargötu 2-4, Bakkafirði höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 28. nóvember 1984 á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 345.666,00 með 45% ársvöxtum af kr. 67.071,00 frá 1. september 1983 til 20. september s.á.,

en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en af kr. 136.396,00 frá þeim degi til 20. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en af kr. 345.666,00 frá þeim degi til 20. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 29. nóvember 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í dómsorði verði kveðið á um, að áfallnir vextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar 1984, en til vara í fyrsta sinn einu ári eftir upphafsdag vaxta.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 18, sem beri 19% ársvexti aðallega frá dómsuppsögudegi, en til vara frá þeim degi, er dómur verði aðfararhæfur. Verði kveðið á í dómsorði, að áfallnir vextir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól, sem vextir reiknist af á 12 mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafsdegi vaxtanna en til var í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdaginn.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki niður felldur.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Kröfur sínar styður stefnandi eftirfarandi rökum:

Gengi íslensku krónunnar hafi verið fellt í einu lagi um 14,6% þann 27. maí 1983. Þann dag hafi verið sett bráðabirgðalög nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. 3. gr. laganna hafi verið svohljóðandi: „Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.“

Lög þessi hafi síðar verið staðfest á Alþingi með lögum nr. 71/1984. Sé texti 3. gr. þar óbreyttur frá bráðabirgðalögunum.

Með framangreindu lagaákvæði hafi verið ákveðið að þeir menn, sem

áttu óseldar fiskbirgðir í landinu við gengisfellinguna (og reyndar einnig þeir sem selt höfðu fisk til útlanda en ekki fengið hann greiddan), skyldu við sölu þeirra erlendis greiða 10% andvirðisins til íslenska ríkisins. Í lögunum hafi reyndar verið gert ráð fyrir sbr. 2. mgr. 3. gr., að einhverjar sjávarafurðir yrðu undanþegnar skatti þessum og ríkisstjórninni fengið vald til að ákveða hverjar þær skyldu vera. Skv. upplýsingum sjávarútvegsráðuneytisins hafi eftirtaldar sjávarafurðir verið undanþegnar gjaldtökunni: Lagmeti, hvalaafurðir, grásleppuhrogn, humarafurðir, meðala- og fóðurlýsi, þurrkaður saltfiskur og söltuð ufsaflök.

Um ráðstöfun fjárins, sem innheimtist skv. framansögðu, hafi ekki verið margt sagt í lögunum. Við það hafi verið látið sitja að fénu skyldi ráðstafað „af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans".

Stefnandi reki fiskvinnslu og framleiði hann m.a. blautverkaðan saltfisk og skreið til útflutnings. Honum hafi strax verið ljóst að skattlagning þessi myndi bitna á honum. Hafi hann því ritað hinum stefndu sjávarútvegs- og fjármálaráðherrum bréf þ. 25. júlí 1983 og mótmælt skattlagningunni. Ekki hafi andmælum hans verið í neinu sinnt. Endurkrefji hann því í máli þessu ríkissjóð um þann skatt sem honum hafi verið gert að greiða skv. ákvæðum laganna.

Stefnandi byggi andmæli sín við skatti þessum á því, að skattlagningin fari gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Sé þar um að ræða eftirtaldar ástæður:

1) Með lagaákvæðinu framselji löggjafinn skattlagningarvald sitt til stjórnvalda, „ríkisstjórnarinnar", umfram það sem 40. gr. sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar heimili.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar sé ákveðið að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Í 77. gr. stjórnarskrárinnar segi svo, að skattamálum skuli skipað með lögum. Í þessum ákvæðum felist því fyrirmæli um að löggjafinn eigi að taka ákvarðanir um álagningu skatta. Að vísu megi viðurkenna að löggjafanum sé heimilt að einhverju marki að fela stjórnvöldum mat á skilyrðum skattlagningar og heimildir til undanþágu frá skatti að uppfylltum lagaskilyrðum. Jafnvel megi vera að framselja megi stjórnvöldum vissar ákvarðanir um hvort skattur skuli á lagður, en þá þurfi áreiðanlega að kveða nokkuð á í lögum um skilyrði skattlagningar. Vandinn sé hér sá að draga því mörk, hvaða ákvarðanir löggjafanum beri skilyrðislaust að taka sjálfum og hvaða ákvarðanir hann megi fela stjórnvöldum að taka.

Í 3. gr. l. nr. 71/1984 sé fyrst sagt að skatturinn skuli leggjast á „útfluttar sjávarafurðir". Í 2. mgr. sé síðan sagt að ríkisstjórnin kveði nánar á um til hvaða afurða ákvæðið taki. Það sé þannig greinilega gert ráð fyrir í lögunum að skattur skuli aðeins leggjast á sumar „útfluttar sjávarafurðir"

en ekki aðrar. Hins vegar sé ekki mælt fyrir um nein almenn skilyrði þess að skattur skuli leggjast á. Valdið til að ákveða hvaða afurðir skuli skattlagðar (eða vera undanþegnar) sé hið raunverulega skattlagningarvald. Og það sé skilmálalaust afhent stjórnvöldum. Þetta valdframsal hljóti að fara langt út fyrir það sem heimilt sé skv. stjórnarskrá.

Í þessu sambandi skuli það nefnt að það sé talið megineinkenni á svonefndu réttarríki að afstaða borgara til ríkissins skuli lúta almennum lagafyrirmælum sem gildi jafnt fyrir alla, en ekki geðþóttaákvörðunum yfirvalda sem teknar séu eftir ólögfestum sjónarmiðum hverju sinni og sem enginn viti fyrirfram hver muni verða. Í fyrirmælum stjórnarskrár um aðild löggjafans að ákvörðunum um álagningu skatta felist einmitt fyrst og fremst sá kjarni að skattar skuli lagðir á í samræmi við almenn lagafyrirmæli, þ.e.a.s. allir sem uppfylli einhver almenn efnahagsleg skilyrði skuli greiða skatt. M.ö.o. sé með öllu óheimilt að láta við það sitja í lögum að ríkisstjórnin skuli ákveða hverjir greiði einhvern tiltekinn skatt. Gildi þá einu þó hugsanlegir skattgreiðendur skv. lögum séu aðeins einhver þrengri hópur manna (framleiðendur útfluttra sjávarafurða). Ákvæði 2. mgr. sbr. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 71/1984 sé skólabókardæmi um lagaákvæði sem ekki fái staðist vegna þessara gildu lagasjónarmiða.

2) Með lagaákvæðinu sé brotið gegn fyrirmælum 41. gr. stjórnarskrárinnar um að heimild þurfi á fjárlögum eða fjáraukalögum til að ríkið megi greiða gjald af hendi. Skattur þessi komi alls ekki inn á fjárlög eða fjáraukalög.

Sé litið á þetta ákvæði í samhengi við ákvæði 40. gr. sbr. 77. gr. sé ljóst að stjórnarskrárgjafinn sé að gefa fyrirmæli um hvernig standa skuli að tekjuöflun ríkisins (og sveitarfélaga sbr. 76 gr.) og ráðstöfun teknanna. Hér sé mælt fyrir um fjárstjórnarvald þjóðþingsins. Hugmyndin sé auðvitað sú að teknanna sé aflað í einn sjóð, ríkissjóð, og þeim síðan ráðstafað þaðan samkvæmt því sem þingið kveði á í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í því dæmi, sem hér um ræði, hátti svo til að skv. 3. mgr. 3. gr. laganna sé skattfé lagt inn á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og þaðan sé því ráðstafað án þess að koma nokkurn tíma inn á fjárlög eða fjáraukalög.

Stefnandi byggi á því að hann þurfi ekki að sæta skattheimtu af hálfu ríkisins nema uppfyllt sé ákvæði 41. gr. stjórnarskrár um að ákveðið sé í fjárlögum eða fjáraukalögum hvernig skattfénu skuli ráðstafað. Með því að heimila skattheimtu og ráðstöfun án þess að skattfé komi inn á fjárlög sé farið í kringum þessi ákvæði stjórnarskrár. Sýnist þá leiðin rudd til þess að alfarið megi reka fjármál ríkisins framhjá fjárlögum, sem aftur þýði að Alþingi geti ekki fengið neitt viðhlítandi yfirlit yfir ríkisfjármál. Sé í því fólgið brot á stjórnarskránni.

3) Í lög skorti nær alveg ákvæði um hvernig verja eigi skattinum. Ekki fái staðist að skattleggja megi borgarana og fá stjórnvöldum féð til frjálsrar ráðstöfunar með þeim hætti sem hér sé gert. Felist þetta almennt í 40., 41. og 77. gr. stjórnarskrár.

Í því skattaákvæði, sem hér sé til meðferðar, sé aðeins sagt (3. mgr. i.f.) að fénu skuli „ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans". Þetta sé dæmi um að stjórnvöldum sé fengið skattfé til frjálsrar ráðstöfunar án þess að neitt sé kveðið á um hvaða sjónarmið eigi að ráða við úthlutun fjárins. Skattgreiðendur séu þannig útsettir fyrir marghátttaðar pólitískar geðþóttaákvarðanir og mismunun með þessum hætti. Verði ekki talið, að tilflutningur fjár milli manna á þennan hátt fái staðist.

4) Með skatti þessum sé mjög freklega brotið gegn þeirri jafnréttisreglu sem talin sé felast í 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Ljóst sé og óumdeilt að 67. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér takmörk á því hvernig ríkisvaldið (löggjafi og framkvæmdarvald) megi beita skattlagningarvaldi sínu. T.d. sé ljóst að í 67. gr. felist jafnréttisregla sem krefjist þess að mönnum sé ekki mismunað með skatti (eða öðrum eignarskerðingum). Sé í þessu fólgið að allir, sem eins sé ástatt um í efnahagslegu tilliti, skuli vera jafnsettir (efnahagslega) fyrir eignaskerðingu, þ.m.t. skatti.

Í því dæmi, sem hér sé til athugunar, sé um að ræða „aðgerðir" eftir að gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafi verið fellt. Auðvitað verði aldrei unnt að líta á þessa aðgerð stjórnvalda (að fella gengið) sem einhvers konar gjafa- eða örlætisgerning gagnvart þeim landsmönnum sem eigi óselda útflutningsvöru eða erlendan gjaldeyri. Gildi í því sambandi einu hvort menn telji að með gengisfellingu sé verið að viðurkenna þegar orðnar staðreyndir eða ekki. Gengisákvörðunin sé ávallt altæk ákvörðun sem varði stöðu íslenska gjaldmiðilsins út á við, sama hver í hlut eigi. Og ljóst sé, að það séu aðeins sumir af þeim, sem „græði" á gengisfellingu sem skattlagðir séu. Þeir sem eigi erlendan gjaldeyri eða óseldar iðnaðarvörur til útflutnings, svo dæmi séu tekin, þurfi engan skatt að greiða. Það þurfi aðeins eigendur birgða af óseldum sjávarafurðum. Og reyndar ekki allir slíkir, heldur aðeins sumir eftir því sem ríkisstjórnin ákveði. Og eins og áður segi sé ekki í lögunum að finna eitt orð um skilyrði þess að verða undanþeginn gjaldinu. Á dskj. nr. 5 sé að finna upplýsingar um hverjir framleiðendur fiskafurða hafi hlotið náðina fyrir augum ríkisstjórnarinnar. Fátt sé þar hins vegar að sjá um ástæðurnar fyrir mismunun þessari.

Þá sé bent á að fiskframleiðsla til útflutnings hafi á þeim tíma, sem um ræði, verið rekin með verulegum halla vegna þess að gengi krónunnar hafi verið rangt skráð. Svo hafi t.d. verið um fiskvinnslu stefnanda og reyndar flest (öll?) fiskvinnslufyrirtæki í sömu greinum, sbr. dskj. nr. 10-12. Taka „gengismunarins" við gengisfellinguna hafi því í eðli sínu miklu fremur

verið bótalaus eignaupptaka, heldur en að geta kallast skattur á tekjur með nokkrum hætti.

5) Í máli þessu endurkrefji stefnandi ríkissjóð um skattinn. Stefnt sé sjávarútvegsráðherra sem æðsta stjórnvaldi á því sviði sem lög nr. 71/1984 fjalli um. Verði t.d. að telja að hann beri að stjórnlögum réttum ábyrgð á þeim ákvörðunum sem „ríkisstjórnin" taki eftir 2. mgr. 3. gr. Fjármálaráðherra sé stefnt f.h. ríkissjóðs, en stefnukrafan beinist að þeim sjóði.

Til viðbótar sjónarmiðum um endurgreiðslu skattsins byggi stefnandi jafnframt á því að ríkissjóður sé skaðabótaábyrgur vegna þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna hinnar ólöglegu skattheimtu skv. bráðabirgðalögum nr. 55/1983, sbr. l. nr. 71/1984.

Kröfufjárhæð og vextir: Á dskj. nr. 8 og 13 komi fram, hve mikið stefnandi hafi greitt í gengismun vegna saltfisks, og hvenær greitt hafi verið. Sé þeirra fjárhæða krafist með vöxtum frá 1. degi næsta mánaðar eftir að „gengismuninum" hafi í síðasta lagi verið skilað í gengismunasjóð skv. dskj. nr. 13.

Á dskj. nr. 9 séu upplýsingar um greiðslu „gengismunar" vegna útfluttrar skreiðar. Sé þeirra fjárhæða krafist, en upphafstími vaxta vegna þeirra allra miðaður við 20. nóvember 1983. Séu síðustu afreikningarnir á dskj. nr. 9 dags. 17. nóvember 1983.

Krafist sé fram til þingfestingardags almennra dráttarvaxta utan innlánsstofnana eins og þeir hafi á tímabilinu verið ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 5. gr. l. nr. 58/1960. Frá þingfestingardegi sé síðan krafist dómvaxta skv. l. nr. 56/1979.

Þess sé krafist að áfallnir vextir bætist við höfuðstól um hver áramót. Sé þetta í samræmi við þann hátt sem tíðkist við innlánsstofnanir. Sé því áreiðanlegt að ákvarðanir Seðlabanka um vaxtafót séu við það miðaðar að svona sé reiknað. Að því er dómvextina varði sé þetta vitaskuld nauðsynlegt til að þeir verði „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir", svo sem það sé orðað í 1. gr. l. nr. 56/1979, þar sem hæstu innlánsvöxtum við þessar stofnanir sé jafnan bætt við þá innlánsfjárhæð sem vexti beri um hver áramót.

Þá sé vaxta krafist af málskostnaði. Séu engin efni til að telja að sú krafa beri ekki dráttarvexti, rétt eins og hver önnur gjaldfallin peningakrafa.

Stefndu styðja kröfur sínar eftirfarandi rökum: L. nr. 55/1983 sbr. l. nr. 71/1984 séu í hvívetna í samræmi við stjórnskipunarlög. Kröfur stefnanda um að lögunum verði hnekkt fái ekki staðist.

Á bls. 2 í greinargerð stefnanda sé réttilega frá því skýrt að áður hafi verið sett lög af því tagi sem hér sé fjallað um. Þannig hafi það iðulega gerst að sett hafi verið lög um töku gengishagnaðar af birgðum sjávarafurða jafnhliða ákvörðun um gengisfellingu íslensku krónunnar. Það sé

því ljóst að stefnandi sé hér að véfengja lögmæti efnahagsaðgerða sem séu eins og aðrar sem löggjafinn og stjórnvöld hafi áður gripið til og hafi þá aldrei gefið mönnum tilefni til málssókna á hendur ríkissjóði að því er best sé vitað. Hér sé um að ræða löggjöf sem eigi sér fjölmörg fordæmi, hin elstu nokkurra áratuga gömul.

Lög um töku gengishagnaðar hafi með hliðsjón af tilefni og tilgangi verulega sérstöðu gagnvart öðrum skattalögum, s.s. lögum um tekju- og eignaskatt, sem ráða megi að stefnandi hafi einkum í huga þegar hann fjalli um lögmæti skattlagningar og valdframsal til stjórnvalda. Tilefni laga um töku gengishagnaðar sé ætíð hið sama: Ofþensla í þjóðfélaginu og kostnaðarhækkanir sem leiði til rekstrarerfiðleika og stöðvunar í sjávarútvegi, undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar. Gengisfelling eða gengissig hafi verið það úrræði sem flestar eða allar ríkisstjórnir hafi við þær aðstæður gripið til svo halda megi framleiðslunni gangandi. Sjávarafurðir hækki þannig í verði í íslenskum krónum talið, og staða fiskvinnslu batni. Staða fiskveiða versni að sama skapi, þar eð skuldir fiskiskipa séu flestar í erlendum gjaldmiðlum. Taka gengishagnaðar af fyrirliggjandi birgðum hafi jafnan þótt sanngjörn og eðlileg til að greiða úr gífurlegu tekjuskiptingarvandamáli sem skapist við gengisfellingu milli fiskvinnslu og fiskveiða. Þannig hafi verið ástatt vorið 1983, og gengishagnaði sem þá myndaðist hafi að mestu leyti verið varið til þeirra sjóða sjávarútvegsins, sem fjármagni stofnkostnað fiskiskipa. Hluta þessa hagnaðar hafi verið ráðstafað aftur til fiskvinnslunnar. Hverjum manni sé því augljós sá reginmunur sem sé annars vegar á skattlöggjöf af þessu tagi með tilliti til ástæðna og markmiða þar sem fé sé jafnað innan sömu atvinnugreinar og hins vegar með skattalögum til tekjuöflunar ríkis og sveitarfélaga fyrir almennar þjóðfélagsþarfir. Þau lög og aðgerðir, sem hér sé fjallað um, séu reyndar ekki nema hluti af flóknu kerfi laga um tekjudreifingu innan þessarar undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar, sem í raun sé ekki nema að litlu leyti tengt hinum eiginlegu ríkisfjármálum. Það kerfi sé m.ö.o. meðal annars til þess ætlað að jafna sveiflur, sem allar greinar vinnslu og veiða þurfi að búa við. Með allt þetta í huga megi reyndar ljóst vera að á mörkum hljóti að teljast hvort taka gengishagnaðar falli undir skattahugtakið, svo sem það sé almennt skilgreint. Taka gengishagnaðar og ráðstöfun hans sé mikilvægur þáttur á því sviði efnahagsstjórnunar í þjóðfélaginu þar sem mest sé þörfin fyrir stjórnvöld fyrir svigrúm til ákvarðanatöku til að mæta brýnum vanda. Þetta skipti miklu við mat á heimild löggjafans til valdframsals á einstökum sviðum.

Gengið hafi verið fellt um 14,6% þann 27. maí '83, en ekki hafi verið tekinn nema 10% gengishagnaður. Að þessu leyti hafi verið gengið skemmra en við flestar eða jafnvel allar fyrri lagasetningar um þetta efni.

Þá hafi allur gengishagnaður af birgðum sjávarafurða verið tekinn, en nú hafi eigendur sjávarafurða haldið hluta hans.

Sjónarmiðum stefnanda um að með setningu l. nr. 55/1983 hafi verið farið út fyrir mörk lögmæts valdframsals löggjafans til stjórnvalda er mótmælt.

Í þessu sambandi skuli tekið fram að í mjög mörgum skattalögum hafi stjórnvöldum verið falið ákvörðunarvald um það að meira eða minna leyti hvort og/eða að hvaða marki skattlagningarheimild í lögum skuli nýtt. Slíku sé ekki til að dreifa hér. Taka gengishagnaðarins eða skattlagningin sé skilmálalaust ákveðin með 1. mgr. 3. gr. laganna og lögin sjálf ákveði upphæð skattsins, þ.e. 10%. Í 2. mgr. 3. gr. laganna sé heimild til stjórnvalda um að undanþiggja ákveðnar afurðir gjaldinu. Fallast megi á að orðalag þessarar mgr. laganna hefði mátt vera skýrara. Hér komi það þó ekki að sök. Ljóst sé með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. að heimildin nái til að undanþiggja ákveðnar afurðir gjaldinu, enda séu til þess gildar ástæður. Þannig hafi stjórnvöld túlkað og framkvæmt heimildina bæði nú og við fyrri lagasetningar sem verið hafi eins að þessu leyti. Þetta falli saman við umfjöllun stefnanda á þessu, sbr. bls. 2 í stefnu. Í greinargerð hans sé hins vegar fjallað um 2. mgr. 3. gr. á þann hátt að í henni felist annað og meira, þannig að valdframsalið sé víðtækara en stjórnvöld hafi jafnan talið og fari um leið út fyrir þau mörk er stjórnarskrá setji. Framkvæmd heildarákvæðisins, þröng eða rúm, sýnist ekki skipta máli er hann kemst að þessari niðurstöðu. Þá sýnist heldur ekki skipta máli fyrir honum sú staðreynd að þá er löggjafinn samþykkti l. nr. 71/1984 hafi legið nákvæmlega fyrir honum hvernig stjórnvöld höfðu framkvæmt 2. mgr. 3. gr., þ.e. hvaða vald hafi verið að framselja stjórnvöldum. Sjónarmið stefnanda standist ekki. Þvert á móti sýnist ljóst að valdframsal löggjafans skv. 2. mgr. 3. gr. gangi miklum mun skemmra en í fjölmörgum skattalögum sem ekki hafi verið véfengd og sem veiti stjórnvöldum margs konar heimildir til skattálagningar eða skattundanþágna. Þar sé í raun ólíku saman að jafna.

Varðandi þau sjónarmið stefnanda, er lúti að því að gjaldinu sé ekki ráðstafað með fjárlögum eða fjáraukalögum og að ekki sé kveðið með viðhlítandi hætti á um ráðstöfun þess í öðrum lögum, sé þetta að segja: Sú ráðstöfun fjárins, sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 3. gr. laganna, sé bæði heimil og lögmæt. Fyrir því sé löng venja að fé, sem með þessum eða sambærilegum hætti sé flutt milli aðilja innan atvinnugreinar, sé ekki ráðstafað í gegnum fjárlög eða fjáraukalög eins og eiginlegum ríkissjóðstekjum. Dæmi séu allmörg, þar sem löggjafinn hafi talið sér heimilt að ákveða gjaldtöku og fela jafnframt ákveðnum aðila nánari ákvörðun um ráðstöfun fjárins. Eigi það ekki síst við á sviði efnahagsstjórnarinnar varð-

andi málefni ákveðinna atvinnugreina. Fyrirfram sé oft ógerlegt fyrir löggjafann að ákveða með hvaða hætti ráðstöfun fjár verði best fyrir komið hverju sinni. Því hafi hann falið stjórnvöldum, sem með framkvæmdir á heimildum fari, að ákveða nánar hverju sinni hvernig gjaldinu skuli ráðstafað innan þess ramma er lögin marki. 3. mgr. 3. gr. l. nr. 71/1984 sé dæmi slíkrar löggjafar sem bæði verði að telja óhjákvæmilega og án vafa venjuhelgaða.

Í annan stað skuli tekið fram að það atriði, sem hér sé fjallað um, sé í raun óviðkomandi skattlagningunni sjálfri eða lögmæti hennar. Ráðstöfun skattfjár, sem kunni að fara út fyrir lagaramma, leiði ekki til þess sjálfkrafa að heimildir fyrir sjálfri gjaldtökunni bresti og endurkröfuréttur gjaldandans kvikni þar með. Staðhæfingar stefnanda þar um séu á misskilningi byggðar. Afleiðingar ólögmætrar ráðstöfunar skattfjár yrðu að lögum allt aðrar. Stjórnvöld, sem að slíkri ákvörðun stæðu, geti að sjálfsögðu bakað sér refsi- og bótaábyrgð, og hugsanlega sé unnt að endurkrefja féð úr hendi þess, er það hafi hlotið með ólögmætum hætti. Lögmæti skattheimtunnar sjálfrar sé þessu óháð. Þessi niðurstaða liggi reyndar skýr fyrir í dómafordæmum.

Stefnandi byggi loks á því, að með lögunum sé brotið gegn jafnræðisreglu er felist í 67. gr. stjórnarskrárinnar og sem gæta verði við skattlagningu. Aðeins sumir séu skattlagðir en ekki aðrir sem eins standi á fyrir. Þarna sé um grófa mismunun að ræða, sem ekki fái staðist.

Hér fari stefnandi villur vegar. Kjarni málsins sé sá að lagasetningin beinist gegn stórum hópi, þ.e. eigendum sjávarafurða sem séu eins settir í efnahagslegu tilliti og komi eins niður á þeim öllum. Endurgreiðslur kunni að vísu að rétta hlut sumra gjaldenda umfram aðra. en tæpast haldi stefnandi því fram að þar sé á ferð mismunun honum í óhag.

Við þetta megi bæta að heimild 2. mgr. 2. gr. laganna til að veita undanþágur breyti því ekki að gengishagnaður sé tekinn af meira en 90% þessara verðmæta. Um það vísist til bréfs Fiskifélags Íslands á dskj. nr. 15. Ein tegund hinna undanþegnu sjávarafurða, þ.e. lagmeti, sé að vísu ekki á þeim lista, en það breyti tæpast miklu.

Í þessu samhengi skuli einnig bent á að heimildir til niðurfellingar gjalda sé að finna í öllum eða nær öllum skattalögum. Fullyrða megi að leitun sé að jafn þröngri notkun slíkra heimildarákvæða og einmitt í því tilviki sem hér sé til umfjöllunar.

Varðandi undanþágurnar skuli loks tekið fram að auk þess að vera jafn léttvægar og raun ber vitni séu fullkomlega málefnaleg sjónarmið á bak við ákvörðun um veitingu þeirra. Sjónarmiðin séu í sumum tilvikum þau, að þeir aðiljar, er útgerð stundi á viðkomandi fiskitegund, séu utan sjóðakerfis sjávarútvegsins. Taka gengishagnaðar af þeim fiskbirgðum þjóni því

ekki þeim tilgangi að flytja fé frá vinnslu til veiða. Í öðrum tilvikum hafi viðkomandi vinnsla verið skoðuð sem iðnaður og lotið löggjöf þar um. Lög nr. 55/1983 fjalli um ráðstafanir í sjávarútvegi og varði ekki aðrar atvinnugreinar. Í einu eða tveimur tilvikum hafi ennfremur komið til að staða viðkomandi vinnslugreinar hafi verið svo slæm að mati stjórnvalda að einnig þess vegna væri óhjákvæmilegt að nýta undanþáguheimildina. Í meginatriðum séu ætíð sömu undanþágur veittar, þá er taka gengishagnaðar hafi verið ákveðin með lögum.

Fari svo, að ekki verði fallist á sýknukröfu, geri stefndu þær kröfur að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Skv. dskj. nr. 6 hafi 60 milljónum króna af gengishagnaðarfé verið úthlutað til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs. Féð greiðist úr sjóðnum sem uppbætur á vertíðarframleiðslu 1984. Hér sé um að ræða tæpan helming þess sem í heild hafi verið tekið af saltfiskverkun í gengishagnað. Ætla megi að stefnandi njóti þess eins og aðrir saltfiskverkendur. Þá hafi stefnandi ekki upplýst um það hvort og að hve miklu leyti önnur ráðstöfun gengishagnaðarfjárins hafi nýst honum. Í því sambandi sé t.d. bent á dskj. nr. 6, 9.-11. lið bls. 2, sem vissulega komi til ef stefnandi reki útgerð samhliða vinnslu.

Mótmælt sé kröfu um dráttarvexti utan innlánsstofnana eins og Seðlabanki Íslands hefur ákveðið fram til þingfestingardags. Ennfremur sé mótmælt kröfu um að áfallnir vextir bætist við höfuðstól um hver áramót, sem og kröfu um vexti á málskostnað.

III.

Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum, og skv. 77. gr. skal skattamálum skipað með lögum.

3. gr. bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, sem staðfest var óbreytt með l. nr. 71/1984, hljóðar svo:

„Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun. Ríkisstjórnin kveður nánar á um til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.“

Taka gengismunar samkvæmt lögum þessum telst vera skattur í skilningi 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Í framangreindu ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 77. gr., felst það, að málefnum þessum verður ekki skipað af öðrum en löggjafanum og er óheimilt að fela framkvæmdavaldshafa ákvörðun um þau mál.

Innan vissra þröngra marka hefur þó verið viðurkennt af dómstólum að heimilt sé að fela ríkisstjórn eða einstaka ráðherra ákvörðunarvald um hvort innheimta skuli tiltekna skatta eða ekki.

Hópur sá, sem bráðabirgðalög nr. 55/1983, sbr. l. nr. 77/1984 ná til, eru útflytjendur sjávarafurða. Ljóst er að löggjafinn hefur ekki ætlast til að ákvæðið tæki til allra þeirra aðilja er undir þennan hóp falla. Engin fyrirmæli eru um það í lögunum eftir hverju skuli farið við ákvörðun þess til hvaða afurða ákvæðið taki, heldur er mat á því alfarið lagt í hendur ríkisstjórnarinnar, og skattlagningarvaldið því í raun framselt henni. Lögin tryggja þannig ekki málefnalegan grundvöll skattlagningarinnar innan þess hóps sem þau taka til. Ber að fallast á það með stefnanda að jafn víðtækt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi og hér um ræðir brjóti í bága við áðurnefnt ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 77. gr. og er skatttakan því eigi gild að lögum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að löng venja hliðstæðra lagaákvæða helgi lagasetningu þessa. Er ekki fallist á þessa málsástæðu.

Ber því þegar af þessum sökum að taka kröfu stefnanda til greina um endurgreiðslu gjaldsins, en ekki er ágreiningur um stefnufjárhæðina.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að draga beri frá stefnufjárhæðinni þær greiðslur sem stefnandi kunni að hafa fengið greiddar úr Verðjöfnunarsjóði vegna saltfiskverkunar, sem og greiðslur úr gengisjöfnunarsjóði sem kunni að hafa nýst stefnanda sbr. liði 9-11 á dskj. nr. 6.

Stefnandi hefur mótmælt þessari kröfu sem órökstuddri.

Ekki hefur verið upplýst í málinu hvort stefnandi hafi fengið einhverjar greiðslur úr gengisjöfnunarsjóðum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að greiðslur úr þessum sjóðum hafi verið bundnar því skilyrði að viðkomandi hafi greitt í sjóðina gengismun skv. framangreindum lögum. Verður krafa þessi því þegar af þeim sökum ekki tekin til greina.

Fallast ber á kröfu stefnanda um vaxtafót, og ekki er ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Fallast má á það að í kröfu um dómvexti skv. l. nr. 56/1979 felist krafa um vaxtavexti, ella verða þeir ekki „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns", eins og kveðið er á í lögunum, og leggist áfallnir vextir við höfuðstól um hver áramót. Lagarök standa hins vegar ekki til þess að leggja vexti þá, sem á falla fram að þeim tíma, við höfuðstól eins og krafa er gerð um í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 75.000,00, en lagarök standa ekki til að taka til greina kröfu stefnanda um vexti af málskostnaði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Útveri hf., kr. 345.665,00 með 45% ársvöxtum af kr. 67.071,00 frá 1. september 1983 til 20. september s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en af kr. 136.396,00 frá þeim degi til 20. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en af kr. 345.666,00 frá þeim degi til 20. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 29. nóvember s.á., en síðan með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og skulu þeir vextir, sem á falla eftir 29. nóvember 1984 leggjast við höfuðstól einu sinni á ári þann 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn þann 1. janúar 1985 og síðan árlega á sama degi til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 75.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. júní 1987.

Nr. 134/1986. **Bergur Björnsson og**
Leó M. Jónsson
(Sigfús Gauti Þórðarson hdl.)
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík
f.h. þrotabús Skrifstofutækni hf.
(Valgarður Sigurðsson hdl.)
og
skiptaráðandinn í Reykjavík
f.h. þrotabús Skrifstofutækni hf.
gegn
Bergi Björnssyni
Leó M. Jónssyni og
Guðmundi Óskarssyni

Gjaldþrot. Ábyrgð stjórnar- og skilanefndarmanna í hlutafélagi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1986. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlækkaðar og málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst s.á. Hann krefst þess að aðaláfrýjendur og stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, verði dæmdir in solidum til að greiða 977.968,35 krónur, að gerðum breytingum er síðar greinir, með ársvöxtum þannig: 45% frá 1. janúar 1983 til 16. september s.á., 37% frá þeim degi til 18. október s.á., 36% frá þeim degi til 17. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 16. desember s.á., 25% frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim

degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 25. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður til stefnda, Guðmundar R. Óskarssonar, felldur niður.

Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Á þeim tíma er hér skiptir máli var aðaláfrýjandinn Bergur Björnsson formaður stjórnar Skrifstofutækni hf. með prókúruumboði og frá 8. september 1982 löggiltur skilanefndarmaður í félaginu. Aðaláfrýjandinn Leó M. Jónsson var til þess tíma framkvæmdastjóri með prókúruumboði og stjórnarmaður. Báðir voru þeir með eiginkonum sínum meirihluta eigendur að félaginu og störfuðu hjá því.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi var stærstum hluta af andvirði eigna félagsins varið til þess að greiða kröfur þær er mál þetta snýst um. Fóru greiðslurnar að mestu fram áður en skilanefnd tók til starfa. Telja verður að aðaláfrýjendur hafi fellt á sig skaðabótaábyrgð sem stjórnarmenn fyrir þessum greiðslum eins og síðar greinir. Þótt kröfurnar væru gjaldkræfar bökuðu þeir sér eigi að síður bótaábyrgð samkvæmt 132. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sbr. 60. og 2. mgr. 116. gr. þeirra laga. Fallist er á það, að síðsumars 1982 hafi þeir ekki verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins og ráðstafanir þeirra því verið ótilhlýðilegar. Þykja þeir gagnvart gagnáfrýjanda bera óskipta ábyrgð á greiðslunum meðan þeir störfuðu sem stjórnarmenn. Eigi þykir verða lögð ábyrgð á aðaláfrýjandann, Leó M. Jónsson, vegna ráðstafana er áttu sér stað eftir að skilanefnd tók við félaginu. Til ábyrgðar skilanefndarmanna verður tekin afstaða í sambandi við einstaka kröfuliði hér á eftir, sem taldir verða í sömu röð og í héraðsdómi.

1. Víxlar 655.584,90 krónur lagðir inn í Alþýðubankann hf. og keyptir af honum. Aðaláfrýjendur þykja bera á því bótaábyrgð óskipt, að þrotabú stefnda fór þannig á mis við þessar eignir.

2. Greiðsla 16. september 1982 75.000,00 krónur á víxilskuld við

Útvegsbanka Íslands. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, þykir bera ábyrgð á þessari ráðstöfun, enda var greiðslan innt af hendi án samráðs við stefnda, Guðmund R. Óskarsson, sem nýtekinn var við starfi skilanefndarmanns.

3. Greiðsla 6. september 1982 til Microtölvunnar sf. 65.070,00 krónur. Með samningnum 24. ágúst 1982 fékk lögmaður félagsins í hendur víxil að fjárhæð 166.666,00 krónur með gjalddaga 28. s.m. Hluta af andvirði víxils þessa varði hann, að fyrirlagi aðaláfrýjenda að ætla verður, til greiðslu á skuldinni við Microtölvuna sf. Telja verður að báðir aðaláfrýjendur beri hér bótaábyrgð óskipt.

4. Samkvæmt bókhaldsfylgiskjölum dagsettum 31. ágúst 1982, 31. október s.á. og 16. nóvember s.á. tók aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, undir sjálfum sér skrifstofumuni upp í ógreidd laun sem reiknaðir eru á 23.700,00 krónur. Þykir hann einn bera bótaábyrgð vegna þessarar töku, enda viðurkennt af stefndu í héraði að aðrir komi ekki hér við sögu.

5., 6., 7. og 9. kröfuliður. Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans á þessum kröfuliðum. Það athugast að samkvæmt héraðsdómi hafði gagnáfrýjandi lækkað kröfulið 6 í 20.364,00 krónur.

8. Fallið var frá þessum kröfulið við málflutning fyrir Hæstarétti.

10. Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans á þessum kröfulið, þ.e. bótaábyrgð aðaláfrýjanda, Leós M. Jónssonar, á 3.000,00 krónum.

Samkvæmt framanrituðu ber aðaláfrýjendunum, Bergi Björnssyni og Leó M. Jónssyni, að greiða gagnáfrýjanda óskipt 720.654,90 krónur (655.584,90 + 65.070,00). Aðaláfrýjanda, Bergi Björnssyni, ber að greiða gagnáfrýjanda 98.700,00 krónur (75.000,00 + 23.700,00) og aðaláfrýjanda, Leó M. Jónssyni, 3.000,00 krónur. Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda. Greiðsluskylda dómfelldu er háð því skilyrði, að þeir komi kröfum sínum að við skipti á búi gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málskostnaður milli gagnáfrýjanda og stefnda, Guðmundar R. Óskarssonar, fellur niður.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur R. Óskarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum gagnáfrýjanda, þrotabús Skrifstofutækni hf., í máli þessu. Málskostnaður gagnvart honum í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Aðaláfrýjendur, Bergur Björnsson og Leó M. Jónsson, greiði gagnáfrýjanda óskipt 720.654,90 krónur. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, greiði gagnáfrýjanda 98.700,00 krónur og aðaláfrýjandinn, Leó M. Jónsson, 3.000,00 krónur. Allar framangreindar fjárhæðir greiðist með 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 25. s.m., en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma til greiðsludags. Allar framanskráðar greiðslur eru háðar þeim skilmála, að aðaláfrýjendur komi kröfum sínum að við skipti á búi gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meirihluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel aðaláfrýjendur, Berg Björnsson og Leó M. Jónsson, hafa fellt á sig bótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda með greiðslum þeirra er getur í kröfuliðum nr. 7 og 9 í héraðsdómi.

7. liður. Samkvæmt bókhaldsfylgiskjali dagsettu 13. nóvember 1982 var Máli og menningu afhentur víxill samþykktur af þriðja manni að fjárhæð 10.354,45 krónur til greiðslu á skuld. Aðaláfrýjandinn, Bergur Björnsson, innti greiðsluna af hendi og er viðurkennt af stefndu í héraði að aðrir hafi ekki átt þar hlut að máli. Þykir hann því einn bera bótaábyrgð í þessu tilviki.

9. liður. Greiðsla á innstæðulausum ávísunum til tollstjóra 66.047,97 krónum. Ekki er að fullu ljóst hvenær greiðsla þessi átti sér stað, en lögmaður stefndu í héraði telur það hafa verið 30. ágúst 1982 og uppgjör hans er dagsett 14. september s.á. Hann innti greiðsluna af hendi að fyrirlagi aðaláfrýjenda að telja verður af andvirði víxils, 166.666,00 krónur, er þeir höfðu falið honum. Þykja aðaláfrýjendur bera ábyrgð á þessari greiðslu óskipt.

Ég tel því að dæma eigi aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 786.702,87 krónur og aðaláfrýjandann, Berg Björnsson, 109.054,45 krónur. Að öðru leyti er ég sammála dómsorði í málinu.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. mars 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. febrúar 1986, hefur Guðjón Steingrímsson hrl., Hafnarfirði fyrir hönd þrotabús Skrifstofutækni hf., Reykjavík, 8167-7875, höfðað fyrir dóminum hinn 25. júní 1985 gegn Bergi Björnssyni, 1054-9736, viðskiptafræðingi, Ásbúð 78, Garðakaupstað, Leó M. Jónssyni, 6075-7550, framkvæmdastjóra, Nesvegi 13, Hafnahreppi og Guðmundi R. Óskarssyni, 3097-3364, endurskoðanda, Ármúla 40, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 1.014.689,90 með 45% ársvöxtum frá 1. jan. 1983 til 16. sept. s.á., með 37% ársvöxtum frá þ.d. til 18. okt. sá., með 36% ársv. frá þ.d. til 17. nóv. s.á., með 32% ársv. frá þ.d. til 16. des. s.á., með 25% ársv. frá þ.d. til 20. jan. 1984, með 19% ársv. frá þ.d. til 1. jan. 1985, með 32% ársv. frá þ.d. til 1. febr. s.á., með 39% ársv. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, en þó aldrei lægri vöxtum en dómvöxtum skv. l. nr. 56, 1979 frá þingfestingardegi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og þeim dæmdur málskostnaður. Til vara að stefndu verði sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt mati dómsins. Til þrautavara að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og málskostnaður verði felldur niður.

Með úrskurði dómsins hinn 23. desember 1985 var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1982 var bú Skrifstofutækni h/f tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni skilanefndar félagsins.

Undanfari þess var samþykkt, sem gerð var á aðalfundi félagsins 4. sept. s.á., um að slíta félaginu, jafnframt því sem stefndu Bergur Björnsson og Guðmundur R. Óskarsson voru kjörnir skilanefndarmenn, en stefndi Bergur hafði verið formaður félagsstjórnar, jafnframt því sem hann hafði verið framkvæmdastjóri félagsins ásamt meðstefnda Leó M. Jónssyni sem einnig átti sæti í stjórn félagsins.

Skilanefndarmennirnir fengu löggildingu til starfans 8. sept. s.á. og var auglýsing um innköllun birt í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 24. sept. s.á.

En áður en kröfulýsingarfresturinn væri útrunninn afhenti skilanefndin bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp 15. nóvember s.á.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 16. febr. 1983, kynnti skiptaráðandi ýmsar fjárhagslegar ráðstafanir sem fyrirsvarsmenn félagsins höfðu gert frá því um miðjan ágúst 1982 og til upphafs gjaldþrotaskipta og sem skiptaráðandi taldi að væru til þess fallnar að um riftun væri að ræða.

Skiptafundurinn samþykkti að höfða mál til riftunar allmargra slíkra ráðstafana og var lögmönnum, Guðjóni Steingrímssyni hrl. og Sigurði G. Guðjónssyni hdl., falið að fara með mál þessi af hálfu búsins.

Voru höfðuð alls 11 mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Fjórum af þessum málum var steypt saman og þau rekin sem eitt mál, sem mál nr. 8461/1983: Þrotabú Skrifstofutækni h/f gegn Alþýðubankanum h/f, Gerði Kristjánsdóttur, Leó M. Jónssyni, Bandag-hjólbarðasólunninni h/f, Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni.

Dómur var kveðinn upp 13. júlí 1984 og urðu úrslitin þau að málinu var vísað frá dómi ex officio, þegar af þeirri ástæðu að útrunninn hafi verið málshöfðunarfrestur skv. 68. gr. l. 6/1978 þegar málsóknin hófst hinn 26. ágúst og að hluta 6. september 1983.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms var ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi staðfest með dómi Hæstaréttar þ. 19. október 1984.

Að svo komnu felldi stefnandi hin 7 málin, sem enn voru ódæmd, niður, en þau höfðu verið höfðuð á sama tíma og mál það sem vísað var frá dómi og því sömu annmörkum háð.

Skiptaráðandi boðaði nú til skiptafundar í búinu 10. desember 1984.

Á þessum fundi og framhaldsfundi, sem haldinn var 17. desember s.á., var Guðjóni Steingrímssyni hrl. falið að höfða mál þetta gegn Bergi Björnssyni, Leó M. Jónssyni og Guðmundi R. Óskarssyni til greiðslu skaðabóta skv. hlutafélagalögum og almennum skaðabótareglum.

III.

Tildrögum gjaldþrotsins er svo lýst í greinargerð stefndu:

„Stefndu Bergur og Leó keyptu meirihluta hlutabréfa í Skrifstofutækni hf. á árinu 1980. Var Bergur kosinn formaður stjórnar, en hann annaðist jafnframt fjármál fyrirtækisins, en Leó, sem kosinn var varaformaður, var gerður að framkvæmdalegum framkvæmdastjóra. Hófst þegar endurskipulagning á rekstri félagsins sem nánar er lýst í dskj. nr. 39. Var hlutafé félagsins aukið á aðalfundi félagsins 3. nóvember 1980 úr gkr. 7.200.000 í kr. 29.000.000, og skrifuðu hluthafar sig fyrir 20.550.000 af þeirri aukningu. Rekstrarárið 1980 lofaði góðu þegar það var gert upp, sbr. dskj. nr. 4, en samkvæmt ársuppgjöri félagsins varð hagnaður á árinu gkr. 12.053 þús. Ljóst var þó að greiðslustaða félagsins var slæm vegna skorts á langtímalánum. Hinn 12. janúar 1981 var haldinn stjórnarfundur þar sem allir stjórnarmenn félagsins, þrír að tölu, mættu. Kom þar fram að Alþýðubankinn væri reiðubúinn til þess að lána félaginu 250 - 300 þús. kr. gegn fasteignaveðum. Samþykktu stjórnarmenn að lána félaginu fasteignaveð fyrir gkr. 10 millj. hver. Eru þetta lán þau er stefnandi gerir athugasemd um að greitt hafi verið af. Á aðalfundi félagsins hinn 14. ágúst 1981 var hlutafé félagsins aukið úr kr. 290.000 í kr. 650.000, en sú hlutafjáraukning seldist ekki öll og nam innborgað hlutafé í árslok 1981 kr. 585.000 og var það hlutafé óbreytt til loka félagsins.

Þrátt fyrir lántöku þá, er hér var nefnd og hlutafjáraukningu, var félagið í fjárþröng vegna mikillar fjárfestingar í hugbúnaði, kostnaðar við innréttingar á húsnæði því er félagið tók á leigu og afhent var tilbúið undir tréverk og bifreiðar- og áhaldakaupa. Versnaði greiðslufjárhlutfall félagsins á árinu 1981, og tap varð á rekstri félagsins að fjárhæð kr. 410 þús. Vegna fjárskorts urðu vanskil á framangreindum lánum félagsins, en þeir Bergur og Leó létu aðrar greiðslur ganga fyrir, enda höfðu þeir trú á fyrirtækinu og framtíð þess allt til hins síðasta. Kemur það fram í því að þeir létu greiðslur, er þeir sjálfir báru ábyrgð á, dragast og bentu meira að segja á eignir sínar til fjárnáms vegna skulda sem þeim hafði ekki tekist að greiða. Má sem dæmi nefna fjárnám er tekið var í eign Leós hinn 12. maí 1982 og 10. júní 1982, sbr. dskj. nr. 6, en greiðsla á þeirri skuld er ein þeirra greiðslna sem stefndu eru krafðir greiðslu á til þrotabúsins. Þegar þeim var ljóst á síðari hluta júnímánaðar að viðbótarfjármagn yrði torsótt, enda í vanskilum við aðalviðskiptabanka sinn, gerðu þeir yfirlit það um starfsemi

félagsins, sem er á dskj. nr. 39, og leituðust við að selja fyrirtækið og auglýstu það til sölu. Margir aðilar gáfu sig fram og tveir stórir aðilar sýndu því sérstakan áhuga, en úr kaupum varð ekki, og virtist þeim Bergi og Leó að skortur á tækniþekkingu til að halda sölu og rekstri hugbúnaðar félagsins áfram væri stærsta vandamál þeirra er sýndu áhuga á kaupum. Endirinn varð sá að þeim tókst ekki að selja hlutabréf félagsins eða eignir þess í einu lagi og var tekinn sá kosturinn að selja hluta eigna félagsins með kaupsamningi hinn 24. ágúst 1982, sbr. dskj. nr. 41. Var síðan ætlunin að leita eftir kaupanda að hugbúnaði félagsins, sem þeir félagar töldu vera að verðmæti 1 - 2 millj. kr. og auk þess önnur umboð félagsins, innréttingar skrifstofuhúsnæðis félagsins og aðrar eignir. Var starfsemi félagsins að öðru leyti lögð niður og hættu starfsmenn félagsins störfum. Var ákveðið að slíta félaginu og var það samþykkt á hluthafafundi 4. september 1982 og skilamenn kosnir, og voru þeir löggiltir með bréfi hlutafélagsskrár dags. 8. september 1982. Fyrsta verk skilanefndarmannanna var að senda innköllun til Lögbirtingablaðsins, sem þeir gerðu með bréfi dags. 10. september 1982. Þar sem ekki tókst að selja nema lítinn hluta félagsins, sem eftir var, óskaði skilanefndin eftir að félagið yrði úrskurðað gjaldþrota og var það gert hinn 15. nóvember 1982."

IV.

Dómkröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar í aðalatriðum:

1. Vegna greiðslu hinn 8. september 1982 til Alþýðubankans er rann til greiðslu á vanskilaskuldum félagsins sem að mestu voru tryggðar með veðum í eigum stefndu Bergs og Leós	kr.	665.584,90
2. Vegna greiðslu hinn 16. september 1982 til Útvegsbanka Íslands á vanskilavíxli félagsins er stefndu Bergur og Leó voru ábekingar á	"	75.000,00
3. Vegna greiðslu hinn 6. sept. 1982 til Microtölvunnar sf. á dómskuld félagsins, en við fjárnámsgerð hinn 29. júní 1982 vísaði stefndi Leó á fasteign sína, Nesveg 12, Höfnum, til tryggingar skuldinni	"	65.070,00
4. Vegna afhendingar skömmu fyrir gjaldþrotið til stefnda Bergs upp í laun á tilteknum skrifstofumunum félagsins metnum á	"	23.700,00
5. Vegna greiðslu bókfærðrar hinn 30.9. 1982 til stefnda Bergs fyrir störf í skilanefnd	"	39.022,00
6. Vegna greiðslu til Bókhaldstækni hf. hinn 25. ágúst og 31. október 1982 á skuld vegna bókhaldsvinnu	"	38.754,00

7.	Vegna greiðslu til Máls og Menningar	"	10.354,45
8.	Vegna greiðslu hinn 14. sept. 1982 til Iðnaðarbanka Íslands hf. á víxli er legið hafði í bankanum í vanskilum frá 25.12. 1981. Víxillinn var útgefinn af stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó	"	18.331,65
9.	Vegna greiðslu (hinn 30. ágúst 1982?) til Tollstjórans í Reykjavík á tveimur innstæðulausum tékkum	"	66.046,97
10.	Vegna framsals til stefnda Leós hinn 31. ágúst 1982 á reikningum að fjárhæð kr. 19.826 á hendur Varnarliðinu og vegna afhendingar til hans á skrifborði virtu á kr. 3000 upp í launakröfur hans samtals	"	22.826,00
		Samtals	kr. 1.014.689,90

V.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndu Bergur og Leó, sem voru stjórnarmenn í félaginu og framkvæmdastjórar þess allt til hins síðasta og Bergur síðar sem skilanefndarmaður, hafi orðið þess valdandi að verulegum hluta eigna félagsins hafi verið ráðstafað til að greiða skuldir félagsins sem þeir báru sjálfir ábyrgð á og þeir þannig ívilnað sjálfum sér á kostnað búsins og skuldheimtumanna þess.

Auk þess sem þetta athæfi þeirra sé refsivert skv. 250. gr. sbr. 249. gr. hgl. séu þeir skaðabótaskyldir gagnvart búinu skv. almennum skaðabótareglum, svo og l. nr. 32/1978, 132. gr.

Kröfur á hendur stefnda Guðmundi R. Óskarssyni eru á því byggðar að hann hafi sem löggiltur skilanefndarmaður í félaginu borið ábyrgð á, jafnvel þótt bein þátttaka verði ekki sönnuð, að fjármunir félagsins hafi komist úr höndum félagsins skömmu fyrir gjaldþrot þegar honum mátti vera ljóst að félagið átti ekki fyrir skuldum.

Um ábyrgð beggja skilanefndarmanna vísar stefnandi einnig til 14. kafla hgl.

Því er haldið fram að með því að taka að sér störf sem skilanefndarmenn hafi þeir undirgengist ábyrgð sem sé almennt ekki minni en ábyrgð stjórnarmanns í hlutafélagi, en í þessu tilfelli sé ábyrgð Guðmundar ríkari þar sem hann er löggiltur endurskoðandi og hafi starfað sem slíkur í þágu félagsins.

Auk ábyrgðar skv. almennum skaðabótareglum beri allir stefndu bótaábyrgð skv. 132. gr. l. nr. 32, 1978, og sé engin ástæða til að færa bótafjárhæð niður skv. 132. gr. 2. mgr.

Um frekara eðli ábyrgðar stefndu skv. hlutafélagalögum vísar stefnandi til 52. gr. 2. mgr., 60. gr. og 120. gr. laganna.

Af hálfu stefndu er varakrafa um sýknu einkum studd þeim röksemdum, að stefndu hafi ekki gerst sekir um skaðabótaskyldan verknað, hvorki samkvæmt almennu skaðabótareglunni né l. nr. 32/1978. Er því sérstaklega mótmælt að stefndu hafi ívilnað sér á kostnað búsins eða skuldheimtumanna þess. Þvert á móti hafi það verið með hag félagsins fyrir brjósti, sem stefndu Bergur og Leó lánuðu félaginu veð í fasteignum sínum, svo að félagið fengi aukið rekstrarfé. Dráttur á greiðslu afborgana og vaxta af lánum þessum hefði heldur ekki orðið stefndu til hagsbóta. Fyrir liggi að stefndu hafi látið lán þau, er þeir voru ábyrgir fyrir, dragast á meðan aðrar greiðslur voru ógreiddar. Það hafi ekki verið fyrr en að bjóða átti upp eignir félags og eins hluthafa Bandag hf., er lánað hafði félaginu veð, að þeir létu Skrifstofutækni hf. greiða skuldir þessar, enda hafi kröfur þessar ótvírætt verið þær mest áríðandi að greiddar væru, auk þess sem þar með hafi verið gert upp við aðalviðskiptabanka félagsins sem ekki veitti félaginu frekari fyrirgreiðslu vegna vanskila þess. Ráðstöfun stefnda Bergs Björnssonar á kaupverði samkvæmt kaupsamningi frá 24. ágúst 1982 hafi því verið eðlileg eins og á stóð, enda hafi eigendur félagsins á þeirri stundu verið fullvissir um að eignir félagsins myndu seljast fyrir skuldum þess.

Fyrir liggur að stefndu Leó og Bergur hafi sjálfir orðið persónulega fyrir miklu tjóni, þar sem þeir hafi orðið að taka á sig verulegar skuldir félagsins sem þeir höfðu tekið ábyrgð á. Megi þar nefna Alþýðubankann og Iðnlánasjóð, en auk þess hafi þeir og eiginkonur þeirra tapað öllu hlutafé sínu.

Að því er varði Leó M. Jónsson sérstaklega, þá sé upplýst í málinu að hann hafi ekki annast fjármál félagsins og ekki komið nálægt þeim greiðslum er stefnt er út af í máli þessu.

Að því er varði Guðmund R. Óskarsson, þá sé einnig upplýst í máli þessu að umræddar greiðslur hafi verið greiddar án hans tilstillis. Komi það fram í skjölum málsins og yfirheyrslum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að helstu greiðslurnar hafi verið greiddar áður en skilanefndarmennirnir fengu löggildingu og tóku til starfa og aðrar greiðslur án þess að leitað væri eftir samþykki hans.

Eins og mál þetta liggi fyrir sé ljóst að hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, þá hafi hann sjálfur valdið því með því að hefja ekki nauðsynlegar aðgerðir innan tilskilins tíma. Hljóti hann því sjálfur að verða að bera meint tjón sitt, enda verði ábyrgð stefndu aðeins til vara sbr. meginreglu 2. mgr. 110. gr. l. 32/1978.

Þrautavarakrafa stefndu um að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og málskostnaður verði felldur niður er einkum studd þeim rökum að samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi þrotabú aldrei rétt til hærri greiðslu en nemur tjóni búsins. Í máli þessu krefji stefnandi stefndu um fjárhæð er nemi þeim greiðslum er greiddar voru af félaginu í ágúst

og september 1982. Ljóst sé að hefðu þessar greiðslur ekki verið greiddar hefðu kröfuhafar þessir lýst kröfum sínum og þá hefðu skuldir búsins hækkað sem því nemur. Miðað við kröfu stefnanda hefði því borgað sig fyrir stefndu að láta félagið strax í gjaldþrot, en þá hefði sala sú sem fram fór 24. ágúst 1982 sjálfsagt ekki átt sér stað.

Eins og áður sé fram tekið hafi stefndu Bergur og Leó tekið á sig verulegar skuldir vegna félagsins, og séu eignir þeirra enn í dag undir hamrinum vegna þeirra. Þá hafi þeir tapað öllu hlutafé sínu. Því sé lækkunarskilyrði 2. mgr. 132. gr. hgl. fyrir hendi, sbr. 65. gr.laga nr. 6/1978.

Við munnlegan málflutning var sú yfirlýsing lögmanns stefnanda bókuð, „að ef stefndu verði dæmdir til greiðslu dómkrafna verði þeir kröfuhafar í búið".

VI.

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson bar við aðilayfirheyrslu að afskipti sín af félaginu áður en hann varð skilanefndarmaður, hefðu verið þau að hann hafði gert skattframtöl fyrir félagið samkvæmt bókhaldsgögnum, yfirleitt frágengnum, er hann hefði fengið í hendur. Milli framtala hefðu afskipti sín engin verið. Hann kvaðst ekkert hafa komið nálægt sölunni hinn 24. ágúst 1982. Það hafi verið fyrstu dagana í september sem Bergur hringdi og bað hann að vera skilanefndarmaður. Síðan hafi sér borist löggildingarbréfið og strax gefið út innköllun, en hana undirritar hann 10. september. Þeim Bergi hafi komið saman um að grundvöllur starfa skilanefndar væri sá að reikningsuppgjör lægi fyrir og Bergur tekið að sér að færa það að fullu upp.

Hinn 20. september hafi þeir skilanefndarmennirnir komið saman og þá hafi verið gengið frá sölu á einu umboði til Hans Árnasonar á kr. 80.000, þ.e. viðhaldssamningi vegna Olivettivéla og tækjum og gögnum því viðkomandi.

Bergur hafi lokið við að færa upp bókhaldið í byrjun nóvember. „Bergur sendi mér stöðulista yfir bókhaldið eins og það stóð þá. Ég þóttist sjá það fljótlega að það væru tæpast skilyrði til að slíta því með þeim hætti sem þeir höfðu ætlað og lagði til fljótlega upp úr því, að vísu eftir að hafa spurt hann út í skuldastöður og skoðað einnig innsendar kröfulýsingar, að þetta yrði að fara með til skiptaráðanda. Fljótlega upp úr því gerðum við það. Síðan hef ég í raun ekki haft afskipti af þessu máli."

Er stefndi Guðmundur var spurður nánar um hvort honum hefði verið kunnugt um greiðslur þær er mál þetta snýst um, þ. á m. ráðstöfun víxla þeirra er félagið fékk með samningnum 24. ágúst, svaraði hann:

„Ég hafði raunverulega ekki önnur afskipti af þessu en ég hef þegar rakið og mér voru ókunnug þessi viðskipti sem ágreiningur virðist standa um,

að mestu leyti nema ef að vera skyldi þarna reikningur fyrir bókhald til Bergs. Ég man ekki eftir öðru, þessi tilvitnuðu atriði sem þú nefndir, ég kannast ekki við það.“

Stefndi Guðmundur kvaðst hafa fengið kr. 2.000 eða þar um bil fyrir framangreind störf sín. Hann kvaðst hafa mætt hjá skiptaráðanda við fyrirtöku á gjaldþrotaskiptabeiðninni og afhent bókhaldsgögnin. Ekki kvaðst hann hafa látið neinar athugasemdir fylgja.

VII.

Skal nú vikið að rökstuðningi lögmanna aðila um hina 10 liði dómkröfu stefnanda, sbr. kafla IV hér að framan:

1. Alþýðubanki Íslands hf.

Um þennan kröfulið segir í stefnu:

„Stefndi Bergur Björnsson skýrði frá því fyrir skiptarétti 17. nóv. 1982 að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum fyrir gjaldþrotið áður en rekstur félagsins var lagður niður reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs.

Hins vegar hafi þeir með kaupsamningi dags. 24. ágúst s.á. selt Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni all-verulegan hluta eigna félagsins.

Með samningi þessum, sem er undirritaður af stefndu Bergi og Leó, seldi félagið 3 Superbrain tölvur, 1 Apson prentara, 1 telexprentara, 1 ljósritunarvél, innréttingar og húsgögn og ýmis önnur tæki og varahluti, jafnframt því sem kaupendur yfirtóku viðhaldssamninga seljanda á Xerox ljósritunarvélum og þjónustu fyrir nokkur erlend umboð. Ennfremur voru ákvæði um enn frekari afhendingu eigna í samningi þessum.

Kaupverð hinna seldu eigna skv. samningi þessum var kr. 1.000.000,00, og var það greitt með sex víxlum nánar þannig:

1.	Víxill pr. 28/08 '82	kr.	166.666,00
2.	“ “ 03/09 '82	kr.	166.666,00
3.	“ “ 13/09 '82	kr.	166.667,00
4.	“ “ 27/09 '82	kr.	166.667,00
5.	“ “ 04/10 '82	kr.	166.667,00
6.	“ “ 18/10 '82	kr.	166.667,00

Með bréfi dags. 8. sept. 1982, eða sama dag og löggilding fyrir skilanefndarmenn félagsins var gefin út, sendi stefndi Bergur lögmanni Alþýðubankans h/f, Guðjóni Ármanni Jónssyni hdl., 4 síðast töldu víxlana, alls að fjárhæð kr. 666.668,00.

Segir í bréfinu að víxlarnir gangi til greiðslu á víxli pr. 7/12 '81, kr.

100.000,00, en afgangurinn gangi að jöfnu upp í vanskilalán Skrifstofutækni, sem eru með 3 fasteignaveðum.

Í samræmi við þetta afreiknaði bankinn víxlana og ráðstafaði virðinu þannig:

1. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150054 hjá bankanum skv. veðskuldabréfi upphaflega kr. 100.000,00 útg. 18.2.81 með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, Hafnarhreppi, eigandi Leó M. Jónsson, annar framkvæmdarstjóra félagsins og stjórnarmaður. Greiddar voru fallnar afborganir og vextir pr. 15.08.81, pr. 15.02.82 og 15.08.82 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls	kr. 132.726,00
2. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150053 skv. veðskuldabréfi dags. 18.02.81, upphaflega kr. 100.000,00 með 8. veðrétti í fasteigninni Ásbúð 48, Garðabæ, eigandi Gerður Kristjánsdóttir, eiginkona stefnda Bergs Björnssonar. Greiddar voru fallnar afborganir pr. 15.08.81, 15.02.82 og 15.08.82 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls	kr. 131.696,00
3. Til greiðslu v/láns félagsins nr. 150064 útg. 9. mars 1981, upphafl. kr. 100.000,00 með 3. veðr. í fasteigninni Krókhálsi 1, Reykjavík, eig. Bandag-hjólbarðasóluninni h/f. Greiddar voru afborganir pr. 09.09.81, 09.03.82 og 09.09.82 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls	kr. 125.153,00
4. Til greiðslu vanskilavíxils að fjárhæð kr. 100.000,00 samþ. af félaginu pr. 7.12.81, en skuldin var tryggð með fjárnámsgerð í Nesvegi 13, Hafnahreppi, eign Leó M. Jónssonar, samtals með dráttarvöxtum og kostnaði, alls	kr. 160.099,00
	kr. 549.674,00
5. Varið til jafnra innborgana inn á eftirst. framangreindra 3ja skuldabréfa	kr. 105.910,90
	kr. 655.584,90

Með því að nota víxla, sem komu út úr sölu félagsins á mestum hluta eigna félagsins til að greiða Alþýðubankanum h/f skuldir félagsins, sem stefndi Bergur eða eiginkona hans, stefndi Leo og Pétur Rafnsson, hluthafi í félaginu og fyrrverandi stjórnarmaður, báru ábyrgð á, varð félagið svipt verðmætum sem áttu að nýtast öllum skuldheimutmönnum jafnt í hlutfalli við kröfur þeirra og stöðu í skuldaröð.

Þessi ráðstöfun er þeim beinlínis refsiverð skv. 250. gr. 4. tl. hgl. og bera þeir þar af leiðandi einnig skaðabótaábyrgð á afleiðingum hennar.

Stefndi Bergur sendi lögmanni bankans víxlana með bréfi dags. 8. sept. 1982, en þann dag var löggilding skilanefndarmanna einmitt gefin út.

Á þessu stigi málsins er ekki upplýst hvort stefndi Guðmundur R. Óskarsson vissi um þessa ráðstöfun er hún var gerð, en honum hefði verið í lófa lagið að afturkalla hana áður en bankinn keypti víxlana, sem hann ekki gerði, svo að félagið varð bundið af henni og síðan búið. Af þessu leiðir að stefndi Guðmundur verður bótaskyldur gagnvart búinu vegna þessarar ráðstöfunar, óskipt ásamt öðrum stefndum.

Bótakrafa skv. þessum lið er kr. 655.584,90."

Af hálfu stefndu er því haldið fram, ,,að eðlilegt hafi verið af stefnda Bergi að afhenda Alþýðubankanum umrædda víxla. Krafa stefnanda felur í sér að búið myndi haganst, ef krafan væri tekin til greina. Sérstaklega skal bent á, að í kröfu stefnanda felst krafa um greiðslu á víxli, sem stefndu höfðu ekki gerst víxilskuldarar að. Af gögnum málsins má sjá, að greiðslan er ekki ákvörðuð af skilanefnd félagsins og verður því ekki lögð ábyrgð á skilanefndina sem slíka vegna greiðslu þessarar. Um þá málsástæðu stefnanda, að stefnda Guðmundi hafi borið að afturkalla greiðsluna áður en bankinn keypti víxlana, vísast til þess er áður er sagt um að þrotabúið fékk sjálft möguleika á að endurheimta greiðsluna í tæka tíð, en nýtti sér ekki þann rétt sinn. Í máli stefnanda gegn Alþýðubankanum, stefndu Bergi og Leó o.fl., er stefnt var fyrir bæjarþing Reykjavíkur, féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur þeim Bergi og Leó hinn 26. apríl 1984. Getur hann af þeim sökum ekki sótt þá til greiðslu sömu kröfu í máli þessu."

2. Útvegsbanki Íslands.

,,Þ. 16. sept. 1982 greiddi stefndi Bergur Útvegsbanka Íslands skuld skv. víxli, sem Skrifstofutækni h/f hafði áður samþykkt til greiðslu pr. 16/6 '82 og lá í vanskilum í bankanum. Víxillinn var útgefinn af stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó. Var víxillinn greiddur af fé félagsins sem fengist hafði við sölu eigna félagsins. Greiðslan var alls að fjárhæð kr. 91.606.97 ...

Þessi greiðsla til Útvegsbankans kom þeim stefndu Bergi og Leó beinlínis til góða þar sem þeir báru báðir persónulega ábyrgð á skuldinni.

Greiðslan fór fram 16. sept. 1982 eða á þeim tíma sem félagið var til meðferðar hjá skilanefnd.

Skilanefndarmaðurinn Guðmundur R. er því ábyrgur óskipt með öðrum stefndum fyrir skuldinni sem er kr. 91.606,97."

Andsvör af hálfu stefndu eru þessi:

,,Eins og fram kemur í stefnu er um að ræða greiðslu sem Bergur innti

af hendi án samráðs við stefnda Guðmund og er hún því ekki greidd af skilanefnd sem slíkri. Ekki er um ofgreiðslu að ræða, en um vanskilaskuldir var að ræða. Athygli skal vakin á því, að greiðsla 17. september 1982 að fjárhæð kr. 16.606,97, er skuldfærð af hlaupareikningi félagsins í Útvegsbanka Íslands, en bankanum hefði verið í lófa lagið að skuldajafna greiðslu þessari af hlaupareikningnum hvenær sem var. Í bréfi Útvegsbanka Íslands, dskj. nr. 67, kemur fram að greiðsla að fjárhæð kr. 75.000 hafi verið með tékka útgefnum af Bergi persónulega. Er ekki upplýst á hvern hátt Skrifstofutækni hf. greiddi fjárhæð þessa. Um lið þennan gildir það sama og um aðra liði, að stefnandi færði sér ekki í nyt rétt sinn til að endurkrefja Útvegsbanka Íslands í tæka tíð og glataði þar með þeim rétti sínum. Ábyrgð Bergs eða annarra getur ekki verið önnur en einföld ábyrgð."

Stefnandi lækkaði þennan kröfulið í kr. 75.000,00 við munnlegan flutning.

3. Microtölvan s/f.

„Félagið skuldaði Microtölvunni s/f og var skuldin orðin að fjárhæð kr. 104.077,76 í ágúst 1982, en við fjárnámsgerð 29. júní s.á. vísaði stefndi Leó á fasteign sína, Nesveg 12, Höfnum, til tryggingar skuldinni.

Þann 6. sept. s.á. greiddi Helgi V. Jónsson hrl., sem hafði annast samningsgerð félagsins við Örn Johnson og Ólaf S. Sigurðsson, sbr. hér að framan, lögmanni Microtölvunnar s/f, Jóni Halldórssyni hdl., skuldina að fullu með kr. 65.070,00, en fasteign Leós var þá komin að því að vera seld á öðru og síðasta nauðungaruppboði. Þessar kr. 65.070,00 voru greiddar af inneign félagsins hjá Helga vegna sölu á eignum félagsins ...

Sú ráðstöfun lögmanns félagsins að greiða Microtölvunni s/f skuld sem stefndi Leó var ábyrgur fyrir hefur vafalaust verið gerð að fyrirmælum hans sjálfs eða meðstefnda Bergs. Greiðsla fór fram 6. sept. 1982 eða aðeins 2 dögum fyrir löggildingu skilanefndar. Greiðslan kom stefnda Leó beinlínis til góða og öðrum skuldheimtumönnum í búinu til tjóns og verður til þess að stefndu verða allir bótaskyldir hennar vegna óskipt, stefndi Guðmundur R. vegna þess að hann gerði ekkert til að afturkalla hana, hafi hann þá ekki beinlínis vitað um hana þegar hún fór fram."

Andmæli stefndu eru svofelld:

„Þegar um greiðslu þessa var samið hafði skilanefnd ekki verið kjörin. Hinsvegar hafði hún verið kjörin þegar greiðsla fór fram hinn 6. september 1982, en hafði þá ekki tekið til starfa. Eins og greiðslan ber með sér sló kröfuhafinn af kröfunni, en samningar um upphæð hennar höfðu staðið í um viku. Vakin er athygli á því að stefndi Leó hafði bent á fasteign sína til tryggingar skuldinni þegar fjárnáms var krafist fyrir henni. Átti sala á fasteigninni að fara fram 9. september 1982."

4. Greiðslur til stefnda, Bergs Björnssonar upp í laun.

„Við athugun á bókhaldi félagsins eftir að skipti byrjuðu kom í ljós, að Bergur hafði skömmu fyrir gjaldþrot fengið afhentar upp í laun 2 rafmagnsritvélar, 4 skrifborð, skáp og 40 ferm. gólfteppi, alls virt á kr. 23.700,00, eða nánar þannig:

a. Skv. fylgiskjali nr. 4039 dags. 16/11 notuð rafmagnsritvél P-48	kr.	3.000,00
b. Skv. fylgiskj. nr. 3996 dags. 31/8 '82 notað skrifborð og skápur	kr.	4.500,00
c. Skv. fylgiskj. nr. 4034 dags. 31/10 '82 3 skrifborð, ca. 40 ferm. gólfteppi og 1 notuð rafmagnsritvél	kr.	16.200,00
Alls	kr.	23.700,00

Með því að taka umrædda hluti undir sjálfum sér upp í ógreidd laun hefur stefndi Bergur beinlínis brotið gegn 250. gr. 4. mgr. hgl. og verður jafnframt bótaskyldur.

Telja má víst að stefndi Leó hafi um þetta vitað svo að bótaábyrgð fellur einnig á hann.

Þá verður stefndi Guðmundur R. ábyrgur skv. þessum lið þar sem ráðstöfunin var gerð í tíð hans sem skilanefndarmanns.

Bótakrafa skv. þessum lið er kr. 23.700,00."

Af hálfu stefndu er því haldið fram að hér sé í raun um riftunarmál að ræða sem of seint sé höfðað, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur og Hæstaréttar. Aðrir en Bergur hafi hér ekki komið við sögu.

5. Greiðslur til Bergs Björnssonar fyrir störf í skilanefnd.

„Í ljós kom að stefndi Bergur hefur greitt sjálfum sér rétt áður en skipti hófust (bókað 30/9 '82) þóknun fyrir störf í skilanefnd að fjárhæð kr. 48.614,00 ...

Bótakrafa skv. þessum lið er á því byggð að störf stefnda Bergs í skilanefnd hafi ekki verið þess verð að hann eigi nokkur laun skilið fyrir þau og beri honum því að endurgreiða búinu þessa fjárhæð.

Því er haldið fram að greiðslan hafi verið ólögmæt að öðru leyti eins og komið var fyrir félaginu og að hún hafi verið gerð með samþykki meðstefndra Leós og Guðmundar R. og séu þeir því ábyrgir óskipt ásamt stefnda Bergi fyrir kröfunni kr. 48.614,00."

Um þennan lið segir í greinargerð stefndnu:

„Sama gildir og um lið 4 hér að framan. Ekki liggur fyrir álit skiptaréttar á því hvað hann taldi hæfilega greiðslu til Bergs fyrir skilanefndarstörf, en óvéfengjanlegt er að hann vann feikilegt starf í sambandi við tilraunir

sínar til að selja eignir félagsins, eða hlutafé þess, þó að það að lokum bæri ekki árangur nema að litlu leyti. Þeir Leó og Guðmundur komu hér ekki nærri."

Við málflutning lækkaði lögmaður stefnanda þennanlið í kr. 39.022,00 með því að leiðrétta útreikningsskekkju.

6. Greiðslur til Bókhaldstækni h/f.

„Þann 25. ágúst og 31. okt. 1982 greiddi stefndi Bergur Bókhaldstækni h/f skuld Skrifstofutækni h/f vegna bókhaldsvinnu með víxlum, sem félagið átti vegna seldra eigna félagsins, alls að fjárhæð kr. 39.442,10.

Stefndi Bergur var á þessum tíma aðaleigandi og fyrirsvarsmaður Bókhaldstækni h/f ...

Því er haldið fram að með því að taka undir sjálfum sér fjárhæð skv. þessum lið til handa fyrirtæki sínu, Bókhaldstækni h/f, sé stefndi ábyrgur gagnvart búinu og beri að endurgreiða fjárhæðina, in solidum með öðrum stefndu kr. 39.442,10.

Greiðslur eru bókaðar 25.08.82 og 30.10.82 eða á tíma skilanefndarmanna og er stefndi Guðmundur R. því einnig ábyrgur."

Í greinargerð stefndu segir:

„Bókhaldstækni hf. vann uppgjör fyrir skilanefndina, sem einnig var notað af skiptarétti. Hlýtur fyrirtækið að hafa átt rétt til greiðslu fyrir það verk."

Við málflutning leiðrétti lögmaður stefnanda þennan lið og lækkaði hann í kr. 20.364,00.

7. Greiðslur til Máls og Menningar með víxli.

„Stefndi Bergur afhenti Máli og Menningu víxil samþ. af 3ja manni, en víxill þessi var eign félagsins og var að fjárhæð kr. 10.354,45 ...

Greiðsla þessi er bókuð 13.11.82 og eru stefndu Bergur og Guðmundur R. solidariskt ábyrgir fyrir skuldinni, sem er kr. 10.354,45."

Um þennan lið segir lögmaður stefndu:

„Um er að ræða greiðslu víxils, er gjaldféll hinn 10. júní 1982. Greiðslan er hagstæð að því leyti, að hún er vaxtalaus og á sér stað með víxli. Á þessum tíma er ekki búið að taka ákvörðun um gjaldþrot. Leó og Guðmundur komu ekki nærri þessari greiðslu."

8. Greiðsla víxilskuldar við Iðnaðarbanka Íslands h/f.

„Hinn 14. september 1982 greiddi stefndi Bergur Iðnaðarbanka Íslands h/f skuld skv. víxli að fjárhæð kr. 20.000,00 sem lá í bankanum í vanskilum frá 25/12 '81. Víxillinn var útgefinn af stefnda Bergi og ábektur af stefnda Leó. Alls voru greiddar kr. 18.331,65 ...

Greiðslan var innt af hendi á tíma skilanefndarinnar og eru allir stefndu óskipt ábyrgir. Fjárhæðin er kr. 18.331,65.“

Lögmaður stefndu segir:

„Hér var um að ræða vanskil allt frá desember 1981, og var greiðsla þeirra hagkvæm að því leyti, að bankinn gerði aðeins kröfu um hálf innheimtulaun. Greiðslan var innt af hendi af Bergi persónulega og liggur ekki fyrir hvernig Skrifstofutækni hf. greiddi hana. Málið var ekki afgreitt af skilanefnd og Leó kom hér ekki heldur nærri.“

9. Greiðsla innstæðulausra tékka til Tollstjórans í Reykjavík.

„Helgi V. Jónsson hrl., sem hafði annast samningsgerð á eignum félagsins, greiddi Tollstjóranum í Reykjavík skuld vegna 2 innstæðulausra tékkávísana. Greiðslan var að fjárhæð kr. 66.046,97 og var hluti af andvirði víxils, sem Helgi hafði selt fyrir félagið og stafaði af sölu eigna þess skömmu fyrir gjaldþrot ...

Umrædd greiðsla var innt af hendi 14.09.82 og er á ábyrgð skilanefndarmanna, sem verða báðir ábyrgir óskipt fyrir upphæðinni, kr. 66.047,00.“

Lögmaður stefndu segir:

„Umrædd greiðsla var ekki innt af hendi á ábyrgð skilanefndarmanna, enda var hún ákveðin um leið og kaupsamningurinn 24. ágúst var frágenginn. Kvittun tollstjóra, dskj. nr. 19 ber ekki greinilega með sér hvenær greiðslan átti sér stað, en kvittunin virðist vera dags. 30. ágúst 1982. Greiðslan getur aldrei talist á ábyrgð Leós né Guðmundar.“

10. Framsal reikninga á hendur Varnarliðinu til Leós M. Jónssonar og afhending skrifborðs til hans.

„Fram hefur komið í bókhaldi félagsins að 31. ágúst 1982 hafi stefndi Leó fengið framselda reikninga á hendur Varnarliðinu að fjárhæð kr. 19.826,00 og ennfremur hafi hann fengið notað skrifborð, virt á kr. 3.000,00, upp í launakröfu sína, en alls er þetta kr. 22.826,00 ...

Umrædd greiðsla fór fram í tíð skilanefndar og því á ábyrgð beggja skilanefndarmanna og stefnda Leós sjálfs in solidum.“

Lögmaður stefndu segir:

„Hér er um misskilning stefnanda að ræða. Eins og fram hefur komið í yfirheyrslum í bæjarþingi Reykjavíkur, er samningur milli varnarliðsins og Xerox corp. í Bandaríkjunum um leigu á ljósritunarvélum og er í leigugreiðslum varnarliðsins innifalinn viðhaldskostnaður. Xerox corp. gerði hins vegar samning um viðhaldið við Leó persónulega og hefur Leó keypt hluta af viðhaldinu frá Skrifstofutækni hf. Reikningar stílaðir á Leó vegna varnarliðsins, sbr. dskj. nr. 8 áttu því að greiðast af Leó, en ekki varnarliðinu, eins og stefnandi virðist álíta.“

VIII.

Sem áður greinir var aðalkröfu stefndu um frávísun hrundið með úrskurði uppkveðnum 23. desember 1985. Ekki fær dómarinn séð að upplýsingar þær, er greinir í 3. mgr. 108. gr. l. 75/1936, hafi síðan komið fram í málinu, og verður því ekki frekar um frávísunarkröfuna fjallað að öðru leyti en því að rekja helstu málsástæður. Af hálfu stefndu, sem töpuðu frávísunarþættinum, voru þær svo fram settar í greinargerð þeirra:

„Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndu Bergur og Leó sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Skrifstofutækni hf. hafi valdið stefnanda tjóni með greiðslum félagsins til tiltekinna kröfuhafa og séru þeir bótaskyldir samkvæmt almennum skaðabótareglum, svo og lögum nr. 32/1978, 132. grein.

Í 132. grein hfl. er sérregla um skaðabótaábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í hlutafélögum. Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. greinarinnar er það skilyrði fyrir bótaábyrgð, að viðkomandi stjórnarmenn hafi brotið gegn ákvæðum laganna eða samþykktum félagsins. Stefnandi hefur ekki í máli sínu greint frá hvaða ákvæði laganna eða samþykkta félagsins stefndu hafi brotið, önnur en að hann tilgreinir 52. gr. 2. mgr., 60. gr. og 120 gr. hlutafélagalaganna, en ljóst er að stefndu hafa ekki brotið þær lagagreinar. Stefnandi hefur heldur ekki greint nánar frá því hvaða almennar skaðabótareglur stefnandi ætlar að bera fyrir sig. Hlýtur því að bera að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar.

Þegar mál þetta er höfðað var liðinn málshöfðunarfrestur sá er tilnefndur er í 2. mgr. 134. gr. hfl. og ber því að vísa máli þessu frá dómi af þeim sökum. Skal í þessu sambandi sérstaklega mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að allir stefndu hafi gerst sekir um hegningarlagabrot. Hafi svo verið bar skiptaráðanda að óska opinberrar rannsóknar samkvæmt 4. tl. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ljóst er að stefnandi getur ekki átt lengri málshöfðunarfrest gagnvart stefndu en gagnvart þeim er fengu viðkomandi greiðslur. Með því að nota ekki málshöfðunarrétt sinn í tæka tíð er ábyrð stefndu, sé hún á annað borð einhver, niður fallin, enda hefði hún aldrei getað verið nema til vara.

Mál þetta að því er varðar kröfuliði nr. 4 og 5 er í raun riftunarmál sem bæjarþing Reykjavíkur og Hæstiréttur hafa talið of seint höfðað og vísað frá dómi, sbr. dskj. nr. 61 og 62. Ber að vísa þessum liðum frá dómi af þessari ástæðu.

Ákvörðun um málshöfðun þessa er tekin á skiptafundi hinn 17. desember 1984, sbr. dskj. nr. 30, þar sem aðeins lögmaður stefnanda var viðstaddur, en hann var upphaflega fulltrúi kröfuhafa með lýsta kröfu að fjárhæð kr. 4.891. Var þess ekki gætt að boða til þessa fundar eins og fyrir er mælt í 96. gr. laga nr. 6/1978 og ekki var sérstök tilkynning send stefndu, eins

og mælt er fyrir um í 2. tl. 96. gr. Getur málssókn þessi því ekki byggst á ákvörðun þessa skiptafundar og ber því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur stefnda Guðmundi á því að hann hafi látið það viðgangast, án sannaðrar beinnar þátttöku, að fjármunir félagsins hafi komist úr höndum félagsins skömmu fyrir gjaldþrot. Ber að skilja málflutning stefnanda svo, að hann telji að stefnda Guðmundi hafi borið að ná til baka hinum umgetnu greiðslum, sem að langmestu leyti voru inntar af hendi áður en hann var löggiltur sem skilanefndarmaður og án hans vitundar, eins og fram kemur í framburði Bergs fyrir dómi. Hlýtur þessi málflutningur stefnanda að fela í sér að hann telji að stefnda Guðmundi hafi borið að krefjast riftunar á hinum tilgreindu greiðslum eða höfða riftunarmál til ógildingar þeirra. Þessari málsástæðu stefnanda er mótmælt. Félagið var afhent skiptarétti sem gjaldþrota 68 dögum eftir að stefndu Guðmundur og Bergur voru löggiltir sem skilanefndarmenn félagsins. Var því þrotabúinu sjálfu í lófa lagið að rifta greiðslum þessum og gæta sinna hagsmuna varðandi þessar greiðslur. Þessi réttur var ekki notaður í tæka tíð eins og áður er rakið og hefur því búið sjálft valdið sínu tjóni, hafi það á annað borð átt einhvern rétt á hinum tilgreindu greiðslum. Málshöfuðnarfrestur á hendur Guðmundi getur ekki verið lengri en gegn hinum raunverulegu aðilum málsins, þ.e. þeim er fengu greiðslurnar, enda getur ábyrgð Guðmundar aldrei verið nema til vara. Hlýtur því að verða að vísa máli þessu frá að því er varðar stefnda Guðmund. Athygli skal á því vakin að Guðmundur var aldrei boðaður til skiparáðanda til skýrslugjafar.

Ábyrgð skilanefndarmanna getur ekki orðið ríkari en stjórnar félagsins og væri óeðlilegt að málshöfðunarfrestir væru rýmri en um getur í 2. mgr. 134. gr. hl. gagnvart skilanefndarmönnum. Vísast því að því er þá varðar til frávísunarkröfu í tl. 2 hér að framan."

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að 68. gr. gjaldþrotalaga fjalli um riftun en ekki bótakröfur. Að ósanngjarnt væri að láta þá njóta frestsins sem hafa framið bótaskylt (og jafnvel sviksamlegt) athæfi. Tilgangur ákvæðisins sé tæpast sá að hjálpa slíkum aðilum. Ef málið teljist of seint höfðað þá sé það sýknu- en ekki frávísunarástæða. Stefndu vitni ranglega í 2. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga, en það lagaákvæði eigi hér ekki við. Skiptafundur hafi verið auglýstur í Lögbirtingablaði. Annar töluliður 96. gr. l. 6/1978 eigi hér ekki við. Málsástæðan um stefnda Guðmund sé efnisvörn nema málshöfðunarfresturinn en umræddur málshöfðunarfrestur gildi ekki um hann. Um skilanefndarmenn gildi sama ábyrgðarreglan og um stjórnarmenn.

Álit réttarins:

Samkvæmt skrá um lýstar kröfur er fram var lögð á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983, námu lýstar kröfur samtals kr. *3.026.218,00* auk danskra

kr. *12.092* og norskra kr. *13.842,27,* og skiptust þannig, að krafa er lýst var utan skuldaraðar var kr. 34.554,00, lýst sem forgangskröfum kr. 527.812,00, lýst sem almennum kröfum kr. 2.463.852,00. Allar þessar kröfufjárhæðir eru uppreiknaðar með vöxtum og kostnaði til upphafsdags skipta, þar sem þess var krafist. Af þessum kröfum sýnist skiptaráðandi hafa hafnað almennri kröfu kr. 51.113,00 að svo stöddu, og fært kröfu þá, er lýst var utan skuldaraðar og nokkrar forgangskröfur í röð almennra krafna.

Samkvæmt vottorði skiptaráðanda dags. 16. apríl 1984 um eignastöðu umræddS þrotabús var brúttóeign þess þá kr. 195.968,62, en að frádregnum 3.785,00 króna skiptakostnaði og 25.000,00 króna útlögðum kostnaði vegna málssóknar taldist nettóeign búsins kr. *167.183,62.*

Eftir þessu hefur andvirði eigna félagsins verið að stærstum hluta varið til þess að greiða kröfur þær er mál þetta snýst um. Eftir því hefur sú orðið raunin á að kröfuhafar félagsins hafa orðið mjög misjafnlega settir vegna greiðslna þeirra er mál þetta snýst um.

Um nokkra af hinum 10 stefnuliðum gegnir því máli, að þar var um greiðslu skulda að ræða, sem stefndu Bergur og Leó, stjórnarmenn og aðaleigendur félagsins, voru persónulega ábyrgir fyrir, eða voru veðtryggðar í eignum þeirra.

Samkvæmt því sem fram er komið í máli þessu verður ekki talið að þeir hafi síðsumars 1982 getað verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins. Þvert á móti verður að telja, að þegar þeir komu sér hjá að leysa til sín umræddar ábyrgðar- eða veðkröfur og komu sér þannig hjá að gerast um þær kröfuhafar í fyrirsjáanlegt þrotabú félagsins, þá hafi þeir vitað eða mátt vita að þeir væru að ívilna sjálfum sér verulega á kostnað annarra kröfuhafa. Verður ekki hjá því komist að fallast á þá stefnuliði sem þannig eru til komnir. Sama gildir um þá stefnuliði sem sprottnir eru af þeim gerningum, er stefndu Bergur og Leó létu félagið afhenda sér lausafjármuni upp í laun, en sem fyrr segir munu forgangskörfur aðeins greiðast að hluta ef nokkuð kemur þá upp í þær. Öðru máli gegnir um þá stefnuliði er þeir létu félagið greiða óviðkomandi kröfuhöfum, þótt viðkomandi greiðslur kunni á sínum tíma að hafa verið riftanlegar, svo og um þær greiðslur er fella hefði mátt undir skiptakostnað eða öldungis jafna til hans.

Eigi verður fallist á solidariska ábyrgð, nema á þeim kröfum, þar sem um slíka ábyrgð var að ræða við greiðslu kröfunnar.

Ósannað þykir, að um svo vítaverðar athafnir eða athafnaleysi hafi verið að ræða af hálfu hins löggilta endurskoðanda og skilanefndarmanns Guðmundar R. Óskarssonar, að til ábyrgðar hans leiði, en við ákvörðun málskostnaðar gagnvart honum verður litið til frammistöðu hans í skilanefndinni.

Um lið 1 verður það niðurstaðan, að af kröfu samkvæmt honum ber

stefnda Leó að greiða kr. 132.726 + 160.099 + 105.910,90 : 3 = kr. 328.128,63, en stefnda Bergi kr. 131.696 + 105.910,90 : 3 = kr. 166.999,63.

Stjórnarformanni Bandag hf., Pétri Rafnssyni, sem virðist hafa átt einhver hlutabréf í Skrifstofutækni hf., er ekki stefnt í máli þessu, auk þess sem því er óhnekkt að hann hafi gengið úr stjórn félagsins 14. ágúst 1981 og eftir það nánast engin afskipti haft af félaginu og ekki fylgst með starfsemi þess, þ. á m. ekki verið mættur á aðalfundi hinn 4. september 1982 þegar samþykkt var að slíta því og verið ókunnugt um sölu á eignum þess þá er fram fór hinn 24. ágúst 1982. Með þessari athugasemd og vísan til hinna almennu athugasemda hér að framan verður því kröfuliður vegna greiðslu á láni með veði í Krókhálsi 1 ekki tekinn til greina.

Um lið 2 verða þau úrslit, að stefnda Bergi og stefnda Leó ber að greiða in solidum umkrafða fjárhæð kr. 75.000.

Um lið 3 verða þau úrslit að stefnda Leó ber að greiða kr. 65.070, en það var sú fjárhæð er félagið, samkvæmt málavaxtalýsingu stefnanda, greiddi sem fullnaðargreiðslu á þessari 104.077,76 króna kröfu Microtölvunnar sf.

Um lið 4. Samkvæmt þessum lið ber stefnda Bergi að greiða kr. 23.700,00.

Um lið 5. Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til röksemda lögmanns stefndu þar um og hinna almennu röksemda fyrr í þessum kafla.

Um lið 6. Sýknað er af þessum kröfulið með sömu athugasemd og um lið 5.

Um lið 7. Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til þeirra almennu röksemda er raktar eru fyrr í þessum kafla.

Um lið 8. Stefndu Bergi og Leó ber að greiða in solidum kr. 18.331,65 samkvæmt þessum kröfulið.

Um lið 9. Sýknað er af þessum kröfulið með vísan til þeirra almennu röksemda er raktar eru fyrr í þessum kafla.

Um lið 10. Samkvæmt þessum lið ber stefnda Leó að greiða kr. 3.000,00, en að öðru leyti er sýknað af þessum kröfulið með vísan til röksemda lögmanns stefnda þar um og hinna almennu röksemda fyrr í þessum kafla.

Af hálfu stefndu hefur vaxtakröfu stefnanda verið mótmælt með vísan til 110. gr. hlutafélagalaga. Það lagaákvæði sýnist ekki eiga við um kröfur þær sem hér er um að ræða. Verður vaxtakrafa stefnanda tekin til greina.

Ekki er annað fram komið en að lögmaður stefnanda hafi haft fullt umboð þrotabúsins, *bindandi fyrir alla kröfuhafa í búinu,* til þess að lýsa því yfir, svo sem hann gerði og lét bóka við málflutning, „að *ef stefndu verði dæmdir til greiðslu dómkrafna þá verði þeir kröfuhafar í búið.*"

Samkvæmt þessu öllu er að framan er rakið ber stefnda Bergi að greiða

stefnanda kr. 166.999,63 + 23.700,00 = kr. 190.699,63, en stefnda Leó kr. 328.128,63 + 65.070 + 3.000,00 = kr. 396.198,63. Þar að auki ber þeim að greiða óskipt kr. 75.000 + 18.331,65 = kr. 93.331,65. Heildarfjárhæð höfuðstóls tildæmdra fjárhæða verður þá kr. 190.699,63 + 396.198,63 + 93.331,65 = kr. 680.229,91, allt með vöxtum eins og stefnandi krefst.

Ekki þykir koma til álita að færa framangreindar fjárhæðir niður svo sem stefndu hafa krafist og vísað til 2. mgr. 132. gr. l. 32/1978 og 65. gr. l. 6/1978.

Málskostnaður stefnanda til handa er stefndi Bergur og stefndi Leó greiði stefnanda óskipt ákveðst kr. 110.000,00.

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Guðmundur R. Óskarsson á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Skrifstofutækni hf., í máli þessu.

Málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Stefndi Bergur Björnsson greiði stefnanda kr. 190.699,63.

Stefndi Leó M. Jónsson greiði stefnanda kr. 396.198,63.

Ennfremur greiði stefndu Bergur og Leó in solidum stefnanda kr. 93.331,65.

Allar framangreindar fjárhæðir greiðist með 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 16. september s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 25. júní 1985, en dómvöxtum samkvæmt l. nr. 56/1979 frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefndu Bergur Björnsson og Leó M. Jónsson greiði in solidum stefnanda, þrotabúi Skrifstofutækni hf., málskostnað að fjárhæð kr. 110.000,00.

Fimmtudaginn 11. júní 1987.

Nr. 178/1986. **Ásgeir Sæmundsson**
Skúli Sverrisson og
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
vegna sjálfra sín og
hljómsveitarinnar Pax Vobis
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Hljóðrita hf.
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Leiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1986. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða vegna sjálfra sín og hljómsveitarinnar Pax Vobis 25.747,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 1. janúar 1985, og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en síðan með mánaðarlegum dráttarvöxtum þannig: 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 1. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. febrúar 1985, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af vitnamáli sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur eftir uppsögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm vitnin Pétur Hjaltested og Hjörtur Howser, en þeir störfuðu báðir sem upptökumenn hjá stefnda og unnu að upptöku þeirri fyrir áfrýjendur sem um er deilt í máli þessu. Hjörtur segir að sér hafi verið kunnugt um að áfrýjendur hafi sem einskonar greiðslu

frá Magnúsi Sigmundssyni fengið að nota svokallaða „dauða tíma" í hljóðveri stefnda. Þeir Pétur Hjaltested hafi skráð tíma þá sem fóru í störf þeirra fyrir áfrýjendur, þar sem áfrýjendur hafi greitt þeim beint fyrir vinnu þeirra, og hafi það verið óháð stefnda. Hjörtur segir að sér hafi komið á óvart er áfrýjendur voru krafðir um greiðslu fyrir þessa tíma, því að aldrei hafi verið um það rætt, en ekki kveðst hann þó minnast þess að Jónas R. Jónsson hafi sagt það við hann í beinum orðum að áfrýjendur ættu að fá þessi afnot ókeypis. Pétur Hjaltested segist hafa litið svo á að áfrýjendur hafi átt að fá umrædda aðstöðu ókeypis; þetta hafi verið umtalað í hljóðverinu og sér skilist þetta á Jónasi og öðrum. Telur hann sig hafa orð þeirra beggja, Jónasar og Magnúsar, fyrir þessu, og sér hafi ekki komið það á óvart því að slík endurgjaldslaus afnot hafi verið heimiluð áður.

Samkvæmt skýrslu Jónasar R. Jónssonar, sem var framkvæmdastjóri stefnda á umræddum tíma, féllst hann á að láta Magnús Sigmundsson fá ókeypis afnot af hljóðverinu í einhverja tíma sem endurgjald fyrir upptöku. Enginn ákveðinn fjöldi tíma hafi verið umsaminn. Jónas segir að af þeim tímum sem hljóðverið var notað í þágu Magnúsar hafi hann ekki verið krafinn um greiðslu fyrir 30 tíma, og finnist sér það hafa verið rausnarleg greiðsla til Magnúsar. Þeir 29 tímar sem áfrýjendur notuðu síðan í eigin þágu hafi verið þessu óviðkomandi.

Magnús Sigmundsson kveðst hafa fengið leyfi Jónasar til þess að nota hljóðverið í „dauðum tímum" með því skilyrði að upptökumönnum væri greidd laun. Hafi það verið með samþykki Jónasar að hann leyfði áfrýjendum að nota hljóðverið til upptöku fyrir sjálfa sig. Síðan hafi það gerst að faðir Jónasar, Jón Aðalsteinn Jónasson, hafi tekið við stjórn fyrirtækisins, Hljóðrita hf. Magnús kveðst hafa talað við Jón um þessi afnot áfrýjenda af hljóðverinu og hann sagt strax að hann gæfi ekki neitt slíkt leyfi.

Jón Aðalsteinn Jónasson, sem kveðst hafa komið að fyrirtækinu um áramót 1983/1984, segir að Magnús Sigmundsson hafi ekki haft neitt vald til þess að endurleigja hljóðverið og því kveðst hann hafa krafið áfrýjendur um greiðslu. Hann kveðst hafa rætt þetta við Jónas sem hafi sagt að hann skuldaði Magnúsi ekki neitt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykir verða að líta svo

á að áfrýjendur hafi mátt nota hljóðver stefnda án endurgjalds þá tíma sem um er deilt í máli þessu. Ber því að sýkna þá af kröfum stefnda, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ásgeir Sæmundsson, Skúli Sverrisson og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sín vegna og fyrir hönd hljómsveitarinnar Pax Vobis, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Hljóðrita hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Hljóðrita h/f, nnr. 4251-7194, gegn Ásgeiri Sæmundssyni, nnr. 0678-0938, Sörlaskjóli 46, Skúla Sverrissyni, nnr. 8184-4356, Hraunbæ 61, og Þorvaldi Þorvaldssyni, nnr. 9824-4980, Hábæ 39, allra í Reykjavík, persónulega og f.h. hljómsveitarinnar Pax Vobis, sem þeir sameiginlega standa að, með stefnu birtri 19. og 21. október 1985.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 25.747,00 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Auk þess er krafist að vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndanda og þeim tildæmdur ríflegur málskostnaður.

Af hálfu stefndu var uppi höfð frávísunarkrafa í máli þessu en fallið var frá henni í þinghaldi hinn 11. febrúar sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á reikningi sínum dags. 31. október 1984, sem stefndu var gerður vegna afnota á hljóðupptökusal í október

1983, sem stefnandi rekur. Alls hafi verið um að ræða 29 klst. leigu á kr. 720,00 eða kr. 20.880,00 en auk þess hafi verið notuð hljóðbönd fyrir kr. 4.867,00 sbr. breytta kröfugerð stefnanda. Endanleg kröfufjárhæð sé því kr. 25.747,00.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og stefnandi því knúinn til að innheimta hana með dómi.

Málsókn sína byggir stefnandi á almennum reglum kröfuréttarins.

Aðalkrafa stefndu í málinu var um frávísun. Var sú krafa á því byggð að stefnt hafi verið röngum aðila, það hafi verið Magnús Þór Sigmundsson hljómlistarmaður, sem tekið hafi á leigu studíó hjá Jónasi R. Jónssyni sem á þeim tíma hafi rekið firmað Hljóðrita. Hafi Magnús Þór ráðið stefndu til þess að spila inn á hljómplötu fyrir sig. Þóknunin fyrir það verk skyldi greidd með því að stefndu fengju að nota tíma í studíóinu, sem Magnús Þór hafði til ráðstöfunar. Það hafi og verið hluti af samkomulagi Magnúsar Þórs og Jónasar R. Jónssonar að hann réði til sín hljóðfæraleikara í því skyni að þeir kynntust aðstöðunni og myndu í framhaldi af því taka stúdíóið á leigu. Þannig gætu hljómlistarmenn spilað inn á plötur, sem Hljóðriti gæfi út og upptökutíminn væri hluti þóknunar. Hafi stefndu vitað um þetta samkomulag. Með bókun í þinghaldi hinn 11. febrúar sl. var af hálfu stefndu fallið frá frávísunarkröfunni, svo sem fyrr greinir.

Varakrafa stefndu í málinu er á því byggð að nótur þær sem stefndu eru taldir skulda, þ.e.a.s. vinnuseðlar, séu með öllu án undirritunar eða staðfestingar stefndu, enda hafi þeir alls ekki verið ráðnir af stefnanda og þess vegna beri að sýkna þá af öllum kröfum. Auk þess séu umræddir vinnuseðlar án dagsetninga og marklaust þótt einhver óviðkomandi hafi párað nafnið Pax/Vobis inn á annan vinnuseðilinn.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í málinu vitnin Jónas R. Jónsson, Magnús Þór Sigmundsson og Halldór S. Bragason, af hálfu stefnanda Jón Aðalsteinn Jónasson framkvæmdastjóri, svo og stefndu Ásgeir Sæmundsson og Þorvaldur B. Þorvaldsson.

III.

Frávísunarkröfu sína í málinu byggðu stefndu á aðildarskorti. Enda þótt fallið hafi verið frá þeirri kröfu undir rekstri málsins ber eftir sem áður að líta svo á að málsvörn stefndu byggist fyrst og fremst á aðildarskorti, enda var ekki fallið sérstaklega frá þeirri málsástæðu.

Fyrir liggur að stefndu fengu afnot af hljóðupptökusal stefnanda í október 1983, svo sem fram kemur á reikningi á dskj. nr. 3. Hefur reikningi stefnanda og ekki verið andmælt tölulega að þessu leyti, en ágreiningur er með aðilum um það hver hafi átt að bera kostnað þar af. Af hálfu stefndu er á því byggt, svo sem fram er komið, að Magnús Þór Sigmunds-

son hafi látið þeim í té afnot hljóðupptökusalar stefnanda, sem hann hafi haft heimild til á grundvelli samkomulags við Jónas R. Jónsson þar um. Þeim Magnúsi Þór Sigmundssyni og Jónasi R. Jónssyni, sem báðir hafa komið fyrir dóm í máli þessu, ber ekki saman um þetta atriði og er því mótmælt af hálfu hins síðarnefnda að um nokkurt slíkt samkomulag hafi verið að ræða þeirra á milli. Þá hefur því og verið andmælt af hálfu stefnanda að þess háttar samkomulag hafi verið gert.

Að þessu virtu verður ekki talið að stefndu hafi sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að þeim sé óskylt að greiða stefnanda umdeilda kröfu og ber því að taka dómkröfur hans til greina og dæma stefndu til að greiða kr. 25.747,00 og með vöxtum eins og krafist er, en þó þannig að frá 1. mars 1986 ber að reikna 2,75% dráttarvexti á mánuði til 1. apríl 1986, en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. febrúar 1985 að telja.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 19.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Ásgeir Sæmundsson, Skúli Sverrisson og Þorvaldur Þorvaldsson persónulega og f.h. hljómsveitarinnar Pax Vobis, greiði stefnanda, Hljóðrita h/f, kr. 25.747,00 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 19.000,00 í málskostnað. Vextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. febrúar 1985 að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. júní 1987.

Nr. 228/1986. **F.I.L.M. hf.**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Borgari Garðarssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamingur. Skaðabætur. Geymslugreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1986. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda en til vara krefst hann að til frádráttar kröfum stefnda komi geymslugreiðslur sem inntar voru af hendi 24. október 1984 og 23. febrúar 1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir að héraðsdómur gekk var háð vitnamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem fyrirsvarsmaður áfrýjanda, Hrafn Gunnlaugsson, kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Hefur endurrit vitnamálsins verið lagt fyrir Hæstarétt. Þá hefur einnig verið lögð fyrir Hæstarétt kvittun Landsbanka Íslands 23. febrúar 1987 fyrir geymslugreiðslu, 786,00 krónur, með bankavöxtum frá 24. október 1984, 462,17 krónur, eða samtals 1.248,17 krónur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um skyldu áfrýjanda til að greiða stefnda höfuðstól stefnukröfunnar.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi innti áfrýjandi af hendi geymslugreiðslu að fjárhæð 10.583,36 krónur 24. október 1984. Í bréfi sem lögmaður áfrýjanda ritaði af því tilefni kemur fram að af þeirri fjárhæð voru 3.549,25 krónur fyrir æfingar, 4.183,25 krónur fyrir ferðir og 2.850,86 krónur vextir frá 1. júní 1983 til greiðsludags samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands. Síðari geymslugreiðsluna innti áfrýjandi af hendi er hann taldi að láðst hefði að greiða orlofsfé með hinni fyrri geymslugreiðslu.

Skýra verður hinn áfrýjaða dóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, þannig að geymslugreiðsla sú sem innt var af hendi 24. október 1984 skuli koma til frádráttar kröfu stefnda með þeim hætti sem áfrýjandi ætlaðist til. Ekki þykir síðari geymslugreiðslan eiga að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Fellur hún því til áfrýjanda sbr. 4. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 39.360,20 (47.092,70 - 7.732,50) krónur með vöxtum eins og í dómsorði héraðsdóms segir.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, F.I.L.M. hf., greiði stefnda, Borgari Garðarssyni, 39.360,20 krónur með vöxtum eins og í dómsorði héraðsdóms greinir frá 1. júní 1983 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. júní sl., höfðaði Borgar Garðarsson, nnr. 1379-3107, Norræna húsinu, Hringbraut, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. desember sl. gegn F.I.L.M. hf., nnr. 2308-3116, Fálkagötu 17, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 47.092,70 með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985 og með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru aðallega krafa um sýknu af öllum kröfum stefn-

anda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og fullt tillit tekið til deponeringar, sem gerð var 24. október 1984. Jafnframt er þess krafist að málskostnaður falli niður.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið að stefnandi hafi verið ráðinn til að leika hlutverk í kvikmynd á vegum stefnda, sem síðar hafi hlotið nafnið Hrafninn flýgur. Gerð hafi verið drög að samningi 17. mars 1983. Stefnandi hafi farið í æfingar á vegum stefnda 4. febrúar, 3., 11., 13., 16. og 17. mars svo og 5. og 6. maí. Þar að auki hafi stefnandi farið í tvö ferðalög vegna kvikmyndarinnar 19. til 20. mars og 29. apríl til 1. maí 1983. Þann 2. maí 1983 hafi verið gerður bindandi ráðningarsamningur við stefnanda um hlutverk hans í kvikmyndinni. Um miðjan maí hafi stefnanda verið sagt upp ráðningarsamningnum, þar sem hugmyndir um hlutverkið hefðu breyst. Strax hafi verið gerð sú krafa á hendur stefnda að hann greiddi stefnanda vegna þeirrar vinnu sem hann þegar hafði innt af hendi og jafnframt skaðabætur vegna samningsrofa og hafi verið gerð krafa til stefnda um að hann greiddi stefnanda þau laun sem sá leikari hafi haft er við hlutverkinu tók. Að því er stéttarfélag stefnanda taldi hafi stefndi samþykkt þessa kröfu, en síðar eða 24. október 1984 hafi verið deponerað fyrir launum sem stefnandi hafði þegar innunnið sér, ásamt einhverjum vöxtum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á kjarasamningi Félags ísl. leikara, almennum reglum vinnuréttar um tímabundna ráðningarsamninga eða ráðningarsamninga til ákveðins verkefnis. Kröfur sínar um bætur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar byggir stefnandi á almennum réttarreglum vinnuréttarins og reglum um skaðabætur innan samninga. Kröfu um orlof byggir stefnandi á lögum nr. 87/1971 með síðari breytingum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi svo: Vinnulaun vegna æfinga 9 x 393,24 = 3.549,25. Ferðalög 5 x 836,65 = 4.183,25. Samtals vegna vinnu sem innt var afhendi kr. 7.732,50. Ofan á það bætist 10.17% orlof eða kr. 786,40. Skaðabætur vegna fyrrivaralausrar riftunar ráðningarsamnings kr. 35.013,00 auk 10.71% orlofs kr. 3.560,80 eða samtals kr. 38.573,80, sem eru laun Flosa Ólafssonar fyrir það hlutverk er stefnandi hafi upphaflega verið ráðinn til. Samtals gerir þetta stefnukröfu málsins kr. 47.092,70.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að aðalatriði málsins sé hvort kvikmyndaframleiðandi geti hætt við að fela leikara hlutverk í kvikmynd er honum finnist leikarinn ekki muni skila hlutverkinu á þann hátt sem að er stefnt, en ekki því hvort ráðingarsamningur hafi verið gerður. En strax og stefndi hafi vitað að samningur við stefnanda hafi verið undirritaður,

hafi hann látið stefnanda vita að hætt væri við að fela honum hlutverkið. Stefndi hafi verið reiðubúinn að greiða stefnanda strax fyrir vinnu og fyrirhöfn út af hlutverki þessu, en stefnandi hafi neitað að taka við greiðslu og því hafi greiðslunni verið deponerað.

Kvikmyndaframleiðandi hljóti að mega reyna leikara í hlutverk án þess að þurfa að ráða þá ef honum finnst leikarinn ekki passa í hlutverkið, þó ekki sé að auki að leikarinn ráði ekki við þá íþrótt sem hlutverkið krefjist líkt og hér hafi átt sér stað, sem í sjálfu sér sé aukaatriði. Þeim sem standa í gerð kvikmynda væri allt of þröngur stakkur skorinn ef þeir mættu ekki reyna leikara í hlutverk án þess að þurfa að greiða meira en fyrir þá vinnu og þá fyrirhöfn sem þurft hefði til þess að kvikmyndaframleiðandi áttaði sig á að sá sem reyndur hefði verið passaði alls ekki í hlutverkið, þó hann gæti vafalaust farið með önnur hlutverk.

Varakrafan er á því byggð að telji dómurinn stefnanda eiga rétt á einhverjum bótum beri að taka fullt tillit til hinnar deponeruðu greiðslu.

Álit dómsins.

Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfu stefnanda. Ágreiningurinn virðist eingöngu vera um skaðabótakröfu stefnanda þar sem því er haldið fram af hálfu stefnda, að í deponeringu að fjárhæð kr. 10.583,36 skv. kvittun, dags. 24. október 1984, sé greiðsla á kröfu stefnanda fyrir vinnu og ferðalög að viðbættum vöxtum frá 1. júní 1983 til 24. október 1984. Ekki hefur verið upplýst við hvaða vaxtafót var miðað. Undir rekstri málsins var því lýst yfir að það hafi verið mistök þá er greiðslu var deponerað að deponera ekki kr. 786,40 vegna orlofs og væri stefndi fús til þess að inna þá greiðslu af hendi hvenær sem væri.

Hvernig sem rétti kvikmyndaframleiðanda til þess að reyna leikara í hlutverk, án eftirfarandi ráðningar, eða rétti til þess að geta hætt við að fela leikara hlutverk í kvikmynd er háttað, þá er það svo, í því máli sem hér er til úrlausnar, að þegar stefndi hætti við að láta stefnanda leika í kvikmyndinni, sem síðar hlaut nafnið Hrafninn flýgur, þá hafði verið gerður fyrirvaralaus ráðningarsamningur við stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu ber að fella fébótaábyrgð á stefnda á því tjóni sem þessi samningsrof hafa valdið stefnanda, enda hefur ekki verið sýnt fram á að um samningsgerð kvikmyndaframleiðenda gildi sérreglur. Þar sem ekkert er fram komið um að stefnandi hafi haft tekjur á ráðningartímanum hefur tjón hans að minnsta kosti numið þeim launum sem hann missti af, þ.e. þau laun og orlof sem greidd voru fyrir það hlutverk sem stefnandi var upphaflega ráðinn til, og verður skaðabótakrafa stefnanda því tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 47.092,70 með vöxtum eins og segir í dómsorði að frádregn-

um kr. 10.583,36, sem deponerað var 24. október 1984, sbr. kvittun á dskj. 22.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, F.I.L.M. hf., greiði stefnanda, Borgari Garðarssyni, kr. 47.092,70 með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 10.583,36, og kr. 23.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 330/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Friðrik Óskarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 áfrýjað til Hæstaréttar til þyngingar með stefnu 9. desember 1986.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir Læknaráð og óskaði svara um hvort ráðið féllist á 1) niðurstöður Gunnlaugs Geirssonar prófessors í krufningarskýrslu og 2) niðurstöður Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í ályktun Læknaráðs, staðfestri 21. apríl sl., er fyrri spurningunni svarað játandi, en um hina segir á þessa leið: „Ákærði er hvorki vangefinn né með meiri háttar geðveiki (psychosis) og ekki haldinn persónuleikatruflunum sem draga úr sakhæfi. Læknaráð fellst því á að ákærði sé sakhæfur."

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi bar verjandi ákærða fram þá kröfu að áður en dómur gengi yrði aflað gagna um sjúkrahúsvist Gunnhildar Gunnarsdóttur í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vorið 1984, um ástæður fyrir vistuninni og um læknisaðgerðir af því tilefni, og að málið yrði að upplýsingum fengnum lagt á ný fyrir Læknaráð. Hafði verjandinn áður borið kröfur þessar upp við ríkissaksóknara og hann beint þeim til Fjórðungssjúkrahússins (dr. Þorkels Guðbrandssonar yfirlæknis) með bréfi 27. f.m. Í svarbréfi yfirlæknisins, dags. 5. þ.m., segir hann m.a.: „Með vísan í 10. grein læknalaga sér undirritaður sér aðeins fært að upplýsa eftirfarandi: Gunnhildur Gunnarsdóttir var lögð inn á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 16.03. og 02.05. '84. Hún útskrifaðist af lyflækningadeildinni í bæði skiptin samdægurs."

Eigi eru efni til að verða við ofangreindri kröfu, þar sem ekki verður talið, að þau gögn, sem þar ræðir um, geti á neinn hátt ráðið úrslitum um niðurstöðu í máli þessu.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir verður að telja sannað að atferli ákærða gagnvart Gunnhildi Gunnarsdóttur hafi verið orsök að dauða hennar. Í málinu er það álitaefni hvort þessi afleiðing árásarinnar verði metin ákærða til sakar vegna ásetnings eða gáleysis. Atlaga ákærða var að vísu háskaleg, en varhugavert þykir þó að

álykta að ákærði hafi hlotið að sjá það fyrir sem langlíklegustu afleiðingu að bani hlytist af henni. Hins vegar mátti hann gera sér grein fyrir að atlagan gæti leitt til dauða. Þykir varlegast að meta afleiðingar árásarinnar ákærða til sakar sem gáleysisverk. Þess er að geta að málið hefur verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess að 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kynni að eiga við um atferli ákærða í stað 211. greinar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Við ákvörðun refsingar þykir eigi verða litið til 9. töluliðar 74. greinar hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi óslitið síðan héraðsdómur gekk og ber að draga þá vist frá refsingu hans.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, Magnúsar Friðriks Óskarssonar, óslitið frá 7. maí 1986 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 569/1986: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Friðrik Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. sama mánaðar.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari fyrir sakadómi Reykjavíkur með ákæru, dagsettri 14. ágúst 1986, á hendur ákærða, Magnúsi Friðrik Óskarssyni vélgæslumanni, Ferjubakka 10, Reykjavík, nú gæsluvarðhaldsfanga í Hegningarhúsinu, Reykjavík, fæddum 17. september 1948 í Reykjavík. Er ákærða gefið að sök í ákærunni „að hafa árla morguns þriðjudaginn 6. maí 1986

svipt eiginkonu sína, Gunnhildi Gunnarsdóttur, lífi í íbúð ákærða í húsinu Ferjubakka 10, Reykjavík, þar sem Gunnhildur, sem ekki bjó lengur í íbúðinni, var stödd ásamt fjórum gestkomandi mönnum, með því í átökum við Gunnhildi í svefnherbergi, er ákærði ætlaði að koma í veg fyrir að Gunnhildur færi á brott og yrði sér úti um fíkniefni, að hafa gripið báðum höndum og af afli um framanverðan háls hennar og fyrir munn og haldið henni þannig niðri á gólfdýnu í kyrkingartökum, en jafnframt hnýtt skyrtubol upp í munn hennar og hert aftur fyrir hnakka og síðan bundið með ólum hendur hennar aftur fyrir bak og bundið fætur og að síðustu bundið saman með ólum hendur hennar og fætur. Þannig yfirgaf ákærði Gunnhildi um stund en varð þess áskynja, er ákærði hugði að henni litlu síðar, að Gunnhidlur var meðvitundarlaus og virtist látin. Ákærði ásamt þeim er í íbúðinni voru kölluðu til sjúkrabifreið er flutti Gunnhildi á slysadeild, en Gunnhildur var úrskurðuð látin er þangað kom.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I.

Kl. 6:32 að morgni 6. maí 1986 var hringt á Slökkvistöð Reykjavíkur og beðið um sjúkrabíl að Ferjubakka 10 þegar í stað vegna konu sem væri alveg við að deyja eða jafnvel dáin eftir því sem beiðandinn sagði. Á staðinn fóru slökkviliðsmennirnir Ólafur Gísli Reynisson og Einar Þór Einarsson og fóru þeir eins hratt og mögulegt var.

Ólafur Gísli Reynisson slökkviliðsmaður, Ránargötu 11, fæddur 26. apríl 1961, hefur skýrt svo frá að þegar þeir komu að Ferjubakka 10 hafi maður verið fyrir utan húsið og vísað þeim upp á 2. hæð þess. Þegar þeir komu inn í íbúðina voru þar fyrir, auk þess sem hafði beðið þeirra, þrír aðrir menn sem virtust allir vera undir áhrifum áfengis, en þeir voru allir rólegir og þögulir.

Þegar komið var inn í svefnherbergið lá kona á dýnu upp við vegg á bakinu með hendur niður með síðunum. Var hún helblá í framan og með greinilega áverka á hálsi. Vitnið athugaði þegar hvort einhvern andardrátt væri að finna og fannst að svo væri, auk þess sem eitthvað korraði í henni. Var konan þegar færð á börum í sjúkrabifreiðina og á leiðinni reyndi Einar að lífga konuna við, en án árangurs. Einnig hófu læknar og hjúkrunarlið þegar að reyna að lífga konuna við þegar komið var á slysadeild, en það tókst ekki.

Einar Þór Einarsson slökkviliðsmaður, Bláskógum 13, fæddur 29. mars

1962, hefur skýrt frá á sama veg og framangreint vitni. Vitnið kveðst hafa athugað slagæð á hálsi konunnar og fannst því það finna veikan púls. Lagfærði vitnið legu konunnar með tilliti til öndunar, en sótti síðan sjúkrabörur í sjúkrabifreiðina. Á leiðinni á slysadeild í bifreiðinni reyndi vitnið hjartahnoð og blástur. Vitnið var síðan til aðstoðar á slysadeildinni meðan læknar reyndu að lífga konuna við. Sá vitnið þá bæði för á úlnliðum og ökklum konunnar, eins og hún hefði verið bundin.

Lögreglumenn voru kvaddir að Ferjubakka 10 klukkan 6:35 og samkvæmt skýrslu Guðmundar Baldurssonar, lögreglumanns nr. 62, var sjúkrabifreið fyrir á vettvangi er þeir komu þarna að. Voru sjúkraflutningamenn að færa stúlku, sem lá á dívan í svefnherbergi, á sjúkrabörur er þeir komu þar inn. Var litarháttur stúlkunnar mjög fölur og ekkert lífsmark sjáanlegt. Lítilsháttar blóðstorka virtist vera í munnvikum hennar og sjáanlegar rispur og för á hálsi. Í íbúðinni voru auk stúlkunnar fjórir karlmenn, allir áberandi ölvaðir, og drengur sem svaf í barnaherbergi.

Einn mannanna, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, skýrði frá því að stúlkan væri sambýliskona hans og héti Gunnhildur Gunnarsdóttir, fædd 2. mars 1957. Samkvæmt skýrslu lögreglumannsins var ákærði talsvert ölvaður, en góður viðræðu. Ákærði sagði lögreglumönnunum að hinir mennirnir þrír væru gestir sínir, en þeir voru Sævar Erlendsson, Guðjón Kristjánsson og Grímur Grímsson. Hann sagði að til deilu hefði komið milli sín og Gunnhildar, þar sem hún hafi ætlað að fara út en hann meinað henni það. Til átaka hafi komið milli þeirra og hafi hann tekið um höku hennar með annarri hendi og ýtt henni niður á dívaninn en hún slengst til og líklega rekist í. Var frásögn hans varðandi þetta nokkuð óljós. Hann kvaðst hafa veitt því athygli að hún var meðvitundarlaus og hafi hann leitað eftir hjartslætti en ekki fundið hann og þá hafið lífgunartilraun með blástursaðferð. Síðan hafi hann kallað til gestanna og hafi einn þeirra, Sævar Erlendsson, komið til sín og leitað eftir púlsslætti hjá Gunnhildi og sagt síðan að fá þyrfti sjúkrabifreið handa henni.

Vitnið hefur gefið skýrslu um afskipti sín greint sinn hjá rannsóknarlögreglu og staðfest hana fyrir dómi. Kemur þar m.a. fram að konan hafi virst lífvana með öllu þegar lögreglumennirnir komu á vettvang.

Kristinn Ingvarsson lögregluþjónn var einn þeirra lögreglumanna sem komu þarna á vettvang. Hefur hann sagt að konan hafi verið blá í framan og sér hafi virst sem blóð væri í munnvikum hennar. Sá vitnið ekki að konan væri með lífsmarki.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarnþór Aðalsteinsson og Bertram Möller hafa gert skýrslu um skoðun á vettvangi í íbúðinni að Ferjubakka 10 og kemur þar fram að í herbergi því, er Gunnhildur var í, hafi verið mikil óreiða á öllum hlutum og mörgum hlutum ægt þar saman. Kemur þar m.a.

fram að tvær dýnur hafi verið við gluggavegg hvor ofan á annarri, en þar var sæng, koddi og sængurver og einnig hvítur nærbolur. Einnig voru þar lyftingartæki og bekkur og voru lyftingartækin boltuð föst við vegg gegnt dyrum herbergisins.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður kom á vettvang að Ferjubakka 10 samkvæmt beiðni lögreglu og fór einnig á slysadeild Borgarspítalans. Fékk hann þar þær upplýsingar að komið hefði verið með konuna um kl. 6:50 í slysadeildina. Hefði hún verið látin við komuna þangað og endurlífgun verið reynd án árangurs.

Í skýrslu Sigurbjörns Víðis er ytri áverkum á líki Gunnhildar Gunnarsdóttur lýst svo:

„Mar (blæðing undir húð) á hægra gagnauga, við vinstra munnvik, vinstra megin undir höku og litlar punktblæðingar í húð á vinstri kjálka, kinn og höku. Hægra megin á hálsi neðarlega er húðrispa ca 17 cm löng og nær hún frá öxl fram á barka. Fyrir ofan húðrispuna er talsverð blæðing undir húð. Á vinstri framhandlegg er lítil grunn húðrispa og einnig á handarbaki sömu handar. Einnig eru marblettir á framhandleggnum og handarbakinu. Á framhandleggnum við og ofan við úlnlið eru för, sem ná utan um handlegginn, eins og bundið hefði verið um hann. Sams konar för eru á hægri framhandlegg við úlnlið og á báðum fótleggjum ofan við ökkla. Blóð er meðfram nöglum á fingrum hægri handar. Lítil húðsár eru á hægri framhandlegg við úlnlið, á handarbaki og þumalfingri. Á vinstri rist eru blóðyrjur. Á hægri síðu er lítil húðafrifa."

Myndir af líki Gunnhildar, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sýna suma af ofangreindum áverkum.

Frammi liggur og í málinu krufningarskýrsla, undirrituð af Gunnlaugi Geirssyni, dagsett 7. og 21. maí 1986. Segir þar um ytri áverka að á vinstra munnviki hafi verið u.þ.b. 1 cm langt sár, svo og marblettur við hægri augabrún. Á hálsi hafi verið stærsti áverkinn, en það var rispa, 11 cm á lengd, sem endaði í nokkru minni blettum í sömu stefnu. Þá var 0,8 cm löng rispa ofan við vinstri úlnlið. Grunn „circular" för voru ofan við báða ökkla eins og eftir breitt band eða belti. Svipuð för, mjög óljós, sáust ofan við úlnliði.

Við lýsingu á öndunarfærum segir í krufningarskýrslunni að þegar barki hafi verið opnaður hafi sést töluvert af gráleitu slími þar sem teygist út í fjarlægari berkjugreinar og hafi slímhúðin verið með talsvert miklum roða. Gegnskurður sýni rauðbrúnleitan vef sem vessar ríkulega og er hann allþéttur átöku, en ekki sér neitt teljandi emphysema né heldur punktblæðingar. Segir slímtappar þrýstast fram úr berkjum, þegar vefurinn er kreistur. Lungnaslagæðar eru eðlilegar.

Ályktun krufningarskýrslunnar hljóðar svo:

„Krufningin leiddi í ljós mikið slím í berkjum, sem fylltu loftvegi, bæði barka og berkjugreinar. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um aðdraganda þessa mannsláts, samrýmist ástand lungnanna því að keflun geti hafa leitt til dauða konunnar.

Áverkar þeir, sem lýst er á líkinu, voru yfirborðslægir og hafa ekki verið meðverkandi að dauða. Konan var ölvuð er hún lést. Í blóði konunnar fundust einnig efnin diazepam og nordiazepam, en sjúkdómur konunnar (myasthenia gravis) er eitt af frábendingum þess að það lyf sé notað.

Ölvun konunnar, notkun diazepams og sjúkdómurinn (myasthenia gravis), geta hafa slævt vöðvaorku hennar, en skýra ekki ella dauða hennar."

Í vottorði Þorkels Jóhannessonar, f.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 16.5. 1986, segir að magn etanóls í blóði Gunnhildar Gunnarsdóttur hafi verið 1.95‰. Við lyfjaleit í lifur hafi fundist díazepam, nordíazepam og vottur af koffeini og nikótíni. Hafi magn díazepams í blóði verið 315 ng/ml og magn nordíazepams 85 ng/ml. Önnur benzódíazepínsambönd voru ekki í blóðinu.

Gunnlaugur Geirsson, læknir og prófessor í réttarlæknisfræði, Nýja Lundi, Kópavogi, f. 30.1. 1940, hefur komið fyrir dóm og staðfest krufningarskýrsluna. Vitnið var spurt að því hvort það hafi séð nokkra aðra líklega dánarorsök en þá sem nefnd er í ályktun skýrslunnar. Svaraði vitnið því neitandi. Vitnið kvað það alkunna staðreynd að keflun geti hindrað að viðkomandi komi frá sér munnvatni og slími sem myndist í nefi og renni það þá niður í barka og berkjur og loki þannig loftvegi. Það kvað það einnig þekkt í sambandi við keflun að munnvatn og slím geti sest í keflið og það útnað út og þannig aukist að fyrirferð frá því, sem það var í upphafi. Hins vegar sé torvelt að koma frá sér slími í gegnum nef. Vitnið tók fram að það hafi ekkert vitað um ástand keflisins, enda hafi verið búið að taka það úr munni konunnar er komið var með hana til þess.

Vitnið sagði og að ekki hefðu verið sjáanleg einkenni þess að konan hefði kúgast. Þá sagði vitnið að slævð vöðvaorka gæti valdið erfiðleikum við að koma frá sér slími, en áréttaði jafnframt niðurlagsorð krufningarskýrslunnar um hugsanlega slævða vöðvaorku af völdum ölvunar, neyslu áfengis og sjúkdóms konunnar, sem skýri þó ekki ella dauða hennar.

Vitnið John Ernest Gabriel Benedikz læknir, Bergstaðastræti 42, f. 30.4. 1934, stundaði Gunnhildi Gunnarsdóttur vegna sjúkdóms hennar og leitaði hún fyrst til þess í janúar 1982 er hún var komin 8 mánuði á leið og varð sjúkdómsins þá fyrst vart. Var sjúkdómurinn ekki á mjög háu stigi þá, en í júlí 1982 var gerður uppskurður á henni og hóstarkirtill fjarlægður. Ástand hennar eftir uppskurðinn var nokkuð slæmt í fyrstu, en mildaðist síðan, þó það væri nokkuð sveiflukennt, en síðustu 2 árin var ástand

hennar nokkuð gott. Á því tímabili kom hún alloft til vitnisins, aðallega til að ræða við það um félagslegar aðstæður sínar og taldi vitnið að henni hafi furðanlega vel tekist að lifa með sjúkdómi sínum. Hélt vitnið að hún hefði síðast komið til sín 2 - 3 mánuðum áður en hún lést. Fékk hún þá hjá vitninu diazepam, sem hún taldi sér nauðsynlegt að fá og vitnið vildi ekki neita henni um, því það taldi betra að vita hvað hún tæki heldur en að hún fengi það hjá öðrum. Það kvað Gunnhildi hafa haft ótrúlegt þol, enda hafi hún verið mjög sterklega byggð líkamlega. Það taldi þó óhjákvæmilegt að neysla áfengis og diazepams hafi haft óæskileg áhrif gagnvart sjúkdómi hennar.

Vitnið kvað Gunnhildi hafa fengið sérstakt lyf við sjúkdómi sínum, mestinon, sem hún hafi átt að taka á fjögurra tíma fresti, 2 töflur, 60 mg hvor. Vitnið taldi eðlilegt að þetta lyf hafi ekki fundist í líkama konunnar, þar sem það sé mjög stuttverkandi og hverfi fljótt, sérstaklega hjá fólki er taki það að staðaldri.

Vitnið sagði að hjá Gunnhildi hafi sjúkdómurinn myasthenia gravis fyrst og fremst lýst sér í slappleika í vöðvum er stjórnuðu kyngingu, tali og einnig augnhreyfingum. Þá lýsti þetta sér einnig í slappleika í útlimum. Þá tók vitnið og fram, að framangreint lyf, mestinon, hafi þau áhrif að auka slím- og svitamyndun. Varðandi slappleika við kyngingar sagði vitnið að það lýsti sér einnig í slappleika hjá viðkomandi við að koma frá sér slími sem safnast niðri í berkjum.

Þá sagði vitnið að við eðlilegar aðstæður megi búast við því að vanræksla á að taka inn mestinon hefði þau áhrif að viðkomandi vöðvar slævðust en það tók þó fram að þessi sjúkdómur sé svo óútreiknanlegur að allt geti gerst, jafnvel hið gagnstæða.

II.

Að sögn ákærða kynntust þau Gunnhildur Gunnarsdóttir á Akureyri í maímánuði 1984 og giftu þau sig í september sama ár. Bjuggu þau síðan að Ferjubakka 10 í íbúð sem ákærði átti þar. Var sambúðin að sögn ákærða mjög góð af og til, en stundum nokkuð erfið því Gunnhildur hafi verið áfengissjúklingur, og þegar hún byrjaði að drekka hafi hún átt það til að hverfa að heiman um tíma, allt frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur. Ákærði kvað þau hafa skilið að samvistum í desember 1985 sökum þess að Gunnhildur var þá við drykkju og vildi ekki hætta henni þrátt fyrir tilmæli ákærða.

Tildrög þess að Gunnhildur var hjá ákærða 6. maí sl. voru þau að hún hafði verið við langvarandi drykkju og leitaði ásjár hjá honum. Helgina fyrir umræddan atburð hringdi hún til ákærða frá fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík og bað hann um að sækja sig og að aðstoða sig við

að komast í meðferð. Var ákærði að reyna að koma henni inn á meðferðarstofnunina Vog og hafði von um að það tækist að morgni 6. maí.

Komið hefur fram hjá ákærða og vitnum að þau Gunnhildur voru saman í Smiðjukaffi í Kópavogi aðfaranótt 6. maí sl. Hittu þau þar m.a. Sævar Erlendsson, Guðjón Kristjánsson, Grím Aðalbjörn Grímsson og Úlfar Theódórsson og buðu þeim að koma með sér að Ferjubakka 10. Ekki er unnt af framburðum að slá föstu á hvaða tíma komið var að Ferjubakka 10, en ætla má að það hafi verið í kringum kl. 3 og er þá einkum miðað við frásögn leigubifreiðarstjóra sem ók þremur gestanna að Ferjubakka 10. Eftir því sem best verður séð af framburðum sátu þau öll í fyrstu saman í stofu að Ferjubakka 10 og ræddu saman og verður ekki séð að neitt sérstakt hafi komið fram sem benti til missættis milli þeirra ákærða og Gunnhildar. Af framburðunum er einnig ljóst að eftir að þau höfðu setið nokkurn tíma í stofu fóru þau Gunnhildur og ákærði úr stofunni og inn í svefnherbergið. Er ekki unnt að slá neinu föstu um það af framburðum hvenær þetta hefur verið, en ætla má að það hafi verið fyrir klukkan 5. Byggist sú ályktun fyrst og fremst á framburði vitnisins Úlfars Theodórssonar sem telur sig hafa farið úr íbúðinni fyrir klukkan 5 og þá hafi þau verið farin fyrir nokkru inn í svefnherbergið og er þessi framburður Úlfars studdur framburði leigubílstjóra sem ók honum heim til hans.

Um það sem gerðist inni í svefnherberginu er ákærði einn til frásagnar, en gestunum ber saman um að þeir hafi ekki heyrt neitt óeðlilegt úr svefnherberginu þann tíma er þau voru þar.

Í fyrstu skýrslum sínum um þetta mál, þ.e. 6. maí hjá rannsóknarlögreglu, 7. maí fyrir dómi og 8. maí hjá rannsóknarlögreglu, gaf ákærði í skyn að Gunnhildur hefði sjálf hnýtt skyrtubol að hálsi sér eftir að hann yfirgaf svefnherbergið og fór fram til gestanna. Hafi hún síðan verið farin að blána þegar hann kom aftur inn til hennar. Hinn 14. maí 1986 sneri ákærði hins vegar við blaðinu og kvaðst hafa tekið þá ákvörðun að skýra satt og rétt frá í málinu, þ.e. um það hvernig andlát Gunnhildar Gunnarsdóttur bar að. Hann kvaðst ekki muna hvað varð til þess að þau Gunnhildur fóru inn í svefnherbergi, en þegar þau hafi komið þangað inn hafi þau lagst niður á dýnurnar á gólfinu og talað saman. Hafi þau m.a. talað um það að þau langaði til að eignast barn. Ef þau gerðu það myndu hlutirnir breytast og hafi Gunnhildur talið að hún myndi þá hætta að drekka. Þau hafi síðan rætt um væntanlega meðferð hennar og hafi hún spurt ákærða hvort þau gætu ekki byrjað að vera saman eftir að hún væri búin í meðferðinni. Ákærði svaraði því til að þau yrðu að sjá til hvernig henni vegnaði eftir meðferðina. Þegar hér var komið var ákærði sestur upp og sat á dýnubrúninni, en Gunnhildur lá út af. Ákærði kveðst hafa sagt við hana að ef hún hætti ekki að drekka þá yrði hún eins og nafngreindar óreglukonur

sem hafi á sér slæmt orð, en þetta sárnaði Gunnhildi mjög og sagði að það skyldi aldrei verða. Hann kvað Gunnhildi hafa spurt sig ítrekað að því hvort þau gætu ekki byrjað að vera saman aftur þegar hún kæmi úr meðferðinni, en hann svarað henni sem fyrr að þau yrðu að sjá til. Hann mundi ekki hvort það var í framhaldi af þessu svari sínu eða eftir að hann sagði við hana að hún yrði eins og þessar tvær fyrrnefndu konur, að hún ætlaði að rjúka upp.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atburðum svo að Gunnhildur hafi orðið æst við fyrrgreind ummæli hans og ætlað að fara. Hann sagði þá við hana að frekar myndi hann binda hana en að hún færi og vísaði hann til þess að hann væri búinn að biðja um pláss fyrir hana á Vogi. Þegar hún ætlaði að gera alvöru úr því að fara ýtti ákærði henni niður á dýnuna og gerði það þannig að hann ýtti með báðum höndum á háls hennar. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa gripið hana kverkataki. Síðan hafi hann haldið henni niðri og hélt hann hægri hendi hennar með vinstri hendi sinni, en hægri hönd hennar klemmdi hann á milli fóta sér. Tók hann einnig fyrir munn hennar til þess að hún gæti ekki öskrað. Þá tók hann skyrtubol, sem þarna var, og skellti honum upp í munnvik hennar, en þó ekki þannig að lokaði loftvegi inn í munninn og taldi hann að loftrúm hafi verið bæði fyrir ofan og neðan bolinn í munninum. Batt hann hnút á bolinn hægra megin á vanga hennar og náði bolurinn þá í kringum höfuðið. Var þetta venjulegur rembihnútur sem hann batt, og var bolurinn í munnvikum Gunnhildar.

Ákærði tók síðan ólar, sem voru þarna af tilviljun, og batt hann síðan fyrst hendur hennar saman fyrir aftan bak og síðan fætur saman. Loks batt hann saman hendur og fætur þannig að ól lá frá fótum, sem beygðust um hné, upp að höndum, en Gunnhildur lá á hægri hlið.

Að þessu loknu fór ákærði fram til að fá sér vatn að drekka og drakk hann tvö til þrjú glös. Var það ætlan hans að losna við áfengið úr líkamanum sem fyrst því hann hafði hugsað sér að fara með Gunnhildi á Vog þarna um morguninn. Gekk ákærði aðeins inn í stofuna þar sem gestir hans voru, og voru þeir í hörkusamræðum um leigubílaakstur. Blandaði hann sér ekki í þær samræður og taldi jafnvel að þeir hafi ekki veitt sér athygli.

Ákærði kveðst hafa verið örfáar mínútur frammi í stofunni og síðan hafi hann farið aftur inn í svefnherbergið. Gunnhildur hafi þá legið alveg hreyfingarlaus, en hann tók fram að þegar hann fór út úr herberginu hafi hún verið að reyna að losa af sér böndin. Athugaði ákærði hana strax og þreifaði á hjartastað og fann ekki hjartslátt. Hann losaði hana þegar í stað og hóf lífgunartilraunir með blástursaðferð og hjartahnoði, en blástursaðferð hafði hann lært á meiraprófsnámskeiði og kunni einnig hjartahnoð. Hann fann enga svörun við þessum tilraunum. Hann segir að hún hafi ekki verið

farin að blána þegar hann kom þarna, en hins vegar hafi sér fundist hún vera mjög föl.

Ákærði fór þessu næst fram í stofu og fékk Sævar Erlendsson með sér inn og taldi Sævar að þetta væri í lagi og sagði ákærða að leggja Gunnhildi á hliðina og myndi hún jafna sig. Síðan fóru þeir fram, en rétt á eftir fóru þeir aftur inn ásamt Guðjóni Kristjánssyni sem taldi nauðsynlegt að kalla á sjúkrabifreið. Síminn í íbúð ákærða var lokaður og því fór hann í íbúðina fyrir neðan og fékk að hringja og komst hann þar viðstöðulaust inn.

Ákærði kveðst ekki hafa verið mikið undir áhrifum áfengis greint sinn. Gunnhildur hafi verið þó nokkuð ölvuð, en ekki dauðadrukkin. Samkvæmt niðurstöðu alkólhólrannsóknar, sem liggur fyrir, reyndist vera 0,66‰ alkólhóls í blóði ákærða, en 1,17‰ í þvagi hans.

Hér fyrir dóminum hefur ákærði neitað því að hann hafi með framangreindu atferli sínu orðið valdur að dauða Gunnhildar Gunnarsdóttur. Í fyrsta lagi hefði hún verið með fullu lífsmarki og verið að reyna að losa sig er hann fór út úr herberginu. Telur hann það útilokað að keflunin hafi valdið köfnun, þar sem opinn hafi verið loftvegur bæði fyrir ofan og neðan skyrtubolinn í munninum, og einnig hafi nefið verið opið.

Aðspurður taldi ákærði útilokað að neinum öðrum væri til að dreifa sem hafi beitt Gunnhildi ofbeldi eða lagt á hana hendur umrædda nótt þarna í íbúðinni. Einnig áréttaði hann að fyrri skýrslur sínar um að Gunnhildur hafi sjálf bundið skyrtubolinn um hálsinn hafi verið rangar og hafi hann leiðrétt þetta með skýrslu sinni 14. maí sl.

Vitnið Guðjón Kristjánsson byggingaverkamaður, Réttarholtsvegi 95, fæddur 12. nóvember 1953, hefur skýrt svo frá að það hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur í Smiðjukaffi aðfaranótt 6. maí sl. og fór það ásamt fleirum heim til þeirra að Ferjubakka 10. Vitnið gat ekki gert sér grein fyrir því klukkan hvað þetta var, en vitnið var vel undir áhrifum áfengis. Vitnið kom eitt með ákærða og Gunnhildi heim til þeirra, en hinir gestirnir komu rétt á eftir. Fór vitnið fyrst með þeim Gunnhildi og ákærða inn í herbergi þar sem ákærði var með líkamsræktartæki og skoðaði vitnið þau og einnig unnu þau saman við að líma í sameiningu teppabút á gólfið þar. Síðan var setið saman frammi í stofu og rætt um heima og geima. Vitnið man ekkert sérstaklega eftir því er þau ákærðu og Gunnhildur fóru úr stofunni og það kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvenær það varð þess áskynja að þau voru farin. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við neitt rifrildi eða neitt missætti milli þeirra og á meðan þau hafi verið í stofunni hafi þau tekið þátt í samræðum með eðlilegum hætti. Vitnið kveðst heldur ekki hafa orðið vart við neitt óvenjulegt í íbúðinni eftir að þau fóru inn í herbergið. Það segir að músik hafi verið í stofunni, en ekki hávær.

Vitnið mundi ekki sérstaklega hvað þeir gestirnir ræddu eftir að ákærði og Gunnhildur hurfu, en telur ekki ólíklegt að þeir hafi rætt m.a. um leigubílaakstur, því þeir hafi allir fengist við hann.

Vitnið segir að Sævar hafi komið til sín og beðið sig að koma inn í herbergið þar sem Gunnhildur var. Hafi hún legið þar hreyfingarlaus og þreifaði vitnið á púls hennar og fann hann ekki. Fannst honum eins og varir hennar væru bláar. Taldi vitnið rétt að kallað yrði á sjúkrabíl.

Vitnið Sævar Erledsson bifreiðarstjóri, Kóngsbakka 2, fæddur 1. apríl 1946, hefur skýrt svo frá að það hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur í Smiðjukaffi aðfaranótt 6. maí sl. og í framhaldi þess hafi það ásamt fleirum farið heim til þeirra að Ferjubakka 10.

Vitnið mundi ekki eftir neinu sérstöku rifrildi milli ákærða og Gunnhildar þegar það kom hér fyrir dóm 17. þ.m., en í skýrslu þess hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafði það skýrt frá því að drykkjuvandamál Gunnhildar hafi eitthvað komið til umræðu. Var vitninu bent á þetta hér fyrir dómi. Það kvaðst þá minnast þess að þetta hafi komið þarna til umræðu, en taldi ekki hafa orðið neitt rifrildi út af því.

Vitnið telur að talsverður tími hafi liðið áður en ákærði og Gunnhildur yfirgáfu stofuna. Það kvaðst hins vegar ekki geta gert sér grein fyrir því hvort þau komu fram aftur, annað eða bæði. Það mundi ekki eftir að hafa heyrt neitt óeðlilegt frá þeim ákærða og Gunnhildi innan úr herberginu. Vitninu var bent á að samkvæmt skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu hafi það heyrt einhvern skarkala í lóðum stuttu eftir að þau fóru inn í herbergið. Það mundi ekki eftir þessu þegar það kom hér fyrir dóm og vísaði til skýrslu sinnar um þetta.

Vitnið Úlfar Theodórsson bílstjóri, Efstasundi 35, fæddur 19. febrúar 1956, var einn af gestum ákærða í íbúðinni að Ferjubakka 10 greint sinn. Það kveðst hafa farið þaðan u.þ.b. klukkan 5 að morgni 6. maí og hafi ákærði og Gunnhildur verið búin að vera í burtu úr stofunni 30 - 45 mínútur, að því er vitnið giskaði á. Þegar vitnið var að fara var það að leita að síma í íbúðinni og bankaði það á svefnherbergisdyrnar. Ákærði kom þá til dyra og sagði að hann væri rétt að koma fram, en vitnið sá hvorki eða heyrði neitt til Gunnhildar þegar ákærði opnaði, en hann opnaði dyrnar mjög lítið. Vitnið sá ekkert óeðlilegt við ákærða. Vitnið hafði heldur ekki heyrt neitt sérstakt áður frá herberginu.

III.

Hannes Pétursson yfirlæknir hefur framkvæmt geðheilbrigðisrannsókn á ákærða og er skýrsla hans um hana dagsett 18. júní 1986. Segir þar að ákærði sé fæddur og uppalinn í Reykjavík hjá foreldrum og sé hann elstur níu alsystkina, en auk þess séu tvö eldri hálfsystkini. Að sögn ákærða á

ekkert systkina hans við nein sérstök vandkvæði að stríða og samband sé mjög gott milli þeirra allra og veit ákærði ekki til geðsjúkra meðal fjölskyldumeðlima. Hann veit heldur ekki til ættgengra sjúkdóma, en hins vegar hafi verið nokkuð um hjartsláttaróreglu meðal fjögurra systkina. Ákærði kvaðst hafa átt ánægjulega bernsku, en hann hætti fljótlega skólagöngu og kvaðst ekki hafa nennt að ljúka skyldunámi en fór að vinna. Hann hafi þó ekki átt við nein sérstök atferlisvandkvæði að stríða í skóla.

Ákærði byrjaði að vinna 14 ára að aldri, fyrst í fiski en síðan í Áburðarverksmiðjunni vorið 1963, en eftir það hafi hann stundað ýmis störf, en síðast hafi hann unnið í Áburðarverksmiðjunni undanfarin 10 - 11 ár og hefur kunnað mjög vel við sig á þeim vinnustað.

Ákærði kynntist stúlku 17 ára gamall og fóru þau að búa saman ári síðar, þ.e. 1967. Giftu þau sig síðan 1969 og eignuðust tvo syni. Þau skildu hins vegar árið 1971, en tóku saman aftur ári síðar og eignuðust þá þriðja soninn og gekk hjónabandið þokkalega að sögn ákærða. Þau skildu þó árið 1977 og fékk ákærði forræði yfir öllum drengjunum og voru þeir lengst af heima hjá honum.

Ákærði og Gunnhildur Gunnarsdóttir kynntust á Akureyri í maí 1984, en Gunnhildur hafði þá nýlega slitið sambúð og að sögn ákærða var hún í töluverðri drykkju á þeim tíma. Samband þeirra Gunnhildar varð fljótlega náið og fóru þau suður skömmu síðar, en Gunnhildur hafi þá átt að leggjast inn á sjúkrastöðina Vog, en farið þaðan út aftur daginn eftir og flutt inn í íbúð ákærða. Þau gengu í hjónaband 28. september 1984. Hafi Gunnhildur hætt að drekka að mestu leyti nema um helgar eins og gengur og gerist. Á sl. sumri, þ.e. 1985, hafi hún hins vegar farið að hverfa tvo til þrjá daga í senn um helgar og þá verið í „partýum". Hafi þetta ágerst stig af stigi og m.a. leitt til þess að barnaverndarnefnd hafi tekið af henni forræði dætra hennar.

Ákærði kveðst hafa reynt að halda Gunnhildi frá drykkju, en ekki hafi verið hægt að koma rökum við hana. Hann hafi þó aldrei reynt að hefta för hennar, t.d. með því að loka hana inni. Hún hafi horfið öðru hvoru í nokkra daga í senn, en ákærði telur að hún hafi einnig misnotað lyf á þessum tíma. Hann kvað sér hafa sárnað hvörf Gunnhildar, t.d. meðan hann hafi verið á sjúkrahúsi í ágúst 1985. Hún hafi jafnvel „farið í strætið, sofið í görðum og þess háttar". Þá kvað hann hana jafnvel hafa grýtt að honum eldhúshníf einu sinni þegar hann var að reyna að fá hana með sér heim. Hún hafi auk þess verið fingralöng þegar hún var í drykkju. Hann kveðst einu sinni hafa slegið til hennar vegna þessa, en neitar alfarið að hafa beitt Gunnhildi líkamlegu ofbeldi að öðru leyti.

Ályktun geðlæknisins er á þessa leið:

„Að mínu áliti er Magnús Friðrik Óskarsson ekki haldinn formlegri geð-

veiki né greindarskorti. Ekki hafa heldur greinst einkenni um meiri háttar taugaveiklun, en hins vegar greinast nokkur merki um vægar persónuleikatruflanir. Með hliðsjón af niðurstöðu blóðrannsókna, þar með talin litarprófun, er hugsanlegt að áfengisnotkun Magnúsar sé eitthvað meiri en hann treystir sér til að viðurkenna. Hins vegar ber þess að gæta að Magnús hefur neytt ýmissa lyfja, þar með talin hormónalyf vegna vaxtarræktar sinnar, en slík lyfjanotkun getur valdið skertri lifrarstarfsemi. Magnús hefur einnig undanfarin ár haft einkenni um hjartasjúkdóm af óþekktum uppruna (tachycardia ventricularis).

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir atviki því er Magnús sætir nú kæru fyrir, þá virðist verknaðurinn fyrst og fremst einkennast af stórfelldu gáleysi af hálfu Magnúsar. Í viðtölum hélt Magnús því eindregið fram að honum hafi gengið það eitt til að reyna að aftra Gunnhildi heitinni frá því að fara út af heimilinu þá um nóttina. Svo virðist sem Gunnhildur hafi átt við að stríða áfengis- og lyfjamisnoktun og átt það til að hverfa nokkra daga í senn af heimilinu vegna þessa, og ennfremur virðist hjónaband þeirra Magnúsar hafa gengið brösuglega á stundum. Á þeirri stundu sem framangreindur verknaður átti sér stað er hugsanlegt að ölvun Magnúsar hafi átt þátt í því að hann gerði sér ekki sem skyldi grein fyrir því hversu stórháskalegt athæfi hans var.

Í viðtölum lýsti Magnús áhuga sínum á því að vinna áfram að vaxtarrækt. Aðspurður um áfengisneyslu taldi hann að áfengi væri sér ekki vandamál. Ég tel þó, m.a. vegna hjartasjúkdóms og skertrar lifrarstarfsemi, mjög þýðingarmikið að Magnús haldi sig alfarið frá neyslu áfengis, svo og þeim lyfjum sem hann hefur neytt í sambandi við vaxtarræktina. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Magnúsar Friðriks Óskarssonar sé með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

Niðurstöður:

Sannað er með eigin framburði ákærða, sem studdur er lýsingu krufningarskýrslu, framburðum vitna og öðrum gögnum er lúta að sýnilegum áverkum á líki Gunnhildar Gunnarsdóttur, að 6. maí sl., er þau Gunnhildur voru stödd í svefnherbergi íbúðar ákærða að Ferjubakka 10, ýtti hann framan á háls hennar með báðum höndum og þvingaði hana niður á dýnu er hún hugðist fara á brott, hnýtti skyrtubol upp í munn hennar og batt hann aftur fyrir höfuð og síðan batt hann hendur fyrir aftan bak, svo og fætur saman, og loks batt hann saman hendur og fætur. Yfirgaf ákærði síðan herbergið þar sem Gunnhildur lá og braust um til að reyna að losa sig. Þegar hann kom inn í herbergið nokkru síðar virtist Gunnhildur líflaus og komst ekki til lífs þrátt fyrir tilraunir ákærða til að lífga hana við og tilraunir sjúkraliðsmanna og lækna síðar.

Ákærði heldur því fram að Gunnhildur hafi ekki látist af hans völdum þar sem hann hafi skilið við hana með loftveg opinn, bæði í munni fyrir ofan og neðan skyrtubolinn, svo og í nefi. Þegar hins vegar eru virt ályktun krufningarskýrslu og framburður Gunnlaugs Geirssonar, læknis og prófessors í réttarlæknisfræði, hér fyrir dómi, þykir engu að síður í ljós leitt að ofangreint atferli ákærða hafi valdið dauða Gunnhildar Gunnarsdóttur. Breytir þar ekki um þótt sjúkdómur hennar ásamt ölvun og neyslu diazepams kunni að hafa slævt vöðvaorku hennar, enda er það mat læknisins að þeir þættir skýri ekki dauða hennar.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að ákærði hafi fyrirfram ákveðið að svipta Gunnhildi lífi og þykir ekki ástæða til að vefengja þá frásögn hans að hann hafi með framangreindum aðgerðum sínum ætlað að hindra hana í að fara á brott til að ná í áfengi eða lyf, því hann hafi haft von um að fá vist fyrir hana á sjúkrastöðinni Vogi næsta morgun. Einnig verður hér að leggja til grundvallar þá frásögn ákærða, að hann hafi verið örfáar mínútur í burtu frá Gunnhildi eftir að hann batt hana og keflaði, áður en hann sneri aftur inn í herbergið þar sem hún var.

Aðför ákærða að Gunnhildi var stórháskaleg og líkleg til að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar. Eins og atvikum er hér háttað þykir þó ekki unnt að staðhæfa að ákærða hafi mátt vera það ljóst er hann framkvæmdi verknað sinn að hann kynni að leiða til dauða konunnar. Er því ekki unnt að telja verknaðinn ásetningsverknað, er varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hér var hins vegar um að ræða stórháskalega og vísvitandi líkamsárás, sem leiddi til dauða Gunnhildar og þykir því rétt að heimfæra verknaðinn undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 10, 1981. Verður þeirri lagagrein beitt hér, þótt hún sé ekki tilgreind í ákæru, enda var sækjanda og verjanda gefinn kostur á að reifa málið með hliðsjón af henni, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Með hliðsjón af geðheilbrigðisskýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis verður að telja að ákærði sé sakhæfur.

Ákærði hefur tvívegis verið sakfelldur fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. 21.3. 1966 og 14.2. 1983, og hlaut hann sektir í bæði skiptin. Frá árinu 1965 hefur hann þrívegis hlotið sektir fyrir brot á umferðarlögum, síðast á árinu 1978, og á árinu 1966 hlaut hann sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 7. maí 1986 með fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað máls þessa, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000,00, en af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari. Þá greiði ákærði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, kr. 55.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Friðrik Óskarsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldstími ákærða frá 7. maí 1986 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 30.000,00 og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 55.000,00.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 299/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Steinari Halldórssyni og
Heimi Steinarssyni

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. október 1986 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákæruvalds til ákvörðunar og þyngingar refsingu og staðfestingar um upptöku myndbandstækja.

Ákærðu í máli þessu gengu um svonefnt „grænt" hlið tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli merkt áletruninni „Enginn tollskyldur

varningur". Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 356/1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o.fl., sbr. nú reglugerð nr. 209/1987, felst það, að farþegi sem fari um hlið þetta hafi þar með svarað því að hann hafi ekki meðferðis tollskyldan varning. Við lögreglurannsókn tók tollvörðurinn, Björg Valtýsdóttir, fram að Steinar hefði haft „tækifæri til þess að fara með farangurinn um „rautt hlið", eftir að ég hafði spurt hann að því hvort hann væri með raftæki meðferðis". Fyrir dómi bar sama vitni, að flestir færu gegnum „græna" hliðið og í mörgum tilvikum væri þörf á leit hjá þeim. Sigfús Sigurður Kristjánsson tollfulltrúi mætti einnig sem vitni í málinu. Hann kvað flesta fara gegnum „græna hliðið", það væru aðallega útlendingar, sem færu gegnum „rauða hliðið". Hann sagði Íslendinga oft fara beint á varðstofuna væru þeir með tollskyldan varning. Í gögnum málsins kemur fram að farþeginn og vitnið Kristján Ingi Richter hafði með sér tollskyldan varning og fékk afgreiðslu í sama skipti og ákærðu. Hann kveðst hafa farið í „græna" hliðið og þar hafi hinir tollskyldu munir verið teknir og sendir til tollgæslunnar í Reykjavík, þar sem hann greiddi toll af þeim.

Af hálfu verjanda ákærðu komu fram þegar í vörn hans í héraði ýmsar varnarástæður. Hann taldi m.a., *að* í reynd færi fram við „græna" hliðið venjuleg tollskoðun eins og ef engin hliðaskipting væri fyrir hendi, *að* allur þorri íslenskra farþega færi um „græna" hliðið hvernig sem farangri þeirra væri háttað, *að* sá farangur sem tekinn væri til tollafgreiðslu og tollunar frá flugvelli væri að langmestu leyti úr „græna" hliðinu og *að* ekki sé stöðug gæsla í „rauða" hliðinu og svo hafi ekki verið að þessu sinni. Skoraði verjandinn á héraðsdómara að afla gagna um þessi atriði með nánar tilgreindum hætti. Hefur hann ítrekað það síðar undir rekstri málsins án teljandi árangurs.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði reglugerðar nr. 356/1982 var ekki viðhlítandi að dæma málið að efni til án frekari rannsóknar á þeim atriðum sem fram komu í vörn í héraði. Kanna þurfti þær skjallegu upplýsingar sem völ var á um framangreind atriði og taka frekari skýrslur um þau af tollgæslumönnum og öðrum sem kynnu að geta upplýst þar um. Sérstaklega bar að kanna það hvort tollskyldur varningur, sem afhentur var tollvörðum í „græna' hliðinu

sætti venjulegri tollmeðferð og þá án upptöku. Bar í því sambandi að afla tölulegra upplýsinga á dæmigerðum tímabilum er gæfu glögga og almenna mynd af framkvæmd tollgæslu við „græna" hliðið. Þurfti því m.a. að leiða í ljós svo sem unnt var fjölda þeirra tilvika þegar tollskyldur varningur var þar tekinn eða framvísað og með hverjum hætti slík mál voru afgreidd. Einnig þarf að koma fram fjöldi tollafgreiðslna á Keflavíkurflugvelli á sömu tímabilum.

Vegna þeirra galla á málsmeðferð, sem nú hefur verið lýst, verður ekki hjá því komist að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda gengu ákærðu við tollafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli um hlið sem samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. greinar reglugerðar nr. 356/1982, sbr. nú 2. mgr. 6. greinar reglugerðar nr. 209/1987, var merkt grænu skilti með áletruninni: „Enginn tollskyldur varningur". Samkvæmt skýru ákvæði nefndrar 2. mgr. 5. greinar telst farþegi um leið og hann gengur um þannig merkt hlið hafa svarað því að hann hafi ekki meðferðis tollskyldan varning.

Í skýrslu fyrir lögreglu 29. mars 1983 greindi ákærði Steinar svo frá að hann hefði farið um hið svonefnda græna hlið þar sem hann hefði ekki talið sig hafa meðferðis neinn tollskyldan varning. Fyrir

rannsóknarlögreglu 4. ágúst 1983 gaf hann sömu skýringu á því hvers vegna hann fór að hinu græna tollhliði.

Ákærðu, sem krefjast sýknu af kröfum ákæruvalds, skírskota meðal annars til þess að í framkvæmd tíðkist að venjuleg tollskoðun fari fram í hinu svonefnda græna hliði. Enda þótt svo kunni að vera að einhverju marki, svo sem raunar er ekki vefengt af ákæruvalds hálfu, tel ég rök ekki hníga til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað vegna ónógrar rannsóknar um þetta atriði áður en það var dæmt í héraði.

Með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu er eigi rétt að ég tjái mig í dómsatkvæði þessu um sekt eða sýknu ákærðu eða um refsiviðurlög ef því væri að skipta.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1986.

Ár 1986, mánudaginn 7. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 207-208/1986: Ákæruvaldið gegn Steinari Halldórssyni og Heimi Steinarssyni, sem tekið var til dóms þann 3. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 14. desember 1984 á hendur ákærðu, „1. Steinari Halldórssyni, flugvélstjóra, til heimilis að 9 Leon Kauffman, Luxemburg, fæddum 10. september 1943 í Reykjavík og 2. Heimi Steinarssyni, nema, Leirubakka 10, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. febrúar 1967, fyrir tolllagabrot, með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 25. mars 1983 frá Luxemburg eigi framvísað með tilskildum hætti við tollgæsluna tveimur myndbandstækjum af gerðunum SABA og AKAI, sem ákærðu höfðu meðferðis í sameiginlegum farangri sínum, en í greint skipti gengu ákærðu um tollhlið merkt grænu skilti með áletruninni: „Enginn tollskyldur varningur", og fann tollvörður tækin við leit í farangri ákærðu og lagði hald á þau.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. nú 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. 1. og 5. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o.fl. nr. 356, 1982, sbr. reglugerð nr. 145, 1983, sbr. nú reglugerð nr. 313, 1983 og reglugerð nr. 594, 1983.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969, sbr. 5. gr. i.f. reglugerðar nr. 356, 1982, á framangreindum myndbandstækjum, ákærði Steinar á tæki af gerðinni SABA og ákærði Heimir á tæki af gerðinni AKAI."

Málavextir eru þessir:

— — —

Niðurstöður:

Í máli þessu er upplýst að ákærðu gengu með umrædd myndbandstæki um tollhlið merkt áletruninni „Enginn tollskyldur varningur" og skv. 5. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o.fl. nr. 356/1982, sbr. síðari breytingar á þeirri reglugerð telst sú athöfn ákærðu svar við þeirri spurningu tollyfirvalda hvort ákærðu hafi meðferðis tollskyldan varning. Ef ákærðu töldu sig hafa heimild til þess að flytja tækin til landsins með eða án greiðslu aðflutningsgjalda af þeim bar þeim að ganga að rauðu hliði eða snúa sér til tollþjóna í varðstofu. Verður sérstaklega að telja að ákærða Steinari, sem er flugvélastjóri að mennt, hafi mátt vera þetta ljóst. Verður niðurstaða dómsins því sú að ákærðu hafi með atferli sínu gerst sekir um háttsemi þá sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir ekki sætt refsingum svo kunnugt sé.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir refsing ákærða Steinars hæfilega ákveðin 12.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með hliðsjón af atvikum öllum, ungs aldurs ákærða Heimis og þess að hann virðist hafa notið leiðsagnar föður síns um meðferð myndbandstækisins, þykir rétt að gera honum eigi refsingu í máli þessu.

Samkvæmt kröfu ákæruvaldsins og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í ákæru greinir verða umrædd myndbandstæki gerð upptæk til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974 til þess að greiða sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun Hjartar Torfasonar hrl., skipaðs verjanda þeirra, kr. 12.000,00.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Steinar Halldórsson, greiði 12.000,- króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði Steinar sæti upptöku til ríkissjóðs á myndbandstæki af gerðinni SABA.

Ákærða Heimi verður eigi gerð refsing í máli þessu.

Ákærði Heimir sæti upptöku til ríkissjóðs á myndbandstæki af gerðinni AKAI.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Hjartar Torfasonar hrl., kr. 12.000,00.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 223/1986. **Grétar Haraldsson**
(sjálfur)
gegn
Olíuverslun Íslands h/f
(Jón Ólafsson hrl.)

Víxlar. Útivist í héraði. 45. gr. hæstaréttarlaga. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 11. s.m. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, bæði sín vegna og f.h. Sundavals s/f, og að felld verði úr gildi fjárnámsgerð sem fram fór 4. mars 1986. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxill sá sem um er að ræða sé ekki samþykktur af Lúðvík Halldórssyni fyrir hönd Sundavals s/f, þar sem samþykkisáritunin er svohljóðandi: „F.h. Sundaval (stimpill) Lúðvík Halldórsson." Þá telur hann víxlinum í ýmsum atriðum ekki rétt lýst í héraðsstefnu.

Eigi er dregið í efa að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði og að honum hafi verið kunnugt um málsóknina. Átti hann þannig kost á að bera fram kröfur og málsástæður í héraði, og verður ekki fallist á það að hann megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og fjárnámsgerð og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er áfrýjanda, Grétar Haraldsson, varðar, svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð.

Áfrýjandi greiði stefnda, Olíuverslun Íslands h/f, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl. er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 8. 9. og 11. október sl. af Olíuverslun Íslands hf., nnr. 6854-1808, Reykjavík gegn Grétari Haraldssyni, nnr. 2741-3978, Hegranesi 34, Garðabæ og Lúðvík Halldórssyni, nnr. 6185-4800, Erluhólum 1, Reykjavík báðum persónulega vegna sameignarfyrirtækis þeirra verslunarinnar Sundavals sf., nnr. 8545-2398, Kleppsvegi 150, Reykjavík og einnig Hreini Halldórssyni nnr. 4370-5539, Garðavegi 17, Hvammstanga sem stjórnarformanni f.h. verslunar Sigurðar Pálmasonar, nnr. 9173-3846, Hvammstanga.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 122.250,00 auk 4% dráttarvaxta frá 10. mars 1985 til 1. júní sama ár, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 288,00 í stimpilgjald og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var upphaflega tekið til áritunar þann 24. október sl. Á reglulegu bæjarþingi þann 7. nóvember sl. lagði lögmaður stefnanda fram greinargerð í málinu þar sem hann lækkaði dómkröfur sínar og var þá málinu vikið til venjulegrar meðferðar og það dómtekið sama dag.

Málsatvik:

Stefnandi kveður hinn umstefnda víxil hafa verið útgefinn á Blönduósi þann 14. febrúar 1985 að fjárhæð kr. 122.250,00 með gjalddaga hinn 20. mars 1985. Víxillinn, sem áritaður hafi verið „án afsagnar", sé útgefinn af stefnda verslun Sigurðar Pálmasonar hf., en samþykktur til greiðslu af stefnda versluninni Sundavali sf. í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Víxillinn sé ábekktur af stefnanda.

Málsástæður:

Stefnandi kveður víxilinn ekki hafa fengist greiddan þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og sé því málssókn þessi nauðsynleg.

Í máli þessu var upphaflega krafist dóms skv. tveimur víxlum en á reglulegu bæjarþingi þann 7. nóvember sl. féll lögmaður stefnanda frá kröfum vegna annars víxilsins í málinu, það er þess sem útgefinn var á Blönduósi 22. mars 1985 að fjárhæð kr. 146.564,00 með gjalddaga hinn 31. mars 1985. Lækkaði stefnufjárhæðin sem þeirri fjárhæð nam.

Lagarök:

Stefnandi vísar um lagarök til almennra reglna kröfuréttarins um greiðslur fjárskuldbindinga og víxillaga.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 18.100,00.

Dóminn kvað upp Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndu Grétar Haraldsson og Lúðvík Halldórsson báðir persónulega og v/verslunarinnar Sundavals sf., svo og verslun Sigurðar Pálmasonar hf. greiði stefnanda Olíuverslun Íslands hf., in solidum kr. 122.250,00 með 4% mánaðarvöxtum frá 10.03. 1985 til 01.06. sama ár, en með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 01.09. sama ár, en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 288,00 í stimpilgjald og kr. 18.100,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 4. mars 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 4. mars, er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Hegranesi 34, og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Olíuverslun Íslands hf. gegn Grétari Haraldssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 dóm og nr. 3-5 birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Hallgrímsson lögfr. v/Jóns Ólafssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 122.250,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 10.3. '85 til 1.6. '85, með 3,5% drv. frá þeim degi til 1.9. '85, með 3,75% drv. frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.140,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 18.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta eiginkona hans, sem býr hér.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola G-13182, Rover 3500, árg. 1979.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu sem er ólöglærð og brýnir m.a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 224/1986. **Grétar Haraldsson**
(sjálfur)
gegn
Olíuverslun Íslands h/f
(Jón Ólafsson hrl.)

Víxlar. Áskorunarmál. Útivist í héraði. 45. gr. hæstaréttarlaga. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. ágúst 1986. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, bæði sín vegna og f.h. Sundavals s/f, og að felld verði úr gildi fjárnámsgerð 4. júlí 1986. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hin kærða áritun á áskorunarstefnu verði staðfest, svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi höfðaði í héraði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með

áskorunarstefnu 26. mars 1986 á hendur áfrýjanda og Lúðvík Halldórssyni ,,sameiginlega og persónulega vegna sameignarfyrirtækis þeirra, Verslunarinnar Sundaval sf.“ og gegn verslun Sigurðar Pálmasonar h/f Hvammstanga, og gerði þær kröfur að stefndu yrðu dæmdir in solidum til þess að greiða honum víxilskuld að fjárhæð 146.564,00 krónur ásamt dráttarvöxtum, 4% frá 31. mars 1985 til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75% frá þeim degi til greiðsludags, og ennfremur 388,00 krónur í stimpilkostnað og einnig málskostnað.

Stefna þessi var birt stefndu, þar á meðal áfrýjanda. Enginn stefndu sótti þing við þingfestingu málsins 15. maí 1986 og var málið þá tekið til áritunar. Hinn 19. júní var málið endurupptekið að ósk stefnanda og lýsti lögmaður hans þá yfir því að fallið væri frá kröfum á hendur Verslun Sigurðar Pálmasonar h/f að svo stöddu. Málið var svo tekið á ný til áritunar, og næsta dag, 20. júní, áritaði Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans, stefnuna á þessa leið:

,,Stefnukröfur máls þessa á hendur stefndu Grétari Haraldssyni og Lúðvík Halldórssyni og Versluninni Sundaval s/f og 21.100,00 krónur í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Áfrýjandi hefur borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxill sá sem um er að ræða sé ekki samþykktur af Lúðvík Halldórssyni fyrir hönd Sundavals s/f, þar sem samþykkisáritunin er svohljóðandi: ,,F.h. Sundaval (stimpill) Lúðvík Halldórsson.“ Þá telur hann víxlinum í ýmsum atriðum ekki rétt lýst í héraðsstefnu.

Eigi er dregið í efa að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði og að honum hafi verið kunnugt um málsóknina. Átti hann þannig kost á að bera fram kröfur og málsástæður í héraði, og verður ekki fallist á það að hann megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt því ber að staðfesta hið áfrýjaða dómsígildi og fjárnámsgerð.

Með stefnu 1. október 1985 höfðaði stefndi (stefnandi í héraði) mál á hendur áfrýjanda og fleirum til greiðslu á tveimur víxilskuldum, og var önnur þeirra skuld sú sem um er að ræða í máli þessu, 146.564,00 krónur. Stefndi lækkaði síðan kröfu sína um fjárhæð

þeirrar víxilskuldar, en dómur gekk um kröfuna að öðru leyti hinn 14. nóvember 1985 og voru varnaraðilar dæmdir til greiðslu á 122.250,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar. Stefndi höfðaði síðan nýtt mál með áskorunarstefnu 26. mars 1986 eins og áður hefur verið lýst. Dóminum frá 14. nóvember 1985 var einnig áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar í dag hefur hann verið staðfestur og áfrýjandi dæmdur til málskostnaðargreiðslu. Eigi verður annað séð en að stefnda hafi verið í lófa lagið að halda áfram málsókn út af báðum víxilskuldunum í einu lagi eins og málið var upphaflega lagt fyrir dómstóla. Þykir því rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu er staðfest að því er áfrýjanda, Grétar Haraldsson, varðar, svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 4. júlí 1986.

Ár 1986, föstudaginn 4. 7. er fógetaréttur Garðakaustaðar settur að Hegranesi 34, og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið 1251/86: Olíuverslun Íslands h.f. gegn Grétari Haraldssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Hallgrímsson lögfr. v/ Jóns Ólafssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 146.564,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 31.3. '85 til 1.6. '85, en með 3,5% frá þ.d. til 1.9. '85, en með 3,75% frá þ.d. til 1.3. '86, en með 2,75% frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.210,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 388,00 í stimpilkostn., kr. 21.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Þórður Sveinsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti

fjárnámi í eign gerðarþola bifr. G-21372, Peugeot árg. 1985. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Kristinn Hallgrímsson.

Fimmtudaginn 18. júní 1987.

Nr. 26/1987. **Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður vegna þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f**

gegn

menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunarúrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. greinar laga nr. 75/1973, sbr. 112. gr. laga nr. 6/1978, með kæru 16. janúar 1987 er barst Hæstarétti 26. s.m. Krefst sóknaraðili þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda „að halda meðferð málsins áfram í héraði og leggja efnisdóm á málið". Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Framangreindar kröfur ítrekaði sóknaraðili í greinargerð sinni til Hæstaréttar 18. febrúar sl. Segir síðan í greinargerð þessari:

„Rétt þykir að taka fram að eftir að mál þetta var kært til Hæstaréttar Íslands hefir undirritaður sannfærst um að samkomulag það, sem gert var um rekstur tveggja mála sem gagnsakar og aðalsakar fyrir skiptarétti Reykjavíkur sé á misskilningi og röngum forsendum reist og raunar ekki framkvæmanlegt þar sem aðild hinna tveggja mála er mismunandi. Annars vegar er um að ræða mál, þar sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands og þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f eru málsaðilar, og annast undirritaður þar hagsmunagæslu sem málflutningsumboðsmaður eftir málflutningsumboði þrotabúsins. Á hinn bóginn er um að ræða málið Þórólfur Kristján Beck hrl. vegna þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f samkvæmt 114. gr. l. nr. 6/1978 gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Höfðar Þórólfur síðara málið í eigin nafni og á eigin kostnað, en hið fyrra mál beinist að þrotabúinu einvörðungu og er hvorki rekið í nafni Þórólfs né á hans kostnað. Ljóst er að Þórólfur Kristján Beck verður eigi dæmdur persónulega til að greiða kröfur ríkissjóðs á hendur þrotabúinu né heldur málskostnað í þeim þætti málsins. Verða málin vegna hinnar mismunandi aðildar eigi rekin sem gagnsök og aðalsök í einu og sama máli fyrir skiptarétti. Virðist því af þessari ástæðu ex officio bera að vísa máli þessu frá skiptaréttinum, hvað sem kröfugerð kæranda líður, en þá án málskostnaðar. Óhjákvæmilegt þykir að láta þessa getið enda þótt það samræmist eigi kröfum kæranda."

Samkvæmt framansögðu hefur sóknaraðili uppi þá dómkröfu að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp úrskurð að efni til um ágreining aðila jafnframt því sem hann heldur fram að málið sé lagt þannig fyrir skiptaréttinn að skiptaráðandi megi ekki leggja á það úrskurð efnislega í því horfi sem það er.

Þegar þetta er virt þykir vera slíkt ósamræmi í kröfugerð og málsreifun sóknaraðila fyrir Hæstarétti að vísa beri kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila 7.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður

vegna þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, greiði varnaraðila, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 7.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 5. janúar 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 15. desember 1986.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður f.h. þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 9.902. 630,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins,

til vara að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 8.161.794,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins,

til þrautavara að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins,

auk 45% ársvaxta af framangreindum fjárhæðum frá 28. október 1982 til 20. september 1983, 37% ársvaxta frá þeim tíma til 20. október 1983, 36% ársvaxta frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þeim tíma til 20. desember 1983, 25% ársvaxta frá þeim tíma til 20. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim tíma til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvaxta á mánuði fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, sem líður frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, 4% dráttarvaxta frá þeim tíma til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvaxta frá þeim tíma til 1. september 1985 og 3,75% dráttarvaxta frá þeim tíma til greiðsludags.

Ennfremur krefst sóknaraðili þess, að úrskurðað verði, að vexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti og vextir síðan reiknast af hinum upphækkaða höfuðstól, í fyrsta skipti 28.10. 1983.

Loks krefst sóknaraðili þess, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðiljar, menntamálaráðherra og fjármálaraðherra f.h. ríkissjóðs, krefjast þess *aðallega* að málinu verði vísað frá dómi og sóknaraðilja verði gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað samkvæmt mati réttarins. *Til vara* er þess krafist að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og að varnaraðiljum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðilja að mati réttarins. *Til þrautavara* er þess krafist að kröfur sóknaraðilja verði verulega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Krafa varnaraðilja um frávísun málsins kom fram í greinargeð þeirra á

dskj. nr. 95, sem lögð var fram á dómþingi hinn 27. október 1986 og fór fram munnlegur málflutningur um hana hinn 15. desember sl.

— — —

VI

Samkvæmt 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 geta aðiljar samið um að reka fyrir skiptarétti dómsmál sem ella skulu rekin fyrir hinum almennu dómstólum. Er hér að sjálfsögðu átt við dómsmál sem þrotabú er aðili að.

Ágreiningur sá sem varð tilefni til þeirra málaferla sem hér er um að ræða er augljóslega þess efnis, að hann ætti ekki að sæta úrlausn skiptaréttarins, nema til kæmi sérstakt samkomulag aðilja þar að lútandi.

Sú málsástæða sóknaraðilja að frávísunarkrafa varnaraðilja sé of seint fram komin er algerlega út í bláinn.

Kröfugerð sóknaraðilja máls þessa er ekki í neinu samræmi við það samkomulag, sem aðiljar gerðu um rekstur ágreiningsmálsins um uppgjör fyrir smíði svonefnds Hugvísindahúss Háskóla Íslands. Hafa aðiljarnir ekki samið um að leggja undir úrlausn skiptaréttar Reykjavíkur ágreining um þær fjárkröfur sem sóknaraðili gerir í málatilbúnaði sínum og gerð var grein fyrir í kafla IV hér að framan. Verður þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá skiptaréttinum, án þess að afstaða sé tekin til annarra málsástæðna varnaraðilja um frávísunarkröfu þeirra.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður ekki hjá því komist að leggja á sóknaraðilja að greiða varnaraðiljum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti Reykjavíkur.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður f.h. þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, greiði varnaraðiljum, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. júní 1987.

Nr. 57/1987. **Ingibjörg Halldórsdóttir**
gegn
Mjólkurfræðingafélagi Íslands
menntamálaráðherra
Iðnfræðsluráði
iðnaðarráðherra
Iðnráði og
Mjólkursamsölunni í Reykjavík

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1987 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en sóknaraðili fékk vitneskju um uppkvaðningu dómsins 22. janúar 1987 að því er ætla verður. Kæran barst Hæstarétti 11. febrúar 1987.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarkröfu varnaraðila verði hafnað og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðili Mjókursamsalan í Reykjavík krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilar Mjólkurfræðingafélag Íslands og Iðnráð krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hæstarétti hafa ekki borist greinargerðir frá öðrum varnaraðilum.

Mál þetta hefur sóknaraðili höfðað til að fá dómsviðurkenningu á því að honum sé heimilt að vinna þau störf er stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík felur honum að vinna sem matvælafræðingi með framhaldsmenntun í mjólkurfræðum í rannsóknarstofu fyrirtækisins, jafnvel þótt þau störf kunni að skarast við þau störf er falla undir mjólkuriðn samkvæmt 8. gr. laga nr. 42/1978 og 2. mgr. 1. greinar laga nr. 68/1966, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 558/1981.

Sóknaraðili hefur brýnt tilefni til þess og réttarhagsmuni af því

að leita dómsúrlausnar um réttarstöðu sína að framangreindu leyti. Dómkrafa hans er nægilega skýrt mörkuð til að dóm megi um hana veita.

Samkvæmt framansögðu, og með því að almennir dómstólar eiga lögsögu um málefnið eins og hér stendur á, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1986.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfur hinn 3. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ingibjörgu Halldórsdóttur matvælafræðingi, nnr. 4610-9368, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi, gegn Mjólkurfræðingafélagi Íslands, menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytisins, Iðnfræðsluráði, iðnaðarráðherra f.h. iðnaðarráðuneytisins, Iðnráði og Mjólkursamsölunni í Reykjavík, með stefnu birtri 17., 20. og 26. mars 1986.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir til að þola viðurkenningu dómsins á því að stefnanda sé heimilt að vinna þau störf er stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík felur henni að vinna sem matvælafræðingi með framhaldsmenntun í mjólkurfræðum á rannsóknarstofu fyrirtækisins, jafnvel þótt þau störf kunni að skarast við þau störf er falla undir mjólkuriðn skv. 8. gr. l. nr. 42/1978 um iðnað og 2. mgr. 1. gr. l. nr. 68/1966 um iðnfræðslu sbr. 6. gr. rg. nr. 558/1981 um iðnfræðslu. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað að mati dómsins.

Stefndu Mjólkurfræðingafélag Íslands og Iðnráð gera þær dómkröfur aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Stefndi Mjólkursamsalan í Reykjavík gerir þær dómkröfur aðallega að máli þessu verði vísað frá og til vara að sýknað verði af öllum kröfum stefn-

anda. Hvernig svo sem málið fer er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Stefndu iðnaðarráðherra f.h. iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis og Iðnfræðsluráð, gera þær dómkröfur að sýknað verði af kröfum stefnanda og málskostnaður felldur niður.

Málið er til úrlausnar nú að því er frávísunarkröfur varðar.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

IV.

Þótt marka megi af málatilbúnaði stefnanda og yfirheyrslum fyrir dómi að það sé einkum skynmat á mjólkurvörum, staðgengilsstarf forstöðumanns rannsóknarstofu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og ábyrgð gagnvart heilbrigðisyfirvöldum, sem dómkröfur stefnanda eru studdar við, þá er kröfugerð stefnanda hvorki sérgreind né takmörkuð við þau málsefni sérstaklega. Dómkröfur stefnanda takmarkast þannig ekki við ákveðin ágreiningsefni gagnvart stefndu, en lúta hins vegar að almennri viðurkenningu dóms á því að stefnanda sé heimilt að vinna ótiltekin störf sem stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík felur henni að vinna sem matvælafræðingi á rannsóknarstofu fyrirtækisins og það jafnvel þótt þau störf falli undir mjólkurlögin og lögvernduð séu.

Með svo víðtækri og almennri kröfugerð er stefnandi í raun að leita lögfræðilegs álits án þess að jafnframt sé til úrlausnar tiltekið ágreiningsefni í því sambandi. Er það andstætt 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, auk þess sem sú kröfugerð samrýmist vart ákvæðum 88. gr. sömu laga um glögga og skýra málsreifun. Ber því að fallast á kröfur stefndu um frávísun málsins, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. júní 1987.

Nr. 33/1986. **Eyragrill sf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Erlu Hafliðadóttur
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
Patrekshreppi
(Benedikt Blöndal hrl.)
Brunabótafélagi Íslands
(Benedikt Blöndal hrl.)
Ríkissjóði
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)
Byggðastofnun
(Stefán Pétursson hrl.)
Ferðamálasjóði
Eyrasparisjóði
(Benedikt Blöndal hrl.)
Fjárfestingarfélagi Íslands hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Stálhúsgagnagerð Steinars hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Húsasmiðjunni hf.
(Jón G. Zoega hrl.)
Vélsmiðjunni Héðni hf.
(Jón G. Zoega hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
Iðnaðarbanka Íslands hf. og
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
Árna Pálssyni héraðsdómslögmanni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Nauðungaruppboð. Áfrýjun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar s.á. Krefst hann þess, að „hið áfrýjaða uppboð verði dæmt ógilt og fellt úr gildi í heild sinni". Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum fyrir Hæstarétti.

Stefndu Húsasmiðjan hf., Vélsmiðjan Héðinn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf. og Árni Pálsson taka undir kröfur áfrýjanda um að hið áfrýjaða uppboð verði fellt úr gildi, en krefjast sýknu af málskostnaðarkröfunni.

Stefndu Erla Hafliðadóttir, Patrekshreppur, Brunabótafélag Íslands, Landsbanki Íslands, Byggðastofnun, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Stálhúsgagnagerð Steinars hf. og Sláturfélag Suðurlands krefjast staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu ríkissjóðs, sem stefnt er í málinu, var lögð fram greinargerð og þar krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti að því er þennan aðila varðar. Til vara er krafist sýknu.

Ekki var sótt þing af hálfu stefnda ríkissjóðs eftir að greinargerð var lögð fram. Af hálfu stefndu Ferðamálasjóðs, Eyrasparisjóðs og Samvinnutrygginga g.t. voru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi.

Hinn 19. nóvember 1984 beiddist Stálhúsgagnagerð Steinars hf. þess að fasteignin Eyragrill við Eyragötu á Patreksfirði yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð 110.987,00 krónur auk vaxta og kostnaðar, samkvæmt heimild í fjárnámsgerð 25. október s.á. Hinn 21. sama mánaðar beiddist Húsasmiðjan hf. uppboðs á sömu eign fyrir skuld að fjárhæð 49.277,70 krónur auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámsgerð 29. ágúst 1984, og Garða-Héðinn hf. beiddist sama dag uppboðs fyrir skuld að fjárhæð 10.813,00 krónur auk vaxta og kostnaðar eftir heimild í fjárnámsgerð einnig frá 29. ágúst 1984. Enn beiddust Samvinnutryggingar g.t. þess 7. janúar 1985 að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð 29.607,90 krónur auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámsgerð 30. nóvember 1984. Uppboðsauglýsing var gefin út 8. febrúar 1985 og birt í Lögbirtingablaði 22. febrúar, 5. mars og 12. mars 1985.

Eftir útgáfu uppboðsauglýsingarinnar bárust fleiri uppboðsbeiðnir byggðar á fjárnámum.

Í öllum fjárnámsgerðunum er hið fjárnumda verðmæti tilgreint sem fasteignin Eyragrill við Eyragötu á Patreksfirði en í uppboðsskilmálum, dags. 10. apríl 1985, sem húseignin Veitingahús Vatneyri Patreksfirði með tilheyrandi lóð.

Uppboð á eigninni fór fram 23. maí 1985. Meðal þeirra sem sóttu uppboðsþingið var umboðsmaður stefnda Landsbanka Íslands. Lagði hann fram bréf dags. sama dag, þar sem hann krafðist þess að bankinn fengi að ganga inn í uppboðið og skírskotaði um það til tveggja veðskuldabréfa útgefinna 8. júlí og 16. ágúst 1983, að fjárhæð 150.000,00 krónur og 50.000,00 krónur með 1. og 2. veðrétti í „veitingahúsinu við Eyragötu á Patreksfirði, svonefndu Eyragrilli".

Á söluþinginu kom aðeins eitt boð í eignina, frá stefnda Eyrasparisjóði, og var þess krafist af hálfu uppboðsþola að fram færi annað og síðara uppboð. Var ákveðið að það uppboð færi fram 5. september 1985.

Er uppboðið var tekið fyrir í uppboðsréttinum á hinum tiltekna degi var því frestað til 16. október og þá aftur til 18. október. Var uppboðið á þeim degi fyrst tekið fyrir á eigninni sjálfri en uppboðsrétturinn síðan fluttur í dómssal sýslumannsembættisins á staðnum og uppboðinu haldið fram þar. Lauk uppboðsþinginu svo að hæstbjóðandi varð stefnda Erla Hafliðadóttir er bauð 1.900.000,00 krónur í eignina, og var boð hennar samþykkt.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar um að uppboðið verði fellt úr gildi á því að margvíslegir annmarkar hafi verið á framkvæmd þess.

Af hálfu ríkissjóðs hefur verið krafist frávísunar að því er hann varðar. Í úthlutunargerð 10. desember 1985 segir, að greidd sé forgangskrafa um skipulagsgjald til ríkissjóðs. Frávísunarkrafan verður því ekki tekin til greina, þar sem ríkissjóður er aðili uppboðsins eftir 3. tölulið 8. gr. uppboðslaga.

1) Því er haldið fram, að uppboðsmálið hafi átt að fella niður á fyrra söluþingi 23. maí 1985, þar sem boð það, sem gert var og nam 400.000,00 krónum, hafi verið svo lágt, að enginn „þáverandi uppboðsbeiðenda hefði fengið greitt upp í kröfu sína, sbr. 28. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949".

Með bréfi rituðu á uppboðsdegi óskaði Landsbanki Íslands þess að ganga inn í uppboðið. Er um heimild vísað til tveggja veðskulda-

bréfa, sem fylgdu í ljósriti. Þótt skuldabréf þessi fylgdu ekki í frumriti verður að telja, að bankinn hafi með lögmætum hætti gengið inn í uppboðið eins og hér stóð á. Þar sem hann átti bæði 1. og 2. veðrétt í eigninni, verður krafa áfrýjanda ekki byggð á þessari röksemd.

2) Bent er á, að ólöglærðir menn hafi sótt uppboðsþing 23. maí og 18. október 1985 fyrir áfrýjanda, og því haldið fram, að þeir hafi ekki notið leiðbeininga dómara í þeim mæli, sem átt hafi að vera eftir 114., sbr. 223. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Af bókunum um uppboðsþingin, sem hér koma við sögu, verður ekki annað ráðið en að hagsmuna áfrýjanda hafi verið gætt eftir því sem efni stóðu til. Þykir ekki fram komin næg ástæða til að taka kröfu hans hér fyrir dómi til greina af þeirri ástæðu að skort hafi leiðbeiningar.

3) Áfrýjandi bendir á, að uppboðsskilmálar hafi ekki, svo að séð verði af uppboðsbók, verið lesnir 23. maí 1985. — Ekki er fram komið, að athugasemdir hafi verið gerðar við skilmálana fyrir þingið, en þeir lágu þar frammi. Þó að ekki sýnist hafa verið gætt 26. gr. uppboðslaga um upplestur þeirra, þykir það ekki geta leitt til ómerkingar, enda voru skilmálarnir með venjulegum hætti.

4) Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að tilkynningar til veðhafa um nauðungarsöluna hafi ekki verið í samræmi við 22. gr. 3. mgr. uppboðslaga. Söluþingið 18. október 1985 var sótt fyrir stefndu Brunabótafélag Íslands, Landsbanka Íslands, Byggðastofnun, Ferðamálastjóð, Eyrasparisjóð, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Stálhúsgagnagerð Steinars hf. og Sláturfélag Suðurlands. Kemur þá til athugungar, hvort þess hafi verið gætt að tilkynna öðrum veðhöfum með fullnægjandi hætti um uppboðið.

Samkvæmt málsgögnum voru send símskeyti til ýmissa aðila 14. október, þar sem sagt var, að annað og síðasta nauðungaruppboð á Eyragrilli færi fram 16. október. Verður að byggja á því, að slík skeyti hafi verið send lögmönnum Húsasmiðjunnar hf., Garða-Héðins hf., en Vélsmiðjan Héðinn hf. hefur tekið við málinu af þessu félagi, Samvinnutrygginga g.t. og Iðnaðarbanka Íslands hf., svo og Árna Pálssyni hdl. persónulega. Hinn 16. október var þinginu frestað vegna samgöngutruflana, en ekki verður litið svo á, að það hafi í þessu sambandi þýðingu að lögum. Kemur eftir þessu aðeins til

álita hvort tilkynning hafi verið send Patrekshreppi þar sem uppboðshaldari var innheimtumaður ríkissjóðs. Hreppurinn átti lága forgangskröfu, sem greiddist að fullu, og var þess ekki að vænta, að lokaboð hækkaði vegna nærveru fulltrúa hans á söluþinginu. Voru hagsmunir áfrýjanda því ekki skertir vegna hugsanlegra galla á tilkynningum til hreppsins. Þarf þá ekki að kanna frekar tilkynningar, sem sendar voru 14. október 1985 eða fyrr, en þær voru margar, en telja ber, að þessi röksemd áfrýjanda leiði ekki til ógildingar hins umdeilda uppboðs.

5) Áfrýjandi heldur því fram, að ekki hafi verið auglýst í dagblaði, að bjóða ætti Eyragrill upp, svo sem hafi átt að vera eftir 22. gr. 2. mgr. uppboðslaga. Því er haldið fram af hálfu stefndu Erlu, að auglýst hafi verið með þessum hætti, en auglýsing hefur þó ekki verið lögð fram í dómi. Hvað sem því líður, verður ógildingarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina á grundvelli þessarar röksemdar, þar sem ekki er eftir uppboðslögum skylt að auglýsa uppboð í dagblaði.

6) Áfrýjandi heldur því fram, að ólögmætt hafi verið að flytja uppboðsþingið af eigninni sjálfri á skrifstofu uppboðshaldara. Var það gert 18. október, eftir að fram kom beiðni áfrýjanda um greiðslustöðvun. Þegar uppboðsþinginu var haldið áfram á skrifstofunni, var, að því er í uppboðsbók segir, spurt, hvort athugasemdir væru við framkvæmd og undirbúning uppboðsins. Engar athugasemdir komu fram. Telst því fullnægt því skilyrði 23. gr. 3. mgr. uppboðslaga, að víkja megi frá reglu 1. mgr. um að uppboð skuli fram fara á eigninni, ef allir aðilar verða á það sáttir.

7) Loks reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því að með hinni seldu fasteign hafi verið seldir ýmsir munir sem fylgifé hennar án þess að uppboðsheimildir tækju til þeirra.

Í úthlutunargerð og uppboðsafsali, dags. 10. desember 1985, er afsalað til stefndu Erlu Hafliðadóttur sem uppboðskaupanda veitingastofu við Eyraveg ásamt fylgifé og lóðarréttindum. Segir þar nánar svo, að fylgifé með eigninni teljist „öll eldunartæki, ísskápur, uppþvottavél, frystikista, 14 borð, 70 stólar og öll ljósastæði".

Hvorki af uppboðsskilmálum né af því sem skráð er í uppboðsbók á söluþingunum 23. maí og 18. október 1985 verður séð að munir þessir, sem ekki teljast til venjulegs fylgifjár, hafi verið boðnir

upp með fasteigninni. Fjárnámsgerðir þær sem voru grundvöllur uppboðsins taka ekki heldur til þeirra. Í öðru veðbréfi Landsbanka Íslands segir að vísu að veðsett sé fasteignin: „Veitingarstaður við Eyragötu á Patreksfirði 788 m²“ og jafnframt tekið fram í hinum prentaða texta veðbréfsins að fasteignin sé veðsett með „vélum og öðrum iðnaðaráhöldum, föstum og lausum...“ Ákvæði þetta getur þó engan veginn tekið til þeirra muna sem hér er um að tefla og eigi mátti veðsetja ósérgreinda samkvæmt ákvæðum 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, en upphafsákvæði 6. gr. laganna á hér ekki við. Verður því ekki fallist á það með stefndu Erlu að vegna fyrrgreinds ákvæðis í veðbréfi bankans hafi uppboðssala á fasteigninni ásamt fylgifé tekið til muna þessara.

Samkvæmt framansögðu hefur uppboðshaldari í uppboðsafsalinu 10. desember afsalað uppboðskaupandanum, stefndu Erlu Hafliðadóttur, framangreindum munum þó að þeir hefðu eigi verið boðnir upp á söluþinginu 18. október 1985. Áfrýjandi hefur hins vegar ekki áfrýjað útgáfu uppboðsafsalsins sérstaklega. Var frestur til áfrýjunar þeirrar dómsathafnar og liðinn þegar áfrýjunarstefna var gefin út, sbr. 4. gr. 2. mgr. uppboðslaga, og áfrýjunarleyfi það, er áfrýjandi fékk, tók einungis til uppboðsins 18. október 1985. Verður uppboðsafsalið samkvæmt því ekki úr gildi fellt með dómi í máli þessu.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er rakið eru ekki slíkir annmarkar á uppboðsgerðinni 18. október 1985 að hún verði ómerkt. Ber því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa stefnda ríkissjóðs er ekki tekin til greina.

Ógildingarkrafa áfrýjanda, Eyragrills sf., er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Barðastrandarsýslu 18. október 1985.

Ár 1985, föstudaginn 18. október kl. 10:00 er uppboðsréttur settur í veitingastofunni Eyragrilli á Vatneyri, Patreksfirði og haldinn þar af Stefáni Skarphéðinssyni sýslumanni ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Uppboðsmálið nr. 17/1985, Ásgeir Thoroddsen hdl. og Sigríður Thorlacíus hdl. gegn Eyragrilli sf. að halda nauðungaruppboð á fasteigninni Eyragrilli, Patreksfirði ásamt tilheyrandi fylgifé og lóðarréttindum.

Skjöl málsins nr. 1-77 eru til staðar í réttinum.

Uppboðshaldari leggur fram nr. 78 skeyti frá Steingrími Þormóðssyni hdl. beiðni um greiðslustöðvun.

Tilraun til sölu eignarinnar á öðru og síðasta uppboði var frestað miðvikudaginn 16. október 1985 sbr. bókun þann dag og skyldi sölutilraunum framhaldið í dag.

Gunnar Sæmundsson hdl. mætir fyrir hönd Landsbanka Íslands, Ferðamálasjóðs Íslands, Fjárfestingarfélag Íslands og Ásgeir Thoroddsen hdl.

Hilmar Jónsson sparisjóðsstjóri mætir f.h. Eyrasparisjóðs, Brunabótafélags Íslands og Byggðasjóðs.

Af hálfu uppboðsþola mætir annar aðaleigandi Eyragrills sf., Jón Bessi Árnason.

Uppboðsréttinum er frestað og hann fluttur í dómssal embættisins, Aðalstræti 92, Patreksfirði og framhaldið þar kl. 11:00.

Tekið er fyrir dskj. nr. 78 og ákveðið að taka greiðslustöðvunarbeiðni fyrir nú þegar í skiptarétti og fresta uppboðsréttinum aftur til kl. 12:00 í dag.

Kl. 12:00, uppboðsrétti framhaldið í dómssal embættisins Aðalstræti 92, Patreksfirði. Greiðslustöðvunarbeiðni var hafnað með úrskurði í skiptarétti.

Spurt var um hvort einhverjar athugasemdir væru við undirbúning eða framkvæmd uppboðsins, sem nú fer fram og komu engar athugasemdir.

Málsskjöl eru kynnt eftir því sem tilefni er til, en sérstaklega dskj. nr. 13 uppboðsskilmálar og dskj. nr. 77 veðbókarvottorð.

Jón Bessi Árnason óskar eftir bókun svohljóðandi: Eftirtaldir munir, sem eru í veitingahúsinu, eru í eign eftirtalinna aðila:

1. Símasjálfsali, eign Pósts og síma.
2. Spilakassi, eign Rauðakross Íslands.
3. Ölkista, ölvél og það sem henni fylgir er eign Vífilfells hf.
4. Frystikista 250 l, eign Sveins Arasonar.
5. " 450 l, eign Kjöríss.
6. Útvarp, segulband, magnarar og hátalarar, eign Guðrúnar Gísladóttur.
7. Myndir af bátum, eign Jóns Bessa Árnasonar.

Nú var leitað eftir boðum í eignina og er það annað og síðasta uppboð, en fyrra uppboð fór fram 23. maí 1985 og var hæstbjóðandi þá Hilmar Jónsson f.h. Eyrasparisjóðs með boð að fjárhæð kr. 400.000,-.

Gunnar Sæmundsson hdl. býður kr. 1.000.000,- f.h. Fjárfestingarfélagsins og krefst útlagningar.

Hilmar Jónsson býður f.h. Eyrasparisjóðs og krefst útlagningar kr. 1.300.000,-.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.400.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.500.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.550.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.700.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.750.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.850.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.900.000,-.

Fleiri boð komu ekki og er Erla Hafliðadóttir hæstbjóðandi með boð að fjárhæð kr. 1.900.000,-.

Sölutilraunum er þar með lokið og boðið samþykkt.

Föstudaginn 19. júní 1987.

Nr. 196/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Runólfi Þór Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur verulega. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. júní 1987.

Lögregla í Reykjavík hefur undanfarið fylgst með ferðum Braga Sigurðssonar og Runólfs Þórs Jónssonar vegna gruns um fíkniefnamisferli þessara aðila. Komið hefur í ljós að Bragi hefur í nokkur skipti farið á fund með Runólfi Þór.

Upplýsingar bárust lögreglu frá tollgæslu í London, að hingað til lands væri væntanlegur maður er flytti innvortis fíkniefni. Við rannsókn féll grunur á Aiden Dawson Bates er hingað kom flugleiðis frá London aðfaranótt sl. mánudags. Aiden var handtekinn aðfarnótt mánudags á Hótel Loftleiðum eftir að Bragi Sigurðsson og Runólfur Þór Jónsson höfðu átt með honum fund. Aiden bar við dómsyfirheyrslu í gærdag að hafa tekið að sér gegn fégreiðslu að flytja hingað til lands falin innvortis um 750 grömm af hassolíu og átt að afhenda efnið Braga Sigurðssyni.

Bragi Sigurðsson og Runólfur Þór Jónsson voru handteknir á Hótel Loftleiðum eftir framangreindan fund með Aiden og reyndist Bragi þá hafa tösku meðferðis sem innihélt m.a. um 620 grömm af hassolíu. Við dómsyfirheyrslu í gærdag viðurkenndi Bragi að hafa tekið efnið hjá Aiden sem hafði rætt við Runólf Þór um markaðshorfur efnanna hér á landi. Þá kvað Bragi Ólaf son sinn er búsettur er erlendis hafa haft við sig símasamband og beðið sig að koma á sambandi milli framangreinds Aiden og Runólfs Þórs og kvaðst Bragi gruna að það samband væri tengt fíkniefnasmaskiptum nefndra aðila.

Runólfur Þór Jónsson hefur í dómsyfirheyrslu borið af sér alla aðild að máli þessu.

Niðurstöður:

Verið er að rannsaka meint brot Runólfs Þórs Jónssonar gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1986 og gætu meintar sakir ef sannaðar þættu varðað Runólf fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Eftir er að yfirheyra Runólf mun ítarlegar svo og hugsanleg vitni og/eða samseka og er framburður Runólfs mjög ótrúverðugur.

Með vísan til alls ofanritaðs og framlagðra skjala og loks með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglustjórans í Reykjavík og gera Runólfi að sæta gæsluvarðhaldi

í þágu rannsóknar málsins og telst gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt til kl. 18:00 miðvikudaginn 8. júlí nk.

Úrskurðarorð:

Runólfur Þór Jónsson fæddur 13.4. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 18:00 miðvikudaginn 8. júlí nk.

Miðvikudaginn 24. júní 1987.

Nr. 202/1987. **Kristinn Bjarnason og Erla Haraldsdóttir** gegn **Sigrúnu S. Daníelsdóttur og Ólafi Herði Sigtryggssyni**

Kærumál. Bein fógetagerð. Verkanir áfrýjunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. þ.m., er barst Hæstarétti 18. þ.m. Kröfur þeirra eru þær, *,,aðallega* að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að fresta framkvæmd innsetningar samkvæmt úrskurði fógetaréttar Akraness, uppkveðnum 8. maí 1987, gegn hæfilegri tryggingu af hálfu gerðarþola samkvæmt ákvörðun fógetaréttarins uns dómsniðurstaða Hæstaréttar Íslands liggur fyrir í því hæstaréttarmáli nr. 171/1987, sem skotið var til Hæstaréttar Íslands af umbjóðendum mínum með áfrýjunarstefnu útgefinni 22. maí 1987, en það mál var þingfest í Hæstarétti Íslands 1. júní 1987. *Til vara* er þess krafist að það skilyrði verði sett fyrir framkvæmd innsetningargerðarinnar að gerðarbeiðendum verði gert að setja

hæfilega tryggingu að mati Hæstaréttar fyrir því tjóni sem gerðarþolar kunna að verða fyrir af völdum innsetningargerðarinnar, og gera kærendur kröfu um að sú trygging verði ákveðin kr. 75.000,00."

Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og dæma sóknaraðila til þess að greiða varnaraðilum 8.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Kristinn Bjarnason og Erla Haraldsdóttir, greiði varnaraðilum, Sigrúnu S. Daníelsdóttur og Ólafi Herði Sigtryggssyni, 8.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akraness 1. júní 1987.

Þann 8. maí 1987 var kveðinn upp í fógetarétti Akraness úrskurður í fógetamálinu: Sigrún S. Daníelsdóttir og Ólafur Hörður Sigtryggsson gegn Kristni Bjarnasyni og Erlu Haraldsdóttur. Er úrskurðarorðið svohljóðandi:

„Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður."

Þann 21. maí 1987 krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess að úrskurðurinn yrði framkvæmdur með atbeina fógeta. Gerðarþolar mótmæltu framgangi gerðarinnar á þeim forsendum að úrskurðinum yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Til vara hafa gerðarþolar krafist þess að framkvæmd gerðarinnar verði frestað gegn því, að gerðarþolar setji hæfilega fjármunatryggingu, að mati fógetaréttarins. Krafðist hann úrskurðar fógetaréttarins um það atriði og þess að sér yrði veittur frestur til að skila greinargerð. Var málinu frestað til 26. maí og málið tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi.

Umboðsmaður gerðarbeiðenda hefur krafist þess að innsetning í umráð brúnstjörnóttrar hryssu sem mál þetta snýst um, fari tafarlaust fram. Bendir hann á máli sínu til stuðnings að almennt fresti áfrýjun ekki innsetningu, og að innsetning sé ekki leyfð nema réttur gerðarbeiðanda sé ótvíræður. Þá kveður umboðsmaður gerðarbeiðenda, að fyrir liggi í málinu gögn sem

gerðarbeiðendur telji að sýni að gerðarþolar séu ekki hæfir til að annast skepnur. Þá hefur því verið mótmælt að sett verði fjármunatrygging að mati réttarins gegn því að það fresti framgangi gerðarinnar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur lagt fram ljósrit áfrýjunarstefnu dskj. nr. 14, og vísast til þess. Bendir hann á máli sínu til stuðnings um að áfrýjun fresti innsetningu, að niðurstaða fógetaréttarins orki mjög tvímælis og kveður hann að ágreiningur gerðarbeiðenda og gerðarþola eigi undir bæjarþing, þar sem hér sé deilt um eignarrétt. Kveður umboðsmaðurinn að skilyrðið um skýlausan rétt gerðarbeiðanda hafi ekki verið virt. Til stuðnings varakröfu sinni hefur umboðsmaðurinn bent á ákvæði í húsaleigulögum 18. og 23. gr., þar sem heimilað er að fógeti ákveði að áfrýjun fresti útburði gegn tryggingu.

Gerðarbeiðendur hafa krafist atbeina fógeta til að framkvæma innsetningu þrátt fyrir að úrskurðinum hafi verið áfrýjað. Er það meginregla að áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sbr. 44. gr. aðfararlaga i.f. og má jafnan framfylgja úrskurðum þegar í stað.

Um varakröfu gerðarþola er það að segja að það er ekki á færi fógetaréttarins að fresta innsetningu gegn tryggingu gegn mótmælum gerðarbeiðenda.

Verður því ekki hægt að taka til greina frestbeiðni gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðenda.

Því úrskurðast:

Frestbeiðni gerðarþola er ekki tekin til greina.

Úrskurði fógetaréttar Akraness í máli þessu, uppkveðnum 8. maí 1987, skal fullnægt samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð.

Fimmtudaginn 25. júní 1987.

Nr. 186/1987. **Sigtryggur Sigtryggsson**
gegn
Eiríki Ragnarssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1987 sem barst Hæstarétti 3. þ.m. Hann krefst þess að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á það skortir að viðhlítandi grein sé gerð fyrir dómkröfum sóknaraðila í héraði. Héraðsdómari veitti honum kost á að skýra kröfurnar en því var ekki sinnt. Ber því með vísan til 116. gr., sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981 að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl., hefur Sigtryggur Sigtryggsson, nnr. 7748-1389, Löngumýri 24, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 12. janúar 1987, á hendur Eiríki Ragnarssyni, nnr. 1875-9810, Hafnarstræti 23 B, Akureyri.

Í stefnu er kröfum stefnanda lýst svo:

„Krefst stefnandi þess, að stefndi greiði bætur að upphæð kr. 121.500,00 með 32% ársvöxtum frá afsalsdegi 14.10. 1983 til 20. nóv. s.á., með 27% ársvöxtum frá 21. nóv. s.á. til 20. des. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá 21. des. s.á. til 20. jan. 1984, með 15% ársvöxtum frá 1. jan. s.á. til 12. ág. s.á., með 17% ársvöxtum frá 13. ág. s.á. til 31. des. s.á., með 17% ársvöxtum frá 1. jan. 1985 til 10. maí s.á. og með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi bóta vegna húsaleigukostnaðar sem hann hafði vegna þess að hið keypta hús var óíbúðarhæft, samtals kr. 155.500,00 með 22% ársvöxtum frá 1. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Stefnandi krefst og endurgreiðslu matskostnaðar kr. 8.500,00 samtals, og bóta vegna hitaveitukostnaðar á tveim stöðum kr. 20.000,00 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Áskilur stefnandi sér rétt til að breyta vaxtakröfu sinni við meðferð málsins ef ástæða reynist til."

Stefnandi kveður málavexti þá að hinn 6. október 1983 hafi stefnandi og stefndi gert með sér kaupsamning um húseignina nr. 79 við Hafnarstræti á Akureyri. Hafi stefndi lofað að selja stefnanda húsið fyrir kr. 1.200.000,00, en raunar hafi kaup þessi verið liður í frekari viðskiptum, því að stefnandi hafi látið íbúðarhúsnæði, er hann hafi átt að Hafnarstræti 23 B upp í kaupverðið. Hafi það verið metið á kr. 771.000,00. Fljótlega eftir að kaupin hafi átt sér stað hafi komið í ljós verulegir gallar á húsinu og það hafi augljóslega verið óíbúðarhæft. Komi það fram í bréfi heilbrigðisfulltrúa Akureyrarbæjar frá 30.12. 1983. Hafi í bréfi þessu verið gert ráð fyrir að unnt væri að gera húsið íbúðarhæft og í framhaldi af því hafi verið dómkvaddir matsmenn til þess að meta þær viðgerðir til peningaverðs. Hinn 3. september 1984 hafi verið dómkvaddir matsmenn til þess að meta frekari galla sem fram hafi komið á hinni seldu húseign. Stefndi hafi verið ófáanlegur til þess að bæta stefnanda tjónið og hann hafi ekki haft fjárhagslegt bolmagn eins og á stóð til þess að láta framkvæma viðgerðina fyrir eigin reikning. Hafi stefnandi því orðið að hrekjast um í leiguhúsnæði þar til honum hafi tekist að losna við húsið fyrir lítið verð nú í haust. Sé því meðal annars stefnt til greiðslu bóta vegna húsaleigukostnaðar.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Framsetning á kröfum stefnanda í stefnu þykir eigi fullnægja ákvæðum 88. gr. laga 85, 1936, sbr. c-lið greinarinnar. Þá er f-lið og i-lið 88. gr. laga 85, 1936, eigi fullnægt í stefnu. Þegar af framangreindum ástæðum þykir eigi verða hjá því komist að vikja máli þessu frá dómi, ex officio.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi, ex officio.

Mánudaginn 29. júní 1987.

Nr. 194/1987. **Jafnréttisráð f.h. Helgu Kress**
gegn
menntamálaráðherra
Sverri Hermannssyni
f.h. menntamálaráðuneytisins

Kærumál. Meðdómendur. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1987, er barst Hæstarétti 9. þ.m., frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1987.

Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Það athugast, að héraðsdómari sat einn í dómi, er hann fjallaði um mál þetta, og hann einn kvað upp hinn kærða frávísunardóm. Hafði hann ekki kvatt til meðdómendur eftir 20. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Eftir lagaákvæði þessu skulu öðrum fremur til kvaddir menn sem „hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum, sem málið varða". Skýra verður 20. gr. laga nr. 65/1985 með hliðsjón af hinum almennu reglum um meðdómendur í 37. A gr. einkamálalaga nr. 85/1936 þannig að óskylt sé að kveðja til meðdómendur í málum út af lögum nr. 65/1985, meðan fjallað er um frávísunarkröfu, en eftir 108. gr. einkamálalaga skal það vera í upphafi málsmeðferðar. Mátti héraðsdómari því fjalla einn um kröfu varnaraðila um frávísun.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1987.

1.0.

Mál þetta hefur Jafnréttisráð (4844-3338), Laugavegi 176, Reykjavík, f.h. Helgu Kress (3920-5769), Ásvallagötu 62, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 11. desember 1986 á hendur menntamálaráðherra, Sverri Hermannssyni (8785-2156), Einimel 9, Reykjavík, f.h. menntamálaráðuneytisins.

Dómkrafa stefnanda í efnisþætti máls þessa er sú að viðurkennd verði eins og í stefnu segir, „að um brot á lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið að ræða, er gengið var framhjá Helgu Kress við setningu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985."

Stefndi menntamálaráðherra krefst þess aðallega í efnisþætti málsins að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til þrautavara krefst stefndi þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Svo sem fyrr segir krefst stefndi þess, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Þá krefst hann þess og að sér verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Til vara krefst stefndi þess að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi krefst þess að framkominni frávísunarkröfu stefnda verði hrundið. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu fór fram mánudaginn 27. apríl sl. og var málið að svo búnu tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfuna.

2.0.

Rétt þykir, áður en gerð verður grein fyrir sjónarmiðum málsaðilja varðandi formhlið málsins, að greina frá málsatvikum ásamt málsástæðum og lagarökum stefnanda í efnisþætti málsins.

Atvikum málsins er þannig lýst í stefnu:

„Í ágúst 1985 var staða lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands auglýst laus til umsóknar með umsóknarfresti til 20. ágúst 1985. Tekið var fram að ráðið yrði í stöðuna til þriggja ára frá 1.

september 1985. Umsækjendur um stöðuna voru sex og voru Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson meðal þeirra.

Á fundi deildarráðs heimspekideildar 4. október 1985 var kosin þriggja manna dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda. Nefndin skilaði áliti um miðjan nóvember. Í heildarniðurstöðu dómnefndarinnar kemur fram að hún telji fimm umsækjendur hæfa, en tveir umsækjendur, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson, skeri sig úr. Síðan segir að Helga hafi meiri og víðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður og því mæli dómnefndin með því að hún verði valin til starfsins.

Á fundi heimspekideildar 29. nóvember voru greidd atkvæði um umsækjendur og féllu þau þannig að Helga Kress fékk 26 atkvæði, Örn Ólafsson 7 atkvæði og Matthías Viðar Sæmundsson 4 atkvæði.

Hinn 27. desember 1985 var Matthías Viðar Sæmundsson settur í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum frá 1. janúar 1986 til 31. ágúst 1988.

Helga Kress ritaði Jafnréttisráði bréf hinn 7. janúar 1986 þar sem hún kærði veitingu menntamálaráðherra á fyrrgreindri lektorsstöðu með vísan til laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnréttisráð ritaði menntamálaráðherra bréf hinn 10. janúar 1986 og óskaði eftir upplýsingum um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess sem ráðinn hafði verið. Í svari menntamálaráðherra dags. 3. febrúar 1986 eru menntun og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakin og vitnað í niðurstöðu dómnefndar um að hann sé vel hæfur til að gegna starfinu.

Hinn 10. mars sendi Jafnréttisráð aðilum greinargerð um athugun sína á málinu. Í niðurstöðum hennar kemur fram að ráðið sé sammála um að líta verði svo á „að við setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985".

Með bréfi dags. 7. apríl 1986 óskaði Helga Kress eftir því að Jafnréttisráð höfðaði mál á grundvelli fyrrgreindrar niðurstöðu ráðsins.

Jafnréttisráð telur mikilvægt fyrir starfsemi ráðsins og fyrir jafnrétti og jafna stöðu í landinu að fá endanlega úr því skorið hvort hér hafi verið um að ræða brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985. Ráðið telur því nauðsynlegt að höfða mál til viðurkenningar á því að um brot á jafnréttislögunum hafi verið að ræða."

Um lagarök vísar stefnandi til 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985, sbr. 1., 2., 3., 9. og 17. gr. þeirra laga sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera eftirfarandi:

1) að Helga Kress hafi að mati dómnefndar verið hæfari til að gegna

stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands en sá, sem settur var í stöðuna.

2) að mælt hafi verið með Helgu Kress í stöðuna af fyrrgreindri dómnefnd sérfræðinga.

3) að Helga Kress hafi hlotið meiri hluta atkvæða, þegar greidd voru atkvæði um umsækjendur um lektorsstöðuna á fundi heimspekideildar.

4) að í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Jafnréttisráðs um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess, sem hlaut stöðuna, segi ekkert um sérstaka hæfileika hans eða annað, sem réttlæti, að hann var tekinn fram yfir Helgu.

5) að þar sem kona hafi aldrei gegnt fastri stöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands og yfirgnæfandi meiri hluti kennara við Háskóla Íslands eru karlar, hafi stefnda borið ríkari skylda til að setja konu í stöðuna.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 65/1985, en að ekki hafi verið beint tilmælum til stefnda um ákveðnar úrbætur skv. 16. gr. fyrrnefndra laga, enda augljóst, að það ákvæði eigi ekki við, þegar setning í stöðu hafi þegar farið fram.

Samkvæmt gögnum málsins hafa afskipti Jafnréttisráðs af deiluefni máls þessa fram að höfðun málsins verið þessi:

1) Þann 7. janúar 1986 ritaði Helga Kress Jafnréttisráði bréf og kærði veitingu menntamálaráðherra á fyrrgreindri lektorsstöðu.

2) Þann 10. janúar 1986 ritaði Jafnréttisráð menntamálaráðherra bréf, þar sem ráðið óskaði eftir upplýsingum ráðherrans um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess manns, sem ráðinn var í umrædda lektorsstöðu. Óskir sínar í þessum efnum ítrekaði ráðið í bréfi sínu til ráðherra 29. janúar 1986.

3) Þann 3. febrúar 1986 ritaði menntamálaráðherra Jafnréttisráði svarbréf sitt.

4) Þann 10. mars 1986 sendi Jafnréttisráð menntamálaráðherra greinargerð sína um mál þetta. Í greinargerð ráðsins eru raktir málavextir, námsferill Helgu Kress og Matthíasar Viðars Sæmundssonar og starfsferill þeirra, ritstörf og niðurstöður umsagnaraðila um þau bæði. Þá er og birt niðurstaða Jafnréttisráðs um málið og segir þar orðrétt:

„Jafnréttisráð er sammála um eftirfarandi niðurstöðu í málinu.

Jafnréttisráð vill vekja athygli á þeirri skyldu sem lögð er á herðar atvinnuveitenda að taka sérstakt tillit til ákvæða laga nr. 65, 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, við stöðuveitingar.

Skylda þessi birtist m.a. í 1. gr. laganna, en þar segir:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum."

Þá segir í 2. gr. að konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

Í 1. mgr. 6. gr. segir að starf sem laust sé skuli standa opið jafnt konum sem körlum.

Að lokum segir í 9. gr. s.l., að atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Með bréfi Jafnréttisráðs, dags. 10. janúar 1986 var menntamálaráðherra gefinn kostur á að gera grein fyrir setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðuna, m.a. að upplýsa hvað réði því að hann valdi þann kost að ganga fram hjá þeim umsækjanda, sem dómnefnd heimspekideildar Háskóla Íslands taldi hæfastan og sem fékk yfirgnæfandi mest fylgi í kosningu hjá deildarráði heimspekideildarinnar.

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 3. febrúar sl. er náms- og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakinn, en ekki er vikið að því einu orði hvort og þá hvaða sérstökum hæfileikum Matthías Viðar sé búinn, sem væntanlega hafa ráðið úrslitum um skipun hans í lektorsstöðuna.

Þar sem ekki verður af bréfi menntamálaráðuneytisins ráðið að Matthías Viðar hafi sérstaka hæfileika umfram Helgu Kress, til þess að gegna þessu starfi og með hliðsjón af umsögn dómnefndar, sem telur Helgu vera hæfasta, og atkvæðagreiðslu heimspekideildar Háskóla Íslands, sem styður Helgu með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, telur Jafnréttisráð ekkert fram komið í málinu sem réttlæti að framhjá jafnhæfri konu var gengið við setningu í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands.

Þegar þetta er virt og höfð í huga sú aukna skylda sem á herðar atvinnuveitenda var lögð með gildistöku laga nr. 65, 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, verður að líta svo á, að með setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 65, 1985.

Öðruvísi verður vart séð hvernig tilgangi og markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði náð."

3.0.

Stefndi menntamálaráðherra byggir kröfu sína um frávísun málsins á því, að í lögum nr. 65/1985 sé kveðið á um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs í 17. gr. Ekki sé gert ráð fyrir í lögunum, að Jafnréttisráð standi að málshöfðun til að framfylgja lögunum, utan þeirra tilvika, sem komi undir ákvæði 17. gr. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði fyrir málshöfðun að málsóknin eigi sér stað í því skyni að ná fram lögvörðum rétti þess aðila sem telur á sér brotið og Jafnréttisráð hafi, áður en til málssóknar kemur,

beint að gagnaðila ákveðnum tillögum um úrbætur, sbr. 16. gr. laganna og að þeim tillögum hafi ekki verið sinnt. Í stefnu á dskj. nr. 1 sé viðurkennt, að af hálfu Jafnréttisráðs hafi engum tilmælum um úrbætur verið beint að stefnda. Þetta eitt leiðir sjálfstætt til frávísunar máls þessa.

Þá verður ákvæði 17. gr. laga nr. 65/1985 ekki skilið svo að það heimili málssókn til viðurkenningar á rétti aðila nema því aðeins að sá aðili hafi lögvarða hagsmuni af að fá viðurkenningardóm. Hvorki verði ráðið af 17. gr. sjálfri, lögunum annars né lögskýringargögnum að reglan feli í sér nein frávik frá þessari grundvallarreglu réttarfars. Af stefndu megi glöggt ráða, að málssókn þessi helgast alls ekki af tilvist lögvarinna hagsmuna Helgu Kress, heldur sé málssóknin eingöngu tilkomin vegna hagsmuna á sviði allsherjarréttar, þ.e. hagsmuna Jafnréttisráðs af að fá túlkun á ákvæðum laganna í sambandi við hlutverk ráðsins við framkvæmd þeirra. Þeir hagsmunir sem málssókn þessi sé reist á uppfylli því ekki grundvallarskilyrði einkamálaréttarfars að viðurkenningarkrafa helgist af lögvörðum hagsmunum. Hér sé andstætt 67. gr. eml. leitað álits dómstóls á lögfræðilegu álitaefni.

Þessu til viðbótar sé kröfugerð stefnanda andstæð lögbundinni skipan um meðferð ákæruvalds og lögsögu dómstóla. Kröfugerð stefnanda feli fjarstætt í sér kröfu um að tiltekinn lögvarinn réttur Helgu Kress til handa verði viðurkenndur af dóminum. Þvert á móti sé krafist, að viðurkennt verði með dómi að tiltekin ákvæði laga hafi verið brotin. Að vísu sé ekki í því samhengi gerð krafa um, að refsing verði dæmd skv. 19. gr. laganna. Það út af fyrir sig breyti þó ekki eðli kröfugerðarinnar sem allsherjarréttarlegri kröfu á sviði refsivörslu og geti ekki komið henni undir málshöfðunarrétt einkaréttarlegs eðlis skv. 17. gr. laga nr. 65/1985. Aðild að þeirri kröfugerð sem stefnandi hafi í reynd uppi hér fyrir dómi sé utan valdssviðs hans og slík kröfugerð verði ekki höfð uppi fyrir almennum dómstóli í héraði sbr. 68. gr. eml. Telji Jafnréttisráð á annað borð, að ákvæði laga nr. 65/1985 hafi verið brotin, beri því á sama hátt og öðrum stjórnvöldum við rækt starfa sinna að vísa málum eftir því sem við á til rannsóknar og réttrar meðferðar eftir reglum sem gildi um meðferð opinberra mála.

Með vísan til alls þess sem hér hafi verið rakið sé einsýnt, að kröfugerð stefnanda sé ekki dómhæf hvernig sem á málið sé litið og beri því að vísa málinu frá dómi.

4.0.

Stefnandi hefur sem fyrr segir krafist þess að frávísunarkröfunni verði hrundið. Stefnandi bendir á, að það sé að vísu rétt, að 17. gr. laga nr. 65/1985 geri samkvæmt orðanna hljóðan ráð fyrir því að áður en til málshöfðunar komi beini Jafnréttisráð tilmælum um ákveðnar úrbætur til þess

aðila, sem að mati ráðsins hafi gerst brotlegur við ákvæði jafnréttislaganna, sbr. ákvæði 16. gr. þeirra. Ákvæði þetta sé á hinn bóginn ekki hægt að skýra bókstaflega, þegar fyrir liggi, að krafa um úrbætur sé þýðingarlaus eins og í því tilviki, sem um sé fjallað í þessu máli. Þar standi svo á að stefndi hafi þegar sett annan mann til þess að gegna stöðu þeirri sem um sé að ræða, og þeirri ráðstöfun menntamálaráðherra verði ekki breytt. Það sé því þýðingarlaust að krefja ráðherrann um ákveðnar úrbætur. Áskilnað 17. sbr. 16. gr. laganna um ákveðnar úrbætur verði að skilja með þessari takmörkun. Það sé því auðsætt að málinu verði aldrei vísað frá dómi af þessari ástæðu einni saman.

Þá vísar stefnandi á bug þeim rökstuðningi stefnda að málssókn stefnanda sé andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. 17. gr. jafnréttislaganna geri berum orðum ráð fyrir þeim möguleika, að Jafnréttisráð geti höfðað viðurkenningarmál f.h. þess aðilja sem ráðið telji að brotin hafi verið réttur á. Því sé ljóst að skaðabótamál séu ekki einu málin sem rekin verði samkvæmt jafnréttislögunum, enda væru ákvæði laganna næsta lítils virði ef heimildin til málshöfðunar væri þeirri takmörkun bundin. Þannig bendir stefnandi á að erfitt hefði verið að reka mál þetta sem skaðabótamál, þar sem Helga Kress hafi ekkert fjártjón beðið af lögbroti því sem gegn henni hafi verið framið. Eins sé mjög óvíst að hún hefði getað höfðað mál til heimtu miskabóta úr hendi stefnda, þar sem skilyrði til þess að dæma henni bætur á þeim grundvelli skorti að öllum líkindum. Því sé viðurkenningarkrafa eins og sú sem höfð sé uppi í þessu máli eini möguleikinn fyrir stefnanda til þess að ná fram rétti sínum og slíka kröfugerð sé ótvírætt heimilt að hafa uppi samkvæmt 17. gr. laganna.

Loks vísar stefnandi því alfarið á bug að dómkrafa máls þessa feli í sér „allsherjarréttarlega kröfu á sviði refsivörslu" eins og stefndi haldi fram. Ljóst sé að refsikrafa verði ekki höfð uppi í þessu máli, þar sem heimildir til höfðunar einkarefsimáls vegna brota á jafnréttislögunum skorti. Hins vegar sé ljóst að stefnandi geti haft uppi viðurkenningarkröfu með þeim hætti sem hér sé gert og áður sé rakið, enda væru ákvæði 17. gr. marklaus ella.

5.0. Álit dómsins.

Svo sem áður greinir byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því að við setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í stöðu lektors við Háskóla Íslands hinn 27. desember 1985 hafi menntamálaráðherra mismunað Helgu Kress vegna kynferðis hennar og þannig brotið m.a. 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, jafnréttislaga.

Í 16. gr. jafnréttislaganna segir að telji Jafnréttisráð, að ákvæði 2.-12. gr. laganna hafi verið brotin, beini ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar

úrbætur til viðkomandi aðila. Þá segir í 17. gr. laganna að fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins samkvæmt 16. gr. sé ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann.

Áður eru rakin afskipti Jafnréttisráðs af sakarefni máls þessa fram að höfðun málsins. Samkvæmt yfirlýsingu stefnanda sjálfs í stefnu og við munnlegan flutning um frávísunarkröfu stefnda hefur ráðið eigi beint tilmælum til menntamálaráðherra skv. 16. gr. jafnréttislaganna. Er sú skýring á því gefin að augljóst sé að ákvæði greinarinnar geti ekki átt við þegar setning í stöðu hafi þegar farið fram eins og sé í máli þessu.

Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 65/1985, á fyrirkomulag það, sem jafnréttislögin bjóða að viðhaft sé samkvæmt 16. og 17. gr. laganna, sér fyrirmynd í 11. gr. laga nr. 78/1976 um jafnstöðu kvenna og karla og eru lagaákvæði þess efnislega samhljóða. Í athugasemdum greinargerðar við 11. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 78/1976 sagði, að ætlunin væri með þessum hætti að leysa sem flest deilumál á þennan hátt, eins og í greinargerðinni segir, þannig að ábendingar Jafnstöðuráðs verði teknar til greina.

Þegar virt er orðalag 17. sbr. 16. gr. jafnréttislaganna og forsaga þeirra samkvæmt framansögðu, er það álit dómsins, að málshöfðunarheimild Jafnréttisráðs samkv. 17. gr. sé bundin því ófrávíkjanlega skilyrði, að ráðið hafi áður beint rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til þess aðila, sem að mati ráðsins hefur gerst brotlegur við ákvæði laganna.

Eigi er það skv. lögum nr. 65/1985 takmörkunum bundið, hverra úrbóta Jafnréttisráð getur krafist samkvæmt 16. gr. laganna. Að áliti dómsins þykja ákvæði 16. og 17. gr. eigi verða skýrð svo að það sé á valdi Jafnréttisráðs hverju sinni að meta það hvort fullnægja beri áðurgreindu ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir málshöfðunarheimild ráðsins. Samkvæmt þessu og þar sem afskiptum Jafnréttisráðs af máli Helgu Kress fram að höfðun málsins, þeim sem áður er lýst, þykir eigi verða jafnað til rökstuddra tilmæla um ákveðnar úrbætur í skilningi 16. gr. laga nr. 65/1985, verður að telja, eins og hér stendur á, að Jafnréttisráð bresti heimild til höfðunar máls þessa smakvæmt 17. gr. sömu laga. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi svo sem stefndi hefur krafist.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 204/1987. **Hjördís Oddgeirsdóttir**
gegn
Gunnari Sigurgíslasyni og
Ásdísi Hafliðadóttur

Kærumál. Réttarsáttir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m., er barst Hæstarétti 22. þ.m. Er þess krafist að „hrundið verði úrskurði héraðsdómara og dæmt að málsaðiljum sé rétt að fella málið niður".

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur né greinargerð.

Í máli sem varnaraðilar höfðu höfðað á hendur sóknaraðila gekk dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 10. apríl sl. og var sóknaraðili dæmdur til þess að greiða varnaraðilum 18.000,00 krónur ásamt vöxtum, svo og málskostnað. Lögmaður sóknaraðila krafðist endurupptöku nefnds bæjarþingsmáls í því skyni að sátt yrði gerð í því. Lögmaður varnaraðila samþykkti kröfu þessa. Héraðsdómarinn, Kristjana Jónsdóttir settur borgardómari, hafnaði kröfu þessari með hinum kærða úrskurði.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar er heimil skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1987.

Ekki verður talið að í lögum nr. 85/1936 sé að finna heimild til endurupptöku máls sem efnisdómur hefur verið kveðinn upp í. Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936 er hins vegar að finna heimild til þess að gera réttarsátt um málsefni sem dæmt hefur verið í héraði næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.

Málsaðiljar bæjarþingsmálsins nr. 21498/1986: Gunnar Sigurgíslason og Ásdís Hafliðadóttir gegn Hjördísi Oddgeirsdóttur, óska eftir því að gera sátt þess efnis að framangreint bæjarþingsmál verði fellt niður og jafnframt hefur sóknaraðili lýst því yfir að hann muni stefna málinu fyrir bæjarþing að nýju.

Ekki verður talið að 4. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936 heimili sátt þess efnis sem að framan greinir og ber því að synja kröfu málsaðilja um gerð sáttarinnar.

Úrskurðarorð:

Kröfu málsaðilja bæjarþingsmálsins nr. 21498/1986 Gunnar Sigurgíslason og Ásdís Hafliðadóttir gegn Hjördísi Oddgeirsdóttur um að gera sátt í fyrrgreinda átt er hafnað.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 47/1986. **Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Guðjóni F. Teitssyni
og gagnsök
(sjálfur)

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttur. Máli að hluta vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. febrúar 1986. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 2.021.204,00 krónur.

1. varakrafa: Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.794.334,00 krónur.

2. varakrafa: Að honum verði dæmdar 1.373.127,00 krónur úr hendi aðaláfrýjanda.

3. varakrafa: Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.113.724,00 krónur.

Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi þess að kröfur hans verði „miðaðar við árslok 1984, en eftir það til loka máls verði reiknað með 5% ársvöxtum og verðbótum eftir því sem vísitala byggingarkostnaðar kann að hækka úr 54505 stigum til greiðsludags en verði hafnað þessari kröfu um vexti og verðbætur er gerð varakrafa um hæstu leyfilegar bætur á þessu sviði að mati réttarins".

Loks krefst gagnáfrýjandi í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Aðalkrafa og varakröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eru hinar sömu og hann hafði uppi í héraði. Er orðrétt greint í hinum áfrýjaða dómi hvernig hann sundurliðar kröfur þessar og hverja grein hann gerir fyrir reikningsgrundvelli þeirra.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sem í gildi var er gagnáfrýjandi hóf töku lífeyris 1. nóvember 1976, var kveðið svo á að upphæð ellilífeyris skyldi vera hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgdu starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Ákvæði sama efnis er enn í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 eins og henni var breytt með lögum nr. 98/1980 að því viðbættu að einnig skal miða við persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum.

Í málinu hefur gagnáfrýjandi ekki leitt rök að því að slík breyting hafi orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eftir að hann lét af störfum, að það verði ekki talið sama starf og hann gegndi í skilningi 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980.

Að framangreindu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á kröfu gagnáfrýjanda um ellilífeyri sem miðaður sé við laun skipstjóra svo sem gert er í aðalkröfu gagnáfrýjanda.

Í varakröfum sínum krefst gagnáfrýjandi greiðslu uppbótar vegna

aukagreiðslna, „ómældrar yfirvinnu“ og formennsku í stjórnarnefnd. Er kröfugerð hans að því leyti sem hún er byggð á þessum atriðum óskýr og vanreifuð og þykir verða að vísa þeim hluta hennar frá héraðsdómi.

Í B-liðum í sundurliðuðum kröfum gagnáfrýjanda, bæði aðalkröfu og öllum varakröfum, felst það að hann reiknar sér sérstaklega hækkun á ellilífeyri sinn vegna þess að ákvarða eigi lífeyrinn fyrir þetta tímabil sem 88 hundraðshluta af viðmiðunarlaunum, en eigi 84 hundraðshluta svo sem aðaláfrýjandi hafi gert. Verður að skýra kröfugerðina þannig að hún taki til tímabilsins 1. janúar 1981 til ársloka 1984. Skírskotar gagnáfrýjandi um rökstuðning fyrir þessum þætti kröfugerðarinnar til þeirra breytinga sem gerðar voru á 12. gr. laga nr. 29/1963 með 6. gr. laga nr. 98/1980, en með ákvæðum þessum var leiddur í lög á ný réttur sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til að láta af störfum og hefja töku ellilífeyris þegar samanlagður aldur og starfsaldur þeirra næði 95 árum. Er gerð grein fyrir lagabreytingum þessum í hinum áfrýjaða dómi.

Skilja verður málflutning aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti þannig að verði gagnáfrýjandi talinn eiga rétt á að ellilífeyrir hans frá 1. janúar 1981 hækki um 4% samkvæmt framansögðu þá sé niðurstöðu héraðsdóms um það atriði ekki mótmælt tölulega.

Efni hinnar svonefndu 95 ára reglu skv. 12. gr. laga nr. 101/1943 laut að því einu að sjóðfélagi, sem átti að baki 95 ára samanlagðan aldur og þjónustutíma, átti rétt á árlegum ellilífeyri í stað þess að miða við hið almenna 65 ára aldursmark. Tilvísun 2. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 og 5. mgr. sömu greinar sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980 í 12. gr. laga nr. 101/1943 staðfesta einvörðungu þessa reglu. Um efni eftirlaunaréttarins fór eftir ákvæðum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 og síðar eftir 6. mgr. sömu greinar með þeim breytingum sem gerðar voru með 6. gr. laga nr. 98/1980. Gagnáfrýjandi hafði greitt iðgjöld til aðaláfrýjanda í 36 ár og 4 mánuði þegar hann hafði náð 95 ára reglunni 1. nóvember 1964. Með 4. gr. og 6. gr. laga nr. 98/1980 var 4. mgr. 10. gr. og 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 breytt á þann veg að hámarksgreiðslutími iðgjalda var færður úr 30 árum í 32 ár og hundraðshluti ellilífeyris ákveðinn 2% fyrir hvert ár. Engin sérregla var sett í lögin er af megi leiða að iðgjaldagreiðslutíminn skyldi takmarkaður við 30 ár í þessu tilviki. Skýra ber 2.

málslið 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 með áorðnum breytingum svo að þar sé nú vísað til iðgjaldagreiðslutímans í 4. mgr. 10. gr. laganna, 32 ára, en það veitir gagnáfrýjanda ekki meiri eftirlaunarétt þótt hann hafi greitt iðgjöld í lengri tíma. Samkvæmt þessu hefur gagnáfrýjandi greitt iðgjöld að fullu fyrir 32 ár og ber honum því 64% eftirlaunaréttur fyrir þann tíma. Ágreiningslaust er með málsaðiljum að gagnáfrýjandi hafi notið 24% eftirlaunaréttar fyrir 12 ára tímabilið frá 1. nóvember 1964 til 1. nóvember 1976, sbr. niðurlagsákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 með áorðnum breytingum. Nemur því eftirlaunaréttur gagnáfrýjanda 88%. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þetta triði.

Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum er vísað frá héraðsdómi, en að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Þórs Vilhjálmssonar.

I.

Mál vegna sakarefnis þess sem hér er um fjallað höfðaði gagnáfrýjandi upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 25. maí 1984. Lyktir þess máls urðu þær að því var vísað frá bæjarþinginu að kröfu aðaláfrýjanda vegna óglöggs málatilbúnaðar af hendi gagnáfrýjanda. Var frávísunardómurinn staðfestur með dómi Hæstaréttar 22. nóvember 1984.

Í máli þessu skortir að vísu enn á að gagnáfrýjandi hafi búið mál sitt skilmerkilega úr garði. Á það engu síður við um aðalkröfu hans en varakröfur. En þar sem aðaláfrýjandi hefur enga frávísunarkröfu gert, málatilbúnaður gagnáfryjanda hefur eigi staðið því í vegi, svo að séð verði, að aðaláfrýjandi hafi getað tekið til andmæla við kröfum hans, málinu hefur áður verið vísað frá dómstólum vegna óskilríks málatilbúnaðar gagnáfrýjanda og þar sem hann sjálfur verður að bera halla af skorti á sönnun fyrir þeim kröfum

sem hann gerir í málinu teljum við ekki ástæðu til þess, svo sem meiri hluti dómenda telur rétt að gera, að vísa einstökum þáttum málsins sjálfkrafa frá dómi en leggja efnisdóm á það að öðru leyti.

II.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, sem í gildi var er gagnáfrýjandi hóf töku lífeyris, var kveðið svo á að upphæð ellilífeyris skyldi vera hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgi starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Hélst þetta óbreytt er nefndri 12. gr. var breytt með bráðabirgðalögum nr. 67/1980, er staðfest voru með lögum nr. 98/1980, sbr. 6. mgr. 6. gr. þeirra laga, þó þannig að upphæð ellilífeyrisins skyldi vera hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er fylgir starfi sjóðfélaga. Í 4. gr. laga nr. 47/1984, er breytir umræddri 6. mgr. 12. greinar, er ákvæðið nú orðað svo að upphæð ellilífeyrisins sé hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgi stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast.

Til launa í skilningi greinds ákvæðis 12. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980, verða hvorki taldar sérstakar greiðslur vegna yfirvinnu, mældrar eða ómældrar, né þóknun vegna aukastarfa að ákvörðun stjórnvalds. Hefur eigi verið bent á nein dæmi þess að ellilífeyrir samkvæmt ákvæði þessu hafi verið ákveðinn með hliðsjón af greiðslum sem þessum eða að af þeim hafi verið reiknuð iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, hvorki vegna gagnáfrýjanda eða annarra, ef undan er skilið sérstakt ákvæði í 12. gr. a í lögum nr. 98/1980 um lífeyri vegna vaktaálagsgreiðslna.

Í málinu hefur gagnáfrýjandi ekki leitt rök að því að slík breyting hafi orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, að það verði ekki lengur talið sama starf og hann gegndi í skilningi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963.

Að framangreindu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á kröfur gagnáfrýjanda um ellilífeyri, sem miðaður sé við laun skipstjóra eða við föst laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins að viðbættu sérstöku álagi vegna greiðslna fyrir ómælda yfirvinnu eða fyrir aukastörf. Verða því hvorki aðalkrafa hans né varakröfur teknar til greina óbreyttar.

III.

Í B-liðum í sundurliðunum gagnáfrýjanda á kröfum sínum, bæði aðalkröfunni og öllum varakröfum, felst að hann reiknar sér sérstaklega hækkun á ellilífeyri sinn vegna þess að ellilífeyririnn hafi átt að vera 88 hundraðshlutar af viðmiðunarlaunum, en eigi 84 hundraðshlutar svo sem raun hafi á orðið. Skírskotar gagnáfrýjandi um rökstuðning fyrir þessum þætti kröfugerðarinnar til þeirra breytinga sem gerðar voru á 12. gr. laga nr. 29/1963 með 6. gr. bráðabirgðalaga nr. 67/1980 og 6. gr. laga nr. 98/1980. Var með ákvæðum þessum leiddur í lög á ný réttur sjóðfélaga í Lífeyirssjóði starfsmanna ríkisins til að láta af störfum og hefja töku ellilífeyris þegar samanlagður aldur og starfsaldur þeirra næmi 95 árum. Eru lagabreytingar þessar svo og forsaga umræddrar 95 ára reglu, þar á meðal áþekkt ákvæði í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 101/1943, greint í hinum áfrýjaða dómi.

Það leiðir af því sem áður var sagt, um að hafna beri kröfum gagnáfrýjanda um ellilífeyri sem miðaður sé við önnur laun en gert hefur verið, að þessi þáttur í aðalkröfu hans eða varakröfum verður ekki tekinn til greina óbreyttur.

Í héraði krafðist gagnáfrýjandi þess ekki sérstaklega að sér yrði dæmd viðbót við lífeyri sinn svo sem hann hefur verið reiknaður, frá því að lög nr. 98/1980 tóku gildi til 31. desember 1984, ef ekki yrði fallist á sjónarmið hans í málinu að öðru leyti. Allt að einu lét héraðsdómari reikna út þá fjárhæð sem hér er um að tefla. Nam hún 44.921,00 krónu en 68.514,27 krónum ef við hana var bætt vöxtum jafnháum almennum innlánsvöxtum, svo og vaxtavöxtum, til 31. desember 1984. Hefur aðaláfrýjandi ekki vefengt þann útreikning tölulega.

Það hefði að vísu verið réttara að héraðsdómari hefði leiðbeint gagnáfrýjanda, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um að gera sérstaka varakröfu á þeim grundvelli sem hér greinir, svo og að gagnáfrýjandi hefði gert svo við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Allt að einu þykir kröfugerðin, eins og hér stendur á, ekki skjóta loku fyrir að dæmt verði sérstaklega um það hvort gagnáfrýjandi eigi rétt til þessarar fjárhæðar.

Svo sem greint er í héraðsdómi var hin nýja 95 ára regla sem lögleidd var með 1. mgr. 6. gr. bráðabirgðalaga nr. 67/1980, sbr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 98/1980, að nokkru frábrugðin þeirri 95 ára reglu, sem lögmælt hafði verið í 12. gr. laga nr. 101/1943, en felld var úr gildi með 8. gr. laga nr. 32/1955 að því er tók til annarra en þeirra sem eins og gagnáfrýjandi höfðu gerst sjóðfélagar fyrir gildistöku síðast nefndra laga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 11/1959, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 98/1980.

Þegar lög nr. 98/1980 öðluðust gildi hafði gagnáfrýjandi þegar hafið töku ellilífeyris. Þau lög höfðu ekki að geyma ákvæði um að framvegis ætti að ákveða ellilífeyri þeirra sem þegar höfðu hafið töku lífeyris eftir hinni eldri 95 ára reglu eftir hinni nýju reglu þar sem þær greindi á. Þykir samkvæmt því eiga að líta svo á að um ellilífeyrisrétt gagnáfrýjanda hafi eftir sem áður átt að fara eftir hinni eldri 95 ára reglu sem gilti fyrir hann þegar hann hóf töku ellilífeyris síns.

Samkvæmt framansögðu teljum við að sýkna beri aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum sé rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1985.

Mál þetta sem var dómtekið 19. þessa mánaðar hefur Guðjón F. Teitsson (nnr. 2932-7491) fyrrverandi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Hofsvallagötu 55 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 18. apríl sl. á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (nnr. 6088-9407) Laugavegi 114 Reykjavík, til greiðslu hærri eftirlauna en honum hafa þegar verið greidd frá 1. nóvember 1976 til 31. desember 1984 auk vaxta, verðbóta og málskostnaðar.

Stefnandi var skrifstofustjóri Skipaútgerðar ríkisins frá því í desember 1929 til ársins 1953 er hann var skipaður forstjóri hennar. Hann gegndi því starfi til 1. nóvember 1976 þegar hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Stefnandi er fæddur 14. febrúar 1906. Áður en hann réðst til starfa við Skipaútgerðina hafði hann unnið við tollgæslustörf í Reykjavík og Vestmannaeyjum svo og við reikningshald og umsjón með varðskipum ríkisins og við undirbúning stofnunar Skipaútgerðar ríkisins í dómsmálaráðuneytinu. Stefnandi hóf greiðslu iðgjalda í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 1. júlí 1944. Hann keypti réttindi í sjóðnum 16 ár aftur í tímann, og reiknast sjóðsaldur hans því frá 1. júlí 1928. Hann greiddi síðan iðgjöld til sjóðsins í 36 ár og 4 mánuði, eða til 1. nóvember 1964, en þá var samanlagður starfsaldur og lífaldur hans 95 ár. Þann 1. nóvember 1976 hóf stefnandi

töku lífeyris úr sjóðnum. Hann hefur síðan fengið 84% af föstum launum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eins og þau hafa verið á hverjum tíma.

Dómkröfur stefnanda eru sem hér segir:

Aðalkrafa byggð á viðmiðun við laun skipstjóra og/eða allalgenga venju um úthlutun dulbúinnar uppbótar á áður einföldum fastalaunum í formi svo nefndrar „ómældrar yfirvinnu" eða bitlinga:

A.	40% uppbót miðuð við þegar greidd eftirlaun ásamt vöxtum og verðbótum í samræmi við reglur um spariskírteini ríkisins	kr.	1.732.461
B.	4% uppbót vegna breytts hámarks réttinda úr 60% í 64% við 95 ára mark um líf- og starfsaldur samkv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 98/1980 samanber dskj. nr. 13-14	—	288.743
	Samtals	kr.	2.021.204

1. varakrafa með hliðsjón af venju um ómælda yfirvinnu eða bitlinga:

A.	35% uppbót á þegar greiddum eftirlaunum ásamt vöxtum og verðbótum, samsv. 87,5% af tilsvarandi lið aðalkröfu	kr.	1.515.903
B.	4% uppbót á sama grundvelli og í B-lið aðalkröfu, en með breytingu samkv. dskj. nr. 13-14	—	278.431
	Samtals	kr.	1.794.334

2. varakrafa (fyrri þrautavarakrafa):

A.	25.7172% uppbót á þegar greiddum eftirlaunum, „tilsvarandi aukagreiðslum, sem stefnanda var úthlutað samkvæmt einhliða ákvörðun stjórnarráðsins hin síðustu 3 embættisár í formi „ómældrar yfirvinnu" og fyrir formennsku í stjórnarnefnd", samsvarandi 64,2925% A-liðar aðalkröfu	kr.	1.113.842
B.	4% uppbót í samræmi við fyrrnefndar kröfur	—	259.285
	Samtals	kr.	1.373.127

3. varakrafa (síðari þrautavarakrafa):

A.	20% uppbót á þegar greiddum eftirlaunum byggð á því, „að stjórnarráðið úthlutaði stefnanda greiðslum undir heiti „ómældrar yfirvinnu" hin síðustu 3 embættisár, án alls samráðs við stefnanda sem launþega, og í nærri algeru ósamræmi við meðferð launamála hans áður í nærri 40 ár í embættum á vegum ríkisins", krafa samsv. 50% af A-lið aðalkröfu, ...	kr.	866.230
B.	4% uppbót í samræmi við fyrrnefndar kröfur .	—	247.494
	Samtals	kr.	1.113.724

Allar hinar nefndu kröfur eru miðaðar við árslok 1984, en eftir það til loka máls verði reiknað með 5% vöxtum og verðbótum eftir því sem vísitala byggingakostnaðar kann að hækka úr 54505 stigum til greiðsludags.

Í öllum tilvikum kröfugerðar sinnar gerir stefnandi kröfu um að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnandi telur að staða hans í launakerfi ríkisins til eftirlauna hafi verið mjög ranglega metin og viðmiðunargrundvöllur til eftirlauna verið stórlega skekktur. Hann heldur því fram að það sé óeðlilegt að miða við laun núverandi forstjóra Skipaútgerðarinnar því að hún sé nú allt annað fyrirtæki en var í hans tíð. Sérstaklega telur hann óeðlilegt að honum séu ætluð lægri eftirlaun en skipstjórum á þeim skipum sem lutu útgerðarstjórn hans, enda hafi laun forstjóra Skipaútgerðarinnar upphaflega í 15 - 16 ár beinlínis verið miðuð við laun skipstjóra, og hafi það á þeim tíma sumpart einnig tekið til launa stefnanda sem skrifstofustjóra og varaforstjóra. Fram hefur komið að laun stefnanda voru miðuð við skipstjóralaun á tímabilinu frá 1938 til 1945 er ný launalög voru sett.

Meginmálsástæða stefnanda er sú að eftirlaun hans frá 1. nóvember 1976 til ársloka 1984 verði miðuð við laun skipstjóra á vegum ríkisins í hæsta launaflokki sem hann telur hafa verið sem næst 40% hærri að meðaltali á umræddum tíma en þau laun sem eftirlaun stefnanda hafa verið miðuð við hingað til. Í annan stað heldur stefnandi því fram að embættislaun sín hafi á hinum síðustu embættisárum hans og á þeim eftirlaunatíma sem kröfugerðin tekur til verið brotin niður í svokölluð föst laun og „ómælda yfirvinnu" og bitlinga, og eftirlaunaréttindi síðan eingöngu miðuð við hin svokölluðu föstu laun. Hann heldur því fram að aðalkrafa hans um 40% uppbót sé í lægri kanti þess sem tíðkast hafi að úthluta fjölda embættismanna í formi ómældrar yfirvinnu án raunverulegrar tilætlunar um skil vinnunnar. Útreikning vaxta og verðbóta kveður stefnandi miðaðan við reglur um spariskírteini ríkisins.

Kröfu sína um 4% uppbót byggir stefnandi á 2. mgr. 12. gr. laga 29/1963 sbr. 6. gr. laga 98/1980 og 2. gr. laga 47/1984.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfum og í báðum tilvikum málskostnaðar að mati dómsins.

Varnir stefnda eru í sem fæstum orðum eins og hér greinir:

1) 40% uppbót vegna viðmiðunar við laun skipstjóra er hafnað vegna þess:

— Að miða skuli eftirlaun við það starf er sjóðfélagi gegndi síðast, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga 29/1963;

— að undantekningarregla 7. mgr. 12. gr. nefndra laga feli í sér að eftirlaun geti orðið hærri en samkvæmt áðurnefndri aðalreglu, ef sjóðfélagi hefur gegnt hærra launuðu starfi a.m.k. í 10 ár fyrr á starfstíma sínum, en að þessi regla geti ekki átt við um launabreytingar í sama starfi;

— að stefnandi uppfylli ekki skilyrði ákvæðisins um að hafa gegnt hærra launuðu starfi í 10 ár, þannig að jafnvel þótt á það yrði fallist að rétt væri að líta til þess að laun hans hafi verið miðuð við laun skipstjóra um árabil, nái það árabil ekki 10 árum.

2) Kröfu um 20 - 40% uppbót vegna ómældrar yfirvinnu og greiðslu fyrir nefndarstörf er hafnað vegna þess að aldrei hafi verið greidd iðgjöld af þessum greiðslum, en það verði að teljast meginregla að greiðsla lífeyris byggist á greiðslu iðgjalda. Jafnframt er byggt á því að berum orðum komi fram í 6. mgr. 12. gr. laga 29/1963 að miða skuli lífeyri við föst laun fyrir dagvinnu. Af stefnda hálfu er því haldið fram að orðalagsbreyting sem að þessu laut, og fólst í 4. gr. laga nr. 47/1984, hafi verið gerð í þeim tilgangi að árétta þann skilning sem fylgt hafi verið í framkvæmd, að einungis bæri að miða við föst laun.

3) Kröfu um 4% uppbót vegna breytinga á hámarki lífeyris við 95 ára markið samkvæmt nýju 95 ára reglunni úr 60% í 64% er hafnað vegna þess:

— Að þessi breyting taki aðeins til nýju 95 ára reglunnar, en að stefnandi taki hins vegar lífeyri eftir gömlu 95 ára reglunni;

— að stefnandi hafi öðlast rétt til að hætta störfum 58 ára gamall samkvæmt gömlu 95 ára reglunni með greiðslu iðgjalda fram að því marki, þótt hann notfærði sér ekki þann rétt;

— að eftirlaun stefnanda hafi verið reiknuð samkvæmt gömlu 95 ára reglunni og verið frá upphafi 1% hærri en verið hefði samkvæmt almennu reglunni;

— að nýja 95 ára reglan hafi aldrei getað gilt um stefnanda vegna ákvæðis um að sjóðfélagi verði að notfæra sér hana áður en að hann nær 64 ára aldri.

Niðurstaða stefnda samkvæmt framansögðu er að eftirlaun stefnanda

hafi réttilega verið miðuð við föst laun í því starfi sem hann gegndi síðast, það er starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og að þau hafi verið réttilega reiknuð samkvæmt hinni svokölluðu gömlu 95 ára reglu, sbr. 5. mgr. 12. gr. laga 29/1963.

Við munnlegan málflutning komu fram varakröfur af hálfu stefnanda um vanskilavexti, aðallega um hæstu dráttarvexti eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá frá 1. nóvember 1976 til greiðsludags en til vara um hæstu innlánsvexti eins og þeir eru löglega ákveðnir á sama tímabili. Í báðum tilvikum er krafist vaxtavaxta.

Kröfur þessar voru skýrðar í málflutningi og orðast svo:

Verði ekki fallist á kröfu stefnanda um verðbætur og vexti er þess krafist

— til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda af tildæmdum fjárhæðum

2%	vexti	p.m.	frá	1.11.	1976	til	20.11. 1976
2,5%	"	"	"	þeim	degi	til	01.08. 1977
3%	"	"	"	"	"	"	01.06. 1979
4%	"	"	"	"	"	"	01.09. 1979
4,5%	"	"	"	"	"	"	01.06. 1980
4,75%	"	"	"	"	"	"	01.06. 1981
4,5%	"	"	"	"	"	"	21.04. 1982
4%	"	"	"	"	"	"	01.11. 1982
5%	"	"	"	"	"	"	21.10. 1983
4%	"	"	"	"	"	"	21.12. 1983
3,25%	"	"	"	"	"	"	21.01. 1984
2,5%	"	"	"	"	"	"	01.09. 1984
2,75%	"	"	"	"	"	"	01.01. 1985
30,8%	ársvexti		"	"	"	"	01.02. 1985
39%	"		"	"	"	"	01.03. 1985
48%	"		"	"	"	"	01.06. 1985
42%	"		"	"	"	"	01.09. 1985
45%	"		"	"	"	"	greiðsludags

— til þrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda af tildæmdum fjárhæðum:

22%	ársvexti		frá	01.11.	1976	til	01.08. 1977
25%	"	"	þeim	degi		"	21.11. 1977
29%	"	"	"	"		"	21.02. 1978
32%	"	"	"	"		"	01.06. 1979

34½%	"	"	"	"	"	01.09. 1979
39½%	"	"	"	"	"	01.12. 1979
43½%	"	"	"	"	"	01.06. 1980
46%	"	"	"	"	"	01.03. 1981
42%	"	"	"	"	"	01.06. 1981
39%	"	"	"	"	"	01.11. 1982
49%	"	"	"	"	"	21.09. 1983
37%	"	"	"	"	"	21.10. 1983
36%	"	"	"	"	"	21.11. 1983
32%	"	"	"	"	"	21.12. 1983
25%	"	"	"	"	"	21.01. 1984
19%	"	"	"	"	"	13.08. 1984
24%	"	"	"	"	"	20.08. 1984
24,5%	"	"	"	"	"	27.08. 1984
25%	"	"	"	"	"	18.09. 1984
25,5%	"	"	"	"	"	11.10. 1984
26%	"	"	"	"	"	12.10. 1984
28%	"	"	"	"	"	21.11. 1984
29%	"	"	"	"	"	01.01. 1985
36%	"	"	"	"	"	21.01. 1985
37%	"	"	"	"	"	11.05. 1985
35%	"	"	"	"	"	21.07. 1985
36%	"	"	"	"	"	greiðsludags

Í báðum tilvikum leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti um áramót, fyrst 1. janúar 1977.

Af stefnda hálfu hefur verið fallist á að varakröfurnar komist að. Stefndi mótmælir þeim hins vegar og krefst sýknu af þeim á þeim varagrundvelli að ekki sé venja að greiða vexti af lífeyri sem greiddur er eftir á vegna leiðréttinga. Verði eigi að síður talið að vextir eigi rétt á sér er því haldið fram að þeir eigi að vera jafnháir almennum innlánsvöxtum frá gjalddaga til málshöfðunar en síðan dómvextir. Kröfu um vaxtavexti er ekki sérstaklega mótmælt.

Að tilhlutan dómarans hefur umboðsmaður stefnda látið reikna út 4% viðauka við laun stefnanda frá 1. janúar 1981 til 31. desember 1984 og reyndist hann nema samtals kr. 44.921,00. Þá hafa vextir jafnháir almennum innlánsvöxtum verið reiknaðir til sama tíma og reyndust þeir vera kr. 23.593,27 að vaxtavöxtum meðtöldum.

Engin haldbær lagarök þykja leiða til þeirrar ályktunar að lífeyri stefnanda eigi að miða við laun skipstjóra, og þykir því, og að öðru leyti með

vísan til raka stefnda, verða að hafna kröfum stefnanda að því leyti sem þeir byggjast á þessari málsástæðu.

Stefnandi hefur ekki gegnt hærra launuðu starfi en því er hann gegndi er hann hóf töku ellilífeyris og á hann því ekki rétt til hærri lífeyris samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga 29/1963.

Frá stofnun lífeyrissjóðsins með lögum nr. 72/1919 virðast iðgjöld hvorki hafa verið reiknuð af launum fyrir yfirvinnu, mælda eða ómælda, né af launum fyrir nefndarstörf. Í samræmi við þessa framkvæmd hefur ellilífeyrir verið reiknaður án tillits til greiðslna fyrir aukastörf. Þessi framkvæmd virðist í eðlilegu samræmi við lagaákvæði sem um þetta hafa gilt, sbr. 4. gr. og 5. gr. laga nr. 72/1919, 3. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1921, lög nr. 77/1940, 10. gr. og 12. gr. laga nr. 101/1943, 10. gr. og 12. gr. laga nr. 64/1955, lög nr. 111/1955 og 10. gr. og 12. gr. laga nr. 29/1963. (Hinsvegar gegndi nokkuð öðru máli um eftirlaun úr ríkissjóði og landssjóði skv. tilskipun 31.5. 1855 og lögum nr. 4/1904).

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 29/1963 segir að aukatekjur sem ríkisstarfsmenn hafi aflað sér með aukavinnu hafi ekki áhrif á lífeyri. Ákvæði laga nr. 98/1980 um breyting á lögum nr. 29/1963 gefa ekki tilefni til annarrar túlkunar. Ákvæði laga 47/1984 um að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu og persónuppbót þykja ekki verða skilin svo að í þeim felist breyting frá eldri viðmiðunarreglum að því er varðar laun fyrir yfirvinnu og þóknun fyrir nefndarstörf. Þykir því bera að fallast á röksemdir stefnda að því er þetta atriði varðar.

Því verður að vísu ekki neitað að stefnandi hefur mikið til síns máls í því að fastar embættistekjur hafi í reynd verið brotnar niður í föst laun og fastar greiðslur fyrir yfirvinnu, og seta á fundum stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar virðist og hafa verið fastur þáttur í starfsskyldum forstjórans sem ekki var greitt sérstaklega fyrir fyrst í stað. Eðlisrök þykja þannig hníga til þess að iðgjöld og lífeyrir verði einnig miðuð við þessar greiðslur, en á hitt er þá einnig að líta að þetta fyrirkomulag var komið á á síðustu starfsárum stefnanda án þess að stefnanda væri gert að greiða iðgjöld af aukatekjum, og að sérstakar fastar umsamdar greiðslur til embættismanna fyrir yfirvinnu og þóknun fyrir nefndarstörf hafa, a.m.k. að formi til, byggst á þeirri forsendu að störf þau sem embættin útheimtu yrðu ekki leyst af hendi með góðu móti nema í þau væri að jafnaði lögð meiri vinna en sem svaraði dagvinnu. Þykir því bera að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því leyti sem þær eru byggðar á þeirri málsástæðu sem hér hefur verið fjallað um.

Á þeim tíma sem regla sú um lífeyrisrétt miðaðan við samanlagðan lífaldur og starfsaldur, sem stefnandi hefur fengið ellilífeyri eftir, var almennt í gildi, urðu ýmsar breytingar á reglum um upphæð ellilífeyris. Samkvæmt

12. gr. laga nr. 101/1943 gilti sú almenna regla, bæði fyrir þá sem tóku lífeyri samkvæmt 95 ára reglunni og almennu 65 ára reglunni, að lífeyririnn fór stighækkandi í hlutfalli við starfstíma þar til hann var orðinn 60% af meðallaunum síðustu 10 starfsára. Með lögum nr. 42/1954 var gerð sú réttarbót að sjóðfélagi sem gegndi starfi eftir að hann mátti hætta störfum og iðgjaldagreiðslum átti rétt á 2% til viðbótar fyrir hvert starfsár eftir það til loka þjónustutíma.

Með lögum nr. 32/1955 var 95 ára reglan felld úr gildi. Í athugasemdum við frumvarpið er þó tekið fram að þessi breyting geti ekki tekið til þeirra sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar. Lög nr. 32/1955 voru felld inn í lög nr. 101/1943 og þau endurútgefin sem lög nr. 64/1955. Með lögum nr. 11/1959 um breyting á lögum nr. 64/1955 var ákveðið að þeir sem voru orðnir sjóðfélagar við gildistöku þeirra laga héldu rétti þeim er lög nr. 101/1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast ellilífeyris eftir 95 ára reglunni „enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum...“

Með gildistöku gildandi stofnlaga nr. 29/1963 var tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi um upphæð ellilífeyris fyrir þá sem tóku lífeyri samkvæmt almennum reglum, en um þá sem völdu 95 ára regluna var ákvæði laga nr. 11/1959 ítrekað í 2. mgr. 12. gr. og hefur síðan verið litið svo á í framkvæmd að þeir sem velja gömlu 95 ára regluna ættu að lúta ákvæðum 12. gr. laga nr. 101/1943 og 42/1954 um 60% hámark og 2% viðauka fyrir hvert þjónustuár eftir að 95 ára markinu er náð. Þannig hefur lífeyrir stefnanda verið reiknaður 60% af launum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins auk 2 prósenta fyrir hvert þeirra 12 starfsára sem stefnandi þjónaði eftir að 95 ára markinu var náð.

Stefnandi hefur haldið því fram að laun núverandi forstjóra séu óhæf til viðmiðunar. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið að sá meginmunur sé á starfssviði stefnanda, eins og það var á síðustu starfsárum hans, og starfssviði núverandi forstjóra að laun hans séu fyrir þær sakir óhæf til viðmiðunar. Hins vegar hefur sú málsástæða ekki verið sérstaklega höfð uppi af hálfu stefnanda að ofangreind framkvæmd um útreikning lífeyris eigi ekki rétt á sér, þótt því hefði e.t.v. mátt hreyfa að réttarbætur í formi endurskoðunar á almennum viðmiðunarreglum lífeyris ættu að koma þeim til góða sem taka lífeyri eftir gömlu 95 ára reglunni eins og öðrum.

Með bráðabirgðalögum nr. 67/1980, sem staðfest voru með lögum 98/1980, var tekin upp ný 95 ára regla með 2% lífeyrisrétti fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, lok iðgjaldskyldu við 95 ára markið, almennt þak við 64% markið og 2% viðbót fyrir hvert starfsár eftir það tímamark. (6. gr. l. 98/1980, 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963). Frumvarpinu fylgdu

engar athugasemdir, en í ræðu þeirri sem fjármálaráðherra hélt er hann mælti fyrir frumvarpinu segir að helsta breytingin frá gömlu 95 ára reglunni sé sú að sjóðfélagi geti í engum tilvikum farið á lífeyri fyrr en hann hefur náð 60 ára aldri og að hámark lífeyrisréttar að náðu 95 ára márkinu verði nú 64% í stað 60% áður. Af þessum ummælum er ljóst að bráðabirgðalögin og staðfestingalögin hafa verið byggð á þeirri forsendu að þeir sem tækju lífeyri samkvæmt gömlu 95 ára reglunni væru og hefðu verið háðir 60% hámarkinu. Nýju ákvæðin endurspegla og skilning löggjafans á réttarstöðu þeirra sem tekið höfðu lífeyri samkvæmt 95 ára reglunni að þessu leyti.

Þann 1. júlí 1958 hafði stefnandi greitt iðgjöld í sjóðinn fyrir 30 ár og gat því hætt iðgjaldagreiðslum samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 64/1955, ef hann vildi taka lífeyri eftir 1. mgr. 12. gr. Samkvæmt skýrslu stefnanda var haldið áfram að draga frá launum hans fyrir iðgjöldum áður en þau voru greidd honum eins og ekkert hefði í skorist og án þess að hann gerði sér grein fyrir að svo væri litið á að hann hefði valið reglu 4. mgr. 16. gr. laga nr. 64/1955, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1959 („95 ára regluna") með því að láta þetta viðgangast. Hann segir sér ekki hafa verið kunnugt um rétt sinn í þessu efni og segist síðan hafa gegnt embætti sínu til þess að hann hafði náð almennu aldurshámarki, án þess að leiða hugann að því hvaða þýðingu það hefði varðandi lífeyrisrétt. Ekki hefur komið fram að stefnandi hafi að öðru leyti í orði eða verki látið í ljós að hann vildi að um lífeyrisréttindi hans færi eftir gömlu 95 ára reglunni, en hann virðist allt frá árinu 1975 hafa gert ótvírætt ljóst að hann teldi þær reglur sem honum hefur verið greiddur lífeyrir eftir ekki eiga við lög að styðjast.

Stefnandi hefur ekki gefið skýr svör um hvort hann vilji nú hlíta reglum þeim í heild sem gilda um þá sem vilja fara að ákvæðum 2. mgr. 12. gr., en krafa hans um 4% viðauka verður ekki skýrð á annan veg en þann að hann kjósi þann kost í stað eldri reglunnar og á það verður að fallast með stefnda að stefnandi geti ekki valið það hagstæðasta úr báðum.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnandi uppfylli skilyrði 12. gr. laga nr. 29/1963 til að taka lífeyri eftir 2. mgr. sbr. 6. mgr. sbr. 13. gr. laga 98/1980 og nú 2. gr. og 4. gr. laga nr. 47/1984.

Í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, eins og henni var breytt með 6. gr. laganna frá 1980, er kveðið svo á að sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum nr. 23/1963 (sic), 12. gr. 2. mgr., sbr. lög nr. 101/1943, 12. gr. og lög nr. 11/1959, 1. gr. 2. mgr., geti valið, ef hann kýs svo, að neyta þess réttar sem veittur er með nýju 95 ára reglunni í 4. mgr. 12. gr. Vitnað er í 5. mgr. þar sem nánar er kveðið á um rétt þeirra sem kjósa gömlu 95 ára regluna.

Ljóst er af samanburði 1. mgr., 2. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. að nýja 95 ára reglan gildir sem undantekningarregla gagnvart hinni almennu reglu

1. mgr. en sem aðalregla gagnvart gömlu 95 ára reglunni um þá sem uppfylla skilyrði til að taka lífeyri eftir báðum, en hafa enn ekki hætt störfum.

Í 3. mgr. 12. gr. segir að um iðgjaldagreiðslu og lífeyri skuli fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri ef sjóðfélagi notfærir sér ekki nýju 95 ára regluna áður en hann nær 64 ára aldri. Þessi regla á þannig við valið milli almennu reglunnar og nýju 95 ára reglunnar en ekki við valið milli hinna tveggja 95 ára reglna. Ekkert ákvæði laganna virðist útiloka ótvírætt að sjóðfélagi, sem byrjaður er að taka lífeyri samkvæmt eldri reglu, geti valið nýju 95 ára regluna. Ekki verður fallist á það með stefnda að 13. gr. laga nr. 98/1980 taki af skarið í þessu efni, sbr. hins vegar til samanburðar 9. gr. laga 47/1984. Ýmis önnur fyrirmæli laga 98/1980 hafa verið látin taka til þeirra sem þegar voru á eftirlaunum, og verður ekki talið að það hafi verið gert umfram skyldur eins og haldið hefur verið fram af hálfu stefnda um sum þessara ákvæða, enda er vandséð að heimild til slíkra afbrigða sé fyrir hendi. Þannig hafa nýmæli 7. gr. og 8. gr. laga nr. 67/1980 verið látin taka til þeirra sem höfðu hafið töku ellilífeyris við gildistöku ákvæðisins. Tekur þetta bæði til viðmiðunar við laun sem starfi því fylgja á hverjum tíma sem sjóðfélagi gegndi síðast, sérstaks tillits til persónuuppbótar, ákvæðisins um að upphæð ellilífeyris skuli vera 2% fyrir hvert ár sem greitt hefur verið í sjóðinn í stað 1,6% - 2% áður og ákvæðis 8. gr. um breytta viðmiðun ef sjóðfélagi hefur gegnt hærra launuðu starfi í minnst 10 ár fyrr á starfsferli sínum. Þykir þetta styrkja það sjónarmið stefnanda að einnig reglan um heimild til að velja nýja 95 ára regluna geti tekið til þeirra sem hafa hafið töku ellilífeyris, enda fullnægi þeir skilyrðum til þess eftir því sem við getur átt.

Samkvæmt nýju 95 ára reglunni er skilyrði þess að sjóðfélagi geti hafið lífeyristöku að hann hafi náð 60 ára aldri. Stefnandi hefði getað hafið töku lífeyris 58 ára en gerði það ekki fyrr en hann var orðinn 70 ára. Þykir hann þá ekki hafa girt fyrir val nýju reglunnar af þeim sökum.

Ekki hefur komið fram að tekjur sjóðsins af lífeyrisgreiðslum vegna stefnanda hafi verið með þeim hætti að misræmi verði milli þeirra og lífeyris samkvæmt nýju 95 ára reglunni.

Stefnandi hefur notið hærri lífeyris en verið hefði samkvæmt almennu reglunni í 1. mgr. 12. gr. Óskaði hann nú að taka lífeyri samkvæmt henni sökum þess að hún gæfi nú hærri lífeyri, mætti beita þeirri röksemd gegn honum að ekki væri eðlilegt að hann gæti þannig valið það hagstæðasta úr reglum sjóðsins á hverjum tíma. Um reglu 2. mgr. 12. gr. gildir öðru máli. Hér er um að ræða nýja reglu sem, eins og að framan greinir, gildir sem aðalregla gagnvart 5. mgr., sbr. 4. mgr. Samkvæmt þessu þykir verða að álíta að stefnandi eigi rétt á að lífeyrir hans sé reiknaður samkvæmt 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 sbr. 6. gr. laga nr. 98/1983.

Þegar lífeyrisréttur stefnanda er reiknaður út samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 12. gr. verður niðurstaðan að stefnandi eigi rétt til 88% af launum forstjóra Skipaútgerðarinnar frá 1. janúar 1981 og verður því að fallast á það með stefnanda að vangreidd séu 4%.

Engin lagaheimild er fyrir kröfu stefnanda um verðbætur og vexti miðað við spariskírteini ríkissjóðs. Ekki verður fallist á það með stefnda að venja leiði til afbrigða frá þeirri almennu reglu að kröfuhafi eigi rétt á dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags. Hins vegar þykir bera að fallast á að vextir þessir eigi samkvæmt dómvenju að vera jafnháir almennum innlánsvöxtum frá gjalddaga til málshöfðunar og dómvextir síðan. Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 68.514,30 með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 18. apríl 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júlí 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 23. desember 1985, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða löglega ákveðnir á hverjum tíma, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags. Ágreiningslaust er að vaxtaákvæðin beri að skilja þannig að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti um áramót.

Eftir atvikum þykir rétt að neyta heimildar 178. gr. laga nr. 85/1936 til skiptingar málskostnaðar. Samkvæmt því þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.000,00 í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, greiði stefnanda, Guðjóni F. Teitssyni, kr. 68.514,30 með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 18. apríl 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júlí 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 23. desember 1985, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 199/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**
gegn
Hafliða Guðjónssyni
Björgu Árnadóttur og
Rolant Dahl Christiansen

Kærumál. Réttarsáttir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðilar hafa með heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 15. þ.m. Þeir krefjast þess að varnaraðilum verði synjað um að gera réttarsátt. Þá krefjast þeir þess að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til þess að greiða þeim málskostnað „bæði í héraði og fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins".

Varnaraðilinn Hafliði Guðjónsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Sams konar kröfur eru gerðar af hálfu varnaraðilanna Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahl Christiansen.

Varnaraðili Hafliði Guðjónsson höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur varnaraðilunum Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen með stefnu 23. desember 1986 til greiðslu á 3.445.000,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar, svo og til staðfestingar á löghaldi sem fram fór 16. desember 1986. Málið var þingfest 8. janúar sl. Sóknaraðilar stefndu öllum aðilum málsins til þess að þeim yrði dæmt skylt að hlíta meðalgöngu sóknaraðila í málinu, að synjað yrði um staðfestingu löghaldsins og að málsaðilar yrðu dæmdir til greiðslu málskostnaðar. Eftir kröfu málsaðila, þ.e varnaraðila í þessu kærumáli, vísaði héraðsdómarinn meðalgöngusökinni frá með dómi 12. mars sl. Sóknaraðilar kærðu dóminn til Hæstaréttar sem felldi frávísunardóminn úr gildi með

dómi sínum 14. apríl sl. og heimilaði sóknaraðilum meðalgöngu í máli varnaraðila.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 18. f.m. lýstu lögmenn varnaraðila yfir því að þeir óskuðu eftir því að gera sátt um fjárkröfur þær sem gerðar hefðu verið í málinu á milli þeirra. Því mótmælti lögmaður sóknaraðila og var þetta atriði tekið til sérstakrar úrlausnar að undangegnum munnlegum málflutningi 20. maí. Hinn 27. maí kvað héraðsdómarinn, Friðgeir Björnsson borgardómari, upp hinn kærða úrskurð. Hann er án forsendna og hljóðar svo:

„Stefnanda Hafliða Guðjónssyni og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen er heimilt að gera sátt um fjárkröfur í máli þessu."

Sóknaraðilar telja, að ólögmætt sé að gera réttarsátt í málinu gegn andmælum þeirra. Auk þess sé hún tilefnislaus og óþörf og horfi hvorki til hagræðis né flýtis við meðferð málsins. Þá sé efni sáttarinnar svo óljóst að þegar af þeirri ástæðu beri að synja um hana skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Mestu skipti þó, að með því að fallast á réttarsátt sé héraðsdómari að veita varnaraðila Hafliða Guðjónssyni aðfarargrundvöll til að komast að hinum kyrrsettu verðmætum, sem um sé deilt vegna kröfu, er mótmælt sé og engin gögn hafi verið lögð fram um þrátt fyrir áskoranir sóknaraðila. Varnaraðilar benda á að kröfur aðalmálsins séu tvíþættar. Annars vegar lúti þær að staðfestingu löghaldsgerðar en hins vegar að ákveðinni fjárkröfu. Sóknaraðilar (meðalgöngustefnendur) hafi ekki í meðalgöngustefnu gert kröfu um að þeim yrði dæmt sakarefni aðalmálsins, heldur aðeins að synjað yrði um staðfestingu löghaldsgerðarinnar. Þar sem um tvo glöggt afmarkaða þætti sama máls sé að tefla sé þeim heimilt að gera dómsátt um fjárkröfuna skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, en láta kröfuna um staðfestingu löghaldsins ganga til dóms. Efni réttarsáttarinnar telja þeir vera fullljóst, en það sé endurgreiðsla á kaupverði íbúðar í Nóatúni 25, Reykjavík, 1.100.000,00 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum.

Fjárkrafa sú, sem um er deilt í aðalmálinu, er aðeins milli varnaraðila í þessu kærumáli. Þegar á þetta er litið ásamt kröfugerð sóknaraðila í því máli, þykja varnaraðilar hafa nægilegt forræði fjárkröfunnar til að gera um hana réttarsátt skv. 2. mgr. 2. gr. laga

nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Eigi verður fallist á, að efni sáttarinnar sé of óljóst til þess hún verði gerð.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Málskostnaðar verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 191/1987. **Björn Magnússon og**
Einar Svavarsson
gegn
sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu
félagsmálaráðuneytinu
dómsmálaráðuneytinu
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs
Áshreppi
Sveinsstaðahreppi
Blönduóshreppi
Svínavatnshreppi
Torfalækjarhreppi
Þverárhreppi
og eigendum og ábúendum jarðanna
Stóru-Giljár, Þingeyra, Hnausa I
Axlar I og II, Undirfells og
Nautabús

Kærumál. Máli vísað að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27.

maí 1987, er barst Hæstarétti 4. þ.m. Þeir krefjast þess að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar og dómsuppsögu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu er þess krafist að frávísunardómurinn verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til greiðslu kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra er þess krafist aðallega að frávísunardómurinn verði staðfestur, en til vara að hann verði staðfestur að því er nefnda varnaraðila varðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila Áshrepps er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Greinargerð eða kröfur hafa eigi borist frá öðrum varnaraðilum en þeim sem nú voru greindir.

Sóknaraðilar hafa ekki leitt rök að því, að í desember 1986, þegar þeir höfðuðu mál þetta, hafi það skipt þá máli að lögum að fá fyrri kröfu sína tekna til greina með dómi. Er krafa þessi um viðurkenningardóm um ógildi sýslunefndarsamþykktar 27. júní 1985 um upprekstur það sumar og virðist henni beint að öllum varnaraðilum. Ber því að vísa kröfunni frá héraðsdómi.

Skaðabótakröfu sóknaraðila er, að því er berum orðum segir í héraðsstefnu, beint að ríkissjóði, en annarra varnaraðila er þar ekki getið. Bótakrafan er byggð á því, að sóknaraðilar hafi orðið fyrir tjóni vegna fyrrnefndrar samþykktar sýslunefndar og framkvæmda sýslumanns á grundvelli hennar. Eftir frávísun fyrri kröfunnar í málinu, er ekki réttarfarslegur grundvöllur til frávísunar bótakröfunnar. Verður frávísunarkrafa fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs því ekki tekin til greina.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur að því er varðar kröfu sóknaraðila um ógildingu samþykktar sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 27. júní 1985.

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi að því er varðar kröfu sóknaraðila um skaðabætur úr hendi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 14. maí 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfur stefndu fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, dómsmálaráðherra, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og Áshrepps 14. apríl s.l. er höfðað hér fyrir þinginu með stefnum birtum og þingfestum 19. desember 1986 af Birni Magnússyni, nnr. 1344-5214, bónda á Hólabaki og Einari Svavarssyni, nnr. 1835-0548, bónda á Hjallalandi, báðum í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu gegn oddvita sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu Jóni Ísberg, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, fyrir hönd sýslunefndar, félagsmálaráðherra hr. Alexander Stefánssyni fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins, dómsmálaráðherra hr. Jóni Helgasyni, fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, fjármálaráðherra, hr. Þorsteini Pálssyni, fyrir hönd ríkissjóðs, hr. Jóni B. Bjarnasyni oddvita, Ási Áshreppi, fyrir hönd Áshrepps, hr. Þóri Magnússyni oddvita, Syðri-Brekku, Sveinsstaðahreppi fyrir hönd Sveinsstaðahrepps, hr. Torfa Jónssyni oddvita, Torfalæk, Torfalækjarhreppi, fyrir hönd Torfalækjarhrepps, hr. Sigurjóni Lárussyni oddvita, Tindum, Svínavatnshreppi, fyrir hönd Svínavatnshrepps, hr. Hilmari Kristjánssyni oddvita, Hlíðarbraut 3, Blönduósi, fyrir hönd Blönduóshrepps, og hr. Agnari Levy oddvita, Hrísakoti, Vestur-Húnavatnssýslu fyrir hönd Þverárhrepps, svo og eigendum Þingeyra, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, þeim Ingimundi Sigfússyni, Tjarnargötu 46, Reykjavík, Sverri Sigfússyni, Haðalandi 22, Reykjavík, Sigfúsi Sigfússyni, Starhaga 6, Reykjavík og Margréti Sigfúsdóttur, Víðimel 66, Reykjavík, ennfremur eiganda Undirfells, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Páli Hannessyni, Grænutungu 3, Kópavogi, eiganda Nautabús, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Jóni Hannessyni, Húnabraut 22, Blönduósi, — ábúanda og eiganda Stóru-Giljár, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Erlendi Eysteinssyni, bónda sama stað, — ábúanda og eiganda Axlar I og Axlar II, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Svavari Jónssyni, bónda sama stað, — ábúanda og eiganda Hnausa I, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Leifi Sveinbjörnssyni, bónda sama stað.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1. Að úrskurður stefndu, sýslunefndar A-Húnavatnssýslu frá 27.6. 1985

um nýtingu sameiginlegra beitarlanda Ás- og Sveinsstaðahrepps verði dæmdur markleysa (nullitet) og að engu hafandi.

Til vara er þess krafist að nefndur úrskurður veðri dæmdur ógildur frá öndverðu (ógilding „ex tunc").

2. Að stefnda ríkissjóði verði með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985, dæmt að greiða skaðabætur vegna þess tjóns sem af ólögmætum niðurrekstri hrossa stefnanda hlaust, kr. 50.518,35 til stefnanda Einars Svavarssonar vegna niðurrekstrar 30 hrossa hans og kr. 32.298,65 til stefnanda Björns Magnússonar vegna niðurrekstrar 19 hrossa hans, samtals að upphæð kr. 82.817,00.

Til vara er krafist skaðabóta, kr. 18.578,75 til stefnanda Einars Svavarssonar og kr. 11.878,35 til stefnanda Björns Magnússonar, samtals að upphæð kr. 30.457,00 með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985.

Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu fjármálráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra gera þær dómkröfur að málinu verði vísað frá dómi að því er þá varðar og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Stefndu sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur og eigandi jarðarinnar Stóru-Giljár gera þær dómkröfur aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Stefndi Áshreppur krefst þess að málinu verði vísað frá dómi að því er hann varðar.

Stefndu Sveinsstaðahreppur og Þverárhreppur hafa látið mæta í málinu og lýsa yfir stuðningi við kröfur stefnenda.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt þing.

Jón Ísberg sýslumaður í Húnavatnssýslu vék sæti í málinu með úrskurði 19. desember 1986. Undirritaður dómari var skipaður setudómari með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. febrúar 1987.

II.

Í stefnu eru málsatvik greind þannig:

„Stefndu, Áshreppur og Sveinsstaðahreppur, mynda skv. 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir A-Húnavatnssýslu nr. 177/1971 sameiginlega upprekstrarfélag (fjallskiladeild) sem sjá skal um fjallskilamál innan sinna takmarka. Þar er um að ræða afréttarlönd á Grímstungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlönd. Þann 22/4 1985 voru gerðar 3 ítölur fyrir afrétti á framangreindu fjallskilasvæði. Þó svo gildi þessara ítölugerða væri umdeilt, höfðu þær ekki verið dæmdar ógildar þegar sýslunefnd kvað upp úrskurð sinn.

Stjórn upprekstrarfélagsins, en hana mynda hreppsnefndir framangreindra hreppa, hélt fund 11.6. 1985 til að reyna að ná samkomulagi um nýtingu afréttanna sumarið 1985. Á þeim fundi voru lagðar fram tillögur um gróðurverndaraðgerðir, m.a um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiði. Ekki náðist samkomulag á fundi þessum og framangreindar tillögur féllu á jöfnum atkvæðum.

Næst gerist það í máli þessu að stefndi, hreppsnefnd Áshrepps, krefst þess með bréfi dags. 12.6. 1985 að stefnda, sýslunefnd A-Húnavatnssýslu, kveði upp tafarlausan úrskurð um ágreining þann sem upp var kominn í stjórn upprekstrarfélagsins (fjallskiladeildarinnar). Sýslunefnd A-Húnavatnssýslu bregður skjótt við og á aukafundi sínum þann 27.6. 1985 kveður hún upp úrskurð sem m.a. mælir fyrir um að upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiði verði ekki heimilaður.

Þann 8.7. kærir stefnda, hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, A-Húnavatnssýslu, þennan úrskurð sýslunefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins. Í þeirri kæru kemur m.a. fram að hreppsnefndin telur úrskurðinn vera markleysu sem beri að fella úr gildi.

Þegar stefnendur höfðu beðið eins lengi og þeir töldu sér unnt eftir að félagsmálaráðuneytið staðfesti að úrskurður stefndu, sýslunefndar, væri markleysa, ráku þeir hross sín á Haukagilsheiði. Áður höfðu einnig bændur í Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu, fengið leyfi með fullu samráði við stefnda, Jón Ísberg sýslumann, til að reka 50 hross á Haukagilsheiði. Upprekstur stefnenda átti sér stað 5. ágúst. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins var hinsvegar ekki kveðinn upp fyrr en 16. ágúst. Að frumkvæði stefnda, sýslumanns A-Húnavatnssýslu, Jóns Ísbergs, og stefnda, oddvita Áshrepps, Jóns Bjarnasonar, var síðan hinn 7. ágúst farið á Haukagilsheiði og smalað niður sextíu og þremur hrossum. Stefnendum var gefinn kostur á að sækja hross sín í Undirfellsrétt, sem þeir og gerðu. Þangað sóttu stefnendur 21 fullorðið hross. Hross Þverhreppinga, sem voru 30 að tölu og höfðu verið skilin úr stóðinu ásamt þeim 12 hrossum sem eftir voru, og eins og það var orðað í lögregluskýrslu frá 7.8. 1985 „voru talin vera úr Víðidal" voru daginn eftir rekin aftur á Haukagilsheiði, þrátt fyrir að þau tilheyrðu öðru fjallskilasvæði. Tveimur dögum síðar, eða þann 9. ágúst, var hrossum smalað niður af Grímstunguheiði að frumkvæði sömu manna sem fyrr.

Hrossastóðið sem samanstóð að þessu sinni af 28 fullorðnum hrossum auk folalda, var rekið í Grímstungurétt. Þar var stóðið í lögregluvörslu þar til stefnendur, ásamt Magnúsi Péturssyni bónda að Miðhúsum í Vatnsdal, komu að sækja það. Rétt er að geta þess að hross þau sem stefnandi Björn Magnússon rak á afrétt 5. ágúst var fyrsti búpeningurinn sem hann rak og reyndar sá eini sem hann ætlaði að reka þar sem hann á ekki sauðfé. Flestir aðrir bændur ráku sauðfé sitt á afrétt um mánaðamótin júní og júlí.

Þess er einnig að geta að upprekstrarmál stefnanda hafa verið til meðferðar hjá sakadómi A-Húnavatnssýslu.

Að lokum er rétt að taka það fram að mál það sem hér er endurflutt var upphaflega höfðað fyrir aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu með stefnum birtum og þingfestum 18. nóvember 1985, en var vísað frá með dómi uppkveðnum 29. júlí sl.

Skaðabótakrafan skiptist í fóðrunarkostnað, akstur með hross, kaup heimrekstrarmanna og bifreiðagjald."

III.

Stefndu, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra styðja frávísunarkröfur sínar með vísan til 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 eins og ákvæðinu var breytt með 13. gr. laga nr. 28/1981. Þar sé kveðið á um það, að fleiri mönnum sé rétt að sækja mál í félagi og rétt sé að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skuli að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar. Tilvitnað ákvæði fjalli um svonefnt aðiljasamlag. Stefndu telji, að stefnendur geri dómkröfur á þá annars vegar, og aðra stefndu hins vegar, sem ekki séu af sömu rót runnar og verði ekki sóttar í einu og sama máli. Þeim sýnist kröfugerð stefnenda vera tilraun til sameiningar tveggja mjög ólíkra mála í eitt og að rök stefndu séu eftirfarandi.

Stefnendur geri annars vegar dómkröfur þess efnis að úrskurður stefndu, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, frá 27. júní 1985 verði dæmdur markleysa og að engu hafandi, og til vara að hann verði dæmdur ógildur frá öndverðu, sbr. dómkröfu stefnanda nr. 1. Þessar dómkröfur stefnenda beinist að stefndri sýslunefnd en alls ekki að hinum stefndu ráðherrum, eins og kröfurnar séu settar fram í þessu máli.

Hins vegar geri stefnendur dómkröfur á hendur stefndu þess efnis að þeir verði dæmdir til að greiða stefnendum skaðabætur vegna meints tjóns sem af ólögmætum niðurrekstri hrossa stefnenda hlaust, sbr. dómkröfu stefnenda nr. 2.

Upphaf þessara tveggja mismunandi dómkrafna stefnenda sé alls óskylt. Upphaf dómkröfu nr. 1 verði rakið til ágreinings hreppsnefnda Áshrepps og Sveinsstaðahrepps og úrskurðar sýslunefndar vegna hans. Efni þessarar kröfu sé stjórnarfarsréttar eðlis, þar sem m.a. reyni á ýmis atriði á því sviði lögfræðinnar og ýmis álitaefni varðandi afréttarmálefni og fjallskil. Hins vegar sé upphaf dómkröfu nr. 2, það að stefnendur fóru ekki eftir úrskurði sýslunefndar, né biðu eftir niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins um kæru hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps til ógildingar á sýslunefndarúrskurðinum, og ráku hross sín á heiðarnar. Sýslumaður hafi rekið hrossin niður af heiðunum í skjóli sýslunefndarúrskurðarins. Efni þessarar dómkröfu stefnenda

sé skaðabótaréttar eðlis og þar reyni á ýmis atriði varðandi hugsanlega bótaábyrgð hins opinbera vegna athafna starfsmanna þess og þær lagareglur sem um það svið gilda.

Stefndu benda á að af framansögðu sé ljóst að stefnendur geri mjög mismunandi dómkröfur, grundvöllur krafnanna sé sinn hvor, auk þess sem kröfurnar byggist á mismunandi málsástæðum, lagareglum og ólíkum málsatvikum. Þeir benda og á, að varnir þeirra gegn dómkröfu stefnanda nr. 2 annars vegar, og varnir meðstefndu um dómkröfu stefnenda nr. 1, yrðu ólíkt byggðar upp og gengju hver í sína áttina. Gagnaöflun og vitnaleiðslur færu heldur ekki saman. Allt sé þetta af því að dómkröfur stefnenda séu alls ekki af sömu rót runnar, og verði því ekki sóttar í sama máli. Þessi málatilbúnaður stefnenda hafi í för með sér réttarfarsþyngsli og óhagræði þar sem málsmeðferðin yrði mjög ógreið og óskýr, og dómarinn væri í reynd með tvö mjög ólík dómsmál í gangi á sama tíma.

Stefndu, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur og eigandi Stóru-Giljár, styðja kröfu sína um frávísun málsins í heild með því að taka undir málsrök meðstefndu. Þeir benda og á, að um óheimilt aðiljasamlag sé að ræða, og þá sé eðlilegra að vísa málinu frá í heild, en ekki að hluta, til þess að stefnendur megi höfða það á réttan hátt til þess að fá svar við spurningunni, hver sé hinn skaðabótaskyldi aðili.

Stefndi Áshreppur rökstyður frávísunarkröfu sína með því að um sé að ræða óheimila málasamsteypu, og tekur undir með rökum meðstefndu. Hann bendir og á, að spurningin sé einfaldlega um það, hvort kröfur stefnenda séu af sömu rót eða ekki. Málið snúist um tvo sjálfstæða þætti, þ.e. annars vegar úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu frá 27. júní 1985, og hins vegar aðgerðir löggæslumanna í Austur-Húnavatnssýslu sem meintra offara. Hér sé að vísu orsakasamhengi í milli, en um sé að ræða tvo sjálfstæða atburði eða þætti, sem ekki séu samrættir. Þótt annan atburðinn leiði af hinum, og því megi segja að tengsl séu milli þeirra í tíma, séu þeir samt ekki samrættir í skilningi 47. gr. eml. Stefndi Áshreppur eigi enga aðild að síðara þættinum, en þeir hreppar sem hagsmuna hafi að gæta eigi væntanlega aðild að fyrra þættinum. Áskilnaður um sömu rót krafna sé til að forðast óþarfa réttarfarsþyngsl, eins og hér séu á ferðinni

IV

Stefnendur mótmæla frávísunarkröfunum og krefjast þess að þeim verði hrundið með úrskurði, og þeir krefjast málskostnaðar í þessum þætti málsins. Þeir benda á að upphafið að málinu sé ágreiningurinn milli hreppanna um hvort banna skyldi upprekstur hrossa, og það sé rótin að öllu málinu.

Úrskurður sýslunefndar sé forsenda tjóns þess, sem stefnendur hafi orðið fyrir, og spurning sé, hvort úrskurðurinn hafi verið markleysa eða ekki. Nú sé tekist á um það, hvort stefnukröfur séu samrættar í skilningi 47. gr. eml. Fræðimenn hafi bent á að sókn krafna í einu máli sé ætluð aðiljum til hagræðis, og að hugsunin sé sú, að málsástæður þurfi að vera hinar sömu í þeim mæli að það verði til tímasparnaðar og hagræðis að öðru leyti við meðferð málanna að fjalla um þau í einu lagi. Kjarninn í 1. mgr. 47. gr. eml. sé sá, að þeim mun nánari og samgrónari sem afskipti þeirra, sem stefnt er, eru af þeim málefnum sem stefnt er vegna, þeim mun vægari kröfur séu gerðar um sjálf tengsl krafnanna, eða m.ö.o. þeim mun rýmra sé skilyrðið um „sömu rót" túlkað. Í máli þessu séu allar kröfur stefnenda runnar af ágreiningi þeim er upp kom í upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps um hvort banna skyldi alfarið upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiði. Það horfi til tímasparnaðar og hagræðis að fjalla um kröfur stefnenda og málsástæður fyrir þeim í einu máli. Nægi í því sambandi að benda á að úrskurður sýslunefndar hafi verið forsenda þess tjóns sem stefnendur hafi orðið fyrir, og því yrði ekki hjá því komist að fjalla um gildi hans í skaðabótamáli sem höfðað yrði vegna þess tjóns. Stefnendur leggi þunga áherslu á, að afskipti sýslunefndar og sýslumanns í máli þessu séu það náin og samgróin að eðlilegt sé að um kröfurnar sé fjallað í einu máli.

V

Þeir stefndu, sem mætt hafa og gert kröfur um frávísun málsins að öllu leyti eða að hluta benda á að málið, eins og stefnendur hafi höfðað það, sé í raun samsteypa úr tveimur málum. Það snúist um tvo þætti, annars vegar úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu frá 27. júní 1985, og hins vegar aðgerðir löggæslumanna í Austur-Húnavatnssýslu. Slíkt sé ekki aðeins óheimilt verjendasamlag heldur og óheimil málasamsteypa þar sem kröfur stefnenda séu ekki af sömu rót runnar.

Stefnendur benda á að orsakasamhengi sé á milli krafna þeirra að því leyti að ekki yrði hjá því komist að fjalla um gildi úrskurðar sýslunefndar í skaðabótamáli vegna tjóns af ólögmætum niðurrekstri hrossa.

Fallast ber á með stefndu að kröfur stefnenda séu ekki af sömu rót runnar. Einnig ber að fallast á að kröfur stefnenda byggist á svo mismunandi málsástæðum og lagareglum að ekki sé eðlilegt að um þær sé fjallað í einu og sama málinu. Þykir því rétt, með vísan til 1. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu í heild frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir og rétt að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júlí 1987.

Nr. 225/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni og

Helga Magnússyni

Kærumál. Vanhæfi ríkissaksóknara. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærði frávísunardómur var kveðinn upp 16. þ.m. Þá lýsti vararíkissaksóknari, Bragi Steinarsson, yfir því að hann, af hálfu ákæruvaldsins, kærði dóminn til Hæstaréttar. Kæra þessi er heimil samkvæmt 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi.

Í greinargerðum verjenda ákærðu er þess krafist að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og varnaraðiljum dæmdur kærumálskostnaður.

Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því að rétt sé að vísa ákæru í máli þessu frá dómi. Samkvæmt því er niðurstaða hins kærða frávísunardóms staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kærumálskostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns og Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur til hvers þeirra.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Allur kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns og Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur til hvers þeirra.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974 skal ríkissaksóknari tilkynna það dómsmálaráðherra ef hann „er svo við mál eða aðila riðinn að hann mætti ekki gegna dómarastörfum í því" og skipar ráðherra þá annan í hans stað. Mat á því hvort slíkrar ráðstöfunar sé þörf ber endanlega undir dómsmálaráðherra, enda er hvorki í nefndri 22. gr., 124. gr. sömu laga né annars staðar í lögum gert ráð fyrir því að máli verði vísað frá dómi sakir þess að handhafi ákæruvalds mætti eigi gegna dómarastörfum í því. Samkvæmt því ætti að vísa kröfu varnaraðila, þeirri sem um er dæmt í þessu máli, frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 taka þátt í efnisúrlausn málsins.

Ríkissaksóknari er eigi í neinum tengslum við varnaraðila máls þessa er mundu gera hann vanhæfan sem dómara í máli á hendur þeim, né heldur hefur verið sýnt fram á vanhæfi hans af öðrum ástæðum. Tel ég því að fella eigi hinn kærða frávísunardóm úr gildi

og leggja fyrir sakadóm Reykjavíkur að taka málið til meðferðar að efni til.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 16. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 410-413/1987: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Helga Magnússyni, sem tekið var til dóms hinn 13. þ.m.

Með ákæru, dagsettri 9. apríl sl., höfðaði ríkissaksóknari mál hér fyrir dóminum gegn ákærðu fyrir að hafa í störfum sínum fyrir Hafskip hf., ákærði Ragnar á árinu 1981 og allir ákærðu á árunum 1983-1985, gerst sekir um ýmis brot, sem tilgreind eru nánar í 6 köflum ákærunnar. Er þar um að ræða brot á ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, lögum um hlutafélög nr. 32, 1978 og lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976.

Ákæra þessi er gefin út af Hallvarði Einvarðssyni ríkissaksóknara. Af hálfu ákærðu er þess krafist að ákærunni verði vísað frá dómi vegna vanhæfis Hallvarðs til að fara með mál þetta sem ríkissaksóknari og eru tilgreindar eftirtaldar ástæður fyrir vanhæfi hans:

1. Ríkissaksóknari geti ekki fjallað um málið þar sem hann hafi stjórnað rannsókn þess í upphafi sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins og haft þau afskipti af því á rannsóknarstigi, að hann hljóti að teljast vanhæfur til að fjalla um það. Því til stuðnings er bent á afskipti hans í upphafi málsins, er hann stóð að fyrirmælum um handtöku ákærðu og kröfum um gæsluvarðhald þeirra, svo og á ýmis ummæli, sem eftir honum voru höfð í fjölmiðlum í upphafi rannsóknar um eðli málsins og umfang. Er í þessu sambandi af hálfu ákærðu vísað til ákvæða 22. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði.

2. Ákveðin tengsl séu milli Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara og Alberts Guðmundssonar, fyrrverandi fjármálaráðherra, sem einnig gegndi um tíma formennsku bæði í stjórn Hafskips hf. og bankaráði Útvegsbanka Íslands. Er hér einkum bent á lánafyrirgreiðslu er Hallvarður hafi notið af hendi Alberts sem fjármálaráðherra úr Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins 1984 og 1985, sem hafi verið óvenjuleg og óeðlileg.

Af hálfu ákærðu er hér vísað til 22. gr. laganna um meðferð opinberra mála sbr. 7. tl. 36. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði.

3. Bróðir Hallvarðs Einvarðssonar, Jóhann S. Einvarðsson, hafi setið í bankaráði Útvegsbanka Íslands frá 1. janúar 1985 eða hluta þess tímabils,

sem ákæran í málinu tekur til, en mál þetta tengist mjög Útvegsbankanum og hljóti bankaráðið mjög að eiga hér hagsmuna að gæta á ýmsa vegu. Er hér vísað til 22. gr. laganna um meðferð opinberra mála sbr. 3. og 7. tl. 36. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði.

Sækjendur málsins hafa mótmælt rökstuðningi fyrir frávísunarkröfu verjenda og krefjast þess að henni verði hrundið.

Fyrir liggur í dómum Hæstaréttar frá 4. júní sl. í málum nr. 157 og 162/1987, að Hæstiréttur telur að dómsúrlausnar verði leitað um hugsanlegt vanhæfi ríkissaksóknara sbr. 22. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður hér á því byggt og tekin afstaða til frávísunarkröfunnar og þeirra málsástæðna, sem færðar eru fram henni til stuðnings í þeirri röð, sem þær eru settar fram hér að ofan.

1. Mál þetta kom til meðferðar rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí 1986, en með því fylgdi skýrsla borgarfógetanna Markúsar Sigurbjörnssonar og Ragnars H. Hall til ríkissaksóknara, dagsett 6. s.m. um rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti Hafskips hf. Í bréfi ríkissaksóknara er mælt fyrir um opinbera rannsókn og tilgreind rannsóknarefni.

Meðferð rannsóknarlögreglu ríkisins á málinu hófst 19. maí 1986, en að lokinni rannsókn var málið endursent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 24. september 1986. Við meðferð málsins hjá RLR voru m.a. ákærðu í máli þessu úrskurðaðir í gæsluvarðhald og sátu ákærðu Björgólfur og Ragnar í gæsluvarðhaldi frá 21. maí til 18. júní 1986, ákærði Páll Bragi frá 21. maí til 7. júní og ákærði Helgi frá 21. maí til 9. júní 1986.

Rannsókn málsins hjá RLR var í upphafi undir stjórn Hallvarðs Einvarðssonar, þá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, og undirritaði hann m.a. kröfur um gæsluvarðhald ákærðu. Hallvarður var hins vegar skipaður ríkissaksóknari frá 1. júlí 1986 að telja og sem slíkur gaf hann út ákæruna í máli þessu sem fyrr segir.

Með hliðsjón af 1. tl. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði og eins og háttað er skipan ákæru- og dómsvalds, svo og lögreglustjórn hér á landi, verður ekki talið, að embættisafskipti manns í starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins af máli valdi vanhæfi hans til að fjalla um það mál síðar sem ríkissaksóknari og má segja, að um þetta liggi fyrir ótvíræð venja.

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til annars en að afskipti Hallvarðs Einarvarðssonar af máli þessu, þá er hann gegndi störfum rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, hafi verið með þeim hætti, sem eðlileg gátu talist miðað við stöðu hans og starfsskyldur. Ummæli, sem eftir honum voru höfð í fjölmiðlum um gang rannsóknarinnar þykja ekki þess eðlis að þau breyti þessari niðurstöðu. Verður því ekki talið, að krafa um frávísun vegna

vanhæfis Hallvarðs Einvarðssonar að þessu leyti sé á rökum reist og ber því að hafna henni.

2. Af gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, sést að Hallvarður Einvarðsson fékk lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, kr. 300.000,00 í hvort skipti. Ómótmælt er, að lán þessi komu til fyrir tilstuðlan eða milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi fjármálaráðherra, en upplýst hefur verið að fjármálaráðherrar hafi haft ákveðið svigrúm til að annast slíka fyrirgreiðslu og hafi hún tíðkast um langt árabil í mismunandi miklum mæli.

Albert Guðmundsson var stjórnarformaður Hafskips hf. 1979 - 1983.

Svo sem fyrr segir áttu ofangreindar lántökur sér stað síðast á árinu 1984 og í byrjun árs 1985. Mál þetta kom hins vegar til opinberrar rannsóknar í maí 1986 svo sem áður er rakið.

Ekki verður á það fallist að lántökur þessar tengist máli þessu eða aðilum þess á þann veg að valdið geti vanhæfi Hallvarðs Einvarðssonar til að fjalla um það sem ríkissaksóknari. Frávísun málsins á þeim grundvelli kemur því ekki til álita.

3. Í I. kafla ákærunnar eru ákærðu, ýmist allir eða sumir þeirra, saksóttir fyrir að hafa staðið að gerð villandi og rangra gagna á árunum 1984 og 1985 varðandi rekstur og efnahag Hafskips hf., m.a. í því skyni að skapa félaginu áframhaldandi fyrirgreiðslu og lánstraust hjá Útvegsbanka Íslands. Er þetta atferli þeirra talið varða við 158. gr. almennra hegningarlaga, 86., 151. og 152. gr. laga um hlutafélög og 7. og 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur.

Þá eru ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi í II. kafla ákærunnar ákærðir fyrir fjársvik skv. 248. gr. almennra hegningarlaga, ýmist allir eða ákærðu Björgólfur og Ragnar tveir saman, með því að hafa staðið að því að afla Hafskip hf. fjármuna, m.a. aukinna lána eða ábyrgða hjá Útvegsbanka Íslands með því að vekja hjá bankastjórninni rangar eða villandi hugmyndir um raunverulegan efnahag félagsins og framtíðarhorfur. Hafi þeir með þessum hætti náð að auka skuldir félagsins við bankann um kr. 403.196.000,00 á tímabilinu 31. ágúst 1984 til 30. nóvember 1985.

Fyrir liggur, að Jóhann S. Einvarðsson, bróðir Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara, tók sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1. janúar 1985 og sat í því uns bankanum var með lögum breytt í hlutafélagsbanka á sl. vori, sbr. lög nr. 7, 1987.

Skv. 12. gr. laga nr. 12, 1961 um Útvegsbanka Íslands hafði bankaráð yfirumsjón með starfsemi bankans og ljóst er af ákvæðum sömu laga um starfsskyldur bankastjórnar og erindisbréfi bankastjóra, að eftirlitsskylda bankaráðsins með starfsemi bankans er rík.

Svo sem fyrr er rakið eru ákærðu í máli þessu saksóttir fyrir að hafa

misgert stórlega við Útvegsbanka Íslands með því að leggja fyrir hann röng eða villandi gögn og að hafa með sviksamlegum hætti náð að auka skuldir Hafskips hf. við bankann um samtals rúmlega 400 milljónir króna á árunum 1984 og 1985. Fer ekki hjá því, að mál þetta hlýtur að varða mjög bankaráð Útvegsbankans enda liggur fyrir að málefni Hafskips hf. voru oft til umræðu og umfjöllunar á fundum ráðsins á árinu 1985.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður að líta svo á, að Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari sé þannig skyldur einum bankaráðsmanni Útvegsbankans, að skv. grundvallarreglum 3. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 mætti hann eigi gegna dómarastörfum í máli þessu og því hafi ekki verið rétt skv. 22. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að hann fjallaði um ofangreindar sakir. Enda þótt ákæran snúist og um önnur atriði, sem ekki tengjast hagsmunum Útvegsbanka Íslands, er eðlilegast að um þessi efni öll sé fjallað í einu máli og því þykir rétt að vísa ákærunni í heild sinni frá dóminum af þessum sökum.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða áfallinn kostnað af máli þessu, þar með talda þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., Jóns Magnússonar hdl., Jónasar Aðalsteinssonar hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 til hvers þeirra um sig.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi.

Kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., Jóns Magnússonar hdl., Jónasar Aðalsteinssonar hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., kr. 20.000,00 til hvers þeirra.

Föstudaginn 24. júlí 1987.

Nr. 217/1987. **Þrotabú Vörðufells hf.**

gegn

Ásgeiri Sigurðssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní sl. samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Barst kæran Hæstarétti 30. s.m. Krefst sóknaraðili þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málsgögn sýna, að varnaraðili á í verulegum fjárhagsörðugleikum, þó að ætla verði, að hann eigi fyrir skuldum. Hann kveðst vilja freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, og hefur lögmaður lýst sig reiðubúinn til að veita aðstoð við það. Á hitt er að líta, að varnaraðili hefur um alllangt skeið átt við fjárhagsvanda að stríða og notið lögmannsaðstoðar af því tilefni. Er því ómótmælt haldið fram af sóknaraðila, að þrotabúið hafi átt veðtryggða kröfu á varnaraðila, sem fallið hafi í gjalddaga 1. júní 1985. Eftir uppboðsbeiðni, sem rituð hafi verið 8. nóvember það ár hafi uppboð átt að fara fram 10. febrúar 1986. Það hafi ekki orðið, en síðan hafi uppboð verið ákveðið á 6 tilteknum dögum. Af einu hafi ekki orðið, þar sem varnaraðila hafi verið heimiluð greiðslustöðvun 11. desember 1986. Úrskurður um þessa greiðslustöðvun hafi verið felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 14. janúar sl. Í annað sinn hafi ekki orðið af uppboðssölu vegna breytinga á 29. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð með lögum nr. 12/1987, 7. gr., og hafi verið ákveðið þriðja uppboð vegna nýrra lagareglna. Ella hafi sóknaraðili fallist á frestun uppboðs.

Þegar framanskráð er virt verður að ætla, að varnaraðili hefði getað komið fjármálum sínum í nýtt horf fyrr með sömu úrræðum

og nú er kostur á. Dómkrafa sóknaraðila er byggð á lögvarinni kröfu hans til að fá greiðslu af uppboðsandvirði veðsettrar eignar varnaraðila. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Ásgeir Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, þrotabúi Vörðufells hf., 10.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 22. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 22. júní er í skiptarétti Kjósarsýslu kveðinn upp úrskurður þessi um beiðni Ásgeirs Sigurðssonar, nnr. 0676-3448, Brekkutanga 18 Mosfellshreppi Kjósarsýslu, um að honum verði veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að 3 mánuði með vísun til 7. gr. l. nr. 6/1978.

Beiðnin barst skiptaráðanda 18. júní sl. Hún var þingfest daginn eftir, 19. júní, og kom þá beiðandi fyrir réttinn ásamt lögmanni sínum Kristjáni Stefánssyni hdl. Málinu var þá frestað til dagsins í dag, en þá var aftur þingað í því, og sótti beiðandi þing. Var það þá tekið til úrskurðar.

Með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 11.12. 1986, fékk beiðandi heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14.01. 1987, var úrskurður þessi felldur úr gildi. Eftir því sem næst verður komist taldi beiðandi þá skuldir sínar vera um kr. 3.000.000,00, en eignir samtals kr. 7.690.000,00.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:

„Það er athugavert að í beiðni varnaraðila um greiðslustöðvun gætir ónákvæmni í framtali skulda og auk þess er beiðnin ekki studd neinum gögnum sem þó hefði verið eðlilegt eins og málið er vaxið."

Í greiðslustöðvunarbeiðni sinni nú telur beiðandi upp eignir sínar, og sagði hann fyrir réttinum að sú upptalning væri tæmandi. Hann tók þó fram, að ekki væri innbú talið með, en það væri venjulegt og í því engin sérstök verðmæti.

Eignir eru metnar á kr. 7.689.000,00, þar af er fasteignin á Brekkutanga 18 metin á kr. 6.089.000,00, sem er nær 80% verðmætis eignanna. Mat fasteignarinnar er stutt staðfestingu á brunatryggingu. Beiðandi skýrði fyrir réttinum með nokkrum hætti hvernig aðrar eignir (lausafé) væru metnar.

Beiðandi lagði fram með beiðni sinni yfirlit yfir skuldir sínar. Nema þær samtals kr. 4.408.067,00. Er skuldayfirlit þetta allrækilega stutt framlögðum gögnum. Fyrir réttinum upplýstist þó að beiðandi skuldar þungaskatt vegna vörubifreiðar að upphæð kr. 107.873,00, þannig að gera verður ráð fyrir að skuldir hans nemi samtals ríflega kr. 4.500.000,00.

Greiðslustöðvunarbeiðandi á talsverðar eignir umfram skuldir. En hann á í verulegum greiðsluerfiðleikum. Það er mat réttarins að hann hafi vilja og trúlega getu til að koma nýrri og betri skipan á fjármál sín. Sá lánardrottinn sem hann skuldar mest, Útvegsbanki Íslands, hefur samþykkt að endursemja við hann um kr. 1.700.000,00 en skuld hans við bankann nemur samtals kr. 1.859.766,00.

Upp í aðra stærstu skuld sína, við þrotabú Vörðufells hf., greiddi beiðandi í febrúar sl. kr. 400.000,00.

Beiðandi hefur í réttinum gert grein fyrir því, að hann hyggist leysa fjárhagsvanda sinn m.a. með því að selja þrjár tilgreindar vinnuvélar, sem hann hefur í beiðni sinni metið á samtals kr. 1.000.000,00. Þá hefur beiðandi skýrt svo frá fyrir réttinum, að atvinnutekjur sínar séu nú talsvert miklar. Ætti hann því, skv. ofanrituðu að hafa burði til að koma góðu lagi á fjármál sín, ef hann fær tóm til og góða hjálp.

Vera má að beiðandi hafi verið tómlátur um að hefjast handa um nýskipan fjármála sinna fyrr en í óefni væri komið. Yfirvofandi er nú 3ja og síðasta uppboð á fasteign hans, Brekkutanga 18. Hann hefur þó fyrir réttinum skýrt með nokkrum hætti, hvers vegna ekki hafi orðið af sölu lausafjármuna, sem hann fyrr hugðist selja til að bæta fjárhag sinn.

Það er álit réttarins að beiðandi uppfylli skilyrði 7. gr. l. nr. 6/1978. Hann hefur sýnt fram á að hann á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Fyrir liggur yfirlýsing lögmanns um að hann sé reiðubúinn til að aðstoða beiðanda til að koma nýskipan á fjármál hans. Beiðanda hefur ekki verið heimiluð greiðslustöðvun fyrr, að frátaldri þeirri sem Hæstiréttur felldi úr gildi með dómi 14.01. 1987.

Að mati réttarins ætti 2ja mánaða greiðslustöðvun að nægja til að beiðandi sýni fram á að hann geti komið viðunandi nýskipan á fjármál sín. Telur hann að hagsmunum lánardrottna sé ekki stofnað í hættu með þeirri stöðvun, þótt hún tefji um sinn að einhverjir þeirra fái greiddar kröfur sínar eða upp í þær. Á hinn bóginn lítur rétturinn svo á að beiðanda sé það verulegt hagsmunamál að fá heimild til greiðslustöðvunar, eins og málum er nú háttað.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi skiptaráðanda kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ásgeir Sigurðsson, nnr. 0676-3448, Brekkutanga 18 Mosfellshreppi Kjósarsýslu, hefur heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði

frá uppkvaðningu úrskurðar þessa samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.

Þriðjudaginn 15. september 1987.

Nr. 250/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Óttari Proppé

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1987 sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Kópavogs hefur varnaraðila á dómþingi 3. þ.m. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hann gerði engar kröfur í málinu.

Á sakavottorði varnaraðila dagsettu 26. ágúst 1987 kemur fram að varnaraðili hefur tvisvar hlotið dóm vegna ölvunar við akstur og með síðari dóminum frá 31. mars 1987 verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22. ágúst 1986 að telja. Var héraðsdómara því óheimilt að ljúka máli varnaraðila með dómssátt, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 1. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Kópavogs 19. ágúst 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 19. ágúst var sakadómur Kópavogs settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Jóni H. Haukssyni fulltrúa.

Fyrir var tekið: Kærumál nr. K-746/87. Rannsókn varðandi ætlað áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómari leggur fram: Nr. 1. lögregluskýrslu. Nr. 2 blóðtökuvottorð. Nr. 3 niðurstöðu alkóhólrannsóknar. Nr. 4 sakavottorð. Nr. 5 yfirlit um sakarkostnað. Skjölin fylgja.

Fyrir dómi er mættur kærði: Óttarr Proppé skrifstofumaður, Hrauntungu 39, Kópavogi, fæddur 25. mars 1944 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar (kæranna) sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 26. apríl 1987.

Hann samþykkir að greiða kr. 32.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978 sbr. 1. mgr. 27. gr. sbr. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968.

Sektin greiðist fyrir 1. nóvember 1987, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málskostnaður kr. 2.195,00 greiðist fyrir sama tíma.

Kærði var sviptur ökuleyfi 22. ágúst 1986.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Fimmtudaginn 17. september 1987.

Nr. 251/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Bryndísi Ólafsdóttur

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1987 sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Kópavogs hefur varnaraðila á dómþingi 1. september sl. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hún krefðist staðfestingar hinnar kærðu dómssáttar.

Lögreglumenn grunuðu varnaraðila um ölvun er þeir stöðvuðu hana við akstur bifreiðar 23. maí 1987. Var henni tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóði hennar vera 0,92‰. Varnaraðili er fædd 4. desember 1970 og hafði því ekki öðlast ökuskírteini sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968. Ekki er í hinni kærðu sátt tekin afstaða til hvort varnaraðili skuli svipt rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. 2. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Kópavogs 20. ágúst 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 20. ágúst er dómþing sakadóms Kópavogs háð í skrifstofu bæjarfógeta af Jóni H. Haukssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um meinta ölvun við akstur og akstur án réttinda. K. 901/1987.

Dómarinn leggur fram: Nr. 1 skjalasskrá. Nr. 2 sakavottorð. Skjölin fylgja.

Nafn: Bryndís Ólafsdóttir, nnr. 1432-9625, nemi, Kársnesbraut 35, Kópavogi. Fæðingardagur: 4. desember 1970.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 23.05.87.

Hann samþykkir að greiða kr. 12.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 25. gr. 2. sbr. 3. mgr. laga nr. 40/1968 sbr. 1. mgr. 27. gr. s.l. og 24. gr. 1. mgr. laga nr. 82/1969.

Sektin greiðist fyrir 15. sept. 1987 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 7 daga.

Málskostnaður kr. 2.844,00 greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Mánudaginn 21. september 1987.

Nr. 260/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Ómari Erni Grímssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m. er barst 16. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. september 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 13. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Ómari Erni Grímssyni með lögheimili að Borgarbraut 6, Grundarfirði, en dvalarstað að Yrsufelli 13, hér í borg, fæddum 9. júní 1961 í Hafnarfirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Þann 9. september sl. kærði Haraldur Sverrisson stuld á skjalatösku úr bifreið sem hann hafði lagt í Kirkjuhvoli kvöldinu áður. Kvað hann tvö tékkhefti hafa verið í töskunni, annað á Iðnaðarbankann og hitt á Búnaðarbankann, auk bankakorts á síðarnefnda bankann. Þá hafi verið í töskunni skuldabréf og Visa-kort.

Kærði, Ómar Örn, hefur viðurkennt í skýrslum hjá RLR og fyrir dómi að hafa stolið framangreindri tösku með þargreindum verðmætum. Á dvalarstað kærða var gerð húsleit í gær og fannst taskan, en ekki tékkheftin, Visa-kortið og bankakortið. Kærði kvaðst hafa falsað samtals ca. tíu tékka úr heftunum, en síðan hent þeim og áðurnefndum kortum. Einungis tveir tékkar hafa komið fram af þeim tékkum sem kærði kveðst hafa falsað.

Kærði bar fyrir dómi að hafa verið í mikilli óreglu undanfarið, m.a. í eiturlyfjum, og að hafa eigi stundað vinnu síðan hann losnaði úr afplánun sl. vor.

Brot þau er kærði er grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og veruleg hætta á að kærði spilli sakargögnum haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ómar Örn Grímsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. september nk. kl. 17:00. Halla Bachmann Ólafsdóttir.

Úrskurðarorðið er lesið í dóminum í heyranda hljóði kl. 14:40 að viðstöddum kærða, Ómari Erni Grímssyni, og Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Kærða er kynntur kærufrestur til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, staðfest.

Miðvikudaginn 30. september 1987.

Nr. 205/1987. **Landbúnaðarráðherra,**
iðnaðarráðherra
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
og Landsvirkjun
gegn
hreppsnefndum Bólstaðarhlíðar-
hrepps, Lýtingsstaðahrepps og
Seyluhrepps og
Jóni Ísberg sýslumanni

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með heimild í a-lið 1. tl. fyrri málsgreinar 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 21. janúar 1987 er barst 24. júní 1987.

Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum verði gert að víkja sæti í málinu.

Hreppsnefndir Bólstaðarhlíðarhrepps, Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Rök sóknaraðila fyrir kröfu þeirra eru rakin í hinum kærða úrskurði.

Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðili Blöndu samkvæmt 1. gr. laga nr. 60/1981 gerðu samkomulag við Blönduóshrepp, Svínavatnshrepp, Torfalækjarhrepp, Lýtingsstaðahrepp, Seyluhrepp, og að því er virðist Bólstaðarhlíðarhrepp, varðandi virkjun Blöndu 15. mars 1982.

Af hálfu Blönduóshrepps undirritaði héraðsdómarinn samkomulagið ásamt öðrum fulltrúa hreppsins.

Með samningi við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign vatnsaflsvirkjun í Blöndu í Blöndudal.

Telja verður að fulltrúar hreppanna hafi að verulegu leyti komið fram sameiginlega gagnvart viðsemjanda sínum við gerð framangreinds samkomulags. Þykir staða héraðsdómarans gagnvart þeim sem við hlið hans stóðu, þar á meðal varnaraðilum kærumáls þessa, sú sem segir í síðari hluta 5. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber héraðsdómara því að víkja sæti í máli þessu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hérðasdómarinn, Jón Ísberg sýslumaður, víkur sæti í máli þessu.

Úrskurður aukadómþings Húnavatnssýslu 14. nóvember 1986.

Mál þetta var höfðað með stefnu útg. 14. feb. 1985. Í stefnu gera stefnendur þær dómkröfur „að þeim verði sameiginlega dæmdur eignarréttur að svonefndri Eyvindarstaðaheiði".

„Gerð er krafa til þess að viðurkenndur verði með dómi sameiginlegur eignarréttur ofangreindra þriggja hreppa á heiði þessari með öllum gögnum og gæðum sem henni fylgja og fylgja ber í eftirtöldum hlutföllum innan óskiptrar sameignar:

a. Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17 hlutar
b. Lýtingsstaðahreppur 8/17 hlutar
c. Seyluhreppur 4/17 hlutar."

Þannig er að afsal til þessara hreppa er ekki til frá fyrri eiganda Eyvindarstaðaheiðar, en afsal til hans er til. Þess vegna töldu sveitarstjórnir þessara hreppa nauðsyn að tryggja sér þann rétt, sem þær töldu sig hafa, þ.e. eignarrétt yfir heiðalandinu. Undir venjulegum kringumstæðum var hér nánast um að ræða einfalt eignardómsmál, en iðnaðar-, landbúnaðar- og fjármálaráðuneytin mótmæltu og gripu til varna svo og Landsvirkjun. Helstu kröfur varnaraðila eru að eignarréttur hreppanna þriggja „takmarkist við óbein eignarréttindi og þá einkum upprekstrar- og beitarrétt" (dómsskj. nr. 19, bls. 4). Undir þessa skoðun er tekið í varakröfu Landsvirkjunar (dómsskj. nr. 24).

Þar sem mál þetta hefir tekið þessa stefnu að ekki á aðeins að dæma um einfaldan og almennt viðurkenndan eignarrétt yfir landinu heldur einnig hvort hann geti verið takmarkaður í þessu tilfelli, þar sem um heiðalönd sé að ræða sem notuð eru aðeins til beitar að sumrum. Þá telja varnaraðilar málið snerta svo víðtæka hagsmuni að dómarinn, sem einnig er oddviti sýslunefndar, geti ekki stöðu sinnar samkvæmt verið hlutlaus í málinu.

Tekið fram að afsal vanti fyrir Eyvindarstaðaheiði, en hvað varðar Auðkúluheiði, en þar var dómarinn samningsaðili, séu fossaréttindi undanskilin, þ.e. fyrri eigandi ríkissjóður eða réttara kirkjujarðasjóður eiga virkjunarréttinn. Þannig að hugsanleg áhrif á dómarann sem íbúa Blöndu-óss fram yfir það að vera almennur skattþegn og kaupandi raforku í land-inu, ættu ekki að vera til staðar.

Lokaröksemdafærslan er sú, að í flestum málum þessu líkum hafi verið skipaðir setudómarar. Dómarinn ætlar ekki að rifja upp ástæðu fyrir því, en bendir á að nokkur hluti af starfi hans sem sýslumanns sé einmitt að vera þinglýsingardómari, þ.e. fara yfir og kanna þinglýsingarskjöl þar á meðal afsöl fyrir eignum. Auk þess sem hann hefir kynnt sér nokkuð reglur um eignarrétt og hefir áhuga á þeim málum, þá ætti hann ekki að öðru jöfnu að vera ófærari um að meta það hvort stefnendur hafi eignast Eyvindarstaðaheiði eða ekki. Að víkja sæti vegna þessara raka er því hæpið og raunar bara verið að skorast undan skyldu sinni.

Niðurstaðan er því sú, að dómarinn lítur svo á að varnaraðili hafi ekki komið með haldbær rök fyrir því að hann víki sæti í málinu og synjar hann því framkominni kröfu.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar 30. september 1987.

Miðvikudaginn 30. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. september komu hæstaréttardómar-arnir Magnús Thoroddsen, Gaukur Jörundsson, Guðmundur Jóns-son, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir saman í dómhúsi Hæstaréttar.

Fyrir var tekið:

Beiðni Benedikts Blöndals, Eiríks Tómassonar, Gunnars M. Guðmundssonar, Hákonar Árnasonar, Helga V. Jónssonar, Sveins Snorrasonar og Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanna um að þeim verði ákveðin þóknun fyrir verjendastörf í hæstaréttarmálinu:

nr. 162/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Axel Kristjánssyni,
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,
Lárusi Jónssyni,
Ólafi Helgasyni,
Ármanni Jakobssyni,
Bjarna Guðbjörnssyni og
Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar

Kveðinn var upp svohljóðandi

úrskurður:

Ofangreind beiðni hæstaréttarlögmannanna, sem dagsett er 22. júlí 1987, barst Hæstarétti 14. september s.l.

Með dómi Hæstaréttar 4. júní 1987 var ákæru í málinu nr. 162/1987 vísað frá héraðsdómi. Framangreindir hæstaréttarlögmenn voru verjendur ákærðu. Þeir fara þess á leit, með vísan til 3. mgr. 86. gr. og 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974, að Hæstiréttur ákveði þeim þóknun úr ríkissjóði fyrir störf þeirra, er þeir kveða hafa verið fólgin í ritun ítarlegrar greinargerðar, viðræðum við skjólstæðinga þeirra og í því að kynna sér skjöl málsins, sem skipta þúsundum blaðsíðna.

Með vísan til 3. mgr. 86. gr. og 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974 er rétt að ákveða, að hverjum verjanda skuli greidd 30.000,00 króna þóknun úr ríkissjóði fyrir störf þeirra vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti.

Ályktarorð:

Greiða skal Benedikt Blöndal, Eiríki Tómassyni, Gunnari M. Guðmundssyni, Hákoni Árnasyni, Helga V. Jónssyni, Sveini Snorrasyni og Þorsteini Júlíussyni, hæstaréttarlögmönnum, hverjum um sig, 30.000,00 krónur í verjandaþóknun úr ríkissjóði.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 44/1987. **Hörður Ólafsson**

gegn

Páli H. Pálssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 184/1987. **Sigurður Magnússon**

gegn

Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta 2.500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 192/1987. **Þorgils Axelsson**

gegn

Bókhaldstækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgils Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda Bókhaldstækni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta 2.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 193/1987. **Þorgils Axelsson**

gegn

Bókhaldstækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgils Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda Bókhaldstækni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta 2.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 211/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni
Hauki Guðmundssyni
Guðmundi B. Haukssyni og
Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 212/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni
Hauki Guðmundssyni
Guðmundi B. Haukssyni og
Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 213/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni
Hauki Guðmundssyni
Guðmundi B. Haukssyni og
Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 214/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni
Hauki Guðmundssyni
Guðmundi B. Haukssyni og
Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 215/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni
Hauki Guðmundssyni
Guðmundi B. Haukssyni og
Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 203/1985. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur
(Ingólfur Hjartarson hdl.)

gegn

Áslaugu Óskarsdóttur
(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.)

Skaðabætur utan samninga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1985. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu að fallið er frá kröfu um að dómvextir leggist við höfuðstól kröfu á tólf mánaða fresti. Stefnda krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 20. nóvember 1986 var henni veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefir verið lagt fram bréf Einars Ragnarssonar tannlæknis, dags. 10. september 1987.

Fyrirsvarsmenn Borgarspítalans höfðu samið við Sigurjón H. Ólafsson tannlækni um að hann sinnti munnhols- og kjálkaaðgerðum fyrir slysadeild hvenær sem væri sólarhrings, jafnt helga daga sem rúmhelga, ef til hans næðist. Er ágreiningslaust að ekki var reynt að leita aðstoðar hans eða ráða. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að lækni þeim, sem gerði að meiðslum stefndu, hafi borið að leita ráða nefnds tannlæknis, eins og atvikum var háttað. Lýsing í sjúkraskrá slysadeildar er ófullkomin, að því er varðar ásigkomulag tanna stefndu. Verður því að leggja til grundvallar, svo sem í héraðsdómi greinir, að tjón stefndu sé að rekja til umræddrar vanrækslu, enda þótt með öllu sé ósannað að tönn hafi verið dregin úr stefndu á slysadeildinni.

Að þessu athuguðu en með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans um fébótaábyrgð áfrýjanda á tjóni stefndu.

Fjárhæð sú sem héraðsdómur dæmdi áfrýjanda til að greiða hefur ekki sætt tölulegum andmælum og verður hún tekin til greina.

Krafa stefndu um viðurkenningu á bótaskyldu áfrýjanda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar er eigi nægilega ákveðin. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa henni sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir að lög um dómvexti nr. 56/1979 hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 25/1987 verður að skilja kröfu stefndu um staðfestingu á dómvaxtaákvæði héraðsdóms svo að hin dæmda fjárhæð beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða 27.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti er renni í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hennar, Guðríðar Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns, 27.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefndu, Áslaugu Óskarsdóttur, 34.975,00 krónur með 37% ársvöxtum af 4.975,00 krónum frá 10. nóvember 1981 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 26. nóvember 1984 en með hæstu innlánsvöxtum af 34.975,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði 27.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti er renni í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Guðríðar Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns, 27.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1985.

I.

Mál þetta sem dómtekið var hinn 24. júní sl. er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Áslaugu Óskarsdóttur nema, nnr. 0722-9453, Aratúni 24, Garðabæ gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarsjóðs með stefnu útgefinni og birtri 26. nóv. 1984.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.975,00 með 37% ársvöxtum frá 10. nóv. 1981 til 31. okt. 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1982 og 45% ársvöxtum af kr. 6.827,00 frá þeim degi til 20. sept. 1983, með 37% ársvöxtum frá

þeim degi til 20. okt. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1983 og 36% ársvöxtum af kr. 9.820,00 frá þeim degi til 20. nóv. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. des. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. jan. 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 90.691,00 með dómvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.975,00 með 37% ársvöxtum frá 10. nóv. 1981 til 31. okt. 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1982 og 45% ársvöxtum af kr. 6.827,00 frá þeim degi til 20. sept. 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. okt. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1983 og 36% ársvöxtum af kr. 9.820,00 frá þeim degi til 20. nóv. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. des. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. jan. 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 með dómvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar. Loks er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Áskilinn er réttur til að hækka kröfuna síðar vegna verðlagsbreytinga.

Aðalkrafa felur það í sér að krafist er endurgreiðslu á hluta stefnanda í kostnaði vegna smíði á tanngervi kr. 4.975,00. Gerð er krafa um vexti frá því stefnandi greiddi kostnaðinn. Þá er gerð krafa um miskabætur kr. 30.000,00 og greiðslu á kr. 60.691,00 skv. mati á kostnaði vegna endursmíði á tanngervi, sem talið er víst að stefnandi þurfi á að halda síðar.

Varakrafa felur það í sér að í stað kröfu um greiðslu á kr. 60.691,00 vegna endursmíði tanngervis síðar er gerð krafa um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði síðar. Gerð er krafa um að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti bæði í aðalkröfu og varakröfu. Um þá kröfu vísast til leiðbeininga Seðlabanka Íslands frá 2. ág. 1984 og laga nr. 56/1979 um dómvexti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málið var dómtekið 6. júní sl. en endurupptekið 24. júní sl., endurflutt þann dag og dómtekið á ný.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir að stefnandi, sem fædd er 22. des. 1965, hlaut andlitsáverka við fall úr rólu hinn 7. maí 1977, þá 11 ára að aldri, og

fór til meðferðar á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík af þeim sökum. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá kom stefnandi á slysadeildina innan klukkustundar frá því slysið varð. Í sjúkraskránni kemur og fram að stefnandi hafði brotið tvær framtennur alveg úr efri góm og laskað sex í neðri góm. Gert var að sárum stefnanda í munni, sár snyrt og saumað, og henni ráðlagt að leita tannlæknis daginn eftir. Af hálfu vakthafandi læknis á slysadeild tiltekið sinn var ekki leitað álits tannlæknis vegna meiðsla stefnanda.

Er stefnandi kom til meðferðar hjá tannlækni eftir slysið var löngu of seint orðið að reyna ígræðslu tannanna. Hefur Einar Ragnarsson tannlæknir haft stefnanda til meðferðar eftir slysið. Í fyrstu fékk stefnandi plastgóm með tveimur tönnum en síðan postulínsgullbrú í sept. 1981. Kostnaður vegna þeirrar læknismeðferðar stefnanda nam kr. 19.899,00 og var 75% þess kostnaðar endurgreiddur af sjúkrasamlagi skv. heimild Tryggingastofnunar ríkisins. Leitað var eftir því að Tryggingastofnun ríkisins heimilaði fulla endurgreiðslu tannaðgerða stefnanda, en þeirri beiðni var hafnað með vísan til þess að lagaheimild skorti, en málinu vísað til landlæknisembættisins til umfjöllunar. Landlæknir skrifaði Borgarspítalanum tvö bréf vegna máls þessa. Er hið fyrra dagsett 3. febrúar 1983 og hið síðara 8. apríl það ár. Taldi landlæknir, að undangenginni athugun sinni, að stefnanda skyldi bættur skaðinn.

Af hálfu stefnanda var sett fram krafa á hendur Borgarspítalanum um greiðslu bóta. Er sú krafa sett fram með formlegum hætti með bréfi lögmanns stefnanda dags. 29. apríl 1984. Málið var lagt fyrir starfsnefnd Borgarspítalans og síðar læknaráð Borgarspítalans í maí 1984. Á grundvelli þeirrar umfjöllunar var bótaskyldu Reykjavíkurborgar hafnað með bréfi borgarlögmanns dags. 7. júní 1984.

Mál þetta sem stefnandi hefur höfðað til viðurkenningar bótaskyldu og greiðslu bóta var þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. nóv. sl.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hún hafi komið á slysavarðstofuna innan hálfrar klukkustundar eftir slysið og hafi þá önnur þeirra framtanna, sem stefnandi missti, verið hálflaus en hina hafði stefnandi með sér. Viðbrögð læknis hafi verið þau að kippa hálflausu tönninni út og vísa stefnanda til tannlæknis daginn eftir. Eins og fram komi í vottorði Einars Ragnarssonar á dskj. nr. 5 telji hann augljóst að um mistök hafi verið að ræða er ígræðsla var ekki reynd. „Þar sem +1 virðist hafa átt góða, næstum 100%, möguleika og 1+ e.t.v. 70-90% möguleika." Í greinargerð Sigurjóns H. Ólafssonar, tannlæknis á Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans (dskj. nr. 14) segi m.a.: „Það er ljóst að hefði sérfræðingur í

munn- og kjálkaskurðlækningum verið kallaður til, tennur verið heilar en úrslegnar, þá hefði ígræðsla verið gerð" og síðar: „Sé saga foreldra hins vegar rétt þá er sökin stofnunarinnar megin og bæri vitaskuld í því tilfelli að bæta sjúkl. skaðann." Þá segi í greinargerð læknaráðs Borgarspítalans á dskj. nr. 21: „Verði hins vegar sannað að tennurnar hafi fylgt sjúklingnum við komu á slysadeild hefði viðkomandi læknir átt að leita álits tannlækna deildarinnar." Loks segi í bréfi landlæknis á dskj. nr. 15: „Samkvæmt áliti Einars Ragnarssonar tannlæknis bar lækni að hafa þegar samband við tannlækni slysadeildar. Viðbrögð hans hefðu orðið þau að setja tennur strax á sinn stað. Með tilliti til ungs aldurs eru miklir möguleikar á að tennur hefðu náð að festast. Læknirinn hefur því ekki sýnt nægilega árvekni í starfi. Sýnist mér rétt að stúlkunni verði bættur skaðinn." Loks megi benda á að í leiðbeiningum fyrir aðstoðarlækna Slysadeildar Borgarspítalans á dskj. nr. 10 er „sérstaklega brýnt fyrir aðstoðarlæknum að ráðgast við bakvaktarlækni". Samkvæmt framansögðu sé ljóst að allir sem um málið hafi fjallað séu sammála um að sé frásögn móður stefnanda rétt hafi verið um mistök að ræða og þá beri að bæta stefnanda tjónið.

Eins og fram kom í málavaxtalýsingu í stefnu hafi móðir stefnanda farið með hana á tannlæknastofu Guðmundar Árnasonar daginn eftir slysið, sbr. bréf Guðmundar Árnasonar á dskj. nr. 13. Einar Ragnarsson tannlæknir hafi þá starfað hjá Guðmundi. Einar hafi skoðað stefnanda og hafði hún síðan verið til meðferðar hjá honum. Móðir stefnanda hafi strax skýrt tannlækninum frá málsatvikum, þ.e. að þær hefðu haft lausu tönnina meðferðis og hálflausu tönninni hefði verið kippt úr á slysavarðstofunni. Skráð sé í sjúkraskrá („jornal") stefnanda (dskj. nr. 3) að önnur tönnin +1 hafi verið dregin úr á slysavarðstofu. Í greinargerð sem Einar Ragnarsson hafi skrifað með umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins (dskj. nr. 12) segi hann að yfirlæknir hafi staðfest þessa frásögn í símtali viku síðar.

Foreldrar stefnanda hafi engar kröfur gert á hendur stefnda fyrr en í ljós hafi komið í byrjun árs 1983 að stefnandi þurfti að bera hluta kostnaðar vegna smíði brúar. Foreldrar stefnanda höfðu engar fyrirætlanir um að gera neinar kröfur vegna þessa atviks og sé því engin ástæða til að ætla að þau hafi ekki skýrt satt og rétt frá öllu. Einnig sé bent á greinargerð Sigurjóns H. Ólafssonar, tannlæknis á Borgarspítala, á dskj. nr. 14 en þar segi m.a.: „Að vel íhuguðu máli er mjög ólíklegt, að foreldrar sjúkl. hefðu nokkurn tímann nefnt úrdrátt á tönn hér á staðnum ef einhver fótur hefði ekki verið fyrir því. Er t.d. hægt að ímynda sér að sú tönn sem enn lafði í munni hafi verið það laus að vakthafandi læknir hafi einungis þurft að fjarlægja hana með pinsettu." Björgvin Bjarnason, aðstoðarlæknir sá sem meðhöndlaði stefnanda á slysavarðstofunni, hafi ekki mótmælt frásögn

móður, en segir aðeins í bréfi sínu á dskj. nr. 11: „Þessi vitjun er mér því miður úr minni liðin, enda langt um liðið.“ Hvað varði það sem segi í greinargerð læknaráðs Borgarspítalans (dskj. nr. 21) um það að viðkomandi aðstoðarlæknir telji „með ólíkindum að hann hafi dregið úr tönnina“ sé bent á fyrrgreinda ábendingu Sigurjóns Ólafssonar um að tönnin kunni að hafa verið svo laus að hægt hafi verið að fjarlægja hana með pinsettu. Loks sé bent á að í bréfi landlæknis á dskj. nr. 8 komi fram að svipað atvik hafi áður gerst á slysadeildinni.

Í greinargerð læknaráðs Borgarspítalans sé megináhersla lögð á að ekki sé sannað að önnur tönnin hafi verið dregin úr á slysavarðstofunni. Af hálfu stefnanda sé bent á að skv. mati tannlæknis hafi möguleikar á að ígræðsla þeirrar tannar, sem var alveg laus, tækist verið 70-90%. Það sé því augljóst að reyna hefði átt ígræðslu jafnvel þótt báðar tennurnar hefðu verið alveg lausar í munni. Hér væri því eftir sem áður um mistök læknis að ræða þar sem sérfræðingur hefði reynt ígræðslu, sbr. greinargerð Sigurjóns Ólafssonar á dskj. nr. 14. Í greinargerð læknaráðs Borgarspítalans á dskj. nr. 21 segi einnig að ekki komi fram í sjúkraskrá að komið hafi verið með tönnina á slysadeildina. Þeirri frásögn móður stefnanda að hún hafi komið með lausu tönnina með á slysadeildina hafi ekki verið mótmælt, heldur einungis bent á að það hafi ekki verið skráð í sjúkraskrá og viðkomandi læknir muni ekki eftir þessu. Öll atvik bendi til þess að lækninum hafi ekki verið ljóst að rétt væri að reyna ígræðslu, enda hefði þá að sjálfsögðu verið hans fyrsta verk að spyrja um tennurnar og athuga möguleika á að nálgast þær hefði sjúklingur ekki haft þær meðferðis, jafnframt því að hafa samband við tannlækni Borgarspítalans. Einnig hefði verið eðlilegt að skráð hefði verið í sjúkraskrá að sjúklingur hefði ekki haft með sér tennurnar.

Eins og fram hafi komið séu allir sem fjallað hafi um málið sammála um að hafi stefnandi haft tennurnar með sér hefði átt að reyna ígræðslu og sé þá um mistök að ræða sem stefndi beri ábyrgð á. Frásögn móður stefnanda um að hún hafi haft lausu tönnina meðferðis hafi ekki verið mótmælt, heldur einungis bent á að það sé ekki skráð og viðkomandi læknir muni ekki eftir þessu. Stefnanda og móður hennar sé þessi atburður hins vegar af skiljanlegum ástæðum mjög minnisstæður og þær hafi raunar skýrt tannlækni stefnanda frá honum strax daginn eftir, eins og fram komi í sjúkraskrá á dskj. nr. 3 og greinargerð tannlæknisins á dskj. nr. 5. Ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að þessi frásögn stefnanda og móður hennar sé röng og telur stefnandi því að byggja verði á henni. Hér sé því um að ræða mistök sem varði bótaskyldu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitenda á tjóni sem starfsmaður hans vinni með saknæmum og ólögmætum hætti við framkvæmd starfa síns.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þessum rökum aðallega: Engin grundvöllur sé fyrir málssókn þessari. Tilefni hennar sé koma stefnanda á slysadeild Borgarspítalans 7. maí 1977. Sé allt málið byggt á einni fullyrðingu stefnanda settri fram mörgum árum síðar. Sé hún á þá leið að stefnandi, sem var 11 ára og hafði dottið úr rólu og brotið tvær framtennur, hafi komið með aðra tönnina með sér lausa en hin tönnin hafi enn verið föst í munni stefnanda og verið dregin úr á slysadeildinni. Enga stoð fyrir þessari fullyrðingu sé að finna í gögnum málsins. Í sjúkraskrá slysadeildarinnar segir svo um þetta atvik: ,,Datt úr rólu. Braut tvær framtennur alveg úr efri góm og laskaði sex í neðri góm. Með nokkur sár á efri vör innanverðri. Meðferð: 1. sut. Ethilon 5/0 í vör. 2. Steristrip í tvö smásár á efri vör. 3. Ráðlagt að hitta tannlækni á morgun. Rp. penicillin." Í þessari gagnorðu og greinargóðu lýsingu, sem skráð hafi verið samtímis meðferð, sé ekki minnst á að stefnandi hafi komið með lausa tönn eða tennur með sér hvað þá heldur að önnur tönnin hafi verið dregin úr á slysadeildinni. Sú lýsing í sjúkraskránni að tvær tennur hafi verið brotnar ,,alveg úr efri góm" stangist á við fullyrðingu stefnanda. Við bætist að læknir sá er gert hafi að sárum stefnanda hafi vottað, sbr. dskj. nr. 11, að hann ,,minnist þess ekki að hafa dregið tönn á læknisferli sínum".

Hér beri allt að sama brunni. Annars vegar sé skýrsla Borgarspítalans skráð samtímis atviki því sem um sé að ræða og hins vegar fullyrðing stefnanda, eða öllu heldur foreldra stefnanda, settar fram mörgum árum seinna þegar þeir fóru að gera fjárkröfur af þessu tilefni. Ekki bæti úr skák að önnur gögn málsins séu ýmist óljós eða byggð á áðurnefndum fullyrðingum foreldra stefnanda. Gott dæmi um það sé dskj. nr. 5 en það sé lagt fram í tveimur mismunandi útgáfum, þótt eitt skjal eigi að teljast. Þar sé beinlínis tekið fram að byggt sé á ,,sögn foreldra". Að öðru leyti sé skjal þetta (eða skjöl) ruglingslegt og algjörlega óhæft sem réttarskjal. Megi þar m.a. nefna niðurlag skjalsins sem sé í tveimur útgáfum, báðum óskiljanlegum. Þá sé dskj. nr. 13, vottorð Guðmundar Árnasonar tannlæknis byggt á ,,framburði foreldra" sbr. áritun neðst á skjalinu. Sömu sögu sé að segja um bréf landlæknis á dskj. nr. 15. Þar sé byggt á frásögn móður stefnanda og áliti Einars Ragnarssonar tannlæknis sem eins og fyrr segi sé byggt á frásögn foreldra.

Margt annað sé athugavert við málatilbúnað stefnanda. Á slysadeildinni hafi stefnanda verið ráðlagt að leita til tannlæknis daginn eftir slysið. Dómsskjal nr. 5 (báðar útgáfurnar) og dskj. nr. 3 beri með sér að þetta hafi stefnandi ekki gert og sé það ekki fyrr en 1. júní, eða rúmum þremur vikum seinna, sem upplýst sé að stefnandi hafi farið til tannlæknis. Raunar sé reynt að klóra yfir þá staðreynd með vottorði Guðmundar Árnasonar á dskj. nr. 13, sem algjörlega sé marklaust þar sem hann hafi ekki fundið

stefnanda í spjaldskrá sinni og byggi á frásögn annarra, eins og áður geti, um það sem hafi gerst 6 árum áður en vottorðið sé gefið. Um þetta atriði, þ.e. að stefnandi hafi leitað til tannlæknis daginn eftir slysið, séu og beinar rangfærslur í greinargerð stefnanda. Þær séu að finna í 2. mgr. á bls. 4 þar sem vitnað sé í dskj. nr. 3 og 5. Í báðum þessum skjölum standi 1. júní en hefði átt að vera 8. maí ef rétt hefði verið með farið.

Auk þess sem ósannað sé með öllu að mistök hafi átt sér stað í meðferð stefnanda á slysadeildinni sé engin vissa fyrir því að tannígræðsla hefði tekist þótt hennnar hefði verið kostur og hún reynd. Tannlæknir stefnanda, Einar Ragnarsson, telji möguleikana á því að græða lausa tönn „e.t.v. 70-90%" sbr. dskj. nr. 5. Jafnvel þótt á áliti þessu væri byggt sé óvissan um það hvort koma hefði mátt í veg fyrir tjón stefnanda svo mikil að hvergi nærri sé fullnægt almennum skilyrðum skaðabótaréttarins um bótaskyldu. Þá verði að undirstrika að enginn eigi kröfu á því að læknishjálp, hversu góð sem hún sé, komi í veg fyrir tjón. Sérstaklega hljóti það að eiga við um skyndihjálp í slysatilfellum, eins og veitt sé á slysadeild Borgarspítalans. Væri það beinlínis til þess fallið að torvelda þá hjálp og þjónustu sem þar sé veitt, ef ganga ætti svo langt í því að leggja bótaskyldu á þá sem þar vinna eins og krafið sé í þessu máli.

Stefnandi hafi ekki hreyft máli þessu gagnvart stefnda fyrr en hartnær 6 ár hafi verið liðin frá tilefni þess. Hafi þá verið komið nokkuð á annað ár frá því að stefnanda hafi mátt vera ljóst að þetta gamla slys myndi leiða til einhverra útgjalda fyrir hann. Auk almennra lagaáhrifa svo mikils tómlætis, liggi í augum uppi að sá sem það sýni hljóti að bera hallann af óvissu og sönnunarskorti sem af því leiði.

Um mál þetta hafi verið fjallað í læknaráði Borgarspítalans svo og sérstakri starfsnefnd lækna sem samkvæmt reglugerð ráðsins hafi verið falið að rannsaka það. Sé niðurstaða starfsnefndarinnar sú, sbr. dskj. nr. 20, að ekkert það sé sannað sem leiða ætti til bótaskyldu stefnda.

Kröfu stefnanda um bætur eða bótaskyldu vegna einhvers óljóss tjóns í framtíðinni sé sérstaklega mómælt svo og kröfu um miskabætur.

Áskilinn var af hálfu stefnda réttur til að koma að athugasemdum og mótmælum um vaxtakröfu stefnanda síðar ef ástæða þætti til.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu, stefnandi, Áslaug Óskarsdóttir, vitnið Lovísa Einarsdóttir, móðir stefnanda, svo og vitnin Einar Ragnarsson tannlæknir, Björgvin Bjarnason læknir og Haukur Kristjánsson, fyrrverandi yfirlæknir slysadeildar.

IV.

Svo sem fram er komið er á því byggt af hálfu stefnanda í málinu að við komuna á slysadeildina tiltekið sinn hafi báðar framtennurnar verið

til staðar. Hafi önnur hangið laus í munni, en hina tönnina, sem dottið hefði úr í heilu lagi, hefði stefnandi haft meðferðis. Vakthafandi læknir á slysadeild, sem gerði að meiðslum stefnanda, hafi tekið úr lausu tönnina, sem í munninum var.

Af hálfu stefnda hefur framangreindri atvikalýsingu verið mótmælt eindregið og á því byggt að atvik að þessu leyti séu með öllu ósönnuð.

Í sjúkraskrá slysadeildarinnar vegna atviks þessa, sem fyrir liggur og vakthafandi læknir tiltekið sinn hefur staðfest fyrir dómi að hafa skráð, er einungis getið um það, að tvær framtennur hafi alveg brotnað úr, en ekki á það minnst hvort tennur hafi verið til staðar. Ljóst er að lýsing í sjúkraskrá er ófullkomin um margt og útilokar ekki þann möguleika að stefnandi hafi haft tennurnar meðferðis, svo sem fullyrt er. Þá hefur tannlæknirinn, Einar Ragnarsson, sem hafði stefnanda til meðferðar, skýrt frá því fyrir dómi að sér hafi í upphafi verið skýrt frá málsatvikum á sömu lund og stefnandi heldur fram, sbr. vottorð vitnisins á dskj. nr. 5.

Sé litið til þess að framburður vitnisins Einars Ragnarssonar styður fullyrðingar stefnanda og móður hennar um málsatvik, svo og þess að lýsing í sjúkraskrá útilokar ekki að atvik hafi borið að með þeim hætti, ber að leggja staðhæfingar stefnanda um málsatvik samkvæmt framansögðu til grundvallar við úrlausn málsins.

Í framlögðum leiðbeiningum á dskj. nr. 10 er að finna ítarlegar reglur sem aðstoðarlæknum slysadeildar Borgarspítalans ber að kynna sér. Reglur þessar munu efnislega vera þær sömu og í gildi voru í maí 1977 samkvæmt vætti Hauks Kristjánssonar fyrrverandi yfirlæknis slysadeildar. Í leiðbeiningum þessum er að finna fyrirmæli um að læknar kynni sér rækilega vaktalista deildarinnar og athugi sérstaklega með helgarvaktir. Þá er það sérstaklega brýnt fyrir aðstoðarlæknum að ráðgast við bakvaktarlækni eða í sumum tilfellum við aðrar deildir spítalans ef um vafasöm tilfelli er að ræða. Þá er tekið fram í leiðbeiningum þessum að sérstakrar varkárni sé þörf í sambandi við höfuð m.a. Ennfremur er tekið fram að þeir aðstoðarlæknar, sem ekki hafi enn fengið lækningaleyfi, þurfi að gæta sín sérstaklega vel í viðskiptum sínum við sjúklinga. Nauðsynlegt sé að bóka nákvæmlega í sjúkraskrá allt það er kann að skipta máli varðandi sjúklinginn sem slíkan.

Vakthafandi læknir á slysadeildinni tiltekið sinn hafði ekki fengið lækningaleyfi á þeim tíma er hér um ræðir, en var í starfi sem kandidat. Ljóst þykir að læknirinn hafi ekki gætt sem skyldi greindra fyrirmæla í starfi sínu og ekki kallað til sérfræðing eins og eðlilegt hefði verið í því slysatilfelli sem hér var um að ræða. Á þessum tíma var í gildi ráðningarsamningur við Sigurjón Hannes Ólafsson tannlækni, sem tekið hafði að sér að sinna munnhols- og kjálkaaðgerðum vegna slysatilfella sem til Borgarspítalans

koma. Mátti leita til tannlæknisins hvenær sólarhrings sem var. Verður á því að byggja að vakthafandi lækni hafi verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda hefðu rétt viðbrögð læknisins við greindar aðstæður verið þau að koma tönnum sjúklingsins fyrir í tannholunum og kalla síðan til tannlækni. Hefði þetta verið gert og ígræðsla tannanna þannig reynd innan klukkustundar frá því að slysið varð verði að telja mjög verulegar líkur á því að ígræðsla hefði tekist. Ber því að fallast á þær málsástæður stefnanda að lækninum hafi orðið á mistök í starfi sem leiði til bótaskyldu stefnda samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmaður hans er valdur að.

Eins og atvikum máls þessa er háttað þykir mega skýra allan vafa um það hvernig til hefði tekist með ígræðslu tannanna, ef reynd hefði verið, stefnda í óhag, sem ábyrgð ber á þeim mistökum sem urðu samkvæmt framansögðu. Ber og að leggja það sjónarmið til grundvallar við úrlausn einstakra kröfuliða málsins, eftir því sem við getur átt.

Ekki verður talið, svo sem mál þetta liggur fyrir, að sá tími sem liðinn var frá slysinu er mál þetta var höfðað eigi að valda stefnanda sérstökum réttarspjöllum.

Verður nú fjallað um einstaka liði kröfugerðar stefnanda.

Ágreiningslaust er að stefnandi hafi orðið að greiða kr. 4.975,00 vegna tannaðgerða og ber að taka þá fjárhæð að fullu til greina.

Miskabótakrafa stefnanda á sér stoð í 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og ber að taka hana að fullu til greina með kr. 30.000,00 svo sem krafist er.

Kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 60.691,00 sem er áætlunarfjárhæð vegna kostnaðar við endursmíði á tanngervi sem talið er að stefnandi þurfi á að halda síðar, hefur verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda. Telja verður að stefnandi geti þurft á þess háttar tannaðgerð að halda, en þar sem óvíst er nú hvað sú aðgerð muni kosta, ef til kemur, þykir ekki unnt, gegn andmælum stefnda, að taka þann kröfulið aðalkröfu til greina. Hins vegar þykir mega fallast á varakröfu stefnanda í þá veru að viðurkenndur sé réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar.

Vaxtafæti hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og ber því að taka vaxtakröfugerð stefnanda til greina að því leyti til, en krafa stefnanda um það að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti verður ekki tekin til greina nema að því er varðar tildæmda dómvexti samkvæmt lögum nr. 56/1979, af kr. 34.975,00 frá stefnudegi, 26. nóvember 1984, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 22.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Kristján Ingólfsson og Ólafur Höskuldsson tannlæknar.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 34.975,00 með 37% ársvöxtum af kr. 4.975,00 frá 10. nóvember 1981 til 31. október 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 26. nóvember 1984, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979, af kr. 34.975,00 frá þeim degi til greiðsludags. Tildæmdir dómvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 26. nóvember 1984 að telja.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 22.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 90/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Sigurgeiri Hólm Guðbjartssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 2. mars 1987 og hefur ákæruvald einnig áfrýjað málinu til þyngingar.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi og hefur héraðsdómari réttilega sakfellt ákærða fyrir atferli það er honum er gefið að sök í ákæru og er það rétt fært til refsiákvæða. Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði, en rétt er að fullnustu þriggja mánaða verði frestað í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir. Málsvarnarlaun eru dæmd án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. janúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 12. janúar, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var af Ármanni Kristinssyni sakadómara að Borgartúni 7 í Reykjavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 22/1987: Ákæruvaldið gegn Ólafi Sigurgeir Hólm Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 21. febrúar 1984, gegn ákærðum ,,Ólafi Sigurgeiri Hólm Guðbjartssyni bifreiðarstjóra, Króki á Kjalarnesi, fæddum 24. desember 1952 í Reykjavík, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983, haft samræði utan hjónabands við stúlkuna K, fædda 1963 sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í bifreið ákærða, G-1855 niður við fjöru á Laugarnestanga í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærður ekki sætt refsingu.

Málsatvik eru svofelld:

Föstudaginn 15. apríl 1983 um kl. 19:00 var K..., Reykjavík, á gangi á Laugavegi nálægt húsi nr. 17. Bar þá að ákærða Ólaf í bifreið sinni og bauð hann K að setjast inn í bifreiðina hjá sér, og þáði hún það. Ber aðilum ekki saman, K ber að Ólafur hafi stöðvað bifreiðina og kallað til sín að koma inn í bílinn, viðurkennir hins vegar að hún hafi veifað til hans í kveðjuskyni. Ólafur ber hins vegar að K hafi gefið sér bendingu um að stansa. Ljóst er að K fór inn í bílinn án líkamlegs mótþróa, enda kveðst hún hafa þekkt Ólaf og ekkert vera hrædd við hann. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 17. apríl 1983 skýrir K frá því að hún hafi nokkrum sinnum farið í bíltúra með Ólafi og þau hafi haft samfarir að frumkvæði Ólafs einu sinni áður úti í Laugarnesi og tvisvar úti á Seltjarnarnesi, alltaf inni í bílnum. Ólafur viðurkennir að hafa tekið K með sér í bíltúr um bæinn, tvisvar eina og einu sinni með annarri stúlku. Hann neitar því að hafa haft samfarir við K fyrr en föstudaginn 15. apríl.

Eftir að hafa hleypt K inn í bíl sinn á Laugaveginum ók Ólafur inn á Sogaveg þar sem hann tók vinnufélaga sinn úr Steypustöðinni upp í bílinn. Var síðan ekið að verkstæði við Súðarvog. Þar hafði þessi vinnufélagi ákærðs fullkomnar samfarir við K, að óvilja hennar að því er hún taldi. Sérstakt sakamál hefur verið höfðað gegn honum vegna tilviks þessa.

Ólafur ók síðan K á brott af verkstæðinu á bílaþvottastæði í Álfheimum. Urðu þar orðaskipti um að þau K hefðu samfarir, ber frásögnum ekki saman, kenna bæði hvort öðru um að hafa hafið máls á þessu. Óku þau síðan inn í Laugarnes og höfðu þar samfarir í framsæti bílsins.

Nánar skýrði K þannig frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu:

„Síðan hafi Óli keyrt niður í Laugarnes og þar að steinunum alveg niður við sjó. Þar hafi Óli viljað fara að gera það en það hafi mætta ekki viljað. Óli hafi haldið áfram að tala um að hann vilji fara að gera það og beðið hana um það en hún hafi ekki viljað það. Hann hafi alltaf haldið áfram að biðja hana um að gera það á endanum hafi hann gert það í framsætinu á Land-Rovernum. Mætta hafi ekki viljað að hann væri að gera það en hann hafi alltaf haldið áfram að segja að hann vilji gera það. Hann hafi svo klætt hana úr buxunum og gert það.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrði Olafur m.a. þannig frá þessu sama tilviki:

„Svo fór ég eitthvað að eiga við hana þarna í bílnum, með hennar vilja sko. Ég fór eitthvað að strjúka og svoleiðis. Við töluðum ekkert, ekki neitt.

Svo var ég eitthvað smástund þarna og var eitthvað að strjúka hana. Hún klæddi sig úr, en ég bað hana ekki um að klæða sig úr. Það er ekki rétt að ég hafi klætt hana úr buxunum. Ég gerði eitthvað við hana þarna með hennar vilja, það er satt. Hún sagði ekkert meðan á þessu stóð.

Mætti er spurður hvort það sé ekki rétt að hann hafi þarna í Laugarnesinu margsinnis spurt K, hvort hann mætti ekki gera það. — Jú ég sagði það við hana, má ég gera það, jæja má ég gera það. Hún sagði: Já Óli það er allt í lagi. En ég hætti bara við það og fékk ekki sáðlát."

Fyrir dómi staðhæfði Ólafur, að K hefði átt allt frumkvæði að því að til samfara þeirra kom.

Þessu næst óku þau vestur á Granda og áttu enn samræður um kynmök en ekkert varð úr því. Ólafur ók síðan K til baka á Grettisgötu.

K er trúlofuð pilti sem nefnist I og er talinn treggáfaður. Fór K heim til hans og gisti hjá honum og höfðu þau samfarir þá um kvöldið.

K kvað Ólaf hafa sagt við sig að hún mætti ekki segja mömmu sinni eða I hvað þau hefðu verið að gera. Þessu hefur Ólafur neitað.

K er 21 árs stúlka, talin þroskaheft frá fæðingu. Ekki er vitað um fæðingarerfiðleika né hvort ættingjar eru vangefnir. Stúlkan fluttist til Svíþjóðar með foreldrum sínum um 6 ára aldur. Gekk þar í skóla fyrir þroskaheft börn. Foreldrar skildu og K kom heim með móður sinni 18 ára gömul. Hefir síðan gengið í Öskjuhlíðarskólann, sem er sérskóli fyrir vangefna. Hún er af skólstjóra og sálfræðingi skólans talin greindarskert og standa fremur illa að vígi ef miðað er við nemendahóp skólans, en sé að mörgu leyti eðlileg hvað varðar útlit og hegðun.

Móðir K, V, skýrir svo frá að K hafi skýrt sér frá ofangreindum atburðum daginn eftir. Móðirin telur K líkjast vitsmunalega 7 ára gömlu barni. Hún er hrædd við fullorðið fólk sem hún þekkir ekki, verður stíf og þögul í návist þess og gerir það sem henni er sagt ef við hana er talað í ákveðnum, skipandi tón. Segir móðirin að við slík tækifæri reyni K ekki að koma sér burtu né kalla á hjálp.

Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður ber að í viðtali hafi hann orðið að tala við K eins og barn og nota einföld hugtök. Ekki var hægt að lesa henni skýrslu á venjulegan hátt heldur varð að segja innihald hennar á einföldu máli.

Með bréfi dagsettu 10. ágúst 1983 til rannsóknarlögreglu ríkisins krafðist ríkissaksóknari þess, „að aflað verði læknisvottorðs eða vottorðs sálfræðings um andlegt ástand stúlkunnar K, sem fjalli m.a. um það hvort hinn andlegi vanþroski hennar geti dulist ókunnugum."

Í bréfi þeirra Högna Óskarssonar geðlæknis og Baldvins H. Steindórssonar sálfræðings til rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 9. febrúar 1984, en þeir önnuðust könnun á andlegu ástandi stúlkunnar, segir meðal annars:

„Hér er um nokkuð óvanalega beiðni að ræða, þar eð beðið er um mat á því hvernig K gæti komið þriðja aðila fyrir sjón og ennfremur hvort ætla mætti að þriðji aðili gæti merkt andlegan vanþroska hennar. Er því ekki beðið hér um eiginlega geðrannsókn, og byggir vottorðið því ekki á þeim rannsóknaraðferðum sem beitt er við almennar geðrannsóknir.

Vegna þessa ber að taka niðurstöðum með þeim fyrirvara að þær eru að hluta til byggðar á hlutlægu mati þeirra tveggja sem stóðu að rannsókn þessari. Ekki er vitað til þess að lög hér á landi fjalli um atvik sem þessi þó svo að slík lög séu til í næstu nágrannalöndum okkar og gerir þetta rannsóknin (sic) og túlkun niðurstaðna öllu erfiðari."

Í skýrslu sinni telur Högni Óskarsson geðlæknir K hafa litla hæfileika til sjálfstæðra hugsana, hugsnaferill sé bundinn í fastmótað form og geta hennar að ráða við nýjar eða flóknar aðstæður sé lítil. Telur læknirinn að þetta leiði til þess að hún sé mjög háð þeim sem með henni er hverju sinni og hún eigi erfitt með að standast beiðni eða skipun. Vitnað beint í ummæli læknisins kemst hann svo að orði:

„Vanþroski hennar kemur fram fljótlega í samræðum við hana," og síðar í skýrslunni: „Lítill vafi er á því, að þessir eiginleikar eða öllu heldur skortur á andlegu atgervi K ættu ekki að fara fram hjá neinum, sem ræðir við hana eins og aðra einstaklinga á hennar aldri."

Í viðtali við geðlækninn kom fram að K hefur reynslu í kynlífsmálum og veit þeirra sæmilega skil. Sagði hún lækninum að nokkuð oft væri leitað á sig kynferðislega, en kvaðst yfirleitt ýta þannig málaleitunum frá sér og vilja vera trú I kærasta sínum.

Þá liggur fyrir rannsókn sálfræðings, Baldvins H. Steindórssonar. Gerði sálfræðingurinn greindarpróf (Wechsler) fyrir fullorðna. Niðurstöður prófsins sýna heildargreind vera á mörkum þroskaheftra (Grv. 55-70) og mjög þroskaheftra (Grv. 45-55).

Telur sálfræðingurinn að möguleikar einstaklinga í þessum hópi, til að bregðast við fjölbreytni í umhverfinu mjög skerta. Þó kom K einna best út úr þeim þætti prófsins, er mæla skilning á félagslegum aðstæðum, enda hefur hún aðlagast í starfi. Sálfræðingurinn telur K þroskahefta stúlku sem ber það þó ekki með sér í útliti sínu, hennar besta er viss einfaldur skilningur á félagslegum aðstæðum, en greind hennar er svo skert að sálfræðingurinn telur að hún muni eiga erfitt með að bregðast sjálfstætt við flóknum aðstæðum eða aðstæðum sem fylgir mikið álag. Þá telur sálfræðingurinn „að enginn, sem talist getur hafa eðlilega greind og vera ábyrgur gerða sinna, geti verið samvistum við þessa stúlku einhvern tíma, án þess að gera sér grein fyrir verulegum greindarfarslegum takmörkunum hennar".

Telja má víst að Ólafi hafi verið kunnugt um greindarskort K. Hann hafði farið með hana í ökuferðir a.m.k. í þrjú skipti og hálfum öðrum

mánuði fyrir kæruatburðinn hafði móðir hennar stuggað við honum frá afskiptum af K. Ekki er þó sannað að hún hafi sagt honum að K væri vangefin. Í yfirheyrslu hinn 4. maí 1983 kemst Ólafur svo að orði: „Hún er mjög misjöfn. Hún lítur ekki út fyrir að vera vangefin. Ég áttaði mig ekki á ástandi hennar til að byrja með.“ Áður hafði hann talið, að K væri „líklega eitthvað takmörkuð og tæplega læs“.

Fyrir dómi staðhæfði Ólafur að hann hafi ekki gert sér ljóst að K væri vangefin.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan um andlega heilbrigði K verður talið að þannig hafi verið ástatt um hana greint sinn að hún hafi ekki eins og á stóð getað spornað við samförunum við Ólaf í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og verður jafnframt litið svo á, að Ólafur hafi ekki getað velkst í vafa um að svo hafi verið.

Refsing ákærðs Ólafs telst hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir, en með hliðsjón af því að hann hefur ekki áður hlotið refsingu þykir mega ákveða að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnaralaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn hinn 6. febrúar 1986, var héraðsdómur í máli þessu frá 13. desember 1984 ómerktur að kröfu málsaðilja og því heimvísað samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 74, 1974, þar sem annar meðdómarinn, dr. med Karl Strand, fv. yfirlæknir, fullnægði ekki aldursskilyrðum ákvæðisins, „Aldur frá 25-70 ára.“ Krafa um óhæfi meðdómarans hafði ekki komið fram í héraði, sbr. 124. gr. sömu laga, enda hefur rík dómvenja skapast um það í opinberum málum, svo sem í flug- og landhelgismálum, að líta fram hjá aldurshámarki ákvæðisins og látið nægja að gæta skilyrða 1. tl. 9. gr. laganna: „Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði“. Brot dómsformanns í héraði var þó skýlaust og verður engri bót mælt.

Þá er dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hafði það ákvæði laga nr. 27, 1985 öðlast gildi að einhlítt væri að kveðja til einn sérfróðan meðdómsmann í opinberum málum en dómarar í héraði voru allir einhuga um úrlausn sakarefnis. Hæstiréttur taldi hins vegar að ekki hefði borið „nauðsyn til þess að kveðja til meðdómendur í máli þessu“.

Með vísan til ummæla þeirra Högna Óskarssonar geðlæknis og Baldvins H. Steindórssonar sálfræðings um geðrannsóknina og að öðru leyti með hliðsjón af því á hvern veg sakarefni er háttað, getur dómari þessa máls ekki fallist á að sérfróðra meðdómara hafi ekki verið þörf, en þar sem

hann hefur þegar notið fulltingis slíkra telur hann óþarft að skipa meðdómendur í málinu að nýju.

Dómsorð:

Ákærður, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 271/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru dags. 18. september sl. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dags. þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og málinu verði vísað frá sakadómi.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974. Með bréfi dags. 18. september 1987 hefur ríkissaksóknari leyft kæru úrskurðarins.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Fallast ber á það, sem fram kemur í hinum kærða úrskurði að ákæran sé nægilega skýr til að dómur verði lagður á málið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að verjandi ákærða hafi bent dómara málsins á að rannsókn væri ábótavant, sbr. 1. mgr. 86. gr. sbr. 2. mgr. 79. gr. l. nr. 74/1974, og að hann hygðist byggja vörn sína á óupplýstum atriðum. Af þessu leiðir að ekki eru efni til að vísa málinu frá dómi á þessu stigi.

Dómsorð:

Frávísunarkröfu ákærða er hrundið.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. september 1987.

Ár 1987, föstudaginn 18. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða, „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur, með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942,00 sem greiðast skyldi þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.085,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116,00 og svara til 75,4% ársvaxta í stað 18,5% ársvaxta, sem þá var hæsta heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 221.984,000 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

— — —

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka

Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán veitt eftir 11. ágúst 1984 vegna dóms Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 252/1986: Ákæruvaldið gegn Birni Pálssyni. Verður því í máli þessu eingöngu fjallað um ætlaðar lánveitingar ákærða fyrir 11. ágúst 1984.

Hinn 10. september sl. krafðist skipaður verjandi ákærða, Guðmundur Óli Guðmundsson hdl., þess að máli þessu verði vísað frá dóminum á þeirri forsendu að rannsókn þess sé ófullkomin í verulegum atriðum.

Málavextir eru þessir:

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð máls þessa skýrt svo frá, að hann hafi átt viðskipti við Hermann Gunnar Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Kveðst ákærði hafa afhent Hermanni Gunnari hinn 2. maí 1984 2.006.942 krónur til ávöxtunar, og tekið samtímis við tékka úr hendi Hermanns Gunnars að fjárhæð 2.301.058 krónur, dagsettum 2. júlí 1984. Er kom að gjalddaga tékkans kveður ákærði að viðskipti þessi hafi verið framlengd og ákærði afhent Hermanni Gunnari tékkann og tekið við nýjum tékka úr hendi hans, að fjárhæð 2.638.854 krónur, en sú fjárhæð hafi verið höfuðstóll sá, sem ákærði lét Hermann Gunnar hafa hinn 2. maí 1984, að viðbættri ávöxtun frá þeim degi til 2. september 1984.

Vitnið Hermann Gunnar Björgvinsson, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, hefur borið á sama veg og ákærði varðandi þau viðskipti vitnisins og ákærða sem að ofan greinir, að öðru leyti en því að þau hafi verið persónulega á milli ákærða og vitnisins með því að ákærði hafi lánað vitninu féð gegn vöxtum, sem vitnið kveðst sjálft hafa ákveðið.

Verjandi ákærða hefur tilgreint frávísunarástæður sínar í þremur liðum, svo sem hér verður rakið:

1. Ákærði hafi verið í beinum verðbréfaviðskiptum við Verðbréfamarkaðinn. Rannsóknarlögregla ríkisins hafi aldrei rannsakað þróun viðskipta ákærða við Verðbréfamarkaðinn.

2. Í bréfi ríkissaksóknara frá 26. janúar 1987 sé fallið frá ákæruatriðum varðandi lán veitt eftir 11. ágúst 1984 og við það vakni eftirtaldar spurningar:

A. Hvaða „lán“ eru veitt fyrir þann tíma?
B. Hver er fjárhæð þeirra „lána“?
C. Hverjir eru meintir ofteknir „vextir“?

3. Órannsakað sé með öllu með hverjum hætti starfsmaður Verðbréfamarkaðsins, Hermann Björgvinsson, hafi dregið sér með refsiverðum hætti fé viðskiptamanna firmans og notað í eigin þágu og til eigin útlánastarfsemi.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála var ríkissaksóknara sent málið með bréfi, dagsettu sama dag og frávísunarkrafan kom fram, og honum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Svar ríkissaksóknara barst dóminum með bréfi, dagsettu 15. þ.m. Þar er frávísunarkröfu verjandans mótmælt og þess krafist að henni verði hrundið og málinu haldið áfram til dómsálagningar.

Í rökstuðningi ríkissaksóknara er m.a. á það bent, að framburðum ákærða og Hermanns Björgvinssonar beri í öllum aðalatriðum saman, en það sem í milli beri sé hvort um lán eða ávöxtun hafi verið að ræða. Það sé því rangt að ákæra í máli þessu byggi á einhliða upplýsingum Hermanns Björgvinssonar.

Niðurstöður:

Svo sem hér að framan er rakið ber ákærða og Hermanni Gunnari Björgvinssyni saman um hvernig viðskiptum þeim sem mál þetta er sprottið af var háttað, að öðru leyti en því að ákærði heldur því fram að hann hafi afhent Hermanni Gunnari fé til ávöxtunar, en Hermann Gunnar staðhæfir að ákærði hafi lánað sér fé persónulega gegn vöxtum. Eigi verður séð að rannsókn á þróun viðskipta ákærða við Verðbréfamarkaðinn geti haft þýðingu fyrir úrslit máls þessa. Varðandi það, hvaða lán hafi verið veitt fyrir 11. ágúst 1984, hver fjárhæð þeirra er og hve háir hinir ætluðu ofteknu vextir séu, er ákæran skýr. Að lokum verður að telja að fjárdráttur sá er verjandinn er að bera Hermanni Gunnari á brýn eigi að vera tilefni sérstakrar kæru á hendur honum og eftir atvikum rannsóknar, en eigi hluti af því máli sem hér er til meðferðar.

Samkvæmt framansögðu er það álit dómsins að hafna beri kröfu verjanda ákærða um frávísun máls þessa.

Úrskurðarorð:

Kröfu Guðmundar Ólafs Guðmundssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða, Ásgeirs Þórs Ásgeirssonar, um að máli þessu verði vísað frá dómi, er hafnað.

Mánudaginn 5. október 1987.

Nr. 190/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 og jafnframt af ákæruvalds hálfu til þyngingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds að krafist væri staðfestingar á refsiákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt en til vara er krafist sýknu af kröfum ákæruvalds. Af hálfu ákæruvalds er ómerkingarkröfu mótmælt.

Krafa ákærða um ómerkingu dóms í málinu er byggð á því að héraðsdómarinn hafi fjallað um rannsókn málsins er hann starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara. Hafi honum því borið að víkja sæti í málinu. Er af hálfu ákærða vísað til 185. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Lýsti verjandi ákærða því jafnframt yfir að sér hefði ekki verið kunnugt um þetta er hann varði ákærða í héraði.

Fram er komið að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson, starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara er rannsókn í máli þessu stóð yfir og mælti fyrir um hana fyrir hönd ríkissaksóknara með bréfum 20. júlí 1984 og 7. janúar 1985. Þykja þessi afskipti hans af rannsókn málsins hafa í för með sér að hann geti ekki farið með það og dæmt sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. grundvallarreglu 1. og 5. tl. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Verður hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur. Málsvarnarlaun þessi eru dæmd án söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 278/1987: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni sem dómtekið var 15. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. janúar 1987 á hendur Steingrími Njálssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði, „fyrir eftirgreind skírlífisbrot:

I.

Að kvöldi 2. júlí 1984 veist að drengnum X ..., um borð í mb. Sigurvík í Ólafsvíkurhöfn, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

II.

Að kvöldi 8. júlí 1984 í gistiherbergi á Hótel Nesi, Ólafsvík veist að drengnum Y ..., losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utanklæða.

III.

Að kvöldi 6. maí 1986 að þáverandi að (sic) Fjölnisvegi 12 í Reykjavík veist fáklæddur að blaðburðardrengnum Z ..., fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

IV.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 3 ár.

Ákærði greiði Elíasi Klein 300.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Miðvikudaginn 7. október 1987.

Nr. 16/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnlaugi Rafni Traustasyni og
(Tómas Gunnarsson hrl.)
Jóhanni Frímanni Traustasyni
(Jón Oddsson hrl.)

Tékkamisferli. Fjársvik. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu 13. október 1986. Hafði ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason óskað áfrýjunar en ríkissaksóknari áfrýjaði að svo búnu að því er báða hina ákærðu varðar og krafðist sakfellingar að fullu og þyngingar á refsingu þeirra. Einnig er krafist staðfestingar ákvæða héraðsdóms um skaðabætur.

Hlutafélagið Spark í Reykjavík rak á sínum tíma tískuverslunina Airport. Stjórnarformaður félagsins var ákærði Gunnlaugur Rafn, en ákærði Jóhann Frímann var meðstjórnandi og framkvæmda-

stjóri. Um mitt sumar 1983 samdi félagið við annan aðila um lán. Þessi aðili fékk hjá Gunnlaugi Rafni víxla og að auki tékka til tryggingar. Tékkarnir voru þannig til komnir, að á eyðublöð ritaði ákærði Jóhann Frímann sem útgefandi „pr. pr. Spark h/f". Ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði útgáfudag á 3 af eyðublöðunum (26., 27. og 29. september 1983) og á öll eyðublöðin fjögur ritaði hann fjárhæð, 90.897,00 krónur á hvert þeirra. Einnig skrifaði hann reikningsnúmer á þau öll. Versluninni Airport var lokað um miðjan september og 19. s.m. var lokað reikningi þeim, sem tékkarnir voru gefnir út á. Lánveitandanum tókst engu að síður að fá 28. september greiðslu gegn framvísun tékkanna í banka. Gegn framvísun skjals þess, sem ekki var dagsett, fékk hann einnig greiðslu, eins og þar væri um tékka að ræða. Vegna lokunar reikningsins kom ekki til skuldfærslu í greiðslubankanum.

Eitt þeirra fjögurra skjala, sem lýst var, uppfyllti ekki skilyrðin í 1. gr. tékkalaga nr. 94/1933 til að hafa tékkagildi eftir 2. gr. laganna, þar sem á það vantar útgáfudag. Verður því ekki dæmd refsing eftir 73. gr. tékkalaga fyrir útgáfu þessa skjals. Eftir kröfum ákæruvaldsins ber að dæma ákærðu til refsingar samkvæmt þessari lagagrein fyrir útgáfu 3 tékka, sem sagðir eru gefnir út 26., 27. og 29. september 1983 og hver um sig er að fjárhæð 90.897,00 krónur eða alls 272.691,00 króna.

Með ákæru 16. júlí 1984 voru báðir ákærðu sóttir til sakar fyrir að standa saman að útgáfu 85.000,00 króna tékka 13. september 1983 án nægilegrar innistæðu. Stóðu þeir að útgáfunni með sama hætti og fyrr er lýst. Tékkafjárhæðin var lögð inn á reikning hlutafélags, sem ákærði Gunnlaugur Rafn starfaði við með öðrum mönnum og átti hlut í. Ber að fallast á það sem í héraðsdómi greinir um sakfellingu beggja hinna ákærðu og heimfærslu brotsins til refsiákvæða.

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti taldi verjandi ákærða Gunnlaugs Rafns svo veigamikla galla vera á meðferð máls þessa, að það ætti að leiða til ómerkingar, þó að hann setti ekki fram kröfu um þau málalok. Rök hans voru þau í fyrsta lagi, að rannsókn hjá rannsóknarlögreglu hafi í þessu máli eins og ella verið fyrir luktum dyrum og ákærðu hafi haft ófullnægjandi aðstöðu til að fylgjast með henni. Í öðru lagi taldi verjandinn það óviðeigandi að

núverandi hæstaréttarritari hefði stjórnað rannsókninni. Í þriðja lagi taldi hann það eiga að leiða til ómerkingar, að dómþing voru ekki sótt fyrir ákæruvaldið í héraði og málið ekki sótt, en látið sitja við útgáfu ákæru. Þó að síðasta atriðið varði einkenni á meðferð opinberra mála hér á landi, sem betur mætti fara, getur ekkert af því, sem fram kom af hálfu verjanda ákærða Gunnlaugs Rafns leitt til ómerkingar héraðsdóms í máli þessu.

Refsing ákærða Gunnlaugs Rafns er hæfilega ákveðin refsivist eins og segir í héraðsdómi og að auki 60.000,00 króna sekt, en 30 daga varðhald til vara. Fallast ber á að fullnustu fangelsisvistar skuli frestað eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing ákærða Jóhanns Frímanns er hæfilega ákveðin 50.000,00 króna sekt en 25 daga varðhald til vara.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði staðfest, en þeirri kröfu mótmæltu verjendur ákærðu. Héraðsdómari hefur dæmt ákærðu til greiðslu bóta með dráttarvöxtum frá tilteknum degi. Hafði Sparisjóður Kópavogs krafist dráttarvaxta frá þessum degi án þess að tilgreina vaxtafót, svo og innheimtukostnaðar. Vextakrafan er ekki svo nákvæm, að unnt sé að taka hana til greina í þessu máli, fyrr en frá birtingardegi laga nr. 25/1987, sem var 14. apríl sl., sbr. 14. gr. laganna. Ber skv. þessu að staðfesta héraðsdóm að því er höfuðstól kröfu sparisjóðsins varðar og taka til greina kröfuna um dráttarvexti frá 14. apríl 1987 til greiðsludags. Hins vegar ber að ómerkja ákvæði héraðsdóms um dráttarvexti frá 13. september 1983 til 14. apríl 1987 og vísa kröfu um þessa vexti frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason sæti 30 daga fangelsi. Fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði hann 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð

og komi 30 daga varðhald í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi 25 daga varðhald í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt Sparisjóði Kópavogs 74.164,44 krónur með dráttarvöxtum frá 14. apríl 1987 til greiðsludags. Ákvæði héraðsdóms um dráttarvexti frá 13. september 1983 til 14. apríl 1987 er ómerkt og kröfunni um vexti þennan tíma vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði Gunnlaugur Rafn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Ákærði Jóhann Frímann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærði Gunnlaugur Rafn að 2/3 hlutum, en ákærðu báðir óskipt að öðru leyti. Meðal áfrýjunarkostnaðar eru saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 112-113/1986: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Rafni Traustasyni og Jóhanni Frímanni Traustasyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. desember 1983 „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Gunnlaugi Rafni Traustasyni framkvæmdastjóra, Gljúfraseli 6, fæddum 12. október 1951 í Reykjavík, og Jóhanni Frímanni Traustasyni verslunarmanni, Fellsmúla 8, fæddum 10. mars 1955 í Reykjavík, báðum í Reykjavík fyrir að hafa í lok júlímánaðar 1983 staðið saman að útgáfu eftirgreindra fjögurra tékka á hlaupareikning verslunarinnar Sparks hf., Reykjavík, við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50254, án þess að innistæða væri fullnægjandi á reikningnum,

en ákærði Jóhann Frímann gaf tékkana út f.h. Sparks hf. og ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði númer hlaupareiknings, dagsetningu og fjárhæðina kr. 90.897,00 á hvern tékka. Tékkana afhentu ákærðu Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, Ingólfsstræti 21 A, Reykjavík, til tryggingar víxilskulda við hann og ritaði hann á tékkana nafn viðtakanda sem Landsbanka Íslands:

1) Nr. 140254, dagsettur 26. september 1983.
2) Nr. 140255, dagsettur 27. september 1983.
3) Nr. 140256, ódagsettur.
4) Nr. 140257, dagsettur 29. september 1983.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málið er ennfremur höfðað með öðru ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. júlí 1984, „á hendur ákærðu báðum fyrir fjársvik með því að hafa í september 1983 staðið saman að útgáfu og notkun tékka nr. 140274 á hlaupareikning verslunarinnar Sparks hf., Reykjavík, við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50254, þrátt fyrir að innistæða væri eigi nægjanleg á reikningnum, en ákærði Jóhann Frímann gaf tékkann út f.h. Sparks hf. og ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði númer hlaupareikningsins nr. 50254, dagsetninguna 13.9. 1983, fjárhæðina kr. 85.000,00 stílaði hann á Sparisjóð Kópavogs, Kópavogi og seldi hann síðan þar og lagði andvirði tékkans inn á reikning fyrirtækis síns, GT-húsgagna við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50345.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara telst brot ákærða Jóhanns Frímanns varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Gunnlaugs Rafns Traustasonar, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 22/9 í Reykjavík. Sátt: 2.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 22/9 1969.
1972 22/8 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot gegn 219. gr. hgl. og 26., 37., 49. og 50. gr. umfl.
1974 17/9 í Reykjavík. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot á 50. gr. umfl.
1978 14/11 í Reykjavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.
1983 6/4 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot á 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 23/3 1983.

1984 26/1 í Reykjavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1984 7/2 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Jóhanns Frímanns Traustasonar, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1981 4/8 í Reykjavík. Sátt: 2.100 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 4 mán. frá 2/2 1981.
1981 19/8 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
1984 14/11 í Reykjavík. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5/6 1984.

Málsatvik:

Ákæra, útgefin 6. desember 1983.

Upphaf þessa máls var það að mánudaginn 3. október 1983 komu ákærðu til RLR. Kváðust þeir eiga fyrirtækið Spark hf. og verslunina Airport og eiga von á kæru vegna innstæðulausra ávísana. Óskuðu þeir eftir að gefa skýrslu um málið en því var frestað þar sem engin kæra hafði borist RLR.

Landsbanki Íslands kærir síðan og er bréf hans dagsett 4. október 1983 til RLR.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason gaf skýrslu hjá RLR þann 11. október 1983. Hann kvaðst hafa gefið tékkana út fyrir hönd Sparks hf. en ekki vita til hvers þeir voru notaðir að öðru leyti en því að bróðir hans, meðákærði, hafi tjáð honum að þeir hafi verið settir til tryggingar einhverjum víxlum. Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir dómi við ákærubirtingu 26. janúar 1984.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason gaf skýrslu hjá RLR þann 13. október 1983 og var síðan samprófaður við vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson þann 21. október 1983 og við bróður sinn, meðákærða, 27. október 1983. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi þann 13. mars 1984 og er þar bókað:

„Ákærði kveðst hafa ritað á tékkana fjóra, allt sem á framhlið þeirra stendur í handskrifuðu máli, nema nafn útgefanda og viðtakanda á hverjum einstökum tékka. Ákærði sér tékkana og kannast við þá.

Ákærði kveður tékkana hafa verið afhenta Jóhanni Jónasi Ingólfssyni og áttu þeir að vera til tryggingar víxlum. Ákærði segir að viðtakanda hafi verið fullljóst að tékkarnir voru innistæðulausir. Ákærði man ekki hvaða dag þeir voru ritaðir eða afhentir og hann fékk ekki kvittun fyrir afhendingu þeirra. Ákærði segir að á það hafi verið lögð áhersla að Jóhann Jónas Ingólfsson léti tékkana ekki af hendi við aðra en ákærðu sjálfa, nema með samþykki þeirra. Ákærði segir að Jóhann Jónas Ingólfsson hafi lagt á ráðin

um útfyllingu tékkanna, að viðtakandi yrði ekki tilgreindur á þeim. Ákærði segir að tékkarnir hafi verið ritaðir og látnir af hendi um það bil mánuði fyrir tilgreinda útgáfudaga. Fyrirtækinu hafi síðan verið lokað fyrirvaralaust um miðjan september af fógeta og eftir það tekið til gjaldþrotaskipta. Þar með hafi verið lokað fyrir leiðir til að afla fjár fyrir tékkunum. Ákærði kveðst síðan hafa látið loka bankareikningnum og þá strax tilkynnt Jóhanni Ingólfssyni það. Ákærði kveðst hafa tilkynnt honum þetta með því að hringja í hann og var þá staddur hjá ákærða Magnús Magnússon og heyrði hann símtalið. Ákærði segir að þetta hafi verið daginn sem tékkareikningnum var lokað eða 19. september. Jóhann Ingólfsson hafi komið til ákærða eftir símtalið og þeir þá rætt þetta nánar. Jóhann Ingólfsson fór þá fram á það að ákærði lánaði sér fé fyrir víxlunum og mun Jóhann Ingólfsson hafa óttast að fé þetta væri sér annars tapað. Ákærði tjáði honum að það væri útilokað að lána honum fé. Ákærði hringdi síðan aftur í Jóhann Ingólfsson um kvöldið. Kom það sama fram í því samtali að Jóhann Ingólfsson lofaði að sýna ekki tékkana en fór á ný fram á að fá lánað fé. Enn fór fram símtal við Jóhann Ingólfsson seinna og var þá staddur hjá ákærða Helgi Guðmundsson og einnig bróðir ákærða, Páll Geir Traustason, og eru þeir vitni að símtalinu. Ákærði taldi það alltaf á hreinu, að Jóhann Ingólfsson myndi ekki framvísa tékkunum. Næst gerðist það að haft var samband við ákærða úr Landsbankanum. Ákærða varð þá kunnugt að tékkarnir voru komnir í umferð og fór ákærði þá til rannsóknarlögreglunnar og kærði athæfi Jóhanns Ingólfssonar.

Undir ákærða var borin skaðabótakrafa Landsbanka Íslands og kvaðst ákærði algerlega hafna því að greiða hana.“

Vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson gaf skýrslu hjá RLR þann 18. október 1983 og var samprófaður við ákærða Gunnlaug Rafn skömmu seinna eins og fyrr er nefnt. Vitnið gaf síðan skýrslu fyrir dóminum 24. maí 1985. Þá er bókað:

„Vitnið er spurt að því hvort ekki hafi verið gerðir einhverjir fyrirvarar þegar honum voru afhentir tékkar þessir. Vitnið kveðst ekki muna lengur til atvika nákvæmlega en vísar til skýrslu sinnar hjá RLR.

Vitnið er spurt að því hver sé staða hans hjá fyrirtæki Jóhann Ingólfsson hf. Hann kveðst vera framkvæmdastjóri og eiga yfir 90% hlutafjár.

Vitninu eru sýndir tékkarnir fjórir.

Vitnið kannast við að þarna er um að ræða tékkana sem hann fékk í hendur. Vitnið er spurt að því hvenær hann hafi fengið tékkana í hendur. Vitnið man ekki hvenær það var en telur að það hafi verið eitthvað fyrr en útgáfudagur þeirra segir til um.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi verið mánuði fyrr og kveðst vitnið ekki muna það, þar sem það sé langt um liðið.

Vitnið er spurt um tilurð tékkanna og jafnframt er vitninu lesið úr skýrslu vitnisins hjá RLR frá bls. 10 „eitthvað af víxlum“ ... fram að bls. 11 .... „ég fór með tékkann og víxlana af skrifstofunni“ .... Vitnið telur rétt eftir sér haft, eftir að hafa heyrt þennan kafla úr skýrslu sinni, að tékkarnir hafi verið afhentir vitninu sem trygging og um sé að ræða tékkana 4 sem vitninu hafa verið sýndir hér í dómi. Vitnið telur einnig rétt að það hafi verið um mánaðamótin júlí-ágúst 1983 sem vitnið fór á skrifstofu G.T. Húsgagna í Kópavogi og fékk tékkana afhenta þar. Vitnið segir rétt að þeir hafi verið útfylltir að öllu leyti nema því að vitnið bætti inn á þá viðtakanda, Landsbanka Íslands.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi vitað til þess að verslun Sparks hf., Airport, hafi verið lokað með fógetavaldi um miðjan september 1983. Vitnið kveðst ekki muna eftir þessu.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi átt einhver frekari viðskipti við ákærðu í máli þessu eða fyrirtæki þeirra eftir að vitnið hafði fengið tékkana frá þeim í ágúst. Vitnið hefur nú áður sagt að það muni ekki til atvika og vill í þessu sambandi vitna til skýrslu sinnar hjá RLR þar sem vitnið muni ekki eftir þessu.

Vitnið rámar í það að það kom fram hjá RLR að ákærði Gunnlaugur Rafn átti að hafa hringt til vitnisins og beðið vitnið um að innleysa ekki tékkana og man vitnið að hafa algerlega hafnað því að Gunnlaugur hafi hringt til sín. Vitnið kvaðst hafa einungis sagt satt og rétt frá fyrir RLR. Vitnið er beðið um að reyna að rifja það upp núna hvort ekki geti verið að ákærði Gunnlaugur hafi varað vitnið við að innleysa tékkana. Vitnið kveðst ekki muna nægilega skýrt frá þessum atvikum til þess að hann geti tjáð sig um þau hér og nú. Heldur ekki muna eftir því að nokkur annar en Gunnlaugur hafi varað vitnið við að innleysa tékkana.

Vitnið er spurt að því af hverju vitnið hafi ritað Landsbanki Íslands á tékkana enda þótt víxlarnir hafi verið í Búnaðarbanka Íslands sem greiða átti með þeim. Vitnið vísar um þetta til skýrslu sinnar fyrir RLR.

Aðspurt kveður vitnið að tékkarnir fjórir hafi verið notaðir til greiðslu á víxlunum fjórum.

Aðspurt um hvað hafi orðið af víxlunum fjórum staðfestir vitnið að það sé rétt í skýrslu þess hjá RLR að vitnið hafi fengið þá í hendur hjá Búnaðarbanka Íslands og sent þá í pósti til Sparks h/f. Vitnið var spurt að því hvort hann hafi sótt víxlana í Búnaðarbankann og kveðst vitnið ekki muna það. Vitnið er spurt hvort það geti skýrt það hvers vegna vitnið hafi fengið víxlana í hendur þar sem greiðandi víxlanna er eftir gögnum málsins Spark h/f og kveðst vitnið ekki muna hvernig á því stóð.

Vitnið er spurt að því hvort það muni hvert víxlarnir voru sendir Sparki

h/f og man vitnið það ekki en minnir að rannsóknarlögmaður hafi innt hann eftir þessu á sínum tíma.

Aðspurt segir vitnið að víxlarnir fjórir hafi verið gefnir út af Jóhanni Ingólfssyni h/f."

Niðurstöður:

Með vísan til þess er hér að framan kemur fram og til sakargagna annarra þykir sannað, að ákærðu hafi framið þann verknað, sem rétt er lýst í ákæru og sem réttilega er færður til refsiákvæða.

Þar sem vera kann að maður sem ekki er ákærður sé solidariskt ábyrgur fyrir skaðabótakröfu Landsbanka Íslands þykir rétt að vísa kröfu bankans frá dómi.

Ákæra, útgefin 16. júlí 1984.

Mál þetta kærði Gestur Jónsson hrl. f.h. Sparisjóðs Kópavogs til RLR með bréfi, dagsettu 18. nóvember 1983. Var þá jafnframt gerð bótakrafa að fjárhæð kr. 74.164,44 auk dráttarvaxta frá 13. sept. 1983 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar. Lögmaðurinn setti síðan fram refsikröfu í bréfi sínu, dagsettu 24. nóvember 1983.

Ákærðu gáfu skýrslur hjá RLR 31. janúar 1984 og síðan fyrir dómi 29. mars 1985.

Í skýrslu ákærða Gunnlaugs Rafns fyrir dómi segir:

„Ákærði kveður það rétt að hann hafi ritað allt á tékkann nema undirskrift útgefanda. Ákærði segir að tékkinn hafi verið notaður í Sparisjóði Kópavogs og upphæðin verið lögð inn á reikning G.T. Húsgagna hf. Síðan hafi sama upphæð verið lögð inn á reikning Sparks hf. þrem dögum seinna. Ákærði segir að í Sparisjóðnum hafi verið framvísað tékkum sem ákærði taldi að ekki ættu að innleysast og af þeim sökum hafi reikningurinn orðið negatífur.

Ákærði segir að innleggið þann 16. september 1983, kr. 85.000,00, hafi átt að ná að jafna reikninginn, þannig að tékkinn sem kært er út af greiddist. Þá kveðst ákærði vera að vinna að því að greiða Sparisjóðnum tjónið vegna tékkans."

Í skýrslu ákærða Jóhanns Frímanns fyrir dómi segist hann kannast við að hafa skrifað undir tékkann sem útgefandi. Það hafi örugglega ekki verið ætlun hans að svíkja út fé með tékkanum.

Niðurstöður:

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið og til sakargagna annarra þykir sannað að ákærðu hafi framið þann verknað sem þeir eru ákærðir fyrir. Þykir hann hjá ákærða Gunnlaugi Rafni varða við 248. gr. almennra

hegningarlaga en hjá ákærða Jóhanni Frímanni við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Skaðabótakrafa Sparisjóðs Kópavogs, sem lýst var hér að framan verður tekin til greina og ákærðu dæmdir til að greiða hana óskipt nema innheimtukostnaðinn, sem krafist er.

Ákvörðun refsingar:

Með hliðsjón af sakarferli ákærðu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin þannig að ákærði Gunnlaugur Rafn sæti 30 daga fangelsi og greiði ennfremur 36.000 króna sekt í ríkissjóð, en ákærði Jóhann Frímann greiði 18.000 króna sekt í ríkissjóð.

Fresta skal fullnustu fangelsisrefsingar ákærða Gunnlaugs Rafns og hún falla niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Sektirnar skulu greiðast innan 4 vikna frá dómsbirtingu, ella kemur varðhald til vara, hjá ákærða Gunnlaugi Rafni 30 dagar og hjá ákærða Jóhanni Frímanni 15 dagar.

Um skaðabætur var fjallað hér að framan.

Þá verður ákærði Gunnlaugur Rafn dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar hdl., kr. 18.000,00 og ákærði Jóhann Frímann til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 12.000,00. Annan sakarkostnað verða ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason sæti 30 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason greiði ennfremur 36.000 króna sekt í ríkissjóð.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason greiði 18.000 króna sekt í ríkissjóð. Sektirnar greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu og er 30 daga varðhald til vara hjá ákærða Gunnlaugi Rafni og 15 dagar hjá ákærða Jóhanni Frímanni.

Ákærðu greiði óskipt Sparisjóði Kópavogs kr. 74.164,44 auk dráttarvaxta af þeirri upphæð frá 13. september 1983 til greiðsludags eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar hdl., kr. 18.000,00.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 12.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. október 1987.

Nr. 235/1984. **Þorkell Steinar Ellertsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Akureyri
f.h. bæjarsjóðs
og gagnsök
(Hreinn Pálsson hdl.)

Samningar. Jarðhiti. Fasteignir. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1984. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 40.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 2. september 1982, með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um skyldu gagnáfrýjanda til að gera akfæra leið yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi Bjarkar að viðlögðum dagsektum.

4. Að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. desember 1984 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 19.945,36 krónur með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern hafinn vanskilamánuð frá 1. ágúst 1981 til 21. apríl 1982, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987 og með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að hann verði sýknaður af öllum fjárkröfum aðaláfrýjanda í málinu.

3. Að honum verði dæmd sýkna að svo stöddu af kröfu aðaláfrýjanda um skyldu hans til að leggja akfæran veg yfir aðveituæð í landi Bjarkar í Öngulstaðahreppi að viðlögðum dagsektum.

4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn. Þeirra á meðal er kafli úr áfangaskýrslu jarðhitadeildar Orkustofnunar 1978 um rannsókn

á jarðhita í Eyjafirði, dags. í janúar 1979, og kafli úr greinargerð sömu stofnunar, dags. í febrúar 1979, með heitinu: Heitavatnsöflun á Ytri-Tjörnum fyrir Hitaveitu Akureyrar. Ekki er þó ástæða til að rekja þau gögn hér.

Loks hefur verið lögð fyrir Hæstarétt matsgerð dómkvaddra manna, þeirra Odds Sigurðssonar jarðfræðings og Stefáns Arnórssonar jarðefnafræðings, dags. 25. nóvember 1985. Nefndi héraðsdómarinn menn þessa til matsstarfs með dómkvaðningu 1. júlí 1985 og framhaldsdómkvaðningu 1. ágúst 1985, en aðaláfrýjandi hafði beiðst matsins 28. júní 1985 með skírskotun til III. kafla orkulaga nr. 58/1967, sbr. 75. gr. sömu laga, sbr. og 4. tl. 147. greinar og 1. tl. 149. greinar vatnalaga nr. 15/1923. Var hlutverk matsmanna að „athuga jarðhitasvæðið í landi Bjarkar og Ytri-Tjarna í Öngulstaðahreppi í grennd við svonefnda Bjarkarlaug, athuga allar heimildir um jarðhita, gögn og mælingar og segja til um hvort og að hve miklu leyti vatnskerfi á þessu svæði sé samtengt". Ennfremur skyldu matsmenn, ef þess væri kostur, „segja til um hvort vatn sem fæst úr borholum á þessu svæði sé úr sameiginlegu heitavatnskerfi og segja til um hvern hlutfallslegan rétt hvor jörð hefur til jarðhita".

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna segir svo:

„Yfirborðsjarðhiti og undirliggjandi jarðhitakerfi.

Samkvæmt greinargerð Sigmundar Einarssonar (1980) voru volgar uppsprettur á 7 stöðum í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar. Hiti var á bilinu 10 - 26 gráður C. Afrennsli á yfirborði var lítið þegar Sigmundur gerði athugun sína 1978 — minna en 1 lítri á sekúndu. Vegna dælingar úr borholu 4 að Ytri-Tjörnum hafa allar uppspretturnar þornað. Uppspretturnar komu fram á 150 m lagnri línu með NNA-lægri stefnu í næsta nágrenni við berggang. Um 50 metrar línunnar eru í landi Bjarkar. Telja verður fullvíst, að uppstreymi heita vatnsins sé með bergganginum. Borun þeirra fjögurra hola á svæðinu, sem hitaveita Akureyrar hefur staðið að hefur miðast við að uppstreymi og vatnsæðar tengist nefndum berggangi.

Rafleiðnimælingar í Eyjafirði sýna lágt eðlisviðnám í berggrunni í nágrenni Laugalands og vestur þaðan yfir dalinn að Hrafnagili (Ólafur G. Flóvenz og Brynjólfur Eyjólfsson 1981). Breytileiki í eðlisviðnámi á þessu svæði ræðst af hitastigi og vatnsmagni (poru-

hluta) í berginu. Austanmegin fjarðarins er lágviðnámið útdregið norður-suður og er talið, að það stafi af uppstreymi heits vatns með berggöngum og/eða sprungum.

Efnainnihald vatnsins í Bjarkarlaug benti til þess að undirliggjandi jarðhitakerfi væri 70-80 gráður C eins og raunar hefur komið fram síðan við borun. Vatnið kólnar í uppstreymisrásunum aðallega vegna dræms rennslis en einnig að nokkru vegna blöndunar við kalt vatn. Til hins síðasta bendir munur á efnainnihaldi vatnsins úr Bjarkarlaug og vatns úr borholum á svæðinu (Hrefna Kristmannsdóttir og Sigfús Johnsen 1981).

Vitneskja um jarðhitakerfið sem fengist hefur með borunum.

Á árunum 1978 til 1980 voru boraðar 4 holur (nr. 1-4) á umræddu svæði. Þar af var hola 3 tæplega 40 m norðan landamerkja milli Ytri-Tjarna og Bjarkar en hinar rétt sunnan merkja. Í holum 1 og 2 komu fram vatnsæðar á nokkrum stöðum á 500 til 1100 m dýpi (Ásgrímur Guðmundsson og Þorsteinn Thorsteinsson 1979). Í holu 4 komu einungis fram vatnsæðar neðan við 1000 m dýpi en í holu 3 fundust engar vatnsæðar (óbirtar borskýrslur Jarðborana ríkisins) (mynd 1). Skemmdir urðu á holum 1 og 2 og eru þær því ekki nýtanlegar af tæknilegum ástæðum.

Í nágrenni Eyjafjarðar hafa verið boraðar 40 holur eftir heitu vatni (Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson 1984). Af þeim hafa 12 lent í nýtanlegum vatnsæðum og eru samtals 9 nýtanlegar af tæknilegum ástæðum. Ástæðan til þess, að lóðrétt hola hittir tiltölulega sjaldan á heitavatnsrás er sú að vatnsæðar tengjast yfirleitt nær lóðréttum berggöngum og sprungum, en berggrunnurinn er að öðru leyti þéttur. Auk þess er við því að búast, að lekt við bergganga og í sprungum sé breytileg bæði í lárétta og lóðrétta stefnu. Við teljum, að hin breytilega lekt þessara sprungu-/gangakerfa skýri það, að holur 1, 2 og 4 á Ytri-Tjarna/Bjarkar svæðinu hittu á æðar en hola 3 ekki, þótt svo að allar séu þær boraðar í sama jarðhitakerfið. Óbirt mæligögn á Orkustofnun sýna, að mjög greinilegt samband er milli vatnsborðs í holu 3 og hinum holunum þrem.

Hitastig í öllum borholunum fjórum, sem boraðar hafa verið á umræddu svæði, er á bilinu 70-80 gráður C, í góðu samræmi við þann hita, sem efnainnihald vatnsins úr Bjarkarlaug gaf til kynna.

Efnainnihald vatns í holum 1, 2 og 4 er nærri eins innbyrðis (engin efnafræðileg gögn eru til yfir vatn í holu 3), en það gefur ekki tilefni til að ætla annað en, að vatnið í þessum holum svo og í Bjarkarlaug sé úr sama vatnskerfi. Hins vegar má geta þess, að um annað vatnskerfi er að ræða á Laugalandi um 2 km sunnar.

Dæluprófanir hafa verið gerðar á holu 4 með það í huga að meta lekt vatnsæðanna og afkastagetu jarðhitakerfisins (Ásgrímur Guðmundsson og Þorsteinn Thorsteinsson 1979; Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson 1984). Eftir að dæling hófst úr holu 4 kom fram mikil vatnsborðslækkun í holu 1, 2 og 3. Er áætlað að dæla megi 20-30 l/s úr jarðhitakerfi Ytri-Tjarna og Bjarkar og þá með því að draga vatnsborðið niður á 300 m dýpi, en meiru afkasti kerfið ekki (Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson 1984). Má því auðveldlega fullnýta kerfið með einni holu á borð við holu 4 og er það raunar þegar gert. Niðurstöður Ólafs og Þorsteins verða ekki véfengdar hér.

Halli í borholunum á Ytri-Tjörnum og Björk hefur verið mældur af Jarðhitadeild Orkustofnunar. Samkvæmt þeim mælingum hallar öllum holunum í norðlæga stefnu. Má telja víst að bæði hola 1 og 2, sem er 25 m sunnan merkja annars vegar og 50 m hins vegar, endi báðar vel norðan við lóðlínu undir landamerkjum þessara jarða og raunar eru heitavatnsæðarnar a.m.k. að hluta norðan merkja (mynd 2). Holu 4 hallar mun minna frá lóðréttu en hinum þrem en einungis eru til hallamælingar frá efstu 1000 m hennar. Er ekki ljóst hvort hún nær einnig norður fyrir ofannefnda lóðlínu.

Niðurstaða.

Heimildir, mælingar og önnur gögn um jarðhitasvæðið í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar hafa verið athuguð. Eftirfarandi ályktanir eru dregnar af þessum athugunum.

1) Undir jarðhitasvæðinu er eitt og sama jarðhitakerfið og liggur það bæði undir landi Ytri-Tjarna og Bjarkar. Til þess bendir efnainnihald jarðhitavatnsins, jarðfræði kerfisins — þ.e. að uppstreymi jarðhitavatnsins sé með sama bergganginum — og að niðurdráttur á vatnsborði hefur mælst í holum 1, 2 og 3 þegar vatni er dælt úr holu 4. Öllum borholunum hallar nokkuð frá lóðlínu til norðurs og norðvesturs. Þannig eru æðar, sem holur 1 og 2 lentu

í, að hluta a.m.k. norðan lóðlínu undir landamerkjum, þótt borað sé sunnan landamerkja.

2) Afkastageta svæðisins er á bilinu 20-30 lítrar á sekúndu og er þá vatnsborðsniðurdráttur um 300 metrar. Svæðið er fullnýtt með dælingu úr holu 4.

3) Ekki er unnt að svara því með jarðfræðilegum rökum hvern hlutfallslegan rétt hvor jörð um sig hefur til jarðhitans.“

II.

Svo sem greinir í héraðsdómi krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um vangreitt heimæðargjald að býlinu Björk í Öngulstaðahreppi svo og um greiðslu fyrir notkun heits vatns á tímabilinu 4. desember 1978 til 31. júlí 1981. Er krafan sundurliðuð þannig:

1.	Heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar 12. október 1978	8.136,86 krónur
2.	Orkunotkun samtals	11.808,50 krónur
	Alls	19.945,36 krónur

Aðaláfrýjandi krefst sýknu af kröfum þessum og krefur gagnáfrýjanda jafnframt um greiðslu vegna heits vatns sem Hitaveita Akureyrar nýtir úr borholu á grannjörðinni Ytri-Tjörnum.

Um sýknukröfuna skírskotar aðaláfrýjandi til b-liðs 3. greinar samnings síns við gagnáfrýjanda frá 30. janúar 1978, þess sem rakinn er í héraðsdómi, og bendir jafnframt á, að hann hafi aldrei beðið sérstaklega um að íbúðarhúsið á Björk væri tengt við hitaveituna heldur hafi gagnáfrýjandi gert þetta af sjálfsdáðum til efnda á greindu samningsákvæði.

Um hið síðara heldur aðaláfrýjandi því fram, að samkvæmt áðurnefndum samningi beri sér fjárgreiðsla úr hendi gagnáfrýjanda fyrir virkjað heitt vatn. Ráði í því sambandi engum úrslitum, að heitt vatn hafi ekki fengist við þá jarðborun sem fram fór að tilhlutan gagnáfrýjanda á Björk. Jarðhitasvæðið á Ytri-Tjörnum og Björk sé eitt og sama svæðið og gagnáfrýjandi hafi virkjað það heita vatn er fékkst við jarðborunina á Ytri-Tjörnum. Í 4. mgr. c-liðar 3. greinar samningsins segi svo um ákvörðun á vatnsmagni, sem gagnáfrýjandi skuli greiða fyrir: „Skal vatnsmagn hverrar borholu miðað við meðalnýtingu (dælingu) 2 ára og vinnslu úr fleiri borhol-

um á svæði, sem sérfræðingar Orkustofnunar telja að leggja beri til grundvallar með tilliti til þess að vatnskerfi kunni að vera meira eða minna samtengd og hvað ætla megi að borholur á svæðinu kunni að gefa á lengri tíma, miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum.“ Felist í þessu að honum beri greiðsla vegna vatnsnýtingar gagnáfrýjanda á Ytri-Tjörnum, sú sem hann krefst. En auk þessa samningsákvæðis leiði 11. grein orkulaga nr. 58/1967 til sömu niðurstöðu. Þá sé enn á það að líta að gagnáfrýjandi hafi látið mörg ár líða án þess að hreyfa kröfum um greiðslu heimæðargjalds og fyrir orkunotkun. Bendi það til þess skilnings hans að aðaláfrýjanda beri endurgjald fyrir virkjað heitt vatn svo sem samningur málsaðilja áskilji.

Fjárhæð kröfu aðaláfrýjanda er þannig fundin, að hann telur að svo sem hér hagi til beri gagnáfrýjanda að greiða eigendum jarðanna Ytri-Tjarna og Bjarkar hvorum um sig fyrir helming þess vatnsmagns er upp komi á Ytri-Tjörnum. Miðar aðaláfrýjandi þá við að heildarvatnsmagnið, sem um er að tefla, sé allt að 80 lítrar á sekúndu. Samkvæmt þessu beri sér greiðsla fyrir 40 lítra á sekúndu á því verði sem kveðið sé á um í samningum, þ.e. 10.000,00 nýkr. fyrir hverja 10 sekúndulítra eða alls 40.000,00 krónur. Mótmælir gagnáfrýjandi út af fyrir sig ekki þeim reikningsgrundvelli en bendir þó á að með þessu sé hið virkjaða vatnsmagn á Ytri-Tjörnum til mikilla muna ofreiknað. Verði það m.a. séð af fyrrgreindri matsgerð.

Kröfu sína um að gagnáfrýjandi geri akfæran veg yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi Bjarkar reisir aðaláfrýjandi á því að til þessa hafi gagnáfrýjandi skuldbundið sig með samningi sínum við aðaláfrýjanda. Er því ekki mótmælt en því haldið fram að ástæðan til þess að þetta hefur ekki verið gert sé sú að aðaláfrýjandi hafi ekki vísað á vegarstæði.

III.

Svo sem greint er í matsgerð hinna dómkvöddu manna voru að tilhlutan gagnáfrýjanda boraðar samtals 4 holur eftir heitu vatni í landi býlanna Bjarkar og Ytri-Tjarna. Af þeim voru 3 holur í landi Ytri-Tjarna, auðkenndar í skjölum málsins sem holur nr. 1, 2 og 4, en ein í landi Bjarkar, auðkennd sem hola nr. 3. Holurnar voru boraðar, að því er virðist, í þeirri röð sem einkennistölur þeirra

segja til um. Úr holu nr. 3 í landi Bjarkar kom ekkert nýtanlegt heitt vatn. Við borun hinna holanna var komið á vatnsæðar, en hola nr. 4 er sú eina sem nýtt var. Allar holurnar, sem boraðar voru í landi Ytri-Tjarna, gáfu nokkurt heitt vatn. Hvarf það þó úr holum nr. 1 og 2 er hola nr. 4 var boruð. Allar holurnar voru boraðar nálægt merkjum, hola nr. 4 fjærst, um 100 m skv. uppdrætti. Holur nr. 1 og 2 voru boraðar skáhallt inn fyrir landamerkin, en mælingar á halla á holu nr. 4 nýtur ekki við nema á fyrstu 1000 metrunum.

Það var niðurstaða dr. Axels Björnssonar í greinargerð hans, sem lá fyrir héraðsdómi, að laugar og volgrur, sem voru á yfirborði í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar, væru sennilega tengdar sama vatnskerfi og holur nr. 1, 2 og 4 í sama djúpvatnskerfi en hola nr. 3 sennilega utan þess. Svo sem rakið var er niðurstaða í matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, hins vegar sú, að eitt og sama jarðhitakerfi sé undir landi jarðanna Bjarkar og Ytri-Tjarna og að uppstreymi heita vatnsins sé með sama bergganginum. Þessa niðurstöðu þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, en gagnáfrýjandi varð eigi við áskorun frá aðaláfrýjanda um að láta fara fram mat samkvæmt 11. gr. orkulaga nr. 58/1967 áður en málið var dæmt í héraði. Kemur þá til álita hvort aðaláfrýjanda beri af framangreindri ástæðu greiðsla frá gagnáfrýjanda samkvæmt samningi þeirra frá 30. janúar 1978 vegna þess heita vatns sem gagnáfrýjandi nýtir úr borholu nr. 4 í landi Ytri-Tjarna.

Í greindum samningi er aðaláfrýjanda áskilin greiðsla fyrir heitt vatn, sem fáist við boranir á jörðinni og Akureyrarbær nýti fyrir hitaveituna, með þeim tvennum hætti að jörðin Björk fái heitt vatn til eigin nota án endurgjalds og að gagnáfrýjandi inni af hendi greiðslu í peningum fyrir hið nýtta vatnsmagn eftir nánari ákvæðum í samningnum. Eru þau rakin í hinum áfrýjaða dómi. Um það hvernig ákvarða beri það vatnsmagn, sem greiðsla skuli koma fyrir, er svofellt ákvæði í 4. mgr. c-liðs 3. greinar samnings þessa:

„Skal vatnsmagn hverrar borholu miðað við meðalnýtingu (dælingu) 2 ára og vinnslu úr fleiri borholum á svæði, sem sérfræðingar Orkustofnunar telja að leggja beri til grundvallar, með tilliti til þess að vatnskerfi borhola kunni að vera meira eða minna sam-

tengd, og hvað ætla megi að borholur á svæðinu kunni að gefa á lengri tíma, miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum."

Í samningi gagnáfrýjanda við eiganda Ytri-Tjarna 8. febrúar 1978 um jarðborun eftir heitu vatni á landi þeirrar jarðar var samhljóða ákvæði. Þegar það er virt og haft í huga að boranir fóru fram rétt við merki á milli Bjarkar og Ytri-Tjarna, þar sem vitað var um laugar og volgrur beggja megin merkja, og þegar ennfremur er litið til ákvæðis 11. greinar orkulaga nr. 58/1967, þykir eðlilegast að skýra samning aðilja, sem saminn var af gagnáfrýjanda, þannig að líta eigi á svæði það sem holur nr. 1-4 voru boraðar á sem eitt svæði í skilningi fyrrgreinds ákvæðis þegar úr því á að leysa, hvort jarðareigendum beri greiðsla fyrir heitt vatn, er upp kom við boranirnar, og hve mikil.

Samkvæmt þessu verður að fallast á að aðaláfrýjanda beri greiðsla samkvæmt samningi aðilja vegna heits vatns sem gagnáfrýjandi nýtir úr borholu nr. 4 í landi Ytri-Tjarna. Með b-lið 3. greinar samnings aðilja skuldbatt gagnáfrýjandi sig til þess, ef kæmi til heitavatnsnýtingar hans, að láta aðaláfrýjanda í té honum að kostnaðarlausu heimæð og jafngildi ⅓ sekúndulítra af 90° C heitu vatni til nota á jörðinni miðað við vatnsnýtingu niður í 40° C. Verður aðaláfrýjandi því sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda um greiðslu þess heimæðargjalds og endurgjalds fyrir vatnsnot, sem hann krefur aðaláfrýjanda um í málinu.

Um fjárkröfu aðaláfrýjanda athugast að gagnáfrýjandi hefur lýst yfir að hann andmæli henni ekki tölulega. Verður kröfufjárhæðin því tekin til greina. Svo sem málsatvikum og málflutningi er háttað þykir rétt að ákveða að vextir af þeirri fjárhæð verði dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 (hæstu innlánsvextir) frá 2. september 1982 til 13. apríl 1987, en frá 14. s.m. dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um dráttarvexti svo sem í dómsorði greinir.

Svo sem áður var sagt andmælir gagnáfrýjandi ekki skyldu sinni til að gera akfæran veg yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi Bjarkar. En þar sem aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að hann hafi vísað gagnáfrýjanda á vegarstæði þótt á hann hafi verið skorað, hvorki undir rekstri málsins né áður, ber að taka til greina

kröfu gagnáfrýjanda um sýknu að svo stöddu af þessum þætti dómkrafna aðaláfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og ákveðst hann samtals 100.000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þorkell Steinar Ellertsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarstjórans á Akureyri f.h. bæjarsjóðs, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn að svo stöddu af framangreindri kröfu aðaláfrýjanda um vegargerð yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 40.000,00 krónur með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 (hæstu innlánsvöxtum) frá 2. september 1982 til 13. apríl 1987, en með 30% ársvöxtum frá 14. apríl 1987 til 1. júní s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa en síðan með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 100.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég tel samning málsaðila frá 30. janúar 1978 fullskýran að því er tekur til greiðslna er aðaláfrýjandi skyldi fá fyrir jarðhitaréttindi. Greiðslur samkvæmt b- og c-liðum 3. gr. samningsins bar gagnáfrýjanda því aðeins að inna af hendi, að það vatnsmagn fengist

„við boranir á jörðinni" að hann virkjaði það og nýtti fyrir hitaveituna. Val á borstöðum var ákveðið af sérfræðingum Orkustofnunar og farið eftir því í raun. Með því, að ekki kom upp vatn úr borholunni í landi Bjarkar og ósannað er að hola nr. 4 nái norður fyrir landamerki hennar, þykir aðaláfrýjandi ekki eiga rétt á umkröfðum greiðslum. Ákvæði 4. mgr. c-liðs 3. gr. samningsins tel ég, að takmarkist af ofannefndum samningsákvæðum og nái því aðeins til jarðhitasvæða innan landamerkja jarðarinnar.

Samkvæmt framanrituðu tel ég að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að sýkna beri aðaláfrýjanda að svo stöddu af kröfu um að gera akfæra leið yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi Bjarkar svo sem greinir í atkvæði meirihluta dómara.

Eftir atvikum tel ég rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. ágúst 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann sama dag, hefur bæjarstjórinn á Akureyri, Helgi M. Bergs, f.h. bæjarsjóðs Akureyrar, nnr. 0181-7728, vegna Hitaveitu Akureyrar, höfðað með stefnu útgefinni á Akureyri 14. júní 1982, á hendur Þorkeli Steinari Ellertssyni, nnr. 9657-8946, Grímshaga 8, Reykjavík, til greiðslu skuldar.

Dómkröfur eru þær að stefndi Þorkell verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 19.945,36 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern hafinn vanskilamánuð af kr. 8.136,86 frá 12.10. 1978 til 15.02. 1979, af kr. 8.564,36 frá þ.d. til 01.05. s.á., af kr. 9.027,11 frá þ.d. til 01.06. s.á., með 4% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 01.08. s.á., af kr. 9.629,66 frá þ.d. til 01.09. s.á., með 4,5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 01.02. 1980, af kr. 10.959,68 frá þ.d. til 15.05. s.á., af kr. 11.958,97 frá þ.d. til 01.06. s.á., með 4,75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 15.08. s.á., af kr. 13.269,64 frá þ.d. til 01.11. s.á., af kr. 14.503,84 frá þ.d. til 01.01. 1981, af kr. 15.580,06 frá þ.d. til 15.05. s.á., af kr. 18.243,61 frá þ.d. til 01.06. s.á., með 4,5% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá þ.d. til 01.08. s.á. og af kr. 19.945,36 frá þ.d. til 21.04. 1981, en með 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 31.10. 1982, með 5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.10. 1983, 4,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.01. 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 13.08. s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í aðalsök krefst stefndi Þorkell Steinar Ellertsson þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Með gagnstefnu útgefinni 1. september 1982 og þingfestri 2. september s.á., gagnstefnir stefndi Þorkell Steinar Ellertsson stefnanda, bæjarstjóranum á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar v/Hitaveitu Akureyrar, og í gagnstefnunni gerir gagnstefnandi þær dómkröfur að aðalstefnandi, gagnstefndi, greiði honum kr. 40.000,00 auk 37% ársvaxta frá 01.01. 1979 til 21.10. 1983, 36% ársvaxta frá þ.d. til 21.11. s.á., 32% ársvaxta frá þ.d. til 21.12. s.á., 26% ársvaxta frá þ.d. til 21.01. 1984, 19% ársvaxta frá þ.d. til greiðsludags. Þá gerir hann einnig kröfu um að gagnstefnda sé gert skylt að gera akfæra leið yfir aðveituæðina í landi Bjarkar að viðlögðum 500,00 króna dagsektum frá birtingu dóms að telja og loks krefst hann þess að gagnstefnda sé gert að greiða honum málskostnað í gagnsök samkvæmt lágmarkstaxta LMFÍ.

Í gagnsök krefst gagnstefndi þess að hann verði sýknaður af kröfum gagnstefnanda í málinu þó að undanskilinni þeirri er veit að því að gera akfæra leið yfir aðveituna á einum stað í landi jarðarinnar, hafi þá ekki þegar verið orðið við slíku. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Aðalsök og gagnsök í málinu voru sameinuð og eru rekin sem eitt mál. Verða nú málsatvik rakin í megindráttum.

Hinn 10. júní 1977 undirrita aðilar máls þessa samning þar sem aðalstefnanda eru heimiluð afnot af landi jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi, eign gagnstefnanda, sem nauðsynleg eru vegna aðveituæðar fyrir Hitaveitu Akureyrar og heimilað að leggja aðveituæð ofanjarðar um land jarðarinnar og gera nauðsynlega umferðarleið meðfram leiðslu. Í samningnum er kveðið á um að jarðeigandi eða ábúandi eigi rétt á að fá heitt vatn frá veitukerfi hitaveitunnar til neysluvatnsnota og upphitunar jarðarhúsa, sem nauðsynleg eru búrekstri á jörðinni á meðan aðveituæðin liggi um land jarðarinnar og Hitaveita Akureyrar hafi yfir heitu vatni að ráða, sem flutt er um aðveituæðina til Akureyrar. Um tengingu við veitukerfi hitaveitunnar og afnot af heitu vatni fari samkvæmt reglugerð og gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar sem í gildi sé á hverjum tíma, nema kveðið sé á um aðra skilmála í sérstökum samningi við jarðareiganda eða ábúanda eða í sérsamningi á milli Hitaveitu Akureyrar og hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps.

Síðar í samningnum segir: „Samkomulag er um að Akureyrarbær geri akfæra leið yfir aðveituæðina á 1 stað í landi jarðarinnar. En breytist aðstæður síðar meir, þannig að þörf verði á að flytja til akfæra leið yfir leiðslu eða gera nýja, þá getur jarðeigandi leitað eftir samkomulagi þar um."

Viðbótarákvæði er við samninginn á þessa leið: „Aðilar eru sammála um að dómkveðja tvo sérfróða og óvilhalla menn til að meta til verðs rýrnun á aðstöðu og nytjun við og á volgum uppsprettum í landi jarðarinnar, sem eru um 45 metrum vestan við fyrirhugaða aðveituæð, syðst í landi jarðarinnar. Kostnað við matið greiðir Hitaveita Akureyrar."

Var samningi þessum þinglýst 14. júní 1977 og er hann þingmerktur sem dskj. nr. 3.

Þann 30. janúar 1978 gerðu aðilar máls þessa með sér annan samning sem þinglýst var 24. febrúar s.á. og þingmerktur er sem dskj. nr. 4 og segir svo í 1. gr. hans: „Akureyrarbær fær einkarétt til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi, og til að virkja og nýta þann jarðhita sem fæst með borunum. Akureyrarbæ er heimilt að bora í landi jarðarinnar þar sem sérfræðingar Orkustofnunar álíta vænlegt, en haga ber framkvæmdum þannig að sem minnstri röskun og spjöllum valdi. Um hverjar þær framkvæmdir sem Hitaveita Akureyrar gengst fyrir í landi jarðarinnar og valda kunna spjöllum eða raski af einhverju tagi á landi, eignum eða gæðum, skal hafa samráð við jarðeiganda og taka tillit til óska hans svo haga megi verkum á sem hagkvæmastan hátt fyrir báða aðila."

3. gr. samningsins hljóðar svo:

„Endurgjald fyrir borunar-, virkjunar- og nýtingarrétt jarðhitans skal vera sem hér segir:

a) Við undirskrift samnings greiðir Akureyrarbær jarðeiganda í eitt skipti fyrir öll kr. 5.000.000,00 og telst 1/5 hluti upphæðarinnar greiðsla fyrir vatn sem uppi er á jörðinni í volgum uppsprettum, þar sem nefnist Bjarkarlaug. Jafnframt skal niður falla verðmat á rýrnun á aðstöðu og nytjum við og á volgum uppsprettum í landi jarðarinnar sem kveðið er á um í samningi milli sömu aðila, dagsettum í júní 1977, um afnot Akureyrarbæjar af landi jarðarinnar vegna aðveituæðar hitaveitu.

b) Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, og á meðan nægjanlegt vatnsmagn fæst á jörðinni, þá fær jörðin Björk vatn til eigin nota án endurgjalds allt að jafngildi ⅓ sekúndulítra af 90° heitu vatni miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C. Eiganda jarðarinnar er frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar, nema til endursölu. Jafnframt leggur þá Akureyrarbær heimæð í íbúðarhús það sem búið er í á jörðinni án þess að hitaveitan krefjist heimæðargjalds og sér um heitt vatn að því á meðan Hitaveita Akureyrar hefur yfir heitu vatni að ráða á jarðhitasvæðinu. Heimæðin telst í eigu og umsjá Hitaveitu Akureyrar. Að öðru leyti skal jarðeigandi og notendur heita vatnsins hlíta ákvæðum reglugerðar fyrir Hitaveitu Akureyrar sem í gildi er á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem hún brýtur ekki í bága við samning þennan. Hafi heimæð hitaveitu hins

vegar verið lögð þegar eða ef á ofangreint reynir, þá skal Akureyrarbær greiða jarðeiganda sem nemur upphæð heimæðargjalds eins og það er samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar á hverjum tíma.

c) Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, skal Akureyrarbær auk þess sem að ofan greinir greiða jarðeiganda í eitt skipti fyrir öll kr. 1.000.000,00 fyrir jafngildi hverra 10 sekúndulítra af 90°C heitu vatni, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C, upp að 100 sekúndulítrum, sem virkjaðir eru og hitaveitan nýtir. Lágmarksgreiðsla er kr. 1.000.000,00 ef vatn er virkjað og hitaveitan nýtir það, og hámarksgreiðsla er kr. 10.000.000,00, enda þótt virkjað og nýtt vatnsmagn fari fram úr 100 sekúndulítrum. Greiðslur þessar breytast með verðlagi orkugjalds á heitu vatni til notenda hitaveitunnar samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar, frá undirskriftadegi samningsins til þess tíma að virkjun hefst. Orkugjald til notenda hitaveitunnar 1. janúar 1978 er kr. 3.300,00 fyrir hvern mínútulíter vatns á mánuði samkvæmt magnhemli, eða kr. 165,00 fyrir hvern m^3 vatns, samkvæmt vatnsmæli. Aðilar eru sammála um að greiðslur samkvæmt ofansögðu fyrir virkjað vatnsmagn sem hitaveitan nýtir skuli miðaðar við sanngjarnt mat á vatnsmagni. Skal vatnsmagn hverrar borholu miðað við meðalnýtingu (dælingu) 2 ára og vinnslu úr fleiri borholum á svæði, sem sérfræðingar Orkustofnunar telja að leggja beri til grundvallar með tilliti til þess, að vatnskerfi borhola kunni að vera meira eða minna samtengd, og hvað ætla megi að borholur á svæðinu kunni að gefa á lengri tíma, miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum. Lágmarksgreiðsla skal innt af hendi innan eins árs frá virkjun og nýtingu fyrstu borholu á jörðinni, en greiðsla fyrir hverja 10 sekúndulítra vatnsmagns samkvæmt ofansögðu, þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru fyrir þeirri greiðslu hér að framan. Enda hafi vatnsmagn, samkvæmt skilgreiningu að ofan náð 20 sekúndulítrum þegar önnur greiðsla fer fram, 30 sekúndulítrum þegar þriðja greiðsla fer fram o.s.frv.

d) Fáist takmarkað vatnsmagn við boranir á jörðinni, umfram það vatnsmagn sem uppi er á jörðinni í dag (um 0,4 sek.l. af um 28°C heitu vatni), þá er jarðeiganda heimilt að nýta það vatn sem fæst, án endurgjalds og á eigin kostnað, á meðan Akureyrarbær ekki virkjar vatnið og nýtir fyrir hitaveituna eða telur sér ekki hagkvæmt að nýta það. Hitaveitan er ekki bótaskyld þótt aðgerðir hennar á jarðhitasvæðinu kunni að valda truflunum eða breytingum á vatnsrennsli úr borholum á jörðinni."

Þann 8. september 1978 gerðu aðalstefnandi og hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps með sér samning um lagningu og rekstur hitaveitu í Öngulsstaðahreppi þar sem hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps afsalar Hitaveitu Akureyrar í umboði bæjarstjórnar Akureyrar, einkaleyfi sínu til þess að

starfrækja hitaveitu í Öngulsstaðahreppi með nánari skilmálum er tilgreindir voru. Er skjal þetta þingmerkt nr. 5 og segir svo í 2. mgr. 4. gr. þess skjals:

„Áður en vinna við lagningu hvers áfanga hefst skal hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps leggja fram yfirlýsingu undirritaða af öllum húseigendum í viðkomandi áfanga um að þeir óski eftir að hús þeirra verði tengd hitaveitunni."

6. gr. samningsins hljóðar svo: „Reglugerð og gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar gildir fyrir notendur veitunnar í Öngulsstaðahreppi að svo miklu leyti sem við á og ekki brýtur í bága við samning þennan."

Býlið Björk í Öngulsstaðahreppi virðist hafa verið tengt Hitaveitu Akureyrar 4. desember 1978 og með bréfi dagsettu 29. júlí 1981 krefur hitaveitustjóri Hitaveitu Akureyrar gagnstefnanda um greiðslu fyrir hitaveituafnotin og segir svo í bréfi hans á dskj. nr. 7:

„Við endurskoðun spjaldskrár Hitaveitu Akureyrar hefur komið í ljós að býlið Björk í Öngulsstaðahreppi hefur tengst hitaveitu þann 4. des. 1978. Ekki verður séð að komið hafi til greiðsla á stofngjaldi til hitaveitunnar né að greitt hafi verið fyrir vatnsnotkunina frá þeim tíma. Meðfylgjandi er yfirlit yfir skuld yðar við Hitaveitu Akureyrar (án verðbóta) sem óskað er eftir að þér greiðið nú þegar. Jafnframt er yður tilkynnt að frá og með 1. ágúst nk. munu yður verða sendir orkureikningar samkvæmt ákvæðum reglugerðar og gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar. Hafið þér athugasemdir fram að færa varðandi erindi þetta, eruð þér vinsamlega beðnir að hafa samband við skrifstofu hitaveitunnar."

Nánari sundurliðun á kröfu aðalstefnanda er þannig:

„Björk í Öngulsstaðahreppi, tengt 4/12 '78. Ógreiddir reikningar.

04.12.78 — 14.02.79 — 2,5 mán.	57,00	kr./mínl	—	427,50
15.02.79 — 30.04.79 — 2,5 —	61,70	"	—	462,75
01.05.79 — 31.07.79 — 3,0 —	66,95	"	—	602,55
01.08.79 — 31.01.80 — 6,0 —	73,89	"	—	1.330,02
01.02.80 — 15.05.80 — 3,5 —	95,17	"	—	999,29
16.05.80 — 15.08.80 — 3,0 —	145,63	"	—	1.310,67
16.08.80 — 31.10.80 — 2,5 —	164,56	"	—	1.234,20
01.11.80 — 31.12.80 — 2,0 —	179,37	"	—	1.076,22
01.01.81 — 15.05.81 — 4,5 —	197,30	"	—	2.663,55
16.05.81 — 31.07.81 — 2,5 —	226,90	"	—	1.701,75
				11.808,50
Heimæðargjald samkv. gjaldskrá gildandi 12/10 '78				8.136,86
Samtals skuld við Hitaveitu Akureyrar			kr.	19.945,36

Vatnsskammtur 3,0 l/mín."

Er fjárhæð þessi stefnukrafa aðalstefnanda í aðalsök.

Á dskj. nr. 14 liggur frammi í málinu aðilaskýrsla gagnstefnanda Þorkels Steinars Ellertssonar, þar segir svo:

„Ég undirritaður hef verið þinglýstur eigandi jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði frá því í júlímánuði 1976. Þegar kaup voru gerð lagði seljandinn, hr. Árni Aðalsteinsson, mikla áherslu á þau hlunnindi sem fólgin væru í því heita vatni sem uppi væri í Bjarkarlaug svokallaðri, en þar voru uppi ca 0,5 l af um 30 stiga heitu vatni. Væri það ómetanlegt vatnsból fyrir búpening að vetrarlagi því aldrei frysi, auk þess sem nota mætti jarðhitann til ylræktar. Undirritaður var um þetta leyti með talsverða garðávaxtarækt annars staðar og hugði því gott til glóðarinnar að nýta þessi hlunnindi. Að auki komu einnig fljótlega upp hugmyndir að nýta vatnið til upphitunar með varmadælum, og hefði með hóflegum tilkostnaði mátt fá fullgott vatn til heimilisnota á Björk með þeirri aðferð.

Um þessar mundir var „orkukreppan" svokallaða í algleymingi, verið var að bora eftir heitu vatni vítt um land og hitaveitur stofnaðar. Svo var og um Eyjafjörð. Fékkst heitt vatn við boranir á Ytra-Laugalandi þá um sumarið og var ákveðið að virkja það til hitaveitu á Akureyri. Til þess að koma vatninu þangað þurfti m.a. að fara um hluta Öngulsstaðahrepps með leiðslur. Hóf því hitaveitan fljótlega samningaviðræður við bændur og hreppsnefnd þess efnis. Var það almannarómur á þeim tíma að þar hefði verið vel á málum haldið af beggja hálfu og af sanngirni, enda Laxárdeilan öllum Norðlendingum mjög í minni.

Í framhaldi af þessu hóf Hitaveita Akureyrar samningaviðræður við undirritaðan um afnot af landi fyrir aðveituæð þegar á árinu 1977 og var samningur þar um undirritaður þann 10. júní það ár. Samningur sá var í megindráttum eins hjá flestum viðsemjenda og svo var og um minn, með einni undantekningu þó, þ.e. eftirfarandi grein: „Aðilar eru sammála um að dómkveðja tvo sérfróða og óvilhalla menn til að meta til verðs rýrnun á aðstöðu og nytjum við og á volgum uppsprettum í landi jarðarinnar sem eru um 45 metrum vestan við fyrirhugaða aðveituæð, syðst í landi jarðarinnar. Kostnað við matið greiðir Hitaveita Akureyrar." Ástæðan fyrir þessari klausu var það álit viðsemjenda að hér væri um sérstök hlunnindi jarðarinnar að ræða sem eðlilegt væri að bæta ef skert yrðu. Umræddir dómkvaddir aðilar voru hins vegar aldrei kallaðir þrátt fyrir beiðni undirritaðs þar um, enda mikið um að vera hjá H.A.

Í árslok '77 kom fram ósk frá forráðamönnum H.A. um að teknar yrðu upp samningaviðræður um rétt H.A. til jarðborana í landi Bjarkar. Var skjótt brugðið við þeim óskum, samningur gerður og hann undirritaður þ. 30. jan. 1978. Á síðasta (seinni) samningafundinum, sem haldinn var á Hótel Borg í Rvík, var gengið frá handriti að samkomulagi. Fóru samn-

ingamenn H.A. þeir Stefán Stefánsson og Ingólfur Árnason með það norður til vélritunar og frágangs, en undirritaður var einn í samningunum fyrir sína hönd. Þegar samningurinn var svo sendur suður til undirritunar nokkrum dögum seinna kom í ljós að honum hafði verið breytt lítilsháttar á 2-3 stöðum. Ein breytingin var sú að við 3. grein hafði eftirfarandi verið bætt við fyrri málsgrein: „og telst 1/5 hluti upphæðarinnar greiðsla fyrir vatn sem uppi er á jörðinni í volgum uppsprettum þar sem nefnist Bjarkarlaug."

Þar sem þau sjónarmið höfðu verið skýrt fram sett í viðræðunum að jörðin mætti undir engum kringumstæðum glata vatnshlunnindum sínum og að þau skyldu a.m.k. bætt með jafngóðum hlut, þótti mér þetta ákvæði grunsamlegt. Hringdi ég því í Stefán Stefánsson og spurðist fyrir um það. Greindi hann þá svo frá að við nánari athugun hefði mönnum orðið ljóst að við boranir gæti auðvitað farið svo að vatnið hyrfi úr uppsprettunni í Bjarkarlaug, enda hefði slíkt gerst á Laugalandssvæðinu, m.a. hefði vatn horfið úr vatnsbóli gróðurhúsanna á Brúnalaug svo og minnkað verulega á Hóli. Hefði því orðið að ráði að orða þetta svona svo þeir yrðu ekki skaðabótaskyldir vegna truflana á rennslinu, enda væri hér eingöngu átt við það vatn sem uppi væri á jörðinni en ekki það í iðrum jarðar, það yrði vitaskuld bætt með jafngóðum hlut. Jafnframt lagði Stefán á það ríka áherslu að ég skrifaði undir því vinnuflokkur væri á leiðinni á staðinn með bor og mörg dýr tæki og myndi dráttur á undirskrift valda vandræðum. Féllst ég á ósk hans og sendi samninginn norður þann sama dag svo ekki stæði upp á mig. Fram skal tekið að í lokauppkasti samningsins var kveðið á um 1/5 hluta af nefndri upphæð í 3. lið a) skyldi telja sem bætur vegna rýrnunar á nytjum og aðstöðu við og á volgum uppsprettum í landi jarðarinnar, sbr. samning frá 10. júní '77.

Nokkrum dögum seinna frétti ég að boranir væru hafnar, en ekki í landi Bjarkar, heldur Ytri-Tjarna sem er næsti bær sunnan við. Forsvarsmenn H.A. greindu mér svo frá til skýringa á þessu að þar sem samningurinn hefði ekki verið kominn til þeirra fyrr en þetta, en þeir með annan við bændur á Ytri-Tjörnum, hefði verið ákveðið að byrja þar, enda er Bjarkarlaug aðeins í um 20 m fjarlægð frá landamerkjum þessara jarða. Það hefði verið mat sérfræðinga að það mætti alveg eins taka vatnið upp þar.

Skemmst er frá því að segja að H.A. hefur látið bora samtals 5 holur á þessu svæði og eru þær allar innan ca 50 m radíuss, 4 í landi Ytri-Tjarna og 1 í landi Bjarkar. Eitthvert vatn fékkst úr öllum holunum nema þeirri í Bjarkarlandi. Síðar var ákveðið að virkja tvær holanna og gefa þær samtals um 50-80 sek.lítra af 80-90 stiga heitu vatni. Ath. þer að framangreindar tölur eru byggðar á óóruggum heimildum, því erfitt hefur reynst að fá nákvæmar upplýsingar um þetta.

Sú breyting varð á hinum heitu lindum í Bjarkarlandi að allt heitt vatn hvarf algjörlega við virkjun á nefndum holum.

Næst er að geta þess að hitaveitan gerir samning við Öngulsstaðahrepp um að leggja hitaveitu í sveitina og er hafist handa um það sumarið 1978. Í framhaldi af því hafði ég samband við forsvarsmenn H.A. (Stefán Stefánsson og Gunnar Sverrisson) og innti þá eftir því hver yrði nú þróun mála, hvað mig varðaði og Björk, þegar verið væri að leggja hitaveitu og rukka menn um heimtaugargjald. Svöruðu þeir þá því til að að sjálfsögðu ætti ég ekki að greiða það né fyrir heita vatnið, enda komið upp vatn á Bjarkarsvæðinu og ákvæði um heitt vatn eftir samningi því í fullu gildi, a.m.k. meðan ekki þryti vatnið.

Þessi orð þeirra og ákvarðanir gengu eftir. Heitt vatn var lagt í hús heim en aldrei rukkað fyrir heimæð eða daglegt vatn. Gekk svo fram allar götur til sumarsins 1981. Snemma í júlí það ár fór ég á fund nýs hitaveitustjóra á Akureyri. Var erindi mitt að ræða um framhald á framkvæmd samningsins, en þá var sá tími kominn að mínu mati að nokkuð ljóst átti að vera hver væri meðalnýting úr borholum á svæðinu og því tímabært að greiða eitthvað upp í þann lið samkvæmt samningi. Eins var hitt að við framkvæmd verksins hafði margt verið gert öðruvísi en upphaflega var um rætt og því ekki óeðlilegt að þau mál yrðu rædd eitthvað. Hitaveitustjóri tók máli mínu vel, en kvaðst þurfa frest til að setja sig inn í málið. Myndi hann hafa samband við mig innan skamms. Snemma í ágústmánuði fæ ég svo frá honum bréf þar sem hann víkur engu orði að erindi mínu og óskum, heldur er þar í mörgum liðum skrá um skuldir mínar við H.A. bæði stofngjald og fyrir vatnsnotkun allar götur frá 4. des. 1978 eða í nærfellt 3 ár. Í framhaldi af bréfi þessu gekk ég á fund hitaveitustjóra. Hafnaði ég þar alfarið kröfum hans og vísaði til fyrri gjörða og samninga. Jafnframt óskaði ég eftir fundi með forsvarsmönnum H.A. þar sem þessi mál yrðu rædd og færð til fyrri vegar, eða a.m.k. leitað samninga þar um. Sá fundur fékkst ekki haldinn fyrr en alllöngu síðar. Voru þar saman komnir auk mín og hitaveitustjóra Wilhelms Steindórssonar, þeir Stefán Stefánsson bæjarverkfr. og Ingólfur Árnason, form. H.A. Fátt markvert gerðist á þessum fundi, nema það að mótaðilar neituðu fyrri orðum og túlkun á samningnum. Lauk þeim fundi svo að ég neitaði enn alfarið innheimtu H.A. en bauð sátt með þeim hætti að hvor aðili um sig skyldi tilnefna einn lögmann í nefnd til að fara yfir samninga og kynna sér málið og tjáði ég mig reiðubúinn að hlíta úrskurði þeirra um, hvað rétt teldist í málinu ef þeir vildu gera slíkt hið sama. Þessari tillögu höfnuðu fundarmenn, en hitaveitustjóri lofaði að hann skyldi bera hana upp á fundi með stjórn H.A. Það mun hafa farist fyrir. Hins vegar tjáði hann mér í síma að stjórnin hefði falið sér að innheimta reikningana, en þó af fullri tillitssemi. Sagði

ég honum þá að ég myndi tilneyddur að höfða mál á hendur H.A. fyrir samningsrof og vanefndir og það væri lágmarkskrafa mín að H.A. frestaði öllum innheimtum þangað til úrskurður dómstóla lægi fyrir um hvað rétt teldist í þessum efnum."

„Við stefnuplaggið vil ég leyfa mér að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Undir liðnum Málsástæður segir: „Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að með beiðni um innlögn hitaveitu o.s.frv. ... hafi stofnast fjárskuldbinding af háflu stefnda." Hér er því til að svara að ég fór aldrei fram á að fá heitt vatn umfram það eitt sem getur í samningi mínum, heldur var þar um þágildandi túlkun hitaveitunnar að ræða. Beiðni um innlögn hefur því aldrei verið sett fram af mér, eins og þarna er ýjað að.

2. Í sömu grein segir: „Meðan ekki hefur verið borað eftir vatni í landi jarðarinnar o.s.frv. ..." Um það vil ég segja þetta: Boruð hefur verið ein hola í landi jarðarinnar og fjórar aðrar rétt á jarðarmörkum sbr. fyrri lýsingu. Svæðið skilar a.m.k. 50 sek.lítrum af heitu vatni, en jafnframt hefur af þessu leitt að allt heitt vatn sem uppi var í landi Bjarkar er horfið á brott.

3. Undir titlinum Sönnunargögn eru talin upp fjölmörg bréf sem flest eru sögð skrifuð af hitaveitustjóra. Þar kannast ég ekki við önnur en þau sem nefnd eru í þessari greinargerð.

Að lokum vil ég geta þess, að H.A. hefur ekki enn staðið við sum þau atriði í samningum sem engar deilur eru út af, svo sem ákvæði í samningi frá 1977 um að Akureyrarbær geri akfæra leið yfir aðveituæðina á 1 stað í landi jarðarinnar. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli mín um þetta hafa efndir engar orðið og vanefndirnar oft á tíðum bakað mér meiri háttar vandræði. Fleira mætti nefna en verður ekki gert að svo stöddu.

Að síðustu vil ég ítreka að ég lýsi kröfugerð H.A. ósanna og umfram allt óheiðarlega, enda brýtur hún algjörlega í bága við bæði orð og gerðir forsvarsmanna hitaveitunnar allt frá fyrstu tíð samninga og túlkunar á þeim og fram á síðsumar 1981, er ég tók málið upp sjálfur við hitaveitustjórann svo færa mætti það í endanlegt form."

Hér fyrir dómi staðfesti gagnstefnandi framanritaða skýrslu sína og aðspurður sagði hann að sinn skilningur á ákvæði a-liðar 3. gr. samningsins á dskj. nr. 4, þ.e.a.s. telst 1/5 hluti upphæðarinnar greiðsla fyrir vatn sem uppi er á jörðinni í volgum uppsprettum þar sem nefnist Bjarkarlaug hafa verið greiðsla fyrir: „rýrnun á aðstöðu og nytjum við og á volgum uppsprettum í landi jarðarinnar", sbr. viðbótarákvæði í samningi frá 10. júlí 1977 á dskj. nr. 3, en alls ekki sala á vatnsréttindum og hafi aðstaðan sem um var að ræða, sem bætt var, m.a. verið sú að mikið jarðrask hafi verið gert í kringum Bjarkarlaug sem gerði svæðið m.a. óhæft til ylræktar eða a.m.k. illnýtanlegt. Hafi 1/5 hluti greiðslunnar, g.kr. 1.000.000,00 skv. dskj. nr. 4 því verið til þess að efna ákvæðið í lokagrein samningsins á

dskj. nr. 3. Aðspurður sagðist hann ekki hafa beðið um að hitaveita yrði lögð í íbúðarhúsið á Björk á sínum tíma haustið 1978 heldur hafi Hitaveita Akureyrar haft allt frumkvæði í því sambandi enda hafi hún samkvæmt samningi verið skuldbundin til þess og hann aldrei skrifað undir beiðni eða samþykki svo sem gert hafi verið ráð fyrir í 2. mgr. 4. gr. samningsins á dskj. nr. 5. Hafi hann verið ábúandi á jörðinni þegar hitaveitan var lögð í íbúðarhúsið í Björk, þannig að hann hafi verið allt sumarið 1978 á jörðinni og heyjað og nytjað hana og síðan falið ráðsmanni rekstur búsins frá september það ár. Hann kvaðst hafa haft samband við hitaveitustjóra í júlí 1981 til þess að ræða framkvæmdir samningsins á dskj. nr. 4, þ.e.a.s. 4. mgr. c-liðar, 3. gr. og hafi hitaveitustjóri tekið erindinu vel og sagst þurfa frest til að kynna sér málið og í framhaldi þessa viðtals hafi hann fengið innheimtubréf frá hitaveitunni og það verið í fyrsta sinn sem hann var krafinn um greiðslu fyrir heitavatnsnotkun og heimtaugargjald sem hann kvaðst hafa mótmælt harðlega og telja samningsrof. Í framhaldi af bréfi hitaveitustjóra hafi hann rætt við Stefán Stefánsson bæjarverkfræðing og hann ekki fundið annað en Stefán væri svipaðs sinnis og hann sjálfur í meginatriðum. Hann kvaðst telja sig geta fullyrt að á næstu jörð, þ.e.a.s. Ytri-Tjörnum, hafi aldrei verið greitt fyrir heitavatnsafnot né heimtaugargjald til Hitaveitu Akureyrar. Hann kvaðst hafa óskað eftir því við fyrrverandi hitaveitustjóra hvar og hvernig akfær leið yfir aðveituæð hitaveitunnar skyldi vera og hafi því verið vel tekið en engar efndir orðið á því. Hann upplýsti að hann hafi ekki byggt öðrum jörðina frá því er hann keypti hana árið 1976 og hafi haft búrekstur á henni óslitið síðan.

Sama dag, þ.e.a.s. 14. mars 1983, kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Stefánsson bæjarverkfræðingur á Akureyri. Borið var undir vitnið ákvæði 3. gr. a-liðar dskj. nr. 4 og sagði vitnið að það ákvæði svo og samningurinn í heild hafi engum breytingum tekið frá því að uppkast samninga gekk milli aðila, þ.e.a.s. Þorkels, vitnisins og Ingólfs Árnasonar, þáverandi formanns hitaveitustjórnar. Sagði vitnið að ljóst hefði verið að röskun yrði á Bjarkarlaug við lagningu aðveituæðar hitaveitunnar í Bjarkarlandi og þess vegna hafi viðbótarákvæði verið sett í lok samningsins á dskj. nr. 3, til að bæta jarðeiganda það rask. Hins vegar hafi það ekki verið skilningur sinn á ákvæði 1. mgr. a-liðar 3. gr. dskj. nr. 4, að verið væri að kaupa heitt vatn sem væri neðanjarðar á jörðinni og samningurinn beri það glöggt með sér um hvað væri samið, þ.e.a.s. eftir orðanna hljóðan. Kvaðst vitnið ekki vita hvers vegna eigandi Bjarkar hafi ekki verið krafinn um greiðslu eða uppgjör hitaveitugjalda fyrr en á miðju ári 1981, en þetta mál hafi ekki komið til kasta hitaveitustjórnar fyrr en upp úr miðju ári 1981. Vitnið upplýsti að borhola nr. 3 hafi verið boruð í landi Bjarkar og hafi ekkert vatn komið úr þeirri holu. Sagði vitnið það skilning sinn að væri um það að

ræða að vatn væri beggja vegna landamerkja á jörðum og valið stæði milli hvorum megin dæla skyldi þá myndi greiðslum fyrir vatnið vera jafnt skipt milli landeigenda og til þess að þetta væri gert þyrftu báðar holur að vera virkjaðar. Vitnið upplýsti að endanleg ákvörðun sé tekin í bæjarstjórn hvar borað sé, en sérfræðingar Orkustofnunar væru ráðgefandi um borunarstaði og farið að þeirra ráðum í raun. Sagði vitnið aðspurt að samningur Akureyrarbæjar við eiganda Bjarkar hafi alls engin ákvörðunarástæða verið fyrir því að meira var borað í landi Ytri-Tjarna en í landi Bjarkar. Aðspurt sagði vitnið að það minntist þess alls ekki að hafa sagt við gagnstefnanda sumarið 1978 að hann yrði ekki krafinn um nein gjöld vegna hitaveitu í Björk þar sem heitt vatn væri á svæðinu. Slíkt væri fásinna þar sem samningar allir kvæðu skýrt á um að borholur væru virkjaðar, en enginn árangur hefði fengist af borunum í Bjarkarlandi. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að gagnstefnandi væri krafinn um greiðslu gjalda til Hitaveitu Akureyrar fyrr en á miðju ári 1981 og að samningurinn á dskj. nr. 4 hafi verið gerður áður en samningur við eiganda Ytri-Tjarna og að hvergi hefði verið borað eftir heitu vatni á vegum Hitaveitu Akureyrar nema skriflegir samningar hafi legið fyrir. Vitnið upplýsti að samningarnir á dskj. nr. 3 og 4 hafi ekki verið lagðir fyrir jarðanefnd þar sem ekki hafi verið talið að um sölu væri að ræða. Ekki mundi vitnið hvort undirritað var fyrr dskj. nr. 4 eða samningurinn við Ytri-Tjarnir, en dskj. nr. 4 hafi verið fyrirmynd samningsins við Ytri-Tjarnir. Vitnið upplýsti að ástæðan fyrir tilurð samningsins á dskj. nr. 4 hafi verið von í heitu vatni í landi Bjarkar.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Ingólfur Árnason, fyrrverandi formaður stjórnar Hitaveitu Akureyrar. 2. mgr. 4. gr. dskj. nr. 5 var borin undir vitnið. Kvaðst hann ekki vita hvernig framkvæmdin var á þessu ákvæði. Vitnið upplýsti að um það hafi verið rætt oftar en einu sinni í stjórn hitaveitunnar frá desember 1978 til júlí 1981 að innheimta heimæðargjald og gjald fyrir vatnsnotkun til býlisins Bjarkar í Öngulsstaðahreppi og kvaðst ekki vita betur en þáverandi hitaveitustjóri, Gunnar Sverrisson, hafi vitað um þetta og er nýr hitaveitustjóri tók við starfi hans hafi hann fengið fyrirmæli um að innheimta skuldina, er í ljós kom að hún var ógreidd. Aðspurt kvaðst vitnið ekki geta um það borið með hvaða tilurð hitaveita hafi verið lögð að býlinu Björk án þess að heimæðargjald hafi verið greitt. Vitnið kveðst hafa átt í samningum við gagnstefnanda út af aðveituæð hitaveitunnar í landi Bjarkar. Hann kvaðst ekki hafa verið viðstaddur lokagerð samningsins á dskj. nr. 4, en með samningnum hafi hann álitið að gagnstefnandi hafi fengið lokagreiðslu fyrir Bjarkarlaug þar sem greitt hafi verið 25% meira fyrir réttinn til jarðborana í landi Bjarkar en á öðrum jörðum. Vitnið upplýsti að samningar við eiganda Bjarkar hafi ekki verið ákvörðunarástæða fyrir borunum í landi Ytri-Tjarna og við

ákvarðanatöku í sambandi við boranir hafi verið farið eftir tillögum Orkustofnunar. Sagði vitnið skýringuna á því að gagnstefnandi hafi ekki verið krafinn um greiðslu heimæðargjalds geta að hluta til verið þá, að menn hafi í lengstu lög vonast til þess að heitt vatn kæmi upp í landi Bjarkar og yrði virkjað. Vitnið kvað ekki hafa verið leitað samþykkis jarðanefndar á dskj. nr. 3 og 4 þar sem það álitamál hafi verið borið undir þáverandi sýslumann og hann ekki talið þess þörf og samningum verið þinglýst án athugasemda.

Þann 4. maí 1983 kom fyrir dóm sem vitni Gunnar Axel Sverrisson verkfræðingur, fyrrverandi hitaveitustjóri Hitaveitu Akureyrar. Undir vitnið var borið á dskj. nr. 14, þ.e.a.s. aðiljaskýrsla gagnstefnanda, sem hér að framan er rakin, frá: „skemmst er frá því að segja ...“ og að orðunum: „snemma í júlí“. Um þetta sagði vitnið: „Ég vil aðeins geta þess að þar sem nafn mitt er nefnt þarna, að það hafi verið haft samband við mig um þetta atriði, þá minnist ég þess ekki að hafa talað við Þorkel Steinar um þetta á þessum tíma, þannig að ég dreg þá ályktun að hann hafi haft samband við Stefán Stefánsson, þáverandi stjórnarformann í hitaveitustjórn. Varðandi önnur efnisatriði þá staðfesti ég það að eftir mínu minni þá mun hafa staðið í samningi þeirra jarðeigenda sem að samið var um um virkjun á borun og nýtingarrétt jarðhita, ef fyndist vatn á viðkomandi jörð og Hitaveitan nýtti það, þá yrði ekki krafist heimtaugargjalds né endurgjalds af heitu vatni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Og eftir því sem mig rekur minni til, sem er nú reyndar orðið á 5. ár síðan, að þá mun þetta hafa verið rætt, bæði tel ég í hitaveitustjórn og sömuleiðis hef ég ráðfært mig við mína ráðgjafa í þessum efnum, sem voru Orkustofnun, Jarðvinnudeild og mína verkfræðilegu ráðunauta um að fá þeirra álit á því hvort að þarna væri uppi vatn í Bjarkarlandi, og dregið eflaust þá ályktun að vatn væri þar tekið til nýtingar við hitaveituna og þá væri rökrétt afleiðing af því að ekki væri innheimt heimtaugargjald né endurgjald fyrir heitt vatn.“

Vitnið kvað sig ekki reka minni til þess aðspurt að upp hafi verið borin sú beiðni við það, að hann innheimti hitaveitugjöld vegna jarðarinnar Bjarkar. Vitnið kvað nánast alla samingagerð við bændur varðandi virkjunarrétt og þau atriði hafa verið í höndum Stefáns Stefánssonar og Ingólfs Árnasonar, þannig að hvert einasta efnisatriði samninganna hafi verið vitninu nánast ókunnugt, en hins vegar hafi vitnið fengið fyrirmæli um það að fella niður gjöld á þeim jörðum þar sem borað var eftir heitu vatni og vatnið nýtt og kvaðst vitnið hyggja að það sama hafi gilt fyrir Björk eins og aðrar hliðstæðar jarðir um þetta atriði. Hins vegar taldi vitnið eftir því sem það minnti að samningar segi til um að þá skuli það endurskoðað eftir vissan reynslutíma hversu mikið vatn nýtist á viðkomandi jörð varð-

andi bætur þar um, en það kunni að hafa breytt áliti jarðhitadeildar Orkustofnunar frá þessum tíma að þarna var borað fram til dagsins í dag, að vatn sem nýtt er fyrst og fremst í Ytri-Tjarnalandi sé komið undan Bjarkarlandi einnig, en vitnið minnti fastlega að álit jarðhitadeildar hafi verið á þá lund 1978 að vatnið sem þarna fannst við boranir væri undan báðum jörðunum.

Á dskj. nr. 19 er eftirfarandi bréf, dags. 9. desember 1982, frá Guðmundi Pálmasyni, forstjóra jarðhitadeildar Orkustofnunar til gagnstefnanda:

„Jarðhitadeild hefur fengið bréf yðar dagsett 3. desember 1982, þar sem beðið er um vottorð um „hvort vatnsæðar þær sem í jörðu eru á mörkum jarðanna Bjarkar og Ytri-Tjarna í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði séu samtengdar eða ekki". Vegna þessarar beiðni hefur dr. Axel Björnsson, sem undanfarin ár hefur stjórnað rannsóknum jarðhitadeildar í Eyjafirði, tekið saman meðfylgjandi greinargerð, þar sem færð eru rök fyrir því að laugar og volgrur sem fyrir boranir voru á yfirborði í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar hafi sennilega verið tengdar sama vatnskerfi. Við vonum að ofangreindar upplýsingar reynist fullnægjandi."

Á dskj. nr. 20 er tilvitnuð greinargerð doktors Axels Björnssonar, dags. 7. desember 1982, svohljóðandi:

„Jarðhitakerfið Ytri-Tjarnir Björk.

Vegna fyrirspurnar um tengsl jarðhita í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar í Öngulsstaðahreppi viljum við benda á eftirfarandi atriði.

1. Samkvæmt athugun, sem fram fór í mars 1978 (sjá meðfylgjandi greinargerð), á jarðhita í landi jarðanna, voru 7 volgrur eða laugar nálægt landamerkjum þeirra. Laugarnar eru neðan brekkurótanna vestan bæjanna og austan við meginframræsluskurðinn (Langiskurður). Volgrurnar lágu nokkurn veginn á 140 m langri línu með stefnu NNA. Nyrsta volgran var 50 m norðan markanna í landi Bjarkar en sú syðsta 90 m sunnan þeirra í landi Ytri-Tjarna.

2. Hæstur hiti mældist í Bjarkarlaug svonefndri, sem er um 20 m norðan markanna, 26°C og rennsli um 0,1 l/s. Hitastig í öðrum volgrum hefur mælst frá 10°C og upp í um 23°C. Ekki var unnt að mæla rennsli því volgrurnar voru á kafi í þykkum blautum mýrarjarðvegi.

3. Fyrsta borholan var staðsett nálægt laugalínunni miðri um 25-30 m sunnan markanna. Hún var boruð 1978 og hafði borun hennar í fyrstu engin merkjanleg áhrif á volgrurnar. Síðan voru boraðar 3 holur til viðbótar og er dælt úr einni þeirra, holu 4. Við dælinguna og niðurdrátt vatnsborðs hafa laugarnar þornað.

4. Það má telja nokkuð öruggt að laugarnar á þessu svæði séu tengdar sama vatnskerfi, þ.e. að sama uppstreymisrás heita vatnsins hafi fætt allar

volgrurnar. Ekki er vitað hvar meginuppstreymisrásin er en sennilegt er að vatn streymi upp eftir henni af miklu dýpi (allt að 2000 m) upp undir yfirborð (5-100 m) og leiti þar út eftir sprungu eða berggangi, sem liggur undir laugalínunni og þaðan til yfirborðs.

5. Holur 1, 2 og 4 gáfu allar sæmilegar vatnsæðar í borun. Holur 1 og 2 skemmdust í eða eftir borun. Hola 4 var best og sú eina sem nú er nýtt. Hún er syðst (sjá mynd í meðfylgjandi greinargerð) og gæti verið næst meginuppstreymisrás heita vatnsins. Vatnið kemur samkvæmt samsætuathugunum úr suðri eða suðaustri. Hola 3 sem er norðan jarðamarkanna gaf ekkert nýtanlegt vatn. Gæti það bent til þess að djúpvatnskerfi heita vatnsins endaði einhvers staðar á milli holu 1 og 3.

Niðurstöður:

Laugar og volgrur sem voru á yfirborði í landi Ytri-Tjarna og Bjarkar voru sennilega tengdar sama vatnskerfi. Holur 1, 2 og 4 eru í sama djúpvatnskerfi heits vatns en hola 3 er sennilega utan þess kerfis."

Á dskj. nr. 26 er lagt var fram við dómtöku málsins er eftirfarandi yfirlýsing gagnstefnanda:

„Til viðkomandi aðila.

Í framhaldi af greinargjörð minni frá í ágúst 1982, vil ég taka fram eftirfarandi varðandi bls. 3 neðstu greinarskil: „Næst er að geta þess" ... o.s.frv. ...

Sumarið 1978 (líklega í júlí) hafði ég samband við Gunnar Sverrisson, hitaveitustjóra á Ak., varðandi þá þróun mála að verið var að leggja hitaveitu um Öngulsstaðahrepp og rukka menn um heimtaugargjöld o.þ. háttar, hvernig mál sneru gagnvart mér. Hafði ég samband við Gunnar símleiðis. Gunnar gaf mér í skyn að hann teldi augljóst að ég ætti ekki að borga heimtaugargjald eða fyrir heitt vatn þar sem upp væri komið heitt vatn á Bjarkarsvæðinu. Hins vegar kvaðst hann engar ákvarðanir taka um slík mál, það yrði ég að eiga við Stefán Stefánsson, verkfr. og stjórnarmann H.A. Stefán hitti ég stuttu síðar þegar hann var staddur á borsvæðinu. Tók hann alveg í sama streng og G. Sv. Heimtuagargjald þyrfti ég ekki að borga né fyrir heitt vatn a.m.k. miðað við það vatnsmagn sem nú væri uppi (en það jókst síðar). Skyldi hann sjá um að ganga þannig frá málum að ég fengi heimtaug og vatn og þyrfti ekki að hafa áhyggjur af innheimtum þeim, sem þá voru í gangi. Kvaðst hann myndu tala við framkvæmdaaðila H.A. um þessi atriði öll. .. Þessi orð þeirra og ákvarðanir gengu eftir .."

Verða nú raktar málsástæður og lagarök aðila.

Í aðalsök reisir aðalstefnandi kröfur sínar í málinu á því að með beiðni um innlögn hitaveitu í jarðhús og afhendingu á heitu vatni hafi stofnast fjárskuldbinding af hálfu stefnda er honum beri að standa skil á. Meðan

ekki hafi verið borað eftir vatni í landi jarðarinnar, sem þó er heimild til samkvæmt samningum frá 30. janúar 1978, sé aðalstefndi á sama hátt og aðrir hreppsbúar í Öngulsstaðahreppi skyldur til að greiða þau gjöld sem innlagningu og notkun hitaveitu fylgi. Því til stuðnings skírskotar hann til reglugerðar Hitaveitu Akureyrar nr. 394 frá 3. nóv. 1977 svo og gjaldskrár nr. 393 frá 3. nóv. s.á. fyrir Hitaveitu Akureyrar með síðari breytingum, en hvort tveggja sé sett með stoð í orkulögum nr. 58, 1967 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 9. nóvember 1977.

Aðalstefndi bendir sýknukröfu sinni til stuðnings á ákvæði 5. mgr. á dskj. nr. 3, þ.e.a.s. samningi aðila dags. 10. júní 1977 þar sem segir: „Um tengingu við veitukerfi hitaveitunnar og afnot af heitu vatni fer samkvæmt reglugerð og gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar sem í gildi er á hverjum tíma, nema kveðið sé á um aðra skilmála í sérstökum samningi við jarðeiganda eða ábúanda eða í sérsamningi á milli Hitaveitu Akureyrar og hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps." Samkvæmt samningi þessum fái Akureyrarbær afnot af landi jarðarinnar Bjarkar vegna hitaveituframkvæmda þar og í framhaldi af þessum samningi hafi samningurinn á dskj. nr. 4 dags. 30. janúar 1978 verið gerður, þar sem Akureyrarbæ er veittur einkaréttur til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Bjarkar og til að virkja og nýta þann jarðhita sem fæst með borunum. Svo hafi Akureyrarbær fengið nauðsynleg afnot jarðarinnar til borunar eftir heitu vatni og virkjunar. Eins og samningurinn beri með sér hafi endurgjald fyrir borunar-, virkjunar- og nýtingarrétt jarðhitans verið ákveðinn í tvennu lagi þannig að tiltekin upphæð skyldi greiðast fyrir rennslistruflanir á tilteknum volgrum á yfirborði jarðar, en sérákvæði hafi verið um greiðslu fyrir vatnsmagn er fengist við boranir á jörðinni og nýtingu þess vatns og síðan komi sérákvæði þau sem aðalstefndi telur að séu skilmálar í sérstökum samningi sem til sé vitnað í áður rakinni 5. mgr. samningsins frá 10. júní 1977 og hljóði skilmálarnir svo í b-lið 3. gr. á dskj. nr. 4:

„Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, og á meðan nægjanlegt vatnsmagn fæst á jörðinni, þá fær jörðin Björk vatn til eigin nota án endurgjalds, allt að jafngildi ⅓ sekúndulítra af 90°C heitu vanti, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C. Eiganda jarðarinnar er frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar, nema til endursölu. Jafnframt leggur þá Akureyrarbær heimæð í íbúðarhús það, sem búið er í á jörðinni án þess að hitaveitan krefjist heimæðargjalds, og sér um heitt vatn að því á meðan Hitaveita Akureyrar hefur yfir heitu vatni að ráða á jarðhitasvæðinu. Heimæðin telst í eigu og umsjá Hitaveitu Akureyrar. Að öðru leyti skal jarðeigandi og notendur heita vatnsins hlíta ákvæðum reglugerðar fyrir Hitaveitu Akureyrar sem í gildi er á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem

hún brýtur ekki í bága við samning þennan. Hafi heimæð hitaveitu hins vegar verið lögð þegar eða ef á ofangreint reynir, þá skal Akureyrarbær greiða jarðeiganda sem nemur upphæð heimæðargjaldsins eins og það er samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar á hverjum tíma."

Eftir samningsgerð þessa hafi verið boraðar 4 holur, þ.e.a.s. 3 í landi Ytri-Tjarna og 1 í landi Bjarkar og síðan hafi verið ákveðið að virkja 2 holanna og gefi þær samtals af sér um 50-80 sekúndulítra af um 80-90°C heitu vatni. Sú breyting hafi orðið á hinum heitu lindum í Bjarkarlandi að allt heitt vatn hafi gjörsamlega horfið við virkjun á holunum. Svo verði að líta á uns annað sannist að hér sé um að ræða vinnslu úr fleiri borholum á sama svæði og skipti ekki máli hvorum megin borholurnar eru landamerkjanna, því þær séu allar innan 50 metra radíuss og hljóti því endurgjaldið fyrir nýtinguna að skiptast jafnt á milli. Vitnar aðalstefndi í því sambandi til ákvæða 3. gr. b-liðs 2. mgr. samningsins frá 30. janúar 1978, en þar sé gert ráð fyrir að vatnskerfi borhola kunni að vera meira og minna samtengd og skuli þar miða við hvað borholur „á svæðinu" kunni að gefa á lengri tíma miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum. Leggur hann áherslu á að aldrei hafi verið sérstaklega beðið um það að hitaveita yrði lögð í íbúðarhúsið Björk umfram það sem fram kemur í samningnum sem hér að framan er rakinn. Almennir hitaveitunotendur samkvæmt reglugerð hitaveitunnar og gjaldskrá þurfi hins vegar að senda inn sérstaka tengingarbeiðni og sérstaka athygli vekur hann á 4. gr. samnings Öngulsstaðahrepps og aðalstefnanda á dskj. nr. 5 er segi: „Áður en vinna við lagningu hvers áfanga hefst skal hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps leggja fram yfirlýsingu undirritaða af öllum húseigendum í viðkomandi áfanga um að þeir óski eftir að hús þeirra verði tengd hitaveitunni." Af öllu þessu leiði að aðalstefnda beri hvorki að greiða svokallað heimæðargjald eða eins og í stefnu segi við afhendingu orku í formi heits vatns til jarðarhúsa að Björk í Öngulsstaðahreppi. Þá bendir aðalstefndi á það máli sínu til stuðnings að allt að 3 ár liðu eftir að heimæðin að Björk var lögð þar til hann var krafinn um greiðslu fyrir heimæðar- eða hitaveituafnot og tilefnið að hann að fyrra bragði fer að ræða samningsmál við nýráðinn hitaveitustjóra.

Í gagnstefnu kveðst stefnandi byggja stefnukröfu sína á ákvæðum samningsaðila dags. 30. janúar 1978, 3. gr. c-lið á dskj. nr. 4. Telur gagnstefnandi að þegar framkvæmdar boranir og nýting vatns úr borholum á mörkum lands síns hafi leitt til þess að boranir gefi allt að 80 sekúndulítra af heitu vatni, en samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði eigi það að gefa landeiganda í greiðslu frá gagnstefndu kr. 80.000,00. Skipti þá ekki máli hvorum megin landamerkja borað sé því hér sé um að tefla sömu vatnsæðar og reyndar sé gert ráð fyrir slíku í orðalagi samningsins að vatnskerfi bor-

hola kunni að vera meira eða minna samtengd. Hins vegar telur gagnstefnandi að sanngjarnt sé í slíkum tilvikum skiptist fjárhæð greiðslunnar að jöfnu á milli samliggjandi eignarlanda. Þess vegna kveðst hann aðeins gera kröfu til hálfs gjaldsins eða kr. 40.000,00.

2. lið gagnstefnukröfunnar byggir gagnstefnandi á ákvæði samningsins frá 10. júní 1977 á dskj. nr. 3 þar sem segir svo: „Samkomulag er um að Akureyrarbær geri akfæra leið yfir aðveituæðina á 1 stað í landi jarðarinnar." Þetta samningsákvæði hafi gagnstefndi ekki efnt og sé því þetta gefna tækifæri notað til að fá gagnstefnda knúinn til að efna þetta ákvæði með dómi.

Gagnstefndi bendir á sýknukröfu sinni til stuðnings að hola sú er boruð var í landi Bjarkar hafi ekkert vatn gefið. Þar af leiði að ekkert var þá eða hefur síðan verið virkjað af heitu vatni í landi þeirrar jarðar. Því eigi tilvitnun gagnstefnanda í 3. gr. c-liðar samnings aðila frá 30. janúar 1978 ekki við. Til þess að það ákvæði eigi við þurfi að koma upp nýtanlegt vatn á jörðinni. Samkvæmt viðteknum skoðunum fræðimanna um eignarrétt séu takmörk eignarréttinda fasteigna nákvæmlega mörkuð þannig að landeigandi á land að ákveðinni línu eða mörkum og síðan eigi hann náttúrugæði í jörðu og yfir þeirri línu. Gagnstefnandi eigi því engan rétt til greiðslu vegna vinnslu heits vatns á landi nágrannajarðar og engin sönnun sé fyrir því að vatn sé unnið úr landi hans. Ákvæði það í samningi aðila, sem gagnstefnandi vísi einnig til og víkur að því að vatnskerfi borhola kunni að vera meira eða minna samtengd og þar með sé fundinn grundvöllur undir kröfugerð hans eigi heldur ekki við, því að það eigi einungis við borholur innan landamerkja sömu jarðar. Með samningnum sé heldur ekki verið að semja við annan en landeiganda einnar jarðar og beri að túlka samninginn með hliðsjón af því. Hvað snerti kröfu gagnstefnanda um að gagnstefndi verði dæmdur til að gera akfæra leið yfir aðveituæðina viðurkennir gagnstefndi að svo beri að gera. Væri það vafalítið löngu búið að gera hefði komið fram ósk um að það yrði gert. Það standi því ekki á gagnstefnda að efna þennan þátt samningsins frá 10. júní 1977, en vita þurfi hvar sú akfæra leið á að vera í landinu.

Álit dómsins:

Óumdeilt er í málinu að jarðarhús Bjarkar í Öngulsstaðahreppi hafa verið tengd aðveituæð Hitaveitu Akureyrar frá 4. desember 1978 og verður að telja að það hafi verið gert með vitund og fullum vilja aðalstefnda sbr. yfirlýsingu hans á dskj. nr. 26 um viðskipti hans við Stefán Stefánsson bæjarverkfræðing. Einnig er upplýst, að eina holan sem boruð var í landi Bjarkar, hola 3, gaf ekkert nýtanlegt vatn, en 3. gr. b- og c-liðar samnings aðila frá 30. janúar 1978 kveður á um það hversu fari um lögskipti aðila

komi upp heitt vatn við borun á jörðinni. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu telur dómurinn ósannaða þá fullyrðingu aðalstefnda að samið hafi verið við aðalstefnanda um að hann greiddi ekki orkugjald eða heimæðargjald fyrir hitaveituna í hús sín. Ekki heldur hefur gagnstefnandi sannað að nýting jarðhitans í Ytri-Tjarnalandi sé að einhverjum hluta úr landi Bjarkar. Samkvæmt samningi aðila frá 10. júní 1977 skuldbindur gagnstefndi sig til að gera akfæra leið yfir aðveituæðina í Bjarkarlandi á einum stað og fyrir liggur viðurkenning hans á því að það hafi ekki verið efnt.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins því sú, í aðalsök að aðalstefndi greiði aðalstefnanda stefnufjárhæðina með vöxtum eins og krafist er, þó þannig að vextir reiknast frá 1. ágúst 1981 með vísan til 10. gr. gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar nr. 393, 1977 og 2,75% dráttarvextir á mánuði greiðist af stefnufjárhæðinni frá 01.09. 1984, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 2. þ.m.

Í gagnsökinni er gagnstefndi sýknaður af kröfu gagnstefnanda um greiðslu vegna heitavatnsvinnslunnar í landi Ytri-Tjarna, en hins vegar er krafa gagnstefnanda um vegarlagningu og dagsektir tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Nokkurt hlé varð á rekstri máls þessa vegna andláts Páls S. Pálssonar hrl., er í upphafi fór með málið fyrir aðalstefnda, svo og vegna anna dómarans.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Þorkell Steinar Ellertsson, greiði aðalstefnanda, bæjarstjóranum á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, kr. 19.945,36 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.08. 1981 til 21.04. 1982, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 31.10 s.á., með 5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 20.10. 1983 og með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 21.10. s.á. til 20.11. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá 21.11. s.á. til 20.12. s.á., með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 21.12. s.á. til 20.01. 1984, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 21.01. s.á. til 31.08. s.á. og með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.09. s.á. til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Gagnstefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, geri akfæra leið yfir aðveituæð Hitaveitu Akureyrar í landi Bjarkar að viðlögðum kr. 500,00 dagsektum, innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður í aðalsök og gagnsök.

Föstudaginn 9. október 1987.

Nr. 243/1986. **Bjarni Jónasson**
(sjálfur)
gegn
Útvegsbanka Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.)

Málskostnaður. Endurheimta. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1986. Krefst hann þess, að stefndi greiði sér 85.000,00 krónur auk mánaðarlegra dráttarvaxta sem hér segir: 2,75% frá 24. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar. — Áfrýjandi hefur ekki stefnt fyrir Hæstarétt Vilhjálmi Bjarnasyni og Jóni Hjaltasyni, sem hann stefndi í héraði.

Stefndi, Útvegsbanki Íslands h/f, sem tekið hefur við málinu af Útvegsbanka Íslands, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1987, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Útvegsbanki Íslands höfðaði mál gegn áfrýjanda fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja í desember 1984 til innheimtu eftirstöðva skuldabréfs. Bréfið hefur verið lagt fram í málinu. Segir í meginmáli þess, að skuldari vegna Eyjaflugs sé áfrýjandi, en undir bréfið ritar eiginkona hans. Á dómþingi 3. júní 1986 var m.a. bókað:

„Þá kemur fyrir dóminn stefnandi málsins Bjarni Jónasson framkvæmdastjóri ....

Dómari: Hafði eiginkona þín, Jórunn, umboð til þess að rita undir skuldabréfið ....

Bjarni: Við rákum þetta fyrirtæki, Eyjaflug, saman og hún gerði það í eigin nafni og þurfti ekki umboð til þess að mínu áliti.

Dómari: Spurningin er þessi, berðu brigður á það að hún hafi haft umboð til þess að undirrita þetta bréf fyrir þína hönd?

Bjarni: Ég fæ ekki séð að hún hafi þurft umboð til þess.

Dómari: Þannig að hún hafi mátt gera það?

Bjarni: Að mínu mati þá var hún í fullum rétti ....“

Eftir þessu var Eyjaflug skuldbundið til að greiða skuldabréfið. Áfrýjandi bar persónulega ábyrgð á skuldbindingum Eyjaflugs og mátti því höfða skuldabréfamálið gegn honum. Engu að síður hafði hann krafist sýknu í því máli og bent á, að hann gaf bréfið ekki út. Þegar þetta er haft í huga er ekki efni til að lækka þann málskostnað, sem Útvegsbankinn áskildi sér og tók af áfrýjanda þegar skuld hans við bankann var gerð upp í janúar 1985.

Af skjölum málsins verður ráðið, að Útvegsbankinn hafi ekki afhent áfrýjanda reikningsyfirlit yfir uppgjörið 24. janúar 1985 og ekki aðra kvittun fyrir málskostnaðinum en kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning lögmanns þess, sem rekið hafði innheimtumálið fyrir bankann. Átti lögmaðurinn þó ekki beina kröfu á áfrýjanda til greiðslu á málskostnaðinum. Af þessum sökum þykir rétt að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 3. júní sl., hefur Bjarni Jónasson, nnr. 1219-7764, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 19. september 1985 á hendur Jóni Hjaltasyni hrl., nnr. 5145-9636, Heimagötu 22, Vestmannaeyjum, Vilhjálmi Bjarnasyni útibússtjóra, nnr. 9004-7958, Illugagötu 41, Vestmannaeyjum persónulega og f.h. Útvegsbanka Íslands, nnr. 9032-7925, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 85.000,00 með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 31. janúar 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefndu hverjum um sig verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

Mál þetta höfðar stefnandi til að endurkrefja alla stefndu um málskostnað er stefnandi greiddi stefnda, Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum,

24.01. 1985 sem lið í uppgjöri milli bankans og stefnanda á dómkröfum í máli nr. 125/1984: Útvegsbanki Íslands, Vestmannaeyjum, gegn Bjarna Jónassyni og Vestmannaeyjakaupstað vegna bæjarsjóðs Vestmannaeyja, en það mál var hafið með samkomulagi aðilja í bæjarþingi Vestmannaeyja 31.01. 1985.

Mál nr. 125/1984 var höfðað til innheimtu á skuldabréfi. Skuldunautur samkvæmt efni bréfsins var Bjarni Jónasson vegna Eyjaflugs, en það var útgefið af eiginkonu hans Jórunni Bergsdóttur. Bæjarsjóður Vestmannaeyja hafði tekið sjálfskuldarábyrgð á bréfinu. Útvegsbanki Íslands, Vestmannaeyjum, var eigandi bréfsins. Málatilbúnaður stefnanda hér er sá að Jón Hjaltason hrl. hafi í nafni Útvegsbankans höfðað mál nr. 125/1984 gegn honum enda þótt hann hafi hvorki verið útgefandi né ábyrgðarmaður að skuldabréfi því sem innheimta átti.

Málið hafi verið þingfest 13. desember 1984 og hann síðan fengið frest til greinargerðar til 10. janúar 1985. Hann hefði þá krafist sýknu vegna þess að hann væri ekki aðili að málinu. Jón Hjaltason hafi þá fengið frest í málinu til 17. janúar 1985. Þegar málið var þá tekið fyrir hefði Jón enn viljað fá frest, nú til að koma að sakaukastefnu. Þegar málið var næst tekið fyrir 31. janúar 1985 hefði Jón viljað hefja málið og hafi orðið samkomulag um það milli aðila. Sakaukastefna var lögð fram í þinghaldi 31. janúar 1985.

Stefnandi heldur því fram að Jón Hjaltason hrl. hefði átt að draga málið til baka vegna formgalla og byrja að nýju með ógallað mál í stað þess að sakaukastefna í málinu og beita fyrir sig 48. gr. laga nr. 85/1936. Heldur hann því fram að hér hafi 48. gr. laga nr. 85/1936 ekki átt við.

Þá heldur stefndandi því fram að Vilhjálmur Bjarnason, útibússtjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, hafi í algjöru heimildarleysi látið taka kr. 85.000,00 út af reikningi sínum og leggja inn á hlaupareikning nr. 756, sem sé í eigu Jóns Hjaltasonar hrl. Því hefði verið haldið fram að þetta ætti að vera málskostnaður vegna skuldabréfsins, en Jón hafi engan þátt átt í að það var greitt.

Af hálfu stefndu er á það bent að stefnandi hafi þann 24. janúar 1985 gert upp við Útvegsbankann dómkröfur málsins nr. 125/1984 og staðfest það uppgjör með því að samþykkja hafningu málsins fyrir dómi þann 31. janúar 1985. Stefnandi hafi gert þetta án alls fyrirvara og sé skiptum aðila vegna þessa máls því endanlega lokið og því sé ekki mögulegt að ýfa upp ágreining um einstaka liði þessa uppgjörs, hvorki höfuðstól og vexti né málskostnað.

Þá er því haldið fram að endurkröfu málskostnaðarins sé ranglega beint að Jóni Hjaltasyni hrl. og Vilhjálmi Bjarnasyni útibússtjóra. Jón hafi verið fenginn til að sækja málið fyrir bankann, og allt sem hann hafi gert í málinu hafi hann gert sem umboðsmaður bankans. Bankinn hafi greitt honum

málskostnað í málinu, sem eftir umfangi málsins hafi verið varlega reiknaður kr. 85.000,00. Vilhjálmur Bjarnason hafi aðeins haft afskipti af máli nr. 125/1984 sem útibússtjóri Útvegsbankans fyrir bankans hönd.

Þá er því mótmælt af hálfu stefndu að Vilhjálmur Bjarnason hafi í algjöru heimildarleysi látið taka kr. 85.000,00 af fjármunum stefnanda og leggja inn á reikning Jóns Hjaltasonar vegna málskostnaðar.

Loks leggja stefndu fram sem dskj. 39 veðtryggingarbréf dags. 14. ágúst 1981, undirritað af stefnanda sjálfum til Bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Í bréfinu segir m.a.: „... vegna ábyrgðar Bæjarsjóðs Vestmannaeyja gagnvart Útvegsbanka Íslands vegna *láns til mín* að upphæð 30.000.00 U.S. $ — þrjátíu þúsund bandaríkjadollarar".

Fyrir dóm hafa komið stefnandi málsins, Bjarni Jónasson, og stefndi Vilhjálmur Bjarnason.

Álit dómsins:

Hér fyrir dómi hefur stefnandi ekki neitað því að kona hans hafi haft heimild hans til að skuldbinda hann f.h. einkafirma hans samkvæmt efni skuldabréfs dskj. 7, en það bréf var grundvöllur höfðunar máls nr. 125/1984. Það mál var því réttilega höfðað gegn stefnanda þegar frá upphafi. Kröfur máls nr. 125/1984 voru gerðar upp við kröfueiganda Útvegsbanka Íslands í útibúi bankans í Vestmannaeyjum 24. janúar 1984. Á endurrit skuldabréfsins var þá ritað að það væri að fullu greitt skv. kvittunum útgefnum þann dag „kr. 904.517,00 auk kostnaðar". Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi stefnandi, að hafa fengið þetta endurrit í hendur strax 24. janúar 1985 ásamt kvittunum, þ.á m. fyrir innborgun kr. 85.000,00 inn á reikning Jóns Hjaltasonar hrl. vegna málskostnaðar, dskj. 5. Nafn stefnanda er vélritað á innleggið og því er ómótmælt að það er gert af starfsmanni bankans. Stefnandi neitar því ekki að honum hafi verið það ljóst í bankanum að hann var látinn greiða kr. 85.000,00 í málskostnað vegna máls nr. 125/1984. Aftur á móti segist hann ekki hafa getað mótmælt, eins og málum hans var komið. Sótt hafi verið að búi hans og fasteign.

Mál nr. 125/1984 er síðan niður fellt með samkomulagi aðila í þinghaldi 31. janúar 1985. Samkvæmt bókun í þinghaldinu áskildi stefnandi sér þó allan rétt til að koma að í nýju máli skaðabótakröfum á hendur bankanum vegna þess að lánið hefði verið tekið í dollurum en ekki pundum. Ekkert er bókað um málskostnað í þessu þinghaldi. Stefnandi segist hafa mótmælt kostnaðinum þótt dómarinn hafi ekkert um það bókað. Hann segir sér ekki hafa verið ljóst að samþykki sitt fyrir hafningu málsins gæti haft áhrif á rétt sinn, enda ólögfróður og dómarinn hefði ekki leiðbeint honum um þetta atriði.

Eins og að framan greinir var mál nr. 125/1984 réttilega höfðað og beint gegn stefnanda. Það er ekki gert upp fyrr en eftir málshöfðun og nokkra

meðferð fyrir dómi. Verður því að líta svo á að málshöfðunin hafi verið liður í innheimtuaðgerðum bankans, en skuldabréfið var allt gjaldfallið við málshöfðun. Bankanum var því rétt að áskilja sér málskostnað í uppgjöri bréfsins við stefnanda.

Við aðalflutning málsins hélt stefnandi því fram að málskostnaðurinn hefði verið áætlaður of hár. Þar sem stefnandi er ólögfróður þykir sú málsástæða ekki of seint fram komin, enda er henni ekki mótmælt á þann hátt. Samkomulag um niðurfellingu dómsmáls hefur ekki í för með sér að það mál verði ekki tekið upp aftur. Stefnandi kvartaði fljótlega eftir hafningu málsins undan málskostnaðinum og höfðaði mál þetta. Hann þykir því ekki hafa firrt sig rétti til að hafa þessa málsástæðu uppi.

Höfuðstóll stefnukröfu máls nr. 125/1984 nam kr. 635.375,20. Samkvæmt dómvenju er málskostnaður miðaður við höfuðstól dómkröfu þegar hann er ákveðinn í dómi, sbr. Hrd. 56:346. Þegar tekið er tillit til þessa, gjaldskrár LMFÍ, sem í gildi var, og hversu langt málið var komið, þykir sem málskostnaður til handa Útvegsbanka Íslands í máli nr. 125/1984 hefði verið ákveðinn kr. 65.000,00 hafi við gjaldtökuna verið miðað við almenn skuldamál þar sem gagnaöflun fer eigi fram eftir þingfestingu eða dómtekin eru á þingfestingardegi, sbr. 5. gr. 1. a) gjaldskrá LMFÍ. Hafi við gjaldtökuna verið miðað við mál sem eru munnlega flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu hefði málskostnaðurinn verið ákveðinn, sbr. 5. gr. 1. b) gjaldskrár LMFÍ um kr. 115.000,00.

Nokkur gagnasöfnun fór fram eftir þingfestingu máls nr. 125/1984, m.a. vegna þeirrar málsástæðu stefnda í því máli, stefnanda hér, að hann væri ekki réttur aðili máls.

Þegar ofangreind atriði eru virt þykir Útvegsbanki Íslands a.m.k. ekki hafa áætlað málskostnaðinn verulega of háan. Af því leiðir að ekki eru efni til að taka upp aftur uppgjör aðila að því er varðar málskostnað. Sýkna ber því Útvegsbanka Íslands af kröfum stefnanda.

Útvegsbanki Íslands höfðaði mál nr. 125/1984, stefnandi gerði upp við bankann og var málskostnaður því í raun réttilega greiddur bankanum þrátt fyrir greiðslumátann. Máli þessu er því ranglega beint gegn Jóni Hjaltasyni og Vilhjálmi Bjarnasyni. Þeir eiga því að vera sýknir af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eins og máli þessu er háttað að hver aðili beri sinn kostnað af því.

Hrafn Bragason umboðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Hjaltason, Vilhjálmur Bjarnason og Útvegsbanki Íslands, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 93/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Byggðasjóði
Útvegsbanka Íslands h/f
Sláturfélagi Suðurlands
Byko s/f
Sanitas h/f
Sparisjóði vélstjóra
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f
Flugleiðum h/f
Eimskipafélagi Íslands h/f
X-Design Studio A/S
Samvinnutryggingum g/t
Dreifingu
Magnúsi Kjaran h/f
Búnaðarbanka Íslands h/f
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Ferðamálasjóði
Bjarna Gunnarssyni
Karnabæ h/f
Vestmannaeyjakaupstað
Samvinnubanka Íslands h/f
Þ.b. Hafskips h/f
Vífilfelli h/f
Ágæti h/f
Úlfari Nathanaelssyni
Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur og
Kristjáni Imsland

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði

uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desmber nk.

Stefndu, Ferðamálsjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 94/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Útvegsbanka Íslands h/f
Byko s/f
Sanitas h/f
Sparisjóði vélstjóra
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f
Flugleiðum h/f
Eimskipafélagi Íslands h/f
X-Design Studio A/S
Samvinnutryggingum g/t
Dreifingu
Magnúsi Kjaran h/f
Búnaðarbanka Íslands
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Ferðamálasjóði
Bjarna Gunnarssyni
Karnabæ h/f
Vestmannaeyjakaupstað
Samvinnubanka Íslands
Þ.b. Hafskips h/f
Vífilfelli h/f
Ágæti h/f
Úlfari Nathanaelssyni
Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur
Kristjáni Imsland
Guðjóni Steingrímssyni
Jóni Hjaltasyni
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
Brunabótafélagi Íslands
Landsbanka Íslands
Daníel Ólafssyni h/f
Þ.b. Trésmiðju Þórðar h/f
Auglýsingaþjónustunni h/f og
Sparisjóði Vestmannaeyja

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa. Stefndi, Guðjón Steingrímsson, tók undir þessar kröfur.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 95/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Byggðasjóði
Útvegsbanka Íslands h/f
Sláturfélagi Suðurlands
Byko s/f
Sanitas h/f
Sparisjóði vélstjóra
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f
Flugleiðum h/f
Eimskipafélagi Íslands h/f
X-Design Studio A/S
Samvinnutryggingum g/t
Dreifingu
Magnúsi Kjaran h/f
Búnaðarbanka Íslands
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Ferðamálasjóði
Bjarna Gunnarssyni
Karnabæ h/f
Vestmannaeyjakaupstað
Samvinnubanka Íslands h/f
Þ.b. Hafskips h/f
Vífilfelli h/f
Ágæti h/f
Úlfari Nathanaelssyni
Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur
Kristjáni Imsland
Guðjóni Steingrímssyni
Jóni Hjaltasyni og
Sambandi íslenskra samvinnufélaga

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa. Stefndi, Guðjón Steingrímsson, tók undir þessa kröfu.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð :

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 96/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Útvegsbanka Íslands h/f
Byko s/f
Sanitas h/f
Sparisjóði vélstjóra
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f
Flugleiðum h/f
Eimskipafélagi Íslands h/f
X-Design Studio A/S
Samvinnutryggingum g/t
Dreifingu
Magnúsi Kjaran h/f
Búnaðarbanka Íslands
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Ferðamálasjóði
Bjarna Gunnarssyni
Karnabæ h/f
Vestmannaeyjakaupstað
Samvinnubanka Íslands h/f
Þ.b. Hafskips h/f
Vífilfelli h/f
Ágæti h/f
Úlfari Nathanaelssyni
Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur
Kristjáni Imsland
Guðjóni Steingrímssyni
Jóni Hjaltasyni
Sambandi íslenskra samvinnufélaga og
Brunabótafélagi Íslands

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa. Stefndi, Guðjón Steingrímsson, tók undir þessar kröfur.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 97/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Jóni Ragnari Þorsteinssyni
settum bæjarfógeta sem
innheimtumanni ríkissjóðs
í Vestmannaeyjum
Búnaðarbanka Íslands
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Bjarna Gunnarssyni
Vestmannaeyjakaupstað og
Sambandi íslenskra samvinnufélaga

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, mótmælti þá frekari fresti og krafðist þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa. Af hálfu ríkissjóðs var tekið undir þessar kröfur.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð :

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 98/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Byggðasjóði
Útvegsbanka Íslands h/f
Sláturfélagi Suðurlands
Byko s/f
Sanitas h/f
Sparisjóði vélstjóra
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f
Flugleiðum h/f
Eimskipafélagi Íslands h/f
X-Design Studio A/S
Samvinnutryggingum g/t
Dreifingu
Magnúsi Kjaran h/f
Búnaðarbanka Íslands
Hljómbæ h/f
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Ferðamálasjóði
Bjarna Gunnarssyni
Karnabæ h/f
Vestmannaeyjakaupstað
Samvinnubanka Íslands h/f og
þ.b. Hafskips h/f

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 177/1987. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Sigurjónssyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1986 og einnig af ákæruvalds hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á ökuleyfissviptingu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Varðar brot ákærða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt er hann framdi brot sitt. Ber því skv. 81. gr. umferðarlaga að árétta að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. nóvember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1986: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember 1986, gegn ákærða, Magnúsi Sigurjónssyni, Sólheimum 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. nóvember 1962, „fyrir að aka fimmtudaginn 4. september 1986 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-13750 frá Þórufelli 2, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Sólheima 23.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Skömmu fyrir miðnætti fimmtudaginn 4. september sl. stöðvuðu lögreglumenn akstur bifreiðarinnar R-13750 við Sólheima 23 í Reykjavík. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu og að mati lögreglumannanna var hann áberandi ölvaður.

Ákærði hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi verið búinn að neyta töluverðs magns af áfengi áður en hann ók af stað frá Þórufelli 2 og áleiðis að Sólheimum 25. Hann kannaðist við að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn og ennfremur að hafa verið ökuréttindalaus er hann ók, en svo sem vikið verður að hér á eftir var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt á árinu 1984 og hefur ekki öðlast ökuleyfi á ný.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni sem tekið var úr ákærða um hálfri annarri klukkustund eftir að akstri hans lauk reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,28‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir og varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 6. nóvember sl. hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979 30/10 Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 38. gr. umfl.
1981 26/10 Sátt: 2.200 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 14.9. 1981.
1984 20/3 Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. og 2. sbr. 3.mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10.2. 1984.
1984 2/11 Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1985 18/3 Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1986 8/4 Dómur: 40 daga varðhald f. brot g. 25., 27., sbr. 81. gr., og 1. mgr. 50. gr. umfl. Sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá dómsbirtingu.

Allar framantaldar dómsáttir, að undanskilinni dómsáttinni frá 30. október 1979, og báðir dómarnir hafa samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af því.

Framangreint brot ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 207/1986. **Ingólfur Sigurgeirsson**
(Sigurður H. Guðjónsson)
gegn
Bæjarleiðum h/f
(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Samningar. Félög. Endurgreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Hann gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.490,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Hann fer fram á að þá verði gætt ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti. Verði þá tekið tillit til ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Áfrýjandi er sjálfstæður atvinnubifreiðarstjóri og hefur atvinnu-

leyfi í Reykjavík. Samdi hann um afgreiðslu við Bæjarleiðir h/f, sem er ein þeirra bifreiðastöðva sem Reykjavíkurborg hefur viðurkennt.

Hlutverk stöðva þessara er að taka á móti atvinnutilboðum og miðla þeim til bifreiðastjóra sem hjá þeim hafa afgreiðslu. Bæjarleiðir h/f er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem selur bifreiðastjórum þessa þjónustu og fyrir hana greiða þeir uppsett verð.

Af gögnum málsins og flutningi verður ráðið, að í upphafi hafi fyrirsvarsmaður stefnda tjáð áfrýjanda, að hann þyrfti að greiða stefnda afgreiðslugjald og að auki bæri honum að borga gjald til starfsmannafélags Bæjarleiða og í lánasjóð starfsmanna. Er óumdeilt í málinu, að áfrýjandi samþykkti að greiða þessi gjöld. Gjaldið, sem um er deilt, kom hins vegar síðar til og samþykkti áfrýjandi ekki að greiða það.

Í 4. gr. starfsreglna Bæjarleiða h/f segir: „Bifreiðastjórar skulu hlýða öllum sendingum fljótt og vel, þótt þær verði í einstaka tilfellum óæskilega langar, ef nauðsyn krefur ...“. Í 9. gr. reglnanna er mælt fyrir um að beita megi afgreiðslubanni rísi ágreiningur út af afstöðu bifreiðastjóra gegn stöðinni.

Telja verður að áfrýjandi hafi með samningi sínum við stöðina undirgengist þessar reglur. Hann hafi því almennt verið skuldbundinn til að fara þær ferðir frá stöðinni, sem ekki víku verulega frá því venjulega.

Verð fyrir akstur er ákveðið af verðlagsyfirvöldum en sú verðákvörðun snýr að viðskiptavinum leigubifreiðastjóra og hefur því ekki beina þýðingu í máli þessu. Samningur Bæjarleiða h/f og Innkaupastofnunar ríkisins vegna ríkisspítalanna, sem hér veldur deilum, var gerður í samráði við stjórn starfsmannafélags Bæjarleiða h/f og síðan samþykktur af félaginu. Það þykir þó ekki hafa þýðingu hér, þar sem ekki verður séð af samþykktum starfsmannafélagsins að það komi fram gagnvart Bæjarleiðum h/f f.h. bifreiðastjóranna varðandi verðlagningu aksturs.

Samkvæmt samningnum veitti bifreiðastöðin ríkisspítulunum 21% afslátt frá verði ákveðnu af verðlagsyfirvöldum. Þar af áttu bifreiðastjórarnir að taka á sig 18% afslátt. Stöðin dreifði þessum hluta afsláttarins á alla bifreiðastjóra sína jafnt og komu 7.490,00 krónur í hlut hvers þeirra það ár, sem hér er deilt um.

Eins og samningi áfrýjanda við stefnda var háttað ber að hafa í huga að gjald þetta var lagt á vegna þessa sérstaka samnings, sem átti að vera bifreiðastjórunum almennt til hagsbóta, og að það var ekki hátt, þannig að hver ferð frá stöðinni varð þess vegna ekki verulega óhagkvæmari en ella. Þess er ennfremur að gæta, að áfrýjandi ók í þágu ríkisspítalanna og naut því góðs af samningnum.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarleiðir h/f, skal sýkn af kröfu áfrýjanda, Ingólfs Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel að eins og samskiptum aðila var háttað hafi það ekki verið á valdi stefnda að semja við Innkaupastofnun ríkisins, svo bindandi væri fyrir áfrýjanda, um það á hvaða verði áfrýjandi seldi þjónustu sína. Ég tel fram komið að áfrýjandi hafi í upphafi mótmælt framkvæmd samningsins og neitað að sinna akstri samkvæmt honum. Áfrýjandi og staðgengill hans tóku svo að sinna akstri á grundvelli samningsins. Áfrýjandi fékk mánaðarleg uppgjör frá stefnda þar sem fram kom frádráttur vegna umsamins afsláttar sem bifreiðastjórarnir skyldu taka á sig. Ég tel því að áfrýjandi geti nú ekki krafið stefnda um endurgreiðslu fjárhæða þeirra sem til frádráttar komu á uppgjörum hans vegna framangreinds samnings.

Með vísan til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ingólfi Sigurgeirssyni bifreiðastjóra, nnr. 4735-4684,

Laugarnesvegi 118, Reykjavík, gegn hlutafélaginu Bæjarleiðum, nnr. 1489-6481, Langholtsvegi 115, Reykjavík, með stefnu birtri 19. júní 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 7.490,00 með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1985 til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá og/eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður samkvæmt taxta LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Samkvæmt gögnum málsins eru málsatvik þau að stefnandi hefur sem sjálfseignarleigubifreiðastjóri ekið undanfarin ár frá bifreiðastöð stefnda. Stöðvarþjónusta er gerð upp mánaðarlega og ber þá bifreiðastjórum að standa skil á afgreiðslugjaldi, lánasjóðsgjaldi, gjaldi til starfsmannafélags Bæjarleiða, svo og gjaldi til Frama, félags bifreiðastjóra, svo sem framlagðar uppgjörsnótur bera með sér. Skrifaðar ökunótur eru innheimtar af stefnda og gerðar upp við bifreiðastjórana mánaðarlega að frádregnum greindum útgjaldaliðum.

Í marsmánuði 1984 var boðinn út á vegum Innkaupastofnunar ríkisins leigubílaakstur fyrir ríkisspítalana á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt útboðslýsingu var um að ræða flutninga á starfsfólki ríkisspítala til og frá heimilum starfsmanna til þargreindra stofnana, svo og sjúklinga í einstaka tilfellum. Var við það miðað að samningstími væri 1 ár og verðgrundvöllur taxti leigubifreiða í Reykjavík að frádregnum boðnum afslætti. Stjórn Bæjarleiða h/f ákvað, að höfðu samráði við stjórn starfsmannafélags Bæjarleiða, að gera tilboð í greindan leigubílaakstur miðað við 21% afslátt frá taxta leigubifreiða. Tilboði stefnda, Bæjarleiða h/f, var tekið og gengið frá samningi þar um hinn 18. apríl 1984. Samningur þessi var lagður fyrir fund starfsmannafélags Bæjarleiða hinn 24. apríl 1984, þar sem hann var samþykktur með þorra atkvæða. Kostnaði vegna samnings þessa hefur verið skipt þannig að stefndi hefur tekið á sig 3%, en 18% bera bifreiðastjórar stöðvarinnar. Er kostnaði skipt jafnt á alla bifreiðastjóra og færður til gjalda á mánaðarlegu uppgjöri þeirra í samræmi við viðskipti stöðvarinnar og ríkisspítalanna. Með samkomulagi samningsaðila hinn 3. apríl 1985 var greindur samningur þeirra framlengdur um eitt ár.

Stefnandi hefur frá upphafi mótmælt töku þessa kostnaðar af uppgjöri sínu sem hann telur sér óskylt að greiða. Í máli þessu gerir hann kröfu um endurgreiðslu að fjárhæð kr. 7.490,00 vegna þessa kostnaðar sem honum hafi verið gert að greiða á tímabilinu júní 1984 til og með maí 1985.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi ekki samið um að taka á sig að greiða þennan kostnað vegna samnings þess er stefndi hafi gert við þriðja aðila um akstur með afslætti. Telur stefnandi sig því eiga fullan rétt á endurgreiðslu þessa gjalds. Er stefnandi hafi í upphafi samið við stefnda um að kaupa hjá honum afgreiðsluþjónustu, þá hafi honum ekki verið gerð grein fyrir öðrum gjöldum er honum bæri að greiða til stöðvarinnar en afgreiðslugjaldi, lánasjóðsgjaldi, gjaldi til starfsmannafélags Bæjarleiða og gjaldi til Frama, félags leigubifreiðastjóra, svo sem fram er komið. Um greiðsluskyldu stefnda vísar stefnandi og til reglna samninga og kröfuréttar um að samninga skuli halda. Við munnlegan málflutning var og á því byggt af hálfu stefnanda að sú tilhögun að láta bifreiðastjórana bera umræddan kostnað hefði í för með sér rýrnun á launatekjum þeirra og bryti því í bága við 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, svo sem fram kom við munnlegan flutning málsins, að hann teldi sig á engan hátt hafa brotið lög á stefnanda vegna framkvæmdar samnings stefnda og ríkisspítalanna. Afslætti sé deilt jafnt niður á bifreiðastjórana, auk þess sem stefndi hafi tekið á sig 3%. Meirihluti bifreiðastjóra stöðvarinnar hafi samþykkt þessi kjör og unnið hafi verið samkvæmt þeim síðan. Þá hafi stefnandi einnig haft sjálfur umtalsverðar tekjur vegna samnings þessa og honum beri sem öðrum að taka þátt í þeim kostnaði sem um var að ræða af þeim sökum.

Stefnandi, Ingólfur Sigurgeirsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi, svo og Þorkell Þorkelsson, framkvæmdastjóri stefnda, ennfremur vitnin Guðmundur Valdimarsson og Rósant Hjörleifsson.

IV.

Því er ekki haldið fram af stefnanda hálfu að greindur samningur um leigubílaakstur milli stefnda og Innkaupastofnunar ríkisins vegna ríkisspítalanna sé í sjálfu sér ólöglegur. Því er hins vegar haldið fram af stefnanda að ólögmætt hafi verið að láta bifreiðastjóra Bæjarleiða bera kostnað af framkvæmd þess samnings með þeim hætti sem gert hefur verið. Þá byggir stefnandi á því að hann hafi aldrei samþykkt að taka á sig þann kostnað.

Stefnandi var félagi í starfsmannafélagi Bæjarleiða svo sem öllum atvinnuleyfishöfum á Bæjarleiðum er skylt að vera samkvæmt 4. gr. laga félagsins. Hann var því bundinn af þeim ákvörðunum og samþykktum, sem löglega voru teknar af því félagi. Fram er komið að greindur samningur um leigubílaakstur var samþykktur á almennum fundi í starfsmannafélaginu hinn 24. apríl 1984, en á þeim fundi var jafnframt gerð grein fyrir

niðurjöfnun kostnaðar vegna samningsins. Ekki verður talið að lög nr. 55/1980 um starfskjör launþega o.fl. geti átt við um leigubifreiðastjóra, svo sem stefnandi heldur fram, enda taka lög nr. 56/1978 um verðlag o.fl. til atvinnustarfsemi þeirra. Þá hefur heldur ekkert komið fram um það að starfsmannafélagið hafi með einum eða öðrum hætti staðið ólöglega að greindri fundarsamþykkt sem fylgt hefur verið eftir í raun og teljast verður því bindandi gagnvart stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á dómkröfur stefnanda í málinu og ber að sýkna stefnda af þeim, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarleiðir h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingólfs Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. október 1987.

Nr. 224/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**

gegn

Björgu Árnadóttur
Rolant Dahl Christiansen og
Hafliða Guðjónssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu hafa sóknaraðilar með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 2. júlí sl. er barst Hæstarétti 14. s.m. Þau krefjast þess að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þau krefjast og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Hafliði Guðjónsson krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms. Hann krefst málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilunum Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Deilur aðila hafa staðið í langan tíma. Kröfur sóknaraðila fyrir Hæstarétti og rökstuðning með þeim verður að skilja svo að þau krefjist þess að héraðsdómari leggi dóm á málið eftir þeim sönnunargögnum sem þau hafa lagt fram. Þykir þá rétt að héraðsdómari dæmi um kröfurnar í því horfi sem þær eru fyrir dóminum. Verður dómarinn þá að virða það eftir almennum reglum um sönnunarbyrði hvort sóknaraðilar hafi fært þær sönnur á réttmæti krafna sinna að þær verði teknar til greina.

Þykir rétt samkvæmt framansögðu að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og ber að kveða upp efnisdóm á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og ber að kveða upp efnisdóm í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. júní sl., hafa Anna Sigríður Guðmundsdóttir, nnr. 0333-3698, og Sveinn Ívarsson, nnr. 8748-7245, bæði að Álfhólsvegi 79 A, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu framlagðri í dóm þann 8. janúar 1987 gegn Rolant Dahl Christiansen, nnr. 7363-3338, Fljótaseli 26, Reykjavík og Björgu Árnadóttur, nnr. 1257-5513, Uppsölum, Fremri-Torfustaðahreppi, V-Húnavatnssýslu. Þá hefur Hafliði Guðjónsson, nnr. 3497-8808, Nóatúni 25, Reykjavík höfðað meðalgöngusök í málinu með stefnu birtri 11. mars sl. og framlagðri í dóm 16. mars sl. á hendur stefnendum og stefndu.

Stefnendur krefja stefndu in solidum um skaðabætur að fjárhæð kr. 1.160.000,00 með 15,5% ársvöxtum frá 18. desember 1986 til 23. sama mánaðar en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þar með löghaldskostnaði.

Ennfremur er það krafa stefnenda að staðfest verði löghald sem lagt var á kaupverð 5 herbergja íbúðar í húsinu nr. 25 við Nóatún, Reykjavík, eins og þau inntu það af hendi í fógetarétti Reykjavíkur hinn 18. desember 1986, þ.e. með geymslufjárhæðum í Landsbanka Íslands, aðalbanka, kr. 150.000,00, fjárgreiðslu kr. 1.623.013,10, og 2 veðskuldabréfum, hvoru að fjárhæð 175.000,00 krónur, útgefnum af stefnendum og tryggðum með 1. veðrétti í fyrrgreindri íbúð. Var löghaldið lagt á hinn 18. desember 1986.

Dómkröfur stefndu eru þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Meðalgöngustefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„a) Að meðalgöngustefndu verði að hlíta meðalgöngu hans í bæjarþingsmálið nr. 4/1987, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson gegn Rolant Dahl Christiansen og Björgu Árnadóttur, og sameiningu meðalgöngusakar og aðalsakar.

b) Að meðalgöngustefndu Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og meðalgöngustefndu Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar og löghald, er hin síðast töldu létu fram fara 18. desember 1986 og staðfestingar er krafist á í aðalsök, verði úr gildi fellt.

c) Að meðalgöngustefndu Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson verði dæmd til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ."

Af hálfu stefnenda, Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, var þess krafist að meðalgöngusökinni yrði vísað frá dómi og Hafliða Guðjónssyni gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómarans. Þá er því mótmælt af þeirra hálfu að meðalgöngusökin komist að í málinu.

Af hálfu stefndu, Rolant Dahl Christiansen og Bjargar Árnadóttur, eru engar kröfur gerðar á hendur meðalgöngustefnanda, Hafliða Guðjónssyni, og engum athugasemdum hreyft við meðalgöngu hans.

Með úrskurði uppkveðnum 27. apríl sl. var frávísunarkröfu stefnenda hrundið og meðalgangan leyfð með hliðsjón af 50. gr. eml.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Lögmaður stefnenda lýsir málavöxtum og málsástæðum svo í greinargerð:

„Málavextir eru þeir, að hinn 30. júní 1982 gerðu stefnendur kauptilboð í eignarhluta stefndu í húsinu nr. 25 við Nóatún, hér í borg, og samþykktu stefndu tilboðið. Síðar vildu stefndu rifta samningi um kaupin en stefnendur mótmæltu riftun.

Stefndu vildu ekki standa við samninginn við stefnendur, neituðu að afhenda hinn selda eignarhluta og gerðu „kaupsamning" við annan aðila. Stefnendur höfðuðu mál til efnda á samningnum og kröfðust auk þess bóta fyrir það tímabil, er þá var liðið frá umsömdum afhendingardegi hins selda eignarhluta.

Máli þessu lyktaði með dómi Hæstaréttar, er upp var kveðinn 31. maí 1985, er kaupsamningurinn var metinn gildur og krafa stefnenda um efndir hans teknar til greina. Héraðsdómari hafði tekið til greina kröfu stefnenda um skaðabætur og var sú úrlausn staðfest í hæstaréttardóminum.

.....

Nú eru hafðar uppi kröfur í þessu máli um bætur fyrir tímabilið frá 28. desember 1982 til 18. desember 1986.

Enginn ágreiningur getur verið um það, að stefndu séu bótaskyld gagnvart stefnendum. Þegar liggur fyrir, eins og áður greinir, dómur Hæstaréttar um það, að nefndur kaupsamningur um fasteignarhlutann sé í einu og öllu bindandi fyrir aðila málsins, enda hefir þegar verið gefið út afsal til stefnenda.

Þá hefir einnig verið kveðinn upp héraðsdómur um skyldu til greiðslu skaðabóta úr hendi stefndu, in solidum, til stefnenda fyrir tímabilið, sem að framan getur og var sú úrlausn héraðsdómara staðfest í Hæstarétti, eins og fyrr er frá greint. Hafa stefndu þegar innt greiðsluna af hendi fyrir þetta tímabil.

Þegar meta skal hverjar bætur séu hæfilegar til stefnenda fyrir það tímabil, sem hér um ræðir, eru ýmis atriði, sem rétt er að hafa í huga og veitt getur vísbendingu. Tel ég eðlilegt að ég reifi nokkur hér lauslega en ég mun að sjálfsögðu gera þeim fyllri skil allt eftir því, sem þörf kann að verða á og tilefni gefast af þeim vörnum, sem uppi verða hafðar af hálfu stefndu.

Kröfur stefnenda í héraði um skaðabætur fyrir tímabilið frá 15. júlí til 28. desember 1982, miðuðust aðallega við leigugjald eftir tveggja herbergja íbúð, er í skyndingu var tekin á leigu til þess að stefnendur yrðu ekki á götunni með börn sín, þegar stefndu stóðu ekki við kaupsamninginn. Einnig við leigugjald eftir bílskúr, er tekinn var á leigu til þess að geyma í það af búslóð þeirra, er ekki var unnt að koma fyrir í hinni litlu íbúð.

Ég hefi látið reikna út, hvaða fjárhæð sú leiga, sem þá var innt af hendi, myndi hafa numið fyrir það tímabil, sem um er að tefla í máli þessu, ef leigan hefði fylgt þeim hækkunum, sem getið er á dskj. nr. 4 og nr. 5. Niðurstaða þessa útreiknings var, að samtala þeirra fjárhæða, fyrir allt tímabilið væri kr. 655.479,00.

Þegar haft er í huga, að þarna var um leigugreiðslu eftir tveggja herbergja íbúð að ræða og bílskúr til geymslu á þeim húsgögnum, er ekki rúmuðust í íbúðinni, og þess einnig gætt, að í þessum útreikningi er ekkert tillit tekið til vaxta, sem á slíkar mánaðarlegar leigugreiðslur hefðu hlaðist, er augljóst, að dómkrafa stefnenda um bætur, frá þessum sjónarhóli séð, er mjög í hóf stillt.

Sé litið til vaxta af kaupverði eignarhlutans, liggur fyrir, að vextir af því nema nú þegar kr. 1.305.012,60, þ.e. af geymslufé kr. 239.499,50, skv. lið 1 í hæstaréttardóminum, kr. 873.013,10 samkvæmt lið 2 og samkvæmt lið 3 (veðskuldabréfum) kr. 192.500,00. Sé þetta haft til viðmiðunar, er ljóst, að einnig að þessu leyti er bótakröfu stefnenda mjög í hóf stillt.

Stefnendur gerðu sér fljótlega ljóst, að langur tími myndi líða áður en dómsúrlausn kæmi á ágreining aðila um gildi nefnds kaupsamnings um hluta fasteignarinnar nr. 25 við Nóatún. Húsnæði það, sem þau höfðu fengið á leigu, var algerlega óviðunandi og í langan tíma leituðu stefnendur að hentugu leiguhúsnæði, en þegar slíkt var ekki falt, reyndu þau fyrir sér um kaup.

Ekkert húsnæði, sem til sölu var hér í borg, reyndist þó uppfylla kröfur þeirra og þarfir á sama hátt og húsnæðið að Nóatúni 25 hefði gert. Að lokum urðu stefnendur að leita út fyrir Reykjavík að húsnæði og festu þau kaup á húsnæði við Álfhólsveg í Kópavogi.

Þessi búferlaflutningur frá Reykjavík til Kópavogs hafði margvísleg óþægindi í för með sér fyrir fjölskylduna og kostnað svo og tekjumissi. Stefnandinn Anna Sigríður, sem unnið hafði hjá traustu fyrirtæki rétt í

námunda við Nóatún, gafst upp á því að sækja til Reykjavíkur vinnu sína frá Kópavogi, bæði vegna kostnaðar, tímasóunar í ferðalög á milli og erfiðleika við vistun barna sinna. Varð hún því að hætta góðu starfi og hefir ekki enn fengið starf.

Stefnandinn Sveinn, sem hafði ákveðið að hafa starfsstofu í húsinu nr. 25 við Nóatún, setti að vísu stofu sína upp í húsinu við Álfhólsveg, en hann er arkitekt að mennt. Staðsetningu slíkrar stofu þar er ekki saman að jafna við það, sem væri í Nóatúni og hefir nú verið lögð niður sú starfsstofa og er Sveinn fluttur með stofuna til Reykjavíkur.

Þetta hefir valdið stefnendum tilfinnanlegu tjóni, sem beint verður rakið til afnotamissis af Nóatúni 25, enda er vakin athygli á því, að íbúð sú, er stefnendur bjuggu áður í, að Gnoðarvogi, hér í borg, var þriggja herbergja íbúð, en íbúðaskiptin voru fyrst og fremst ráðin til þess að stefnandinn Sveinn gæti fengið stofu fyrir arkitektsstörf sín.

Þá er enn ótalið ýmislegt tjón, sem stefnendur urðu fyrir í sambandi við vanefndir stefndu.

Má þar til nefna kostnað af bankaábyrgðum til tryggingar greiðslu kaupverðs eignarhlutans meðan á málaferlunum stóð, ferðakostnað vegna breytinga á búsetu og kostnað í sambandi við börn þeirra stefnenda.

Ég tel að ekki sé unnt að rekja þetta öllu nákvæmar að sinni í greinargerð en ég geymi stefnendum rétt til þess síðar á gagnaöflunarstigi eða við væntanlegan aðalflutning málsins að gera frekari grein fyrir kröfum stefnenda, ef þörf þykir og leggja fram gögn þeim til stuðnings.

Hinn 18. desember 1986 létu stefnendur leggja löghald á þær greiðslur, er inntar voru af hendi í samræmi við framangreindan hæstaréttardóm, eins og nánar kemur fram á dskj. nr. 2. Er krafist staðfestingar á löghaldi þessu til tryggingar greiðslu dómkrafna í máli þessu. Ennfremur að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar við löghaldsgerðina. Mun síðar verða lagður fram reikningur yfir þann kostnað."

Í þinghaldi 17. janúar sl. óskaði dómarinn eftir því að stefnendur legðu fram sundurliðun krafna sinna, útreikning hvers kröfuliðar fyrir sig og gögn þeim til styrktar. Stefnendur hafa af þessu tilefni lagt fram eftirfarandi sundurliðun:

Bætur vegna afnotamissis	kr.	983.218
Ferðakostnaður vegna vinnu Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur í Reykjavík	"	10.000
Bætur vegna teknamissis stefnenda	"	150.000
Kostnaður við bankatryggingar o.fl.	"	35.000
	kr.	1.178.218

Þá hefur af hálfu stefnenda verið lagður fram útreikningur á leigugreiðslum fyrir tímabilið 1. apríl 1983 til 31. desember 1986. Stefnendur miða þennan útreikning við að þann 1. desember 1982 greiddu þau í leigu fyrir tveggja herbergja íbúð að Nóatúni 24, hér í borg, kr. 4.100,00 fyrir desember 1982 og fyrir geymslu í bílskúr fyrir húsgögn o.fl. kr. 1.800,00. Skaðabætur þær sem stefnendum voru dæmdar í Hæstarétti voru miðaðar við þessa leigu. Þessar tvær fjárhæðir eru reiknaðar með vísitöluhækkunum og hundraðstöluhækkunum Hagstofu Íslands sbr. dskj. 4 - 5, og því haldið fram að út komi sanngjörn leiga fyrir greint tímabil. Niðurstaða þessa útreiknings nemur kr. 199.964,00 vegna bílskúrsins og kr. 455.515,00 vegna íbúðarinnar eða samtalskr. 655.479,00.

Stefndu gera þá athugasemd við málavaxtalýsingu stefnenda að þau hafi frá því er hæstaréttardómurinn gekk, 31. maí 1985, verið reiðubúin til að afsala stefnendum íbúðinni að Nóatúni 25. Stefnendur hafi hins vegar fyrst birt dóminn í desember 1985 og janúar 1986 og fyrst hafist handa um fullnustu hans með bréfi dags. 16. desember 1986 til yfirborgarfógetans í Reykjavík. Þann 19. desember 1986 hafi stefnendur „depónerað" því sem þau telji rétta greiðslu skv. veðskuldabréfunum, sem þau gáfu út við afsal íbúðarinnar sbr. dskj. 8.

Lögmaður stefndu gerir svohljóðandi grein fyrir málsástæðum:

„*Málsástæður* stefndu eru þær, að krafa stefnenda vegna afnotamissis íbúðarinnar að Nóatúni 25 sé allt of há og að því leyti sem hún eigi við rök að styðjast hafi stefnendur þegar fengið tjón sitt bætt með því að greiða kaupverðið með verðminni krónum en þau hefðu þurft að gera ef um kaupin hefði farið eins og samningur aðila gerði ráð fyrir.

Varðandi fyrri málsástæðuna skal á það bent að varðandi afnotamissi eftir að hæstaréttardómurinn í máli nr. 187/1983 var kveðinn upp hafa stefnendur ekki við aðra að sakast en sig sjálf. Lauslega reiknað eftir mánuðum ætti vægi þessa í kröfugerðinni að vera 37,5% eða kr. 435.000,00. Eftir stæðu þá kr. 725.000,00 af stefnukröfunni.

Síðari málsástæðan er rökstudd með eftirfarandi framreikningi á greiðslum skv. samningi aðila frá gjalddögum til greiðsludags. Lánskjaravísitala er notuð sem verðmælir og niðurstöðurnar bornar saman við greiðslur stefnenda eins og þær voru með vöxtum.

Gjalddagi	*fjárhæð*	*stuðull*	*framreikn.*	*greitt*	*mismunur*
20.09. 82	200.000,00	1542/402	767.164,16		
15.11. 82	100.000,00	1542/444	347.298,28		
15.01. 83	100.000,00	1542/488	315.983,60		
15.03. 83	80.000,00	1542/537	229.720,66		

Gjalddagi	*fjárhæð*	*stuðull*	*framreikn.*	*greitt*	*mismunur*
15.04. 83	100.000,00	1542/569	271.001,75		
15.07. 83	80.000,00	1542/690	178.782,59		
15.08. 83	90.000,00	1542/727	190.894,07		
	750.000,00		2.300.844,11	1.623.013,10	677.831,01
15.10. 83	175.000,00	1542/797	338.582,18		
15.10. 84	140.000,00	1542/929	232.378,89		
15.10. 85	122.500,00	1542/1266	149.206,16		
15.10. 86	105.000,00	1542/1509	107.296,22		
	542.500,00		827.463,45	542.500,00	284.963,45

Hagnaður stefnenda af því að greiðslur drógust nemur því kr. 962.794,46. Stefnendur hafa samkvæmt þessu ekki beðið tjón í umræddum viðskiptum heldur haft af þeim nokkurn hagnað."

Lögmaður meðalgöngustefnanda lýsir málavöxtum svo:

„Meðalgöngustefnandi kveður málavexti þá, að með kaupsamningi dagsettum 1. júlí 1982 hafi hann keypt 2. hæð, bílskúrsréttindi og þakhæð hússins nr. 25 við Nóatún í Reykjavík, ásamt öllu því er eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber, þ.m.t. tilheyrandi leigulóðarréttindi, af meðalgöngustefndu, Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen, fyrir kr. 1.100.000,00.

Meðalgöngustefnandi kveðst hafa fengið afsal fyrir fasteigninni 4. ágúst 1983.

Meðalgöngustefnandi kveður sér hafa orðið það kunnugt, er hann var að ganga frá kaupunum, að meðalgöngustefndu Anna og Sveinn hefðu verið búin að gera kauptilboð í sömu eign, en hann hins vegar fullvissaður um, að því tilboði og samþykki þess hefði verið rift.

Meðalgöngustefnandi kveður raunina hafa orðið aðra, því með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 187/1983, sem kveðinn var upp 31. maí 1985, var því slegið föstu að meðalgöngustefndu, Björg og Rolant, ættu að afsala meðalgöngustefndu Önnu og Sveini, 5 herbergja íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún í Reykjavík, ásamt því er henni fylgir gegn greiðslu á kr. 1.250.000,00.

Meðalgöngustefndu Anna og Sveinn gerðu engan reka að því að fá nefndum dómi fullnægt, þannig var hann ekki birtur dómþolunum, Björgu og Rolant fyrr en eftir miðjan desember 1985 og í janúar eða febrúar 1986.

Meðalgöngustefnandi kveður meðalgöngustefndu ekkert samband hafa haft við sig utan það að í mars 1986 var rætt um það hvernig gera mætti mál vegna Nóatúns 25 upp.

Meðalgöngustefnandi kveðst þegar á árinu 1985, er dómur var fallinn, hafa farið að velta því fyrir sér hver réttarstaða hans væri í máli þessu. Kveðst hann fljótlega hafa komist að raun um það að hæstaréttardómurinn bindi hann ekki á neinn hátt. Hins vegar væri sér ekki akkur í að standa í vegi gegn því að dómnum væri fullnægt ef tryggt yrði að hann fengi kaupverðið endurgreitt með verðbótum. Meðalgöngustefnandi kveðst hafa á þeim tíma er hann bjó í húsinu hafa litið svo á að hann ætti íbúðina og það hafi borgar- og skattayfirvöld og gert. Hann kveðst því hafa lagfært hana á ýmsan hátt, svo sem endurglerjað, teppalagt, lagfært hitakerfi og málað en kostnaður við þetta hafi verið á verðlagi áranna 1983-1984 kr. 121.672,15. Meðalgöngustefnandi kveður nefnda fjárhæð vera þá krónutölu sem hann hafi beinlínis lagt út og fengið nótur fyrir en ekkert tillit sé þar tekið til eigin vinnu og staðgreiðsluviðskipta án kvittana.

Eins og fyrr segir kveðst meðalgöngustefnandi ekki hafa viljað standa því í vegi að meðalgöngustefndu, Anna og Sveinn, fengju fasteignina að Nóatúni 25 enda yrði tryggt að hann kæmi skaðlaus frá viðskiptunum. Til að átta sig á því hvert væri verðmæti fasteignarinnar kveðst meðalgöngustefnandi því hafa fengið þrjá valinkunna fasteignasala til að meta verðmæti hennar.

Meðalgöngustefnandi kveður lýsingu þeirra og mat á eigninni hafa legið fyrir 10. júlí 1985. Samkvæmt matinu var talið unnt að selja eignina þá fyrir kr. 3.050.000.

Í dag kveður meðalgöngustefnandi hins vegar að söluverð fasteignarinnar sé um eða yfir kr. 4.000.000.“

Lögmaðurinn reifar málsástæður meðalgöngustefnanda á eftirfarandi hátt:

„Meðalgöngustefnandi byggir kröfu sína um meðalgöngu á því, að þar sem dómsúrslit aðalsakarinnar hafi veruleg áhrif á möguleika meðalgöngustefndu Bjargar og Rolants til að endurgreiða kaupverð Nóatúns 25 og þar með gera meðalgöngustefnanda fært að rýma það og flytja í nýtt húsnæði og láta þar með meðalgöngustefndu Önnu og Sveini í té umráð fasteignarinnar Nóatún 25, þá sé sér meðalgangan heimil samkvæmt 50. gr. laga nr. 85, 1936.

Kröfu sína um sýknu til handa meðalgöngustefndu, Björgu og Rolant, byggir meðalgöngustefnandi á því að meðalgöngustefndu Anna og Sveinn, fái nú fyrir miklu verðminni peninga miklu verðmeiri fasteign. Ekkert afnotamissistjón hafi verið sannað, þar sem meðalgöngustefndu hafi ekki leigt frá 1982 til dagsins í dag heldur búið í eigin húsnæði. Vera megi að þau eigi kröfu um leigu en ef svo sé þá sé hún og greidd með viðhalds- og viðgerðarkostnaði svo og greiðslu opinberra gjalda.

Af framansögðu leiðir að ekki ber að staðfesta löghaldsgerðina.“

Af hálfu aðalstefnenda, Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, er því algjörlega mótmælt að löghaldsgerð þeirra hafi valdið Hafliða Guðjónssyni truflun eða óþægindum. Þá er því mótmælt að dómsúrslit í þessu máli geti haft veruleg áhrif á möguleika hans til þess að fá greiðslu, enda hafi hann hvorki fært líkur né sönnur að því. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 31. maí 1985 sé ljóst, að Hafliði hafi enga aðild átt að skiptum eða málaferlum milli aðalstefnenda og aðalstefndu varðandi kaup á eignarhlutanum að Nóatúni 25. Þegar af þeirri ástæðu sé kaupverð eignarinnar og greiðsla þess honum algjörlega óviðkomandi. Sama sé að segja um bótakröfur aðalstefnenda. Þær og úrslit þessa máls skipti hann engu að lögum.

Af hálfu aðalstefndu er tekið undir málavaxtalýsingu meðalgöngustefnanda og talið að hann geti átt lögmætra hagsmuna að gæta í málinu.

Stefnendur hafa komið fyrir dóm.

Álit dómsins.

Stefnendur gera hér kröfu um kr. 1.160.000,00 í bætur vegna tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna þess að afnotum íbúðarinnar að Nóatúni 25 hafi verið haldið fyrir þeim tímabilið 28. desember 1982 til 18. desember 1986.

Þau fengu með dómi Hæstaréttar dags. 31. maí 1985 dæmdar bætur vegna greiddrar leigu á tveggja herbergja íbúð að Nóatúni 24 og bílskúrs tímabilið 15. júlí 1982 til 28. desember 1982. Við yfirheyrslur hér fyrir dómi upplýstu stefnendur að þeim leiguafnotum hafi verið hætt í desember 1982 eða janúar 1983. Þau hafa því fengið þann kostnað bættan.

Eftir þennan tíma hafa stefnendur búið í eigin húsnæði á Álfhólsvegi í Kópavogi. Þrátt fyrir þetta miða stefnendur rökstuðning sinn í greinargerð við leigu eftir tveggja herbergja íbúðina og bílskúrinn. Samkvæmt útreikningi þeirra hefði sú leiga numið kr. 655.479,00 fyrir kröfutímabilið hefði hún fylgt hækkunum þeim er Hagstofa Íslands hefur reiknað út á leigufjárhæðum húsnæðis. Aðrar tölulegar viðmiðanir er ekki að finna í greinargerð.

Í þinghaldi 17. janúar sl. skoraði dómari málsins á stefnendur að leggja fram sundurliðun krafna sinna, útreikning hvers kröfuliðar fyrir sig og gögn þeim til styrktar. Af þessu tilefni lögðu stefnendur í þinghaldi 27. apríl sl. fram eftirfarandi sundurliðun krafna sinna:

1.	Bætur fyrir afnotamissi	kr.	983.218,00
2.	Ferðakostnaður stefnanda Önnu Sigríðar vegna vinnu í Reykjavík	kr.	10.000,00
3.	Bætur vegna teknamissis stefnenda	kr.	150.000,00
4.	Kostnaður við bankatryggingar o.fl.	kr.	35.000,00
	Samtals	kr.	1.178.218,00

Til styrktar 1. lið kröfugerðar sinnar lögðu stefnendur fram útreikning á þeim kr. 655.479,00 sem áður eru tilgreindar, og miðaðar eru við leigu þeirrar íbúðar og þess bílskúrs sem þau höfðu yfirgefið fyrir kröfutímabilið. Fyrir kröfuliðum 2 - 3 voru engin gögn lögð fram. Fyrir lið 4 voru lagðar fram tvær bankanótur, hvor að fjárhæð kr. 3.000,00. Önnur reikningsleg rök hafa ekki verið færð fram fyrir kröfugerð stefnenda.

Stefndu halda því fram að hafi stefnendur átt rétt á bótum sé tjón þeirra þegar bætt. Byggja þeir það á framreikningi greiðslu skv. kaupsamningi íbúðarinnar að Nóatúni 25. Nota þeir lánskjaravísitölu sem verðmæli. Þeir bera síðan niðurstöðurnar saman við greiðslur stefnenda með vöxtum og fá út að stefnendur hafi hagnast um kr. 962.794,46 á því að greiðslur drógust.

Ekki er fyrir það að synja, að stefnendur geti hafa orðið fyrir tjóni vegna viðskiptanna við stefndu, í viðbót við það sem þau fengu bætt með dómi Hæstaréttar frá 31. maí 1985. Það tjón geta þau reynt að sýna fram á, annaðhvort með gögnum um beint tjón af viðskiptunum eða um missi hugsanlegs nettóhagnaðar af íbúðinni að Nóatúni 25. Hér er þetta ekki gert. Í málinu miða þau afnotamissinn við leigu íbúðar og bílskúrs, sem þau leigðu fyrir kröfutímabilið og bæta við þann útreikning óútskýrðri upphæð. Fullnægjandi gögn finnast ekki í málinu um sanngjarnan afrakstur íbúðarinnar að Nóatúni 25 að frádregnum afgjöldum og ef til vill endurbótum eða viðbótum við eignina. Engin gögn eru um kröfuliði 2 - 3 og rökstuðningur óskýr. Ljóst er að stefnendur hafa orðið fyrir einhverjum bankakostnaði, en óljóst er hver hann var.

Stefndu hafa að sínu leyti hækkað verð íbúðarinnar miðað við lánskjaravísitölu og telja stefnendum þannig bætt hugsanlegt tjón þeirra. Hækkanir á fasteignamarkaðnum hér hafa ekki farið eftir lánskjaravísitölu. Stefndu hafa á þann hátt ekki sýnt fram á eignaaukningu stefnenda af drætti greiðslnanna, hafi þeir viljað það.

Af því sem hér hefur verið reifað þykir ljóst að dómur verði ekki lagður á kröfur aðila vegna vanreifunar. Aðalsökinni í málinu er því skv. 116. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 105. og 114. gr. sömu laga vísað sjálfkrafa frá dómi. Sama þykir eiga að gilda um meðalgöngusökina, þar sem hún er afleidd af aðalsökinni.

Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er í heild sinni vísað frá dómi. Hver aðila skal bera sinn kostnað af málinu.

Mánudaginn 19. október 1987.

Nr. 229/1986. **Íþróttasamband Íslands og nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Páli Sigmarssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hdl.)

Íþróttafélög. Lyfjapróf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1986 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, auk 10% söluskatts til ríkissjóðs af málskostnaði.

Stefndi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að þar sem tímabil það, sem hinum umdeilda úrskurði var ætlað að gilda, sé liðið, hafi áfrýjandi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm Hæstaréttar fyrir því, að úrskurðurinn taki gildi. Samkvæmt því og þar sem engar fjárkröfur séu hafðar uppi í málinu geti dómur í málinu aðeins haft þýðingu sem lögfræðilegt álit um atriði, sem varði innri málefni áfrýjanda, og beri því að vísa málinu frá Hæstarétti samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Telja verður, að það skipti áfrýjendur máli að lögum að fá efnisdóm í máli þessu og standa hvorki 66. gr. né 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, því í vegi, að málið verði dæmt í Hæstarétti. Er því frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Aðila máls þessa greinir á, hvort stefndi hafi sagt sig úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Samkvæmt 5. gr. félagslaga þess skal úrsögn úr einstökum íþróttadeildum tilkynnt deildarstjórn skriflega.

Samkvæmt framburði stefnda sjálfs sem hann hefur vísað til, lét hann þau orð meðal annars falla í desembermánuði 1984 við fyrirsvarsmann lyftingadeildar, að hann „ætlaði" að fara í atvinnumennsku og „myndi" ganga úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og verður ekki talið að í þessum ummælum felist endanleg ákvörðun um úrsögn. Samkvæmt því er ósannað, að stefndi hafi á þessum tíma eða síðar sagt sig úr umræddu félagi eða lyftingadeild þess.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að stefndi hafi verið bundinn af reglugerð Íþróttasambands Íslands frá 1982 um eftirlit með notkun örvunarefna, svo sem reglugerð þessari var breytt 31. mars 1984. Samkvæmt 3. gr. þeirra reglna er íþróttamanni, sem valinn er til lyfjaeftirlits, skylt að láta skoða sig í samræmi við gildandi reglur. Neiti hann slíkri skoðun, er hann samkvæmt ákvæðum sömu greinar, útilokaður frá þátttöku í íþróttamótum innan allra sérsambanda Íþróttasambands Íslands í minnst tvö ár.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi fékk boð um að koma til lyfjaprófs á ákveðnum tíma. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þeirri boðun hafi verið svo áfátt, að hann hafi ekki verið af henni bundinn. Fyrrgreind ákvæði 3. gr. reglna um eftirlit með notkun örvunarefna geyma einföld og afdráttarlaus ákvæði um það, hvaða viðurlögum það varði, ef íþróttamaður sinnir ekki kvaðningu til lyfjaprófs. Ákvörðun um að beita stefnda nefndum viðurlögum var tekin af sérstakri nefnd, sem til þess var bær samkvæmt 8. gr. í síðastgreindri reglugerð. Hefur stefndi ekki bent á nein atriði, sem máli gátu skipt, þótt hann kæmi þeim á framfæri við nefndina, áður en sá úrskurður gekk, sem krafist er ógildingar á í máli þessu. Verður ekki talið, að úrskurðinum hafi af þessum eða öðrum ástæðum verið svo áfátt, að hann verði dæmdur ógildur.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að sýkna ber áfrýjendur af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Afrýjendur, Íþróttasamband Íslands og nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Jóns Páls Sigmarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um, að ekki beri að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Við teljum ósannað, að úrsögn stefnda úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur hafi verið búin að taka gildi, þegar hann var boðaður í lyfjaprófun í febrúar 1985, og var hann því undir lögsögu Íþróttasambands Íslands kominn. Þótt nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, sem úrskurðaði stefnda í tveggja ára keppnisbann, sé ekki einn af dómstólum Íþróttasambands Íslands, þá hefur hún víðtækt úrskurðarvald, og er full ástæða til að krefjast þess, að hún gæti sömu reglna við meðferð mála og dómstólum Í.S.Í er gert að gera.

Með þessum athugasemdum teljum við að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans. Við erum sammála meiri hluta dómenda um að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. apríl sl., var höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 27. og 28. september og 2. október 1985 af Jóni Páli Sigmarssyni aflraunamanni, nnr. 5182-1815, nú til heimilis að Hraunbæ 40, Reykjavík, gegn Sveini Björnssyni forseta Íþróttasambands Íslands f.h. Íþróttasambands Íslands, nnr. 4843-2441, Íþróttamiðstöðinni, Laugardal, Reykjavík, og nefnd samkvæmt 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna þeim Hannesi Þorsteini Sigurðssyni forstöðumanni, nnr. 3729-1439, Rauðagerði 12, Reykjavík, Jóni Ármanni Héðinssyni, nnr. 5144-6542, Birkigrund 59, Kópavogi, Stefáni Carlssyni lækni, nnr. 8352-2321, Hraunbæ 148, Reykjavík, Magnúsi B. Einarssyni lækni, nnr. 6252-1007, Hvassaleiti 145, Reykjavík, og Guðmundi Þórarinssyni íþróttakennara, nnr. 3117-4740, Bólstaðarhlíð 44, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að úrskurður nefndar samkvæmt 8. gr. reglugerðar ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna verði dæmdur ógildur, en hann er svohljóðandi:

„Með hliðsjón af framlögðum gögnum og ákvæðum reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna úrskurðast eftirfarandi:

Jón Páll Sigmarsson KR telst hafa gerst brotlegur við 3. gr. reglugerðar-

innar með því að mæta ekki til lyfjaeftirlits sem hann var boðaður til þann 25. marz 1985 og útilokast því frá þátttöku í íþróttamótum innan allra sérsambanda ÍSÍ í tvö ár frá þeim degi að telja."

Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, að undanskildum minnihluta nefndar skv. 8. gr. reglugerðar, Guðmundi Þórarinssyni, samkvæmt gjaldskrá LMFÍ sbr. framlagðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 162.300,00.

Stefndu Íþróttasamband Islands ÍSÍ og meirihluti hinnar stefndu nefndar, þeir Hannes Þ. Sigurðsson, Jón Ármann Héðinsson, Stefán Carlsson og Magnús B. Einarsson gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Guðmundur Þórarinsson, minnihluti hinnar stefndu nefndar, krefst sýknu að því leyti sem kröfum væri persónulega beint gegn honum, en tekur undir kröfur stefnanda um ógildingu úrskurðar.

Stefnandi styður kröfu sína tvenns konar rökum. Í fyrsta lagi að stefndu hafi ekki haft lögsögu yfir honum þegar úrskurðurinn hafi verið uppkveðinn, og í öðru lagi að verði ekki á það fallist, þá sé úrskurðurinn ólögmætur efnislega og vegna meðferðar málsins hjá hinni stefndu nefnd.

Stefnandi kveðst hafa verið félagi í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur (KR) og æft í lyftingadeild félagsins þar til hann hafi sagt við Viðar Sigurðsson, stjórnarmann í lyftingadeild KR, í desember 1984 að hann hygðist verða atvinnumaður í kraftlyftingum og hann færi því úr félaginu þar sem það samræmdist ekki áhugamannafélagi að stunda atvinnumennsku. Í febrúar 1985 hafi hann síðan farið til útlanda í keppnisferð, og komið heim um helgina 2. mars 1985. Hinn 12. mars hafi starfsmaður stefnda, Hermann Guðmundsson, hringt til Ólafs Sigurgeirssonar og óskað þess að stefnandi yrði boðaður í lyftingapróf 13. mars kl. 16.15, og símtalinu hafi verið fylgt eftir með hraðskeyti. Ólafur Sigurgeirsson hafi þá sent stefnda svohljóðandi símskeyti hinn 13. mars 1985.

„Vegna skeytis er ég fékk í gær vil ég taka fram að Kraftlyftinganefnd LSÍ er ekki lengur til og ég sjálfur er ekki lengur í stjórn LSÍ. Jón Páll Sigmarsson er ekki félagsbundinn í neinu íþróttafélagi, hann æfir í líkamsrækt fyrir almenning er rekin er af hlutafélagi. Hann er meðlimur í nýstofnuðu Kraftlyftingasambandi eins og allir kraftlyftingamenn Íslands. Það samband sér um allar lyfjaprófanir sem gerðar verða á Jóni Páli og öðrum kraftlyftingamönnum í samráði við IPF meðan sambandið er utan ÍSÍ."

Með símskeyti þessu hafi Ólafur Sigurgeirsson neitað að boða stefnanda til lyfjaprófs 13. mars og hafi neitun þessi orðið undirrót mikilla blaðaskrifa og fjölmiðlaumfjöllunar.

Aðdragandi þessa hafi verið að á fundi lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ hinn 18. febrúar 1985 hafi verið ákveðið að stefnandi ásamt tólf öðrum íþróttamönnum gengju undir lyfjaeftirlitspróf miðvikudaginn 27. febrúar milli kl. 17.00 - 18.30 í húsakynnum stefnda í Laugardal. Þá hafi verið haft samband við Ólaf Sigurgeirsson sem þá hafi verið formaður Kraftlyftinganefndar Lyftingasambands Íslands (LSÍ), sem hafi skýrt frá því að stefnandi væri í útlöndum, og hafi Ólafur boðið formanni nefndarinnar, Alfreð Þorsteinssyni, að tilnefna einhvern annan kraftlyftingamann til prófsins. Það hafi ekki verið þegið, en sagt að stefnandi væri væntanlegur til landsins og þá mætti lyfjaprófa hann.

Hinn 28. febrúar 1985 hafi Lyftingasamband Íslands sent stefnda ÍSÍ bréf þar sem tilkynnt var að á stjórnarfundi LSÍ sama dag hafi verið ákveðið að sambandið hætti afskiptum af kraftlyftingum hér á landi. Ástæður þessa voru tilgreindar aðallega að ólympískar lyftingar og kraftlyftingar séu tvær aðskildar greinar með tvö aðskilin alþjóðasambönd, en fjárframlaga til LSÍ frá ÍSÍ sé einungis fyrir eina íþrótt. Auk þessa séu kraftlyftingar að útrýma ólympískum lyftingum hér á landi. Bréfi þessu svaraði stefndi ÍSÍ með bréfi 14. mars 1985, þar sem lýst var ályktun fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ daginn áður svohljóðandi:

„Með þessari ákvörðun hefur stjórn LSÍ farið langt út fyrir valdsvið sitt. Það er ekki í hennar valdi, né hennar hlutverk að ákveða svo stórkostlega skipulagsbreytingu og þá að Lyftingasamband Íslands hætti afskiptum af kraftlyftingum hér á landi.

Slík ráðstöfun, þ.e. að skilja kraftlyftingar frá öðrum lyftingum, myndi því aðeins öðlast gildi að lögum Lyftingasambands Íslands væri breytt á þingi sambandsins og sambandsstjórnarfundur ÍSÍ staðfesti slíkt með lagabreytingu.

Af þessu leiðir að nefnd ákvörðun stjórnar Lyftingasambandsins er ekki marktæk og telur framkvæmdastjórn ÍSÍ að stjórn Lyftingasambandsins beri ótvíræð skylda til þess að sinna kraftlyftingum sem öðrum lyftingamálum samanber lög Lyftingasambands Íslands."

Í millitíðinni, hinn 2. mars 1985, höfðu kraftlyftingamenn stofnað Kraftlyftingasamband Íslands (KRAFT) og hafði Ólafur Sigurgeirsson verið kosinn formaður. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ hinn 13. mars 1985 voru bæði mál þessi tekin fyrir. Varðandi mál stefnanda Jóns Páls var bókað að lyfjaeftirlitsnefnd lagði mál þetta fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ, sem samþykkti að vísa því til nefndar er fjalla á um brot á reglugerð ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna, á grundvelli fyrrgreinds símskeytis Ólafs Sigurgeirssonar til stefnda ÍSÍ.

Stefndi ÍSÍ efndi til blaðamannafundar 20. mars 1985 til þess að kynna sjónarmið ÍSÍ til hins nýstofnaða Kraftlyftingasambands Íslands og til þess

að ræða um lyfjapróf íþróttamanna. Í blöðum daginn eftir var mjög fjallað um þetta og því lýst að refsingin við því að neita að mæta í lyfjaprófi væri að minnsta kosti tveggja ára keppnisbann. Stefnandi kveður ríkisfjölmiðlana hafa fylgt málinu eftir og fjallað um það í fréttaskýringaþættinum Kastljósi föstudaginn 22. mars 1985. Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda ÍSÍ, hafi 25. mars rætt við sig tilboð formanns lyfjaeftirlitsnefndarinnar um að hann kæmi til lyfjaprófs næstu daga þá á eftir, en því hafi stefnandi hafnað.

Með bréfi 18. apríl 1985 hafi sér borist úrskurður sá sem hér sé krafist ógildingar á, án þess nokkru sinni að hafa verið kallaður fyrir nefnd þá sem kvað hann upp. Þá hafi verið ljóst og vitað frá 13. mars að stefnandi væri ekki og hefði ekki verið í KR síðan í desember 1984, og því ekki innan vébanda ÍSÍ. Í ljós sé leitt að nefndin hafi leitað til KR með bréfi 10. apríl 1985 til þess að fá upplýsingar um hvort stefnandi væri genginn úr félaginu og gögn sem sönnuðu það. Gögnin hafi borist nefndinni, en samt hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp af meirihluta nefndarinnar 15. apríl 1985. Í ljós sé leitt hér í málinu með framlagningu gagna að málsmeðferð öll hafi verið með eindæmum. Nefndin hafi fengið öll gögn um að stefnandi hafi sagt sig úr KR á venjulegan hátt í desember 1984 og að ekki tíðkaðist að menn segðu sig skriflega úr félagi. Stefnandi hafi því sannað hér í málinu að ekki sé farið eftir reglum KR sem kveði á um skriflega úrsögn, nema í sérstökum undantekningartilfellum sem varði keppni með öðru félagi. Stefnandi hafi því ekki verið undir lögsögu ÍSÍ þegar aðförin að honum hafi verið gerð.

Fallist dómurinn ekki á þetta og telji að stefnandi hafi enn verið formlega í KR og því í lögsögu stefnda ÍSÍ, þá beri stefnandi fyrir sig að úrskurðurinn sé ólögmætur efnislega. Stefndi ÍSÍ hafi ekki lagaheimild í íþróttalögum til þess að setja reglur um líferni íþróttamanna á milli opinberra keppnismóta. Stefndi hafi því ekki heimild er skyldi íþróttamenn til að gangast undir lyfjaeftirlitspróf nema slíkt próf sé liður í eftirliti stefnda með opinberri íþróttakeppni í grein sem lúti lögsögu stefnda. Þá bendi stefnandi á að setji stefndi reglur um lyfjaprófanir í keppni, þá verði þær að vera í samræmi við aðrar reglur, eins og alþjóðlegar reglur um lyfjaeftirlit kraftlyftingamanna.

Í þriðja lagi telji stefnandi úrskurðinn ólögmætan vegna þess að lyfjaeftirlitsnefnd hafi í störfum sínum sjálf brotið 2. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, er hún lagði grunn að því lyfjaprófi sem stefnandi átti að mæta í. Nefndarmenn hafi einir sér og án nokkurs samráðs eða samvinnu við sérsambönd innan vébanda stefnda ákveðið á fundi 18. febrúar 1985 að stefnandi ásamt tólf öðrum íþróttamönnum skyldi mæta til lyfjaprófs miðvikudaginn 28. febrúar 1985 kl. 17.00 - 18.30. Nefndin

hafi verið andsnúin samráði eða samvinnu um boðun til lyfjaeftirlits, þar sem tillögu þáverandi formanns kraftlyftinganefndar LSÍ um lyfjaprófun á öðrum kraftlyftingamanni en stefnanda hafi verið hafnað og sagt að hann, þ.e. stefnandi, gæti komið til prófsins þegar hann kæmi að utan. 2. gr. reglugerðarinnar mæli fyrir um samvinnu við viðkomandi sérsamband, og eða fyrirvaralaust á íþróttaæfingum, íþróttamótum og alþjóðamótum (sic). Þarna hafi ekki verið um íþróttamót að ræða heldur tímabil á milli móta, og því hafi þurft samvinnu við LSÍ til þess að eftir ákvæði reglugerðarinnar væri farið. Þetta hafi verið í fyrsta skipti sem lyfjapróf af þessu tæi hafi verið ákveðið, þ.e. án þess að um keppni væri að ræða, og því hafi ekki reynt á þetta áður.

Í fjórða lagi bendi stefnandi á að úrskurðinn beri að ógilda vegna þess að meðferð málsins hjá hinni stefndu nefnd hafi farið í bága við grundvallarreglur réttarfars. Nefnd þessi sé dómstóll á vegum stefnda ÍSÍ. ÍSÍ sé stjórnvald og komi fram fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á sviði íþróttamála. Hann hafi ekki verið persónulega boðaður til lyfjaprófs fyrr en 25. mars 1985 er Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda ÍSÍ, hafi rætt við sig tilboð formanns nefndarinnar, Alfreðs Guðmundssonar, sem hann hafi gefið í sjónvarpsþætti 22. mars. Þetta hafi verið einkaframtak formannsins til þess að leysa einhvern vanda sem hann og nefndin hafi þá verið komin í, og engra formreglna hafi því verið gætt. Síðan hafi stefnandi ekki verið boðaður á einn eða annan stað til þess að gæta réttar síns er hin stefnda nefnd hafi haft mál hans til meðferðar. Slík vinnubrögð séu brýnt brot á meginreglum réttarfars svo sem reglum um birtingar og andmælareglunni. Stjórnvöld hafi þá brýnu skyldu að gefa mönnum kost á að tjá sig áður en úrskurður er upp kveðinn í máli þeirra. Regla þessi sé lögfest í lögum um meðferð mála fyrir dómstólum landsins, og nefndin hefði einnig átt að hafa hana í heiðri. Komi í ljós að aðila hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um kröfur á hendur honum fyrir úrskurðaraðila leiði það til ógildingar úrskurðarins.

Stefnandi leggur áherslu á að stefnda hafi verið kunnugt að frá og með 2. mars 1985 hafi stefnandi ásamt flestum kraftlyftingamönnum hér á landi stundað kraftlyftingar á vegum Kraftlyftingasambands Íslands sem standi enn utan vébanda stefnda. Þátttöku í KRAFT kveði stefnandi sér heimila og stefnda óviðkomandi meðan félagafrelsi ríki hér á landi, og þess vegna geti stefndi ekki skikkað sig til lyfjaprófs þegar stefnda henti.

Stefndu ÍSÍ og meirihluti nefndar mótmæla sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning þeirri málsástæðu stefnanda að stefnandi hafi verið genginn úr KR og að úrskurðurinn hafi verið ólöglegur af þeirri ástæðu.

Stefndu gera ekki kröfu um frávísun málsins en benda á að 26. gr.

íþróttalaga nr. 49/1975 ætti að leiða til sjálfkrafa frávísunar. Þar sé kveðið á að ágreiningi út af skilningi á lögunum skuli skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn að hann heyri undir dómstóla. Þessi nefnd sé réttur aðili til að skera úr um bærni ÍSÍ til að setja reglur um lyfjaprófanir og um málsmeðferð við slíkar prófanir. Stefnanda hafi bréflega verið tilkynnt niðurstaða hins umdeilda úrskurðar og þá bent á að heimilt væri að áfrýja úrskurðinum til dómstóls ÍSÍ. Þótt dómstólar eigi skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda verði ekki af því ákvæði leidd heimild dómstóla til að skera úr um þau atriði sem krafist sé af stefnanda í þessu máli.

Sýknukröfu sína styðja stefndu í fyrsta lagi þeim rökum að hinn umdeildi úrskurður hafi verið kveðinn upp á lögmætum grundvelli. Stefnandi hafi gerst meðlimur í íþróttafélagi innan vébanda ÍSÍ og þar með skuldbundið sig til að hlíta reglum þess félags, þ.e. KR, og sérsambandsins, Lyftingasambands Íslands og reglum ÍSÍ. Stefnandi hafði ekki löglega sagt sig úr KR þar sem lög félagsins kveði á um að úrsögn skuli vera skrifleg. Upplýst sé að eftir þessu sé stranglega gengið þegar maður gengur úr félagi til þess að keppa fyrir annað félag í sömu íþróttagrein. Þessu megi alfarið jafna við slíkt tilvik. Hér hafi stefnandi sagst hafa gengið úr KR þegar hann hafi verið kallaður til lyfjaprófs. Hann hefði því átt að hafa gert úrsögn sína skriflega til þess að ekkert færi á milli mála. Úrskurðurinn hafi síðan verið kveðinn upp skv. reglugerð sem sett hafi verið af ÍSÍ á Íþróttaþingi eins og lög geri ráð fyrir. Ákvörðun stjórnar Lyftingasambands Íslands um að skipta sér ekki frekar af kraftlyftingum hafi ekki getað tekið gildi tafarlaust. Samkvæmt 2. gr. laga LSÍ hafi það yfirstjórn allra íslenskra lyftinga, en lagabreytingin hafi ekki verið afgreidd fyrr en á Lyftingaþingi í nóvember 1985. Lagabreytingin þurfi staðfestingu Sambandsstjórnar ÍSÍ til þess að öðlast gildi.

Stefndu mótmæla því að stofnun Kraftlyftingasambands Íslands og þátttaka stefnanda í því komi í veg fyrir heimild stefnda ÍSÍ til að boða stefnanda til lyfjaprófs og úrskurða um viðurlög. Það að reglur þær sem ÍSÍ hafi sett um lyfjaeftirlit samrýmist ekki reglum Alþjóðakraftlyftingasambandsins breyti engu um lögmætan grundvöll úrskurðarins. Stangist alþjóðlegar reglur á við reglur ÍSÍ gangi íslensku reglurnar framar, og þær þurfi að gilda um íþróttamenn allra sérsambanda innan ÍSÍ. Löggjöf um íþróttir leiði til þess að ÍSÍ hafi á hendi yfirstjórn frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og því réttur aðili til að halda uppi eftirliti með því að ólöglegra lyfja sé ekki neytt af íþróttamönnum.

Í öðru lagi sé sýknukrafan byggð á því að málsmeðferð varðandi lyfjaprófin og uppkvaðningu hins umdeilda úrskurðar sé ekki haldin slíkum ágöllum sem leiði til að ógilda beri úrskurðinn. Því sé mótmælt að lyfja-

eftirlitsnefnd hafi við boðun til lyfjaprófs brotið 2. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna. Samráð við sérsamböndin felist í milligöngu formanna sérsambanda um boðunina og aðstoð við val manna. Í samráði felist m.a. að fá aðra menn til prófs en nefndin hafi upphaflega fyrirhugað ef til þess eru gild rök, svo sem að viðkomandi sé ekki í þjálfun. Ekkert slíkt hafi átt við um stefnanda. Hann hafi verið löglega boðaður til lyfjaprófs og að eigin sögn hafnað því.

Stefndu vísa fullyrðingum stefnanda um brot á reglum um birtingar og andmælareglu á bug. Þegar hin stefnda nefnd hafi komið saman til að kveða upp hinn umdeilda úrskurð hafi legið fyrir að stefnandi hefði ekki sinnt boðun til lyfjaprófs. Viðurlög við slíku séu ákveðin í reglugerðinni og verði ekki séð á hvern hátt annan stefnanda hafi verið þörf að gæta réttar síns en að fara fram á að á honum yrði gert lyfjapróf. Stefnandi hafi ekki notað rétt sinn til að áfrýja úrskurðinum til Íþróttadómstóls ÍSÍ skv. 9. gr. reglugerðarinnar. Einnig sé mótmælt að stefnanda hafi ekki verið birtur úrskurðurinn með eðlilegum hætti. Birtingin hafi verið eðlileg, en hins vegar sé ljóst að galli á birtingu geti ekki varðað ógildingu úrskurðarins.

Stefndi Guðmundur Þórarinsson sem skipaði minnihluta hinnar stefndu nefndar, tók undir málsútlistun stefnanda og kröfu hans um að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Hann hafi lagt fram frávísunartillögu í nefndinni sem hafi byggst á því að stefnandi væri ekki meðlimur í íþróttafélagi innan ÍSÍ. Stefnandi hafi sagt sig úr félagi sínu á þann máta er tíðkast hafi um áratugaskeið og því hafi sá máti, þ.e. munnleg úrsögn, öðlast hefð.

Niðurstaða.

Telja verður að málsástæða stefnanda um að hann hafi ekki verið í félagi innan vébanda stefnda ÍSÍ felist í framkomnum málsástæðum hans í greinargerð og að hún sé því ekki of seint fram komin.

Telja verður að 26. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 standi ekki í vegi fyrir því að stefnandi geti lagt mál sitt beint fyrir almenna dómstóla landsins, þar sem hér er um mikla einstaklingshagsmuni að ræða.

Ekki verður fallist á með stefnanda að sýnt sé að hann hafi á lögfullan hátt sagt sig úr lyftingadeild KR í desember 1984 og að stefndu hafi því ekki haft lögsögu yfir honum og að þegar af þessari ástæðu beri að ógilda úrskurðinn frá 15. apríl 1985. Er þar um slíkt vafamál að ræða sem útkljá hefði þurft af þar til bærum úrskurðaraðilum stefnda ÍSÍ samkvæmt íþróttalögum.

Ekki verður heldur fallist á með stefnanda að úrskurðurinn sé ólögmætur vegna þess að stefndi ÍSÍ hafi ekki haft heimild til að setja reglur er skyldi íþróttamenn til að gangast undir lyfjapróf á milli opinberra keppnismóta.

Stefndi ÍSÍ hefur í samræmi við hlutverk sitt tekið að sér að berjast gegn þeim vágesti sem ólögleg lyfja- og efnanotkun íþróttamanna er og hefur sett reglur þar að lútandi á lögformlegan hátt.

Enn verður ekki fallist á að úrskurðinn beri að ógilda vegna þess að nægilegt samráð skv. 2. gr. reglugerðar hafi ekki verið viðhaft.

Er þá komið að málsástæðu stefnanda sem lýtur að meðferð málsins hjá hinni stefndu nefnd.

Stefndu ÍSÍ og meiri hluta nefndar skv. 8. gr. reglugerðar ÍSÍ mátti vera fullljóst að ástæður stefnanda fyrir því að mæta ekki til lyfjaprófs þess sem hann var boðaður til 25. mars 1985 voru bæði að hann taldi sig ekki í félagi innan vébanda ÍSÍ og einnig, að hann taldi sig ekki vera frekar en flestallir kraftlyftingamenn lengur í Lyftingasambandi Íslands, þar sem þeir höfðu hinn 2. mars 1985 stofnað Kraftlyftingasamband Íslands. Andmæli voru af hálfu stefnda ÍSÍ við stofnun hins nýja Kraftlyftingasambands, og hafði það ekki hlotið aðild að ÍSÍ. Þegar svo stóð á var rík ástæða til að boða stefnanda sérstaklega fyrir nefndina og skjóta álitaefninu um félagsaðild stefnanda og lögmæti hins nýstofnaða Kraftlyftingasambands Íslands til þar til bærs úrskurðaraðila stefnda ÍSÍ áður en nefndin tæki afstöðu til þess hvort stefnandi hefði með hátterni sínu gerst brotlegur við reglugerð um eftirlit með notkun örvunarefna. Hér var um grundvallaratriði varðandi félagsaðild einstaklings að ræða og varðandi lögmæti annars félags, sem ekki verður úrskurðað um í sérstakri nefnd sem hefur annað hlutverk, nema um slíkt sé full samstaða málsaðilja og að einstaklingar fái að tala máli sínu og svara til saka.

Þegar þetta er virt verður að telja að skortur á að gefa stefnanda kost á að skýra mál sitt fyrir nefndinni og að ekki var hlutast til um að ágreiningur um félagsaðild og félagsstofnun væri útkljáður af þar til bærum aðilum, áður en úrskurðarefni skv. reglugerð um eftirlit með notkun örvunarefna væri tekið fyrir í nefndinni, valdi því að hinn umdeildi úrskurður hafi ekki verið byggður á lögmætum grundvelli. Ber því að fallast á með stefnanda að ógilda beri úrskurðinn.

Eftir öllum atvikum er rétt að hver aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna sérstaks umfangs málsins.

Dómsorð:

Framangreindur úrskurður nefndar skv. 8. gr. reglugerðar ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna er dæmdur ógildur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. október 1987.

Nr. 258/1986. **Miðneshreppur**
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
utanríkisráðherra
f.h. ríkissjóðs
vegna flugstöðvarbyggingar
á Keflavíkurflugvelli
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lögtaksréttur fyrndur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ.Torfason og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s.m. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru svohljóðandi:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 572.120,00 auk 2,5% mánaðarvaxta af þeirri fjárhæð frá 23. mars 1984 til 1. september 1984, 2,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. apríl 1987, 2,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Ennfremur verði stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig verði stefndi dæmdur til að þola lögtak í eignum stefnda til tryggingar ofangreindum stefnukröfum.“

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Upplýst er í málinu, að framkvæmdir við jarðvinnu að hinni nýju flugstöð á Keflavíkurflugvelli hófust 7. október 1983. Telja verður, að þar með hafi bygging flugstöðvarinnar hafist. Samkvæmt 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. 30. gr. sömu laga og greinum 3.4.1 og 3.4.2. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 er óheimilt að hefja byggingarframkvæmdir, þar með talin grunngröft, nema að fengnu byggingarleyfi og greiddu byggingarleyfisgjaldi. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að 7. október 1983 hafi verið gjalddagi byggingarleyfisgjaldsins. Áfrýjandi þingfesti lögtaksmálið í héraði hinn 29. nóvember 1985. Voru þá liðin meira en tvö ár frá gjalddaga og lötgaksrétturinn því fyrndur samkvæmt 2. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Ber því þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang lögtaksins, enda kemur ekki annað til endurskoðunar í Hæstarétti en lögtaksúrskurður fógetaréttar Keflavíkurflugvallar.

Það er athugavert að nafngreindur lögreglumaður sótti þrívegis þing einn af hálfu beggja aðilja samtímis. Er þetta brot á grundvallarreglum réttarfars.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 120.000,00 krónur og hefir þá verið haft í huga að stefnda ber að greiða lögmanni sínum söluskatt samkvæmt 11. gr. 2. tl. bráðabirgðalaga nr. 68/1987 af þeim hluta málflutningsþóknunar hans, sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Miðneshreppur greiði stefnda, utanríkisráðherra f.h. ríkissjóðs, 120.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í lögtaksbeiðni sinni dags. 16. nóvember 1985 beiddist áfrýjandi lögtaks „í eignum ríkissjóðs". Hefði verið rétt að áfrýjandi bæri lögtaksbeiðni þessa upp fyrir fógeta í Reykjavík.

Í málinu krefst áfrýjandi lögtaks hjá ríkissjóði fyrir gjaldi fyrir byggingarleyfi samkvæmt reikningi dags. 22. mars 1984. Um byggingarleyfi fyrir flugstöð þessari var ekki sótt af þar til bærum aðilum samkvæmt byggingarreglugerð nr 292/1979, grein 3.1.2. en jafnan eindregið mótmælt að lögskylt væri að afla byggingarleyfis hjá áfrýjanda. Liggur og ekkert byggingarleyfi fyrir í málinu heldur einungis fyrrgreindur reikningur.

Þar sem ekki verður séð að áfrýjandi hafi veitt löglegt byggingarleyfi fyrir umræddri flugstöð verður einungis litið á kröfu þá, sem hann krefst lögtaks fyrir, sem kröfu um greiðslu á fjárhæð er hann hafi orðið af við það að ekki var aflað byggingarleyfis hjá honum fyrir flugstöðinni. Til þeirrar kröfu tekur hvorki lögtaksheimild 30. greinar byggingarlaga nr. 54/1978 né aðrar lögtaksheimildir. Ber því að synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Með þessum forsendum er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkurflugvallar 19. júní 1986.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 4. júní sl., er risið vegna mótmæla gjörðarþola við kröfu gjörðarbeiðanda, um að lögtak fari fram í eignum ríkissjóðs til tryggingar ógreiddu álögðu byggingarleyfisgjaldi vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, skv. reikningi dags. 22. 3. 1984, að upphæð kr. 572.120,00, og til tryggingar vanskilavöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gjörðarbeiðandi og lögfræðikostnaðar að skaðlausu, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, er til kemur.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að umræddri lögtaksbeiðni verði synjað og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað, skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Bygging sú sem mál þetta er risið af er byggð af íslenska ríkinu fyrir fjárframlög sem lögð eru til sameiginlega af íslenska og bandaríska ríkinu. Byggingunni er ætlað tvíþætt hlutverk, þannig að á friðartímum skal hún notuð í þágu almenns flugreksturs af hálfu ríkisstjórnar Íslands og af hervöldum Bandaríkjanna á ófriðartímum, eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 frá 5. maí 1951.

Samkomulag greindra ríkja um byggingu, fjármögnun og rekstur flug-

stöðvarinnar byggist á auglýsingu um samning við Bandaríkin frá 5. júlí 1983, í framhaldi af undanfarandi erindaskiptum milli ríkjanna, sem birt voru ásamt auglýsingunni í C-deild stjórnartíðinda hinn 27. júlí 1983, og við lög nr. 45, frá 15. maí 1984, um lántöku o.fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Hin nýja flugstöð er staðsett á landi í eigu íslenska ríkisins, sem tekið var eignarnámi á árinu 1944, fyrst sem aðstaða fyrir herlið Bandaríkjanna skv. herverndarsamningunum frá 1941 og síðar sem aðstöðusvæði fyrir varnarliðið, skv. 1. gr. varnarsamningsins í fylgiskjali með lögum nr. 110 frá 1951. Með lögum nr. 33 frá 1954 var svæði þetta lagt til umdæmis lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og þar með skipt úr umdæmi sýslumanns Gullbringusýslu. Land það sem lagt var til umdæmis Keflavíkurflugvallar tók til 5 hreppa í sýslunni og ljóst er og óumdeilt af málsaðilum að land það sem nýja flugstöðin er staðsett á er á því landi úr Miðneshreppi sem lagt var til umdæmis Keflavíkurflugvallar með lögum nr. 33 frá 1954.

Telja verður að byggingaframkvæmdir við flugstöðina hafi hafist er fyrsta skóflustunga var tekin hinn 7. október 1983. Framkvæmdir hafa staðið yfir óslitið síðan og byggingaráætlun, sem mun hafa staðist hingað til, gerir ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið fyrir mitt ár 1987, þannig að unnt verði að taka bygginguna í notkun innan þeirra tímamarka.

Á fyrri hluta ársins 1984 hófst gerðarbeiðandi handa um innheimtu byggingarleyfisgjalds hjá gerðarþola vegna byggingar flugstöðvarinnar, eftir að hafa samþykkt og veitt byggingarleyfi, án þess þó að umsókn um slíkt leyfi hefði borist honum frá gerðarþola. Af hálfu gerðarþola var kröfu gerðarbeiðanda alfarið hafnað. Hófst nú nokkur rekistefna hjá málsaðilum í formi bréfaskipta, er leiddu til umfjöllunar ýmissa stjórnvalda, án þess að nokkur breyting yrði í átt til samkomulags. Gerðarbeiðandi hóf því aðgerðir til fullnustu kröfu sinnar með lögtaksbeiðni dags. 16. nóv. 1985, og var sú beiðni fyrst tekin fyrir í fógetarétti Keflavíkurflugvallar hinn 29. sama mánaðar, þar sem gerðarbeiðandi lagði fram greinargerð til rökstuðnings kröfu sinni. Gerðarþoli lagði síðan fram greinargerð á þinghaldi hinn 14. febrúar sl. og mótmælti þar alfarið kröfu gerðarbeiðanda og krafðist úrskurðar fógetaréttarins um lögmæti hennar.

Að lokinni gagnaöflun fór munnlegur flutningur málsins fram hinn 18. apríl sl. og endurflutningur þess hinn 4. júní sl. vegna óhjákvæmilegs dráttar á uppkvaðningu úrskurðar, er stafaði af embættisönnum dómarans sem ekki þoldu bið.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á byggingarlögum nr. 54 frá 1978, sbr. reglugerð setta samkvæmt þeim, nr. 292 frá 1979. Áréttar hann að hér sé um að ræða lögbundin gjöld sem nái til allra sveitarfélaga skv. lögum nr.

73 frá 1980 um tekjustofna sveitarfélaga og lögum nr. 83 frá 1971 um tekjur sveitarfélaga.

Gerðarþoli rökstyður hinsvegar kröfu sína á þeirri staðreynd að landsvæði það er afmarkar umdæmi Keflavíkurflugvallar hafi slíka sérstöðu vegna dvalar varnarliðsins að ýmsum lögbundnum valdheimildum til ýmissa aðila, svo sem í þessu tilfelli og fleirum til sveitarstjórna, verði eðli máls samkvæmt ekki unnt að beita hér. Vísar hann í því sambandi til ýmissa lagasetninga og venja sem nánar verður vikið að síðar.

Er varnarliðið kom hér til Íslands í maí 1951 og hóf starfsemi á Keflavíkurflgvelli og síðar víðar í nágrenni hans lagði íslenska ríkið því til starfsaðstöðu á landi sem það hafði eignarhald á samkv. heimild í áður tilgreindu ákvæði varnarsamningsins. Eins og áður greinir náði land þetta til hluta úr 5 sveitarfélögum í Gullbringusýslu, þ.e. Njarðvíkur, Grindavíkur, Hafna, Gerða og Miðness.

Fyrstu 3 árin eftir komu varnarliðsins varð engin stjórnskipuleg breyting að því er Keflavíkurflugvöll varðaði, þannig að hinir ýmsu málaflokkar heyrðu hver undir sitt ráðuneyti sem annars staðar á landinu, og svæðið var áfram óaðskiljanlegur hluti af umdæmi Gullbringusýslu.

Fljótlega munu þó hafa komið í ljós ýmsir stjórnunarágallar er rekja mætti til þeirra sérstöku aðstæðna er stöfuðu af dvöl varnarliðsins og réttarstöðu þess skv. lögum nr. 110 frá 1951.

Eftir myndun ríkisstjórnar á árinu 1953 var því stofnuð sérstök deild í utanríkisráðuneytinu, svonefnd varnarmáladeild, nú varnarmálaskrifstofa, er skyldi fjalla um öll mál er vörðuðu varnarliðið og með lögum nr. 33 frá 1954 um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli var Keflavíkurflugvöllur og önnur þau svæði á Reykjanesi, sem varnarliðinu voru afhent til afnota, gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi. Landsvæði það sem lagt var til flugvallarins var nánast óbyggt ef undan eru skildar þær byggingar sem bandaríska ríkið hafði látið byggja eftir að það hóf rekstur herflugvallar á Miðnesheiði á styrjaldarárunum. Engir Íslendingar höfðu fram að þeim tíma átt þar fasta búsetu. Með lögum nr. 106 frá 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðinu o.fl. eru sett heimildarákvæði um að enda þótt lög leggi tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra skuli það ekki vera því til fyrirstöðu að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamningsins fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma.

Með auglýsingu nr. 96 frá 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um stjórnarráð Íslands er starfssvið utanríkisráðuneytisins skýrt í 13. grein, en þar segir svo í 10. tölulið nefndrar greinar: „Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæð-

anna, lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvarmál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu sbr. lög nr. 106, 17. desember 1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum, o.fl."

Allar götur frá því varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins tók til starfa, hefur sú stefna verið mótuð að mál varðandi samskipti varnarliðsins og erlendra aðila sættu milligöngu og hlytu umfjöllun varnarmáladeildar. Má þar til nefna mannaráðningar hérlendis til varnarliðsins, heimildir til viðskipta við varnarliðið og fleira sem of langt yrði upp að telja.

Á sama tíma hafa verið í gangi árlegar framkvæmdir við ýmiss konar mannvirkjagerð, mestmegnis af hálfu varnarliðsins, en einnig af hálfu íslenska ríkisins og nokkurra einkaaðila. Hafa staðsetningar og skipulag slíkra mannvirkja sætt umfjöllun og hlotið samþykki þeirrar deildar áður en til framkvæmda kæmi, allt þar til utanríkisráðherra gaf út reglugerð nr. 75 15. mars 1982 um skipulagsmál á varnarsvæðum. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í áður tilgreindum lögum nr. 106 frá 1954, sbr. og áður tilgreinda auglýsingu nr. 96 frá 1969, sbr. og I. kafla skipulagslaga.

Í tilgreindri reglugerð er ákvæði um skipan 5 manna nefndar, svonefndrar bygginganefndar, er fari með skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna í samráði við varnarmáladeild. Í 2. gr. er fjallar nánar um starfs- og valdssvið nefndarinnar, en þar segir að hún skuli fjalla um og gefa álit um öll skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila. Ennfremur að öll erindi varðandi byggingar og mannvirkjagerð varnarliðsins skuli varnarmáladeild leggja fyrir nefndina, en að aðrir aðilar skuli senda beiðnir sínar um leyfi til bygginga eða mannvirkjagerðar á varnarsvæðunum beint til bygginganefndar.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á þeirri megin málsástæðu að byggingalög nr. 54 frá 1978 og byggingareglugerð nr. 292 frá 1979 geymi ótvíræða heimild fyrir umkrafinni gjaldtöku án nokkurra undantekninga umfram þær sem tilgreindar séu í lögunum. Áréttar hann jafnframt að áðurgreind reglugerð nr. 75 frá 1982 fái ekki staðist að því leyti sem hún brjóti í bága við tilgreindar lagaheimildir.

Þau málefni sem byggingareglugerð nr. 292 frá 1979 fjallar um, heyra undir félagsmálaráðuneytið, sem útgefendur hennar. Hinsvegar er ljóst af lögum nr. 106 frá 1954, sbr. og auglýsingu nr. 16 frá 1969, 13. gr., 10. tl. að utanríkisráðherra fer með félagsmál, ásamt öðrum málaflokkum, innan marka varnarsvæðanna, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu skv. varnarsamningnum. Ljóst er og að flugstöð þeirri sem mál þetta snýst um er ætlað tvíþætt hlutverk, eins og áður greinir, og kostnaður við byggingu hennar borinn uppi í sameiningu af íslenska og bandaríska

ríkinu. Þar af leiðandi verður að telja að bygging hennar og rekstur sé varnarliðinu viðkomandi, og málefni sem flugstöðinni tengjast því innan stjórnsýslusviðs varnarmálaskrifstofunnar í umboði utanríkisráðherra.

Niðurstaða.

Samkvæmt framanrituðu lítur rétturinn því svo á að skipun nefndar um skipulagsmál á varnarsvæðum, svonefndrar bygginganefndar, með tilvitnaðri reglugerð nr. 75 frá 1982, hafi verið lögmæt ráðstöfun af hálfu utanríkisráðherra, og að umsókn um byggingarleyfi fyrir flugstöðinni hafi því réttilega verið lagt fyrir þá nefnd til umfjöllunar og afgreiðslu, og að nefndin hafi því verið réttur aðili til útgáfu byggingarleyfis sem hún veitti á fundi sínum hinn 23. ágúst 1983.

Með vísan til ofanritaðs telur rétturinn að aðild gerðarbeiðanda til byggingarleyfisveitingar hafi því ekki verið fyrir hendi í umræddu tilfelli og þar af leiðandi bresti hann heimild til umkrafinnar gjaldtöku úr hendi gerðarþola.

Með tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna á Keflavíkurflugvelli er leiðir af samningsbundinni dvöl varnarliðsins þar þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Miðneshrepps um lögtak í eignum ríkissjóðs fyrir álögðu byggingarleyfisgjaldi vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli er synjað.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 272/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorgeiri Þorgeirssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var með stefnu 30. september 1986 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Skipaður verjandi ákærða krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá útgáfu ákæru 13. ágúst 1985 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu.

Af hálfu ákæruvalds er ómerkingarkröfunni mótmælt.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Verknaðarlýsing í ákæru og heimfærsla verknaðar til refsiákvæðis fullnægir skilyrðum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976.

Ómerkingarkrafan er í fyrsta lagi byggð á því að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, hafi starfað sem fulltrúi ríkissaksóknara á þeim tíma er rannsókn máls þessa stóð yfir og um það var fjallað við embætti ríkissaksóknara. Hafi hann því verið vanhæfur til að fara með málið og dæma það. Þar sem ekki er fram komið að sakadómarinn hafi þá haft nein afskipti af málinu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Þá er ómerkingarkrafan einnig byggð á sömu sjónarmiðum og fram komu í sakadómi 24. september 1985 og verjandi ákærða þar gerði grein fyrir með svofelldri bókun:

„Verjandi ákærða vísar til þess að fulltrúi ákæruvaldsins er ekki viðstaddur þetta réttarhald og hefur ekki verið viðstaddur fyrri réttarhöld í máli þessu. Einnig er vísað til þess, að dómarinn hefur

upplýst að ábending ákæröa um að í ákæru fælust brot gegn ákv. 4. gr. höfundarlaga nr. 73, 1972, hefur ekki komist til vitundar ákæruvaldsins. Með vísun til ákv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 74, 1974 svo og með vísun til ákv. 1. mgr. 1. tl. 36. gr. er talið af hálfu ákæröa að það brjóti gegn lögum að einn og sami maður fari bæði með störf dómara og ákæruvalds í sama máli. Með vísan til þess að ekki hefur verið fallist á að breyta þessu fyrirkomulagi, er gerð krafa um að dómarinn víki sæti í málinu."

Héraðsdómari synjaði framangreindri kröfu með úrskurði sem ríkissaksóknari heimilaði ekki að væri kærður til Hæstaréttar, sbr. 1. tl. 171. greinar laga nr. 74/1974. Er ekkert komið fram um að meðferð málsins, sem ekki sætti sókn og vörn samkvæmt 130. gr. nefndra laga, hafi verið með þeim hætti að valdið hafi vanhæfi dómarans eða leiða eigi til ómerkingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákæröa og heimfærslu til refsiákvæðis. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákæröa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákæröa til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur. Eru fjárhæðir þessar dæmdar án söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákæröi, Þorgeir Þorgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gauks Jörundssonar setts hæstaréttardómara.

Í málum, sem höfðuð eru til refsingar fyrir ærumeiðandi ummæli, ber að marka skýrt og ótvírætt, hvaða aðila slík ummæli eru talin meiða. Er það nauðsynlegt vegna varnar ákæröa og þess

vandasama úrlausnarefnis, hvaða takmörk sé óhjákvæmilegt að setja umræðu um almenn málefni í þessu tilliti.

Í inngangi ákæruskjals í máli þessu er að því vikið, að málið sé höfðað „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna", og síðan segir í III. kafla ákæru, að þær ærumeiðandi aðdróttanir, sem um sé að ræða, beinist „að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur". Verður að skilja ákæru svo, að brot beinist að lögreglumönnum í Reykjavík almennt.

Þótt fallast megi á, að ummæli þau, sem í ákæru greinir, séu harðyrt og hafi út af fyrir sig ekki verið réttlætt, tel ég miðað við þann grundvöll, sem samkvæmt framansögðu hefur verið markaður í ákæru, að ekki séu skilyrði til að refsa ákærða fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra verður með hliðsjón af grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 16. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345/1986: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 3. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. ágúst sl. á hendur Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfundi, til heimilis að Bókhlöðustíg 6 B í Reykjavík, fæddum 30. apríl 1933 í Hafnarfirði, „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna í tveimur greinum í Morgunblaðinu. Fyrri greinin bar aðalfyrirsögnina „Hugum nú að" og undirfyrirsögnina „Opið bréf til Jóns Helgasonar, dómsmálaráðherra" og birtist hún 7. desember 1983. Seinni greinin bar fyrirsögnina „Neyttu á meðan á nefinu stendur..." og birtist hún 20. sama mánaðar og ár.

I.

Í fyrri greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 3. mgr.: „einkennisklædd villidýr".
2. Í 6. mgr.: „einkennisklæddu villidýra".
3. Í 11. mgr.: „Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun

hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: Þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur."

4. Í 12. mgr.: „Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir aftur á vitsmunastig bernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér eins og hverjum öðrum uppspuna."

5. Í 13. mgr.: „fórnardýr lögregluhrottanna".

6. Í 15. mgr.: „...að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi..."

II.

Í seinni greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 46. gr.: „Aðfarirnar lýstu svo mæta vel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi."

III.

Framangreindar ærumeiðandi aðdróttanir, sem beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur, þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I. Málavextir.

Hinn 7. desember 1983 birtist í Morgunblaðinu grein eftir ákærða undir fyrirsögninni „Hugum nú að. Opið bréf til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra." Er þar tekið til umfjöllunar svonefnt „Skaftamál" og í því sambandi meðal annars margvíslegt ofbeldi og meiðingar sem höfundur telur að lögreglumenn beiti fólk í löggæslustörfum og krefst þess að fram fari opinber rannsókn þessara mála. Í greininni stendur meðal annars:

„Okkur líkar ekki að sjá hvernig löggæslumenn hafa leikið þennan bráðmyndarlega pilt að ósekju, því hann segist bara hafa verið að leita að frakkanum sínum í fatahengi þegar einkennisklædd villidýr fyrrnefnds myrkviðar réðust að honum.

Í mínum huga er mál Skafta bara smámál, en það hefur af fyrrgreindum

ástæðum fengið verulega umfjöllun og athygli svo mér þykir rétt að nota það til að benda þér nú á það að vandamálið er miklu stærra og ógnvænlegra.

Mál Skafta er svosem einsog toppurinn á ísjakanum sem við höfum komið auga á þegar kastljósi dagblaðanna er beint að þessu. Niðrí koldimmum þagnarsjónum bíður hins vegar nífalt stærri hluti af vandamálinu.

Um þann hlutann langar mig til að ræða við þig úrþví þú ert nú dómsmálaráðherra og þar með æðsti yfirmaður þeirra einkennisklæddu villidýra sem kæðast, ekki mjög þófamjúk, um frumskóga næturlífsins hér um slóðir.

Nú vil ég enganveginn fara að gera lítið úr raunum þessa pilts né þeim sársauka sem hann þoldi að ófyrirsynju. Hinu er þó ekki að leyna að Skafti mun ná sér, marblettirnir á honum verða smámsaman fjólubláir síðan brúnir og hverfa loks. Hann snýr til vinnu sinnar á Tímanum og smámsaman fennir þetta atvik á kaf í orrahríð dagsins.

Nema við notum það til að skoða vandamálið í heild sinni. Fyrir nokkrum árum þurfti ég að dvelja fáeinar vikur á handlækningadeild Borgarspítalans. Þá lá þar á sama gangi maður á þrítugsaldri, hið gjörfilegasta ungmenni í alla staði. Viðkunnanlegur piltur. Ástandi hans var á hinn bóginn svo varið að hann gat varla hreyft nokkurn líkamspart nema augun. Lesið gat hann bók með sérstökum útbúnaði ef einhver var til að fletta blaðsíðunum fyrir hann.

Mér skildist að batavon hans væri harla lítil.

Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.

Myndin af þessum lemstraða pilti fylgdi mér svo einhvernveginn útaf spítalanum og ég var þaðanífrá sítalandi um þetta fyrirbæri. Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir afturá vitsmunastig frumbernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér einsog hverjum öðrum uppspuna. Annað er það sem fylgir þessum sögum eins og harðneskjan heimskunni, og það er sú fullyrðing að tilgangslaust sé með öllu að hefja mál út af þvílíkum tilvikum. Þau fari bara í rannsókn hjá annari lögregludeild þar sem sitji einvalalið og líti á það sem konunglega skyldu sína að hvítþvo kollegana.

Þessvegna liggja fórnardýr lögregluhrottanna útí vonleysinu og þurft

getur að bíða árum saman eftir tækifæri til að ræða málefni þeirra af nokkur viti.

Nú er kannski eitt af þessum sjaldgæfu tækifærum. Þessvegna er ég að skrifa þér bréfið atarna.

Mér sýnist harla augljóst að hér sé verulega pottur brotinn í sjálfu því kerfi sem yfirmenn þess virðast hafa brenglaða réttlætisvitund og misnota aðstöðu sína til þess að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi — það virðist einu gilda hver fyrir verður. Mér sýnist lögreglustjórinn í Reykjavík meiraðsegja þónokkuð borubrattur þegar hann neitar að víkja barsmíðamönnum sínum úr starfi meðan á rannsókn Skaftamálsins stefndur. Virðist harla öruggur með sig þó skjólstæðingur framsóknar eigi í hlut. Við sjáum hvað setur."

Samkvæmt gögnum málsins var ákærði til lækninga á Borgarspítalanum 19. júní til 11. júlí 1978. Á þessum tíma lá þar einnig Trausti Elliðason, fæddur 26. nóvember 1955, sem lamast hafði í öllum útlimum eftir líkamsárás kunningja Trausta, Guðmundar Sigurðar Ingimarssonar vélstjóra. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af Trausta Elliðasyni sem teknar voru á Borgarspítalanum 13. maí 1978, daginn eftir árásina. Hefur ákærði fullyrt að Trausti sé ekki sá piltur sem ákærði greinir frá í fyrri Morgunblaðsgreininni, enda hafi „geislað" af piltingum „feigðin" þegar ákærði sá hann á spítalanum.

Myndbandsupptaka af sjónvarpsþættinum „Skiptar skoðanir", sem sýndur var 13. desember 1983 liggur frammi í málinu.

Þáttur þessi var undir stjórn Guðjóns Einarssonar fréttamanns. Þátttakendur voru þeir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jónas Kristjánsson ritstjóri, Einar Bjarnason lögregluvarðstjóri og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn.

Var þar fjallað um lögreglumálefni, samskipti lögreglu og borgara og fyrrnefnt „Skaftamál". Í lok þáttarins lýsti Einar Bjarnason, lögregluvarðstjóri og formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, því yfir að hann teldi að hægt væri að ómerkja grein ákærða algerlega því að hann hefði yfirlýsingu frá þeim pilti sem ákærði hefði skrifað um í Morgunblaðið. Las lögregluvarðstjórinn yfirlýsinguna. Sagði þar meðal annars: „Það sem Þorgeir segir um mál mitt í grein sinni er rangt frá upphafi til enda". Töldu þeir lögregluvarðstjórinn og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn að yfirlýsingin væri frá þeim sem ákærði hefði skrifað um, enda hefði það verið kannað.

Að kröfu verjanda ákærða í bréfi til dómarans 11. nóvember sl. var nefndur Einar Bjarnason kvaddur fyrir dóminn. Hann greindi frá því, að yfirlýsingin hefði verið frá ungum fötluðum pilti, Trausta Elliðasyni. Vitnið kvaðst hafa verið búið að fá upplýsingar um sjúkralegutíma ákærða og Trausta og hefði verið talið að ákærði hafi átt við Trausta í greininni. Því

hefði Trausti verið fenginn til þess að gefa yfirlýsinguna. Vitnið greindi einnig frá því að honum væri ekki kunnugt um að nokkur lögreglumaður í Reykjavík hafi í starfi sínu valdið meiðslum, líkum þeim, sem ákærði lýsir í greininni 7. desember 1983.

Hinn 20. sama mánaðar birtist önnur grein eftir ákærða í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Neyttu á meðan á nefinu stendur" og segir þar meðal annars:

„Þriðjudaginn seinasta, þann 13. desember, var þáttur í sjónvarpinu um lögregluvandamálið. Þar voru tveir spekingar úr Reykjavíkurlögreglunni og þótti mörgum einsog þeir félagarnir léku þarna nokkuð lausum hala." Einnig segir:

„Alveg í lok þáttarins brast Einar, sem er formaður Lögreglufélagsins, á með nokkuð skondna uppákomu eftir þónokkuð (sic) pískur við Bjarka og skrjáf í pappírsgögnum, dró upp skjal og hóf ófagran lestur um undirritaðan lygara og ómerking (samkvæmt vottorði þessu sem lögreglan hafði með einhverjum ráðum fengið óviðkomandi mann til að rita nafn sitt undir).

Mætavel hefði Einar getað komið þessum boðskap sínum á framfæri án þess að brjóta útvarpslögin okkar og hætta þannig bæði starfi sínu og heiðrinum í einu, og hafa margir furðað sig á hegðun mannsins." Þá segir höfundur ennfremur:

„Miðvikudaginn 7. desember sl. birtist frá mér bréf í Morgunblaðinu til æðsta yfirvalds dómsmála á Íslandi. Erindi mitt var að biðja um *hlutlausa rannsókn* á lögregluvandamálinu í stað þess að vandamál þetta hefði eftirlit með sér einvörðungu sjálft." Þá er sagt:

„Þennan morgun sem bréfið til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra birtist í blaðinu hringdu furðumargir til mín. Meðal þeirra var Guðmundur Hermannsson sem kynti sig yfirlögregluþjón í Reykjavík. Hann vildi fá að vita hvaða *tilfelli* þetta væri sem ég hefði verið að skrifa um. Sagði ég honum sem var að greinin fjallaði ekki um neitt tilfelli heldur um *ástand.* Tilefnin skiptu á hinn bóginn hundruðum minstakosti. Þá spurði Guðmundur hvað hann héti, pilturinn lamaði sem legið hefði samtímis mér á spítalanum forðum. Ég sagði þá sem var að líklega hefði ég aldrei heyrt nafn hans. Spurði svo hvort lögreglan væri eitthvað að rannsaka þetta. Játti Guðmundur því. Lét ég hann þá vita að það fyndist mér nokkuð djarft eins og á stæði; að lögreglan færi nú enn að rannsaka mál sem hún væri aðili að. Lokaði mér jafnframt gagnvart yfirlögregluþjóninum með alla vitneskju, nema hvað ég lét honum í té dagsetningar varðandi spítalavist mína forðum. Kvöddumst við svo." Ennfremur er ritað:

„Líður nú fimtudagur og framan af föstudegi með endalausum símtölum og handaböndum þangaðtil ég kaus að láta mig hverfa til að fá vinnufrið.

Undir kvöld kom ég aftur í ljós og þá lágu fyrir mér skilaboð frá Guðmundi yfirlögregluþjóni um það að ég skyldi lesa blaðsíðu 13 í Morgunblaðinu þá samdægurs og biðjast svo afsökunar á skrifi mínu.

Á blaðsíðu 13 reyndist vera frétt um það að manni einum hefði verið dæmd fjárhæð nokkur í skaðabætur fyrir kjaftshögg í maí 1978. Í þeim dómi var hvergi minst á lögreglubarsmíðar og þess ekki getið hvern starfa barsmíðamaðurinn hefði. Var hann þá lögregluþjónn? Kanski. Greinilega hlaut það að vera skoðun Guðmundar að þetta væri sama málið og ég mintist á í bréfinu. En fjandakornið sem það gæti verið — ekki mundi ég betur en sá piltur dæi skömmu síðar, úr lungnabólgu að því er mig minti. Þetta staðfesti konan þegar hún kom heim skömmu síðar.“ Svo segir: „Ég hringdi nú í Guðmund til að fá botn í þessa véfrétt. Hann var þá enganveginn jafn blíður á manninn og fyrir tveim dögum.

— Þér er eins gott að biðjast opinberlega afsökunar, sagði hann. Þarna er komið dæmið, tilfellið sem þú ert að tala um.

Ég setti nú í mig kjark og andmælti honum á þeim forsendum sem fyr eru greindar. Spurði síðan hvaðan honum kæmi þessi vísdómur.

— Frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, segir Guðmundur þá.

Þá var það, trúég, sem undirritaður sagði: — Bittinú! svona rétt á meðan hann var að átta sig. Guðmundur notaði pásuna til að segja að þeir væru búnir að rannsaka þetta.

— Og þú hefur undireins fengið inni með þetta í Morgunblaðinu, segi ég þá til að segja nú eitthvað.

— Maður þarf að verja sig, sagði Guðmundur án þess að svara beinlínis spurningunni.“ Síðar í greininni segir:

„Síðan á þriðjudag hafa margir símað til mín það álit sitt að þáttur lögreglunnar í sjónvarpinu hafi verið einsog herfileg þjóðháttalýsing handa eftirkomendum okkar að skoða.

— Verst að þeir skyldu ekki mæta einkennisbúnir í þáttinn, sagði einhver við mig. Aðfarirnar lýstu svo mætavel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

Verjandi ákærða óskaði eftir því í fyrrnefndu bréfi að fenginn yrði „sá starfsmaður dóms- og kirkjumálaembættisins sem þekkir vel til framkvæmdar lögreglumála til að gefa skýrslu um eftirfarandi atriði:

A) Liggja fyrir skýrslur um hve margir menn telja sig hafa slasast við framkvæmd lögreglustarfa á liðnum árum? Annarsvegar lögreglumenn, en hins vegar almennir borgarar. Hverjar eru niðurstöður þessara skýrslna ef þær eru til?

B) Liggja fyrir skýrslur um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt vegna áverka sem lögreglumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum?

C) Hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu lögregluyfirvalda til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða?

D) Hversu mögrum lögreglumönnum hefur verið vikið úr starfi vegna áverka sem þeir hafa valdið öðrum við framkvæmd lögreglustarfa sinna?"

Dómarinn ritaði ráðuneytinu bréf og óskaði eftir því að ráðuneytið svaraði, að svo miklu leyti sem unnt væri, spurningum verjandans í staflið-um A-D. Í svari ráðuneytisins segir:

„3.A. Ekki liggja fyrir upplýsingar um meiðsl er orðið hafa við framkvæmd lögreglustarfa, hvorki á lögreglumönnum né almennum borgurum.

B. Skýrslur liggja heldur ekki fyrir um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt af hendi vegna áverka sem löggæslumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum.

C. Af ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða má einkum nefna að allir lögreglumenn hljóta fræðslu og þjálfun í lögregluskóla ríkisins, þar sem veruleg áhersla er lögð á að lögreglumenn noti við störf sín aðferðir sem valda ekki meiðslum, og ef þörf gerist á valdbeitingu, að þá sé ekki beitt harðari aðgerðum en unnt er að komast af með.

Þá gilda í Reykjavík skriflegar reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði frá 1975, þar sem gefin eru fyrirmæli um meðferð handtekinna manna, geymslufanga o.fl. Reglur þessar fylgja hjálagðar sérprentaðar. Fyrirhugað er að senda inna skamms mjög svipaðar reglur til lögreglustjóra utan Reykjavíkur sem viðmiðunarreglur. Ennfremur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík sett reglur um flutning handtekinna manna í tilkynningu nr. 2/1985, sem fylgir.

Að lokum skulu nefndar reglur sem dómsmálaráðuneytið gaf út 1940 um notkun kylfu, er fylgja hjálagðar.

D) Á liðnum árum hefur einum lögreglumanni verið vikið úr starfi um stundarsakir vegna kæru um notkun kylfu. Er dómur var fallinn í sakadómi Reykjavíkur tók lögreglumaðurinn við starfi sínu að nýju."

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað báðar blaðagreinarnar. Hann hafi með því að rita þær verið að gegna skyldum rithöfundar við samfélag sitt.

Ákærða var hér fyrir dómi gefinn kostur á að renna stoðum undir þau ummæli hans sem tilfærð eru í ákæru málsins. Hann kvað ummælin vera slitin úr samhengi við annan texta í blaðagreinunum og því hvorki gæti hann né bæri honum nein skylda til þess að gera það. Ummælin væru þar ekki „höfundskapur" ákærða heldur ákærandans.

Verjandi ákærða, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess í þinghaldi 24. september sl. að dómari málsins viki sæti vegna þess að

ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins. Dómarinn hafnaði kröfu verjandans í úrskurði 25. s.m. og lýsti verjandinn þá yfir kæru til Hæstaréttar. Ríkissaksóknari synjaði um að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar með bréfi dagsettu 26. s.m.

Hinn 30. s.m. ritaði verjandinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem hann óskaði eftir því að skipaður yrði ríkissaksóknari ad hoc til þess að fjalla um það hvort leyfa ætti að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Dómsmálaráðuneytið synjaði beiðni verjandans með bréfi 18. október sl. Ritaði verjandinn alþingismönnum opið bréf 23. október, sem birtist í Morgunblaðinu 25. s.m. þar sem hann bar sig upp undan meðferð málsins hér fyrir dóminum og synjun ráðuneytisins.

Verjandinn ritaði dómaranum bréf 28. apríl sl., sem lagt var fram og þingmerkt nr. XXVII í þinghaldi 3. þ.m. Í því segir m.a.:

„Ákærði bað um að lögð yrðu fram vottorð um lestrarkunnáttu dómarans og ríkissaksóknarans í málinu og bauðst til að rökstyðja beiðnina, ef óskað yrði eftir.

Dómarinn og ríkissaksóknarinn hlustuðu á ákærða lesa upp beiðnina, en síðan lét dómarinn sem hann hefði ekki heyrt hana né heldur ósk mína sem verjanda um að beiðnin yrði bókuð. Var beiðnin því ekki færð til bókar. Ekki var spurst fyrir um afstöðu ríkissaksóknara til beiðninnar, né heldur rök ákærða fyrir henni. Ekki heldur var sinnt athugasemdum mínum þegar bókun þinghaldsins var lesin upp við lok þess.

Af ákærða er talið að framan greind framkvæmd þín, herra sakadómari, sé óeðlileg og óréttmæt og ólögleg eins og á stóð og staðfesti hún enn frekar en áður réttmæti krafna af hálfu ákærða um að þú vikir sæti sem dómari í málinu.

Hjálagt sendist beiðni umbj. míns í ljósriti og óskast hún lögð fram í málinu ásamt bréfi þessu."

II. Niðurstöður.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að ummæli þau sem saksótt er fyrir séu slitin úr samhengi í ákæru málsins, þannig að varði við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 og beri því að vísa ákærunni frá dómi.

Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að greina, svo ekki sé villst, hvert sé það brot sem sök er gefin á. Ákvæði þetta er sett til þess að sökunautur, verjandi hans og dómari máls þurfi ekki að vera í vafa um fyrir hvaða háttsemi saksótt er, svo að vörn verði þess vegna ekki áfátt og dómari geti leyst úr sakarefni málsins. Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar í XLIII. bindi dómasafns, bls. 397.

Að áliti dómsins er ákæran nægilega skilmerkileg að þessu leyti.

Þá er því einnig haldið fram að ákæruvaldið hafi ekki alltaf sótt þing í málinu og „fallið frá að leggja fram greinargerð í sakadóminum til rökstuðnings ákærunni". Hafi ákæruvaldið þannig hætt við að „fylgja eftir máli sínu" og beri „því að fella málið niður eða sýkna af þeirri ástæðu einni". Ennfremur segir um þetta í vörn fyrir ákærða:

„Einnig hefur þetta í för með sér að forsendur skortir fyrir starfi verjanda. Vitneskja hans um möguleg rök ákæruvaldsins eftir gagnaöflun fyrir sakadóminum þegar málið er lagt í dóm leggja ekki fyrir (sic). Efnislegar forsendur fyrir rökum verjanda eru því óvissar og er ekki forsvaranlegt eða réttmætt að svara rökum sem hann kann að hafa mjög takmarkaða vitneskju um. Þessi atriði ein sér valda því að vísa ætti málinu frá dómi."

Ekki verður fallist á að það eigi að leiða til frávísunar málsins eða sýknu ákærða þó að málið sé ekk sótt af hálfu ákæruvaldsins, enda verður ekki séð að það eigi að sæta sókn og vörn samkvæmt 131.-136. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða að hann hafi við ritun greinanna tveggja verið að sinna rithöfundarskyldum við samfélag sitt með því að vekja athygli á líkamstjóni á fólki af völdum lögreglunnar, upplýsa um það og óska eftir aðgerðum yfirvalda til þess að koma í veg fyrir það. Slíkar ábendingar veki litla athygli nema þær séu birtar í fjölmiðlum og það dugi þó sjaldnast. Stór orð og stílbrögð virðist einnig vera nauðsynleg eins og rithöfundar viti manna best. Ákærði hafi verið rithöfundur að starfi í mörg ár og notið viðurkenningar stjórnvalda fyrir ritstörf, m.a. með starfslaunum. Hann hafi starfað í skjóli 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segi að ritskoðun og aðrar takmarkanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Nú er það svo að umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar gerir einnig ráð fyrir því að hægt sé að sækja menn til ábyrgðar fyrir ummæli á prenti og hefur það aldrei verið umdeilt í íslenskum rétti. Í lögum eru allmörg ákvæði sem leggja refsingu við því að láta tilteknar hugsanir í ljós á prenti eða viðhafa tiltekin ummæli opinberlega, þ. á m. á prenti. Fyrir utan 108. gr. almennra hegningarlaga má í þessu sambandi nefna 88., 95., 121., 125., 210., 229. og 233. gr. a til 237. gr. sömu laga. Ekki er unnt að líta svo á að ákærði njóti neinna sérréttinda eða ríkara málfrelsis en aðrir vegna starfa síns sem rithöfundur.

Blaðagreinar ákærða birtust undir nafni og hefur hann kannast við að vera höfundur þeirra. Þegar greinarnar birtust í Morgunblaðinu var ákæði heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 15. gr. laga um prentrétt nr. 57, 1956 ber hann því refsi- og fébótaábyrgð á efni greinanna.

Ummæli þau sem ákært er fyrir eru í ákæru talin beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur.

Enda þótt 108. gr. almennra hegningarlaga taki, samkvæmt orðanna

hljóðan, til misgerða við einn opinberan starfsmann, tekur hún einnig til þess þegar misgert er við afmarkaðan hóp opinberra starfsmanna, sbr. dóm Hæstaréttar í LIV. bindi dómasafns, bls. 57.

Orðin „einkennisklædd villidýr" og „einkennisklæddu villidýra" þykja í því samhengi sem þau birtust vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur. Varða ummælin ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru þessi ummæli talin vera ærumeiðandi aðdróttanir. Rétt er þó með hliðsjón af 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að dæma ákærða áfall fyrir birtingu þessara ummæla, enda er þessari háttsemi hans að öðru leyti rétt lýst og ekki verður séð, að vörn hefði átt að verða áfátt af þessum sökum.

Málsgreinarnar „Stofufélagar þessa unga manns ..... í næturlífi Reykjavíkur" og „Þá brá svo við ..... hverjum öðrum uppspuna" og orðin „fórnardýr lögregluhrottanna" þykja bæði ein sér og í samhengi við annað í fyrrnefndri blaðagrein ákærða fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna lögregluliðs Reykjavíkur um margar og stórfelldar líkamsárásir á fólk sem gert hafi það örkumla. Kemur í þessu sambandi til álita 218., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en refsing samkvæmt þeim ákvæðum getur orðið margra ára fangelsisvist.

Aðdróttun ákærða hefur ekki verið réttlætt og hefur ákærði með birtingu þessara ummæla í blaðagreininni unnið sér til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt verður að telja að ummælin „einkennisbúnu óargadýrum" og lögregluhrottanna" séu móðgun og skammaryrði í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákæru eru ummæli þessi talin vera ærumeiðandi aðdróttun, en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi..." þykja í samhengi við annað í nefndri blaðagrein vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákærunni eru þau talin vera ærumeiðandi aðdróttun en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Málsgreinin „Aðfarirnar lýstu svo .... lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi" hefur ekki verið réttlætt. Málsgreinin þykir að slepptum orðunum „hindurvitni, flaustur og ráðleysi" fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur um fölsunarbrot og önnur ótilgreind

lögbrot. Koma í því sambandi til álita ákvæði XIV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga, en brot gegn þeim geta varðað þungri fangelsisrefsingu.

Hefur ákærði með þessum ummælum bakað sér refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „hindurvitni, flaustur og ráðleysi" þykja á hinn bóginn vera innan marka leyfilegrar gagnrýni og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árunum 1964 til 1966 fjórum sinnum sektaður með dómsáttum fyrir ölvun á almannafæri og árið 1967 var hann dæmdur í 3.000 króna sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 47. gr. umferðarlaga.

Þegar ákærða verður ákvörðuð hegning verður að hafa hliðsjón af því að í sjónvarpsþættinum, sem áður er vikið að, var af hálfu lögreglumannanna tveggja fjallað um fyrri grein hans að honum fjarstöddum. Verður að telja að það hafi verið ótilhýðilegt og þykir mega, með vísan til 4. tl. 74. gr., sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga, virða ákærða þetta til refsilækkunar að því er síðari grein hans varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, en greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Bréf verjanda ákærða, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, á dómskjali nr. XXVII og ummæli í vörn hans í sömu veru, eru móðgandi í garð ríkissaksóknara og dómarans og eru ósamboðin verjandastarfa hans.

Verður ekki komist hjá því að víta verjandann harðlega fyrir þetta og aðrar tilefnislausar málsýfingar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 krónur, en sæti ella varðhaldi í 8 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikan frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 251/1986. **Erna Bryndís Halldórsdóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Endurskoðunarmiðstöðinni h.f.
N. Manscher
(Ólafur Axelsson hrl.)

Vinnusamningur. Févíti. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 15. s.m. Krefst hann sýknu að kröfum stefnda í málinu og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í 8. gr. starfssamnings aðila segir svo:

„Afli starfsmaður atvinnurekanda viðskiptasambanda, skal hann fá í sinn hlut 10% af andvirði innheimtra reikninga hjá þessum viðskiptamönnum. Hætti starfsmaður í þjónustu atvinnurekanda er honum heimilt að bjóða þessum aðilum þjónustu sína. Honum er hins vegar óheimilt að takast á hendur störf fyrir aðra viðskiptamenn atvinnurekanda næstu tvö ár frá þeim degi að hann hverfur úr þjónustu atvinnurekanda ..."

Framangreint ákvæði verður ekki eftir orðum sínum skýrt þannig, svo sem áfrýjandi heldur fram, að það hafi látið hendur hans óbundnar um að taka að sér störf fyrir viðskiptamenn stefnda ef hann átti ekki að því frumkvæði með því að bjóða þeim þjónustu sína. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru

leyti en því að vextir frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á. reiknist 30,8% ársvextir, en ákvæði dómsins um dómvexti ber að skýra sem hæstu innlánsvexti við banka og sparisjóði einnig eftir að lög um dómvexti féllu úr gildi við gildistöku laga nr. 25/1987.

Með hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð hefur fógeti gert fjárnám fyrir vöxtum af dæmdri fjárhæð umfram það er kveðið var á um í dómsorði hins áfrýjaða dóms. Verður fjárnámið að því leyti fellt úr gildi en að öðru leyti staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því að vextir frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985 verði 30,8% ársvextir.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir dæmdum fjárhæðum svo og kostnaði, en er að öðru leyti felld úr gildi.

Áfrýjandi, Erna Bryndís Halldórsdóttir, greiði stefnda, Endurskoðunarmiðstöðinni h.f. N. Manscher, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. mars 1986.

I.

Mál þetta sem dómtekið var hinn 28. febrúar sl. er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Endurskoðunarmiðstöðinni h/f N. Manscher, nnr. 2133-8214, Höfðabakka 9, Reykjavík, gegn Ernu Bryndísi Halldórsdóttur, nnr. 2221-9251, Ingólfsstræti 21, Reykjavík, með stefnu birtri 23. febrúar 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða stefnanda kr. 324.840,00 með 19% ársvöxtum frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefn-

anda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Aðalflutningur máls þessa fór fram hinn 30. janúar sl. og var málið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann dag. Málið var endurupptekið 28. febrúar sl., viðbótargögn voru lögð fram, málið var endurflutt og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir að stefnda réðst til starfa hjá stefnanda hinn 1. september 1981. Aðilar gerðu með sér starfssamning sem dagsettur er 12. janúar 1982. Í 8. gr. starfssamnings þessa er ákvæði þess efnis að starfsmanni sé óheimilt að takast á hendur störf fyrir viðskiptamenn atvinnurekanda næstu tvö ár frá þeim degi að hann hverfur úr þjónustu atvinnurekanda, nema um sé að ræða viðskiptasambönd sem starfsmaður hefur sjálfur aflað atvinnurekanda, svo sem nánar greinir í samningsákvæði þessu á dskj. nr. 3. Stefnda lét af störfum hjá stefnanda hinn 1. desember 1983 og hefur síðan ásamt öðrum rekið endurskoðunarskrifstofuna Endurskoðun og reikningsskil s/f. Á starfstímabili stefndu hjá stefnanda kom þar inn nýr viðskiptaaðili, Bílanaust h/f. Ekki átti stefnda neinn hlut að því að til þeirra viðskipta stofnaðist, en stefnda mun hafa, sem starfsmaður stefnanda, unnið endurskoðunarstörf fyrir og vegna þess viðskiptaaðila. Í lok ársins 1983 leitaði Bílanaust h/f síðan eftir viðskiptasambandi við Endurskoðun og reikningsskil s/f, sbr. yfirlýsingu á dskj. nr. 10, og var til þeirra viðskipta stofnað, en þó þannig að samstarfsaðili stefndu, Guðmundur Friðrik Sigurðsson löggiltur endurskoðandi, tók formlega að sér endurskoðun fyrir fyrirtæki þetta, en stefnda hefur unnið endurskoðunarstörf þau sem þar um ræðir.

Í fyrrgreindri 8. gr. starfssamnings aðila segir ennfremur að brjóti starfsmaður gegn framangreindu ákvæði skuli hann greiða atvinnurekanda fyrir missi viðskiptasambandsins. Skal fjárhæðin vera jöfn síðustu ársgreiðslu viðskiptamannsins til félagsins.

Stefnda hefur ekki greitt stefnanda fyrir missi viðskiptasambands þess sem hér um ræðir, og hefur stefnandi höfðað mál þetta af þeim sökum.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því að stefnda sé bundin við starfssamning þann sem aðilar gerðu hinn 12. janúar 1982. Með þeirri háttsemi sinni að takast á hendur störf fyrir viðskiptamann stefnanda, sem þá jafnframt hætti viðskiptum við stefnanda, hafi stefnda brotið gegn 8. gr. starfssamningsins. Beri stefndu skylda til samkvæmt greindu samningsákvæði að

greiða stefnanda fyrir missi viðskiptasambands þessa og nemi sú fjárhæð kr. 324.840,00 í samræmi við fyrrgreint ákvæði samningsins. Þá telur stefnandi að innbyrðis samkomulag stefndu og samstarfsaðila hennar varðandi endurskoðun fyrir þann viðskiptaaðila, sem hér um ræðir sé einungis til málamynda og í því skyni gert að skjóta sér undan ákvæðum 8. gr. starfssamnings aðila.

Stefnda byggir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því að leggja beri þann skilning í ákvæði 8. gr. samnings aðila að stefndu sé óheimilt að leita að eigin frumkvæði eftir viðskiptum við þar greinda aðila. Byggir stefnda þessa skoðun sína á því viðhorfi að samninga um hömlur á atvinnufrelsi beri að túlka þröngt. Því aðeins séu hömlur taldar felast í slíkum samningi að það sé alveg ótvírætt í samningnum sjálfum. Megi raunar finna þess dæmi úr settum lögum að samningar um samkeppnishömlur af svipuðu tagi og því sem stefnandi vilji telja að hér gildi, séu taldar óskuldbindandi, sbr. t. d. 37. gr. 1. mgr. laga 7/1936. Það eina sem stefnandi geti krafist af stefndu við samningsgerð sem þessa sé að stefnda stuðli ekki að því með neinum hætti að viðskiptamenn hverfi úr viðskiptum við stefnanda. Þannig hafi stefnda ávallt skilið samningsákvæðið. Þessu til stuðnings er ennfremur á það bent af hálfu stefndu að sé samningurinn skilinn skilningi stefnanda, þá sýnist hann fara gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 56/1978 og hafi að auki inni að halda samkeppnishömlur sem hafi skaðleg áhrif samkvæmt ákvæði 20. gr. 2. mgr. sömu laga. Af hálfu stefndu er tekið fram varðandi greindan starfssamning að stefnandi hafi stjórnað samningsgerðinni og mælt fyrir um flest samningsákvæði. Beri samningurinn þess víða merki að stefnandi gangi miklu lengra en sæmilegt geti talist í viðskiptum þegar hann krefst skuldbindinga af hálfu starfsmanns.

Í öðru lagi byggir stefnda sýknukröfu sína á því að hún hafi ákveðið, þegar umrætt fyrirtæki leitaði eftir viðskiptum, að taka ekki að sér endurskoðun milliliðalaust fyrir það fyrirtæki til að forðast árekstra við stefnanda. Hafi því orðið að ráði að samstarfsaðili stefndu tæki formlega að sér endurskoðun fyrir fyrirtæki þetta. Stefnda vinni að vísu endurskoðunarstörfin að mestu leyti en á vegum og ábyrgð annars löggilts endurskoðanda. Telur stefnda að fyrirkomulag þetta geti ekki talist fara gegn samningnum, jafnvel þótt hann yrði, svo gilt væri, talinn fela í sér það efni sem stefnandi vilji vera láta.

Verði ekki á sýknukröfu fallist byggir stefnda á því að fjárhæð stefnukröfu sé alltof há og rökstyður það með eftirfarandi hætti.

Í 8. gr. starfssamningsins sé gert ráð fyrir févíti sem sé jafnt „síðustu ársgreiðslu viðskiptamannsins til félagsins". Á dskj. nr. 11 hafi stefnda gert athugasemdir sínar við útreikning stefnukröfu og komi þar fram að lækka beri stefnukröfuna um kr. 238.765,00 eða í kr. 86.075,00. Byggist þetta

á því að stefnandi geti ekki miðað févítisútreikning sinn við annað og meira en greiðslur fyrir venjuleg og dæmigerð endurskoðunarstörf fyrir viðkomandi viðskiptamann.

Kröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar byggir stefnda og á því að jafnvel þótt réttur févítisútreikningur teldist vera kr. 86.075,00 sé fjárhæðin bersýnilega ósanngjörn. Beri að lækka hana verulega samkvæmt ákvæði 35. gr. laga nr. 7/1936. Skuli í því sambandi m. a. haft í huga að stefnandi hafi ekki að neinu leyti gert grein fyrir því í málinu hver hafi verið hreinn hagnaður hans af viðskiptum við umrætt fyrirtæki.

Loks byggði stefnda á því að févítið væri ekki allt gjaldfallið. Samkvæmt 8. gr. samningsins hefði 1/3 hluti þess átt að gjaldfalla 1. maí 1984, 1/3 hluti 1. nóvember 1984 og 1/3 hluti 1. nóvember 1985. Við upphaf málshöfðunar hafi ekki verið komin fram skilyrði fyrir því að veita aðfarardóm fyrir síðasta þriðjungnum. Þá geti upphafstími vaxta ekki verið fyrr en að ofan greini.

Gefið hafa munnlegar skýrslur fyrir dómi Kristinn Sigtryggsson, framkvæmdastjóri stefnanda, svo og stefnda, Erna Bryndís Halldórsdóttir.

IV.

Fyrir liggur að aðilar gerðu sín á milli starfssamninginn á dskj. nr. 3 sem mál þetta er risið af. Ágreiningur aðila varðar fjárgreiðslu þá sem stefnandi gerir kröfu til úr hendi stefndu á grundvelli 8. gr. samningsins, svo sem fram er komið.

Ekki verður fallist á þann skilning stefndu að samningsákvæði þetta feli það einungis í sér að stefndu hafi verið óheimilt að leita að eigin frumkvæði eftir þeim viðskiptum sem þar um ræðir; orðalagið „óheimilt að takast á hendur störf fyrir aðra viðskiptamenn atvinnurekanda" þykir vera ótvírætt og alls ekki gefa tilefni til þeirrar lögskýringar. Ekki verður heldur talið, svo sem stefnda heldur fram, að samningsákvæði þetta brjóti gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sé „óhæfilegt gagnvart neytendum" eða feli í sér samkeppnishömlur sem hafi skaðleg áhrif samkvæmt 2. mgr. 20. gr. sömu laga.

Ljóst þykir vera að sú tilhögun af hálfu stefndu að fela samstarfsaðila sínum formlega þá endurskoðun sem hún sjálf vinnur fyrir þann viðskiptaaðila sem hér um ræðir girðir ekki fyrir að greindu samningsákvæði verði beitt gagnvart henni, svo sem atvikum máls þessa er háttað.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á sýknukröfu stefndu í málinu.

Að því er varðar fjárhæð stefnukröfu og mótmæli stefndu í því sambandi þykir mega taka tillit til þess að á því tímabili sem stefnandi byggir reikn-

ingskröfur sínar á var unnin ýmiss konar vinna fyrir umræddan viðskiptaaðila hjá stefnanda, sem að öllum jafnaði fellur ekki til árlega við endurskoðunarstörf hjá einum og sama aðila. Samkvæmt þessu, svo og með hliðsjón af ákvæðum 35. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þykir hæfilegt að stefndu sé gert að greiða stefnanda kr. 120.000,00 fyrir missi viðskiptasambands þessa á grundvelli 8. gr. starfssamnings aðila. Vegna andmæla stefndu um upphafstíma vaxta þykir rétt vera að tildæmd fjárhæð beri vexti í samræmi við ákvæði 8. gr. samningsins um þar greinda gjalddaga, miðað við að starfslok stefndu hjá stefnanda hafi verið 1. desember 1983. Samkvæmt því ber að reikna 19% ársvexti af kr. 40.000,00 frá 1. júní 1984 til 1. desember 1984, en af kr. 80.000,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af kr. 80.000,00 frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 23. febrúar 1985, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 1. desember 1985, en af kr. 120.000,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Erna Bryndís Halldórsdóttir, greiði stefnanda, Endurskoðunarmiðstöðinni h.f. N. Manscher, kr. 120.000,00 með 19% ársvöxtum af kr. 40.000,00 frá 1. júní 1984 til 1. desember 1984, en af kr. 80.000,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af kr. 80.000,00 frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 23. febrúar 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en af kr. 120.000,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 249/1985. **Bæjarsjóður Akureyrar**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Haraldur Árnason og
(Ásmundur Jóhannsson hdl.)
Róbert Árnason
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Kristínu Harðardóttur
(Stefán Pálsson hrl.)

Skaðabætur. Ábyrgð á mannvirkjagerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi bæjarsjóður Akureyrar hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. nóvember 1985. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Haraldur Árnason hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. mars 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 27. febrúar 1986. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefndu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann að fjárhæð sú, er héraðsdómur dæmdi hann til að greiða, verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með síðastgreindu áfrýjunarleyfisbréfi var Tækniteiknistofunni s.f., sem nú heitir Teiknistofan s.f., einnig veitt leyfi til áfrýjunar héraðsdómsins. Þessi dómfelldi hefur þó ekki áfrýjað málinu löglega af sinni hálfu og kemur dómurinn því ekki til endurskoðunar að því er hann varðar.

Áfrýjandi Róbert Árnason áfrýjaði málinu af sinni hálfu 20. mars 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 27. febrúar 1986. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sigurður Þorgeirsson, sem áfrýjendur stefndu upphaflega fyrir Hæstarétt, lést eftir að málinu var áfrýjað. Hefur ekkja hans, Kristín Harðardóttir, fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir hann og tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti. Gerir hún þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð ákvarðaðir samkvæmt 10. grein laga nr. 25/1987. Ennfremur verði áfrýjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Auk þeirra ástæðna, sem áfrýjendurnir Haraldur Árnason og Róbert Árnason reistu á málsvörn sína í héraði, hafa þeir fyrir Hæstarétti stutt sýknukröfur sínar þeim rökum að fjárkröfur stefndu á hendur þeim, ef einhverjar hafi verið, hafi verið fyrndar er málið var höfðað. Þar sem málsvörn þessi var ekki höfð uppi í héraði verður henni ekki gaumur gefinn hér fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Ekki hefur verið hnekkt því áliti hinna dómkvöddu matsmanna og byggingafróðu meðdómenda í héraði að loftplatan í Grenilundi 3 hafi ekki verið nægilega járnbent og megi rekja sig hennar til þess.

Járnalögn í plötuna var samkvæmt uppdráttum gerðum af Tækniteiknistofunni s.f. Áfrýjandinn Haraldur var annar af tveimur eigendum hennar og samdi við Sigurð heitinn Þorgeirsson um gerð uppdráttanna og greiðslu fyrir þá. Ber hann því gagnvart stefndu fébótaábyrgð á því tjóni sem hlaust af sigi loftplötunnar vegna framangreindra mistaka við gerð uppdráttanna.

Ekki hefur verið hrakið álit matsmanna og hinna byggingafróðu meðdómenda um nauðsynleg úrræði til að styrkja loftplötuna og kostnað við þær aðgerðir. Er í því sambandi þess að geta, að hvorki er sýnt fram á að sú viðgerð, sem þegar hefur farið fram, sé fullnægjandi til frambúðar né heldur er ágreiningur um að Sigurður Þorgeirsson hafi unnið að henni sjálfur jafnframt því sem hann hefur greitt fyrir efni og aðkeypta vinnu. Verður fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bótafjárhæð.

Uppdráttagerð Ingólfs Margeirssonar fyrir Tækniteiknistofuna s.f. samkvæmt samkomulagi hans við áfrýjandann Harald var óviðkomandi störfum þessara manna hjá Akureyrarkaupstað. Verður ekki lögð á áfrýjandann bæjarsjóð Akureyrar skaðabótaábyrgð

gagnvart stefndu á tjóni vegna þeirra mistaka sem urðu um fyrirsögn um járnbendingu loftplötunnar við gerð uppdráttanna.

Áfrýjandinn Haraldur tók út járnalögn í loftplötuna án þess að fyrir lægju samþykktir burðarþolsuppdrættir svo sem skylt var, sbr. auglýsingu nr. 158, 29. september 1967, sbr. fylgiskjal með auglýsingu nr. 23, 14. febrúar 1967, gr. 1.6.1. Þá verður að fallast á það álit héraðsdóms að við úttekt hefði hann mátt gera sér grein fyrir ófullnægjandi járnbendingu loftplötunnar ef athugun hans á járnalögninni hefði verið nægilega gaumgæfileg. Samkvæmt þessu urðu honum á mistök í starfi sínu. Hér er þó á það að líta að ákvæði byggingasamþykkta um eftirlit byggingarnefnda með því að fylgt sé fyrirmælum í löggjöf um styrkleika og burðarþol húsa við byggingu þeirra eru sett vegna almannahagsmuna og til að efla almennt öryggi. Gat byggjandi hússins, sem ekki hafði skilað burðarþolsuppdráttum til byggingaryfirvalda, eigi krafið áfrýjandann bæjarsjóð Akureyrar um fébætur vegna ónógs styrkleika á loftplötunni í húsi sínu, þó að áfrýjandinn Haraldur hafi eigi rækt skyldur sínar við úttekt á járnalögn í hana af þeirri kostgæfni sem skylt var. Ber því að sýkna þennan áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu.

Svo sem málið liggur fyrir Hæstarétti að því er tekur til áfrýjandans Róberts Árnasonar þarf einungis að gefa gaum að því hvort hann beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefndu á þeim frostskemmdum sem fram komu í svölum Grenilundar 3 að sunnan og á stigapalli að norðan.

Áfrýjandinn Róbert tók að sér að beiðni Sigurðar heitins Þorgeirssonar að vera múrarameistari að Grenilundi 3. Sigurður véfengdi ekki í aðiljaskýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði þá tjáð Róbert að hann mundi vinna mikið að smíði hússins sjálfur þar sem hann hefði góða aðstöðu til þess. Verður ekki annað séð en að þetta hafi gengið eftir. Áfrýjandinn Róbert fylgdist með því er hin signa loftplata var steypt. Er ekkert komið fram um að eftirliti hans og stjórn við ílögn steypunnar hafi verið áfátt eða að veðurlagi hafi verið þannig háttað, er steypt var, að óráðlegt hafi verið að vinna það verk ef hæfilegar varúðarráðstafanir voru gerðar að því loknu. Af hálfu áfrýjandans Róberts er því haldið fram, að hann hafi bent Sigurði Þorgeirssyni á það, áður en hafist var handa um steypuna, að hann skyldi hafa til taks plastdúk til yfirbreiðslu og að kynda

undir plötunni ef færi að frysta. Er ómótmælt þeirri staðhæfingu hans að ástæðan til þess að ekki var breitt yfir svalirnar hafi verið sú að er til átti að taka hafi plastdúkur sá, er Sigurður hafði tiltækan, ekki verið nægilega stór. Þykir samkvæmt öllu þessu ekki verða lögð skaðabótaábyrgð á áfrýjandann Róbert vegna þeirra frostskemmda sem hér er um að ræða.

Samkvæmt framansögðu verða áfrýjendurnir bæjarsjóður Akureyrar og Róbert Árnason sýknaðir af kröfum stefnda í málinu en hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því er varðar áfrýjandann Harald Árnason, þó þannig að ákvæði hans um dómvexti beri að skýra sem hæstu innlánsvexti við banka og sparisjóði einnig eftir að lög um dómvexti féllu úr gildi við gildistöku laga nr. 25/1987.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandinn Haraldur Árnason dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 35.000,00 krónur. Er það þá haft í huga, sem á var bent í málflutningi, að stefnda þurfi að greiða lögmanni sínum söluskatt samkvæmt 11. gr. laga nr. 68/1987 af þeim hluta málflutningsþóknunar hans sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli annarra áfrýjenda og stefnda falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur bæjarsjóður Akureyrar og Róbert Árnason eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Kristínar Harðardóttur, í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður gagnvart áfrýjanda Haraldi Árnasyni og greiði hann stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Magnúsar Thoroddsen.

Við erum sammála afgreiðslu meirihlutans á fyrningarmálsástæðu

þeirri, er fyrst var borin fram í málflutningi fyrir Hæstarétti af hálfu áfrýjendanna Haraldar og Róberts.

Áfrýjandinn Haraldur tók út járnalögn í loftplötuna án þess að fyrir lægju samþykktir burðarþolsuppdrættir svo sem skylt var, sbr. auglýsingu nr. 158, 29. september 1967, sbr. fylgiskjal með auglýsingu nr. 23, 14. febrúar 1967, 1.6.1.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, taldi, að við vandlega úttekt hefði Haraldur átt að gera sér grein fyrir ófullnægjandi járnbendingu loftplötunnar. Samkvæmt þessu urðu honum á mistök í starfi sínu.

Ákvæði byggingasamþykkta um eftirlit byggingarnefnda með því að fylgt sé fyrirmælum í löggjöf um styrkleika og burðarþol húsa við byggingu þeirra eru sett vegna almannahagsmuna og til að efla almennt öryggi. Þótt starfsmönnum byggingarnefnda kunni að missýnast í mati sínu á þessum þáttum, verður yfirleitt eigi talið, að það leiði til bótaábyrgðar fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Öðru máli gegnir þegar um lögbrot er að ræða, eins og í þessu máli, sbr. gr. 1.6.1. í ofangreindri byggingasamþykkt, þar sem öryggissjónarmiðin eru þá virt að vettugi. Í slíkum tilvikum verður að leggja fébótaábyrgð á viðkomandi sveitarfélag til þess að efla almennt öryggi á sviði bygginga.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við að beri að staðfesta hann, þó með þeirri vaxtabreytingu er leiðir af vaxtalögum nr. 25/1987, svo sem í atkvæði meirihlutans greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendurna, Bæjarsjóð Akureyrar og Harald Árnason, til að greiða stefndu 15.000,00 krónur hvorn í málskostnað fyrir Hæstarétti, en áfrýjandann Róbert Árnason 10.000,00 krónur. Er þá haft í huga að stefnda þurfi að greiða lögmanni sínum söluskatt samkvæmt 11. gr. 2. tl. bráðabirgðalaga nr. 68/1987 af þeim hluta málflutningsþóknunar hans, sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f.m., hefur Stefán Pálsson hrl. höfðað með stefnu útgefinni í Reykjavík 20. janúar 1984 og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu 16. febrúar 1984 f.h. Sigurðar Þorgeirssonar, nnr. 7914-

3014, Grenilundi 3, Akureyri, á hendur Haraldi Árnasyni byggingatæknifræðingi, nnr. 3762-8379, Vallargerði 2f, Akureyri, vegna hans persónulega og Tækniteiknistofunnar s.f., nnr. 8859-1542, Glerárgötu 34, Akureyri, Jóni Björnssyni húsasmíðameistara, nnr. 5116-5934, Lerkilundi 26, Akureyri, vegna hans persónulega og Ýr h.f., Róbert Árnasyni múrarameistara, nnr. 7352-2366, Espilundi 6, Akureyri, Stefáni B. Árnasyni húsasmíðameistara, nnr. 8331-5393, Stekkjargerði 15, Akureyri og Helga M. Bergs bæjarstjóra, nnr. 3953-7176, vegna Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða honum in solidum, kr. 180.000,00 auk 47% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 25. nóvember 1982 til 21. september 1983, en með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 21. október 1983 og síðan hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og þar með talinn matskostnaður kr. 19.150,00.

Stefndi Haraldur Árnason og Tækniteiknistofan s.f. krefjast þess að vera sýknaðir af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sömu kröfu gerir stefndi Stefán B. Árnason. Stefndu Jón Björnsson og Ýr h.f. gera einnig kröfu um að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnanda svo og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða mati dómsins. Sömu kröfur gerir stefndi Róbert Árnason svo og stefndi bæjarstjórinn á Akureyri, þó með þeirri breytingu að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig að hann hafi byggt norðurenda parhússins nr. 3 við Grenilund á Akureyri á árunum 1977-78. Með kaupsamningi dagsettum 4. desember 1978 hafi hann og eiginkona hans, Kristín Harðardóttir, selt hjónunum Friðriki Árnasyni og Ástu Pálsdóttur, til heimilis að Steinahlíð 2a, Akureyri, húseign þessa í fokheldu ástandi. Hafi þau hjónin Friðrik og Ásta gengið frá neðri hæð húseignarinnar og gert þar íbúð, en efri hæð hafi verið ófrágengin. Á árinu 1980 hafi komið í ljós að milliplata á milli efri og neðri hæðar virtist hafa sigið óeðlilega og vart hafi orðið við miklar steypuskemmdir á svölum. Með matsbeiðni dagsettri 3. júlí 1980 hafi Ólafur Birgir Árnason hdl. farið þess á leit að dómkvaddir yrðu menn til þess að skoða og meta nefndar skemmdir og sig á plötu. Hafi matsbeiðni sú beinst gegn stefnanda og eiginkonu hans. Með matsgerð dagsettri 24. september 1980 hafi matsmennirnir, Sigurður Hannesson og Pétur Pálmason, komist að þeirri niðurstöðu að svignun plötunnar stafaði af því að platan væri of þunn og ekki hefðu verið gerðar nægilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svignun plötunnar við fram-

kvæmd verksins svo sem með því að steypa hana miðja í yfirhæð. Þá hafi þeir talið ekki ólíklegt að steypan hefði frosið þegar gólfplata og svalir voru steyptar. Hafi matsmenn metið til fjár hvað kosta mundi að bæta úr göllunum þar sem þeir hafi talið umfang bóta langt umfram það sem matsbeiðendur hefðu séð fyrir og einnig töldu þeir að matskostnaður yrði of hár. Þau Friðrik og Ásta hafi kannað á hvern hátt þau ættu að bregðast við göllum á eigninni og m.a. beðið um dómkvaðningu matsmanna til að verðmeta húseignina, þ.e.a.s. hver væri byggingarkostnaður hliðstæðrar eignar og hvert væri verðgildi eignarinnar ef áðurnefndir gallar væru ekki fyrir hendi. Hafi matsmennirnir Eiríkur Jónsson og Trausti Árnason skilað matsgerð 28. janúar 1981. Fram eftir ári 1981 hafi verið unnið að lausn málsins milli Friðriks og Ástu annars vegar og stefnanda og eiginkonu hans hins vegar og hafi máli því lokið 24. september 1981 með því að aðiljar urðu sammála um að kaupin gengju til baka, þannig að stefnandi og eiginkona hans eru nú eigendur eignarinnar að nýju.

Með matsbeiðni 25. maí 1982 hafi stefnandi farið þess á leit við bæjarfógetann á Akureyri að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta skemmdir á gólfplötu milli efri og neðri hæðar í húseigninni nr. 3 við Grenilund á Akureyri, norðurenda, svo og steypuskemmdir á svölum hússins að norðan og sunnan og útidyratröppum í kjallara. Hafi matsmenn skilað matsgerð í nóvember 1982 og hafi þeir metið kostnað við úrbætur kr. 180.000,00, sem er höfuðstóll stefnufjárhæðarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau að stefnandi telur sannað með matsgerð að burðarhönnun hinnar signu plötu sé röng eða ófullnægjandi og uppsláttur, járnabinding og niðurlagning steypu kunni að hafa verið áfátt auk þess sem upplýst sé að steypt var í frosti og steypan illa varin þannig að plata, svalir og kjallaratröppur hafi orðið fyrir frostskemmdum. Hönnuðir og meistarar séu ábyrgir fyrir vansmíði og göllum er af þessu stafa. Auk þess bætist við ábyrgð bæjarsjóðs Akureyrar vegna byggingaryfirvalda, þar sem rangt hannaðar teikningar séu samþykktar og látið viðgangast að einn af eigendum hönnuðar burðarvirkis, þ.e.a.s. stefndi Haraldur Árnason, sé jafnframt úttektarmaður og eftirlitsmaður á eigin verkum í nafni Akureyrarbæjar.

Byggir stefnandi kröfu sína á almennum skaðabótasjónarmiðum, byggingarlögum, byggingarreglugerð og samþykktum, lögum nr. 79, 1971 um iðju og iðnað og lögum nr. 42, 1978, iðnaðarlögum, auk þess vísar hann til dómvenju máli sínu til stuðnings.

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar, byggir sýknukröfu sína á því að byggingaryfirvöld sveitarfélags beri ekki ábyrgð á hönnun teikninga heldur geri hönnuðir það sjálfir og e.t.v. byggjandi,

komi hann til leiðar að teiknað sé eitthvað það sem ekki fái staðist eða sé andstætt öryggisreglum eða því útliti, sem hús á að mati byggingarnefndar að hafa. Sömuleiðis geti byggingaryfirvöld ekki borið ábyrgð á því sem kallað er rangt hannaðar teikningar í þeirri merkingu, að átt sé við vanreiknað burðarþol, þar sem í reynd sé ógerningur að staðreyna burðarþol samkvæmt framlögðum teikningum, því allar forsendur slíks skorti svo sem það álag sem reiknað er með o.s.frv. Í mesta lagi sé gerð stikkprufa af burðarþoli, en ekki fullkomnir útreikningar. Ef ekkert sjáist í fljótu bragði athugavert við teikningar séu þær samþykktar og alltaf treyst á að þeir, sem hanni hús vinni teikningar þannig, að þær fullnægi kröfum um burðarþol, mál og útlit, enda beri hönnuðir fyrst og síðast ábyrgð á verkum sínum. Þegar hönnun og uppsteypa hússins nr. 3 við Grenilund hafi farið fram hafi verið í gildi á Akureyri byggingarsamþykkt staðfest 29. september 1967 og byggingarlög nr. 54, 1978 og byggingarreglugerð nr. 292, 1979 sett skv. þeim lögum hafði þá enn ekki tekið gildi. Í byggingasamþykktinni frá 1967 sé tekið fram í 1.7.3., að sá sem uppdrátt geri beri fulla ábyrgð á að uppdrátturinn sé réttur og gerður samkvæmt gildandi lögum og reglum og brjóti ekki í bága við rétt annarra. Á þeim tíma hafi heldur ekki verið til komið ákvæði svo sem nú sé að finna í byggingareglugerð nr. 292, 1979 V. kafla 3.5.5., sem banni byggingafulltrúum og starfsmönnum þeirra uppdráttagerð í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi og af hálfu bæjarstjórnar eða byggingarnefndar á Akureyri hafi þessum mönnum ekki verið bannað að gera uppdrætti. Samkvæmt þessu verði því ábyrgð á rangri hönnun einungis lögð á stefnda Harald Árnason persónulega og/eða Tækniteiknistofuna s.f., enda verði að telja að hann hafi unnið verkið sjálfstætt og alls ekki á vegum byggingafulltrúaembættisins. Annað sem styðji þessa niðurstöðu er, að aldrei hafi verið skilað inn uppdrætti af plötunni sem mál þetta snýst um, en á þeim uppdrætti hefði komið fram járnalögn og aðrar upplýsingar um gerð plötunnar. Í dagbók byggingafulltrúaembættisins komi fram að úttekt á plötu þessari fari fram 27. október 1977 og virðist svo sem stefndi Haraldur Árnason hafi gert úttekt þessa og vissulega megi segja að eðlilegra hefði verið að annar starfsmaður byggingaeftirlitsins hefði framkvæmt þessa úttekt, en Haraldur hafi haft til verksins tilskilda menntun og úttektir hafi verið veigamikill þáttur í starfi hans. Við úttektina hljóti þó að hafa legið fyrir einhver teikning, þó svo að hún hafi aldrei verið lögð fram og samþykkt af byggingafulltrúaembættinu, og þó svo hefði verið, hefði það e.t.v. breytt litlu, þar sem yfirleitt séu ekki meðfylgjandi forsendur fyrir burðarþolsútreikningi og nánast einungis verið að kanna hvort járnalögn sé í samræmi við teikningu en ekki hvort hún sé nægjanleg. Væri því nær að segja að stefndi Haraldur Árnason hafi brotið trúnað við vinnuveitanda sinn með því að leggja ekki fram marg-

umrædda teikningu, en það álitamál sé ekki hér til úrlausnar. Varðandi bótaábyrgð stefnda bæjarsjóðs sé því meginspurningin hvort í byggingaeftirlitinu sé falin það rík ábyrgð að staðreyna eigi nákvæmlega alla útreikninga, og reynist þeir rangir en eigi að síður byggt, beri byggingaeftirlitið ábyrgð. Í byggingasamþykktinni frá 29. september 1967 kafla 1.4. um verksvið byggingafulltrúa séu ekki gerðar ríkari kröfur til starfa hans en svo, að honum beri að sjá um að byggt sé samkvæmt gildandi skipulagi, hafa daglegt eftirlit með því að byggingasamþykkt sé haldin og sjá um framkvæmd á ákvörðunum bygginganefndar. Í kafla 1.6. sé fjallað um séruppdrætti og í lið 1.6.2. segi að séruppdrættir s.s. burðarþolsuppdrættir skuli liggja fyrir samþykktir og samræmdir áður en úttekt sé gerð á undirstöðum. Í raun sé það þó svo að t.d. burðarþolsuppdrættir séu ekki lagðir fram á því stigi, en vissulega sé til þess ætlast að þeim sé skilað áður en úttekt fer fram á einhverjum þeim verkþætti er úttekt sætir. Þegar mikið sé byggt eins og einmitt hafi verið hér í bæ á þessum tíma sé e.t.v. hætta á að ekki sé gengið eins hart eftir þessu og ætlast hafi mátt til, en á það megi benda að í raun sé nokkuð að því gert að fela hönnuðum sjálfum úttekt eigin verka, enda margir þeirra meira menntaðir en byggingafulltrúar sjálfir. Mannfæð við byggingaeftirlit hafi einnig sitt að segja.

Stefndi Róbert Árnason byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi: Hann kveðst hafa tekið að sér fyrir stefnanda að vera múrarameistari að húsinu Grenilundi 3. Hafi stefnandi óskað eftir því að hann sjálfur, þ.e.a.s. stefnandi, sæi um verk þetta að mestu leyti, þar sem hann hefði haft góðar aðstæður til þess, m.a. hafi stefnandi verið forsvarsmaður Malar- og steypustöðvarinnar h.f. og hafði verið starfsmaður Smára h.f., sem sé byggingaverktaki. Hafi stefndi Róbert tekið verkið að sér sem vinargreiða og næsta lítið komið nálægt framkvæmdum, hafi hann þó aðstoðað stefnanda af og til á kvöldin og um helgar við að steypa, en ekki tekið laun fyrir, enda í samræmi við upphaflegar óskir stefnanda. Þegar að því kom að steypa plötu þá er mál þetta rís út af fékk stefnandi stefnda Róbert til að vera við og leggja niður steypuna. Hafi þetta verið m.a. vegna þess að verk þetta hafi þurft að gera í einu lagi og stefnandi ekki haft tök á að sjá um það sjálfur svo og til þess að við hendina væri múrari til að sjá um að ílögn yrði rétt. Fyrir þessa vinnu hafi stefndi Róbert fengið greitt. Hafi stefnandi sjálfur séð um alla undirbúningsvinnu svo sem járnalögn og hafi Róbert ekki komið þar nærri. Stefnandi hafi séð um að útvega steypu og hún hafi komið frá fyrirtæki því, sem hann veitti forstöðu, þ.e.a.s. Malar- og steypustöðinni h.f. Er platan var steypt hafi veður verið ágætt og veðurútlit gott miðað við árstíma. Áður en verk hófst hafi Róbert bent stefnanda á að hafa til taks plastdúk til að breiða yfir ef færi að rigna svo og að kynda undir plötunni ef kólnaði og frost kæmi. Að kvöldi er

lokið var við að steypa hafi byrjað að rigna. Hafi stefnandi haft samband við Róbert og beðið hann um aðstoð við að breiða yfir plötuna og hafi Róbert gert það, en stefnandi ekki haft nægan plastdúk, þannig að ekki hafi verið hægt að breiða á svalir þá um kvöldið. Um gerð steypunnar hafi hönnuður sagt til og að mati Róberts hafi ekkert óvenjulegt verið að sjá á steypunni og niðurlagning gengið vel og hafi stefnandi kynt undir plötunni eftir að búið var að steypa hana og mótmælir stefndi Róbert því að nokkru hafi verið ábótavant við niðurlagningu steypunnar eins og stefnandi heldur fram. Stefndi lítur svo á að hann beri enga ábyrgð á þeim göllum sem fram hafa komið í plötunni. Í fyrsta lagi felist það í samkomulagi hans og stefnanda að stefnandi taki sjálfur á sig ábyrgðina þar sem hann hafi óskað eftir uppáskrift stefnda með því fororði að hann ynni verkið sjálfur. Í öðru lagi hafi niðurlagningu steypunnar í engu verið áfátt. Í þriðja lagi telur stefndi mjög hæpið að frostskemmdir séu orsök að galla plötunnar þar sem frost hafi verið mjög óverulegt og aðeins tvo dagparta fyrstu fjóra sólarhringana eftir stepuvinnuna. Auk heldur sem stefnandi gerði sjálfur ráðstafanir til að verjast því að frost gæti orðið plötunni til skaða svo og hafi verið notað heitt vatn við lögun steypunnar. Í fjórða lagi sé það álit stefnda að af einhverjum orsökum hafi steypan ekki uppfyllt þau gæði sem henni voru ætluð, þó svo að ekkert hafi sést athugavert við hana við niðurlagningu.

Stefndu Jón Björnsson og Ýr h.f. byggja sýknukröfu sína á eftirfarandi. Stefnandi hafi farið þess á leit við trésmíðaverkstæðið Ýr h.f. að það tæki að sér að reisa fyrir hann húsið að Grenilundi 3, sem mál þetta er risið út af. Stefndi Jón Björnsson hafi skrifað upp á teikningar af húsinu sem trésmíðameistari f.h. Ýr h.f. Eftir að lokið hafði verið við að steypa sökkulkökur hafi stefnandi óskað eftir því að stefndi, Jón Björnsson, segði sig frá verkinu og annar húsasmíðameistari tæki við því. Á þetta hafi verið fallist og þann 15. september 1977 hafi stefndi Jón undirritað yfirlýsingu er hann hafi afhent embætti byggingafulltrúa samdægurs, þar sem hann lýsir því yfir að hann væri ekki lengur meistari fyrir húsinu nr. 3 við Grenilund og við því væri tekinn Stefán B. Árnason húsasmíðameistari, Stekkjargerði 15, Akureyri. Hafi þetta verið í samræmi við það sem á þeim tíma tíðkaðist við meistaraskipti á verki. Sé því ekki við stefnda að sakast þó svo hann sé skráður húsasmíðameistari að húsinu þegar margumrædd plata var steypt. Samkvæmt þessu megi ljóst vera að stefndu Jón og Ýr h.f. beri enga ábyrgð á þeim göllum er mál þetta rís út af þar sem stefndu hafi ekkert nálægt þessum verkþætti komið.

Stefndi Stefán B. Árnason byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki verið sjálfstæður verktaki við smíði hússins að Grenilundi 3. Hafi hann unnið sem húsasmiður í þjónustu stefnanda sem slíkur án ábyrgðar, enda

ekki skráður meistari að húsinu. Í gögnum málsins komi ekki fram á hverju fébótaábyrgð hans byggist, né heldur komi fram hver þáttur hans við húsbygginguna var. Sé því málshöfðun á hendur honum tilefnis- og rakalaus og ástæðulaus með öllu og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Í greinargerð sinni færa stefndu, Haraldur Árnason og Tækniteiknistofan s.f., fram eftirfarandi rök fyrir sýknu sinni: Stefnandi hafi ráðið Ingólf Margeirsson tæknifræðing til þess að framkvæma útreikning á burðargetu plötu yfir kjallara og nauðsynlega járnalögn í hana. Ingólfur hafi fengið léð teikniblöð frá Tækniteiknistofunni s.f. og hafi hvorugur stefndu skrifað upp á teikningar hans né ábyrgst gerð þeirra. Í máli þessu sé fjallað um skaðabætur vegna sigs á þessari plötu svo og vegna steypugalla á henni og á suðursvölum og dyrapalli að norðan. Sé ljóst af gögnum málsins að sig á gólfplötu stafi af mörgum samverkandi orsökum og gerir eftirfarandi grein fyrir nokkrum þeirra. Í fyrsta lagi er steypusýni voru tekin úr plötunni hafi komið í ljós að þau voru mjög meyr og í sumum þeirra hafi verið hreinn sandur. Bendi það til þess að steypan hafi ekki verið fulllöguð, þ.e.a.s. hrærð, enda hafi frost verið þá daga sem steypt var. Hafi sandur því verið frosinn í köggla sem ekki hafi leyst upp. Í öðru lagi er platan hafi verið steypt hafi verið frost og næstu daga á eftir. Til þess að verja plötuna fyrir frosti hefði þurft að breiða vinnuplast eða prusseringu yfir plötuna og kynda yfir og undir henni með hitablásurum. Hefði þurft að gera þetta í allt að fimm daga eða þar til steypan var hörðnuð; þessa hafi ekki verið gætt. Matsgerðir í málinu beri það með sér að steypa hefði þurft plötuna með yfirhæð og verði ekki séð af gögnum málsins að það hafi verið gert. Hafi það verið í verkahring stefnanda sjálfs að ákveða það að slá upp með yfirhæð eða skráðs trésmíða- og múrarameistara hússins. Telji matsgerðir að þessa hafi ekki verið gætt. Af gögnum málsins megi ráða að reynt hafi verið að rétta plötuna af með því að steypa ofan á hana. Hafi þetta verið gert oftar en einu sinni og við það hafi sig plötunnar aukist þar sem platan hafi ekki verið styrkt að neðan. Engar af framangreindum ástæðum fyrir siginu sem hér að framan hafi verið raktar geti leitt til bótaábyrgðar stefndu, jafnvel þótt talið væri að þeir væru hönnuðir járnalagnar í plötuna sem þeir þó ekki væru. Í matsgerð frá 1980 sé vikið að því að platan hafi ekki verið nægjanlega járnbent. Við rökstuðning sé miðað við staðal og ákvæði byggingareglugerðar frá 1979 er tók gildi eftir að platan hafði verið steypt. Slík ákvæði hafi ekki verið í þágildandi byggingareglugerð, en Ingólfur Margeirsson tæknifræðingur hafi lagt fram nýja útreikninga á plötuburðinum þar sem hann sýnir fram á að járnabindingin hafi verið næg við eðlileg steypugæði. Stafi gallinn í plötunni af eigin tilverknaði stefnanda og sé stefndu algerlega óviðkomandi.

Hér fyrir dómi bar stefnandi það, að Tækniteiknistofan s.f. hafi selt

honum allar teikningar í húsið, þar með taldar járnateikningar að plötunni sem mál þetta snýst um, og hafi bræður stefnda Stefáns Árnasonar annast uppslátt plötunnar og Stefán eitthvað nálægt verkinu komið. Kvaðst hann ekki minnast þess, að sagt hafi verið fyrir um gerð steypunnar í plötuna, en trúlega hafi hann sjálfur pantað hana hjá Malar- og steypustöðinni h.f. Kvaðst hann sjálfur hafa lagt járnin í plötuna samkvæmt teikningu frá stefnda Tækniteiknistofunni s.f. Hafi upphaflega staðið til að stefndi Ýr h.f. steypti húsið upp, en er til kom hafi ekki reynst vera tími til þess og hafi hann því fengið stefnda Stefán B. Árnason sem húsasmíðameistara að húsinu. Stefnandi kveðst aldrei hafa ráðið Ingólf Margeirsson tæknifræðing til að framkvæma útreikning á burðargetu plötunnar og nauðsynlega járnalögn í hana. Við niðurlagningu steypunnar á plötunni hafi hann sjálfur unnið svo og Róbert Árnason og Reynir Brynjólfsson. Hafi verið breitt plast yfir plötuna eftir að hún var steypt, en það ekki náð yfir svalirnar svo og hafi verið kynt undir plötunni, en hann mundi ekki hve lengi. Hafi stefndi Haraldur Árnason tekið plötuna út um morguninn sem hún var steypt, að því er hann minnti. Áður en hann seldi húsið hafi hann ekki orðið var við neitt sig á plötunni og ekki kvaðst hann vita, hvort rætt hafi verið um að steypa plötuna með yfirhæð. Á þeim tíma er platan var steypt hafi verið um tvær gerðir af steypu að ræða, þ.e.a.s. veggjasteypu og plötusteypu og hafi verið notuð plötusteypa í plötuna, en í henni hafi verið meira sement en veggjasteypu. Hann upplýsti, að á þessum tíma hafi hann verið framkvæmdastjóri steypuframleiðandans, Malar- og steypustöðvarinnar h.f. Á þessum tíma hafi steypa ekki verið pöntuð eftir staðli, þ.e.a.s. notuð önnur orð yfir steypugæði en staðlatölur. Muninn á sementsmagni veggja- og plötusteypu mundi stefnandi ekki. Er platan var steypt hafi verið slydda og kólnað hafi næstu daga. Ekki minntist hann þess að hafa beðið um að í steypunni væri meira sement en í plötusteypu, en sennilega hafi hann beðið um að heitt vatn væri notað við lögun hennar. Nánar varðandi úttekt á plötunni mundi stefnandi ekki hvort þeir múrararnir Róbert eða Reynir voru viðstaddir, en eftir að stefndi Jón Björnsson og Ýr h.f. sagði sig frá verkinu hefðu sömu meistarar unnið að byggingu hússins. Við járnalögnina kvaðst stefnandi hafa notið leiðbeiningar vans járnamanns, en ekki leitað til múrarameistarans í sambandi við það verk. Er stefndi Jón Björnsson sagði sig frá verkinu, hafi hann fengið stefnda Stefán B. Árnason til að vera húsasmíðameistara að húsinu, en varðandi formleg meistaraskipti kvaðst hann ekki vita hvernig frá þeim hafi verið gengið, en Stefán hafi tekið að sér að vera húsasmíðameistari að húsinu og hafi byggingafyrirtæki Stefáns, Máni s.f., tekið við byggingunni frá og með margnefndri plötu og lokið byggingu hússins og hafi stefndu Jón Björnsson og Ýr h.f. aldrei komið nálægt byggingu hússins, heldur hafi smiðir frá Smára h.f. annast

byggingu hússins þar til að plötunni kom. Stefnandi upplýsti að í sambandi við úrbótatillögur Sigtryggs Stefánssonar tæknifræðings um styrkingu á loftplötunni, þá hafi verið settur einn stálbiti við stigaopið, 140 U-skúffur soðnar saman í T, og annar biti 80x80 profil soðinn saman í T settur á salerni og hafi þetta kostað rúmar 14 þús. kr. og hafi því verki verið lokið fyrir skemmstu. Stefnandi upplýsti að ekki hafi verið búið að renna í plötuna er hann seldi húsið. Stefnandi sagði aðspurður að vel trúlegt væri að hann hafi sagt stefnda Róbert, er hann fékk hann sem múrarameistara, að hann, þ.e.a.s. stefnandi, myndi vinna mikið sjálfur, þar sem hann hafi haft góða aðstöðu til þess. Aðspurður um þá viðgerð er hann hafi framkvæmt á plötunni upplýsti stefnandi að enginn af skráðum meisturum hússins hafi komið þar nálægt, en ekki væri ennþá komið í ljós hvort viðgerðin hefði tekist.

Stefndi Haraldur Sigmar Árnason byggingatæknifræðingur skýrði svo frá hér fyrir dóminum, að Ingólfur Margeirsson, þáverandi starfsmaður byggingafulltrúans á Akureyri, hafi teiknað teikningar að undirstöðum og sniði af undirstöðum að húsinu að Grenilundi 1 og 3, en hann, þ.e.a.s. stefndi, hafi undrritað teikningarnar, því að Ingólf hafi skort til þess réttindi. Stefndi Haraldur upplýsti að stefnandi hafi falast eftir teikningum að húsinu hjá Tækniteiknistofunni s.f., sem hafi verið í eigu hans og Aðalsteins Júlíussonar byggingatæknifræðings. Hafi Ingólfur Margeirsson falast eftir verkefnum hjá Tækniteiknistofunni s.f. og fengið framangreint verk, auk þess að teikna plötuna sem mál þetta snýst um, en sú teikning ekki uppáskrifuð af ábyrgðarmönnum stefnda, Tækniteiknistofunnar s.f. Hafi teikningin ekki formlega verið lögð fyrir byggingaeftirlitið hér í bæ, en hann kveðst hafa tekið plötuna út sem starfsmaður byggingafulltrúaembættisins á Akureyri þann 27. október 1977 og hafi þá plötuteikningin örugglega verið til á staðnum, en stefndi sagði að á þessum tíma hafi verk iðulega verið tekin út samkvæmt teikningum á byggingarstað án þess að teikningar hefðu verið uppáskrifaðar af byggingaeftirlitinu og jafnvel án þess að þær hefðu komið inn á borð hjá byggingafulltrúa. Hafi þetta komið til vegna mikilla anna og álags á byggingaeftirlitinu. Hann upplýsti aðspurður að Tækniteiknistofan s.f. hafi greitt Ingólfi fyrir teiknivinnu hans, en stefnandi hafi greitt Tækniteiknistofunni s.f. fyrir teikningar að húsinu. Stefndi vildi taka það fram að honum hafi verið það ljóst er hann tók út verkið að Ingólfur Margeirsson hafi gert teikninguna og hafi úttektin verið fólgin í því að athuga hvort járnalögnin væri í samræmi við teikninguna og hafi svo verið. Stefndi kveðst ekki hafa athugað teikninguna sérstaklega með tilliti til burðarþols né ábyrgst hana með undirskrift sinni. Stefndi kveðst hafa teiknað plötuna að Grenilundi nr. 1, þ.e.a.s. parhúsinu við hliðina og hafi hann reiknað þá plötu upp á nýtt og í hana verið settar stálmottur

að ósk eiganda og hafi ekkert sig komið fram á þeirri plötu þrátt fyrir að aðrar forsendur hönnunar væru þær sömu. Stefndi upplýsti að Tækniteiknistofan s.f. hafi ekki tjáð stefnanda að Ingólfur Margeirsson hafi hannað ákveðna verkþætti hússins. Hann sagði að á þessum tíma hafi bæði byggingaeftirlitið og hönnuðir gengið út frá því að steypa í plötur uppfyllti ÍST-10 frá steypustöðvum og að steypusýnin, er hann tók úr plötunni, hafi verið tekin þannig að þau gæfu sem besta heildarmynd af steypunni í plötunni. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa farið nákvæmlega yfir útreikninga Ingólfs Margeirssonar á burðarþoli plötunnar og að plötuteikningin hafi aldrei verið skráð í skjalasafn byggingafulltrúaembættisins að því að hann best vissi. Hafi Ingólfur starfað sem sumarmaður við embætti byggingafulltrúa og hafi hann aðeins átt eftir svokallað diplom-verkefni og hafi hann lokið námi frá Tækniskóla Íslands í desember 1977 sem byggingatæknifræðingur. Hafi fyrst verið haft samband við stefnda vegna sigs plötunnar síðari hluta árs 1980 og hafi þá verið búið að renna í hana. Aðspurður kvaðst stefndi ekki hafa fylgst með hönnunarvinnu Ingólfs Margeirssonar. Einnig upplýsti hann að Teiknistofan s.f. hafi yfirtekið allar skuldbindingar Tækniteiknistofunnar s.f. og væru sömu eigendur að báðum félögunum. Hann kvað hönnuði yfirleitt ekki tiltaka yfirhæð á plötum í einbýlishúsum nema um það væri sérstaklega beðið, heldur væri það í verkahring meistara að slá upp fyrir plötu með yfirhæð þegar þannig stæði á. Hann minnti að krapaveður hafi verið er hann tók plötuna út og einhverjar gráður yfir frostmark.

Úrbótatillögur hans og Aðalsteins Júlíussonar frá 10.01. 1981 og kostnaðaráætlunin væri miðuð við mjög svipaðar úrbætur og úrbótatillögur Sigtryggs Stefánssonar tæknifræðings, en vildi taka það fram að hann teldi að það sig sem fram hefði komið á plötunni væri eingöngu lélegri steypu að kenna svo og hafi of mikilli steypu verið rennt ofan á plötuna og nefndi sem dæmi, að 11 cm pússningarlag þýði 250 kg álag á 1 m^2.

Stefndi Jón Trausti Björnsson húsasmíðameistari skýrði svo frá að stefnandi hafi óskað eftir því að hann hætti sem meistari að húsinu og sagt honum að Stefán B. Árnason myndi taka við af honum. Í beinu framhaldi af því hafi hann ritað bréfið og afhent embætti byggingafulltrúa, þar sem hann sagði sig frá verkinu og hafi hann fengið afrit bréfsins þar, en í gögnum embættisins verði ekki séð að meistaraskipti hafi orðið og kvaðst hann ekki kunna skýringu á því. Hann kvaðst ekkert hafa komið nálægt byggingu hússins, en upphaflega hafi staðið til að Ýr h.f. byggði húsið fyrir stefnanda, en það síðan breyst. Hann kvað eðlileg viðbrögð embættis byggingafulltrúa hefðu átt að vera að taka verkið út við meistaraskiptin, en svo hafi ekki verið gert. Hann kveðst hafa fengið vitneskju um það, að hann væri ennþá skráður meistari, er hann hafi fengið tilkynningu um matsskoð-

un og hafi þá komið í ljós, að bréf hans hafi legið inni í dagbók hjá byggingafulltrúa og kvaðst hann enga skýringu hafa fengið á þessu.

Hér fyrir dóminum skýrði stefndi Róbert Árnason múrarameistari svo frá að hann hafi rekið sameignarfélagið Róbert og Reyni s.f. ásamt Reyni Brynjólfssyni múrarameistara og hafi hann skrifað upp á teikningar að húsinu Grenilundi 3 sem múrarameistari í vináttuskyni við stefnanda. Hafi stefnandi séð um alla járnalögn í plötuna ásamt vönum járnamanni frá Smára h.f. og hafi bæði honum og Haraldi Árnasyni verið fullkunnugt um það. Úttekt plötunnar hafi verið gerð sama daginn og hún var steypt og hann og Reynir unnið að niðurlagningu steypunnar og kvaðst hann hafa gengið út frá því að steypan hafi verið að styrkleika a.m.k. S-200. Hafi hann séð teikningu af plötunni á sínum tíma og ekki minnast þess að neitt hafi verið athugavert við járnalögn í henni. Hann kvaðst hafa rennt í plötuna og honum fundist yfirborð hennar nokkuð lint og fengið Pétur heitinn Pálmason verkfræðing til að líta á hana, þar sem flettst hafði upp úr steypunni á henni allri, en platan verið óvarin allan veturinn eftir að hún var steypt. Hafi verið rennt ofan á plötuna venjulegri þykkt eða 3-4 cm. Á þessum tíma, er platan var steypt hafi ekki verið tekið sigmál úr steypunni né sýni til brotþolsmælinga og honum sé kunnugt um að á þessum tíma hafi steypugæðin frá Malar- og steypustöðinni verið misjöfn svo og frá Möl og sandi h.f. og hafi það stafað af steypuefninu.

Stefndi Stefán Baldvin Árnason húsasmíðameistari bar hér fyrir dómi að stefnandi hafi beðið hann um að slá upp fyrir margumræddri plötu og hafi hann sagt stefnanda að hann yrði að fá heimild hjá meistaranum til þess, en stefndi kveðst ekki vita hvað gerðist þeirra á milli, en engin úttekt eða formleg meistaraskipti hafi farið fram sér vitanlega. Stefndi kveðst hafa unnið að uppslætti plötunnar ásamt tveimur bræðrum sínum, en hann ekki komið nálægt steypuvinnunni né járnalögninni. Sagði hann að úttekt byggingaeftirlitsins á plötunni áður en hún var steypt, hefði átt að taka bæði til uppsláttarins og járnalagnarinnar, en honum hafi ekki verið tilkynnt um úttektina. Hann kvaðst hafa slegið upp fyrir því sem eftir var að byggja af húsinu og hafi engin meistaraskipti farið fram. Hann upplýsti að slegið hafi verið upp fyrir plötunni með yfirhæð og hafi yfirhæðin a.m.k. verið 1 tomma til 3 cm. Stefndi kannaðist ekki við efni yfirlýsingar stefnda Jóns Trausta Björnssonar frá 15. september 1977, en upplýsti að meistaraskipti á þessum tíma hafi oft ekki verið í föstum skorðum. Að gefnu tilefni upplýsti stefndi að stefnandi hafi sagt honum að Jón Björnsson hefði samþykkt að hann, þ.e. stefndi, slægi upp fyrir plötunni.

Hér fyrir dóminn kom Erlingur Aðalsteinsson byggingatæknifræðingur og starfsmaður byggingafulltrúa Akureyrarbæjar. Hafi hann verið starfsmaður byggingafulltrúa er húsið að Grenilundi 3 var í smíðum og ekki tekið

út neina verkþætti hússins. Hafi verið skylt að skila til byggingafulltrúa burðarþolsteikningum og í þessu tilviki að plötu hússins, en það hafi ekki verið gert að því er séð yrði, en hins vegar hafi borist síðar teikning að plötunni. Nánar aðspurt sagði vitnið að grennslast hafi verið fyrir um teikningu að plötunni eftir að sigið kom í ljós og þá væntanlega Haraldur Árnason inntur eftir teikningunni. Um nánari tímasetningu kvaðst vitnið ekki geta sagt. Vitnið taldi að stefndi Haraldur hefði útvegað teikningu þessa, en kveðst ekki þora að fara með tilurð hennar nánar. Vitnið upplýsti að er burðarþolsteikningar hafi borist embætti byggingafulltrúa, þá hafi verið athugað hvort teikningin passaði fyrir viðkomandi hús og slegið á öll stærri mál, en nánar yfirleitt ekki farið í saumana á þeim nema í undantekningartilvikum. Hann kvaðst minnast þess að hafa móttekið bréf stefnda Jóns Trausta Björnssonar og geti dagsetning bréfsins staðist. Sagði vitnið að venjan við meistaraskipti hafi verið sú að fráfarandi og viðtakandi meistari gengju frá skiptunum og verkið tekið út og í þessu tilviki gæti skýringin á því að meistaraskipti hafi farist fyrir verið sú að úttekt á verkum trésmíðameistara sé ekki fyrr en á sperrum og þaki.

Hafi meistaraskipti farið þannig fram að viðkomandi meistarar hafi skrifað á sérstakt meistaraskiptablað ásamt húseiganda og byggingafulltrúa og þeim starfsmönnum byggingafulltrúa sem úttektina gerðu. Hafi meistarar óskað eftir meistaraskiptum munnlega og meistaraskipti eins og áttu sér stað í þessu tilfelli hafi verið mjög sjaldgæf. Úttektarseðlar eins og fyrir úttekt á margumræddri plötu eigi að vera til hjá byggingafulltrúa fyrir hverri úttekt, en fyrir húsið að Grenilundi 3 finnist ekki úttektarseðill fyrir lokaúttekt á timburþaki. Aðspurt kvaðst vitnið álíta að í raun hafi enginn trésmíðameistari verið að húsinu eftir að stefndi Jón sagði sig frá verkinu og aðspurt sagði vitnið, að það komi oft fyrir að teikningum sé ekki skilað inn til byggingaeftirlitsins fyrr en að byggingu húss sé lokið og gangi þá byggingaeftirlitið í því að kalla inn teikningar frá hönnuðum, er þeir hafi trassað að skila inn. Upplýsti vitnið að engin meiri háttar verk væru tekin út af byggingingaeftirlitinu nema fyrir lægju teikningar á staðnum. Vitnið óskaði að taka það fram að það teldi í verkahring húseigenda að sjá til þess að löggiltur meistari væri að húsbyggingu eftir að annar meistari hefði sagt sig frá henni.

Vitnið Sigurður Hannesson byggingameistari kom hér fyrir dóminn og staðfesti matsgerð sína og Péturs heitins Pálmasonar byggingaverkfræðings frá 24. september 1980. Vitnið sagði að yfirborð steypunnar á svölunum hefði verið lint og hafi hann höggvið gat í gegnum svalirnar og steypan reynst vera eins í gegn. Steypan í plötunni hafi verið betri, en þó nokkuð lin. Vitnið sagði að 14 cm þykkt á meðalstórum plötum sé algeng, en á svo stórri plötu eins og hér um ræðir, hefði platan orðið stífari hefði hún

verið steypt þykkri. Ekki mundi vitnið þykktina á múrhúðuninni við stigaopið og vitnið tók fram að Pétur heitinn hafi gert alla burðarfræðilega útreikninga í matsgjörðinni. Steypusýni hafi ekki verið tekin vegna fyrirsjáanlegs kostnaðar svo og hefði alltaf verið opin leið að gera það. Ekki tók vitnið eftir sprungum yfir burðarveggjum en sprungur hafi verið í pússningunni eins og oft vilji verða. Vitnið sagði að þeir hafi dregið þá ályktun að ekki hafi verið slegið upp með yfirhæð fyrir plötunni vegna þess hve írennslið hafi verið misjafnt.

Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson byggingaverkfræðingur staðfesti hér fyrir dóminum matsgerð hans og Jónasar Karlessonar frá 25. nóvember 1982 á dskj. nr. 4. Sagði vitnið að forsendur fyrir útreikningum þeirra á styrkleika plötunnar hafi verið miðaðar við forsendur á burðarþolsteikningu hennar. Nánar aðspurt sagði vitnið um lið 1.1. í matsgerð þeirra, sé hönnunargalli plötunnar að hans mati í því fólginn að ekki sé í henni nægjanlega mikið steypustyrktarjárn svo og hefði þurft að steypa plötuna þykkri. Vitnið segir það álit sitt að steypan úti hafi orðið fyrir yfirborðsskemmdum og einnig verið lélegri að gæðum en efni stóðu til. Varðandi steypuna inni í húsinu kveðst vitnið telja að hún hafi ekki verið nægjanlega góð í upphafi, því að ef svo hefði verið þá hefði hún verið búin að ná nægum styrkleika áður en veruleg frost komu. Aðspurður um sýnatöku úr plötu 5, sem molnaði, kveðst vitnið telja að skýringin á því geti verið samverkandi afleiðing vegna léglegrar steypu og frosts. Ekki hafi þeir matsmennirnir brotið pússningu af plötunni til að kanna yfirborð hennar, heldur hafi þeir séð þykkt pússningarinnar þar sem borað hafi verið í hana til sýnatöku og að niðurstöður á útreikningi á sigi fari eftir þeim forsendum sem menn gefi sér, en við útreikningana hafi þeir notað Betonhandbok konstruktion útgefna 1980. Undir vitnið voru bornar úrbótatillögur Sigtryggs Stefánssonar á plötunni og kvaðst vitnið ekki geta svarað því hvort þær úrbótatillögur væru nægjanlegar án nánari athugunar. Við útreikninga á plötunni hafi þeir gengið út frá steypustyrkleika S-160, því það hafi verið minnsti steypustyrkleiki, sem gert var ráð fyrir að notaður væri samkvæmt staðli. Aðspurður af lögmanni stefnda Haralds Árnasonar um úrbætur á plötuhluta 2 í lið 2.2. í matsgjörðinni segir vitnið engu við að bæta, er þar kæmi fram. Undir vitnið voru bornir afhendingarseðlar frá Malar- og steypustöðinni þar sem fram kemur að sementsmagn í m^3 hafi verið 300 kg í steypunni og sagði vitnið að það sementsmagn í sjálfu sér ætti að gefa nægjanlegan styrkleika, ef önnur steypuefni væru nægjanlega góð. Aðspurt sagði vitnið að steypuframleiðsla á þessum tíma hafi oft ekki verið samkvæmt íslenskum staðli. Aðspurt um kostnað á úrbótum sagði vitnið að miðað hafi verið við meðalverð. Undir vitnið var borinn sá kostnaður er stefnandi hefði haft af nýlegum endurbótum samkvæmt úrbótatillögum

Sigtryggs Stefánssonar og kvaðst vitnið í sjálfu sér ekki geta lagt út frá einstökum verkþætti, því að ýmislegt fleira kæmi þar til.

Framburður vitnisins Jónasar Vignis Karlessonar byggingaverkfræðings var samhljóða í meginatriðum framburði vitnisins Haralds Sveinbjörnssonar og staðfesti vitnið matsgjörðina frá 25. nóvember 1982. Undir vitnið voru bornar úrbótatillögur Sigtryggs Stefánssonar tæknifræðings og kvaðst vitnið í fljótu bragði ekkert sjá athugavert við þær og þær gangi í sömu átt og þeir hafi lagt til, en nánari útreikninga þurfi til.

Vitnið Sigtryggur Benedikt Stefánsson byggingatæknifræðingur kom hér fyrir dóminn, en vitnið hannaði úrbótatillögur á plötunni, sem þingmerktar eru sem dskj. nr. 17 og 18. Kvaðst vitnið hafa gert kostnaðaráætlun fyrir verkið í maí/júní 1982 og hafi í þeirri áætlun verið stiginn, biti og stoð undir plötuna, steypa undir stoðina og hafi hann áætlað heildarkostnaðinn 40.000,00 krónur og kostnað án stigans kr. 15.000,00 til kr. 20.000,00. Sagði vitnið aðspurt ekki telja neina plötuhluta of þunna í húsinu og fræðilega enga hættu á ferðum í sambandi við burðarþol platnanna og úrbætur á sigi þeirra tiltölulega auðveldar. Undir vitnið var borin teikningin á dskj. nr. 6, þ.e.a.s. teikningin að járnalögn plötunnar að Grenilundi nr. 3 og teikningar nr. B-7 og B-8 að Grenilundi 1 og sagði vitnið að enginn grundvallarmunur væri á járnateikningum platnanna og ef eitthvað væri ætti platan að Grenilundi 3 að vera sterkari. Sérstaklega aðspurt um endurbætur á plötuhlutanum nr. 2 í liðum 2.2. í matsgjörðinni á dskj. nr. 4 kvaðst vitnið ekki telja neina þörf á endurbótum á þeim plötuhluta, né heldur á plötu 3. Sagði vitnið aðspurt að er platan var steypt hafi verið tilgreint sementsmagn í m^3 af steypu og hafi í venjulegar loftplötur verið notuð 250 kg og í sérstökum tilvikum 300 kg. Hann kveðst telja að öllu venjulegu að 300 kg í m^3 ættu að gefa styrkleika að minnsta kosti S-250. Vitnið sagði að er plötunni var lyft nú á dögunum hafi hann verið viðstaddur og húsið ekki verið rýmt og telja víðs fjarri nokkra þörf á því. Vitnið upplýsti að hann hafi gert kostnaðaráætlun vegna niðurbrots svala, en mundi ekki tölur í því sambandi. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa haft samband við hönnuð hússins varðandi tillögur að úrbótum.

2. apríl 1981 ritar stefndi Haraldur Árnason Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins bréf meðfylgjandi steypusýnum er tekin voru með kjarnabor úr margumræddri plötu. Sýni nr. 1, 2 og 3 voru tekin í syðri hluta hússins og reyndust nokkuð heilleg að hans sögn, en sýni nr. 4, 5 og 6 voru tekin í norðurhluta hússins og reyndist með öllu ókleift að taka þar heilleg sýni. Óskaði hann eftir rannsóknum á brotstyrkleika og fjaðurstuðli steypunnar og einnig ef hægt væri að rannsaka ónýtu sýnin. Niðurstöður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins voru sendar Tækniteiknistofunni s.f., stefnda í máli þessu og er bréf stofnunarinnar dagsett 14. maí 1981.

Reyndist þrýstiþol kjarna 1 187 kg/cm², kjarna 2 112 kg/cm² og kjarna 3 164 kg/cm². Ekki reyndist unnt að finna orsakir skemmda í kjörnum 4-6, segir í bréfi stofnunarinnar, en sum einkenni gætu bent til þess að þar væri um frostskemmdir að ræða. Frekari rannsókn yrði þó að gera hvað þetta varðar.

Svo sem áður er rakið liggur fyrir í málinu matsgerð byggingaverkfræðinganna Haralds Sveinbjörnssonar og Jónasar Karlessonar, dags. 25. nóvember 1982, sem beinist gegn öllum aðilum þessa máls, þar sem óskað er að matsmennirnir láti í té rökstutt álit á eftirfarandi spurningum:

1. Hverjar séu orsakir þess mikla sigs á milliplötu og þeirra steypuskemmda sem eru á svölum og útidyratröppum hússins.
2. Hvað sé til úrbóta og hversu mikið muni kosta að gera þær úrbætur sem matsmenn leggja til og sé þess þar gætt að sundurliða efni og vinnu.
3. Hvað matsmenn telji að viðgerð muni taka langan tíma og hvert sé hæfilegt endurgjald til matsbeiðenda við missi afnota af húsnæðinu á meðan viðgerð stendur.

Fyrstu spurningu svöruðu matsmenn í tvennu lagi þannig:

Varðandi orsakir sigsins á milli plötu hússins sé ástæðan í stuttu máli sú að platan sé ekki hönnuð nægilega stíf til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru gagnvart niðurbeygju, en léleg steypa hafi valdið enn meiri niðurbeygju en væntа mátti samkvæmt útreikningum. Platan virðist ekki hafa verið steypt með yfirhæð og veldur það því að sigið kemur allt fram sem hæðarmunur á milli undirstaða og plötumiðju.

Síðan gera matsmenn nánari grein fyrir þessu áliti sínu.

Almennt:

Sigi í steyptum plötum sé oft skipt í tvennt, þ.e. fjaðrandi sem hverfur þegar álagi er létt af og varanlegt sig.

Í byggingareglugerð frá 1979 séu ákvæði um hvað reikningslegt sig megi vera mikið, og í þessu tilfelli væri það L/200 fyrir heildarálag, en L/500 fyrir hreyfanlegt álag, þar sem L tánkar spennivídd.

Þess beri að geta að útreikningar á sigi séu flóknir og geti það haft veruleg áhrif á niðurstöður, hvaða reikniaðferðir séu notaðar. Sérstaklega eigi þetta við um plötur sem eru með stórum úrtökum og þar sem innspenna er óljós eða aðeins á hluta af lengd plötunnar, en þetta eigi við um plötuhluta 5, sem mest sig hafi orðið á.

Reikningslegt sig:

Reikniforsendur.

Álag:

Eiginþyngd (140 mm plata)	3,5 KN/m²

pússning	1,0	—
hreyfanlegt álag	1,5	—

Hér sé reiknað með að milliveggir séu úr timbri og álag frá þeim því hverfandi. Venjulega sé reiknað með að innveggir séu hlaðnir og er þá viðbótarálag frá þeim 1,0 KN/m².

Stífleiki:

(E x I) er reiknað samkvæmt Betonghandbok Konstruktion (útg. 1980) s. 405 til 444. Reiknað er með steypu K 20 (samsv. S-160), sigi vegna varanlegs álags í þurru umhverfi að viðbættu sigi vegna rýrnunar steypu.

Reiknað sé með að platan sé öll sprungin. Réttara væri þó að reikna með að steypan væri aðeins sprungin þar sem spennur fara yfir togþol steypunnar. Það sé hins vegar erfitt að meta sérstaklega í þessu tilfelli, þar sem búast megi við verulegum togspennum í plötunni vegna þess að platan rýrni meira en útveggir hússins.

Ef um góða steypu væri að ræða með miklu togþoli myndi platan væntanlega síga verulega minna en hér er reiknað með.

Reikniaðferð:

Krossbentar plötur eru reiknaðar samkv. „elastisitetsteoriu", mestu vægi (moment) og niðurbeygjur eru reiknaðar samkv. töflum í Betonkalender 1974.

Reiknað er með varnalegu álagi q = 4,5 KN/m² (eiginþyngd og pússning).

Niðurstöður matsmannanna reiknaðar í niðurbeygju fyrir varanlegt álag á plötuhluta 1, svalir, reiknaðist matsmönnum vera 20 mm. Á plötuhluta 2 13 mm. Á plötuhluta 3 21 mm. Plötuhluti 4 ekki reiknaður þar sem hann er verulega minni en plötuhluti 3. Plötuhluti 5, matsmenn töldu mun erfiðara að gera sér grein fyrir sigi á þessum plötuhluta en hinum, einkum vegna úrtaksins á plötuhlutanum og áhrif innspennu væri óljós. Miðað við niðurstöður nokkurra reiknislegra forsendna töldu þeir reiknislega niðurbeygju á plötunni 40 - 50 mm miðað við varanlegt álag 4,5 KN/m².

Síðan bera matsmenn saman reiknislegt sig og mælt sig og er mælt sig á plötuhluta 2 8 mm, plötuhluta 3 25 mm, plötuhluta 5 44 mm. Við þessa niðurstöðu þurfi þó að athuga að undir plötuhluta 2 séu þrír milliveggir, sem hafa minnkað sig í þeirri plötu. Undir plötuhluta 5 sé veggur sem komið hafi í veg fyrir að sig héldi áfram í þeirri línu eftir að gólf var múrhúðað.

Niðurstaða matsmannanna er því sú, að sig hafi orðið nokkru meira í plötuhluta 3 og 5 heldur en búast hefði mátt við samkvæmt reikningum

og telja þeir að það stafi af því að steypan sé lélegri en reiknað er með.

Matsmenn fjalla síðan um brotöryggi og segja, að stálþenslur séu komnar yfir flotmörk við álag frá eigin þyngd og pússningu. Sé því nauðsynlegt að athuga hvort brotöryggi sé nægjanlegt. Til þess að athuga brotöryggi platna sé eðlilegast að nota brotlínuteoríu. Hún sé hins vegar ekki vel fallin til þess að athuga niðurbeygjur þar sem brotlínur myndist ekki fyrr en stálþensla sé komin upp fyrir flotmörk. Reiknað er með álagi eins og áður er getið. Álagsstuðlar samkvæmt íslenskum staðli ÍST 12.9 frá 15. desember 1977 (samsvara norskum stuðli).

Eiginþyngd	1,2 x 3,5 =	4,2 KN/m²
Pússning	1,2 x 1,0 =	1,2 KN/m²
Hreyfanl. álag	1,6 x 1,5 =	2,4 KN/m²
		7,8 KN/m²

Alls staðar sé stærð platna miðuð við ljósop sbr. Betonghandbok Konstruktion bls. 601.

Plötuhluti 1.

Hér þurfi að reikna með hærra álagi fyrir svalir og þar reiknað með hreyfanlegu álagi 6,4 KN/m². Niðurstaðan er sú að stálspennur séu 540 N/mm², sem sé mun hærra en leyfileg stálspenna, sem sé 320 N/mm² samkv. norskum staðli.

Plötuhluti 2.

Þar sé stálspennan 370 N/mm² og sé þetta yfir leyfilegri stálspennu sem sé 320/mm².

Plötuhluti 3.

Spennan sé minni en 310/mm², en leyfilegt 320/mm².

Plötuhluti 4.

Platan sé mun minni en plötuhluti 3 og spenna því innan leyfilegra marka.

Plötuhluti 5.

Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að mesta vægi 6,8 KN m/m leiði til um 320 N/mm² stálspennu, sem samsvari leyfilegri spennu, en þó megi gera ráð fyrir að spennur séu verulega hærri í þessari plötu.

Varðandi orsakir steypuskemmda á svölum og útidyratröppum hússins telja matsmenn að steypuskemmdirnar stafi líklega af því að steypan hafi

ekki verið nægilega varin fyrir frosti í upphafi. Hún hafi orðið fyrir yfirborðsskemmdum, sem minnkað hafi veðrunarþol hennar. Gera matsmenn síðan nánari grein fyrir þessu og fjalla einnig um steypugæði í öðrum hluta plötunnar þar sem þau hafi haft áhrif á sig hennar.

Matsmenn ganga út frá því að platan hafi verið steypt sama dag og járnaúttekt fór fram eða 27. október 1977. Samkvæmt veðurskýrslum Veðurstofu Íslands hafi veður á Akureyri næstu sólarhringa á eftir verið í stórum dráttum sem hér segir:

Þegar platan var steypt var hiti um frostmark, alskýjað og var vindur 2-3 vindstig að norðan. Hafi hiti haldist yfir frostmarki um kvöldið og nóttina og komist mest í 3,3° C að morgni 28. október, en þá rofi til og frysti og fari hiti í -1,5° C seinni part dagsins. Aðfaranótt 29. október fer frost í -2,0° C, síðan hækki hitastig og komist í 7,6° C. 30. október sé hiti yfir frostmarki allan sólarhringinn og fram til kvölds 31. október, en þá frysti að nýju. Næstu 24 sólarhringana þar á eftir sé meðalhiti undir frostmarki, nema 21. nóvember fari meðalhiti í 0,7° C og miklar frosthörkur á þessu tímabili.

Um steypuvinnu hafa matsmenn þetta að segja. Um hitastig steypunnar sé ekki vitað, en telja megi víst að það hafi verið a.m.k. 4° C og ef til vill verulega hærra. Það sem styðji það mat þeirra sé að meðalhitastig næstu vikna á undan var að jafnaði um 4° C og á afgreiðslunótum steypustöðvarinnar sé þess getið að í steypuna hafi verið notað heitt vatn. Hversu heitt vatn það var sé ekki vitað, en kunnugt sé að afköst katla til upphitunar á steypuvatni voru oft of lítil hjá steypustöðvum, þannig að vatnshiti var ekki nægjanlegur nema í fyrstu bílana, en ekki sé kunnugt hvernig þessu var háttað í þessu tilviki. Varnir gegn frosti er platan var steypt hafi verið af skornum skammti. Samkv. upplýsingum sem fram komu við matsskoðun var plastdúkur breiddur yfir plötuna, en hann náði ekki yfir svalir og útitröppur að norðan. Eitthvað hafi verið kynt undir plötunni.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið telja matsmenn líklegt að hluti plötunnar hafi frosið og orðið fyrir yfirborðsskemmdum. Einkum eigi þetta við um svalir og útitröppur að norðan. Það sem styðji þessa skoðun þeirra ennfremur sé eftirfarandi:

Á fyrsta sólarhring steypunnar sé frost og útgeislun veruleg. Öll skilyrði séu þar fyrir hendi að yfirborð steypunnar frjósi. Steypuyfirborð á svölum og útitröppum að norðan hafi verið líkt og morkið og sé það einkenni steypu sem orðið hafi fyrir frostskemmdum. Slík steypa hafi ekki lengur viðnám gegn veðrun þó að hún nái nokkrum brotstyrk. Slík steypa sem hér um ræðir geti veðrast hratt, ef ytri aðstæður séu óhagstæðar, eins og í þessu tilfelli, þ.e.a.s. láréttur óvarinn byggingarhluti.

Til þess að varpa skýrara ljósi á þessa skoðun matsmanna segja þeir unnt

að reyna kjarnatöku, en með vissum athugunum sem framkvæmanlegar séu á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sé möguleiki á að kanna byggingu (struktur) steypunnar. Ekki sé fullvíst að slík rannsókn heppnist, en að sögn yfirverkfræðings stofnunarinnar sé varla um aðra möguleika að ræða.

Um steypugæði hafa matsmennirnir þetta að segja: Svo sem að framan er rakið sé steypa í svölum og kjallaratröppum ónýt. Það telja þeir geta stafað af frostskemmdum á yfirborði í upphafi, sem leitt hafi til hraðrar veðrunar síðar. Í bréfinu frá 2. apríl 1981 komi fram að taka steypusýna úr plötunni hafi verið erfið vegna þess að sýnin vildu molna niður og í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um sýnin komi fram að þrýstiþol á einu sýni af þremur sé of lágt. Einnig sé þess getið að steypan hafi einkenni, sem bendi til þess að hún hafi orðið fyrir frostskemmdum. Platan hafi sigið meira en búast mætti við eftir útreikningum. Virðist þeim tvennt koma til greina til að skýra léleg gæði steypunnar í öðrum hlutum plötunnar en svölum og útitröppum.

a. Steypan hafi gegnfrosið áður en hún náði nægum styrkleika til þess að þola frost án þess að verða fyrir skemmdum.
b. Steypan hafi verið léleg frá steypustöð.

Varðandi fyrri möguleikann segja matsmennirnir að þeir telji að frostið sem kom daginn eftir að platan var steypt hafi varla valdið nema yfirborðsskemmdum á plötunni. Hafi hún því tæpast gegnfrosið fyrr en fjórum sólarhringum eftir að hún var steypt. Steypan ætti þá að hafa náð um 40% af endanlegu þrýstiþoli sínu og vera orðin frostþolin ef hún hefði uppfyllt gæðakröfur um styrk, loftblendi o.fl. Þar sem platan sýnir einkenni um frostskemmdir telja þeir sennilegast að steypan hafi ekki verið nægilega góð í upphafi. Það, ásamt ónógri frostvörn, hafi valdið því að hún hafi ekki verið búin að ná nægjanlegum styrkleika þegar frostakaflinn kom og því orðið fyrir frostskemmdum. Við þetta hafi gæði steypunnar, sem voru ónóg fyrir, enn rýrnað.

Matsmenn gera tillögur til úrbóta og hvað þær úrbætur kosti, og eru þær eftirfarandi:

1. Svalir og útitröppur að norðan telja þeir ónýtar og nauðsynlegt að brjóta hvorutveggja burtu og steypa nýtt í þess stað. Undir svalir verði settar tvær stoðir.

Kostnað við þetta meta þeir, múrbrot kr. 13.000,00, mót kr. 14.000,00, járn kr. 8.000,00, steypu kr. 10.000,00 eða samtals kr. 45.000,00.

2. Plötuhluti 2. Eins og áður er rakið telja matsmenn brotöryggi ekki

nægilega hátt fyrir þennan plötuhluta, en sig innan leyfilegra marka. Milliveggir, sem eru undir þessum plötuhluta hafi stutt undir plötuna. Þar sem ekki vanti nema um 15% upp á að brotöryggi sé fullnægt, telja þeir forsvaranlegt að reikna með að ekkert verði gert til að styrkja þennan hluta plötunnar, en það sé þó háð því að milliveggir verði ekki fjarlægðir síðar. Nokkur hætta sé á að milliveggir verði fyrir skemmdum vegna álags frá plötu. Ef nauðsynlegt er talið að styrkja plötuna, yrði það gert eins og lýst er hér síðar um plötuhluta 5, þ.e. með því að fella stálbita inn í milliveggi. Kostnaður yrði um kr. 40.000,00.

3. Plötuhluti 3. Undir þá plötu komi stálbiti, t.d. HE-B 120. Plötur verði soðnar á bitaenda sem boltaðir verði á veggi. Bitinn yrði klæddur með timbri. Við uppsetningu þyrfti að fleyga á milli bita og plötu, þannig að bitinn létti strax hluta álags af plötu. Vegna sigs á plötuhlutum 3 og 5 telja þeir ennfremur að brjóta verði burt alla pússningu af plötuhlutum 3, 4 og 5 og renna í gólfið að nýju.

4. Plötuhluti 5. Matsmenn gera ráð fyrir að platan verði spennt upp, þannig að hún verði nokkurn veginn lárétt og reikna með eftirfarandi styrkingu.

a. Við stigaop verði settur stálbiti á tvær hliðar opsins og hann boltaður fastur við plötu. Undir hvorn bitann er reiknað með að komi stálstoð, en einnig megi ná samsvarandi burði með því að hafa stigakjálka úr stáli í stað stoðarinnar.

b. Í millivegg við anddyri komi stálbiti IPE 120 og verði soðnar á hann stálplötur sem festar verði á steyptu innveggina með múrboltum. Undir bitann komi tvær stálstoðir. Gera þeir ráð fyrir að stálbitinn og stoðirnar verði felldar inn í núverandi skilvegg. Hann verði því endursmíðaður, en hægt verði að nota efni sem fyrir er að hluta.

Kostnaðinn við úrbætur á liðum 3 og 4, þ.e. plötuhlutum 3 og 5, áætla matsmennirnir þannig: Prófílstál kr. 28.000,00, tréstokkur kr. 4.000,00, innveggur kr. 11.000,00, uppspenna kr. 8.000,00, gólfílögn kr. 13.600,00, málning 6.000,00, frágangur kr. 4.400,00 eða samtals kr. 75.000,00.

Heildarkostnað endurbóta meta þeir samtals kr. 120.000,00.

5. Matsmenn áætla að viðgerð á húsinu muni taka 2-3 vikur og gera ráð fyrir að íbúar hússins flytji brott á meðan.

Við mat á endurgjaldi til stefnanda þykir þeim eðlilegast að gera ráð fyrir að hann flytji í leiguhúsnæði meðan á viðgerð stendur. Þar sem um stuttan leigutíma sé að ræða gera þeir ráð fyrir að leigukostnaður pr. mánuð verði nokkru hærri en almennt gerist eða að minnsti leigutími verði nokkru lengri en nauðsynlegt reynist. Endurgjald til stefnanda vegna missis húsnæðis meðan á viðgerð stendur, meta þeir í einu lagi þannig: Húsnæðis-

kostnaður kr. 10.000,00, flutningur kr. 7.000,00, frágangur, búslóð o.fl. kr. 3.000,00 eða samtals kr. 20.000,00.

Stefndi Haraldur Árnason og Tækniteiknistofan s.f. telja að kostnaður við endurbætur á plötunni séu mun minni en matsgerðin greinir, t.d. eigi að vera uppfyllt undir plötuhluta 3 samkvæmt teikningu að húsinu, en út úr þessu rými sé grafið og eins þurfi ekki að rýma húsið við viðgerð og sé viðgerð á plötuhlutum 3 og 5 ekki nægjanlega sundurliðuð. Þessu til stuðnings sé einnig kostnaðaráætlun Sigtryggs Stefánssonar tæknifræðings, svo og framlagður reikningur Vélsmiðjunnar Odda að fjárhæð kr. 14.204,00 við smíði stoða og bita undir loft. Þar á móti bendir stefnandi á að matsgerðinni hafi ekki verið hnekkt tölulega og viðgerð ekki verið framkvæmd, nema að mjög litlu leyti.

Niðurstaða dómsins.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að járnabending plötunnar sé ónóg, nema í plötuhluta 1 sem þeir telja að hafi getað staðist við venjulegt álag. Fyrir liggur í málinu að Ingólfur Margeirsson teiknaði járnalögn í plötuna á vegum Tækniteiknistofunnar s.f., stefnda í máli þessu, og þáði laun fyrir það og fékk verkefni þetta hjá stefnda Haraldi Árnasyni. Stefndi Haraldur hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hann hafi ekki fylgst með hönnun Ingólfs og honum mátti fullljóst vera að Ingólfur hafði ekki réttindi til slíkra verka samkvæmt þágildandi byggingareglugerð fyrir Akureyri, staðfestri með auglýsingu 29. september 1967, kafla 1.7. Samkvæmt byggingareglugerðinni, 1. kafla, tl. 1.6., var skylt að láta byggingafulltrúa í té burðarþolsuppdrætti svo og útreikninga á því er máli skipti um burðarþol og voru uppdrættir og útreikningar háðir samþykki hans og skyldu uppdrættir þessir svo og séruppdrættir, liggja fyrir samþykktir og samræmdir áður en úttekt var gerð á undirstöðum. Við stærri byggingar aðrar en íbúðarhús gat byggingafulltrúi þó veitt skilafrest á einstökum uppdráttum þegar honum þótti ástæða til. Í reglugerðinni, kafla 6.6. um burðarþolsákvæði segir í 6.6.1. að reglur um gerð steinsteypu skuli vera samkvæmt staðli um steinsteypu og mannvirkjagerð ÍST 10. Í 6.6.3. um þykkt og gerð burðarhluta skyldi farið eftir sérfræðilegum útreikningum, sem háðir voru samþykki byggingafulltrúa. Ekki er fram komið í málinu að þessara ákvæða hafi verið gætt.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda að Haraldur Árnason, sem sérfróður byggingaeftirlitsmaður, hafi við úttektina átt að athuga sérstaklega vel járnalögnina í plötunni eins og öllu var háttað og við vandlega úttekt á henni hefði honum mátt verða ljóst að á hafi skort nægjanlega járnabendingu og fyrir þau mistök í starfi sínu sem starfsmaður stefnda, bæjarsjóðs

Akureyrar, að samþykkja með úttekt sinni ófullnægjandi járnalögn í plötunni, þyki mega fallast á skaðabótaskyldu stefnda, bæjarsjóðs Akureyrar, vegna þessara mistaka starfsmanns síns.

Einnig telur dómurinn það ámælisvert af stefnda Haraldi Árnasyni að athuga ekki sérstaklega teikninguna að margnefndri plötu með tilliti til burðarþols, sem eiganda Tækniteiknistofunnar s.f., sérstaklega þegar það er haft í huga að Ingólf Margeirsson skorti réttindi til að teikna plötuna og að Ingólfur Margeirsson vann verk þetta fyrir Tækniteiknistofuna s.f. Á þessu aðgæsluleysi verður að telja að stefndu, Haraldur Árnason og Tækniteiknistofan s.f. beri skaðabótaábyrgð.

Að því er varðar þátt stefnda Jóns Trausta Björnssonar og Ýr h.f. þykir það sannað, að stefndi Jón sagði sig á formlegan hátt frá verkinu sem húsasmíðameistari og kom ekkert nálægt þessum verkþætti hússins og þó svo hann væri áfram skráður húsasmíðameistari að húsinu hjá embætti byggingafulltrúa geti það ekki bakað honum skaðabótaábyrgð og eru því stefndu Jón og Ýr h.f. sýknuð af kröfum stefnanda.

Að því er varðar kröfur stefnanda á hendur Stefáni B. Árnasyni húsasmíðameistara, þykir verða að sýkna stefnda Stefán af kröfum stefnanda, þar sem eigi er annað sannað í málinu en hann hafi fylgt við verkið teikningum af plötunni og gegn fullyrðingu hans eigi nægjanlegar líkur að því leiddar en að platan hafi verið slegin upp með yfirhæð, auk þess sem við úttektina á járnalögninni eru engar athugasemdir varðandi uppsláttinn.

Svo sem áður er rakið er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að plötuhluti 1, þ.e. svalirnar að sunnan, sé hannaður þannig að ekki sé þar ástæða til úrbóta miðað við eðlilegar aðstæður. Sömuleiðis pallurinn að norðan, en ónóg frostvörn steypunnar á þessum stöðum sé orsakavaldur galla þeirra er þar hafa fram komið.

Stefnandi, sem var forsvarsmaður steypuframleiðandans, Malar- og steypustöðvarinnar h.f. svo og stefndi Róbert Árnason múrarameistari máttu báðir vita um áhrif hugsanlegra frostskemmda og verður að meta þeim báðum til sakar að hafa eigi varið þessa plötuhluta nægjanlega vel gegn frosti. Þykir rétt að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að hálfu á móti stefnda Róbert varðandi þessa verkþætti.

Niðurstöður verða því þannig varðandi bótalið 1, svalir og útitröppur að norðan, að þá er niðurstaða matsmanna tekin til greina að fullu varðandi þennan lið og samkvæmt því, sem að framan er rakið ber stefnda Róbert að greiða stefnanda vegna hans kr. 22.500,00.

Varðandi kröfulið 2 er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að þeir telja forsvaranlegt eins og matsmennirnir að ekkert verði gert til að styrkja þennan plötuhluta og er því bótakrafa vegna hans ekki tekin til greina.

Varðandi kröfulið 3, plötuhluta 3 og 5 er liður þessi tekinn til greina

að fullu með kr. 75.000,00 og ber stefndu Haraldi Árnasyni og Tækniteiknistofunni s.f. svo og stefnda bæjarsjóði Akureyrar að greiða stefnanda hann in solidum.

Kröfuliður 4 er tekinn til greina og þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar til stefnanda kr. 10.000,00 og greiði stefnandi (sic) Haraldur Árnason og Tækniteiknistofan s.f. svo og stefndi bæjarsjóður Akureyrar einnig þann kröfulið in solidum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndu Haraldur Árnason, Tækniteiknistofan s.f. og bæjarsjóður Akureyrar greiði stefnanda málskostnað in solidum sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000,00. Stefndi Róbert Árnason greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til matskostnaðar kr. 19.150,00. Rétt þykir að málskostnaður varðandi stefndu Stefán B. Árnason, Jón Björnsson og Ýr h.f. falli niður.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, en með vísan til auglýsinga Seðlabanka Íslands skulu stefndu greiða eftirgreinda ársvexti á tildæmdar kröfur frá 25.11. 1982, 45% til 21.09. 1983, 37% ársvexti frá þ.d. til 21.10. 1983, 36% ársvexti frá þ.d. til 21.11. 1983, 32% ársvexti frá þ.d. til 21.12. 1983, 25% ársvexti frá þ.d. til 21.01. 1984, 19% ársvexti frá þ.d. til 10.02. 1984 og síðan með vöxtum (sic) samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags.

Dóm þennan kváðu upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi ásamt meðdómsmönnunum Bergi Steingrímssyni byggingaverkfræðingi og Birni Magnússyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Árnason persónulega og f.h. Tækniteiknistofunnar s.f. og Helgi M. Bergs vegna Akureyrarkaupstaðar, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Þorgeirssyni, kr. 85.000,00 með 45% ársvöxtum frá 25.11. 1982 til 21.09. 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01. 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 10.02. 1984, en síðan hæstu innlánsvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi, Róbert Árnason, greiði stefnanda, Sigurði Þorgeirssyni, kr. 22.500,00 með sömu ársvöxtum og að framan greinir frá sama tíma til greiðsludags, kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu, Jón Björnsson persónulega og f.h. Ýr h.f. og Stefán B. Árnason, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Sigurðar Þorgeirssonar, og fellur málskostnaður varðandi þá niður.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 49/1987. **Jórunn Hrólfsdóttir**
(Ásmundur Jóhannsson hdl.)
gegn
Daníel Pálmasyni og
Ingibjörgu Bjarnadóttur
(Hákon Árnason hrl.)

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 6. febrúar 1987. Hann hafði upphaflega áfrýjað málinu með stefnu 15. apríl 1986. Útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar 1987, en ný áfrýjunarstefna var gefin út fyrrnefndan dag með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að landamerki milli jarðanna Seljahlíðar og Gnúpufells í Saurbæjarhreppi sé lína úr punkti, sem merktur er A, í punkt, sem merktur er B, á dómsskjali nr. 3 í héraði, og þaðan í punkt, sem merktur er B1. Ennfremur er þess krafist að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðila að jarðir þeirra lægju aðeins saman á því landsvæði sem kröfur þeirra í málinu taka til.

Samkvæmt gögnum málsins verður að ganga út frá því, að girð-

ingu þeirri, sem talin er reist á árunum 1912-1913, og síðan girðingu þeirri, sem eigendur Gnúpufells gerðu á sömu slóðum um 1970, hafi verið ætlað að vera í merkjum milli jarðanna Gnúpufells og Seljahlíðar. Verður ekki séð, að af hálfu eigenda Seljahlíðar hafi verið gerðar ráðstafanir til að hnekkja því, fyrr en með höfðun landamerkjamáls, sem þingfest var 20. júní 1980.

Í örnefnaskrá fyrir Gnúpufell er svokallaður Mjóihvammur talinn í landi þeirrar jarðar og leggja ber til grundvallar þá frásögn héraðsdóms, að við vettvangsgöngu hafi áfrýjandi ekki véfengt, að Mjóihvammur væri í landi Gnúpufells. Ágreiningslaust er, að lega Mjóahvamms sé rétt mörkuð á framlögðum uppdrætti og fær samkvæmt þessu ekki staðist sú krafa um landamerki, sem áfrýjandi gerir í máli þessu, en hún leiðir til þess að Mjóihvammur lendir innan landamerkja Seljahlíðar. Þá er með öllu ósannað, að þau tvö vörðubrot, sem áfrýjandi vísar til og greinir í framburði vitna, sem unnu 1982 á vegum áfrýjanda að lagningu girðingar, séu vörður þær, sem miðað er við í landamerkjabréfum jarðanna. Þá styðja framburðir vitnanna Sigfúsar Sigfússonar og Benedikts Sigfússonar, fyrri eigenda Seljahlíðar, að merki milli jarðanna séu þau, sem haldið er fram af stefndu.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á að merkjalína milli Seljahlíðar og Gnúpufells skuli vera sú, sem ákveðin er í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jórunn Hrólfsdóttir, greiði stefndu, Daníel Pálmasyni og Ingibjörgu Bjarnadóttur, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 10. mars 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar sl. hefur Jórunn J. Hrólfsdóttir, nnr. 5347-5345, Eyrarvegi 31, Akureyri, höfðað fyrir auka-

dómþingi Eyjafjarðarsýlsu með stefnu útgefinni 20. október 1982, á hendur Daníel Pálmasyni, nnr. 1571-0764, og Ingibjörgu Bjarnadóttur, nnr. 4591-9617, Gnúpufelli, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, til viðurkenningar á landamerkjum jarðanna Seljahlíðar og Gnúpufells í Saurbæjarhreppi.

Mál þetta var upphaflega dæmt í héraði þann 29. júní 1983, en með dómi Hæstaréttar þann 13. júní 1985 var sá dómur og málsmeðferð frá þingfestingu í héraði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og málsálagningar að nýju. Í samræmi við það hafa málsaðilar nú lagt fram að nýju greinargerðir í málinu svo og önnur gögn.

Eru dómkröfur stefnanda nú þær að landamerki milli jarðanna Seljahlíðar og Gnúpufells í Saurbæjarhreppi samkvæmt merkjalýsingum þeirra sé lína úr punkti sem merktur er A í punkt sem merktur er B í dómsskjali nr. 3 í málinu og þaðan í punkt sem merktur er B1. Ennfremur krefst stefnandi þess að stefndu greiði málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru þær að staðfest verði með dómi að landamerki jarðanna Gnúpufells og Seljahlíðar séu um línu, sem merkt er X-Y á dómskjali nr. 3, sem sé uppdráttur af þrætulandinu, gerður í janúar 1986. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi kveður málsatvik þau að stefnandi hafi keypt jörðina Seljahlíð 1. júlí 1961 af Sigfúsi Sigfússyni. Hin síðari ár hafi jörðin verið nytjuð frá annarri jörð þar sem afkomendur stefnanda búa. Í landamerkjalýsingu frá 14. febrúar 1892 sé jörð stefnanda kölluð Seljahlíð og sé nú yfirleitt svo í daglegu tali. Í landamerkjalýsingu Gnúpufells dagsettri 17. maí 1891 segi m.a. svo: „Að sunnan, austan við hálsinn, ræður gamalt garðmót í holti skammt fyrir sunnan Sjónarhól, neðan frá Núpárgili beina stefnu upp í hálsinn í vörðu sem þar er hlaðin."

Í landamerkjalýsingu Sölvahlíðar, dagsettri 14. maí 1892, segir m.a.: „Að norðan eru merkin í vörðu sem hlaðin er skammt fyrir sunnan svonefndan Sjónarhól og beint strik úr henni ofan í Núpá um vörðu sem hlaðin er nokkuð fyrir ofan gilsbarminn og beint strik eftir þessum merkjum í vörðu sem hlaðin er á fjallsbrúninni og úr henni aftur beint strik vestur á mitt fjall."

Telur stefnandi sig hafa fundið þessi vörðubrot, sem nú séu horfin, og reist girðingu úr efstu vörðubrotunum í rétta stefnu austur að þjóðvegi og síðan meðfram honum suður að túngirðingu Seljahlíðar. Hafi hún verið lögleg gripheld girðing með fimmþættu vírneti og gaddavírsstreng að ofan og neðan. Hafi girðing þessi legið milli punkta A og B, sbr. dskj. nr. 3 og síðan áfram til árinnar í punkt B. Girðingin hafi nú verið rifin af stefndu; eftir séu jarðýtuför þar sem sléttað var undir henni.

Stefndu segja að árið 1938 hafi stefndi Daníel Pálmason eignast jörðina

Seljahlíð ásamt föður sínum Pálma Þórðarsyni. Árið 1953 hafi stefndi Daníel og Benedikt Sigfússon orðið sameigendur að Seljahlíð. Þeir hafi síðan selt jörðina Sigfúsi Sigfússyni, bróður Benedikts. Sigfús Sigfússon hafi selt stefnanda, Jórunni Hrólfsdóttur, jörðina 1. júlí 1961. Gnúpufell er búið að vera í eigu stefnda Daníels Pálmasonar og forfeðra hans frá því um miðja síðustu öld. Þann 6. september 1979 hafi stefnandi ritað sýslumanni Eyjafjarðarsýslu bréf þar sem hún hafi tilkynnt honum að landamerkjagirðing norðan túns í Seljahlíð væri ekki á réttum merkjum Gnúpufells og Seljahlíðar. Það bréf hafi verið upphaf þeirra landamerkjadeilna milli eigenda Seljahlíðar og Gnúpufells sem hér séu til úrlausnar.

Kveðast stefndu byggja dómkröfur sínar á því að landamerki jarðanna Gnúpufells og Seljahlíðar séu rétt eins og þau séu dregin inn á uppdrátt á dskj. nr. 3, samkvæmt línu merktri X-Y. Sé sú lína dregin nákvæmlega samkvæmt landamerkjalýsingum Gnúpufells dagsettri 17. maí 1891 en þar segir m.a svo: „Að sunnan, austan við hálsinn ræður gamalt garðmót í holti skammt fyrir sunnan Sjónarhól neðan frá Núpárgili beina stefnu upp í hálsinn í vörðu, sem þar er hlaðin.“ Í landamerkjalýsingu Sölvahlíðar (nú Seljahlíðar), dagsettri 14. maí 1892, segir m.a.: „Að norðan eru merkin í vörðu sem hlaðin er nokkuð fyrir ofan gilbarminn og beint strik eftir þessum merkjum í vörðu sem hlaðin er á fjallsbrúninni og úr henni aftur beint strik vestur á mitt fjall.“ Lína, sem dregin sé milli punkta X og Y á uppdrættinum á dskj. nr. 3 sé nákvæmlega samkvæmt þessum lýsingum. Girðingin milli jarðanna sé rétt fyrir sunnan svonefndan Sjónarhól í landi Gnúpufells.

Ágreiningur aðila snýst fyrst og fremst um staðsetningu kennileitisins Sjónarhóls, sem getið er um í framangreindum merkjalýsingum. Telja stefndu að Sjónarhóll, sem miðað er við í framangreindum merkjalýsingum, sé hóll sem stendur skammt norðan núverandi túns í Seljahlíð og merktur er Sjónarhóll 1, dskj. nr. 3 og við þá staðsetningu Sjónarhóls hafi verið miðað er merkjagirðing sú er nú stendur hafi verið reist. Hafi upphaflega verið girt á þessum merkjum 1912. Síðan að tilhlutan stefndu verið girt aftur laust fyrir 1970. Þó hafi hluti girðingarinnar eða sá hluti sem er norðan núverandi túns í Seljahlíð verið girtur af stefnanda eða eiginmanni hennar. Telja stefndu að þarna séu rétt merki jarðanna sem alla tíð hafi verið við miðað, þó þannig að núverandi girðing sé að hluta til lítið eitt norðan merkjanna, þ.e. inn á Gnúpufellslandi. Stefnandi telur hins vegar að Sjónarhóll sá sem getið er um í merkjalýsingum sé hóll sem sé nokkru norðar og vestar og merktur sé Sjónarhóll II, á dskj. nr. 3 og krefst þess að viðurkennd verði með dómi merki jarðanna miðað við það kennileiti, sbr. framangreindar merkjalýsingar og er kröfulína stefnanda á dskj. nr. 3 merkt AB.B.1 við það miðuð.

Úrslit máls þessa velta mjög á því hvar kennileitið Sjónarhóll er talið vera. Verða því rakin gögn málsins er að þessu atriði lúta. Skoðun sína um staðsetningu Sjónarhóls byggir stefnandi á því að við merkjalýsingu sé miðað við vörðu sem hlaðin sé sunnan Sjónarhóls, en slíka vörðu sé ekki hægt að finna þar sem núverandi girðing standi og engin holt séu á því girðingarstæði. Hins vegar passi lýsing þessi við stað þann er hún telji vera hinn rétta Sjónarhól nokkru norðar og vestar og kveðst hún hafa fundið þar vörðubrot, sem hún telji vera á réttum merkjum. Hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Hjalta Guðmundssyni, dags. 8. júlí 1980, svohljóðandi: „Eftir beiðni Jórunnar Hrólfsdóttur veit ég ekki annað, en hún hafi á réttu að standa að girðing sú, sem er fyrir utan tún í Sölvahlíð sé í Sölvahlíðarlandi og munu fleiri álíta það sama. Til að bæta Sölvahlíðarbónda það upp fékk hann fría beit útfyrir og kýrnar voru hafðar úti á Gnúpufellssundum á sumrin."

Leidd hafa verið nokkur vitni sem unnu að gerð girðingar fyrir stefnanda á línu AB á dskj. nr. 3, sem telja sig hafa séð leifar af vörðum sem við er miðað við lagningu girðingar.

Við vettvangsskoðun fann dómurinn ekki vörðubrot þau er stefnandi kveðst hafa miðað við við gerð girðingarinnar og ekki gat stefnandi bent dóminum á þá staði er hún taldi vörðurnar hafa verið á. Hjalti Guðmundsson hefur ekki komið fyrir dóm. Fram er komið í málinu að hann hafi alist upp í Sölvadal til fullorðinsaldurs og því verið kunnugur á þessum slóðum. Fram er komið að Hjalti er nú háaldraður maður og mjög sjóndapur. Hafi hann gengið á merkin með stefnanda áður en hann gaf vottorðið og talið líklegt að Sjónarhóll væri sá hóll er stefnandi heldur fram að sé hinn rétti, en ekki fullyrt að svo væri. Stefndi Daníel Pálmason hefur frá fæðingu átt heima á Gnúpufelli. Hann kveður örnefnið Sjónarhól eiga við um hól þann er standi skammt norðan núverandi túns í Seljahlíð og hafi merki jarðanna alla tíð við það miðast. Var Daníel aðalheimildarmaður að örnefnum í Gnúpufellslandi er örnefni í Saurbæjarhreppi voru gefin út í bók og var framangreindur hóll norðan núverandi túns í Seljahlíð þar talinn í Gnúpufellslandi undir nafninu Sjónarhóll. Stefndi Daníel Pálmason eignaðist jörðina Seljahlíð 1938 ásamt föður sínum og átti hana síðan ásamt Gnúpufelli. Árið 1953 urðu stefndi Daníel og Benedikt Sigfússon sameigendur að Seljahlíð.

Benedikt Sigfússon bjó að Seljahlíð frá 1951 til 1952 og síðan frá 1956 til 1960. Hefur hann fyrir dómi og við vettvangsgöngu talið hól þann sem skammt er norðan túns í Seljahlíð heita Sjónarhól og talið rétt merki jarðanna miðast við hann og er hann þar sem stefndu halda fram. Sigfús Sigfússon keypti Seljahlíð af þeim Benedikt Sigfússyni og stefnda Daníel Pálmasyni. Hann hefur gefið svofellt vottorð: „Þegar ég keypti Seljahlíð af þá-

verandi eigendum Benedikt Sigfússyni og Daníel Pálmasyni var mér sagt að merki milli Gnúpufells og Seljahlíðar væru í girðingu sem var á milli bæjanna. Þessi girðing lá frá gili upp sunnanvert við svonefndan Sjónarhól og þaðan til fjalls. Þessi girðing var úr gaddavír með mjög góðri undirhleðslu sem sást greinilega þegar ég fór frá Seljahlíð og að mínu mati mjög góð og glögg merkjalína á milli jarðanna. Ég heyrði aldrei talað um önnur landamerki á milli Gnúpufells og Seljahlíðar. Ekki er mér kunnugt um að Seljahlíð eigi nein hlunnindi í Gnúpufellslandi. Ég fékk stundum leigðar slægjur hjá Daníel í Gnúpufelli norðan umræddrar girðingar, eins lét hann það átölulaust þó mínar skepnur færu út fyrir merkin, en ég vil taka það skýrt fram að ég áleit mig ekki hafa haft nokkurn rétt til slægna eða beitar í Gnúpufellslandi.“ Vottorð þetta hefur Sigfús Sigfússon staðfest fyrir dómi.

Með afsali dagsettu 1. júlí 1961 seldi Sigfús Sigfússon stefnanda jörðina Seljahlíð. Frekari gögn liggja frammi í málinu sem ekki þykir ástæða að rekja.

Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað kennileiti og kynnt sér örnefni. Á vettvangi hefur dómurinn séð greinileg ummerki eldri girðingar á þeim slóðum er núverandi girðing stendur og talin er hafa verið reist á árunum 1912 til 1913. Eru ummerki girðingar þessarar að hluta til sunnan núverandi girðingar. Við skoðun á vettvangi telur dómurinn að hóll sá sem stendur skammt norðan túns í Seljahlíð og stefndu halda fram að sé Sjónarhóll sá, sem við er átt í merkjaskrám, sé glöggt kennileiti og skeri sig vel úr umhverfi sínu og því eðlilegur til viðmiðunar við landamerkjalýsingar. Þá telur dómurinn sig hafa greint garðmót sunnan svokallaðs Sjónarhóls, sem getið er um í merkjalýsingunni. Ekki hefur komið fram í málinu að ágreiningur sé um hvar örnefnið Mjóihvammur er og við vettvangsskoðun véfengdi stefnandi ekki að Mjóihvamur væri í landi Gnúpufells. Dómurinn telur að nægjanlega sé í ljós leitt að örnefnið Sjónarhóll, sem getið er um í merkjalýsingum, sé staður sá sem merktur er Sjónarhóll 1 á dskj. nr. 3.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til annarra gagna málsins þykir nægjanlega sannað að merkjalýsing jarðanna, sem áður er nefnd, eigi við línu þá er stefndu halda fram og merkt er X Y á dskj. nr. 3 og ber að dæma þá línu vera merki jarðanna. Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Dómsorð:

Merki jarðanna Gnúpufells og Seljahlíðar í Saurbæjarhreppi Eyjafjarðarsýslu er lína sem dregin er inn á dómsskjal nr. 3 í málinu og merkt er bókstöfunum X-Y.

Stefnandi, Jórunn Hrólfsdóttir, greiði stefndu, Daníel Pálmasyni og Ingibjörgu Bjarnadóttur, kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1987.

Nr. 270/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Hirti Helga Þráinssyni

Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. tl. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1987 sem barst Hæstarétti 21. s.m. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Barðastrandarsýslu hefur varnaraðila á dómþingi 1. þ.m. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hann krefðist staðfestingar hinnar kærðu dómssáttar.

Samkvæmt gögnum málsins kærði Jóhanna Katrín Eggertsdóttir varnaraðila fyrir að hafa að morgni 2. maí 1987 komið óboðinn og ölvaður á heimili hennar, ógnað henni með hnífi og hótað að skera hana á háls. Gaf Jóhanna skýrslu fyrir lögreglunni í Barðastrandarsýslu um atburðinn.

Héraðsdómari lauk málinu með dómssátt 10. september sl. og heimfærði brot varnaraðila undir ákvæði 21. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samþykkti varnaraðili að greiða 12.000,00 króna sekt í ríkissjóð en sæta 6 daga varðhaldi greiddi hann sektina ekki fyrir 15. september 1987.

Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram að í hinni kærðu dómssátt sé brot varnaraðila ranglega talið varða við 21. gr. áfengislaga. Þá sé málið með öllu órannsakað og hafi ekki verið skilyrði til að ljúka því með dómssátt og sektargreiðslu svo sem dómari gerði. Kunni rannsókn málsins að leiða til annarrar heimfærslu brots til refsiákvæða. Þessi málalok verði því að teljast fjarstæða.

Framangreind kæra fól í sér alvarlegar sakargiftir sem lítt hafa verið rannsakaðar. Hvorki var tekin skýrsla af varnaraðila né vitni sem kærandi nafngreindi, en varnaraðili lýsti því í sakadómi 10. september sl., að efni kæru væri rétt. Þykir bresta skilyrði til að ljúka málinu með dómssátt sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. greindra laga.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Barðastrandarsýslu 10. september 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 10. september kl. 14:00, var dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu háð á skrifstofu embættisins, Aðalstræti 92, Patreksfirði af Guðmundi Björnssyni fulltrúa sýslumanns. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun og hótanir.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 skýrslu, svo hljóðandi: Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Hjörtur Þráinsson. Stétt eða atvinna: Sjómaður. Heimili: Þórsgata 1, Patreksfirði. Fæðingardagur: 29.11. 1962. Fæðingarstaður: Patreksfjörður.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82, 1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 12.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málssókn út af brotinu, sem varðar við 21. gr. áfengislaga og 233. gr. l. nr. 19/1940.

Sektin greiðist fyrir 15. september 1987, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Málskostnaður kr. 0,00.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Miðvikudaginn 21. október 1987.

Nr. 233/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Konráði Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og ökuleyfissviptingar.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið undir áhrifum áfengis er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn og er það stutt gögnum svo sem rakið er í héraðsdómi.

Ákærði bar fyrir sig, að hann hefði ekið vegna þvingunar. Var þetta atriði rannsakað eins og rakið er í héraðsdómi.

Ekki kemur fram af skýrslu ákærða eða vætti eiginkonu hans að þeim hjónum hafi stafað slík yfirvofandi hætta af mönnum þeim sem ruddust inn í bifreið þeirra að nauðsyn hafi borið til að ákærði æki bifreiðinni. Verður ákvæði 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki beitt.

Með akstri sínum í umrætt sinn hefur ákærði gerst brotlegur við ákvæði 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Upplýst er að hinn 17. ágúst 1982 undirgekkst ákærði réttarsátt í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Var hann þá sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af ákvæðum 6. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð en ákærði sæti ella 10 daga varðhaldi verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði. Ákvæði héraðsdóms um fjárhæð málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða í héraði er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Jónsson, greiði 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti sviptingu ökuleyfis ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 2. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 256/1987: Ákæruvaldið gegn Konráð Jónssyni sem tekið var til dóms þann 27. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 13. febrúar sl. á hendur ákærða, „Konráði Jónssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, fæddum 10. júlí 1964 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 11. október 1986, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-23003 frá heimili sínu upp á Hverfisgötu, en þar hætti hann akstri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 11. október sl. kl. 02:15 kom ákærði ásamt eiginkonu sinni, Elínu Lóu Kristjánsdóttur, á lögreglustöð í Reykjavík þeirra erinda að kæra tvo menn sem ruddust inn í bifreið þeirra R 23003 fyrir utan heimili þeirra og kröfðust þess að þeim yrði ekið að skemmtistaðnum Upp og Niður. Þar sem ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis var tekin af honum varðstjóraskýrsla og hann síðan færður á slysadeild til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.05‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 3. nóvember sl. Kvaðst ákærði hafa verið á heimili sínu ásamt Elínu eiginkonu sinni og kvaðst ákærði hafa drukkið eina flösku af kampavíni, en Elín hefði ekki neytt áfengis. Kvað ákærði þau hafa ákveðið um kl. 01:30 að fara á skemmtistað og kvað hann þau hafa farið á bifreiðinni og hefði Elín ekið. Höfðu þau ekki farið langt er þau áttuðu sig á því að ákærði hafði gleymt vindlingum sínum heima. Kvað ákærði þau hafa snúið við og hann hlaupið inn en Elín beðið í bifreiðinni. Er ákærði kom út aftur kvað hann Elínu hafa verið komna í farþegasætið, en í aftursætinu sátu tveir menn sem ákærði þekkti ekki. Taldi ákærði að þeir væru kunnugir Elínu. Að sögn ákærða voru mennirnir „sjúskaðir" og með læti. Kvaðst ákærði allt eins hafa átt von á því að þeir réðust á þau. Kvað ákærði Elínu hafa verið í „sjokki", þannig að ákærði taldi ekki um annað að ræða en að hann tæki við stjórn bifreiðarinnar. Kvað ákærði mennina hafa sagt sér að aka að veitingastaðnum Upp og Niður við Laugaveg. Er ákærði ók austur Hverfisgötu og átti skammt ófarið að gatnamótum Hverfisgötu og Snorrabrautar kvað ákærði annan manninn hafa rifið í hárið í hnakka hans og sveigt höfuðið aftur. Kvað ákærði að annar maðurinn hafi náð að sparka í höfuð sér, en síðan hafi þeir farið út úr bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa ekið yfir umrædd gatnamót þar sem Elín tók við akstrinum. Kvað ákærði að þau hafi farið til bróður ákærða á Hjallavegi sem hafi ráðlagt þeim að fara til lögreglunnar og tilkynna um það sem átti sér stað. Kvað ákærði þau hafa gert það og kvaðst ákærði hafa tjáð lögreglumönnunum að sér hefði verið þröngvað til að aka bifreiðinni.

Vitnið Elín Lóa Kristjánsdóttir, eiginkona ákærða, fædd 14. desember 1965, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 12. desember sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Vitnið skoraðist ekki undan vitnisburði. Vitnið kvað þau hjónin hafa verið að halda upp á brúðkaupsafmæli sitt á heimili sínu umrætt sinn og kvaðst vitnið ekki hafa neytt áfengis, en ákærði hefði drukkið kampavín. Laust eftir miðnætti hafi þau ákveðið að fara á skemmtistað og kvaðst vitnið hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og verið á leið út úr bifreiðastæðinu er í ljós kom að ákærði hafði

gleymt vindlingum sínum heima. Kvaðst vitnið hafa snúið við og beðið í bifreiðinni á meðan ákærði skrapp inn. Þá hafi tveir menn ráðist inn í bifreiðina bifreiðastjóramegin og heimtað að þeim yrði ekið á tiltekinn veitingastað. Kvaðst vitnið hafa hrökklast undan mönnunum yfir í farþegasætið. Hafi ákærði síðan komið og sest inn í bifreiðina bifreiðastjóramegin. Hafi mennirnir haldið fast við að fá akstur á veitingastað. Ekki kvað vitnið mennina hafa verið með beinar hótanir, en framkoma þeirra hafi verið mjög ógnandi. Kvað vitnið ákærða hafa tekið þann kostinn að aka og hafi hann ekki ekið hratt eða ógætilega.

Við gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar kvað vitnið að annar mannanna, Jóhann Traustason að nafni, hafi rifið í hár ákærða, en bifreiðin var þá á ferð. Að sögn vitnisins stöðvaði ákærði bifreiðina og sparkaði þá maður þessi í höfuð hans og fóru þeir síðan út úr bifreiðinni. Kvað vitnið ákærða hafa ekið yfir gatnamótin þar sem hann stansaði og vitnið tók við akstri bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið hafa ekið heim til bróður ákærða og samkvæmt ráðleggingum hans fóru þau á lögreglustöðina og kærðu mennina. Kvaðst vitnið hafa tjáð lögreglunni að þau væru þangað komin til þess að kæra árás, en engin skýrsla hafi þá verið tekin af vitninu heldur einungis rannsakaður ætlaður ölvunarakstur ákærða.

Vitnið Jóhann Traustason, fæddur 17. desember 1958, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 8. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Kvaðst vitnið hafa verið undir miklum áfengisáhrifum. Kvaðst vitnið hafa spurt Elínu hvort það og félagi þess Guðbjörn Gunnarsson gætu fengið far á tiltekinn veitingastað. Kvað vitnið Elínu hafa setið farþegamegin fram í bifreiðinni fyrir utan blokk vestur í bæ. Að sögn vitnisins vildi Elín fyrst fá samþykki ákærða. Kvaðst vitnið hafa farið inn í bifreiðina þeim megin sem Elín sat. Vitnið kvaðst hafa minnst á það við ákærða að því þætti akstur hans ógætilegur. Vitnið mundi ekki eftir að hafa lagt hendur á ákærða en kvað þó ekki útilokað að svo hafi verið. Kvað vitnið ölvunarástand sitt hafa verið þannig að það myndi atburði illa af þeim sökum. Vitnið kvaðst kannast við Elínu; hefði hún verið gift bróður vitnisins svokallaðri sparimerkjagiftingu. Ítrekað aðspurt kvaðst vitnið muna það greinilega að Elín sat í farþegasæti bifreiðarinnar.

Vitnið Guðbjörn Gunnarsson, fæddur 18. ágúst 1956, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 8. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 27. mars sl. Vitnið kvaðst hafa verið undir töluverðum áfengisáhrifum umrætt sinn. Kvaðst vitnið hafa verið statt ásamt Jóhanni í húsi við Meistaravelli og hafi þeir ætlað á dansleik. Hafi þeir þá hitt stúlku sem Jóhann kannaðist við og sat hún í bifreið sem sneri með framendann í norður við vestari enda Kaplaskjólsvegar. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt hvorum megin stúlkan sat í bifreiðinni. Kvaðst vitnið þá hafa beðið um far,

sem hafi verið auðsótt mál, og settust þeir inn í bifreiðina, en ekki mundi vitnið hvorum megin þeir fóru inn. Kvað vitnið ákærða hafa sest inn í bifreiðina og ekið af stað án nokkurra þvingana. Hafi ákærði ekið hlykkjótt og kvað vitnið Jóhann hafa gert athugasemd við það, ýtt við honum og hrist hann til. Er ákærði hafði stansað kvað vitnið að Jóhann hefði sparkað framan í ákærða. Vitnið kvað þá ekki hafa ruðst inn í bifreiðina; þó taldi vitnið ekki útilokað að stúlkan hefði hleypt þeim inn í bifreiðina af hræðslu við vitnið og Jóhann. Vitnið kvað Jóhann hafa rifið í hár ákærða meðan á akstri stóð. Vitnið kvaðst muna frekar óljóst eftir atvikum sökum ölvunarástands síns.

Niðurstöður:

Í máli þessu er upplýst að ákærði ók bifreið sinni undir áhrifum áfengis eins og lýst er í ákæruskjali. Ákærði hefur hins vegar hreyft þeirri málsvörn að hann hafi verið þvingaður til akstursins. Hefur eiginkona ákærða borið um málsatvik á sama hátt. Þá er til þess að líta að þau hjónin fara sjálfviljug á lögreglustöð í þeim tilgangi að leggja fram kæru á hendur ofangreindum mönnum. Skýrslur vitnanna Jóhanns og Guðbjörns verður að meta með hliðsjón af ölvunarástandi þeirra. Þegar litið er til þess að mennirnir ryðjast með ölvunarlátum inn í bifreiðina og flæma eiginkonu ákærða úr ökumannssæti og vekja þannig með henni og ákærða, sem síðar kom inn í bifreiðina, ótta um eigin velferð, verður eins og mál þetta er vaxið að telja að ákærða hafi borið nauðsyn til að afstýra yfirvofandi hættu með því að láta undan kröfum mannanna. Ber því með vísan til 13. gr. almennra hegningarlaga að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 7.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Jónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 7.000,00.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 287/1986. **Ástvaldur Pétursson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Þorvaldi Garðari Helgasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Kaupgjaldsmál. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1986. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu er ekki um það deilt, að áfrýjandi skuldi stefnda þá fjárhæð sem dæmd var í héraði. Aðilar deila um það, hvort áfrýjandi eigi gagnkröfu á stefnda.

Áfrýjandi telur, að stefndi, sem var skipverji á bátnum Jóni Pétri ST 21, sem áfrýjandi gerði út, hafi hinn 13. október 1984 farið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Vitnar áfrýjandi í 22. gr. 8. tölulið í kjarasamningi frá 16. janúar 1982 milli Sjómannasambands Íslands f.h. ýmissa verkalýðsfélaga og Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. ýmissa útvegsmannafélaga, sem óumdeilt er, að gilti um réttarsamband aðila. Í ákvæðinu segir: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.“ Af hálfu áfrýjanda er er því ennfremur haldið fram að ljóst sé af gögnum, sem hann hefur lagt fram, að kaup stefnda í 3 mánuði frá 13. október 1984 hefði verið meira en nemur þeirri fjárhæð, sem dæmd var í héraði. Sé það næg ástæða til að sýkna í málinu, þar sem skuldajafna beri kröfu stefnda og hluta af kröfu áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að áfrýjandi hafi krafist þess, að hann ynni í þágu áfrýjanda í frítíma sínum 13. október

1984. Hafi stefndi því haft réttmæta ástæðu til að hætta störfum á báti áfrýjanda. Þá er því mótmælt, að sannað sé, að kaup stefnda hjá áfrýjanda í 3 mánuði frá 13. október hefði numið hærri fjárhæð en stefnda var dæmd í héraði. Því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, að um skuldajöfnunarrétt væri að ræða, ef áfrýjandi ætti kröfu á stefnda.

Óumdeilt er að um það hafði verið samið 1984, að stefndi og aðrir skipverjar á báti áfrýjanda hefðu frí í 2 daga um hverja helgi. Einnig er óumdeilt að laugardaginn 13. október 1984 hafði stefndi unnið að viðgerð á veiðarfærum bátsins, þegar hann átti eftir þessu samkomulagi að eiga frí. Þá er fram komið, að ágreiningur varð milli aðila um, hvort lagt skyldi af stað í veiðiferð þennan dag áður en frítímanum væri lokið. Vegna þessa ágreinings gekk stefndi af skipinu. Ósönnuð er sú málsástæða, sem áfrýjandi hefur borið fram, að honum hafi verið heimilt að hnika frítímanum til. Verður að telja, að stefnda hafi verið heimilt að segja upp eins og hann gerði og ganga af skipinu. Verður gagnkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn, enda deila aðilar ekki um vexti.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Ástvaldur Pétursson, greiði stefnda, Þorvaldi Garðari Helgasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 4. ágúst 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. júlí sl. höfðaði Þorvaldur Garðar Helgason, nnr. 9811-2448, Hafnargötu 13, Hólmavík með stefnu ódags. en birtri lögformlega fyrir lögmanni stefnda gegn Ástvaldi Pétursyni útgerðarmanni, nnr. 0834-0579, til heimilis að Suðurhvammi 4, Hafnarfirði til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 86.051,00 með 19% ársvöxtum af kr. 69.134,00 frá 19.8. 1984 til 15.9.

1984, með sömu vöxtum af kr. 86.971,00 frá 15.9. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, með 4% drv. á mánuði frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá var krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfum vegna vangoldinna launa fyrir rækjuveiðar sumarið 1984 og lækkar því stefnufjárhæðin niður í kr. 69.134,00. Að öðru leyti voru dómkröfur sem greinir í stefnu.

Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnda frá þeirri dómkröfu að stefndi yrði sýknaður af kröfu um veikindakaup. Hins vegar áréttaði hann þá aðra kröfu sína að í frádrátt í stefnu komi hýrudráttur vegna fyrirvaralauss brotthlaups frá skiprúmi. Þá var krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Stefnandi lýsir í stefnu málavöxtum á þá leið að hann hafi verið að rækjuveiðum hjá stefnda á Jóni Pétri ST-21 frá því í mars 1980 fram í október 1984, þó með hléi sem var sumarið 1982. Hann hafi hætt störfum hjá stefnda þann 13.10. 1984. Hafi hann átt inni hjá honum laun vegna veikindaforfalla 19.7. 1984 til 19.8. 1984. Stefnukrafa er að höfuðstól kr. 69.134,00 ásamt vöxtum og málskostnaði. Eins og fyrr getur féll lögmaður stenda frá kröfu um sýknu við munnlegan málflutning og samþykkti að stefnandi ætti rétt á veikindaforfallakaupi. Hins vegar bæri að sýkna stefnda af öðrum kröfum. Hins vegar lagði stefndi á það áherslu að til frádráttar stefnukröfu komi hýrudráttur vegna fyrirvaralauss brotthlaups stefnanda úr skiprúmi þann 13. október 1984.

Niðurstaða.

Óumdeilt er að í upphafi skelveiða var rætt að jafnaði um tveggja daga helgarstopp, þrátt fyrir að samningar segðu aðeins 4 daga frí í mánuði. Þetta viðurkennir stefndi að sé rétt fyrir dómi. Hann ákvað þó þann 13.10. að fara fyrr út en samkomulagið hljóðaði um. Stefnandi í máli þessu taldi rétt á sér brotinn og ákvað að hætta. Ósætti varð með stefnda og stefnanda sem leiddi til þess að stefnandi hætti í skiprúmi. Þrátt fyrir mótmæli stefnanda ákvað stefndi að báturinn færi út áður en tíminn var liðinn. Það er álit dómsins að stefnanda hafi verið heimilt að hætta fyrirvaralaust þegar réttur var á honum brotinn með þessum hætti. Verður því varakrafa stefnda ekki tekin til greina. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 69.134,00 með 19% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19.8. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, 3,75% drv. á mánuði frá

1.2. 1985 til 1.3. 1985, 4,5% drv. frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mán. frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mán. frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 3,75% drv. frá þeim tíma til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. á mánuði til 1.4. 1986 en 2,25% drv. frá þeim tíma til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000,00.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Pétursson, settur sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Ástvaldur Péturson, greiði stefnanda Þorvaldi Garðari Helgasyni kr. 69.134,00 með 19% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19.8. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, með 4% drv. á mán. frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mán. frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mán. frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 2,75% drv. frá þeim degi til 1.4. 1986 en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 122/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jónasi Antonssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1987 og einnig af ákæruvaldsins hálfu að því er hann varðar til þyngingar refsingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með framburði ákærða Jónasar Antonssonar og vitnanna Guðmundar Ingimundarsonar, Sigurðar Sigurpálssonar, Magnúsar Þórarins Baldvinssonar, svo og vottorði borgarfógetaembættisins um gjaldþrot og árangurslaus fjárnám hjá ákærða, er sannað að hann sveik út bifreiðina Þ 3677 með því að láta fyrir hana fjóra víxla samtals að fjárhæð 45.000,00 krónur. Víxlar þessir voru útgefnir af mági ákærða Pálma Val Sigurðssyni. Ljóst er að ákærða var þá um það fullkunnugt að útgefandi víxlanna var jafn ógjaldfær og hann sjálfur. Rétt þykir því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar refsingu ákærða og greiðslu hans á sakarkostnaði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Antonsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fullnustu 2 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur refsing niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1987.

Ár 1987, föstudaginn 27. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 166-167/1987: Ákæruvaldið gegn Jónasi Antonssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. febrúar 1985, á hendur ákærðu, ,,1. Jónasi Antonssyni, Unufelli 44, Reykjavík, fæddum 17. júlí 1950 í Reykjavík, 2. X ..., fyrir fjársvik og ákærða X fyrir hlutdeild í fjársvikum, ákærði Jónas með því að hafa með sviksamlegum hætti náð eignarhaldi á bifreiðinni Þ-3677, Toyota Carina árgerð 1973, frá Guðmundi Ingimundarsyni, Hraunbæ 110, Reykjavík, þann 20. júní 1984, á þann hátt að láta af hendi við Guðmund Ingimundarson sem fullt endurgjald fyrir bifreiðina fjóra víxla, þrjá að fjárhæð kr. 10.000,00 og einn að fjárhæð kr. 15.000,00 eða samtals kr. 45.000,00, á mánaðarlegum gjalddögum frá 20. júlí til 20. október 1984, alla samþykkta af ákærða Jónasi sjálfum og útgefna af meðákærða X, sem ákærði Jónas hafði hvorki getu né vilja til að greiða á umsömdum gjalddögum og fulla vitneskju um að sama gegndi um útgefanda víxlanna, meðákærða X. Ákærði Jónas endurseldi svo bifreiðina stuttu síðar Sigurði Sigurpálssyni, Skúlagötu 54, Reykjavík, fyrir kr. 30.000,00 í reiðufé, sem ákærði hagnýtti sér í eigin þarfir án þess að skeyta um greiðsluskyldur sínar samkvæmt víxlunum.

Ákærði X er sakaður um hlutdeild í framanlýstum fjársvikum meðákærða Jónasar með því að hafa eignalaus og tekjulítill gefið út framangreinda víxla með fullri vitneskju um framanlýst viðskiptaáform meðákærða Jónasar og vilja- og getuleysi hans til að greiða víxlana.

Atferli ákærða Jónasar telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en háttsemi ákærða X við sama refsiákvæði, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. desember 1984 kærði Inga Þórhildur Ingimundardóttir, Vesturbergi 94, Reykjavík, systir Guðmundar Ingimundarsonar, Hraunbæ 110, Reykjavík, ákærðu í máli þessu vegna ætlaðra svika í bílaviðskiptum. Kvað hún að bróðir sinn hafi selt ákærða Jónasi bifreiðina Þ-3677, sem er af gerðinni Toyota Carina, hinn 20. júní þar á undan. Hafi umsamið kaupverð verið 45.000,00 krónur sem átti að greiðast með víxlum 20. júlí, 20. ágúst og 20. september 1984, hverjum að fjárhæð 10.000 krónur, og víxli 20. október sama ár að fjárhæð 15.000,00 krónur. Lagði hún fram víxla þessa sem bera með sér að ákærði Jónas er samþykkjandi og greiðandi á þeim en ákærði X útgefandi.

Kærandi kvað að viðskipti þessi hefðu farið fram á heimili bróður síns að Hraunbæ 110 og ákærðu báðir komið þangað er gengið var frá kaupunum. Hafi enginn þessara víxla fengist greiddur og engin tilraun verið gerð af hálfu ákærðu til að semja um greiðslur. Hafi bróðir hennar gert tilraun til þess, en verið svarað með skætingi einum. Samkvæmt upplýsingum, sem kærandi hafði aflað sér, hafi bifreiðin eftir þetta verið seld Sigurði Sigurpálssyni, Skúlagötu 54, Reykjavík, og umskráning farið fram 19. júlí 1984.

Vitnið Guðmundur Ingimundarson, Hraunbæ 110, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi hinn 9. desember 1985 að viðskipti þessi hafi gengið þannig fyrir sig að vitnið hafi séð í Dagblaðinu að auglýst var eftir bifreið til kaups og hafi ákærðu og vitnið orðið ásáttir um kaupverðið. Taldi vitnið að kaupverðið hefði verið með lægra móti á þeim tíma, eftir því sem vitninu hafi verið tjáð. Var kaupverðið allt greitt með víxlum samtals að fjárhæð 45.000,00 krónur. Var annar kaupandinn samþykkjandi á víxlunum og hinn útgefandi.

Vitnið kvað að er það hafði fyrst tal af ákærða Jónasi eftir viðskiptin, hefði hann ekkert viljað kannast við þau fyrr en vitnið sýndi honum afsalið. Kvaðst vitnið hafa talað við báða ákærðu og þeir lofað að greiða ef þeir fengju greiddar kröfur er þeir áttu útistandandi. Ekkert hafi hins vegar orðið úr efndum. Er vitnið kom fyrir dóminn kvað það að ákærðu hefðu ekkert greitt af kaupverðinu.

Vitnið Sigurður Sigurpálsson, Skúlagötu 54, Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins að vitnið hefði keypt bifreiðina Þ-3677, fólksbifreið af gerðinni Toyota Carina, í júlí 1984. Kvaðst vitnið hafa umskráð bifreiðina fljótlega. Vitnið kvaðst þekkja seljandann, ákærða Jónas, nokkuð, og þá helst í gegnum bifreiðaviðskipti þeirra á milli. Vitnið kvaðst hafa greitt 30.000,00 krónur fyrir bifreiðina með staðgreiðslu í peningum. Kvaðst vitnið hafa hitt ákærða Jónas sem hefði boðið vitninu bifreiðina á þessu verði, og þar sem vitninu fannst það gott keypti það bifreiðina. Bifreiðin hefði hins vegar ekki reynst eins góð og vitnið hafði talið og seldi vitnið

bifreiðina fljótlega fyrir 37.000,00 krónur, og var sú upphæð staðgreidd. Vitnið kvaðst hafa átt nokkur viðskipti við ákærða Jónas þannig að vitnið hafi keypt bifreiðar af ákærða.

Við meðferð málsins kvað vitnið að því hafi upphaflega litist vel á nefnda bifreið, en síðar hafi komið í ljós galli á þakinu. Kvaðst vitnið hafa orðið sárt út í ákærða Jónas út af þessu og hafi ákærði aðstoðað við sölu bifreiðarinnar. Vitnið neitaði eindregið að um hefði verið að ræða málamyndagerning milli vitnisins og ákærða Jónasar um bifreiðina til að koma henni undan aðför fyrri eiganda. Vitnið kvaðst hafa auglýst bifreiðina í Dagblaðinu Vísi. Hefði kaupandinn fyrst skoðað bifreiðina heima hjá vitninu við Skúlagötu, en síðar, eða sama kvöld, hefði hann skoðað hana við Unufell. Hefði kaupandinn síðan, áður en gengið var frá kaupunum, látið kunnáttumann skoða bifreiðina. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna í Straumsvík um þetta leyti og ákærði Jónas tekið að sér að afhenda bifreiðina og afsalið sem vitnið var búið að skrifa á áður.

Vitnið Magnús Þórarinn Baldvinsson, Sílakvísl 3, Reykjavík, skýrði svo frá við meðferð málsins að það hefði séð bifreið auglýsta til sölu í Dagblaðinu Vísi, og keypti vitnið bifreiðina. Hefði verið um að ræða bifreiðina R-56996 af gerðinni Toyota Carina, árgerð 1973. Hefði bifreiðin verið til sýnis við Unufell 44. Er vitnið skoðaði hana þar voru þar seljandinn Sigurður Sigurpálsson og tveir aðrir menn sem vitnið hafði þekkt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sem ákærðu í máli þessu. Ekki var gengið frá kaupum við Unufell 44, heldur næsta dag við Borgartún 1. Kom þá seljandinn ekki með bifreiðina heldur ákærði Jónas og var hann með undirskrifað afsal frá Sigurði. Vitnið kvað að er það skoðaði bifreiðina upphaflega við Unufell 44 hafi seljandinn Sigurður og ákærði Jónas haft sig álíka mikið í frammi en þriðji maður ekki. Kvað vitnið að áður en ákærði Jónas hafi komið með bifreiðina niður í Borgartún 1 hafi hann farið með hana í Daihatsu umboðið þar sem mágur vitnisins skoðaði hana að ósk vitnisins. Hafði vitnið áhuga á að kaupa bifreiðina að lokinni þeirri skoðun, og reyndi það að fá kaupverðið lækkað. Kvaðst þá ákærði Jónas ekki geta fengið það lækkað á eigin spýtur, heldur yrði hann að hafa samband við Sigurð.

Ákærði Jónas Antonsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hefði keypt bifreiðina Þ-3677 á 45.000,00 krónur hinn 20. júní 1984 og greitt fyrir hana með þeim 4 víxlum, sem lýst hefur verið að framan. Ákærði kannaðist jafnframt við að hafa selt Sigurði Sigurpálssyni sömu bifreið fyrir 30.000,00 krónur í næsta mánuði og að Sigurður hafi greitt fyrir bifreiðina með reiðufé. Ákærði var spurður um hvaða möguleika hann hefði haft á þessum tíma til að greiða víxlana á gjalddögum, og kvaðst ákærði ekki treysta sér til að svara þeirri spurningu. Þá var ákærða bent

á að hann hefði fengið 30.000,00 krónur fyrir bifreiðina daginn áður en fyrsti víxillinn féll í gjalddaga og í framhaldi af því spurður hvers vegna hann hefði þá ekki greitt víxilinn. Ákærði kvaðst hafa haft margt að borga og peningarnir farið í það. Ákærði mundi ekki hvað það var. Ákærði kvaðst hafa unnið lítið á árinu 1984, smávegis við húsaviðgerðir og þá á eigin vegum. Ákærði kvaðst vera með öllu eignalaus.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við að hafa keypt bifreiðina Þ-3677 hinn 20. júní 1984 með þeim skilmálum sem í ákæru greinir. Ákærði kvað einnig rétt vera að hann hefði endurselt bifreiðina Sigurði Sigurpálssyni skömmu síðar fyrir 30.000,00 krónur í reiðufé. Kvaðst ákærði hafa notað féð til ýmissa greiðslna í eigin þágu og meðákærði X ekkert fengið af peningunum. Ákærði neitaði því eindregið að salan til Sigurðar Sigurpálssonar hefði verið málamyndagerningur. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað Sigurð við endursöluna og afhent nýja kaupandanum bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa veitt aðstoð þessa í greiðaskyni við Sigurð, þar sem hann hefði verið óánægður með galla á bifreiðinni. Neitaði ákærði því að um hefði verið að ræða sammæli ákærðu um að hafa bifreiðina út úr Guðmundi Ingimundarsyni og greiða honum ekki söluverðið og kvaðst ákærði hafa ætlað að standa í skilum. Ákærði var spurður hvernig hann hefði verið í stakk búinn til að greiða kaupverðið og hvað hefði farið úrskeiðis. Svaraði ákærði því til, „að dýrt sé að lifa í dag og hann sé með þungt heimili".

Ákærði bar að hann hefði hringt í Guðmund Ingimundarson, skömmu eftir að ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og boðið honum að greiða 10.000,00 krónur inn á skuldina og semja um reglulegar greiðslur á eftirstöðvunum. Hefði Guðmundur verið mjög jákvæður og komið í Unufell 44 um kvöldið ásamt einhverri konu, sennilega systur sinni. Hefði Guðmundur þá ekki viljað taka við peningagreiðslunni sem ákærði hafi verið með í höndunum og virtist ákærða að konan stjórnaði Guðmundi. Hefði Guðmundur krafist vaxta sem ákærði hefði ekki haft handbæra. Hefðu þau farið, Guðmundur og konan, og ákærði ekki heyrt meira frá Guðmundi síðan.

Ákærði X kvaðst við rannsókn málsins kannast við að hafa verið með meðákærða Jónasi er framangreind bifreiðaviðskipti fóru fram, þ.e. er bifreiðin Þ-3677 var keypt af Guðmundi Ingimundarsyni. Ákærði mundi ekki hvernig það kom til að hann fór með meðákærða til að athuga með þessi bifreiðakaup. Kvaðst ákærði kannast við að hafa skrifað sem útgefandi og framseljandi á þá fjóra víxla sem greinir í ákæru. Ákærði kvaðst ekkert hafa fengið í sinn hlut af söluverði bifreiðarinnar er hún var seld og ekki komið nálægt þeim viðskiptum.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 9. janúar 1986 kannaðist hann við að hafa skrifað sem útgefandi á víxlana sem greinir í ákæru í greiðaskyni við

meðákærða Jónas. Ákærði neitaði því að um sammæli ákærðu hefði verið að ræða um að hafa fé af Guðmundi Ingmundarsyni. Ákærði neitaði því einnig að salan til Sigurðar Sigurpálssonar hefði verið málamyndasala. Ákærði kvaðst hafa verið fær um að greiða víxilábyrgðina á þessum tíma, en bar að hann hefði ekki verið í fastri vinnu frá því í júní 1984. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhag meðákærða Jónasar um þetta leyti en kvaðst þó hafa verið heimilismaður hjá meðákærða í ein 3 ár.

Rannsóknargögn málsins bera það með sér að Guðmundur Ingimundarson hafi eignast bifreið þá sem hér um ræðir hinn 11. júlí 1979. Hann seldi hana ákærða Jónasi Antonssyni hinn 20. júní 1984 og ákærði Jónas seldi síðan Sigurði Sigurpálssyni bifreiðina 19. júlí sama ár.

Samkvæmt vottorði Borgarfógetaembættisins í Reykjavík dags. 12. desember 1984, sem með fylgir ljósrit úr skrá yfir gjaldþrot og árangurslaus fjárnám, var ákærði Jónas Antonsson úrskurðaður gjaldþrota 23. apríl 1974 og 9. september 1976 og á árunum frá 1980 til 1982 var fjórum sinnum gert árangurslaust fjárnám hjá honum.

Samkvæmt sömu skrá var á árabilinu frá 1980 til 1982 6 sinnum gert árangurslaust fjárnám hjá ákærða X.

Í framangreindu vottorði kemur jafnframt fram að þó nokkuð sé síðan ákærðu Jónas og X hafi fengið á sig gjaldþrot og árangurslaus fjárnám, þýði það ekki að eitthvert lát sé á aðfararhæfum dómum á þá, heldur sé skýringin sú að þeir séu orðnir svo vonlausir að margir lögmenn leggi ekki í þann kostnað sem fullnustugerðum fylgja, svo og það að illmögulegt sé að fá þessa menn fyrir fógetarétt.

Niðurstöður:

Með framburði ákærða Jónasar Antonssonar sjálfs, framburði vitnanna Guðmundar Ingimundarsonar, Sigurðar Sigurpálssonar og Magnúsar Þórarins Baldvinssonar svo og vottorði Borgarfógetaembættisins um gjaldþrot og árangurslaus fjárnám hjá ákærða, verður að teljast fyllilega sannað að ákærði hafi náð eignarhaldi á bifreiðinni Þ-3677 svo sem í ákæru greinir með sviksamlegum hætti þann 20. júní 1984. Ákærði seldi síðan bifreiðina 19. júlí sama ár Sigurði Sigurpálssyni og fékk fyrir hana 30.000,00 krónur í reiðufé. Fyrsti víxillinn í viðskiptum ákærða og Guðmundar Ingimundarsonar gjaldféll næsta dag, en ákærði hirti ekkert um að greiða víxilinn og notaði féð í eigin þarfir. Hafði ákærði ekkert greitt af kaupverði bifreiðarinnar hinn 9. desember 1985, rúmlega ári eftir að síðasti víxillinn í viðskiptunum gjaldféll. Verður því að telja að ákærði hafi hvorki haft getu né vilja til að greiða kaupverð bifreiðarinnar er viðskiptin áttu sér stað. Ákærði hefur borið að hann hafi boðið Guðmundi Ingimundarsyni, er sá gekk eftir efndum, að greiða upp í umrædda skuld 10.000,00 krónur, en því hafi

Guðmundur hafnað. Segir ákærði að þetta hafi átt sér stað skömmu eftir að hann mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins út af máli þessu, en það var hinn 12. desember 1984, tæpum 2 mánuðum eftir gjalddaga síðasta víxilsins í viðskiptum ákærða og Guðmundar Ingimundarsonar. Er ákærði einn til frásagnar um þetta. Jafnvel þó að framangreind staðhæfing ákærða væri á rökum reist, verður eigi talið að það hafi áhrif á sakarmat í máli þessu, enda ákærða ávallt í lófa lagið að inna skuld sína af hendi, t.d. með deponeringu, þrátt fyrir neitun kröfuhafa á viðtöku greiðslu.

Þykir framangreind háttsemi ákærða Jónasar Antonssonar varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Einnig þykir sannað af gögnum málsins að ákærði X hafi gefið út víxla þá er í ákæru greinir, þrátt fyrir að hann hafi verið eignarlaus og margoft hafi verið búið að gera hjá honum árangurslaus fjárnám. Þá verður að teljast sannað að ákærði, sem hafði verið heimilisfastur hjá meðákærða Jónasi í 3 ár, hafi gert sér fulla grein fyrir viðskiptaáformum meðákærða Jónasar. Þykir ákærði með háttsemi sinni hafa stuðlað að broti meðákærða Jónasar og með því gerst sekur um hlutdeild í því. Þykir háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum refsingum:

Ákærði Jónas Antonsson:

1968 30/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1969 20/5 í Reykjavík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga (Dómur nr. 205/1969).

1969 4/11 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Dómur nr. 418/1969).

1970 10/4 í Reykjavík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga. (Dómur nr. 175/1970).

1974 28/5 í Reykjavík. Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 248. og 261. gr. hegningarlaga.

1977 26/9 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hgl.

Þá var ákæru á hendur ákærða frestað skilorðsbundið 2 ár frá 29. júlí 1968 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1956. Auk þessa hefur ákærði á tímabilinu frá 1968 til 1980 7 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota.

— — —

Ákærði Jónas Antonsson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með

hliðsjón af sakaferli hans fangelsi 4 mánuði. Þar sem nokkuð er liðið frá því ákærði hlaut síðast fangelsisdóm þykir þó rétt að fresta fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn tók við máli þessu hinn 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærði Jónas Antonsson sæti fangelsi 4 mánuði og ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og 2 mánaða af refsingu ákærða Jónasar Antonssonar og skulu refsingarnar niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 292/1987. **Útvegsbanki Íslands h/f**
gegn
Versluninni Kópavogi h/f

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði 7. október sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Kópavogs 25. september sl. sem honum varð kunnugt um 2. október. Úrskurðurinn var þannig:

„Umbeðin greiðslustöðvun Verslunarinnar Kópavogs h.f., nnr. 5685-7503, veitist samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 6/1978 með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. sömu laga greinir í 3 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja."

Kæran er heimil eftir 10. gr. 1. mgr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Lögmenn aðila hafa sent Hæstarétti greinargerðir.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að úrskurður skiptaréttar verði felldur úr gildi og synjað um greiðslustöðvun. Til vara er þess krafist, að greiðslustövðunartíminn verði styttur verulega. Loks er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn 22. september sl. ritaði Sigurður G. Guðjónsson héraðsdómslögmaður bréf til skiptaráðandans í Kópavogi og beiddist þess f.h. varnaraðila, að félaginu yrði heimiluð greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði. Kvað hann félagið hafa átt í verulegum fjárhagsörðugleikum í nokkurn tíma. Væri svo komið að 1. október ætti að halda þriðja uppboð til að selja fasteign þess að Hamraborg 14. Þar væri öll starfsemi félagsins, og myndi salan leiða til þess, að aðrar eignir, sem aðallega væri verslunarbúnaður færi forgörðum. Tilraunir hefðu verið gerðar til að selja verslunina og væri enn von um að það tækist. Einnig hefði verið rætt við ýmsa kröfuhafa um breytingu á skuldum. Í bréfinu segir, að bókhald félagsins sé „heldur bágborið", en Endurskoðunarskrifstofa Árna Björns Birgissonar og

Reynis Ragnarssonar hefði fengið það til meðferðar. Um lista um kröfuhafa, sem fylgdi, segir að hann sé ekki nákvæmur, en brunabótamat eigna sé 31 milljón króna. Á listanum eru taldar skuldir að upphæð 14.080.090,77 krónur. Fyrir skiptarétt var lögð fram yfirlýsing frá stjórn varnaraðila um að lögmanninum væri falið að beiðast greiðslustöðvunar. Þá var lagt fram bréf endurskoðunarskrifstofunnar um, að unnið væri að ársuppgjöri fyrir 1985 og 1986.

Í kæru og greinargerð sóknaraðila er því haldið fram, að sóknaraðili hafi ótvíræða hagsmuni af að fá úrskurði skiptaréttar hnekkt, þar sem bankinn eigi kröfu á varnaraðila að fjárhæð 4.448,935,00 krónur, sem tryggð sé með veði í hluta fasteignar hans. Hafi greiðslustöðvunin komið í veg fyrir að eignin væri seld á uppboði. Bent er á, að eignin skiptist í tvo hluta og hafi uppboðsmál vegna annars hlutans verið þingfest 14. júní 1981. Það hafi síðan verið tekið fyrir 34 sinnum, en 3. og síðasta uppboð hefði verið ákveðið 1. október sl. Uppboðsmál um hinn hlutann hafi verið þingfest 12. janúar 1983, tekið fyrir 25 sinnum, en lokauppboð ákveðið fyrrnefndan dag. Eru þessar upplýsingar um uppboð byggðar á yfirlýsingu bæjarfógetans í Kópavogi.

Í greinargerð sóknaraðila segir ennfremur, að veðskuldirnar, sem hvíla á eign varnaraðila, séu „gríðarlega háar". Er rökstutt, að skuldalisti sá, sem fylgdi greiðslustöðvunarbeiðninni, sé ófullkominn. Bent er á veðbókarvottorð sem fylgdi greinargerðinni, þar sem taldar eru skuldir tryggðar með allt að 37. veðrétti. Segir sóknaraðili höfuðstól þeirra nema 7.626.139,00 krónum. Með stoð í gögnum, sem hann vitnar til, telur hann, að veðskuldir umfram lista þann, sem lögmaður varnaraðilia sendi, nemi „alls ekki undir kr. 10.000,000,00". Að auki telur hann sig vita um skuld að upphæð 2.000,000,00 króna. Hann telur mikla óvissu um eignir félagsins, en brunabótamatsverð það, sem upp sé gefið, sennilega hærra en markaðsverð.

Af þessu dregur lögmaður sóknaraðila þá ályktun, að grundvöll hafi skort til að heimila greiðslustöðvun. Þá sé ekki ljóst, að fjárhagsörðugleikar hafi verið verulegir, en félaginu hafi gefist langur tími til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Þess sé hins vegar ekki kostur á greiðslustövðunartímanum.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila er andmælt því, sem sóknar-

aðili heldur fram um skuldastöðu félagsins og því haldið fram, að fjárhagsörðugleikar þess séu miklir, en fasteignir og aðrar eignir þess mikils virði. Því er haldið fram, að nægilegar upplýsingar hafi verið lagðar fyrir skiptarétt.

Af gögnum málsins er ljóst, að varnaraðili á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Félagið hefur fyrir nokkru ráðið lögmann og endurskoðendur til að vera til aðstoðar við tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Þó að upplýsingar þær, sem fram hafa komið um fjárhag varnaraðila, séu ekki jafnnákvæmar og skyldi, enda bókhald félagsins í ófullnægjandi horfi, þykir nægilega fram komið, að von sé til þess að koma megi fjármálum stefnda í betra horf á þeim tíma, sem skiptaréttur hefur veitt honum greiðslustöðvun. Ber að staðfesta skiptaréttarúrskurðinn. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 295/1986. **Björgúlfur Pétursson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Guðjóni Styrkárssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Víxlar. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986. Hann krefst þess aðallega, að því verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefst hann sýknu. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda var frávísunarkrafa gerð í héraði. Var henni hafnað með úrskurði 29. september 1986. Ekki hefur þeim úrskurði verið áfrýjað eftir 17. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi hefur engu að síður gert frávísunarkröfu hér fyrir dómi. Telur hann, að óheimilt hafi verið að höfða mál þetta, sem sæti almennri meðferð, á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem heimilisvarnarþing áfrýjanda sé í Kjósarsýslu. Greiðslustaður víxlanna er í Reykjavík og mátti því höfða málið, sem er víxilmál, í Reykjavík skv. 82. gr. 3. mgr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi bendir á, að Útvegsbanki Íslands keypti hina umdeildu víxla og tók síðar við sem greiðslu á þeim innistæðulausum tékka, sem Pétur Ingólfsson s/f hafði gefið út. Með atbeina skiptaráðanda fékk stefndi, sem var ábekingur á víxlunum, þá úr þrotabúi Péturs Ingólfssonar. Hafði áfrýjandi leyst til sín hinn innistæðulausa tékka og afhenti hann þrotabúinu tékkann í víxlanna stað.

Byggja verður á því, að áfrýjandi hafi ekki greitt víxlana, og er hann ekki laus frá skuldbindingu sinni skv. þeim eftir 40. gr. 3.

mgr. víxillaga nr. 93/1933. Ekkert er fram komið um, að hann hafi með öðrum hætti orðið laus undan skuldbindingunni. Varða viðskipti stefnda og Útvegsbanka Íslands um innistæðulausan tékka ekki úrslit máls þessa. Skipti stefnda og þrotabús Péturs Ingólfssonar voru með þeim hætti, að telja verður að stefndi hafi leyst til sín víxlana. Eftir 47. gr. 3. mgr. víxillaga var stefnda því heimilt að krefjast greiðslu frá áfrýjanda, sbr. og 43., 48. og 50. gr. laganna. Víxlana hefur hann lagt fram í málinu.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur. Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda 44.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnda, Guðjóni Styrkárssyni, 44.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. október 1986, hefur Guðjón Styrkársson hrl., Aðalstræti 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. júní 1986, á hendur Björgúlfi Péturssyni, nnr. 1286-2474, Leirutanga 49, Mosfellssveit.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 141.344,00 ásamt hæstu löglegu dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, þannig: frá 8. október 1984 2,75% til 1/2/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/85, frá þ.d. 4% til 1/6/85, frá þ.d. 3,5% til 1/9/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/86, frá þ.d. 2,75% til 1/4/86 og frá þ.d. 2,25% til greiðsludags, kr. 356,00 í stimpilkostnað og málskostnað skv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt var reynd án árangurs.

Stefnandi reisir kröfur sínar á þremur víxlum. Fyrsti víxillinn er að fjárhæð kr. 48.557,00 með gjalddaga 1. október 1984, annar að fjárhæð kr. 50.000,00 með gjalddaga 4. október 1984 og sá þriðji að fjárhæð kr. 42.787,00 með gjalddaga 8. október 1984. Allir eru víxlarnir gefnir út 4. september 1984 af Pétri Ingólfssyni pr. pr. Verslunin Viktoría, Laugavegi

12, Reykjavík og framseldir af sama, en samþykktir af stefnda Björgúlfi Péturssyni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Stefnandi er ábekingur allra víxlanna.

Með tékka útgefnum Pétur Ingólfsson (sic) pr. pr. Pétur Ingólfsson sf. og dags. 3. október 1984 greiddi Pétur Ingólfsson alla víxlana og fékk þá afhenta með greiðslustimpli Útvegsbanka Íslands, dags. þann dag. Tékkinn var útgefinn á hlaupareikning nr. 6150 við Sparisjóð vélstjóra og hafði honum verið lokað þann 1. október 1984. Tékkinn var sýndur 3. október 1984 og áritaður um innistæðuleysi. Samkvæmt áritun á tékkann leysti stefnandi Guðjón Styrkársson hann til sín. Stefndi hefur þannig ekki greitt víxlana. Pétur Ingólfsson var úrskurðaður gjaldþrota þann 7. mars 1985. Hann rak verslunina Viktoríu sem einkafyrirtæki sitt. Þann 9. júní 1986 fékk stefnandi víxlana afhenta úr þrotabúi Péturs gegn afhendingu frumrits tékkans, en hann hafði áður lýst tékkakröfunni í búið. Víxlarnir höfðu verið geymdir með bókhaldsgögnum Péturs hjá Skiptarétti Reykjavíkur.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á lögum nr. 93/1933, 48. gr., sbr. og 40. gr. og 17. kafla laga nr. 85/1936. Fyrir dóminum hefur hann lýst því yfir að afhending hans á tékkanum til þrotabúsins sé afturköllun hans á kröfu í búið. Hann eigi þannig ekki lengur kröfu samkvæmt tékkanum.

Af hálfu stefnda var í upphafi máls gerð krafa um frávísun þess. Með úrskurði uppkveðnum 29. september sl. hafnaði dómurinn þessari kröfu stefnda.

Af hálfu stefnda eru hafðar uppi eftirfarandi efnisvarnir í greinargerð lögmanns hans:

„Þegar umrædd greiðsla fór fram hafði stefnandi að eigin sögn selt Útvegsbanka Íslands alla víxlana, sem fékk þá síðan greidda með þeim hætti að firmað Pétur Ingólfsson sf. greiddi þá með tékka þeim, sem ljósrit er af á dskj. nr. 7.

Vek ég athygli á því að firmað Pétur Ingólfsson sf. var ekki skuldari samkvæmt víxlunum og var eiganda þeirra, Útvegsbanka Íslands, algerlega frjálst að taka við eða hafna greiðslutilboði þessa firma, enda var gjalddagi á tveim af víxlunum ekki einu sinni kominn.

Eins og fram kemur af dskj. nr. 7, var innistæða ekki næg fyrir tékkanum og átti þá Útvegsbanki Íslands völ um það, annars vegar að kæra útgáfu tékkans og krefjast þess að fá víxlana í hendur aftur eða að sætta sig við greiðslu víxlanna og halda sér að eigendum firmans Péturs Ingólfssonar sf.

Ljóst er hvaða afstöðu bankinn tók í þessum efnum. Fram er komið að hann krafði Pétur Ingólfsson sf. um greiðslu og þegar greiðsla kom ekki „innleysti" stefnandi tékkann til sín og ritaði bankinn þá innlausn á bakhlið tékkans.

Ljóst er því að Útvegsbanki Íslands sætti sig algerlega við greiðslu

firmans Péturs Ingólfssonar sf. á víxlunum og hafði ekki neinar kröfur uppi varðandi víxlana eftir greiðslu þeirra. Skuldbindingar stefnda samkvæmt víxlunum gagnvart Útvegsbanka Íslands voru þar með úr sögunni.

Hvort firmað Pétur Ingólfsson sf. hafi eignast eða eigi kröfu á hendur stefnda er þessu máli óviðkomandi og hirði ég ekki frekar um það hér."

Ennfremur heldur stefndi fram eftirgreindum sjónarmiðum:

„Við framsal bankans á tékkanum eignaðist stefnandi enga kröfu samkvæmt víxlunum. Það var því löglaust af skiptarétti Reykjavíkur að afhenda stefnanda víxlana í skiptum fyrir tékkann. Skiptaréttur hefir ekkert dómsvald í þessu efni og þetta skapar stefnanda engan rétt og mótmælt hér með.

Ekki verður séð að Útvegsbanki Íslands hafi átt neinn þátt í þessu athæfi og ekkert framsal er á víxlunum frá bankanum. Stefnandi er því ekki einu sinni formlega löglegur handhafi."

Álit dómsins:

Stefnandi byggir kröfur sínar á formlega löglegum víxlum skv. 1. gr. laga nr. 93/1933. Tékki firmans, Pétur Ingólfsson sf., reyndist innistæðulaus. Stefnandi leysti því sem ábekingur víxlanna tékkann til sín, þar sem sú tilraun til greiðslu víxlanna sem í útgáfu tékkans fólst reyndist árangurslaus. Þegar innheimtutilraunir hans skv. tékkanum báru engan árangur skipti hann á tékkanum og víxlunum sem fundust í gögnum þrotabús Péturs Ingólfssonar. Stefnandi er þannig handhafi víxlanna sem hann hefur greitt sem ábekingur. Telja verður því að stefnandi geti innheimt þá skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 sem réttur aðili. Af því leiðir að kröfur hans eru teknar til greina. Krafa stefnanda til vaxta og stimpilkostnaðar hefur ekki sætt sérstökum mótmælum og er hún tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem réttilega þykir ákveðinn kr. 20.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnanda, Guðjóni Styrkárssyni, kr. 141.344,00 með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 8. október 1984 til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. apríl 1986,

með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 356,00 í stimpilkostnað og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr.323/1986. **Hólmadrangur hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Sævari Rafni Jónassyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1986 og skyldi málið þingfest 1. desember. Þann dag féll þingsókn niður af hálfu áfrýjanda og gekk útivistardómur samdægurs. Áfrýjandi skaut þá málinu á ný til Hæstaréttar með stefnu 8. desember samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekkert er fram komið um að heimilt hafi verið að lögum að láta stefnda fara í launalaust leyfi 8. september 1984. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda deila aðilar hvorki um fjárhæð né vexti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 28.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Hólmadrangur hf., greiði stefnda, Sævari Rafni Jónassyni, 28.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 4. ágúst 1986.

Mál þetta, sem endurupptekið var og tekið til dóms 11. júlí sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Strandasýslu með stefnu dags. 11. apríl 1985 en birtri 17. apríl s.á. Stefnandi er Sævar Rafn Jónasson sjómaður, nnr. 8839-2078, skráður til heimilis að Þingholti 25, Reykjavík. Stefndi er Hólmadrangur hf., nnr. 4257-5801, Hólmavík, Strandasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 74.810,00 með 19% ársvöxtum frá 1.11. 1984 til 31.12. 1984, en með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985, en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985 en með 4% vanskilavöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Loks er krafist sjóveðréttar í b.v. Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Að sögn stefnanda eru málsatvik þau að hann hafi ráðist sem háseti á Hólmadrang ST-70, sem er skuttogari af minni gerð í eigu stefnda. Stefnandi hafi ráðið sig til skiprúms 24.6. 1984. Skipið hafi stundað togveiðar, en aflinn hafi verið fullunninn um borð. Stefnandi hafi starfað á skipinu fram til 8.9. 1984, en þegar hann var á leið til þess að taka langferðabifreið BSÍ í Reykjavík til Hólmavíkur þann 8.9. 1984 hitti hann stýrimann skipsins, Steinþór að nafni, sem hafi tjáð stefnanda að hann ætti að fara í launalaust leyfi. Stefnandi hafi mótmælt, enda sé það einungis á valdi viðkomandi skipverja að taka ákvörðun um slíkt. Skipstjóri skipsins, Hlöðver Haraldsson, hafi staðfest upplýsingar stýrimanns, en nokkru síðar hafi Þorsteinn Ingason fyrirsvarsmaður útgerðarinnar upplýst stefnanda um að honum bæri að líta á aðgerðir þessar sem fyrirvaralausa brottvikningu úr skiprúmi. Stefnandi hafi mótmælt þessu og talið sig hafa rétt til fullra launa fyrir veiðiferð þá sem hann var þvingaður til að taka frí í og síðan vikið úr starfi.

Málavextir að sögn stefnda eru þeir að stefnandi hafi starfað sem háseti á b.v. Hólmadrangi ST-70 eign stefnda. Hafi stefnandi verið skráður á togarann tímabilið 24.6. 1984 til 7.9. s.á., og farið 4 veiðiferðir. Hafi hann

starfað í tvo og hálfan mánuð án þess að hafa tekið sér frí á þessum tíma. Ekki hafi hann heldur ætlað að taka sér frí í fimmtu veiðiferðinni. Hver veiðiferð standi að jafnaði í 2-3 vikur. Í síðustu veiðiferðinni, þ.e. fjórðu, hafi stefnandi sýnt þess augljós merki að hann hafi verið orðinn langþreyttur og þar með hegðað sér undarlega. Hafi það verið mat Steinórs Guðmundssonar stýrimanns, sem gegndi stöðu skipstjóra í fjórðu veiðiferðinni, að nauðsynlegt væri fyrir stefnanda sjálfan og í raun aðra í áhöfn skipsins að stefnandi tæki sér frí. Ekki hafi þó Steinþór viljað taka slíka ákvörðun nema í beinu samráði við Hlöðver skipstjóra fyrst. Það hafi Steinþór gert er í land var komið þar sem hann vildi ekki tala um slíkt í talstöð. Hafi síðan verið ákveðið í framhaldi af þessu að fara þess á leit við stefnanda að hann tæki sér frí. Þeir hafi síðan reynt að ná í stefnanda en hafi ekki tekist.

Stefndi mótmælir því sem röngu að Þorsteinn Ingason útgerðarstjóri hafi sagt við stefnanda síðar að honum bæri að líta á þetta sem fyrirvaralausa uppsögn. Þá er mótmælt kröfu um kaup í næstu veiðiferð þ.e. veiðiferðina alla þar sem uppsagnarfrestur netamanns og annarra undirmanna sé 7 dagar.

Niðurstaða:

Ljóst er að stefnanda var fyrst tilkynnt um það daginn sem veiðiferðin átti að byrja og hann ætlaði að mæta um borð að hann ætti að fara í frí.

Það eru að vísu gefnar upp þær ástæður að hann hafi verið veikur en ekki hefur verið lagt fram læknisvottorð sem sannar slíkt. Því telst stefnanda hafa verið heimilt að líta á þetta sem fyrirvaralausa uppsögn og verður krafa hans tekin til greina þó að því breyttu að hann eigi einungis rétt á launum í 7 daga eða kr. 32.729,00. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 32.729,00 með 19% ársvöxtum frá 1.11. 1984 til 31.12. 1984 en með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985 en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985, með 4% vanskilavöxtum frá 28.2. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1986, með 2,75 drv. frá þeim tíma til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags. Þá er staðfestur sjóveðréttur í Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður ákveðst kr. 22.000,00.

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson, settur sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Hólmadrangur hf., greiði stefnanda, Sævari Rafni Jónssyni, kr. 32.729,00 með 19% ársvöxtum frá 1.1. 1984 til 31.12. 1984,

með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985, en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985, með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, en 3,75% drv. á mánuði frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þeim tíma til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 22.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum. Þá er staðfestur sjóveðréttur í Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 23. október 1987.

Nr. 263/1986. **Ólafur Hermannsson og**
Ragnheiður B. Brynjólfsdóttir
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Stjórn verkamannabústaða
í Reykjavík
f.h. Reykjavíkurborgar
(Jón Þorsteinsson hrl.)

Uppgjör. Byggingasamvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ.Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. september s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjenda eru þessar:

„Aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 629.765,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 5. júní 1984 til 1. janúar 1985 og 32%

ársvöxtum frá þ.d. til 1. febrúar 1985 og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. mars 1985 og 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. júní 1985 og 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. september 1985 og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. mars 1986 og 2,75% dráttarv. á mán. frá þ.d. til 1. apríl 1986 og 2,25% dráttarv. á mán. frá þ.d. til 1. mars 1987 og 2,50% dráttarv. á mán. frá þ.d. til 6. maí 1987 og 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní 1987 og 33,6% ársv. frá þ.d. til 1. júlí 1987 og 36% ársv. frá þ.d. til 1. ágúst 1987 og 40,8% ársv. frá þ.d. til 1. september 1987 og 42% ársv. frá þ.d. til 1. október 1987 og með 43,2% ársv. frá þ.d. til greiðsludags með þeim breytingum sem verða kunna á vaxtafæti skv. 10. gr. l. 25/1987.

Fyrsta varakrafa, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 621.820,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Önnur varakrafa, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 300.989,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 256.945,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Í vaxtakröfu áfrýjenda hér að framan felst krafa um greiðslu vaxtavaxta. Gerð er krafa um að vextir, sem falla á kröfuna eftir 1. febrúar 1985 bætist við höfuðstól hennar árlega, hinn 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986 og reiknist vanskilavextir af þannig hækkandi höfuðstóli ár hvert."

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk sérstaks söluskatts, 10% af málflutningsþóknun fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Telja verður að áfrýjendur hafi ekki öðlast eignarhald á íbúð þeirri, sem mál þetta tekur til, fyrr en með afsalinu 7. maí 1974, enda er íbúðin þá fyrst sérgreind bréflega af hálfu seljanda.

Hinn 26. mars 1984 sendu áfrýjendur Stjórn Verkamannabústaða beiðni um að hún keypti íbúðina. Þá voru í gildi bráðabirgðalög nr. 50/1983 um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 3. gr. bráðabirgðalaganna segir m.a. svo:

„66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð félagslegrar íbúðar samkvæmt 65. gr. skal vera kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, þegar forkaupsréttar er neytt ...“

Telja verður að forkaupsréttar hafi þegar verið neytt, í skilningi tilvitnaðrar lagagreinar, er matsgerð lá fyrir, 16. apríl 1984, en áfrýjendur höfðu, hinn 13. s.m., fengið greiddar 150.000,00 krónur upp í kaupverðið.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið höfðu áfrýjendur ekki haft eignarhald á íbúðinni lengur en 9 ár er neytt var forkaupsréttar af hálfu Reykjavíkurborgar á íbúð þeirra. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann enda verður ekki fallist á það með áfrýjendum, að uppgjörið á endursöluverði íbúðarinnar, samkvæmt framangreindum lögum, brjóti í bága við ákvæði 67. gr. Stjórnarskrárinnar.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 100.000,00 krónur, og er fjárhæðin ákveðin án söluskatts.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn verkamannabústaða í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, á að vera sýkn af öllum kröfum áfrýjenda, Ólafs Hermannssonar og Ragnheiðar B. Brynjólfsdóttur, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1986.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hafa Ólafur Hermannsson, nnr. 6763-8964, og Ragnheiður B. Brynjólfsdóttir, nnr. 7194-9478, bæði til heimilis að Jóruseli 21, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum þann 5. september 1985 á hendur stjórn verkamannabústaða í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, nnr. 7307-1127, til greiðslu skuldar vegna innlausnar á íbúð í verkamannabústöðum auk vaxta og kostnaðar.

Þann 5. desember 1973 var stefnendum gefinn kostur á að kaupa íbúð í Breiðholti sem byggð hafði verið þá nýlega af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, og þann 17. desember s.á. greiddu stefnendur hluta af verði íbúðarinnar. Þann 6. maí 1974 tilkynnti Húsnæðismálastofnun ríkisins stefnanda Ólafi að íbúðin yrði í húsinu nr. 44 við Torfufell en að nákvæm staðsetning yrði tilkynnt síðar. Í bréfi þessu er gerð grein fyrir verði íbúðarinnar gkr. 3.036.565,00. Þann 7. maí 1974 fengu stefnendur afsal fyrir 4ra herbergja íbúð á 2. h. t.h. í húsinu nr. 44 við Torfufell frá ríkissjóði Íslands. Þann 5. júní 1974 gáfu stefnendur út skuldabréf fyrir 80% kaupverðs gkr. 2.380.000,00 til veðdeildar Landsbanka Íslands með veði í eigninni og greiðslutíma á næstu 30 árum. Þann 26. mars 1984 óskuðu stefnendur eftir því við stefnda að hann keypti íbúðina, og er tekið fram í beiðninni að íbúðin verði tilbúin til mats 3. apríl 1984. Þann 16. apríl 1984 fór matsgerðin fram, en samkvæmt henni var heildargreiðsla til seljanda kr. 629.165,00. Þann 26. apríl 1984 afhentu stefnendur stefnda íbúðina. Þann 3. maí 1984 greiddu stefnendur upp skuldabréfið til veðdeildar Landsbankans og samþykktu síðan útreikning matsmannanna með fyrirvara um framreikning og uppgreiðslu eftirstöðva lána. Þann 18. maí 1984 fékk stefndi afsal fyrir eigninni. Uppgjör fór fram 5. júní 1984 og undirrituðu stefnendur það með sama fyrirvara og matið.

Dómkröfur stefnenda eru:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 629.765,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 5. júní 1984 til 1. janúar 1985 og 32% ársv. frá þ.d. til 1. febrúar 1985 og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. mars 1985 og 4% drv. á mán. frá þ.d. til 1. júní 1985 og 3,5% drv. á mán. frá þ.d. til greiðsludags.

Fyrsta varakrafa, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 621.820,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Önnur varakrafa, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 300.989,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 256.945,00 ásamt vöxtum frá 5. júní 1984 til greiðsludags skv. vaxtafæti í aðalkröfu.

Í vaxtakröfu stefnenda hér að framan felst krafa um greiðslu vaxtavaxta, þ.e. áfallnir vextir leggist við höfuðstól stefnukröfu einu sinni á ári, þ.e. 5. júní ár hvert og reiknist vanskilavextir á þannig hækkandi höfuðstól hvert ár.

Krafist er greiðslu alls málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar, en býðst til að endurgreiða það sem stefnendur hafa greitt veðdeild Landsbankans umfram skyldu.

Málsástæður:

Stefnendur halda því fram að stefnda skorti með öllu lagastoð fyrir þeim hætti er viðhafður var við uppgjörið. Stefnendur hafi verið búnir að greiða íbúðina að fullu er til uppgjörs kom. Veðskuldir þær sem áður voru áhvílandi á íbúðinni hafi verið greiddar að fullu með samþykki lánveitanda og því hafi ekki verið fyrir hendi neins konar lán sem félli undir ákvæði 66. gr. l. nr. 51/1980. Því beri stefnda að greiða stefnendum verð íbúðarinnar skv. mati að frádregnum kostnaðarliðum, sem eðlilegir geta talist. Lögboðin fyrning sé kr. 138.575,00 og frádráttur vegna viðgerðar á íbúð kr. 6.000,00. Framreiknað kostnaðarverð íbúðar sé kr. 1.385.755,00 og að viðbættum metnum endurbótum á íbúð og á sameign nemi verð íbúðarinnar kr. 1.403.505,00. Heildarverð íbúðarinnar að frádregnum viðgerðarkostnaði og fyrningu ætti því að vera kr. 1.258.930,00. Við uppgjör vegna kaupa stefnda á íbúðinni voru einungis greiddar kr. 629.165,00 og nemur skuldin því kr. 629.765,00 að mati stefnenda.

Ef litið yrði svo á að stefnendum hafi verið óheimilt að greiða upp lán Byggingarsjóðs verkamanna er því haldið fram til vara, að einungis hafi mátt reikna með „uppfærðum höfuðstól" skuldarinnar skv. efni skuldabréfsins. Taka yrði þá tillit til ívilnandi breytinga á vísitölubindingu er stjórnvöld gerðu 1974. Það er málsástæða stefnenda að þær ívilnanir eigi að koma stefnendum til góða ekki síður en öðrum húsbyggjendum er tóku lán hjá Húsnæðismálastofnun á þeim tíma.

Önnur varakrafa stefenda byggir á því að einungis hafi verið heimilt að framreikna þann hluta af höfuðstóli lánsins frá Byggingasjóði ríkisins sem ekki var gjaldfallinn. Framreikningur á áfallnar verðbætur fái ekki staðist.

Til þrautavara er á því byggt að einungis hafi verið heimilt að framreikna þann hluta lánsins sem ekki var í gjalddaga fallinn. Verði þá miðað við þær eftirstöðvar sem veðdeild Landsbanka Íslands segir vera „eftirstöðvar án vísitölu eftir greiðslu".

Á því er byggt að fyrning verði aðeins reiknuð af þeim hluta sem seljandi telst hafa eignast, svo sem ákvæði reglugerðar gera ráð fyrir.

Á því er byggt að stefnendur hafi átt íbúðina í tíu ár og beri að miða við þann eignarhaldstíma. Stefnendum beri því að njóta verðhækkunar sem svari til helmings af „eftirstöðvum" láns úr Byggingasjóði ríkisins, enda sé reiknað með helmingi lánsins til skuldajöfnunar. Gerð er krafa um það í varakröfum og þrautavarakröfu að jafnframt verði stefnendum endurgreiddur hinn helmingur „eftirstöðva" lánsins þar sem fyrir liggi að lánið sé að fullu greitt.

Loks er á því byggt að liðurinn „vanræksla á viðh. utanhúss kr. 7.500,00" sé með öllu órökstuddur og eigi þessi frádráttarliður sér ekki lagastoð.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að um uppgjör aðila beri að fara eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 50/1983 sem í gildi voru er kaupin fóru fram, lögin hafi að vísu ekki verið staðfest heldur samþykkt ný stofnlög á þinginu, lög nr. 60/1984, sem tóku gildi 1. júlí 1984, bráðabirgðalögin hafi fallið úr gildi við þinglausnir hin 22. maí 1984 en haft óskorað gildi til þess tíma og þar með um lögskipti aðilanna sem farið hafi fram með matsgerð 16. apríl, afhendingu 26. apríl og afsali 18. maí 1984. Stefndi telur að samkvæmt skýrum ákvæðum bráðabirgðalaganna hafi borið að draga frá eftirstöðvar sem samkvæmt greiðsluskilmálum bréfsins voru ógjaldfallnar, og þótt stefnendur hafi tekið sig til og greitt eftirstöðvarnar eftir að matið fór fram og eftir afhendingu eignarinnar geti það engu breytt um útreikning kaupverðs. Útreikning fyrningar telur stefndi vera í fullu samræmi við ákvæði 3. gr. bráðabirgðalaganna og kveður ákvæði hafa verið framkvæmd þannig að reiknað hafi verið 1% fyrir hvert ár vegna íbúða sem voru yngri en 20 ára. Stefndi telur að þar sem mat og afhending fóru fram áður en stefnendur höfðu átt eignina í 10 ár beri að miða við 9 ára eignarhald og 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár skv. ákvæðum bráðabirgðalaganna. Varðandi fyrningu og vanrækt viðhald bendir stefndi á að fyrirvari stefnenda nái ekki til þeirra og jafnframt á skýr fyrirmæli bráðabirgðalaganna um þessi atriði.

Varðandi þær málsástæður sem varakröfur eru byggðar á bendir stefndi á að lánið sé reiknað sem óverðtryggt væri í matsgerðinni.

Við munnlegan málflutning var sérstaklega mótmælt vaxtafæti vanskilavaxtakröfu og vaxtavaxtakröfu.

Þá var því haldið fram af hálfu stefnenda að ákvæði bráðabirgðalaganna um frádrátt ógjaldfallinna eftirstöðva stofnlána geti ekki haft áhrif á einkaréttarsamning. Þá var því haldið fram að þegar bráðabirgðalögin hafi fallið úr gildi og eldri lög öðluðust gildi á ný hafi ákvæði þeirra laga orðið ráðandi um skipti aðilanna.

Álit dómsins.

Með lögum nr. 97/1965 um breyting á lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins var, í kjölfar kjarasamninga, kveðið svo á að ríkisstjórnin gæti látið byggja hagkvæmar og ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög þannig að láglaunafólk í verkalýðsfélögum hefði forkaupsrétt að þeim. Jafnframt var gerð breyting á 7. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins varðandi lán úr Byggingarsjóði ríkisins og veðlán til íbúðabygginga. Var heimilað að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðum samkvæmt breytingalögunum sem næmi allt að 80% af verðmæti þeirra til 33ja ára, afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en að lánið endurgreiddist síðan á 30 árum. Ráðherra skyldi setja

sérstaka reglugerð með nánari ákvæðum um íbúðabyggingar samkvæmt breytingalögunum. Var það gert með reglugerð nr. 78/1967. Með lögum nr. 8/1968 voru lög 97/1965 felld úr gildi og kveðið svo á, að söluverð framkvæmdanefndaríbúða mætti ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun sem samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar hefði orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar sem fallið hefði í gjalddaga og verið greiddur þegar forkaupsréttar var neytt, að viðbættu álagi vegna endurbóta og að frádreginni fyrningu. Ef maður hafði átt íbúð í 10 ár eða lengur mátti hann að auki njóta verðhækkunar sem svaraði helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiddi hann upp helming af eftirstöðvum lánsins þegar sala færi fram. Eftir 20 ár mátti endurgreiða allar eftirstöðvar lánsins þannig að kaupandi nyti hækkunar á verði allrar íbúðarinnar. Í reglugerð 122/1968 um breyting á reglugerð nr. 78/1967 eru ákvæði laga 8/1968 um ákvörðun söluverðs íbúða efnislega ítrekuð. Með lögum 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru lög 97/1965 felld úr gildi. Við árslok 1970 gengu í gildi lög nr. 106 um sölu á íbúðum sem byggðar eru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Í þeim lögum er ákvæði um ákvörðun kaupverðs samhljóða fyrirmælum laga nr. 8/1968. Þessi lög virðast hafa verið í gildi þegar stefnendur keyptu íbúðina á árinu 1974. Ný stofnákvæði um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett með lögum nr. 51/1980. Í 65. gr. þeirra segir að við gildistöku þeirra skuli stjórn verkamannabústaða í Reykjavík taka við umráðarétti þeirra íbúða sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 97/1965 af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og annast endurkaup og endursölu þeirra; um meðferð þeirra skuli gilda sömu reglur og um verkamannabústaði.

Í 66. gr. laganna voru ákvæði um útreikning kaupverðs íbúða sem breytt var með bráðabirgðalögum nr. 78/1982 og 50/1983.

Lög sem vitnað er til í afsalinu frá 1974 voru ekki í gildi þegar afsalið var gefið út. Umboðsmaður stefnda hefur getið sér þess til að notað hafi verið gamalt prentað eyðublað af vangá, og verður að telja þá skýringu sennilega, en hvernig sem því er varið verður með engu móti litið öðruvísi á en að um ákvörðun kaupverðs skuli fara eftir gildandi lögum og reglum á þeim tíma þegar eigendaskipti verða.

Þegar stefnandi seldi stefnda íbúðina voru í gildi bráðabirgðalög nr. 50/1983 um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Með 5. gr. þeirra laga voru lög nr. 106/1970 felld úr gildi, en skv. 3. gr. bráðabirgðalaganna skyldi kaupverð vera kostnaðarverð eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði endurbóta, en að frádreginni fyrningu og ógjaldföllnum eftirstöðvum áhvílandi stofnlána úr byggingasjóði. Af óverðtryggðum eftir-

stöðvum skyldi seljandi fá 4% af verðbótum fyrir hvert ár sem hann hefði átt íbúðina. Vanrækslu á viðhaldi skyldi meta til lækkunar.

Uppgjör 16. apríl 1984 er í einu og öllu í samræmi við þessi fyrirmæli, þar á meðal að því er varðar ógjaldfallnar eftirstöðvar láns, fyrningu og vanrækt viðhald. Hið eina sem veldur vafa er hvort stefnendur áttu rétt á verðbótum af óverðtryggðum eftirstöðvum miðað við 9 eða 10 ára eignarhald. Einkum kæmi til álita að miða upphaf og lok eignarréttar yfir fasteignum við kaupsamning, afsal eða afhendingu. Almennt hefur ekki verið talið að afhending fasteignar fæli í sér yfirfærslu eignarréttar og hin almenna skoðun er sú að eignarréttur stofnist við kaupsamning þótt hann sé skilorðsbundinn allt þar til afsal hefur verið veitt. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki um formlegan kaupsamning að ræða og ekki fyllilega ljóst hvenær kaupsamningur telst hafa verið kominn á.

Í beiðni um kaup á íbúðinni dags. 26. mars 1984 er tekið fram að hún verði tilbúin í mat 3. apríl 1984, en þá var liðið innan við 10 ár frá því að stefnendur eignuðust íbúðina í maí 1974. Stefnendur gátu ekki gert ráð fyrir öðru en að mat færi fram áður en eignarhaldstíminn hefði náð fullum 10 árum enda varð sú raunin á að matið fór fram 16. apríl og samþykktu stefnendur það án fyrirvara varðandi þetta álitaefni og afhentu íbúðina síðan 26. sama mánaðar. Þótt dræst að ganga frá afsali til 18. maí 1984 verður ekki talið að sá dráttur eigi að breyta grundvelli matsins, og er sú niðurstaða í samræmi við þá almennu skoðun sem lýst er hér að framan.

Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á sýknukröfu stefnda, en rétt þykir að neyta heimildar 178. gr. laga nr. 85/1936 til að fella niður málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Ólafs Hermannssonar og Ragnheiðar B. Brynjólfsdóttur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. október 1987.

Nr. 193/1986. **Kolbrún Viggósdóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Jóni Ó. Ragnarssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1986. Dómkröfur áfrýjanda eru þessar:

„Að stefnda verði gert að greiða kr. 82.455,00 með 19% ársvöxtum frá 21/4 1975 til 31/7 1977, 20% p.a. frá þ.d. til 20/11 s.á., 23% p.a. frá þ.d. til 20/2 '78, 26% p.a. frá þ.d. til 31/5 '79, 34,5% p.a. frá þ.d. til 31/8 s.á., 39,5% p.a. frá þ.d. til 30/11 s.á., 43,5% p.a. frá þ.d. til 30/5 '80, 46% p.a frá þ.d. til 28/2 '81, 42% p.a. frá þ.d. til 30/5 s.á., 39% p.a. frá þ.d. til 31/10 '82, 47% p.a. frá þ.d. til 20/9 '83, 39% p.a. frá þ.d. til 20/10 s.á., 36% p.a. frá þ.d. til 20/11 s.á., 32% p.a. frá þ.d. til 20/12 s.á., 25% p.a. frá þ.d. til 20/1 '84, 19% p.a. frá þ.d. til 1/1 '85, 24% p.a. frá þ.d. til 21/5 s.á., með dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til 14/4 '87 en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Þess er krafist að áfrýjanda verði heimilað að færa vexti upp á höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 21.04. 1976.

Krafist er málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt fortakslausu orðalagi 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eiga fyrningarreglur þeirrar greinar við bótakröfu þá, sem áfrýjandi hefur uppi í máli þessu. Mat á varanlegri örorku áfrýj-

anda af völdum þess slyss, sem í málinu greinir, lá fyrir í febrúarmánuði 1977. Er því ljóst, án þess að skera þurfi úr um upphaf fyrningarfrests að öðru leyti, að fyrningarfrestur bótakröfu áfrýjanda var hafinn í ársbyrjun 1978. Var krafa áfrýjanda því fyrnd, er mál þetta var höfðað 18. apríl 1985. Verður heldur ekki fallist á, svo sem haldið var fram af hálfu áfrýjanda hér fyrir dómi, að greiðsla Almennra Trygginga h/f hinn 20. mars 1985, á bótum til áfrýjanda vegna umrædds slyss, hafi getað rofið fyrningu á bótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kolbrún Viggósdóttir, greiði stefnda, Jóni Ó. Ragnarssyni, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 18. apríl 1985 af Kolbrúnu Maríu Viggósdóttur, nnr. 5671-1341, Hrísholti 9, Garðabæ, gegn Jóni Óðni Ragnarssyni veitingamanni, Seljugerði 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða kr. 82.455,00 með 19% ársvöxtum frá 21.4. 1975 til 31.7. 1977, 20% frá þeim degi til 20.11. s.á., 23% frá þeim degi til 20.2. 1978, 26% frá þeim degi til 31.5. 1979, 34,5% frá þeim degi til 31.8. s.á., 39,5% frá þeim degi til 30.11. s.á., 43,5% frá þeim degi til 30.5. 1980, 46% frá þeim degi til 28.2. 1981, 42% frá þeim degi til 30.5. s.á., 39% frá þeim degi til 31.10. 1982, 47% frá þeim degi til 20.9. 1983, 39% frá þeim degi til 20.10. s.á., 36% frá þeim degi til 20.11. s.á., 32% frá þeim degi til 20.12. s.á., 25% frá þeim degi til 20.1. 1984, 19% frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% frá þeim degi til 21.5. s.á. en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst vaxtavaxta, þannig að heimilt sé að færa vexti upp á höfuðstólinn árlega, í fyrsta skipti 21.4. 1976.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu og dómvaxta af málskostnaði frá aðfararhæfi dóms.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að hann verði einungis dæmdur til að greiða

hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda hvernig sem málið fer skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á því að hann hafi valdið sér skaða með því að aka bifreiðinni R-16444, Mercedes-Benz fólksbifreið, aftan á bifreið hennar, G-8621 Volvo Amazon fólksbifreið, á Skúlagötu um kl. 15:00 mánudaginn 21. apríl 1975. Hún byggir kröfu sína á almennu skaðabótareglunni, sbr. 69. gr. 3. mgr. umferðarlaga, þar sem stefndi hafi ekið bifreið sinni vestur Skúlagötu á vinstri akrein, nokkuð greitt að eigin sögn, og hafi bifreið hans lent aftan á bifreið hennar þar sem hún hafi numið staðar nokkru áður á sömu akrein og beðið færis að aka suður Vatnsstíg. Stefndi hafi viðurkennt að hafa séð bifreið hennar stansa fyrir framan sig, hann hafi hemlað en það hafi ekki nægt og hann hafi ekki getað sveigt frá bifreiðinni vegna umferðar til beggja hliða. Stefnandi hafi við árekturinn fengið mikinn hnykk á háls og höfuð, svokallað „whiplash", og hafi Björn Önundarson tryggingayfirlæknir metið örorku hennar 100% í 2 mánuði, 50% eftir það í 2 mánuði, 25% eftir það í 2 mánuði, og varanlega 5%, í mati sínu sem dagsett sé 7. febrúar 1977.

Á þessum tíma hafi stefndi haft bifreið sína ábyrgðartryggða hjá Almennum Tryggingum hf., og hafi vátryggingarfjárhæð verið kr. 6.000.000,00 á slysdegi. Að beiðni lögmanns stefnanda hafi Þórir Bergsson cand. act. reiknað örorkutjón hennar á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar læknis hinn 15. janúar 1985. Tryggingafræðingurinn hafi beitt tveimur aðferðum eftir því hvort notaðir séu samsettir vextir eða einfaldir vextir frá slysdegi, kr. 35.429,00 eða kr. 70.810,00. Stefnandi hafi þá krafið tryggingafélagið um bætur, og hafi félagið greitt vátryggingarfjárhæðina, kr. 60.000,00, ásamt vöxtum í 4 ár, samtals kr. 130.994,00, auk lögmannsþóknunar, hinn 20. mars 1985. Stefnandi hafi þá talið enn óbætt tjón sitt vegna örorku kr. 30.000,00 auk miskabóta og hafi krafið stefnda um kr. 60.000,00 með bréfi dags. 27. mars 1985, en án árangurs.

Stefnandi tekur fram, að þótt nærri 10 ár hafi liðið frá slysdegi til stefnubirtingar séu kröfur þessar á hendur stefnda ófyrndar sbr. 4. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905, þar sem 4 ára fyrning 78. gr. umferðarlaga eigi ekki við. Hér sé ekki byggt á skaðabótareglu umferðarlaga heldur á almennu skaðabótareglunni og um kröfur samkvæmt henni gildi 10 ára fyrning. Enginn ágreiningur sé um að stefndi hafi valdið slysinu með ógætilegum og of hröðum akstri bifreiðar sinnar og beri hann því alla ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því að benda á að krafa stefnanda sé fyrnd sbr. 78. gr. umferðarlaga. Þar segi að allar kröfur skv. bótakafla umferðarlaganna, þar með taldar kröfur vegna almennra skaðabótareglna, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu

hennar. Örorkumat stefnanda hafi legið fyrir 7. febrúar 1977, og hafi kröfur á því byggðar því fyrnst um áramótin 1981 - 1982. Þessu hafi verið slegið föstu m.a. í dómi Hæsataréttar 1976, bls. 14. Stefndi bendir á að stefnandi hefði ljóslega fengið fullar bætur af vátryggingu bifreiðarinnar ef hún hefði leitað fullnustu kröfu sinnar á réttum tíma, en verðbólgan hafi síðan lækkað vátryggingarfjárhæðina. Stefnandi hafi sjálf lýst því hér fyrir dómi að hún hafi verið óánægð með að varanleg örorka hennar hafi eingöngu verið metin 5%, en hún hafi þó ekkert gert til þess að fá því breytt, en látið tímann líða þar til vátryggingarfjárhæð dugði ekki lengur fyrir bótakröfu hennar. Fyrningarregla 78. gr. umferðarlaga gildi jafnt um kröfur byggðar á almennu skaðabótakröfunni sem öðrum kröfum sem stafi af notkun ökutækja. Ekki sé unnt að skilja tjón skv. almennu skaðabótareglunni sem stafi af notkun vélknúins ökutækis frá öðrum tjónum og segja að það fari ekki eftir umferðarlögum, eins og stefnandi vilji hér gera. Stefnandi hafi sjálfur sótt bætur til vátryggjanda bifreiðarinnar á þeim forsendum að tjónið væri vátryggingarskylt skv. umferðarlögum, en með sömu rökum sé ljóst að bótakröfur hennar fari eftir umferðarlögum. Annars væru bæturnar sóttar til vátryggjandans á fölskum forsendum.

Í öðru lagi bendir stefndi á að stefnandi hafi í raun þegar fengið tjón sitt bætt að fullu. Tjón hennar hafi verið reiknað kr. 70.810,00 í janúar 1985 og með venjulegum frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu sé ljóst að greiðsla vátryggjanda á kr. 60.000,00 með vöxtum og kostnaði hafi meira en greitt tjónið.

Í þriðja lagi bendir stefndi á að ósannað sé af stefnanda hálfu að örorka hennar sé fébótaskyld afleiðing af árekstrinum 21. apríl 1975, þannig að stefndi beri þar ábyrgð á, og almennt tómlæti stefnanda valdi því að hún eigi nú engar kröfur á hendur stefnda.

Niðurstaða:

Í 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er sérstakt fyrningarákvæði um að allar bótakröfur samkvæmt VI. kafla laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu fyrnist á fjórum árum, og er upphaf fyrningarfrests lok þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í athugasemdum við frumvarpið, sem fyrst var lagt fyrir Alþingi árið 1956, segir um 78. gr. að hér sé um nýmæli að ræða, og að greinin sé sniðin eftir ákvæðum 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Hin almenna skaðabótaregla, saknæmisreglan, er tekin upp í VI. kafla umferðarlaganna og kemur fram í 68. gr. og 69. gr. þeirra. Í 3. mgr. 70. gr. laganna er og beinum orðum tekið fram að hin lögboðna ábyrgðartrygging taki jafnt til bótakrafna skv. almennum skaðabótareglum eins og til bótakrafna samkvæmt ákvæðum laganna.

Ljóst er af samanburði ákvæða þessa kafla umferðarlaga um bótaábyrgð og vátryggingu að tilgangur þeirra er að tengja saman reglur um fébótaábyrgð og vátryggingu fyrir henni, sérstaklega til verndar þeim sem verða fyrir tjóni af notkun vélknúinna ökutækja. En tjónþolar bera þá skyldu að draga ekki úr hófi fram að gera kröfur sínar þegar tjón hefur orðið, og eru fyrningarákvæði 78. gr. augljóslega sett af þeim sökum. Fjögurra ára fyrningarfrestur er settur til þess að tjónþolar dragi ekki að gera kröfur sínar þeim sjálfum og öðrum til tjóns, og eiga fyrningarákvæði 78. gr. þess vegna við um allar bótakröfur sem nefndar eru á nafn í VI. kafla umferðarlaga, jafnt bótakröfur skv. almennu skaðabótareglunni sem aðrar. Krafa stefnanda á hendur stefnda var því fyrnd í árslok 1981 og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem verður gert að greiða honum kr. 25.000,00 í málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Óðinn Ragnarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kolbrúnar Maríu Viggósdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 25.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 26. október 1987.

Nr. 14/1986. **Samvinnufélagið Hreyfill**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.)
gegn
Olíuverslun Íslands hf. og gagnsök
(Björn Ólafur Hallgrímsson hdl.)

Samningar. Lögbann. Dagsektir. Vextir. Sýkna að svo stöddu. Viðskeyting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1986. Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þessar:

„Í aðalsök. Að gagnáfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h.f. Hafnarstræti 5, Reykjavík, verði dæmdur til þess að fjarlægja eftirtaldar eignir sínar af lóð aðaláfrýjanda að Fellsmúla 24 - 26 í Reykjavík: stöðvarhús, olíu- og bensíndælur og jarðgeyma fyrir olíu og bensín.

Í gagnsök. Fallist er á þá kröfu gagnáfrýjanda að viðurkenndur verði eignarréttur hans að stöðvarhúsi, olíudælum og jarðgeymum fyrir olíu og bensín á lóð aðaláfrýjanda að Fellsmúla 24 - 26, Reykjavík.

Aðaláfrýjandi krefst sýknu af öðrum dómkröfum gagnáfrýjanda.

Þess er krafist að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar."

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1986. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þessar:

„1. Að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur Olíuverzlunar Íslands h.f. að öllum mannvirkjum á 1696 fermetra lóð bensínstöðvar að Fellsmúla 24 - 26 í Reykjavík, þ.m.t. uppfylling á lóð, malbikuð og steypt þvottaplön og akreinar og annar frágangur með veggjum, jarðgeymar og lagnir þeim tilheyrandi og annar búnaður með bensín- og olíudælum, vatns- og frárennslislagnir í jörð

grafnar, ásamt húsi því er á lóðinni stendur, svo og tröppur og stoðveggir sem afmarka téða lóð bensínstöðvarinnar.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að téðum mannvirkjum fylgi hlutfallsleg hlutdeild í tilheyrandi leigulóðarréttindum er nemi 13,83% af heildarlóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík, sem öll er talin 12264 fermetrar að flatarmáli.

3. Að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjanda aðallega kr. 6.671.995,15, til vara kr. 4.217.532,15, en til þrautavara kr. 3.084.069,00, í öllum tilvikum með eftirgreindum dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð:

4% frá 9. maí 1985 til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1.mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 9. maí 1987.

Síðan með eftirgreindum ársvöxtum:

30% frá 9. maí 1987 til 1. júní 1987, 33,6% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% frá þeim degi til 1. september 1987, 42% frá þeim degi til 1. október 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

4. Að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjandi skuli eiga forgangsrétt að viðskiptum við aðaláfrýjanda, Hreyfil, með framlengingarsamningi, með sömu kjörum og Olíufélagið h.f. hefir haft við aðaláfrýjanda.

5. Að aðaláfrýjanda verði gert skylt, að viðlögðum 20.000,00 króna dagsektum, frá þeim tíma er rétturinn ákveður, að leggja fyrir gagnáfrýjanda samning þann, sem aðaláfrýjandi hefur gert við Olíufélagið h.f. um viðskipti, svo gagnáfrýjandi eigi kost á að tjá sig um það, hvort hann vilji nýta sér forgangsrétt sinn.

6. Að staðfest verði lögbannsgerð sú, sem gerð var í fógetarétti Reykjavíkur þriðjudaginn 14. maí 1985 í fógetamálinu nr. C 66/1985.

7. Að staðfest verði lögbannsgerð sú, sem gerð var í fógetarétti Reykjavíkur fimmtudaginn 20. júní 1985 í fógetaréttarmálinu nr. C 79/1985.

Loks er krafist, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýj-

anda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Við ákvörðun málskostnaðar verði tillit tekið til söluskattsskyldu lögfræðiþjónustu frá 1. september 1987.“

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi, en rétt er þó að taka hér upp orðrétt bréf gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda, dags. 11. apríl 1985:

„Viðræður sem staðið hafa yfir í marga mánuði milli OLÍS og Hreyfils um uppgjör á viðskiptaskuld Hreyfils og áframhaldandi rekstur bensínstöðvarinnar við Fellsmúla hafa því miður engan árangur borið.

Samningsuppkast sem lagt var fram af hálfu Hreyfils 20. mars sl. hefur nú verið metið þannig af oss að frekari samningaumleitanir séu ekki til neins, enda eru í því gerðar kröfur sem ganga mun lengra en áður hefur verið til umræðu eða farið hefur verið fram á. Ekki virðist því um annað að ræða en að krefjast þess að Hreyfill greiði nú þegar viðskiptaskuld sína að fullu og OLÍS fjarlægi eignir sínar af lóð Hreyfils.

Í ljósi langrar viðskiptasögu félaganna tveggja þætti oss leitt að þurfa að hefja lögfræðilegar innheimtuaðgerðir vegna viðskiptaskuldarinnar, vaxta og annars kostnaðar og því viljum vér bjóða upp á eftirfarandi skuldaskil.

1. Viðskiptaskuld Hreyfils verði breytt í skuldabréf með fasteignaveði sem greiðist upp með 16 afborgunum á 3ja mánaða fresti. Bréfið verði bundið lánskjaravísitölu og beri 5% vexti.

2. OLÍS tekur á leigu aðstöðu á lóð Hreyfils við Fellsmúla til bensínstöðvarreksturs og yfirtekur reksturinn af Hreyfli. Fyrir aðstöðuna greiðir OLÍS leigugjald sem svarar ¼ af bensínsölulaunum eins og þau eru á hverjum tíma (nú ¼ x 78 = 19,5 aurar per líter) af allri bensín- og gasolíusölu á bensínstöðinni. Leigugjaldið greiðist á 3ja mánaða fresti á sömu gjalddögum og skuldabréfið.

3. Leigutíminn ákveðist til ársloka 1989.

Svar við ofangreindu tilboði þarf að hafa borist oss fyrir 20. þ.m.“

Um 4. og 5. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Fallast ber á það með héraðsdómi, að í 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975 hafi gagnáfrýjanda verið veittur réttur til að ganga inn í viðskiptasamninga, sem aðaláfrýjandi kynni að gera við þriðja aðila, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í samningsákvæði þessu

greinir. Verður ekki talið að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert þeim rétti með uppsögn samningsins, með yfirlýsingum sínum í fyrrgreindu bréfi til aðaláfrýjanda 11. apríl 1985 eða af öðrum orsökum.

Miðað við þau samskipti aðila, sem ofangreindur forgangsréttur gagnáfrýjanda hefur óhjákvæmilega í för með sér, verði hans neytt, verður hins vegar ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að gagnáfrýjandi geti knúið fram efndir á umræddu samningsákvæði beinlínis eftir aðalefni þess gegn mótmælum aðaláfrýjanda. Af þeim sökum verður aðeins veitt dómsviðurkenning fyrir forgangsréttinum út af fyrir sig, enda verður heldur ekki fullyrt fyrirfram, að gagnáfrýjandi geti veitt aðaláfrýjanda sömu kjör og samið hefur verið um í samningi þeim, sem aðaláfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins gert við Olíufélagið hf.

Aðaláfrýjanda er skylt að kynna gagnáfrýjanda síðastgreindan samning, þar sem undir því er komið, hvort gagnáfrýjandi neytir umræddrs forgangsréttar. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjanda til að leggja nefndan samning fyrir gagnáfrýjanda, að viðlögðum 10.000,00 króna dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Um 1. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Aðaláfrýjandi hefur fallist á kröfu gagnáfrýjanda um viðurkenningu á eignarrétti hans að stöðvarhúsi, olíudælum og jarðgeymum fyrir olíu og bensín. Ber því að taka þennan kröfulið til greina, að því er varðar eignarrétt að nefndum verðmætum. Hins vegar er ekki tímabært að fjalla um eignarrétt að öðrum þeim verðmætum, sem kröfuliður þessi fjallar um, þar sem ekki liggur fyrir, hvort gagnáfrýjandi á þess kost að neyta ofangreinds forgangsréttar síns samkvæmt 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975 beinlínis eftir efni þess réttar. Með tilvísun til 69. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber því að sýkna aðaláfrýjanda að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda undir þessum lið, að öðru leyti en að framan greinir.

Um 2. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að sýkna beri aðaláfrýjanda af þeirri kröfu, sem gagnáfrýjandi gerir á hendur aðaláfrýjanda undir þessum lið.

Um 6. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Fallist er á þá úrlausn héraðsdóms, að staðfesta beri lögbann það, sem krafa samkvæmt þessum lið lýtur að.

Um 7. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Með skírskotun til þess, sem segir í úrlausn um 4. og 5. lið í kröfum gagnáfrýjanda, að því er varðar rétt gagnáfrýjanda til að fylgja fram umræddum forgangsrétti eftir aðalefni þess réttar, verður að líta svo á, að lagaskilyrði hafi brostið fyrir lögbanni því, sem gagnáfrýjandi fékk á lagt hinn 20. júní 1985. Ber þegar af þeirri ástæðu að fella lögbann þetta úr gildi.

Um 3. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Undir kröfulið þessum krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda annars vegar um vexti og hins vegar um endurgreiðslu „afsláttar".

Eins og rakið er í héraðsdómi, krefur gagnáfrýjandi um vexti af þeirri viðskiptaskuld, sem aðaláfrýjandi stóð í við gagnáfrýjanda umfram eina milljón króna í lok hvers mánaðar á viðskiptatíma aðila frá mánaðamótum júlí - ágúst 1982 til loka aprílmánaðar 1985. Aðalkrafan, 6.671.995,15 krónur, er byggð á útreikningi samkvæmt framlögðu viðskiptayfirliti, er fylgdi bréfi gagnáfrýjanda 6. maí 1985 til aðaláfrýjanda. Er þar reiknað með mánaðarlegum dráttarvöxtum og þeir lagðir við höfuðstól um hver mánaðamót. Varakrafan, 4.217.532,15 krónur, er byggð á almennum sparisjóðsvöxtum og vextir lagðir við höfuðstól um hver áramót. Í nefndum fjárhæðum aðalkröfu og varakröfu er falinn fyrrnefndur „afsláttur". Hefur upphafleg fjárhæð hans verið reiknuð „upp til verðlags í apríl 1985" og mun það vera miðað við lánskjaravísitölu. Fjárhæð endurgreiðslukröfunnar nemur, þannig reiknuð, samtals 1.133.463,15 krónum. Til grundvallar þrautavarakröfu gagnáfrýjanda, 3.084.069,00 krónum, liggur sami vaxtaútreikningur og varakrafa er byggð á, en ekkert tillit tekið til umræddsafsláttar". Aðaláfrýjandi hefur mótmælt því, að framangreindar kröfur eigi við rök að styðjast. Þá hefur hann mótmælt sérstaklega kröfum um verðbætur á „afsláttinn", um greiðslu dráttarvaxta og um færslu vaxta til höfuðstóls, svo og upphafstíma vaxta. Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi til viðbótar haldið því fram, að endurgreiðslukrafan sé fyrnd samkv. 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 og að verðtrygging

„afsláttarins" sé ólögleg. Loks hefur aðaláfrýjandi mótmælt því hér fyrir dómi, að vaxtaútreikningur gagnáfrýjanda sé tölulega réttur.

Krafa gagnáfrýjanda um endurgreiðslu þess „afsláttar", sem gagnafrýjandi veitti aðaláfrýjanda samkvæmt 9. gr. samningsins frá 30. desember 1975, er reist á því skilyrði 2. málsgr. 9. gr. samningsins, að staðið yrði að fullu við framkvæmd samningsins. „Afsláttur" þessi var færður aðaláfrýjanda til tekna í árslok 1976 og 1977, eins og ráð var fyrir gert í samningnum. Gagnáfrýjandi hafði endurgreiðslukröfu sína ekki uppi, svo séð verði, fyrr en með fyrrgreindu bréfi frá 6. maí 1985, þrátt fyrir þann greiðsludrátt af hálfu aðaláfrýjanda, sem orðið hafði, og lét kröfu þessarar í engu getið við uppsögn samningsins. Ber þegar af þessari ástæðu að hafna þessari endurgreiðslukröfu gagnáfrýjanda.

Eins og rakið er í héraðsdómi, var aðaláfrýjandi í verulegum vanskilum með þær greiðslur, sem hann átti að standa gagnáfrýjanda skil á samkvæmt samningi aðila. Yfirlit gagnáfrýjanda um viðskipti hans og aðaláfrýjanda bera þó með sér, að aðaláfrýjanda voru ekki reiknaðir vextir. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að afdráttarlaus áskilnaður hafi í þessu efni verið gerður af hálfu gagnáfrýjanda með öðrum hætti fyrr en til málaferla dró. Verður krafa gagnáfrýjanda því ekki tekin til greina.

Um kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök:

Ekki er tímabært að leysa úr þessari kröfu aðaláfrýjanda, á meðan ekki liggur fyrir, hvort gagnáfrýjandi getur neytt þess forgangsréttar, sem hann í samræmi við það, sem áður greinir, á samkvæmt 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975. Ber því með tilvísun til 69. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna gagnáfrýjanda að svo stöddu af þessari kröfu aðaláfrýjanda.

Um málskostnaðarkröfur aðila:

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur gagnáfrýjanda, Olíuverslunar Íslands hf., að framangreindu stöðvarhúsi, olíudælum og jarðgeymum fyrir olíu og bensín á lóðinni nr. 24 og 26 við Fells-

múla í Reykjavík. Að öðru leyti á aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Hreyfill, að vera sýkn að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda um viðurkenningu á eignarrétti að verðmætum á nefndri lóð.

Aðaláfrýjandi á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda um að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjandi eigi leigulóðarréttindi, er nemi 13,83% af lóðinni nr. 24 og 26 við Fellsmúla í heild.

Viðurkenndur er forgangsréttur gagnáfrýjanda samkvæmt 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975.

Aðaláfrýjanda er skylt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum 10.000,00 króna dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, að leggja fyrir gagnáfrýjanda framangreindan samning aðaláfrýjanda og Olíufélagsins hf.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn að svo stöddu af kröfu aðaláfrýjanda um að gagnáfrýjandi fjarlægi af lóðinni nr. 24 og 26 við Fellsmúla þau verðmæti, sem í aðalsök greinir.

Framangreint lögbann frá 14. maí 1985 er staðfest.

Framangreint lögbann frá 20. júní 1985 er úr gildi fellt.

Aðaláfrýjandi á að vera sýkn af framangreindum kröfum gagnáfrýjanda um endurgreiðslu „afsláttar" og greiðslu vaxta.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meirihluta dómara að öðru leyti en því er að neðan greinir.

Um 4. og 5. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Svo er að sjá sem málsaðilar hafi verið sammála um að fella samninginn frá 30. desember 1975 úr gildi, er samningstímanum

lauk við árslok 1984. Var ætlun þeirra að gera með sér nýjan samning um framlengingu hins fyrri. Samingsviðræður stóðu alllengi yfir en án árangurs. Í málinu hafa verið lögð fram samningstilboð af beggja hálfu. Í bréfi gagnáfrýjanda frá 11. apríl 1985 segir svo: „Viðræður sem staðið hafa yfir í marga mánuði milli OLÍS og Hreyfils um uppgjör á viðskiptaskuld Hreyfils og áframhaldandi rekstur bensínstöðvarinnar við Fellsmúla hafa því miður engan árangur borið. Samningsuppkast sem lagt var fram af hálfu Hreyfils 20. mars sl. hefur nú verið metið þannig af oss að frekari samningaumleitanir séu ekki til neins, enda eru í því gerðar kröfur sem ganga mun lengra en áður hefur verið til umræðu eða farið hefur verið fram á. Ekki virðist því um annað að ræða en að krefjast þess að Hreyfill greiði nú þegar viðskiptaskuld sína að fullu og OLÍS fjarlægi eignir sínar af lóð Hreyfils.“ Auk þess sem boðið er að breyta viðskiptaskuld Hreyfils í skuldabréf með fasteignaveði segir: „OLÍS tekur á leigu aðstöðu á lóð Hreyfils við Fellsmúla til bensínstöðvarreksturs og yfirtekur reksturinn af Hreyfli.“ Samningur málsaðila frá 30. desember 1975 var þess efnis, að aðaláfrýjandi ræki bensínstöðina, en seldi bensín og olíur í umboðssölu fyrir gagnáfrýjanda. Í 8. gr. samningsins hét stjórn aðaláfrýjanda því að gagnáfrýjandi skyldi eiga „forgangsrétt að viðskiptum við Hreyfil með framlengingarsamningum, enda bjóði Olíuverslun jafngóð kjör og önnur félög bjóða sannanlega á þeim tíma“. Bréf gagnáfrýjanda frá 11. apríl 1985 verður ekki skilið á annan veg en þann, að hann teldi samkomulag málsaðila útilokað á grundvelli umboðsviðskipta. Styrkja þá ályktun einnig samningstilboð þau er málsaðilar hafa lagt fram í málinu. Hinsvegar gerði gagnáfrýjandi tilboð um leigu á bensínstöðinni og rekstri á henni fyrir eigin reikning. Það tilboð naut eigi forgangsréttar samkvæmt 8. gr. samningsins frá 30. desember 1975, en áréttaði skýrlega þá skoðun hans, að samningar um framlengingu fyrri viðskiptasamnings væru „ekki til neins“. Eins og á stóð var aðaláfrýjanda rétt að gera samning við önnur félög án þess að gera gagnáfrýjanda tilboð um samning á sömu kjörum. Síðar framkomnar kröfur hans um að ganga inn í þann samning hafa ekki nægja stoð í 8. gr. samnings málsaðila frá 30. desember 1975. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af þessum kröfuliðum.

Um 1. lið í kröfum gagnáfrýjanda:

Ég tel að staðfesta beri úrlausn héraðsdómara á þessum kröfulið.

Um 6. lið í kröfum gagnáfrýjanda.

Ég tel að lögbannsgerð frá 14. maí 1985 skuli falla úr gildi með vísan til þess er segir um forgangsrétt gagnáfrýjanda til viðskipta við aðaláfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. nóvember sl., hefur Olíuverslun Íslands hf., nnr. 6854-1808, Hafnarstræti 5, Reykjavík, höfðað með stefnu í aðalsök framlagðri í dóm 30. maí sl. og framhaldssök framlagðri í dóm 5. september sl., hvor tveggja á hendur Samvinnufélaginu Hreyfli, nnr. 4364-1166, Fellsmúla 26, Reykjavík.

Þá hefur Samvinnufélagið Hreyfill höfðað gagnsök á hendur Olíuverslun Íslands hf. með stefnu framlagðri í dóm einnig 30. maí 1985.

Heildarkröfur Olíuverslunar Íslands hf. koma fram á dskj. nr. 28 og eru eftirfarandi:

„1. Að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur Olíuverslunar Íslands h.f. að öllum mannvirkjum á 1696 fermetra lóð bensínstöðvar að Fellsmúla 24 - 26 í Reykjavík, þ.m.t. uppfylling á lóð, malbikuð og steypt þvottaplön og akreinar og annar frágangur með veggjum, jarðgeymar og lagnir þeim tilheyrandi og annar búnaður með bensín- og olíudælum, vatns- og frárennslislagnir í jörð grafnar, ásamt húsi því er á lóðinni stendur, svo og tröppur og stoðveggir, sem afmarka téða lóð bensínstöðvarinnar.

2. Að viðurkennt verði með dómi að téðum mannvirkjum fylgi hlutfallsleg hlutdeild í tilheyrandi leigulóðarréttindum er nemi 13,83% af heildarlóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík sem öll er talin 12264 fermetrar að flatarmáli.

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda, aðallega kr. 6.671.995,15 en til vara kr. 4.366.058,15 og til þrautavara kr. 3.232.595,00 ásamt 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 9. maí 1985 að telja til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1985, en 3,75% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

4. Að viðurkennt verði með dómi að stefnandi skuli eiga forgangsrétt að viðskiptum við stefnda, Hreyfil, með framlengingarsamningi með sömu kjörum og Olíufélagið h.f. hefur boðið stefnda.

5. Að stefnda verði gert skylt að viðlögðum 20.000,00 kr. dagsektum að leggja fyrir stefnanda samning þann sem stefndi hefur nú gert við Olíu-

félagið h.f. um viðskipti svo stefnandi eigi kost á að tjá sig um það hvort hann vilji nýta sér forgangsrétt sinn.

6. Að staðfest verði lögbannsgerð sú sem gerð var í fógetarétti, þriðjudaginn 14. maí 1985 í fógetamálinu nr. C 66/1985.

7. Loks er krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í gagnsök er sú krafa gerð að umbjóðandi minn, gagnstefndi í málinu, verði algjörlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnanda verði gert að greiða gagnstefnda málskostnað í gagnsökinni.

Í framhaldssök er sú krafa gerð að staðfest verði lögbann það sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur fimmtudaginn 20. júní 1985 í fógetaréttarmálinu nr. C 79/1985, Olíuverslun Íslands h.f. gegn Samvinnufélaginu Hreyfill. Þá er þess og krafist að aðalstefnda verði gert að greiða umbjóðanda mínum málskostnað í framhaldssökinni skv. gjaldskrá LMFÍ."

Kröfur stefnda, Samvinnufélagsins Hreyfils, eru þær í aðalsök að félagið verði sýknað af öllum kröfum Olíuverslunar Íslands hf. Í gagnsök gerir Samvinnufélagið Hreyfill þær kröfur að fjarlægðir verði af lóð félagsins við Fellsmúla í Reykjavík „lausafjármunir" Olíuverslunar Íslands hf. Nánar kemur fram í bókun í þinghaldi 28. október sl. að „lausafjármunir" þessir séu afgreiðsluhús, bensíndælur og jarðtankar fyrir bensín og olíur. Þetta vill stefndi fá fjarlægt án frekari dráttar, og gerir kröfu til þess að bregðist það verði félaginu dæmdur réttur til að fjarlægja þessar eignir á kostnað Olíuverslunar Íslands hf.

Þá gerir Samvinnufélagið Hreyfill þær kröfur að öllum kröfum Olíuverslunar Íslands hf. skv. framhaldsstefnu verði hrundið með dómi réttarins.

Að lokum krefst Samvinnufélagið Hreyfill málskostnaðar úr hendi Olíuverslunar Íslands hf. og að við ákvörðun þess málskostnaðar verði tekið tillit til þess að hér sé um óþarfa þrætu að ræða.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum en án árangurs.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að Samvinnufélagið Hreyfill hafi nú um liðlega 30 ára skeið haft söluumboð á olíum og bensíni fyrir Olíuverslun Íslands hf., nú síðast skv. samningi dags. 30. desember 1975 sem féll úr gildi fyrir uppsögn Olíufélagsins þann 1. janúar 1985. Upphaf samvinnu félaganna hafi verið það að á árinu 1954 hafi Samvinnufélagið Hreyfill keypt eignir Litlu bílastöðvarinnar á Hlemmi en Olíuverslun Íslands hf. hafi þá átt og rekið almenna bensínafgreiðslustöð á Hlemmi á heildarlóð sem Litla bílastöðin hafði. Eftir að Samvinnufélagið Hreyfill hafði keypt eignir Litlu bílastöðvarinnar þá hafi það orðið að samkomulagi milli Samvinnufélagsins og Olíuverslunar Íslands hf. að Hreyfill tæki að sér almennt söluumboð á bensíni og olíum frá stöð Olíuverslunarinnar. Í samningnum um söluumboðið hafi verið tekið fram í 2. gr.:

„Hreyfill s.f. er að sjálfsögðu bundinn fyrirmælum bæjaryfirvalda um notkun og starfrækslu stöðvarinnar á sama hátt og Olíuverslun Íslands h.f. Af þessu leiðir að falli niður réttindi Olíuverslunar Íslands h.f. til starfrækslu stöðvarinnar að öllu eða nokkru leyti vegna fyrirmæla bæjaryfirvalda, falla um leið niður réttindi Hreyfils s.f., án þess að um nokkra bótakröfu á hendur Olíuverslun Íslands h.f. sé að ræða."

Samningur þessi hafi gilt í 10 ár frá 1. október 1961 að telja en hafi að þeim tíma liðnum átt að framlengjast um eitt ár í senn ef honum væri ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með 6 mánaða fyrirvara. Af skipulagsástæðum, m.a. leiðabreytingu hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, hafi orðið að leggja starfsemi bensínafgreiðslustöðvar á Hlemmi niður í marsmánuði 1970. Hafi þá orðið að ráði að Hreyfill framseldi Olíuverslun Íslands hf. rétt til byggingar afgreiðslustöðvar á lóð þeirri sem Hreyfill hafði áður fengið úthlutað frá Reykjavíkurborg nr. 24/26 við Fellsmúla hér í Reykjavík. Olíuverslun Íslands hf. hafi sótt um byggingarleyfi fyrir bensínstöðinni á umræddri lóð til byggingarnefndar með umsókn dags. 23.3. 1970 og hafi byggingarleyfi verið veitt þann 9. apríl 1970 með þeim skilyrðum borgarráðs að bensínstöðin við Hlemm yrði lögð niður. Olíuverslun Íslands hf. hafi borið allan kostnað við að gera fyllingar á lóðinni, svo að henni yrði komið í rétta hæð og hafi gengið frá öllum lögnum í lóðina tilheyrandi bensínstöðinni, svo sem vatns- og frárennslislögnum vegna húss og þvottaplans. Einnig hafi Olíuverslun gengið frá sandbrunnum, malbikun og steypu akbrauta á lóðinni, frágangi jarðgeyma fyrir bensín og olíur og lögnum frá þeim að dælum, gerð veggja umhverfis bensínstöðina, frágangi stoðveggja og steinsteyptra trappna, sem liggja frá bensínafgreiðslustöðinni niður á neðra þjónustusvæði á lóðinni, ásamt byggingu afgreiðsluhúss og dælustöðvar fyrir olíu og bensín. Framkvæmdir við bensínstöðina hafi staðið yfir með hléum á tímabilinu frá 1970 til 1980.

Samkvæmt sameignarsamningi um lóðina milli aðila að eigninni nr. 26 við Fellsmúla, sem dags. er 26. október 1984, hafi verið ákveðið að lóðin, þar sem bensínstöðin er rekin, sé 13,83% af heildarlóðinni, og vera talin 1.696 m^2 að flatarmáli.

Þann 30. desember 1975 hafi aðilar gert með sér samning þar sem Olíuverslun Íslands hf. hafi veitt Hreyfli söluumboð í Reykjavík fyrir bensíni og olíum frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík sem Olíuverslunin hafi þá byggt á lóðinni. Samkvæmt 2. gr. þessa samnings hafi Olíuverslunin átt að leggja Hreyfli til endurgjaldslaus afnot af afgreiðsluhúsi, söludælum, þvottaplani og annarri aðstöðu, sem Olíuverslunin hafði byggt. Síðan segi:

„Skal Olíuverslunin sjá um viðhald stöðvarhúss og afgreiðsludælna, greiða fasteignagjald og vátryggingu vegna stöðvarbyggingarinnar, svo og opinber gjöld vegna aðstöðunnar, þar með talið hlutfallslega lóðarleigu."

Samkvæmt 4. gr. hafi Olíuverslunin átt að vera eigandi alls bensíns og olía á jarðgeymum á bensínstöðinni.

Samkvæmt 5. gr. hafi Olíuverslunin heimilað Hreyfli að skulda á hverjum tíma kr. 500.000,00 (nýkr. 5.000.00) vegna viðskipta með smurolíur og smávörur. Hafi upphæð þessi átt að endurskoðast við verðbreytingar eða annars þegar ástæða væri til og breytast til samræmis við andvirði birgða á stöðinni á hverjum tíma. Smurolíur og smávörur hafi átt að greiða mánaðarlega skv. reikningum.

Samkvæmt 6. gr. hafi svo verið ákveðið að allt fé sem inn kæmi fyrir seldar vörur frá dælum á stöðinni, að frádregnum sölulaunum Hreyfils, væri eign Olíuverslunarinnar og óheimilt að nota það til annars rekstrar. Hafi átt að afhenda daglega andvirði hverrar dagssölu til Olíuverslunarinnar, en afstemming og uppgjör fara fram á hverjum mánudegi og á síðasta degi mánaðar.

Samkvæmt 7. gr. hafi stjórn Hreyfils átt eftir bestu getu að sjá um að bílar Hreyfils keyptu allt bensín og díselolíu til sinna þarfa á bensínstöðinni við Fellsmúla. Samkvæmt 8. gr. hafi samningurinn af beggja hálfu átt að vera óuppsegjanlegur í 10 ár, en framlengjast að þeim tíma liðnum um eitt ár í senn ef annar hvor aðila segði honum ekki upp með 6 mánaða fyrirvara.

Þá hafi stjórn Hreyfils skuldbundið sig til að veita Olíuversluninni forgangsrétt að viðskiptum við Hreyfil með framlengingarsamningi að því tilskyldu að Olíuverslunin byði jafngóð kjör og aðrir.

Samkvæmt 9. gr. hafi Olíuverslunin samþykkt að veita Hreyfli afslátt af viðskiptum er næmi kr. 5.095.828,34 og skyldi afhenda Hreyfli kreditnótur vegna þessa afsláttar, þannig að helmingur afsláttarins hafi átt að reiknast 31.12. 1976 en síðari helmingurinn 31.12. 1977. Afsláttur þessi hafi verið bundinn því skilyrði að staðið væri að fullu við framkvæmd samningsins.

Á árinu 1982 hafi Hreyfill fengið heimild til að hækka skuldina skv. 4. gr. úr nýkr. 5.000,00 í kr. 800.000,00 í nokkra mánuði, þótt andvirði birgða væri þá nýkr. 350.000,00 og hafi þetta verið gert skv. beiðni framkvæmdastjóra Hreyfils sem hafi talið þetta stafa af tímabundnum greiðsluörðugleikum. Skuldin hafi átt að vera komin í eðlilega skuldaheimild, kr. 500.000,00, í árslok 1982.

Heldur hafi þó sigið á ógæfuhliðina og hafi svo verið komið í árslok 1982 að skuld Hreyfils hafi verið komin í 2,2 milljónir króna, og hafi skuldin haldist þannig nokkuð óbreytt næstu 10 mánuðina og hafi þann 1.10. 1983 verið u.þ.b. 2,3 milljónir króna.

Af hálfu Olíuverslunar Íslands er því haldið fram að þá hafi vanskil Hreyfils tekið að stóraukast, og þann 1. janúar 1984 hafi skuld Hreyfils reynst nema 6,9 milljónum króna, og 1.6. 1984 hafi skuldin verið komin

upp í 8,8 milljónir króna og hafi þannig hækkað um 6,5 milljónir á aðeins 8 mánuðum. Þegar svo hafi verið komið hafi forstöðumenn Hreyfils verið boðaðir á fund forstöðumanna Olíuverslunar Íslands hf. þann 15. júní 1984 og þeim gerð grein fyrir stöðu mála og að óhjákvæmilegt væri að Hreyfill greiddi dráttarvexti af skuldinni frá þeim tíma sem hún hefði farið yfir veitta heimild, kr. 800.000,00. Aðilar hefðu þó orðið ásáttir um að fresta umræðum um uppgjör skuldarinnar og nýjan samning fram í október, enda hafi Hreyfilsmenn talið að þá yrðu þeir búnir að koma skuldinni verulega niður. Af þessum sökum segjast forsvarsmenn Olíuverslunar Íslands hf. hafa sagt samningum aðila upp með bréfi dags. 29. júní 1984 með ósk um að teknar yrðu upp viðræður um nýjan samning. Samningsviðræður um uppgjör skuldarinnar hafi síðan hafist milli aðila í nóvember 1984 en skuld Hreyfils hafði þá enn hækkað og hafi þann 1. október 1984, að því er Olíuverslun Íslands hf. heldur fram, verið 10,6 milljónir króna. Samningaviðræður stóðu síðan með hléum til loka marsmánaðar án þess að til samkomulags drægi.

Þann 11. apríl 1985 hafi forstjóri Olíuverslunar Íslands hf. ritað Samvinnufélaginu Hreyfli bréf þar sem boðið var að viðskiptaskuld Hreyfils, sem þá nam tæpum 14 milljónum króna skv. útreikningum Olíuverslunarinnar, yrði breytt í skuldabréf, tryggt með fasteignaveði, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, sem greiddist upp með 16 afborgunum á þriggja mánaða fresti, og bæri skuldin, auk verðbóta, 5% ársvexti. Olíuverslun Íslands hf. tæki yfir rekstur stöðvarinnar meðan skuldin væri að greiðast niður og myndi fyrirtækið vera reiðubúið að greiða Hreyfli sem svaraði ¼ af umboðssölugjaldinu gegn því að Hreyfill og félagsmenn þeirra héldu áfram viðskiptum við bensínstöðina.

Þessu boði hafi verið hafnað af Samvinnufélaginu Hreyfli með bréfi dags. 19. apríl 1984 og þess krafist að Olíuverslun Íslands yrði á brott með eignir sínar af lóðinni svo að félagið gæti leitað annarra úrræða til þess að geta haldið áfram bensínsölu.

Þann 22. apríl hafi framkvæmdastjóri Hreyfils tilkynnt að Hreyfill hefði gert samkomulag við Olíufélagið hf. um bensín- og olíuviðskipti. Af því tilefni hafi Olíuverslun Íslands hf. óskað eftir því með bréfi dags. 22. apríl 1985 að félagið fengi að kynna sér það samkomulag svo að félagið gæti tekið afstöðu til þess hvort það kysi að hagnýta sér forgangsréttarákvæði skv. 8. gr. samningsins frá 1975. Jafnframt hafi það verið tilkynnt að þetta hefði verið forsenda afsláttar að fjárhæð kr. 5.095.825,34, sem áður er getið og væri hann niður fallinn ef ekki væri orðið við óskum Olíuverslunarinnar. Þessum óskum Olíuverslunar Íslands hafi Samvinnufélagið Hreyfill hafnað með bréfi dags. 24. og 26. apríl 1985. Olíuverslun Íslands hf. hafi þá krafið Samvinnufélagið Hreyfil í bréfi dags. 6. maí 1985 um

skuld skv. viðskiptareikningi samtals að fjárhæð kr. 14.083.174,64, en jafnframt sagst vera til viðræðu um sölu bensínstöðvar sinnar að Fellsmúla ef sú yrði niðurstaðan að viðskipti Hreyfils færðust til Olíufélagsins hf. Þessu hafi Samvinnufélagið Hreyfill svarað með bréfi dags. 7. maí 1985, þar sem félagið hafi greitt kr. 7.411.179,49, og talið þar með viðskiptaskuld sína við Olíuverslun Íslands hf. uppgerða. Jafnframt hafi Samvinnufélagið Hreyfill gert kröfu um að Olíuverslun Íslands fjarlægði bensínstöð sína af lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla og hótað að hefði Olíuverslunin ekki hafist handa um þær framkvæmdir fyrir kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 9. maí 1985, myndi samvinnufélagið sjálft fjarlægja eignirnar á kostnað Olíuverslunarinnar. Af þessari hótun hafi Hreyfill látið verða eftir hádegi þann 9. maí 1985, og hafi því Olíuverslun Íslands orðið að krefjast þess að lagt yrði lögbann við þeim aðgerðum. Lögbannið hafi verið lagt á með úrskurði uppkveðnum 14. maí 1985 í fógetarétti Reykjavíkur.

Þann 20. júní 1985 hafi, að ósk Olíuverslunar Íslands hf., ennfremur verið lagt lögbann við áframhaldandi byggingaframkvæmdum Samvinnufélagsins Hreyfils á lóðinni Fellsmúla 24/26, svo og við þeim aðgerðum samvinnufélagsins að loka aðkomuleiðum að eignum Olíuverslunar Íslands á lóðinni og hindra Olíuverslunina í að nýta mannvirki sín og eignir sem þar eru. Samvinnufélagið Hreyfill hefði þá hafið byggingu afgreiðslustöðvar fyrir bensín á lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla, og hafi Olíuverslun Íslands hf. talið að það raskaði með ólögmætum hætti þeim rétti sem Olíuverslunin taldi sig eiga á nefndri lóð. Þá hefði Samvinnufélagið Hreyfill látið aka sandhrúgum að afgreiðslustöð Olíuverslunar Íslands og hindrað með því aðkomu og nýtingu Olíuverslunarinnar á eignunum á lóðinni.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á eftirfarandi:

1. Að stefndi hafi framselt honum allan rétt til byggingar bensínstöðvar þeirrar, sem nú er á 1696 m² lóðarhluta þeim, sem Hreyfill fékk á sínum tíma úthlutað af Reykjavíkurborg. Hafi stefnandi með fullu samþykki stefnda sótt um og fengið byggingaleyfi fyrir umræddum mannvirkjum á lóðarhluta þessum, og borið allan kostnað af byggingu þeirra mannvirkja.

2. Við framsal á byggingaréttinum hafi stefndi ekki haft uppi neinn fyrirvara um að stefnandi fjarlægði af lóðinni þau mannvirki sem hann samþykkti að þar yrðu reist, ef og þegar upp úr samningum þeirra kynni að slitna um bensínviðskipti Hreyfils við Olíuverslun Íslands hf. Jafnframt hefði stefndi viðurkennt frá upphafi 1970 að hlutdeild stefnanda í leigulóðarréttindum af heildarlóð væri, í upphafi 15,79%, en sem hefði nú ákveðið þau 13,83%. Lóðin og mannvirki þau sem henni séu tengd séu gjörsamlega óaðskiljanleg og því megi nánast segja að lóðin sé nánast aðeins uppfylling sú, malbik og steypa, ásamt öðrum framkvæmdum sem stefnandi hafi einn kostað. Slík viðskeyting sem stefndi hafi heimilað

stefnanda án nokkurs fyrirvara sé því í eðli sínu beint framsal téðra leigulóðarréttinda.

3. Fjárkrafan er reist á því að stefndi hafi með ólögmætum hætti haldið fé sem hafi tvímælalaust verið eign stefnanda skv. ákvæðum í samningi þeirra. Heimild stefnda til þess að mega skulda stefnanda allt að kr. 800.000,00 hafi aðeins lotið að því að ákvarða að af skuld sem til yrði stofnað fram yfir þá fjárhæð ætti stefndi að greiða dráttarvexti sem af hverri annarri vanskilaskuld. Krafa um endurheimt afsláttar þess sem á sé kveðið í 9. gr. samnings aðila sé byggð á því að stefndi hafi ekki staðið að fullu við efndir samnings aðila, m.a um forgangsrétt stefnanda til viðskipta við Hreyfil.

4. Staðfesting lögbannanna sé byggð á ákvæðum 27. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

Af hálfu Samvinnufélagsins Hreyfils hf. eru í raun ekki gerðar athugasemdir við málavaxtalýsingu Olíuverslunar Íslands hf., en því haldið fram að samningur aðila um umboðssölu Hreyfils á olíum, bensíni og ýmsum fleiri vörum tilheyrandi rekstri bifreiða, hefði aðeins verið tímabundinn. Þessum samningi hefði Olíuverslun Íslands sagt upp einhliða með bréfi dags. 29. júní 1984.

Með bréfi dags. 11. apríl 1985 hefði Olíuverslunin síðan slitið öllum viðræðum um áframhaldandi samstarf aðila og sagst myndu flytja allar eignir sínar af lóð Hreyfils og innheimta skuld sína, nema Hreyfill væri reiðubúinn til að afhenda Olíuverslun Íslands rekstur bensínstöðvar Hreyfils og leigulóðaraðstöðu í sambandi við það, sbr. réttarskjal 10 á dskj. nr. 14.

Hreyfill hafi því greitt upp það sem fyrirtækið taldi sig skulda Olíuverslun Íslands hf. og samið við annan aðila um viðskipti.

Þar sem Olíuverslun Íslands hf. hefði aðeins virst hyggja að því að hindra Hreyfil í að nota lóð sína við Fellsmúla í stað þess að standa við gefnar yfirlýsingar sínar hafi verið óhjákvæmilegt að höfða gagnsök í máli þessu og fá með því Olíuverslun Íslands hf. til að fjarlægja „lausafjármuni" sína af lóð Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík, og jafnframt að bregðist það að krefjast þess að viðurkenndur verði réttur Hreyfils til að fjarlægja eignir þessar á kostnað Olíuverslunarinnar.

Af hálfu Samvinnufélagsins Hreyfils er það ítrekað að samvinnufélagið hafi aldrei neitað því að Olíuverslun Íslands hf. ætti stöðvarhús bensínstöðvarinnar og annað sem henni tilheyri, né hindrað Olíuverslunina í að fjarlægja eignir sínar, aðrar en afgreiðsluplanið, sem jarðfast sé. Hins vegar hafi Olíuverslun Íslands hf. aldrei eignast neinn umráðarétt yfir lóð við Fellsmúla né sjálfstæðan rétt til reksturs þar og hafi því Hreyfli verið rétt að hindra tilraunir Olíuverslunarinnar til að hefja sjálfstæðan rekstur á lóðinni.

Þá er því haldið fram af hálfu Hreyfils að Olíuverslun Íslands hf. hafi glatað öllum forgangsrétti að frekari viðskiptum, er Olíuverslunin hafi sagt samningi félaganna upp fyrirvaralaust, sbr. bréf hennar frá 29. júní 1984, sbr. bréf frá 11. apríl 1985, samningsuppkast réttarskj. 8 í dómskj. 23, sbr. og dómskj. 19 í málinu.

Fyrir dóm hafa komið Þórður Ásgeirsson, forstjóri stefnanda, og Einar Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda.

Álit dómsins:

Rétt þykir að taka sérstaka afstöðu til hvers liðs kröfu stefnanda, dskj. nr. 28.

1.-2. Samkvæmt greinargerð stefnda í framhaldssök eru ekki bornar brigður á rétt stefnanda til stöðvarhúss bensínstöðvarinnar og annars sem henni tilheyrir. Stefndi hefur þvert á móti krafist þess í gagnsök, sbr. bókun í þinghaldi 28. október sl., að stefnandi léti fjarlægja stöðvarhús, bensíndælur og jarðgeyma.

Þar sem ekkert hefur komið fram um það að brigður séu þannig bornar á eignarrétt stefnanda að ofangreindum mannvirkjum við Fellsmúla, er eignarréttur hans að stöðvarhúsi, bensíndælum, jarðtönkum og því er þessum eignum tilheyrir og fjarlægja má, viðurkenndur.

Aðilar deila aftur á móti um hvort mannvirkjum stefnanda á lóðinni eða lóðunum við Fellsmúla fylgi leigulóðarréttindi. Samkomulag er um að réttindi yfir lóðunum eða lóðinni, þar sem þessi mannvirki voru reist, séu þinglesin eign Samvinnufélagsins Hreyfils.

Samkvæmt 1. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975 veitir Olíuverslun Íslands hf. Samvinnufélaginu Hreyfli „söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík sem Olíuverslunin hefur byggt *á lóð Hreyfils*".

Í 2. gr. samningsins segir síðan hvað Olíuverslunin leggi Hreyfli til vegna söluumboðsins. Þar segir m.a.: „Olíuverslunin leggur Hreyfli til afgreiðsluhús, söludælur, þvottaplan og aðra aðstöðu, sem Olíuverslunin hefur byggt á bensínstöðinni við Fellsmúla og Hreyfill hefur rekið að undanförnu. Er stöð þessi lögð til *endurgjaldslaust meðan samningur þessi er í gildi.* Skal Olíuverslun sjá um viðhald stöðvarhúss og afgreiðsludælna, greiða fasteignagjald og vátryggingu vegna stöðvarbyggingarinnar, svo og opinber gjöld vegna aðstöðunnar, þar með talda hlutfallslega lóðarleigu.

Olíuverslunin greiðir rafmagn og hita vegna stöðvarinnar og leggur til þvottakústa og slöngur á þvottaplan, eftir því sem eðlileg þörf krefur. Allur annar kostnaður við rekstur stöðvarinnar skal greiddur af Hreyfli."

Á dskj. nr. 14, réttarskjal 6, er sameignarsamningur fyrir Fellsmúla 26, dags. 26. október 1984. Þar er í 2. tl. 4. gr. fjallað um heildarlóð Fellsmúla

24, 26, 28 og 30, en af samningnum má ráða að hér er komin lóðin sem Hreyfill fékk úthlutaða. Í upphafi 2. tl. 4. gr. segir:

„Í sambandi við skiptingu lóðar hefur orðið eftirfarandi samkomulag: Bensínstöðin, sem framvegsis telst nr. 30 við Fellsmúla, notar ein 1696 m² af lóðinni þ.e. 13,83% af heildarlóðinni og greiðir ein allan kostnað af þeim lóðarhluta. Skal þetta standa óbreytt á meðan núverandi rekstur er þar rekinn. Verði breyting á núverandi rekstri, þá skal þessi ákvörðun endurskoðuð."

Samningi þessum er þinglýst. Undir hann rita þar upptaldir eigendur Fellsmúla 26, þar á meðal Samvinnufélagið Hreyfill, en Olíuverslun Íslands hf. er ekki þar á meðal. Í sóknargögnum er því lýst yfir að ekki sé gerð athugasemd við þessa stærðarmörkun.

Á dskj. nr. 14, réttarskjal 10, er bréf Olíuverslunar Íslands hf. dags. 11. apríl sl. Þar er m.a. rætt um að Olíuverslun Íslands hf. fjarlægi *eignir sínar af lóð Hreyfils.*

Á dskj. nr. 9 er bréf Olíuverslunar Íslands hf. dags. 6. maí sl. þar sem félagið kveðst vera til viðræðu um sölu á eignum sínum á *„lóð Hreyfils"* og setur fram ákveðnar verðhugmyndir.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en það sé fyrst með stefnu máls þessa að ágreiningur verður með aðilum út af réttindum að Fellsmúlalóðinni. Með ofangreint í huga þykir samningur aðila frá 30. desember 1975 um söluumboð Hreyfils ekki skilinn öðruvísi en svo að Olíuverslunin leggi Hreyfli til umdeild mannvirki vegna söluumboðsins meðan það stendur, og greiði auk þess ýmis gjöld af aðstöðunni vegna umboðsins, þar með talda lóðarleigu. Það hafi hins vegar aldrei verið ætlun aðila að Olíuverslunin fengi lóðarréttindin. Af þessu leiðir að kröfur stefnanda skv. 2. lið kröfugerðar hans verða ekki viðurkenndar.

Stefnandi fyllti upp lóð, malbikaði og steypti þvottaplön og akreinar með vatns- og frárennslislögnum, reisti tröppur og stoðveggi sem afmarka lóðina, allt skv. tímabundnum viðskiptasamningi þeirra stefnda. Hann skeytti þessum mannvirkjum við lóð, sem stefndi hafði réttindi yfir, vitandi að samningur þeirra var til ákveðins tíma og að hugsanlegt var að hann yrði ekki endurnýjaður. Þessi mannvirki verða ekki flutt brott þar eð þau eru jarðföst. Af hálfu stefnda hefur verið boðist til að stefndi leysi þau til sín skv. mati dómkvaddra manna. Með ofangreint í huga verður eignarréttur stefnanda að þessum mannvirkjum ekki viðurkenndur.

3. Í samningi aðilanna um söluumboð Hreyfils frá 30. desember 1975 segir í 3. mgr. 5. gr.:

„Til að gera Hreyfli kleift að halda uppi viðunandi framboði á smurolíu og smávörum heimilar Olíuverslun Hreyfli að skulda á hverjum tíma kr. 500.000,00 vegna þessara viðskipta. Upphæð þessi endurskoðist við verð-

breytingar eða annars, þegar ástæða kann að þykja til og breytist til samræmis við andvirði birgða á stöðinni á hverjum tíma.“

Þar sem samningur þessi er frá því fyrir gjaldmiðilsbreytingu nam grunnskuldarheimild skv. samningnum nýkr. 5.000,00. Skuldarheimild þessi miðaðist aðeins við viðskipti vegna smurolíu og smávara. Smurolíur og smávörur átti Hreyfill að greiða skv. reikningi mánaðarlega. Samkvæmt 6. gr. samningsins átti að afhenda andvirði hverrar dagssölu af bensíni og olíu daglega að frádregnum þó sölulaunum Hreyfils. Uppgjör þessa vegna átti að fara fram á hverjum mánudegi og á síðasta degi hvers mánaðar. Um hver mánaðamót átti Hreyfill þannig ekki að skulda Olíuverslun Íslands meira en sem nam skuldarheimild skv. 3. mgr. 5. gr. samnings aðilanna. Olíuverslunin hefur í kröfugerð sinni, sbr. dskj. nr. 9 og 27, reiknað þessa skuldarheimild sem kr. 1.000.000,00 allan umkrafðan tíma frá mánaðamótum júlí/ágúst 1982 til apríl/maí 1985. Af hálfu stefnda, Samvinnufélagsins Hreyfils, er þessari skuldarheimildarviðmiðun ekki sérstaklega mótmælt. Hún telst heldur ekki óeðlileg og má því leggja hana til grundvallar. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á að hann hafi krafist almennra dráttarvaxta af því er stefndi skuldaði honum á hverjum tíma umfram veitta heimild. Af þessum sökum þykja honum ekki verða dæmdir slíkir dráttarvextir. Hins vegar þykir það leiða af ofangreindum ákvæðum samnings aðila og almennum reglum kröfuréttarins um vexti í verslunarkaupum frá eindaga, að hann eigi rétt á innlánsvöxtum eins og þeir eru reiknaðir í þrautavarakröfu hans, sbr. dskj. nr. 27, en þeim útreikningi hefur ekki sérstaklega verið mótmælt.

Auk vaxta krefst stefnandi skv. þessum lið kröfugerðar sinnar bakfærðs afsláttar. Í 9. gr. samnings aðila segir:

„Olíuverslun Íslands h.f., samþykkir að veita Hreyfli afslátt af viðskiptum er nemi kr. 5.095.828,34 og skal afhenda Hreyfli kreditnótur vegna þessa afsláttar þannig að helmingur afsláttarins afreiknist pr. 31.12. 1976 en síðari helmingurinn pr. 31.12. 1977.

Afsláttur þessi er bundinn því skilyrði að staðið sé að fullu við framkvæmd samnings þessa.“

Stefnandi hefur á dskj. nr. 9 uppreiknað þennan afslátt til núvirðis og gert kröfu til þess að stefndi endurgreiði hann þar sem hann hafi ekki staðið við gerða samninga um að veita stefnanda forgang til áframhaldandi samninga um viðskiptin.

Samningur aðila var útrunninn og þannig framkvæmdur um áramótin 1984/1985 fyrir uppsögn stefnanda 29. júní 1984 og nýr samningur hefur ekki verið gerður. Telja verður að afslátturinn hafi verið gefinn fyrir og vegna viðskipta á samningstímanum. Af þessu leiðir að þessi krafa stefnanda er ekki tekin til greina.

Niðurstaða þessa liðar kröfu stefnanda er því sú að þrautavarakrafa hans er tekin til greina. Dómvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru dæmdir af uppreiknaðri vaxtafjárhæð við áramótin 1984/1985, kr. 2.295.459,00 frá 30. maí 1985 til greiðsludags.

4.-5. Í 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1974 segir:

„Samningur þessi skal taka gildi frá og með 1. janúar 1975 og gilda án uppsagnar í 10 ár, en framlengjast að þeim tíma liðnum af sjálfu sér um eitt ár í senn, verði honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með 6 mánaða fyrirvara. Vegna fyrirgreiðslu þeirrar sem Olíuverslun hefur veitt í sambandi við samningsgerð þessa heitir stjórn Hreyfils því að Olíuverslun skuli eiga forgangsrétt að viðskiptum við Hreyfil með framlengingarsamningum, enda bjóði Olíuverslun jafngóð kjör og önnur félög bjóða sannanlega á þeim tíma."

Ákvæði þetta verður ekki öðruvísi skilið en stjórn Hreyfils hafi með samningnum veitt Olíuversluninni forgangsrétt að áframhaldandi viðskiptum eftir að samningur aðilanna var útrunninn fyrir uppsögn annars hvors. Þessi forgangsréttur er í ákvæðinu skilyrtur því að Olíuverslun bjóði jafngóð kjör og aðrir bjóða sannanlega á þeim tíma. Vildi stjórn Hreyfils staðreyna hvað aðrir byðu varð hún að bjóða aðilum í olíuverslun viðskiptin á einhvern hátt og sýna Olíuverslun Íslands þannig sannanlega fram á hvað aðrir byðu, athuga síðan hvort Olíuverslunin gerði jafngott eða betra tilboð. Þetta gerði stjórn Hreyfils ekki en gerði aðeins samning við annað félag.

Bréfaskipti aðila verða ekki skilin svo að fyrirsvarsmenn Olíuverslunar hafi alfarið hafnað öllum viðskiptum við Hreyfil. Þykir því, eins og hér var staðið að málum, mega viðurkenna að stefnandi eigi að eiga þess kost að kynna sér samning Hreyfils við Olíufélag Íslands hf. og eiga þess svo kost að nýta sér forgangsrétt sinn skv. 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975.

Með tilvísun til ofanskráðs og skv. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir mega taka kröfu stefnanda um dagsektir skv. 5. tl. kröfu hans, dskj. nr. 28 til greina eins og nánar greinir í dómsorði.

6. Stefnandi hefur ekki fengið tækifæri til að kynna sér samning þann sem stefndi gerði við Olíufélagið hf., og þannig ekki fengið hæfilegt færi á að segja til um hvort hann hyggist bjóða jafngóð eða betri kjör, en á því þykir hann eiga rétt, sbr. ofanskráð.

Af þessu leiðir að staðfesta má lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí sl. við því að stefndi fjarlægi eigur stefnanda af lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla í Reykjavík.

7. Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi fyrir aðalsök, gagnsök og framhaldssök.

Gagnsök:

Af hálfu stefnda hefur fyrirsvarsmönnum stefnanda ekki verið veitt tækifæri til að tjá sig um hvort þeir vildu nýta sér forgangsrétt sinn til viðskipta við stefnda skv. 8. gr. samnings aðila, eins og áður er um getið. Meðan svo stendur verður ekki dæmt um hvort stefnandi á að fjarlægja eignir sínar af lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla. Gagnkrafa stefnda verður þannig ekki tekin til greina.

Framhaldssök:

Stefndi gerði samning við Olíufélagið hf. um viðskipti með bensín og olíur þegar upp úr viðræðum hans og stefnanda slitnaði um áframhaldandi viðskipti. Olíufélagið hóf síðan að reisa viðskiptaaðstöðu á lóðinni að Fellsmúla 24/26 í skjóli stefnda. Telja verður að vegna umsamins forgangsréttar stefnanda hafi stefnda verið skylt að koma í veg fyrir þær framkvæmdir uns stefnandi hafði fengið færi á að tjá sig um það hvort hann vildi nýta forgangsrétt sinn. Af þessu leiðir að staðfesta má lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 20. júní 1985 við áframhaldandi byggingarframkvæmdum á viðskiptaaðstöðu fyrir bensín og olíur í skjóli stefnda á lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla.

Þegar stefnandi hugðist nýta áfram viðskiptaaðstöðu sína að Fellsmúla 24/26, eftir að samningur aðilanna um aðstöðuna var útrunninn, hindruðu menn á vegum stefnda það. Stefnda og/eða mönnum á hans vegum var óheimilt að taka sér þennan rétt sjálfir og ber því að staðfesta lögbannið frá 20. júní 1985, einnig að því er varðar aðgerðir á vegum stefnda við að loka aðkomuleiðum að eignum stefnanda á lóðinni og hindra starfsemi stefnanda þar.

Samkvæmt niðurstöðu máls þessa í heild þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök, þar með talinn lögbannskostnað. Málkostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

1. Viðurkenndur er eignarréttur Olíuverslunar Íslands hf. að stöðvarhúsi, olíudælum, jarðgeymum og öðru því sem eignum þessum tilheyrir og fjarlægja má og er á lóð bensínstöðvarinnar að Fellsmúla 24/26 í Reykjavík. Hafnað er eignarrétti Olíuverslunar Íslands hf. að uppfyllingu á lóð, malbikuðum og steyptum þvottaplönum og akreinum og öðrum frágangi með veggjum, vatns- og frárennslislögnum í jörðu svo og tröppum og stoðveggjum, sem afmarka téða lóð bensínstöðvarinnar.

2. Hafnað er kröfum stefnanda, Olíuverslunar Íslands hf., um að téðum mannvirkjum fylgi hlutfallsleg hlutdeild í leigulóðarréttindum er nemi 13,83% af heildarlóð nr. 24/26 við Fellsmúla í Reykjavík.

3. Stefndi, Samvinnufélagið Hreyfill, greiði stefnanda, Olíuverslun Íslands hf., kr. 3.232.595,00 með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, af kr. 2.295.459,00 frá 30. maí 1985 til greiðsludags.

4.-5. Viðurkenndur er forgangsréttur stefnanda, Olíuverslunar Íslands hf., að viðskiptum við stefnda, Samvinnufélagið Hreyfil, með framlengingarsamningi, með sömu kjörum og Olíufélagið hf. hefur boðið stefnda.

Stefnda, Samvinnufélaginu Hreyfli hf., er skylt innan 30 daga frá birtingu dómsins að viðlögðum kr. 10.000,00 dagsektum að leggja fyrir stefnanda, Olíuverslun Íslands hf., samning þann sem stefndi hefur gert við Olíufélagið hf. um söluumboð á bensíni, olíum o.fl.

6. Staðfest er lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí sl. við því að stefndi, Samvinnufélagið Hreyfill, fjarlægi eigur stefnanda, Olíuverslunar Íslands hf., af lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla í Reykjavík.

Gagnkrafa stefnda, Samvinnufélagsins Hreyfils, á hendur Olíuverslun Íslands hf., er ekki tekin til greina.

Staðfest er lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 20. maí 1985 við áframhaldandi byggingarframkvæmdum á viðskiptaaðstöðu fyrir bensín og olíur í skjóli stefnda á lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla í Reykjavík. Jafnframt er staðfest sama lögbann að því er varðar aðgerðir á vegum stefnda við að loka aðkomuleiðum að eignum stefnanda á lóðinni og hindra starfsemi stefnanda þar.

Stefndi, Samvinnufélagið Hreyfill, skal greiða stefnanda, Olíuverslun Íslands hf., kr. 250.000,00 í málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök, þar með talinn lögbannskostnað.

Dómur þessi skal vera aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 26. október 1987.

Nr. 71/1986. **Olíuverslun Íslands h.f.**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Samvinnufélaginu Hreyfli
(Gestur Jónsson hrl.)

Lögbann. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1986. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi lögbannsgerð sú, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur 27. júní 1985 í fógetaréttarmálinu nr. C-88/1985 við því að áfrýjandi mætti nýta eignir sínar á lóðinni nr. 24 og 26 við Fellsmúla í Reykjavík til sölu bensíns, olíu eða annars varnings. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, sem var kveðinn upp fyrr í dag í hæstaréttarmálinu nr. 14/1986, Samvinnufélagið Hreyfill gegn Olíuverslun Íslands hf. og gagnsök, var fellt úr gildi lögbann frá 20. júní 1985 við ,,áframhaldandi byggingarframkvæmdum gerðarþola'', stefnda í máli þessu, ,,á lóðinni Fellsmúla 24-26, svo og við þeim aðgerðum gerðarþola að loka aðkomuleiðum að eignum gerðarbeiðanda'', áfrýjanda máls þessa, ,,á nefndri lóð og hindra gerðarbeiðanda að nýta mannvirki sín og eignir, sem þar eru''. Eins og stendur hefur áfrýjandi ekki heimild til neinnar starfrækslu á umræddri lóð, og svo sem greinir í nefndum dómi Hæstaréttar, liggur ekki fyrir, hvort áfrýjandi á þess kost að neyta forgangsréttar síns samkvæmt 8. gr. samnings aðila frá 30. desember 1975 beinlínis eftir efni þess réttar. Ber þess vegna að staðfesta að svo stöddu umrætt lögbann frá 27. júní 1985.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreint lögbann frá 27. júní 1985 er að svo stöddu staðfest.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég tel að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Ég er sammála meirihluta dómara um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 28. október sl., hefur Samvinnufélagið Hreyfill, nnr. 4364-1166, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu framlagðri í dóm 3. september 1985 á hendur Olíuverslun Íslands hf., nnr. 6854-1808, Hafnarstræti 5, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær að staðfest verði lögbannsgjörð sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur fimmtudaginn 27. júní 1985 í fógetaréttarmálinu C-88/1985 gegn því að Olíuverslun Íslands mætti nýta eignir sínar á lóð Hreyfils til sölu bensíns, olíu eða annars varnings.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða málskostnað, bæði í fógetaréttarmálinu og staðfestingarmáli þessu, skv. reikningi.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er þess krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað í málinu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd í málinu án árangurs.

Málavextir eru þeir að Samvinnufélagið Hreyfill hefur um nærfellt 40 ára skeið haft söluumboð á olíum og bensíni fyrir Olíuverslun Íslands hf. Síðari árin hefur það verið eftir samningi sem gerður var milli aðilanna þann 30. desember 1975 þar sem Olíuverslun Íslands hf. veitir Hreyfli söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík, sem Olíuverslunin hafði byggt á lóðinni. Lóð þessi er hluti lóðar sem Samvinnufélagið Hreyfill fékk sem leigulóð hjá borgaryfirvöldum. Samkvæmt 2. gr. samningsaðilanna frá 30. desember 1975 skyldi Olíuverslunin leggja Hreyfli til endurgjaldslaus afnot af afgreiðsluhúsi, söludælum, þvottaplani og annarri aðstöðu, sem Olíuverslunin hafði þá þegar byggt á bensínstöðinni við Fellsmúla. Skyldi Olíuverslunin sjá um viðhald stöðvarhúss og afgreiðsludælna, greiða fasteignagjald og vátrygg-

ingu vegna stöðvarbyggingarinnar, svo og gjöld vegna aðstöðunnar, þar með talda hlutfallslega lóðarleigu.

Samkvæmt 8. gr. samningsins skyldi samningurinn af beggja hálfu vera óuppsegjanlegur í 10 ár, en framlengjast að þeim tíma liðnum um 1 ár í senn ef annar hvor aðila segði honum ekki upp með 6 mánaða fyrirvara.

Með bréfi dags. 29. júní 1984 sagði Olíuverslun Íslands hf. samningnum upp með ósk um að teknar yrðu upp viðræður um nýjan samning. Samkvæmt bréfinu átti uppsögnin að taka gildi 1. janúar 1985. Þegar þetta var skuldaði Samvinnufélagið Hreyfill Olíuverslun Íslands hf. verulegar fjárhæðir og hafði farið verulega fram úr veittri skuldarheimild. Samningsviðræður um uppgjör skuldarinnar og áframhaldandi samning hófust síðan milli aðila í nóvember 1984 og stóðu með hléum fram í apríl 1985, en þá slitnaði upp úr viðræðum aðila. Þann 22. apríl 1985 tilkynnti framkvæmdastjóri Hreyfils forstjóra Olíuverslunarinnar að Hreyfill hefði þegar gert samkomulag við Olíufélagið hf. um bensín- og olíuviðskipti. Með bréfi dags. 6. maí 1985 krafði Olíuverslun Íslands hf. Samvinnufélagið Hreyfil um að skuld á viðskiptareikningi, sem fyrirtækið taldi samtals nema kr. 14.082.174,64, yrði greidd, og kvaðst til viðræðu um sölu bensínstöðvar sinnar við Fellsmúla, ef sú yrði niðurstaðan að viðskipti Hreyfils færðust til Olíufélagsins hf. Þessu svaraði Samvinnufélagið Hreyfill með bréfi dags. 7. maí 1985 þar sem greiddar voru kr. 7.411.179,49, sem félagið taldi fullnaðargreiðslu og jafnframt var gerð krafa um að Olíuverslun Íslands fjarlægði bensínstöð sína af lóðinni nr. 24/26 við Fellsmúla, og því hótað að ef ekki yrði hafist handa um þær framkvæmdir fyrir kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 9. maí 1985 myndi Hreyfill ekki komast hjá því að sjá sjálfur um að fjarlægja eignirnar á kostnað Olíuverslunar Íslands hf. Þann 9. maí 1985 hóf síðan Samvinnufélagið Hreyfill að fjarlægja eignir Olíuverslunar Íslands hf. af lóðinni og fékk Olíuverslunin þá lagt lögbann við þeim aðgerðum Hreyfils. Var lögbannið lagt á með úrskurði uppkveðnum þann 14. maí 1985 í fógetaréttarmálinu nr. C-66/1985. Olíuverslun Íslands hf. hugðist halda áfram bensínsölu frá bensínstöð sinni í byrjun júnímánaðar 1985, en bifreiðastjórar á bifreiðastöðinni Hreyfli komu í veg fyrir það. Olíuverslun Íslands hf. óskaði þá eftir lögbanni við aðgerðum bifreiðastjóranna og auk þess við byggingu afgreiðslustöðvar fyrir bensín á lóðinni Fellsmúli 24/26 sem hafin var bygging á. Með úrskurði uppkveðnum þann 20. júní 1985 var þetta lögbann lagt á. Samvinnufélagið Hreyfill vildi ekki sætta sig við þessa úrskurði, og er Olíuverslun Íslands hugðist enn á ný hefja sölu á bensíni frá bensínstöð sinni óskaði Samvinnufélagið Hreyfill eftir lögbanni við því, og er krafist staðfestingar á því lögbanni í máli þessu.

Kröfur sínar hér í málinu byggir Samvinnufélagið Hreyfill á því að hann eigi einn lóðarréttindi á því svæði sem bensínstöðin stendur á og hann einn

hafi þar leyfi til reksturs bensínstöðvar en slíkur rekstur sé háður leyfi borgaryfirvalda. Olíuverslun Íslands hf. hafi sagt upp samningum aðilanna um sölu á bensíni og olíum, og jafnframt neitað að endurnýja þá samninga, en hafi farið þess á leit að Samvinnufélagið Hreyfill leigði Olíuversluninni aðstöðu á lóðinni til áframhaldandi reksturs bensínstöðvar, en því hafi Samvinnufélagið Hreyfill neitað, og til þess að hindra rekstur Olíuverslunar Íslands hf. hafi Hreyfill neyðst til þess að krefjast lögbanns þessa.

Af hálfu Olíuverslunar Íslands hf. eru eftirfarandi rök færð fyrir sýknukröfunni:

1. Að stefnandi hafi veitt honum allan rétt til byggingar bensínstöðvar þeirrar sem nú er á lóðarhluta þeim sem stefnandi fékk á sínum tíma úthlutað af Reykjavíkurborg. Hafi stefndi með fullu samþykki og vitund stefnanda sótt um og fengið byggingarleyfi fyrir umræddum mannvirkjum á lóðinni.
2. Stefndi hafi einn borið allan kostnað við byggingu þeirra mannvirkja sem á lóðinni séu, og hafi frá upphafi greitt öll opinber gjöld og skatta, svo og lóðarleigu af mannvirkjum og þeim lóðarhluta sem mannvirkjunum eru talin fylgja.
3. Jafnframt hefur stefnandi viðurkennt frá upphafi 1970 að hlutdeild stefnda í leigulóðarréttindum af heildarlóð væri í upphafi 15,79% en hefði nú ákveðið þau 13,83%. Lóðin og mannvirki þau sem henni séu tengd séu gjörsamlega óaðskiljanleg og megi nánast segja að lóðin sé aðeins uppfylling sú, malbikun og steypa, ásamt öðrum framkvæmdum sem stefndi hafi einn kostað. Slík viðskeyting, sem stefnandi hafi heimilað stefnda án nokkurs fyrirvara, sé því í eðli sínu beint framsal téðra leigulóðarréttinda eða a.m.k. verði að telja að stofnast hafi til ótímabundins réttar til handa stefnda um afnot af lóð þeirri sem mannvirkjunum séu talin fylgja.
4. Ljóst sé að stefndi hafi leyfi til bensínsölu, raunar um allt land, en m.a. í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og hafi bensínstöð hans við Fellsmúla ávallt verið flokkuð sem ein af bensínsölustöðvum Olíuverslunar Íslands hf.

Af framansögðu sé ljóst að stefndi hafi fulla heimild tilbærra yfirvalda til sölu á bensíni og olíum frá bensínstöð sinni við Fellsmúla og beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Álit dómsins:

Með dómi uppkveðnum í dag í máli nr. 3819/1985 milli sömu aðila hefur því verið slegið föstu að samningur aðila um söluumboð Hreyfils frá 30. desember 1975 verði ekki skilinn öðruvísi en svo, að Olíuverslunin leggi Hreyfli til mannvirkin á lóðinni Fellsmúli 24/26 vegna umboðsins meðan það stendur og greiði vegna umboðsins ýmis gjöld af aðstöðunni, þar með

talda lóðarleigu. Það hafi hins vegar aldrei verið ætlun aðila að Olíuverslunin fengi lóðarréttindin.

Olíuverslun Íslands hf. sagði upp samningum sínum um söluumboðið við Samvinnufélagið Hreyfil með bréfi dags. 29. júní 1984. Uppsögnin átti að taka gildi frá 1. janúar 1985 en í raun var farið eftir samningnum meðan samningaviðræður aðila stóðu fram í apríl 1985 að upp úr slitnaði með þeim. Heimildir Olíuverslunar Íslands hf. til sölu bensíns og olíu á þessum stað byggðust skv. framansögðu á samningi þeirra við Samvinnufélagið Hreyfil. Olíuverslunin hafði þannig engan sjálfstæðan rétt til bensín- og olíusölunnar. Þegar samningur aðilanna var þannig út runninn fyrir uppsögn Olíuverslunarinnar og slitnað hafði upp úr samningum aðilanna, gat Olíuverslunin ekki án nýs samnings farið að höndla með bensín og olíur á lóðinni. Af þessu leiðir að rétt þykir að staðfesta lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 27. júní sl. við því að Olíuverslun Íslands hf. nýti eignir sínar á lóð Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík til sölu bensíns, olíu og annars varnings.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn kostnað af lögbanninu. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Staðfest er lögbannsgjörð sem gerð var í fógetarétti Reykjavíkur fimmtudaginn 27. júní sl. gegn því að Olíuverslun Íslands hf. nýti eignir sínar á lóð Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík til sölu bensíns, olíu eða annars varnings.

Stefndi, Olíuverslun Íslands hf., greiði stefnanda, Samvinnufélaginu Hreyfli, kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 291/1986. **Karólína Sveinsdóttir**
Ásgeir Þ. Ásgeirsson
Sveinn Ásgeirsson
Guðmundur Ásgeirsson
Bragi Ásgeirsson og
Hrefna Ásgeirsdóttir
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Margréti Sigurjónsdóttur
(Othar Örn Petersen hrl.)

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og staðfest verði, að ummæli þau, sem höfð eru eftir Birgi heitnum Ásgeirssyni og skráð í vottorð Sigurðar Árnasonar læknis, dagsett 28. ágúst 1984, séu eigi lögleg erfðaskrá, og að eftirlátnar eigur Birgis heitins Ásgeirssonar verði lagðar þeim út sem lögerfingjum. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Stefnda í máli þessu og Birgir heitinn Ásgeirsson höfðu búið saman í óvígðri sambúð í 30 ár, frá því á árinu 1954 og þar til Birgir andaðist 14. ágúst 1984.

Þótt Birgir heitinn hafi vitað, að hann væri haldinn ólæknandi sjúkdómi í nokkurn tíma áður en hann gerði hina munnlegu erfðaskrá hinn 12. ágúst 1984, þá er ljóst að gangur sjúkdómsins var mjög hraður og honum elnaði sóttin skyndilega þann 11. ágúst. Má jafna því til þess, að Birgir heitinn hafi orðið „skyndilega og hættulega sjúkur“ í merkingu 44. gr. laga nr. 8/1962. Ber því að fallast

á það með héraðsdómara, að skilyrðum þeirrar greinar hafi verið fullnægt.

Arfleiðsluvottorðið er að vísu ekki skrásett fyrr en 28. ágúst 1984, eða 16 dögum eftir að hinn munnlegi arfleiðslugerningur var gerður. Hér ber þó að hafa í huga, að votturinn Ingibjörg Bjartmarz hjúkrunarfræðingur skráði í vaktabók sína innan hálftíma frá því að arfleiðslan var sögð fram, að Birgir heitinn hefði gert munnlega erfðaskrá, og votturinn Sigurður Árnason læknir skráði arfleiðsluna, sem var einföld í sniðum, orðrétt í minnisbók sína næsta morgun, auk þess sem hann bókaði í læknaskýrslu við daginn 13. ágúst, að Birgir heitinn hefði gert munnlega erfðaskrá kl. 23:55 hinn 12. ágúst. Þegar tekið er tillit til þessara sérstöku aðstæðna, verður að fallast á það með héraðsdómara, að dráttur sá, sem varð á skrásetningu arfleiðsluvottorðsins, valdi ekki ógildingu erfðaskrárinnar.

Telja verður sannað með vætti vottanna þriggja, sem stutt er álitsgerð tveggja dómkvaddra lækna, að Birgir heitinn hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð.

Ekkert er fram komið í máli þessu um, að Birgir heitinn hafi viljað ráðstafa eignum sínum á annan hátt en fram kemur í hinni umdeildu erfðaskrá. Á það ber og að líta, að efni erfðaskrárinnar er ekki óskynsamlegt og er eðlilegt miðað við allar aðstæður. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Seltjarnarness 14. október 1986.

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar hinn 9. október 1986 var þingfest hinn 2. apríl 1985.

Sóknaraðili er Margrét Sigurjónsdóttir, nnr. 6392-8348, Miðbraut 38, Seltjarnarnesi, en hún er eftirlifandi sambýliskona Birgis Ásgeirssonar lögfræðings er lést hinn 14. ágúst 1983 kl. 7:45.

Varnaraðilar eru lögerfingjar hins látna, móðir hans Karólína Sveinsdóttir, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, og systkini hans þau Ásgeir Þór Ásgeirsson, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, Sveinn Ásgeirsson, Dyngjuvegi 10, Reykja-

vík, Guðmundur Ásgeirsson, Melagötu 23, Neskaupstað, Bragi Ásgeirsson, Drápuhlíð 3, Reykjavík, og Hrefna Ásgeirsdóttir, Lálandi 6, Reykjavík.

Lögmaður sóknaraðila lýsir dómkröfum sóknaraðila svo:

„Að erfðaskrá sem Birgir heitinn Ásgeirsson gerði munnlega 12. ágúst 1984 verði metin gild og varnaraðilar greiði sóknaraðila málskostnað skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram fyrir dómtöku málsins.

Fyrirvari er gerður um að höfða sérstakt mál þar sem krafa verður gerð um það að viðurkennt verði að umbj. m. eigi hlutdeild í öllum eignum sem eru í félagsbúi umbj. m. og Birgis heitins en Birgir þinglýstur eigandi beggja fasteigna búsins.

Þó sú staða sé uppi í máli þessu að umbj. m. sé sóknaraðili er ekki þar með verið að fallast á ákveðin véfengingarákvæði erfðalaga eða hugsanleg önnur véfengingarákvæði. Það er samkomulag með lögmönnum aðila að hafa þennan háttinn á."

Lögmaður varnaraðila lýsir dómkröfum umbj. sinna svo:

„Ég mæti í máli þessu af hálfu varnaraðila ... og mótmæli fyrir þeirra hönd gildi vottorðs dags. 28.08. 1984 sem löglegrar erfðaskrár og krefst þess að þeim sem lögerfingjum verði lagðar út eftirlátnar eignir Birgis heitins Ásgeirssonar. Þá er og krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila."

Hið umdeilda skjal sem lagt var fram sem dskj. nr. 2 hljóðar svo:

„Birgir Ásgeirsson var sjúklingur á Krabbameinslækningadeild Landspítalans og lést 14.08. 1984. Undirritaður sá um meðferð sjúklings í banalegunni. Sjúklingur kom að því í þrígang í banalegunni að hann ætti eftir að gera formlega erfðaskrá og lofaði ég að vera honum innan handar með það, ef þess þyrfti með.

12.08. 1984 um miðnættið átti ég samtal við Birgi Ásgeirsson og var hann þá með fullri meðvitund, skýr í hugsun og máli. Sagði hann þá eftirfarandi:

„Ég vil að þið séuð vottar að því að hún Margrét konan mín á að fá alla mína peninga — allt sem ég á."

Önnur vitni að þessu samtali voru hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg Ólafsdóttir og Ingibjörg Bjartmarz.

Þetta vottast hér með.

Reykjavík 28.08. 1984
Sigurður Árnason, læknir. (sign)

Við undirritaðar staðfestum ofangreinda lýsingu.
Okkur var kunnugt um, að hér var um erfðaskrá að ræða.

Sigurbjörg Ólafsdóttir,
hjúkrunarfræðingur. (sign)

Ingibjörg Bjartmarz,
hjúkrunarfræðingur. (sign)"

II.

Sóknaraðili byggir dómkröfur sínar einfaldlega á 44. gr. l. 8/1962 sem hljóðar svo:

„Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40. - 43. gr. eftir því sem við getur átt.

Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti."

Í greinargerð varnaraðila segir m.a. svo:

„Varnaraðilar hafa rengt þessa svokölluðu erfðaskrá og lýtur renging að þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi að *formi* hinnar svokölluðu erfðaskrár þar sem ekki hafi verið gætt formreglna 4. tl. 6. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Í öðru lagi er *arfleiðsluhæfi* arfleiðanda véfengt sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga og í þriðja lagi að *efni* hinnar svokölluðu erfðaskrár fái samrýmst vilja hins látna þegar tekið er tillit til ummæla hans fyrir andlátið og sambandi hans og sóknaraðila.

Samkvæmt lagagreinum undir 5. tl. 6. kafla erfðalaga er sú meginregla staðfest að þegar erfðaskrá fullnægir ekki formreglum og hæfi arfleiðanda er véfengt þá verði sá sem vill byggja rétt á henni að hrinda staðhæfingu þess er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum. Sóknaraðili hefur því alla sönnunarbyrði fyrir því að um gilda erfðaskrá sé að ræða og takist honum ekki sú sönnun kemur hin svokallaða erfðaskrá ekki til framkvæmda. Ég mun hér á eftir reifa málsök og lagarök lögerfingja fyrir mótmælum gegn hinni svokölluðu erfðaskrá og fjalla um hvern þátt fyrir sig, þ.e. form, hæfi og efni.

— — —

III.

Læknirinn Sigurður og hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg og Ingibjörg, sem undirrita vottorðið á dskj. nr. 2, hafa komið fyrir dóminn.

Læknirinn Sigurður kvaðst hafa skýrt hinum látna frá því í júní eða júlí 1984 að hann væri haldinn krabbameini. Gangur sjúkdómsins hafi verið hraður. Sjálf banalegan hafi aðeins staðið í viku, þ.e. frá því hinn látni var lagður inn akút hinn 7. ágúst og þar til hann dó hinn 14. sama mánaðar.

Samkvæmt læknaskýrslum fundust við krufningu 15. ágúst meinvörp í lungum, lifur, nýrnahettum, lífhimnu, brjósthimnu, eitlum og beinmerg.

Bein dánarorsök hefur sennilega verið bráð lungnabólga, samkvæmt álitsgerð dómkvaddra lækna er síðar verður getið.

Vitnin Haraldur Gíslason, starfsmaður á skipasölu er hinn látni rak, og Guðmundur Franklínsson kunningi hins látna heimsóttu hann báðir föstudaginn 10. ágúst og báru að hinn látni hefði verið vel málhress.

Aðfaranótt sunnudagsins og sunnudaginn 12. ágúst var líðan sjúklingsins slæm og lyfjagjöf gífurleg, bæði sírennsli morfíns í æð og viðbótarsprautur svo sem lýst er í greinargerð varnaraðila en þær upplýsingar eru úr framlagðri hjúkrunarskýrslu og lyfjaskrá.

Sambýliskonan Margrét, sóknaraðili í máli þessu, bar að hún hefði setið hjá sjúklingnum þennan sunnudag frá því um hádegi og þar til á sjöunda tímanum um kvöldið. Hún kvað hann ekkert hafa talað eða tjáð sig að öðru leyti en því að hann hefði beðið um vatn, þ.e. hún hefði skilið að hann vildi fá vatn sem hún bar honum.

Skömmu eftir að sambýliskonan Margrét fór komu systkini hins látna Hrefna og Sveinn að sjúkrabeði hins látna. Þau hafa bæði komið fyrir dóminn og var lýsing þeirra á atvikum í samræmi við það sem haft er eftir þeim í greinargerð lögmanns þeirra, sem vitnað er til hér að framan, þ.e. að þau hafi komið um kl. 18:30 en farið um kl. 11:30 og að hinn látni hafi sofið djúpum svefni þar til um kl. 23 er hann hafi opna augun. Þá hafi hann reynt að segja eitthvað en verið svo óskýr í máli og máttfarinn að þeim hafi ekki tekist að greina hvað hann vildi segja, þótt hann reyndi að endurtaka setninguna nokkrum sinnum.

Í skrá um lyfjagjafir kemur ekki fram að sjúklingurinn hafi fengið aukalyf um kl. 11. Hins vegar kannaðist hjúkrunarfræðingurinn Sigurbjörg við að hafa hagrætt sjúklingnum er hún kom á vaktina um 11:30 og „aukið drippið", þ.e. aukið sírennsli morfíns í æð.

Eftir því sem læknirinn Sigurður og hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg og Ingibjörg báru, þá voru atvik, rétt fyrir miðnættið að kvöldi hins 12. ágúst, þau að læknirinn kom á stofuna ásamt öðrum hjúkrunarfræðingnum. Sjúklingurinn virtist vakandi og læknirinn lét einhver orð falla, þ.e. spurði sjúklinginn um líðan hans og sagði einhver hughreystingarorð eða þess háttar. Læknirinn gekk síðan út, en annar hjúkrunarfræðingurinn varð eftir á stofunni. Þá biður sjúklingurinn hjúkrunarfræðinginn að ná í lækninn. Læknirinn er þá kominn fram á gang og hjúkrunarfræðingurinn nær í hann. Er hann kemur til sjúklingsins segist hann vilja gera arfleiðsluskrá. Lætur þá læknirinn hjúkrunarfræðing þann er inni var kalla á hinn hjúkrunarfræðinginn. Gaf þá arfláti margnefnda yfirlýsingu og tvítók hana. Eftir því sem fram er komið í málinu voru þetta hans síðustu orð. Læknirinn hefur þó borið að sjúklingurinn hafi einnig tekið fram að verðmæti eigna sinna væri um 30 milljónir króna (sem samkvæmt uppskriftar-

gerð virðist ekki fjarri lagi), en hjúkrunarfræðingarnir mundu ekki eftir þeirri tölu, en vildu ekki fortaka að arfláti hefði eitthvað minnst á verðmæti eigna sinna.

Aðspurð taldi sóknaraðili Margrét að hún hefði fengið vitneskju um margnefnda yfirlýsingu er hún sótti dánarvottorðið. Læknirinn kvaðst sjálfur og án samráðs við lögfræðing sóknaraðila hafa samið dskj. nr. 2, undirritað og afhent sóknaraðila. Hann hafi ekkert samráð haft við hjúkrunarfræðingana þar um, en hin sérstaka yfirlýsing þeirra og nafnritun hafi þá ekki verið á skjalinu. Sóknaraðili kveðst hafa farið með skjalið til lögmanns síns, sem hafi bent sér á að afla yfirlýsingar hjúkrunarfræðinganna.

Læknirinn kannaðist við að sóknaraðili hefði komið aftur með skjalið til sín, og hann síðan, að því er virðist í samráði við lögmann sóknaraðila, samið hina sérstöku áritun og aflað undirritunar hjúkrunarfræðinganna. Læknirinn taldi líklegt að það hefði verið hinn 3. september, en þá skráir læknirinn í sjúkraskrá: „Skrifað vottorð varðandi erfðaskrá." Skjalið var lagt fram í skiptarétti Seltjarnarness hinn 11. september 1984.

IV.

Með matsbeiðni dagsettri 19. október 1985 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta (segja álit sitt um) eftirtalin atriði:

„1. Var Birgir hæfur til þess að gera munnlega þá erfðaskrá sem hann gerði að kvöldi 12. ágúst 1984 sbr. 34. gr. 7. mgr. erfðalaga nr. 8/1962. „Erfðaskrá er því aðeins gild að sá sem gerir hana sé svo heill heilsu andlega að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt."

2. Er hægt með fullri vissu að halda því fram að vottorð Sigurðar Árnasonar, læknis, dags. 9. mars 1985 (dskj. nr. 4) sé rangt og þá sérstaklega niðurlagið:

„Er sjúklingur gerði erfðaskrá, þá hélt hann fyllilega samtalsþræði, svaraði skýrt og greinilega spurningum um líðan og ástand. Sjúklingur lagði mikla áherslu á að þessi erfðaskrá næði fram að ganga, enda tvítók hann innihaldið orðrétt."

3. Þess er óskað að matsmenn láti í té upplýsingar sem skipt geta máli."

Dómskjal nr. 4 er utanréttarvottorð er læknirinn Sigurður skráði meira en hálfu ári eftir að umrætt andlát bar að.

Hinn 13. nóvember 1985 voru dómkvaddir læknarnir Guðmundur I. Eyjólfsson sérfræðingur í lyflækningum og blóðsjúkdómum, lyflækningadeild Borgarspítala og Hannes Pétursson sérfræðingur í geðlækningum, geðdeild Borgarspítala. Matsgerð þeirra eða álitsgerð er dagsett 4. júní 1986. Í niðurlagi hennar segir svo:

„Umsögn: Ljóst er af framangreindum gögnum að Birgir heitinn Ásgeirsson var haldinn illkynja sjúkdómi (sortuæxli, melanoma malignum), sem uppgötvaðist í mars 1981 og var æxlið þá fjarlægt með skurðaðgerð. Birgir virðist síðan hafa verið einkennalaus þar til um miðjan júní 1984. Frá þeim tíma fór að bera á vaxandi einkennum vegna meinvarpa í lungum, lifur, brjóstholi og beinum.

Úr því verður sjúkdómsgangurinn mjög hraður og leiðir til dauða Birgis innan tveggja mánaða frá því einkenni fóru að gera vart við sig. Helstu einkenni og óþægindi voru vegna vökvasöfnunar í brjóstholi fyrst í stað, og síðan ört vaxandi verkja, að líkindum frá meinvörpum í beinum. Meðferð á fyrstu stigum beindist einkum að því að fjarlægja vökva og draga úr vökvasöfnun í brjóstholi. Upp úr miðjum júlímánuði 1984 er Birgi gerð grein fyrir sjúkdómsástandi sínu og ráðlögð lyfjameðferð gegn krabbameininu. Lyfjakúr var gefinn í fimm daga, þ.e. 27. júlí. Á síðari stigum einkenndist meðferðin fyrst og fremst af verkjalyfjagjöf í stöðugt vaxandi skömmtum. Síðustu dagana fyrir andlát voru verkjalyfin gefin í æð samfellt allan sólarhringinn, en aukalyfjagjafir voru þó nauðsynlegar vegna mikilla verkja. Síðustu þrjá sólarhringana fyrir andlát fékk Birgir einnig róandi lyf, þ.e. chlorpromazin og diazemuls.

Lyfjagjöf sú sem að framan er lýst er í samræmi við hefðbundna meðferð við miklum verkjum hjá krabbameinssjúklingum. Fyrir utan verkjastillandi verkun morfíns og skyldra lyfja, geta þau haft í för með sér ýmsar aukaverkanir, svo sem höfga, þ.e. að viðkomandi verður sljór. Slíkar aukaverkanir fara m.a. eftir skammtastærð og svo því hve lengi sjúklingurinn hefur fengið lyfið, svo og hvort önnur lyf, t.d. róandi, eru gefin jafnhliða.

Ljóst er að Birgir heitinn fékk stóra og vaxandi skammta af morfínlyfjum ásamt aukalyfjum síðustu þrjá sólarhringana fyrir andlát. Þrátt fyrir þessa lyfjagjöf voru honum gefnir aukaskammtar af morfíni alls fjórum sinnum á tímabilinu kl. 16:15 - 19:30 þann 12. ágúst 1984, og auk þess diazemuls kl. 20 sama kvöld. Þetta ásamt öðru bendir til þess að á þessum tíma hafi verulega dregið úr verkjastillandi verkun morfínsins vegna mikillar þolmyndunar á undanförnum sólarhringum. Slík þolmyndun er algeng og getur verið mjög veruleg þegar morfín er notað á framangreindan hátt.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að ofangreind þolmyndun hafi einnig náð til aukaverkana morfínsins, þ.e. sljóvgandi áhrifa lyfsins.

Samkvæmt framangreindum gögnum mun Birgir ekki hafa fengið nein aukalyf, þ.e. umfram lyfjagjöf í vökva, sem gefin var stöðugt í æð, frá kl. 20 að kvöldi 12. ágúst og fram yfir þann tíma, sem nefnd erfðaskrá (dskj. nr. 2) er talin hafa verið gerð.

Niðurstaða:

Spurningum þeim sem beint er til matsmanna í dómskjali nr. 10 viljum við leitast við að svara á eftirfarandi hátt.

1. Með hliðsjón af framangreindum gögnum og umsögn okkar hér að framan, er það álit undirritaðra að Birgir heitinn Ásgeirsson hafi á þeirri stundu, sem nefnd erfðaskrá er talin hafa verið gerð, verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

2. Nei.

3. Auk framgreindra atriða teljum við að eftirfarandi upplýsingar kunni að skipta máli: a) Algengt er að dauðvona sjúklingar afneiti sjúkdómsgreiningu sinni, enda upplifi þeir að viðurkenning á sjúkdómsgreiningunni jafngildi uppgjöf. b) Í vottorði Sigurðar Árnasonar, læknis, dagsettu 9. mars 1985 er þess getið að Birgir hafi gert sér grein fyrir heildarumfangi eigna sinna og er það mat okkar að slíkt styðji nokkuð svar við spurningu nr. 1 hér að ofan. c) Í hjúkrunarskýrslu frá 13. ágúst 1984 er þess getið að Birgir heitinn hafi svarað kalli um „miðnótt". Við teljum að hér sé átt við miðbik næturvaktar, þ.e. kl. 03 - 03.30. d) Í greinargerð varnaraðila (dskj. nr. 6) er þess getið að þann 12.8. 1984 kl. rúmlega 23 um kvöldið hafi ættingjar Birgis heitins orðið varir við að tvær hjúkrunarkonur gæfu honum sprautu í handlegg. Okkur hefur ekki tekist að finna vísbendingu um þessa lyfjagjöf í framangreindum gögnum og teljum að hér hafi hugsanlega verið um misskilning að ræða, þ.e. að hjúkrunarfræðingar hafi verið að fást við vökvagjöfina, sem Birgir heitinn fékk í æð."

Þess má geta að við athugun á skýrslu um lyfjagjafir sést að hinn látni fékk kl. 22 hinn 12. ágúst lyfið Supp. Ind. Læknarnir kváðu þetta vera gigtarlyf er stillti beinverki en hefði engin áhrif á meðvitund sjúklings.

Báðir læknarnir sögðu, að það atvik, að þessarar lyfjagjafar er ógetið í álitsgerð þeirra, hefði engin áhrif á niðurstöðu hennar.

Álit réttarins.

Það er álit þeirra þriggja lækna sem komið hafa fyrir dóm í máli þessu að gangur sjúkdóms arfláta hafi verið mjög hraður. Hann lagðist banalegunа þriðjudaginn 7. ágúst, var samkvæmt framburði tveggja vitna vel málhress föstudaginn 10. sama mánaðar, en lést kl. 7:45 að morgni þriðjudagsins 14. sama mánaðar.

Það er mat dómarans að því skilyrði 44. greinar l. nr. 8/1962, að arfláti hafi orðið „skyndilega og hættulega sjúkur" verði hér að teljast fullnægt.

Það athugast að samkvæmt íslenskum lögum er það ekki skilyrði fyrir munnlegum arfleiðslugerningi að arfláta hafi eigi verið unnt (været forhindret i) að gera skriflega erfðaskrá.

Það styrkir framburð vottanna þriggja um að arfleiðslugerningur hafi farið fram, að votturinn Ingibjörg Bjartmarz bókar í hjúkrunarskýrslu, áður en hún fer af vakt um kl. 0:30 hinn 13. ágúst, að sjúklingurinn hafi gert „munnlega erfðaskrá". Ljósrit af umræddri hjúkrunarskýrslu liggur frammi í málinu og styður gervi skjalsins það eindregið að ekki sé um síðari tíma viðbót að ræða. Þá er þess getandi að votturinn Sigurður bókaði í læknaskýrslu (journal) við daginn 13. ágúst: „Sj. gerði munnlega erfðaskrá kl. 23:55 12/8."

Samkvæmt framburðum vottanna þriggja voru þeir sérstaklega tilkvaddir af arfláta til þess að taka við munnlegum arfleiðslugerningi, svo sem greinir á dskj. nr. 2.

Framburðir vottanna um efni arfleiðslugerningsins voru samhljóða. Nokkurn stuðning fyrir því að rétt sé farið með efni hans er einnig að finna í því, að votturinn Sigurður læknir sýndi í réttinum dagbók sína og voru þar við hinn 12. ágúst skráð hin tilvitnuðu orð, samhljóða orðunum á dskj. nr. 2, og bar læknirinn að hann hefði skráð þetta í dagbókina morguninn eftir, hinn 13. ágúst.

Kemur þá til álita hvort vottarnir hafi spillt arfleiðslugerningnum með því að skrásetja hann eigi svo fljótt sem kostur var og staðfesta með undirritun sinni.

Með tilliti til þess að ekki verður séð að sá dráttur sem varð á skráningu og undirritun gerningsins, skipti neinu máli um sönnun í máli þessu, þá er það mat dómarans að umræddur dráttur valdi ekki ógildi gerningsins.

Sama er að segja um minniháttar ágalla á dskj. nr. 2, svo sem að enginn vottanna tilgreinir heimilisfang sitt og að vottorð hjúkrunarfræðinganna er ódagsett. Þeir ágallar hafa ekki valdið sönnunarerfiðleikum í málinu, og ekki er um ófrávíkjanleg formskilyrði að ræða.

Fram er komið í málinu, að hinn látni var að kvöldi hins 12. ágúst heltekinn af krabbameini, að líkindum dauðvona af lungnabólgu og auk þess undir áhrifum af stærstu skömmtum hinna sterkustu eiturlyfja. Þrátt fyrir það hafa tveir dómkvaddir læknar, sérfræðingur í lyflækningum og sérfræðingur í geðlækningum, lýst því í álitsgerð og staðfest og útskýrt nánar fyrir dómi undir vitnaábyrgð, að frá læknisfræðilegu sjónarmiði hafi arfláti „á þeirri stundu sem nefnd erfðaskrá er talin hafa verið gerð, verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt". Framhjá þessu sérfræðilega áliti telur dómarinn sig ekki geta komist, en engin læknisfræðileg gögn hafa verið færð fram í málinu til að hnekkja því.

Til vara telja varnaraðilar það ljóst, að eigi hafi verið um fullnaðargerning að ræða. Hafa þeir fært fram þá veigamiklu röksemd að jafnvel þótt arfláti teldist á arfleiðslustundinni hafa haft nægilegt þrek og hugarstyrk til þess að koma þeirri ákvörðun sinni til skila að tryggja fjárhagslegt öryggi

sambýliskonu sinnar, þá sé ekki þar með sagt að hann hafi getað komið til skila öðrum ákvörðunum, svo sem að ganga ekki úr hófi á hlut aldraðrar móður sinnar, en kært hafi verið með þeim. Föðurarfur arfláta standi t.d. inni í óskiptu búi og geti bréferfinginn nú krafist skipta, verði byggt á hinum meinta munnlega arfleiðlsugerningi.

Dómarinn lítur svo á að enda þótt algengt sé, vilji maður í barnlausu hjónabandi tryggja hag sambýliskonu sinnar með erfðaskrá, að hann annaðhvort geri sambýliskonuna jafnsetta maka er fær búshluta og lögarf (⅔ hluta heildarbús), eða geri við hana sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þannig að eignir skiptist til helminga milli lögerfingja hvors um sig við lát þess langlífara, eða falli til stofnunar eða á annan hátt í þágu tiltekins málefnis, þá eigi slík niðurstaða í máli þessu sér ekki næga lagastoð. Venjan er ekki sönnuð og ekkert sem hald er í komið fram um líklegt viðbótarefni fullnaðargernings.

Sú leið að ógilda erfðaskrána alfarið á grundvelli téðrar mótbáru er ekki fær. Röksemdir varnaraðila fyrir því að ekki hafi verið um fullnaðargerning að ræða eru ekki nægilega sterkar til þess að talið verði að sóknaraðili hafi sönnunarskyldu um það að um fullnaðargerning hafi verið að ræða.

Samkvæmt framansögðu byggjast úrslit máls þessa á því að arfláti neytti hér einfaldlega lagaheimildar til þess að gera munnlega erfðaskrá og hún er formgild. Efni hennar er sannað og það er lögmætt, skýrt og ljóst, og ósannað að arfleifanda hafi brostið arfleiðsluhæfi.

Verða því dómkröfur sóknaraðila teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Á l y k t a r o r ð:

Munnleg erfðaskrá Birgis heitins Ásgeirssonar frá 12. ágúst 1984, sem skráð er á dskj. 2 í máli þessu, er metin gild.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 102/1987. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjársvik. Reynslulausn. Hegningarauki. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. mars 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Sakarefnum er lýst í héraðsdómi.

Misritast hefur í ákæru fjárhæð ávísunar nr. 2336178 10.000,00 krónur í stað 10.500,00 krónur. Þá hefur í héraðsdómi fallið niður að geta þess, að ákærða var samkvæmt I. kafla ákæru gefið að sök að hafa verið hlutdeildarmaður í brotum er þar greinir.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af broti sem greinir í III. kafla ákæru.

Af gögnum málsins má sjá, að líkindi eru til þess að ákærði hafi fyrstur átt hugmyndina að sölu tékkanna og ljóst er að hann lagði fyrirfram liðsinni sitt til sölu þeirra með framlagi fjár til að stofna hlaupareikninginn í Samvinnubankanum hf. og útvegun bifreiðarinnar og með þátttöku hans í brotunum að öðru leyti svo sem lýst er í héraðsdómi. Ber því að refsa honum sem aðalmanni fyrir brot þau er greinir í I. kafla ákæru, en þau varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, sem hafði 10 sinnum áður sætt refsidómum, var 4. júní 1983 veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum fangelsisrefsingar 171 degi. Hinn 31. maí 1985 kom ákærði fyrir dóm í máli þessu og tók við birtingu ákæru. Með brotum þeim, er mál þetta er risið af, rauf hann skilorð reynslulausnarinnar og átti héraðsdómari því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu

með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, þannig að hún yrði metin sem skilorðsdómur, en það hefur hann ekki gert. Þykir refsing ákærða samkvæmt því sem rakið hefur verið og með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi dagana 27. febrúar 1984 kl. 15:05 til kl. 17 þann 5. mars s.á. Skal gæsluvarðhaldstíminn koma refsingu til frádráttar með fullri dagatölu, samtals 8 dögum.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, svo sem í dómsorði greinir.

Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 24.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 24.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 60-62/1987: Ákæruvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 21. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1985, á hendur ákærðu, ,,Halldóri Lárusi Péturssyni, Ljósheimum 14, fæddum í Reykjavík 6. mars 1958, X og Y, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot gegn tékkalögum og almennum hegningarlögum á árinu 1984:

1. Ákærðu Y eru gefin að sök tékkasvik og meðákærðu Halldóri Lárusi og X hlutdeild í broti hennar, ákærðu Y fyrir að hafa föstudaginn 24. febrúar gefið út í eigin nafni til handhafa, nema annars sé getið, eftirgreinda 13 tékka á tékkareikning sinn nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík

samtals að fjárhæð kr. 119.936 og selt þá í lánastofnunum í Reykjavík og nágrenni án þess að nægilegt fé væri fyrir hendi á reikningum, og meðákærðu Halldóri Lárusi og X fyrir að hafa hvatt hana og veitt henni aðstoð við að ná til sín fénu, ákærði Halldór með því að leggja meðákærðu Y til 14.500,00 krónur til stofnunar reikningsins daginn áður í sviksamlegum tilgangi og aka henni síðan í bifreið á milli lánastofnana þar sem meðákærða Y seldi tékkana. Meðákærði X var ávallt viðstaddur í bifreiðinni ásamt Matthildi Eiðsdóttur, fæddri 18. mars 1961, og seldi sjálfur 3 tékka:

1) Tékki nr. 2336185, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Sparisjóði Kópavogs.

2) Tékki nr. 2336177, að fjárhæð kr. 12.500,00. Ákærða Y seldi tékkann í Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2336188, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4) Tékki nr. 2336189, að fjárhæð kr. 7.500,00. Ákærða Y seldi tékkann í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði.

5) Tékki nr. 2336180, að fjárhæð kr. 11.750,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Háaleitisútibúi Samvinnubankans í Reykjavík.

6) Tékki nr. 2336191, að fjárhæð kr. 10.000,00. Matthildur Eiðsdóttir seldi tékkann í Samvinnubankanum í Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 2336181, að fjárhæð kr. 11.252,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Alþýðubankanum við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

8) Tékki nr. 2336182, að fjárhæð kr. 9.890,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Útvegsbankanum í Glæsibæ í Reykjavík.

9) Tékki nr. 2336178, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á Seltjarnarnesi.

10) Tékki nr. 2336179, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

11) Tékki nr. 2336186, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

12) Tékki nr. 2336187, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað.

13) Tékki nr. 2336190, að fjárhæð kr. 11.544,00. Ákærða Y seldi tékkann í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði.

Telst háttsemi ákærðu Y varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, háttsemi ákærða X í liðum 5), 7) og 8) við sömu lagagrein en að öðru leyti við sömu lagagrein sbr. 22. gr. og háttsemi ákærða Halldórs Lárusar við 248. gr. hegningarlaganna.

2. Ákærðu Y og X er gefið að sök tékkabrot og tékkasvik, ákærðu Y með því að hafa framangreindan dag afhent meðákærða X innistæðulausa ávísun nr. 2336183 úr áðurnefndu tékkhefti að fjárhæð kr. 17.500,

sem hún gaf út úr reikningi sínum til X, ákærða X með því að hafa selt tékkann skömmu síðar í verslun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 62 í Keflavík þrátt fyrir fulla vitneskju um að peningar væru ekki fyrir hendi á reikningnum, sbr. ákærulið I að framan.

Telst brot ákærðu Y varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933 sbr. lög nr. 35, 1977 en brot ákærða X við 248. gr. hegningarlaganna.

3. Ákærða Halldóri Lárusi er einum gefið að sök að hafa í byrjun mars stolið myndbandstæki af gerðinni SHARP úr m.b. Gauki, sem lá í Grindavíkurhöfn, í félagi við þá Hallbjörn Einar Guðjónsson, fæddan 19.11. 1956, og Rögnvald Ómar Gunnarsson, fæddan 16.06. 1957 (RLR, mál nr. 2403).

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Fimmtudaginn 23. febrúar 1984 stofnaði ákærða Y tékkareikning nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík. Daginn eftir lagði ákærða 14.500,00 krónur inn á reikninginn og fékk afhent tékkhefti. Sama dag óku ákærðu milli banka í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Gaf ákærða Y út 13 tékka, samtals að fjárhæð 119.936,00 krónur, í eigin nafni á ofangreindan tékkareikning, 10 til handhafa og 3 til ákærða X. Ákærða Y fór sjálf með 9 af tékkunum í hinar ýmsu bankastofnanir, ákærði X með 3 þeirra og Matthildur Eiðsdóttir, sem slóst í för með ákærðu síðar um daginn, fór með 1 tékka í banka. Í öllum tilvikum var tékkunum skipt fyrir peninga, sem ákærðu fengu í hendur. Voru peningarnir settir í umslag í hanskahólfi bifreiðar þeirrar, sem ekið var milli banka. Ákærða Y greiddi í einum bankanna nokkra reikninga að fjárhæð 5.643,00 krónur. Tókst ákærðu að ná til sín með framangreindum hætti alls 114.292,55 krónum. Er ákærða Y reyndi að selja tékka að fjárhæð 10.000,00 krónur í útibúi Útvegsbanka Íslands við Smiðjuveg 1 í Kópavogi um kl. 16:00 greindan dag, var hún handtekin ásamt Matthildi Eiðsdóttur, en ákærða Halldóri Lárusi tókst að komast undan á hlaupum og fór huldu höfði 2 daga. Er Matthildur var handtekin fundust á henni 35.000,00 krónur. Ekkert fannst á ákærðu Y. Ákærði X hafði yfirgefið bifreiðina um klukkustund áður. Ákærði Halldór Lárus hafði fengið sambýliskonu sína til að taka á leigu fyrir sig bifreið þá, sem notuð var við verknaðinn, að morgni 24. febrúar 1984, þar sem ákærði var ökuréttindalaus, og ók ákærði bifreiðinni milli staða. Samkvæmt framburðum ákærðu Y og X svo og framburði Matthildar Eiðsdóttur, stjórnaði ákærði Halldór Lárus því í hvaða banka var farið. Hafði ákærði Halldór Lárus

að morgni sama dags og ákærða X stofnaði nefndan tékkareikning tekið 15.000,00 krónur út af verðtryggðum sparireikningi sínum hjá Sparisjóði vélstjóra.

Tékkar þeir, sem að ofan greinir, eru sem hér segir:

1) Tékki nr. 2336185, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Sparisjóði Kópavogs.

2) Tékki nr. 2336177, að fjárhæð kr. 12.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2336188, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4) Tékki nr. 2336189, að fjárhæð kr. 7.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði.

5) Tékki nr. 2336180, að fjárhæð kr. 11.750,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X. Ákærði X seldi síðan tékkann í Háaleitisútibúi Samvinnubankans í Reykjavík.

6) Tékki nr. 2336191, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og Matthildur Eiðsdóttir seldi hann síðan í Samvinnubankanum í Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 2336181, að fjárhæð kr. 11.252,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X og ákærði X seldi síðan tékkann í Alþýðubankanum við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

8) Tékki nr. 2336182, að fjárhæð kr. 9.890,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X. Ákærði X seldi tékkann í Útvegsbankanum í Glæsibæ í Reykjavík.

9) Tékki nr. 2336178, að fjárhæð kr. 10.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á Seltjarnarnesi.

10) Tékki nr. 2336179, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

11) Tékki nr. 2336186, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

12) Tékki nr. 2336187, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað.

13) Tékki nr. 2336190, að fjárhæð kr. 11.544,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði.

Ákærða Y skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hún hafi hitt meðákærða Halldór Lárus miðvikudaginn 22. febrúar 1984 niður í miðbæ í Hressingarskálanum. Hafi meðákærði spurt hana um hvort hún væri ekki til í að stofna tékkareikning og fá sér tékkhefti sem hún myndi síðan skrifa út úr, en hann myndi lána henni peninga til að stofna reikninginn. Myndu þau svo skipta þeim peningum sem þau fengju út úr þessu jafnt á milli sín. Ákærða kvaðst hafa sagt við meðákærða Halldór Lárus að hún ætlaði

að hugsa málið. Hafi meðákærði Halldór Lárus svo hringt til sín um kvöldið og hún þá sagt honum að hún væri til í þetta. Hafi hún þá verið búin að ráðfæra sig við Matthildi Eiðsdóttur sem hafi sagt ákærðu að þetta „væri ekkert mál, bara ef maður kæmist úr landi". Hafi þau Halldór Lárus hist næsta dag á veitingastað hér í borg og meðákærði Halldór Lárus þá sagt ákærðu að fara í Samvinnubankann í Bankastræti og sækja þar um ávísanareikning. Hafi meðákærði beðið fyrir utan meðan ákærða stofnaði reikninginn. Ákærða kvaðst hafa fengið þær upplýsingar í bankanum að hún gæti komið morguninn eftir og fengið tékkhefti. Ákærða kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi sótt sig að morgni föstudagsins 24. febrúar, og var þá meðákærði X heima hjá ákærðu. Fóru ákærða og meðákærði X út í bílaleigubíl, sem meðákærði Halldór Lárus ók. Var fyrst ekið í Sparisjóð vélstjóra, en þangað sótti meðákærði Halldór Lárus peninga. Var síðan ekið í Samvinnubankann í Bankastræti, þar sem ákærða fór inn og lagði inn á reikning sinn 14.500,00 krónur, sem meðákærði Halldór Lárus hafði látið hana hafa, eftir að hann kom út úr Sparisjóði vélstjóra. Fékk ákærða tékkhefti og fór aftur út í bifreiðina. Var fyrst ekið í Landsbankann, þar sem ákærða reyndi að skipta 10.000,00 króna tékka, en þar var henni vísað á Samvinnubankann. Var þá farið í Sparisjóð Reykjavíkur við Skólavörðustíg, þar sem ákærða skipti 10.000,00 króna tékka. Því næst var farið í áfengisverslunina við Lindargötu, þar sem meðákærði X keypti eina rauðvínsflösku. Næst seldi ákærða tékka í Sparisjóði á Seltjarnarnesi, en síðan var farið í ýmsa banka og útibú í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað og Hafnarfirði. Ákærða kvaðst yfirleitt hafa stílað tékkana á handhafa, nema nokkra tékka sem stílaðir hafi verið á meðákærða X og hafi hann farið sjálfur með þá tékka í banka. Ákærða kvað að Matthildur Eiðsdóttir hafi verið sótt heim til ákærðu um kl. 12:30 um daginn og hún verið með í bifreiðinni er ekið var í Kópavog, Garðakaupstað og Hafnarfjörð. Hafi hún vitað hvað verið var að gera, enda ákærða verið búin að ræða um það við hana. Ákærða kvað að peningarnir hafi alltaf verið settir í umslag í hanskahólfi bifreiðarinnar. Ákærða kvað að meðákærði X hafi yfirgefið bifreiðina um kl. 14:30 og haft þá með sér eitthvað af peningum og tvo óselda og útfyllta tékka. Ákærða kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi verið svo æstur að komast í sem flesta banka fyrir kl. 16:00 að hann hafi ekki leyft að stansað yrði í „sjoppu" til að kaupa eitthvað að borða. Kvaðst ákærða hafa verið orðin hrædd við þetta, þar sem hringt hafi verið úr nokkrum bankanna í Samvinnubankann, og vildi ákærða hætta þessu, en meðákærði Halldór Lárus tók það ekki í mál, þannig að haldið var áfram uns ákærða og Matthildur voru handteknar um kl. 16:00 í útibúi Útvegsbankans í Kópavogi. Ákærða kvaðst hafa greitt nokkra reikninga svo sem vegna ljóss, hita, síma og húsgjalds í nokkrum bankanna fyrir

samtals um 11.000,00 krónur. Annað kvaðst hún ekki hafa haft upp úr þessu. Ákærða kvað ástæðuna fyrir því að hún féllst á að gera þetta að frumkvæði Halldórs Lárusar hafa verið þá, að hún hafi verið peningalaus og skuldug og ekki einu sinni átt fyrir mat handa sér og 3ja ára gömlu barni sínu.

Við meðferð málsins skýrði ákærða frá mjög á sama veg. Kvaðst hún hafa verið nýbúin að standa í skilnaði og verið mjög miður sín vegna þess og illa á sig komin andlega, fjárhagslega og félagslega. Hafi hún hitt meðákærða Halldór Lárus í miðborginni og hann stungið upp á því að þau færu út í þessa fjáröflunarleið. Hefði meðákærði Halldór Lárus sagst mundu lána henni 10.000,00 krónur til að stofna tékkareikning og þetta yrði „ekkert mál". Hann mundi stinga gat á tölvurákina neðst á tékkanum og „þá mundu þeir ekki fara inn í tölvuna". Nafn hans mætti hins vegar hvergi koma fram þar sem hann væri á skilorði. Hafi ákærða tekið sér umhugsunarfrest og m.a. rætt við Matthildi Eiðsdóttur sem kvað þetta ekki vera „neitt mál".

Meðákærði Halldór Lárus hafi svo komið næsta morgun á bílaleigubíl heim til ákærðu, og var meðákærði X þá staddur á heimili ákærðu. Ók meðákærði Halldór Lárus fyrst í Sparisjóð vélstjóra þar sem hann fór inn, og er hann kom til baka fékk hann ákærðu peninga til að stofna tékkareikning. Hefði meðákærði Halldór Lárus fyrst ekið í áfengisverslun og síðan í banka í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum. Hafi meðákærði Halldór Lárus gefið ákærðu meðan á þessu stóð einhverjar róandi töflur, valíum eða slíkt. Kvaðst ákærða fljótlega hafa viljað hætta við allt saman og vart treyst sér í fleiri banka og færst undan. Var því farið heim til ákærðu og Matthildur sótt og hún svo tekið þátt í þessu.

Ákærði X skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið á „fylleríi" og komið upp í Blikahóla 4 að morgni föstudagsins 24. febrúar 1984. Voru þar þá fyrir meðákærða Y og Matthildur Eiðsdóttir. Kom svo síðar þangað meðákærði Halldór Lárus, og var hann á einhverri Volkswagen-bifreið. Var síðan farið út að aka og ók meðákærði Halldór Lárus bifreiðinni. Fékk ákærði að sitja í og ætlaði að fá far heim til sín. Hins vegar bauð meðákærði Halldór Lárus ákærða að vera með í ferðinni og bauðst til að gefa ákærða brennivín. Var fyrst farið að Sparisjóði vélstjóra við Borgartún. Þar hafi bæði Halldór Lárus og Y farið inn. Hafi þau komið út með peninga og ákærði fengið af þeim 500,00 krónur hjá meðákærða Halldóri Lárusi til að kaupa áfengi. Var síðan ekið á milli bankastofnana í bænum. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað strax hvað um var að vera, en áttaði sig síðan á því að verið var að selja tékka. Sá ákærði strax, að ekki var um fals að ræða, þar sem meðákærða Y skrifaði alltaf sitt rétta nafn á tékkana. Hafi hún skrifað alla tékkana og farið ein inn til

að selja þá. Hafi meðákærða Y síðan farið að tala um að oft væri búið að hringja úr bönkunum til að spyrja um innstæður á þessum reikningi sem gefið var út á, og datt þá ákærða í hug að láta hana gefa út tékka á sitt nafn. Fór ákærði inn með þá tékka og skipti þeim sjálfur. Ákærði kvaðst hafa verið með í þessu fram til kl. 15:00 um daginn og var þá búið að fara í Sparisjóðinn í Kópavogi og Útvegsbankann við Digranesveg, en þar fór ákærði úr bifreiðinni og tók leigubifreið heim til sín. Er ákærði fór fékk hann 1.000,00 krónur hjá meðákærða Halldóri Lárusi og 2 tékka, sem meðákærða Y var búin að rita. Var annar að fjárhæð kr. 8.000,00. Þann tékka kvaðst ákærði hafa rifið þar sem búið hafi verið að stimpla á hann í Samvinnubankanum á Suðurlandsbraut að hann væri innistæðulaus. Hinn tékkinn var að fjárhæð 17.500,00 krónur, og er fjallað um þann tékka í II. kafla ákæru þessarar. Ákærði kvað að allir þeir peningar sem komu inn fyrir tékkana hafi verið settir í möppu í hanskahólfi bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði hafa rétt þá peninga sem hann fékk fram í til meðákærðu Halldórs Lárusar og Y sem hafi tekið við þeim.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá að hann hafi þvælst inn í málið þar sem hann hafi verið staddur heima hjá meðákærðu Y, ásamt Matthildi Eiðsdóttur, er meðákærði Halldór Lárus kom þangað á bifreið „sem hann hafði útvegað sér til starfans". Neitaði ákærði því eindregið að hafa tekið þátt í einhverjum fyrirfram ákveðnum áformum um þá brotastarfsemi sem ákært er út af. Hafi hann gert sér grein fyrir hvað var á seyði er ekið var á milli banka. Kvaðst ákærði ekki hafa skipt tékkum fyrr en líða tók á daginn. Hafi sinn hlutur í þessu aðeins verið áfengisflaska sem hann fékk um morguninn og andvirði tékkans sem fjallað er um í II. kafla ákæru. Ákærði kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi stjórnað bifreiðinni allan tímann og ákærða fundist „hann vera með áfangastaðina í kollinum". Fannst ákærða að meðákærðu Y hafi verið ýtt út í þetta, því að meðákærði Halldór Lárus hafi lagt fram „startfé". Hafi fyrst verið farið í Sparisjóð vélstjóra og meðákærði Halldór Lárus sótt peningana þangað. Síðan hafi verið farið í Samvinnubankann í Bankastræti og þaðan í Vesturbæjarútibú Landsbankans. Kvaðst ákærði hafa áttað sig við það útibú hvað var á seyði, því að meðákærða Y hafi ritað tékkann í bifreiðinni. Eftir að Y kom úr útibúinu afhenti hún Halldóri Lárusi peningana, og taldi ákærði að svo hafi verið í flestum tilvikum. Ákærði kvað að Matthildur Eiðsdóttir hafi ekki farið með þeim fyrst um morguninn heldur síðar eftir að komið var aftur að Blikahólum 4. Mundi ákærði ekki eftir hve mörgum tékkum var skipt eftir að Matthildur kom í bifreiðina. Ákærði kvað að skömmu fyrir komu Halldórs Lárusar að Blikahólum 4 hafi Y spurt sig hvort Halldóri Lárusi væri treystandi. Sagði ákærði henni þá að Halldór Lárus væri útsmoginn. Hafi samtalið ekki orðið lengra þar sem

Halldór Lárus birtist í því. Kvað ákærði að sér hafi virst sem meðákærðu hafi verið búin að koma sér saman um þetta áður en að Halldór Lárus hafi virst stjórna þessu.

Matthildur Eiðsdóttir, Hraunbæ 44, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hún hafi farið í Félagsmálastofnun miðvikudaginn 22. febrúar 1984 um kl. 14:00, og hafi ákærða Y beðið eftir sér í Hressingarskálanum. Er Matthildur kom til baka sat ákærða við borð hjá ákærða Halldóri Lárusi og einhverjum strák. Voru þau eitthvað að ræða um að ná út fé með tékkum og heyrði Matthildur að ákærða Y sagði að hún ætlaði að hugsa málið og að ákærði Halldór Lárus sagðist ætla að hringja í hana um kvöldið. Fóru þeir síðan, ákærði Halldór Lárus og strákurinn. Urðu þær eftir ákærða Y og Matthildur og fór ákærða þá að segja frá um hvað hafi verið talað, en það hafi verið að ákærði Halldór Lárus hefði beðið hana um að opna tékkareikning á eigið nafn og að hann ætlaði að útvega peningana til að leggja inn á reikninginn. Síðan ætti að ná út eins miklum peningum og unnt væri. Fór ákærða Y heim til sín skömmu síðar. Er Matthildur kom til hennar að kvöldi sama dags sagði ákærða Y að ákærði Halldór Lárus væri búinn að hringja og þau ákveðið að hittast næsta dag. Hitti Matthildur ákærðu Y að kvöldi næsta dags og sagði ákærða henni þá að hún væri búin að sækja um tékkareikning í Samvinnubankanum og að ákærði Halldór Lárus ætlaði að koma snemma næsta morgun og þá ætti að ganga frá málinu í bankanum og reyna að ná út peningum. Daginn eftir kvaðst Matthildur hafa vaknað kl. 14:30 við það að ákærðu Halldór Lárus og Y komu til hennar að Blikahólum 4, þar sem hún kvaðst hafa fengið að sofa undanfarnar nætur. Hafi hún farið með þeim í bílaleigubíl sem ákærði Halldór Lárus ók. Var fyrst ekið í Kópavog og farið í tvo banka. Fór ákærða Y þar inn og kom út með peninga sem látnir voru í umslag í hanskahólfi bifreiðarinnar. Þá var ekið í Garðakaupstað þar sem sama sagan endurtók sig. Síðan var farið í Hafnarfjörð og farið þar í þrjá banka að því er Matthildi minnti. Kom ákærða Y alltaf til baka með peninga sem látnir voru í umslagið. Stjórnaði ákærði Halldór Lárus því hvert ekið var. Þegar komið var frá Hafnarfirði ætlaði ákærði Halldór Lárus að aka til Reykjavíkur, en þá stakk ákærða Y upp á því að fara í banka við Smiðjuveginn í Kópavogi, og var haldið þangað. Fór ákærða Y þar inn, en Matthildur og ákærði Halldór Lárus biðu í bifreiðinni. Kom þá maður út og gekk að bifreiðinni og bað um að bifreiðinni yrði ekið að bankanum. Talaði þá ákærði Halldór Lárus um að stinga af, en Matthildur kvaðst hafa sagt honum að gera það ekki og ók hann þá að bankanum. Þar tók maðurinn lykilinn úr bifreiðinni. Flutti meðákærði Halldór Lárus sig þá í farþegasætið án þess að segja neitt. Sá Matthildur hann eiga eitthvað við hanskahólfið en síðan hljóp hann út og hvarf. Eftir að hann

var farinn úr bifreiðinni og maðurinn fór að elta hann gáði Matthildur í hanskahólfið, og var þar eitthvað af 500 króna seðlum. Tók hún þá og stakk í buxur sem hún var í, þar sem þeir síðan fundust. Vissi Matthildur ekki hve mikla peninga hún tók úr hanskahólfinu. Matthildur kvað að þegar hún hafi verið í bifreiðinni hafi ákærða Y sett alla peninga í umslagið í hanskahólfinu, en ákærðu Y og Halldór Lárus hafi síðan ætlað að skipta þeim til helminga. Hafi ákærði Halldór Lárus talað um það að hann mætti ekki blandast neitt inn í þetta mál þar sem hann væri á skilorði. Hafi ákærði Halldór Lárus verið mjög æstur og tímabundinn og hafi hann stjórnað þessu öllu, nema að ákærða Y hafi stungið upp á því að fara í síðasta bankann. Matthildur kvaðst hafa vitað að ákærða Y hafi verið alveg peningalaus og hún hefði aldrei getað opnað tékkareikning nema með því að fá peninga frá öðrum. Kvaðst Matthildur einnig vera viss um að það hafi verið ákærði Halldór Lárus sem hafi átt hugmyndina að þessu og að hann hafi verið stjórnandinn. Matthildur kvað sig hafa grunað að ákærða Y hafi verið að gefa út innstæðulausa tékka, en að hún hafi ekkert viljað skipta sér af því.

Við meðferð málsins skýrði Matthildur svo frá að hún hafi ekki komið í bifreiðina greint sinn fyrr en eftir hádegi. Hafi ákærði Halldór Lárus ekið, ákærða Y setið í framsæti hjá honum og ákærði X og hún sjálf í aftursæti. Hafi ákærði X farið úr bifreiðinni strax í Kópavogi. Síðan hafi verið farið í 2 eða 3 banka í Kópavogi, þá í einhverja banka í Hafnarfirði, ekki mundi hún hve marga, en hún hefði skipt einni ávísun. Þá minnti hana að fyrst hafi verið farið í Garðakaupstað og loks í Kópavog þar sem þau voru tekin. Kvaðst Matthildur hafa séð ákærðu Y setja peningana í hanskahólfið eftir að hún kom úr bönkunum. Hafi hún (Matthildur) látið ákærðu Y hafa peningana sem hún fékk fyrir tékkann sem hún skipti. Eftir að ákærði Halldór Lárus stökk á brott úr bifreiðinni hafi hún tekið peninga úr hanskahólfinu sem síðan hefðu verið teknir af henni í fangelsinu í Síðumúla.

Ákærði Halldór Lárus, sem gengur undir nafninu „Dolli“, hefur frá upphafi neitað allri aðild að máli þessu. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 26. febrúar 1984, skýrði hann svo frá að Kristín Gísladóttir (sambýliskona hans) hefði tekið á leigu bifreið hjá Bílaleigu Akureyrar að morgni föstudagsins 24. febrúar 1984. Ákærði kvaðst ekki hafa getað tekið bifreið á leigu þar sem hann hafi verið ökuréttindalaus. Ákærði kvaðst hafa ekið Kristínu til vinkonu hennar í Breiðholti en farið um hádegi til meðákærðu Y að Blikahólum 4. Hafi hún beðið sig um að aka í nokkra banka þar sem hún þyrfti að greiða reikninga. Ákærði mundi ekki í hvaða banka þau hefðu haldið fyrst, en að meðákærða hefði farið í nokkra banka í miðborginni og sagt að hún væri að greiða ýmsa heimilisreikninga. Ákærði

kvaðst ekki hafa séð neina peninga hjá meðákærðu en að hún hefði hins vegar verið með tékkhefti. Þegar ákærða hafi verið búin að fara í nokkra banka í miðborginni hafi hún óskað eftir því að ákærði æki með hana heim í Blikahóla 4, og er þangað kom hafi verið þar fyrir Matthildur Eiðsdóttir. Eftir að hafa stoppað stutt þar, hafi ákærða Y óskað eftir að ákærði æki henni í banka í Kópavogi. Kvaðst ákærði hafa fallist á það og hafi Matthildur nú verið með í förum. Ákærði kvað að ákærða Y hafi farið inn í bankann en ákærði og Matthildur beðið í bifreiðinni. Skyndilega hafi einhver maður komið að bifreiðinni og sagt við ákærða að koma með sér inn í bankann og jafnframt tekið kveikjuláslyklana úr bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa fundið að þarna voru einhver vandræði á ferð og því hlaupið á brott. Ákærði neitaði alfarið að hann hefði fengið ákærðu Y til að opna tékkareikning í Samvinnubankanum og taldi að ákærða væri „snarbiluð og ætti að sæta geðrannsókn." Aðspurður um tilganginn með töku bílaleigubifreiðarinnar kvaðst ákærði hafa þurft að útrétta ýmislegt fyrir sjálfan sig. Ákærði harðneitaði að hafa tekið peninga úr hanskahólfi bifreiðarinnar er hann yfirgaf hana í Kópavogi greint sinn.

Við yfirheyrslu 29. febrúar s.á. voru ákærða kynntir framburðir aðila í málinu þess efnis að hann hefði komið að Blikahólum 4 snemma að morgni umrædds föstudags. Ákærði kvaðst ekki muna hvað klukkan var, en hún gæti hafa verið 11 eða 12. Ákærði kvaðst ekki hafa átt neitt sérstakt erindi frekar en venjulega er hann hafi farið þangað til að heimsækja ákærðu Y og aðra, sem hjá henni eru. Ákærði kvaðst hafa farið í ökuferð frá Blikahólum 4 og hafi ákærðu Y og X farið með. Ákærði kvaðst ekki hafa látið meðákærða X hafa neina peninga, en vitað að meðákærði keypti sér flösku af léttvíni. Ákærði kvaðst ekki hafa hitt meðákærðu Y á fimmtudeginum þar á undan og ekki átt á nokkurn hátt þátt í að aðstoða meðákærðu Y við að stofna tékkareikning í Samvinnubankanum. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni á ýmsa staði að fyrirmælum ákærðu Y.

Við yfirheyrslu yfir ákærða 2. mars s.á. var ákærða bent á að hann hefði þann 24. febrúar þar á undan tekið út af verðtryggðum Sparireikningi sínum nr. 701474 hjá Sparisjóði vélstjóra 15.000,00 krónur. Kvað ákærði að það kæmi þessu máli ekkert við og taldi það einkamál hans þegar hann tæki út peninga út af innlánsreikningum hans við bankastofnanir hér í borg eða annars staðar. Ákærði kvaðst hafa þurft að greiða ýmsar skuldir sem hafi hvílt á honum þá um langa tíð, þar sem þessi reikningur sé lokaður um 6 mánuði í senn en síðan opinn til úttektar í einn mánuð. Hafi þessi reikningur verið opinn í febrúar og hann tekið út af reikningnum þann mánuð um 60.000,00 krónur.

Við samprófun með ákærða Halldóri Lárusi og ákærðu Y hinn 1. mars

1984 héldu hvort um sig fast við fyrri framburði í málinu þannig að samræmi náðist ekki á framburðum þeirra.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði ekki vera sekur um ákæruatriðin í þessum kafla ákæru. Ákærði kannaðist við að hafa ekið meðákærðu Y í nokkra banka á Seltjarnarnesi, Garðakaupstað og Hafnarfirði. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað annað en að hún hafi ætlað að greiða reikninga, og hafi hún komið með reikninga úr bönkum. Ákærði kvað að meðákærði X hafi verið í bílnum allan tímann, en Matthildur hafi ekki komið í hann fyrr en síðar, eftir að farið hafði verið aftur heim til meðákærðu Y. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að meðákærði X hefði farið inn í neinn banka. Ákærði mundi ekki eftir að Matthildur hafi farið inn í banka í Kópavogi. Ákærði kvaðst hafa stokkið á brott vegna þess að hann hafi ekki viljað lenda í neinu veseni þar sem hann hafi verið á skilorði. Hafi hann ekki haft hugmynd um að neitt ólöglegt athæfi ætti sér stað þarna. Ákærði mótmælti því að meðákærða Y hafi fyrir sitt frumkvæði stofnað tékkareikning í Samvinnubankanum í sviksamlegum tilgangi og að þau hafi komið sér saman um að skipta fénu jafnt. Ákærði neitaði einnig að hafa látið meðákærðu Y fá peninga til að opna reikning eða til annars. Ákærði kvað það jafnframt rangt að hann hafi ráðið ferðinni um það í hvaða banka var farið. Ákærði kvað það rétt að sambýliskona hans Kristín Gísladóttir hafi tekið bifreið á leigu fyrir sín orð. Kvaðst ákærði vera ökuréttindalaus og því hafi Kristín verið leigutaki. Ákærði var spurður um hvort honum væri ekki kunnugt um samstarf bankanna þess efnis að hægt sé að greiða kröfur í einum og sama bankanum, jafnvel þó kröfur séu til innheimtu í mörgum bönkum. Ákærði kvað þá að það væri ekki „sín deild" og konan sæi um fjármál heimilisins.

Kristín Gísladóttir, Freyjugötu 36, Reykjavík, kannaðist við rannsókn málsins við að hafa tekið bifreið á leigu fyrir ákærða Halldór Lárus þann 24. febrúar 1984. Kvaðst hún hafa farið á Bílaleigu Akureyrar laust eftir kl. 9:00 um morguninn og tekið þar á leigu bifreiðina A-8428 og greitt fyrir hana 1.000,00 krónur. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni heim til ákærða að Ljósheimum 14. Þaðan var ekið að Heiðnabergi 10, þar sem hún kvaðst hafa farið úr bifreiðinni og ákærði tekið við henni. Kvaðst Kristín ekkert vita frekar um ferðir ákærða fyrr en kl. 19:00 um kvöldið er hann hafi hringt heim til sín og sagt að bifreiðin væri í Kópavogi. Hafi hún þá spurt ákærða hvort hann væri með lyklana, þannig að hún gæti skilað bifreiðinni, en þá hafi ákærði sagt að hann myndi tala við hana seinna.

Er Kristín kom fyrir dóminn sem vitni kvaðst hún vera sambýliskona ákærða Halldórs Lárusar. Væru þau búin að vera saman í 3 ár og ættu eitt barn saman. Notfærði hún sér rétt sinn til að skorast undan vætti í málinu með vísan til þessa.

Birgir Þór Borgþórsson, gjaldkeri í Útvegsbankanum að Smiðjuvegi 1, Kópavogi, kvaðst hafa verið við störf í bankanum föstudaginn 24. febrúar er þangað kom stúlka rétt fyrir kl. 16:00 sem framvísaði tékka á Samvinnubankann að fjárhæð 10.00,00 krónur. Vitnið kvaðst hafa farið að aðstoða gjaldkera þann sem stúlkan var að reyna að skipta tékkanum hjá og þeir fengið stúlkuna með sér afsíðis inn á kaffistofu starfsfólksins, þar sem grunur hafi vaknað um það að allt væri ekki með felldu. Hafi einn af starfsmönnum bankans séð aðra stúlku með nefndri stúlku og kvaðst vitnið hafa farið út fyrir bankann til að kanna það nánar og þá séð bifreið með manni í og einum kvenmanni fyrir norðan bankann, þannig að bifreiðin hafi ekki sést frá innganginum í bankann. Vitnið kvaðst hafa gengið að bifreiðinni, sem hafi verið í gangi, og tekið manninn, sem var undir stýri, tali. Kvaðst vitnið strax hafa þekkt manninn undir nafninu ,,Dolli" og spurt hann hvað hann væri að gera. Hafi ,,Dolli" svarað því til að hann væri að bíða eftir vini sínum, en orðið fátt um svör er vitnið spurði hann hvar vinur hans væri. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því að ,,Dolli" hafi verið taugaóstyrkur. Kvaðst vitnið hafa spurt fólkið hvort það kannaðist við stúlku þá sem var inni í kaffistofunni, en maðurinn og konan bæði þvertekið fyrir það. Hafi þau neitað að fylgja vitninu inn í bankann og vitnið tekið það ráð að drepa á hreyfli bifreiðarinnar og taka lykilinn úr kveikjulásnum. Fór vitnið að því búnu inn í bankann til að athuga frekar með lögregluna sem búið var að hringja á. Kom vitnið út að lítilli stund liðinni, og var ,,Dolli" þá horfinn. Kvaðst vitnið hafa hlaupið um næsta nágrenni bankans en hvergi séð til ferða ,,Dolla".

Niðurstöður:

Sannað er með eigin játningu ákærðu Y, sem er að öllu leyti í samræmi við önnur gögn málsins, að hún hafi gefið út í eigin nafni, ýmist til handhafa eða til meðákærða X, þá 13 tékka, sem í ákæru greinir, á tékkareikning sinn nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík, samtals að fjárhæð 119.936,00 krónur, og að hún hafi vitað, er hún gaf tékkana út að næg innstæða var ekki fyrir hendi á reikningnum sem hún hafði stofnað sama dag og lagt inn á 14.500,00 krónur. Þá er og sannað á sama hátt að ákærða hafi sjálf selt 9 af framangreindum tékkum svo sem í ákæru greinir. Varðar háttsemi ákærðu við 248 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá er sannað með eigin játningu ákærða X og öðrum gögnum málsins að hann hafi selt í bönkum þá 3 tékka, sem um getur í 5., 7. og 8. lið þessa kafla ákærunnar, þrátt fyrir að hann vissi að næg innstæða var ekki á tékkareikningnum. Varðar sú háttsemi ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir eigi í ljós leitt að ákærði hafi hvatt meðákærðu Y eða veitt henni aðstoð til að ná til sín fénu á annan hátt

en að ofan greinir. Samkvæmt framansögðu er ákærði sýknaður af því að hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Að lokum þykir fyllilega sannað með framburðum Y og Matthildar Eiðsdóttur gegn neitun ákærða Halldórs Lárusar Péturssonar að ákærði Halldór Lárus hafi hvatt meðákærðu Y til að ná til sín þeim fjármunum sem fjallað er um í ákærukafla þessum og veitt henni aðstoð til þess með því að leggja henni til 14.500,00 krónur til stofnunar tékkareikningsins sama dag og féð var svikið út og með því að aka henni milli bankastofnana í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Það þykir einnig renna stoðum undir sekt ákærða að hann fékk sambýliskonu sína, Kristínu Gísladóttur, til að taka bifreið þá sem hann ók á milli bankanna á leigu að morgni sama dags og fjársvikin áttu sér stað, að hann tók 15.000,00 krónur út af verðtryggðum sparireikningi sínum sama morgun og að hann hljópst á brott rétt áður en Y og Matthildur Eiðsdóttir voru handteknar og fór huldu höfði 2 daga. Með framangreindri háttsemi þykir ákærði hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu hafa verið lagðar fram bótakröfur frá Landsbanka Íslands, Samvinnubanka Íslands, Sparisjóði Hafnarfjarðar og Sparisjóði Kópavogs, samtals að fjárhæð 36.815,00 krónur. Ákærða Y greiddi þann 30. apríl 1984, 35.000,00 krónur af þeirri fjárhæð. Ákærða hefur nú staðið að fullu skil á framangreindum bótakröfum. Auk þess hefur verjandi hennar lagt fram kvittanir frá hinum ýmsu kröfuhöfum í máli þessu, samtals að fjárhæð 51.567,00 krónur, sem eru vegna greiðslna, sem ákærða hefur innt af hendi vegna útgáfu hinna innstæðulausu tékka sem fjallað er um hér að framan.

II.

Sama dag og fjársvik þau, sem um er fjallað í I. kafla ákæru þessarar, áttu sér stað, gaf ákærða Y út tékka nr. 2336183, 17.500,00 krónur af tékkareikningi sínum við Samvinnubankann í Reykjavík nr. 12777, til ákærða X. Ákærða gaf tékkann út þrátt fyrir það að hún vissi að hann væri innstæðulaus. Ákærði X hefur við rannsókn málsins og meðferð þess játað að hafa selt tékkann skömmu síðar í Kaupfélagi Suðurnesja til greiðslu á gallabuxum, og að hafa fengið meginhluta tékkans greiddan til baka í reiðufé. Ákærði gerði sér grein fyrir að engin innstæða var til fyrir tékkanum.

Brot ákærðu eru sönnuð með eigin játningum þeirra, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar brot ákærða X við 248. gr. almennra hegningarlaga og brot ákærðu Y við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Af hálfu Kaupfélags Suðurnesja var lögð fram bótakrafa að fjárhæð 17.500,00 krónur. Með bréfi kaupfélagsins, dags. 10. október sl., var krafan afturkölluð, þar sem ákærða Y hafði þá staðið skil á greiðslu hennar.

III.

Aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1984 var myndbandstæki af tegundinni Sharp stolið úr m.b. Gauki, sem lá í Grindavíkurhöfn. Hallbjörn Einar Guðjónsson og Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson hafa báðir játað að hafa farið til Grindavíkur umrætt sinn og stolið tækinu. Voru þeir sakfelldir fyrir framangreindan verknað með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. júní 1985. Þeir hafa báðir borið að með þeim í ferðinni til Grindavíkur greint sinn hafi verið ákærði Halldór Lárus og hafi hann beðið í bifreið þeirri sem þeir fóru í þangað, meðan þeir fóru um borð og stálu tækinu. Þeir hafa jafnframt borið að með þeim í ferðinni hafi verið Þórður Sigurjónsson, Bárugötu 40, Reykjavík, en hann hefur staðhæft að hann hafi ekki farið í þessa ferð. Hallbjörn Einar og Rögnvaldur Ómar Berg hafa báðir fullyrt, að þeir hafi, eftir þjófnaðinn, selt ákærða Halldóri Lárusi tækið fyrir 10.000,00 krónur sem ákærði hafi greitt fyrir í reiðufé.

Ákærði hefur frá upphafi algjörlega neitað að hafa farið til Grindavíkur umrætt sinn með Hallbirni Einari og Rögnvaldi Ómari eða að hafa keypt umrætt myndbandstæki af þeim, en tæki þetta hefur ekki komið í leitirnar. Þegar virtir eru framburðir Hallbjörns Einars og Rögnvalds Ómars annars vegar og ákærða og Þórðar Sigurjónssonar hins vegar svo og það að bæði Hallbjörn Einar og Rögnvaldur Ómar hafa haldið því fram að ákærði hafi keypt tæki það sem hann er hér ákærður fyrir að hafa stolið, þykir leika það mikill vafi á að ákærði hafi átt hér hlut að máli að sýkna beri ákærða af broti því sem hann er hér ákærður fyrir.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu Halldórs Lárusar og X hafa þeir sætt eftirtöldum refsingum:

1974 45 daga skilorðsb. fangelsi fyrir nytjastuld o.fl.
1976 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað o.fl.
1975 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.
1979 45 daga fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.
1980 60 daga fangelsi fyrir hylmingu.
1980 Sakfelldur fyrir þjófnað en ekki dæmd refsing.
1981 20 mánaða fangelsi og 15 þús. kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr. a hegningarlaga (Hæstaréttardómur í því máli: 16 mán. fangelsi og 20. þús. kr. sekt.).
1982 Hegningarauki 50 daga varðhald (sic) fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf.

1984 40 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot.

1986 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Sakavottorð tilgreinir einnig 10 sektir samkvæmt dómsátt, þar af fimm fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum.

— — —

Ákærði Halldór Lárus Pétursson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, og verður refsing hans metin með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á máli því, sem fjallað er um í 1. kafla ákæru frá 27. febrúar til 5. mars 1984 og skal sá tími koma refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærðu Y til að greiða skipuðum verjanda sínum, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000,00 og ákærða Halldór Lárus Pétursson til að greiða skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.00,00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómarinn getur þess að hann tók við máli þessu 1. desember 1986, en hefur engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærða Y sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hennar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Halldór Lárus Pétursson sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 27. febrúar til 5. mars 1984, alls 7 dagar.

Ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærða Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, 20.000,00 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Halldór Lárus Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 20.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 91/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Lárusi Péturssyni og
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
Kristgeiri Hákonarsyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Skjalafals. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1987, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Sakarefnum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því að ákærðu hafi staðið að fölsun tékkanna og verið með í för til að selja þá. Staðfesta ber sakarmat í héraðsdómi og færslu atferlis ákærðu til refsiákvæða.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 102/1987, sem upp var kveðinn fyrr í dag, var ákærða Halldóri Lárusi Péturssyni dæmt fangelsi í 12 mánuði vegna brota á 248. gr. almennra hegningarlaga framinna í febrúar 1984, en með þeim brotum rauf hann jafnframt skilyrði reynslulausnar sem honum var veitt 4. júní 1983. Að þessu athuguðu og ennfremur með vísan til 72. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar ákærða Halldór verður staðfest ákvörðun í héraðsdómi um refsingu ákærðu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu in solidum til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði Halldór Lárus greiði málsvarnarlaun til skipaðs verj-

anda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 16.000,00 krónur. Ákærði Kristgeir greiði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 16.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 16.000,00 krónur, greiði ákærðu in solidum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum ósammála dómsatkvæði meirihlutans af ástæðum þeim, er hér greinir:

Ákærðu hafa staðfastlega neitað að hafa framið þau brot, sem þeir eru ákærðir fyrir. Rithandarrannsókn fór ekki fram í máli þessu. Þeir þrír menn, sem voru meðákærðir í héraði, hafa borið að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna, er brotin voru framin. Minni þeirra á atburðum var því óglöggt og framburðir hvarflandi og óábyggilegir. Þeir voru fyrst yfirheyrðir hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. september 1984, þ.e. 18 dögum eftir ákæruatburðina. Þegar þetta er haft í huga, verður að telja að svo mikill vafi leiki á um sekt ákærðu að rétt sé að sýkna þá í máli þessu með skírskotun til 108. gr. laga nr. 74/1974. Eftir þessum málalokum ber samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, að vísa skaðabótakröfu Vörumarkaðarins h/f frá dómi. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 140. gr. 1. mgr. laga nr. 74/1974.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 661-665/1986: Ákæruvaldið gegn X, Halldóri Lárusi Péturssyni, Kristgeiri Hákonarsyni, Y og Z, sem tekið var til dóms þann 1. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 10. febrúar 1986 gegn ákærðu X, Halldóri Lárusi Péturssyni sjómanni, Meistaravöllum 17, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 6. mars 1958, Kristgeiri Hákonarsyni sjómanni, Hjarðarhaga 38, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 28. janúar 1956, Y

og Z „fyrir tékkafals framið í Reykjavík mánudaginn 27. ágúst 1984 með því að hafa staðið saman að fölsun og notkun á eftirgreindum 2 tékkum, rituðum á eyðublöð frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands og gefnum út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigtryggur Albertsson:

Tékki nr. 4464213, kr. 11.500. Ákærði X framvísaði tékkanum í söluskyni í Vörumarkaðinum, Ármúla.

Tékki nr. 4464214, kr. 7.500. Ákærði X seldi tékkann í Vörumarkaðinum við Eiðistorg á Seltjarnarnesi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 27. ágúst 1984 var óskað lögregluaðstoðar að Vörumarkaðinum við Ármúla hér í borg vegna manns sem framvísað hafði ávísun að fjárhæð kr. 11.500 er hann kom að peningakassanum með vörur fyrir kr. 1.800. Er afgreiðslustúlkan hugðist kanna hvort innistæða væri fyrir tékkanum í banka tók maðurinn til fótanna. Menn frá RLR komu á staðinn og lögðu hald á varning þann sem maðurinn hugðist festa kaup á, m.a. gosflösku. Samkvæmt skýrslu Ragnars Vignis aðstoðaryfirlögregluþjóns, dags. þann 30. ágúst sama ár, fundust fingraför á gosflöskunni, m.a. af umræddri afgreiðslustúlku. Þá segir í skýrslunni: „Við samanburð á fingraförum sem eftir voru við fingraför X kom í ljós að eitt farið af pepsi cola flöskunni er af þumalfingri vinstri handar X." Hér er átt við ákærða X, en hann var á skrá í fingrafarasafni RLR.

Ákærði X var handtekinn og yfirheyrður hjá RLR þann 14. september sama ár vegna rannsóknar máls þessa. Í skýrslu undirritaðri af honum kannaðist hann í fyrstu ekki við ofangreindan tékka, en hann er ritaður á eyðublað nr. 4464213 frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, gefinn út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigtryggur Albertsson. Við nánari umhugsun kvaðst hann vilja breyta framburði sínum. Þeir meðákærðu Y, Halldór Lárus („Dolli") og strákur kallaður „Krissi" eða „Kiddi" hefðu verið ásamt honum á heimili meðákærða Halldórs Lárusar að Meistaravöllum. Kiddi eða Krissi hafi útfyllt ofangreindan tékka að fjárhæð kr. 11.500 og annan að fjárhæð kr. 7.500. Það hafi annaðhvort verið þessi strákur eða Halldór sem hafi verið með tékkaeyðublöðin. Halldór Lárus hafi beðið hann (X) að skipta tékkunum og hafi hann átt að fá fyrir það áfengi. Þeir Y, Halldór Lárus og strákurinn hafi farið á bifreið Halldórs Lárusar í stóra verslun í nýlegu húsi á Seltjarnarnesi. Halldór hafi beðið hann um að kaupa þar ýmsa matvöru fyrir rúmlega 1.000 kr. Ákærði kvaðst hafa skrifað nafnið Einar Lúðvíksson aftan á tékkann áður en hann fór inn í verslunina, en þar framvísaði hann jafnframt sjúkrasamlagsskírteini með því nafni er

hann seldi tékkann. Er hann hafði selt tékkann eins og um var rætt lét hann Halldór Lárus hafa vörurnar og peningana sem fengust til baka fyrir tékkana. Þá var ekið að Vörumarkaðinum við Ármúla og þar sýndi hann ofangreindan tékka að fjárhæð kr. 11.500. Þennan tékka hafi hann einnig framselt með sama nafni og áður, og það hafi hann gert áður en hann fór inn í verslunina. Hann hafi keypt svipaðan varning og áður, en þegar afgreiðslustúlkan fór að athuga hann nánar hafi hann hlaupið út. Í framhaldi af þessu hafi verið farið í „Ríkið" og þar keypt áfengi og drykkju fram haldið á heimili Halldórs Lárusar. Ákærði kannaðist við nafnritun sína á framsali tékka nr. 4464213.

Við yfirheyrslu fyrir dómi kannaðist ákærði X ekki við að hann hefði framselt tékkana. Hins vegar kannaðist hann við að hann hefði um þessar mundir framvísað tveim tékkum, öðrum í Vörumarkaðinum við Eiðistorg en hinum í Vörumarkaðinum við Ármúla, og hafi þessir tékkar verið útfylltir á heimili meðákærða Halldórs Lárusar að honum og meðákærða viðstöddum. Ákærði kannaðist ekki við nafn meðákærða Kristgeirs, en þarna hafi verið staddur maður sem kallaður er Kiddi. Þá minntist ákærði þess að þeir hafi allir farið saman á bifreið í ofangreindar tvær verslanir, og taldi hann að Halldór Lárus hafi átt hana. Ákærði minntist þess að hann hefði hlaupið út úr Vörumarkaðinum við Ármúla, svo og þess að hann hafi verið kominn með einhverjar vörur í hendurnar. Hann minntist þess ekki hver hefði útfyllt tékkana. Þá er ákærða var kynnt skýrsla hans fyrir RLR kvaðst hann einskis frekar minnast og kvaðst ekki geta borið um það hvort rétt væri eftir honum haft í skýrslunni. Taldi hann það rangt að hann hefði framselt tékkana. Hann kannaðist við nafnritun sína undir skýrsluna. Hann kvaðst lengi hafa verið undir áhrifum vímuefna um þær mundir er þetta átti sér stað.

Ákærði Y hefur borið að hann hafi verið staddur á heimili meðákærða Halldórs Lárusar þá er tékki nr. 4464213 var útfylltur. Hann hafi komið þangað umrætt sinn og voru þá þar fyrir ákærði X, bróðir ákærða, Kristgeir og Z. Hann sá Halldór Lárus draga upp tékkhefti og vissi hann ekki að til stóð að falsa tékka. Halldór Lárus hafi útfyllt a.m.k. tölustafina á öðrum tékkanum, en einhver hinna annað og meðákærði Kristgeir hafi útfyllt a.m.k. annan tékkann. Við yfirheyrslu hjá RLR kvaðst ákærði hafa séð annan tékkann, og hafi hann verið að fjárhæð kr. 7.500 - 8.500, en fyrir dómi bar hann að það hafi verið tékki að fjárhæð kr. 11.500, sem hann sá. Er honum var bent á þetta misræmi kvaðst hann hafa munað atburði betur við lögregluyfirheyrslu, enda langt um liðið, og hefði hann þar skýrt frá sannleikanum samkvæmt. Ákærði bar að Halldór Lárus hafi spurt sig hvort hann vildi taka þátt í að falsa tékkana, en hann hafi neitað því og sagt, sem rétt var, að hann væri á skilorði.

Í framhaldi af þessu hafi þeir allir farið á bifreið Halldórs Lárusar og var ekið að Vörumarkaðinum á Seltjarnarnesi. Minnti hann að Halldór Lárus hafi beðið X að kaupa þar matvöru. X hafi farið þangað inn og selt annan tékkann. Þeir hinir hafi beðið fyrir utan á meðan. Minnti hann að X hafi látið Halldór hafa peninga þá, sem afgangs urðu, en matvælin voru sett í farangursgeymsluna. Þá hafi verið ekið að Vörumarkaðinum við Ármúla og þar hafi X líka farið inn með tékka. Lögreglan hafi verið fyrir utan og því hafi þeir hinir farið úr bíl Halldórs Lárusar og ekið í leigubifreið til heimilis Halldórs Lárusar. Þó geti verið að þeir hafi orðið viðskila við Z.

Ákærði Z hefur játað að hann hafi ritað nafnið Sigtryggur Albertsson sem útgefanda á tékka nr. 4464214 þá er hann var staddur umrætt sinn á heimili Halldórs Lárusar ásamt meðákærðu. Þeir hafi allir fimm staðið saman að fölsun beggja tékkanna, en hver hafi skrifað hvað á tékkana viti hann ekki að öðru leyti en því sem hann sjálfur ritaði. Þá bar hann á sama veg og ákærði Y um ferð þeirra ákærðu í bifreið Halldórs Lárusar og sölu tékkanna.

Ákærðu Halldór Lárus og Kristgeir hafa allt frá fyrstu staðfastlega neitað að þeir hafi átt þátt í fölsun eða sölu ofangreindra tékka, og kannast hvorugur við að hafa verið með hinum ákærðu á heimili Halldórs Lárusar umrætt sinn eða að þeir hafi farið í margumrædda bílferð, þegar tékkunum var skipt. Við samprófun fyrir dómi héldu þeir svo og ákærðu Z og Y fast við sinn fyrri framburð og ekki náðist frekara samræmi í framburði þeirra. Þó vildi ákærði Z ekki fullyrða að ákærði Y hefði tekið þátt í fölsun eða sölu tékkanna, en hann hafi verið með þeim hinum bæði á heimili Halldórs Lárusar og í bifreiðinni. Hefði hann staðið í þeirri meiningu að hann hefði staðið í þessu með þeim.

Samkvæmt upplýsingum RLR fór ekki fram rithandarrannsókn í máli þessu hjá RLR. Slík rannsókn fór ekki heldur fram fyrir dómi, enda hefðu málsúrslit að mati dómarans ekki oltið á slíkri rannsókn svo sem máli þessu er háttað.

Aðfinnsluvert er hins vegar að við rannsókn málsins hjá RLR var ekki hirt um að samprófa ákærðu þrátt fyrir að þá þegar var ljóst að mikið ósamræmi var í framburðum ákærðu Halldórs Lárusar og Kristgeirs annars vegar og hinna ákærðu hins vegar.

Þegar litið er til framburðar ákærðu X, Y og Z þykir, þrátt fyrir neitun ákærðu Halldórs Lárusar og Kristgeirs, sannað að ákærðu X, Z, Halldór Lárus og Kristgeir stóðu saman að fölsun beggja tékkanna, þótt ekki sé sýnt hver þeirra útfyllti hvað á tékkunum að öðru leyti en því sem ákærðu hafa játað, svo og að sömu stóðu saman að því að nota báða tékkana svo sem lýst er í ákæru. Þegar hins vegar er litið til framburðar ákærðu þykir

ekki gegn neitun ákærða Y fyllilega sannað að hann hafi tekið þátt í fölsun og notkun tékkanna og verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Brot ákærðu X, Halldórs Lárusar, Kristgeirs og Z varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Sakarferill ákærðu:

Samkvæmt sakavottorði ákærðu og öðru því, sem fyrir liggur, hafa ákærðu sætt þessum kærum og refsingum:

Ákærði Halldór Lárus:

Árið 1973 var ákæru frestað skb. í 2 ár á hendur honum vegna þjófnaðar. Frá árinu 1974 hefur hann gengist 9 sinnum undir dómsátt, þar af fjórum sinnum fyrir fíkniefnabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1974 28/8 45 daga fangelsi skb. í 3 ár fyrir nytjastuld og ölvun og réttindaleysi við akstur. Jafnframt sviptur rétti til ökuleyfis.

1975 4/7 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, þjófnaðartilraun, hylmingu, nytjastuld, tilraun til nytjastuldar og ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár.

1976 23/2 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals og nytjastuld.

1979 22/2 30 daga fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.

1980 21/11 60 daga fangelsi fyrir hylmingu.

1980 24/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ekki gerð refsing.

1981 11/5 20 mánaða fangelsi auk 15.000 kr. sektar fyrir brot gegn 173. gr. alm. hgl.

1982 22/2 50 daga varðhald (hegningarauki) fyrir fíkniefnabrot.

1982 25/5 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 11/5 1981: 16 mánaða fangelsi auk 20.000 kr. sektar fyrir brot gegn 173. gr. alm. hgl. og l. um ávana- og fíkniefni.

1984 10/10 40 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Kristgeir:

Árið 1973 var ákæru frestað á hendur honum skb. í 2 ár vegna þjófnaðar. Hann hefur frá sama ári 5 sinnum gengist undir dómsátt vegna umferðar-, áfengis- og fíkniefnabrota. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1977 19/9 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o. fl. umferðarlagabrot. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1981 16/1 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o. fl. umferðarlagabrot. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1982 22/2 50 daga varðhald skb. fyrir fíkniefnabrot.

1983 22/3 4 mánaða fangelsi fyrir fíkiefnsbrot.

1983 5/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.

1983 7/12 1 mánaðar fangelsi (hegningarauki) fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.

Viðurlög:

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hinn skilorðsbundni hluti refsingar ákærða X samkvæmt dóminum frá 23. apríl 1985 felldur inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Þar sem rannsókn hófst eigi í máli þessu, að því er ákærða Halldór Lárus varðar, með þeim hætti, sem áskilinn er í 1. mgr. 42. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. l. nr. 16/1976, verða eftirstöðvar refsingar, 171 dagur, sem honum var veitt reynslulausn á í 2 ár þann 4. júní 1983, ekki teknar upp í dómi þessum. Með hliðsjón af sakarferli hans og 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga verður refsing hans ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Kristgeirs og bréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins kemur fram að hann fékk þann 26. júní 1984 reynslulausn á 75 daga eftirstöðvum 4 mánaða fangelsisrefsingar samkvæmt dómum uppkveðnum 22. mars 1983 og 7. desember sama ár.

Með háttsemi þeirri, sem fjallað er um í dómi þessum hefur ákærði Kristgeir rofið skilorð framangreindrar reynslulausnar. Ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. l. nr. 16/1976 að ákveða að refsing sú sem ákærða verður nú ákvörðuð taki bæði til eftirstöðva refsingar samkvæmt ofangreindri reynslulausn og brota þeirra sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og því, sem nú hefur verið rakið hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hinn skilorðsbundni hluti refsingar ákærða Z samkvæmt dóminum frá 13. júlí 1984 felldur inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Af hálfu Vörumarkaðarins hf. hefur verið lögð fram skaðabótakrafa vegna tékka nr. 4464214 að fjárhæð kr. 7.500. Eru ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z dæmdir til greiðslu kröfunnar in solidum.

Þá eru ákærðu X og Kristgeir dæmdir til að greiða in solidum skipuðum verjanda sínum Sigurði Georgssyni hrl., kr. 20.000, og ákærði Halldór Lárus til að greiða skipuðum verjanda sínum, Haraldi Blöndal hrl., kr. 8.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z in solidum.

Dómsorð:

Ákærði X sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Halldór Lárus Pétursson sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Kristgeir Hákonarson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Z sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Y er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z greiði in solidum Vörumarkaðinum hf. kr. 7.500.

Ákærðu X og Kristgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Halldór Lárus greiði skipuðum verjanda sínum, Haraldi Blöndal hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z in solidum.

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 176/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Arnarssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik. Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorodden, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Sakarefnum er lýst í héraðsdómi.

Misritast hefur í ákæru að útgefandi tékka nr. 344160 sé Guðm. Guðmundsson. Hið rétta er Guðni Guðmundsson. Þá segir í ákæru um tékka nr. 344155 að hann sé framseldur „af báðum ákærðu", en hann er ekki framseldur af ákærða í máli þessu.

Eftir að héraðsdómur gekk hefur ákærði greitt að fullu þær skaðabótakröfur sem hann var dæmdur til að greiða og bætt fyrir annað tékkamisferli eins og efni stóðu til. Er þess því ekki óskað að skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru að efni til í héraði verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Koma þær því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ákærði játaði greiðlega brot sín. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki síðan gerst sekur um refsiverð lögbrot og bætt það tjón, sem hann olli með brotum í málinu, auk þess sem alllangt er liðið síðan brotin voru drýgð og fjölskylduhagir hans nú aðrir en þá og hann hefur stundað vinnu. Þegar þetta er virt þykir mega skilorðsbinda refsinguna þannig að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð

57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 20.000,00 krónur. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Arnarsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 294-297/1987: Ákæruvaldið gegn X, Guðmundi Arnarssyni, Y og Z.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 6. nóvember sl. gegn ákærðu X..., Guðmundi Arnarssyni, nú til heimilis að Miðvangi 41, Hafnarfirði, fæddum 5. apríl 1959 í Reykjavík, Y... og Z... „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum framin í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, í júnímánuði 1984:

I. Ákærða Guðmundi Arnarssyni er einum gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt 7. júní 1984 stolið útvarps- og segulbandstæki og tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra í íbúð að Hraunbæ 64 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Að nota í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 5 tékka, samtals að fjárhæð kr. 26.200, sem hann gaf út til handhafa og ýmist falsaði eða gaf

út í eigin nafni á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innstæðu í sparisjóðnum, en tékkana framseldi hann í eigin nafni:

1) Tékki nr. 344160, að fjárhæð kr. 5.500, dagsettur 6. júní 1984, með útgefandanafnrituninni Guðm. Guðmundsson. Framseldur til banka af Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76.

2) Tékki nr. 344157, að fjárhæð kr. 5.300, dagsettur 6/6 1984 með útgefandanafnrituninni Sverrir Erlendsson. Framseldur til banka af fyrirtækinu Karnabæ hf.

3) Tékki nr. 344156, að fjárhæð kr. 4.200, dagsettur 6. júní 1984 með útgefandanafnrituninni Gunnar Guðmundsson. Seldur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

4) Tékki nr. 344158, að fjárhæð kr. 5.200, dagsettur 7. júní 1984 með útgefandanafnrituninni Guðjón Guðmund. Framseldur af ákærða og Þorsteini H. Diego. Óvíst um notkun.

5) Tékki nr. 344174, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 11. júní 1984. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann á bílaleigunni Höldi sf., Skeifunni 9.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna nema sala á tékka á eyðublaði nr. 344174, sem varða við 248. gr. sömu laga.

II. Ákærðu X og Guðmundi er gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum eftirgreinda 3 tékka, samtals að fjárhæð kr. 15.664,00 sem þeir fölsuðu í sameiningu á tékkaeyðublöð úr ofangreindu tékkhefti:

1) Tékki nr. 344175, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 12. júní 1984, gefinn út til handhafa, með útgefandanafninu Gísli Guðmundsson. Ákærðu framseldu báðir tékkann og framvísuðu honum í söluskyni í veitingastaðnum Sælkeranum, Austurstræti 22.

2) Tékki nr. 344155, að fjárhæð kr. 6.544, ódagsettur, gefinn út til X, með útgefandanafninu Hannes Guðmundsson, framseldur af báðum ákærðu til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

3) Tékki nr. 344162, að fjárhæð kr. 3.100, dagsettur 7. júní 1984, með útgefandanafnrituninni Sverrir Pálsson, framseldur af ákærða X. Seldur á veitingastaðnum Pöbbnum, Hverfisgötu 46.

III. Ákærðu Guðmundi og Y er gefið að sök tékkafals með því að hafa staðið saman að fölsun og sölu á eftirgreindum 6 tékkum, samtals að fjárhæð kr. 32.900, sem ákærða Y ritaði á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti, en tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigurður Karlsson og framseldir af ákærða Guðmundi:

1) Tékki nr. 344166, að fjárhæð kr. 6.300, dagsettur 8. júní 1984, framseldur til banka vegna Skátabúðarinnar, Snorrabraut 58.

2) Tékki nr. 344171, að fjárhæð kr. 5.000, með framsalsstimpli verslunarinnar Fossnestis á Selfossi.

3) Tékki nr. 344170, að fjárhæð kr. 3.800, dagsettur 8. júní 1980, með framsalsstimpli verslunarinnar Hafnar hf. á Selfossi.

4) Tékki nr. 344169, að fjárhæð kr. 7.800, dagsettur 8. júní 1984, með framsalsstimpli verslunarinnar Miklagarðs, Holtagörðum við Holtaveg.

5) Tékki nr. 344172, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8. júní 1984 með framsalsstimpli Olíufélagsins hf., Suðurlandsbraut 18.

6) Tékki nr. 344165, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8. júní 1984, með framsalsstimpli verslunarinnar Jón Loftsson hf., Hringbraut 121.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

IV. Ákærðu Guðmundi, Y og Z er gefið að sök tékkafals með því að standa saman að því að falsa og selja verslun Hagkaups, Skeifunni 15, eftirgreinda 3 tékka sem ákærða Y ritaði til handhafa á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti og falsaði með útgefandanafnrituninni Sigurður Karlsson:

1) Tékki nr. 344167, að fjárhæð kr. 7.200, dagsettur 8. júní 1984, framseldur af ákærða Guðmundi.

2) Tékki nr. 344168, að fjárhæð kr. 7.200, dagsettur 8. júní 1984, framseldur af ákærðu Z.

3) Tékki nr. 344173, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 6. ágúst 1984, framseldur af ákærða Guðmundi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

I.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða Guðmundar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

1. Aðfaranótt 7. júní 1984 sló ákærði Guðmundur eign sinni á útvarps- og segulbandstæki svo og tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra þá er hann var gestkomandi í íbúð að Hraunbæ 64 hér í borg. Tækinu kveðst ákærði hafa týnt skömmu síðar.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar.

2. Næstu daga gaf ákærði Guðmundur út og seldi í staðgreiðsluviðskiptum þá 5 tékka, sem að allri gerð er rétt lýst í ákæru, samtals að fjárhæð kr. 26.200,00. Ákærði falsaði nafnritanir undir tékkana í liðum 2 - 4 og útfyllti þá að öðru leyti. Tékkann í lið 5 gaf hann út í eigin nafni. Hann framseldi alla tékkana nema þann í 5. lið með eigin nafni, heimilisfangi og nafnnúmeri. Ákærði taldi að X hefði útfyllt tékkann í lið 1, en um það atriði var sá síðarnefndi ekki spurður við rannsókn málsins hjá RLR. Ákærði notaði afganginn af því sem fékkst við sölu tékkanna í áfengiskaup og sukk.

Notkun ákærða á tékkunum í liðum 1 - 4 varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en notkun hans á tékkanum í 5. lið við 248. gr. sömu laga.

Þessir hafa lagt fram skaðabótakröfur vegna ofangreindra tékka sem hér segir:

1. Vinnufatabúðin, Laugavegi 76, R., kr. 5.500,00 ásamt vöxtum og kostnaði.

2. Karnabær, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, kr. 5.300,00 auk kostnaðar og dráttarvaxta til greiðsludags.

3. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kr. 4.200,00 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 7. júní 1984 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Ákærði Guðmundur hefur samþykkt að greiða framangreindar skaðabótakröfur og verður hann dæmdur til að greiða höfuðstól ofangreindra krafna. Þá greiði hann Vinnufatabúðinni og Karnabæ dómvexti af höfuðstólnum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags almenna vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, svo og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis dómvexti af höfuðstólnum frá 7. júní 1984 til 14. apríl 1987 en frá þeim degi til greiðsludags almenna vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

II.

Þann 14. júní 1984 kom á lögreglustöðina við Tryggvagötu í Reykjavík Gils Harðarson, veitingastjóri á Sælkeranum, og framvísaði ávísun úr ofangreindu tékkhefti á Sparisjóð vélstjóra að fjárhæð kr. 6.000,00. Tékkinn var ritaður á eyðublað nr. 344175, dagsettur þann 12. sama mánaðar, gefinn út til handhafa með nafninu Gísli Guðmundsson, en framseldur með nafni ákærðu Guðmundar og X.

Gils kvaðst þekkja X og hefði hann komið ásamt öðrum manni daginn áður og keypt veitingar fyrir kr. 1.687,00 og framvísað ofangreindum tékka, en þeim var tjáð að tékkinn yrði ekki tekinn sem greiðsla. Reyndu þeir þá að skipta tékkanum í nágrenninu en án árangurs. Afgreiðslustúlka á veitingastaðnum tók við tékkanum og bað ákærðu að koma daginn eftir og leysa hann til sín. Lögreglumenn handtóku ákærða X skömmu síðar í Austurstræti og kvaðst hann hafa framselt tékkann og ritað nafn sitt á hann.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi framselt tékkann með sínu nafni og jafnframt beðið ákærða X að útfylla framhlið hans. Þeir hafi m.a. reynt að selja tékkann í Sælkeranum.

Ákærði X hefur játað að hann hafi framselt tékkann með eigin nafni og framvísað honum til greiðslu í veitingastaðnum Sælkeranum. Starfsfólk

þar hafi ekki viljað taka við tékkanum sem greiðslu, en geymt hann, því hann hafi lofað að koma daginn eftir og leysa tékkann út með því að greiða skuldina. Það hafi hann hins vegar ekki gert vegna fjárskorts. Hann hafi fengið tékkann hjá Guðmundi en viti ekki hver hafi útfyllt hann. Hann hafi látið Guðmund framselja tékkann í þeirri trú að allt væri í lagi með tékkann. Hann vildi ekki tjá sig um framburð meðákærða.

Þann 7. sama mánaðar seldi ákærði X í Sparisjóði Reykjavíkur tékka úr sama hefti, eyðublað nr. 344155, að fjárhæð kr. 6.544,00, ódagsettan, gefinn út til hans með útgefandanafninu Hannes Guðmundsson. Ákærði X framseldi tékkann með eigin nafni.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi útfyllt framhlið tékkans og afhent hann X, sem seldi hann í Sparisjóði Reykjavíkur. Þeir hafi báðir notað andvirði tékkans í áfengissukk.

Ákærði X hefur játað að hann hafi selt ofangreindan tékka, sem hann vissi að meðákærði hefði falsað. Andvirðið hafi þeir notað sameiginlega í sukk.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi útfyllt tékka úr sama tékkhefti á eyðublað nr. 344162, að fjárhæð kr. 3.100,00, með útgáfudeginum 7. júní 1984, gefinn út til handhafa með útgefandanafninu Sverrir Pálsson. Tékkinn var seldur í veitingahúsinu Pöbbnum, sem rekinn er af fyrirtækinu Gagni og Gamni hf., Hverfisgötu 46, R., og framseldur með nafni X. Ákærði Guðmundur hefur borið að hann telji að meðákærði X hafi selt tékkann í veitingahúsinu, en þar voru þeir saman. Hann sé þó ekki viss hvort það hafi verið þessi tékki, en þeir hafi selt einn tékka úr heftinu þar.

Ákærði Bjarni Leifur hefur neitað að hann hafi framselt eða selt þennan tékka.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu telst sannað að þeir stóðu saman að sölu tékkanna tveggja í 1. og 2. lið þessa kafla ákæru. Ákærði X hlaut að renna grun í að tékkinn í 1. lið væri falsaður, enda hafði hann ásamt meðákærða viku áður selt tékkann í 2. lið sem var úr sama tékkhefti, en hann vissi að sá tékki var falsaður. Varðar þessi háttsemi þeirra beggja við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Hins vegar þykir gegn eindreginni neitun ákærða X varhugavert að telja sannað að hann hafi framselt tékkann í 3. lið eða að hann hafi notað hann í viðskiptum svo sem honum er gefið að sök í ákæru, enda liggur ekki fyrir sérfræðiálit um nafnritunina á framsali tékkans. Verður hann því sýknaður af þessum lið ákæru. Ákærði Guðmundur hefur hins vegar játað að hann hafi falsað tékkann og að hann hafi selt einn tékka ásamt meðákærða á þeim stað sem tékkinn var seldur. Þykir því sannað að hann hafi með þessari háttsemi gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Í ákæruskjali hefur láðst að heimfæra brot ákærðu til refsiákvæða. Þar sem lýsing á brotum ákærða er skilmerkileg og vörn hefur ekki verið áfátt að því er þetta varðar þykir þó mega leggja efnisdóm á þennan kafla ákæru.

Við meðferð málsins fyrir dómi greiddi ákærði X Sælkeranum, Austurstræti 22, R., skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 1.687,00 auk vaxta.

Fyrirtækið Gagn og Gaman hf., Hverfisgötu 46, R., hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna ofangreinds tékka að fjárhæð kr. 3.100,00 og krafist þess að útgefandi og framseljandi hans verði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar, og verður ákærði Guðmundur dæmdur til greiðslu hennar.

III.

Ákærði Guðmundur fékk ákærðu Y svo sem bæði hafa játað, til þess að útfylla fyrir sig 6 tékka úr ofangreindu hefti, samtals að fjárhæð kr. 32.900,00. Falsaði ákærða Y nafnið Sigurður Karlsson sem útgefanda tékkanna og ritaði undir nafnið ýmis nafnnúmer. Valdi hún reikningsnúmer af handahófi. Á alla tékkana er útgáfudagur ritaður 8. júní 1984, nema tékkann í 3. lið, en þar hefur ártalið 1980 verið misritað í stað ártalsins 1984. Allir tékkarnir eru gefnir út til handhafa. Fjárhæð þeirra er rétt lýst í ákæru.

Ákærði Guðmundur hefur játað að hann hafi selt alla tékkana í staðgreiðsluviðskiptum á þeim stöðum sem lýst er í ákæru og framselt þá alla með eigin nafni, nafnnúmeri og heimilisfangi. Tékkarnir eru allir sýndir í banka 12. sama mánaðar, nema einn þann 15. sama mánðar. Afganginn, sem fékkst til baka við sölu tékkanna, notaði ákærði til kaupa á áfengi fyrir þau ákærðu Y og fleira fólk.

Ofangreind háttsemi ákærðu beggja varðar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Þessir hafa lagt fram skaðabótakröfur vegna framangreindra tékka:

1. Skátabúðin, Snorrabruat 60, R., kr. 6.300,00.
2. Fossnesti, Austurvegi 46, Selfossi, kr. 5.000,00 auk hæstu leyfilegu dráttarvaxta frá 15. júní 1984.
3. Verslun Kaupfélagsins Höfn, Selfossi, kr. 3.800,00 ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá 8. júní 1984 til greiðsludags.
4. Mikligarður sf. v/Holtaveg, R., kr. 7.800,00 ásamt hæstu lögleyfðum vöxtum.
5. Olíufélagið hf. kr. 5.000,00 ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu.

Ákærðu hafa bæði samþykkt að greiða framkomnar bótakröfur, og verða þau dæmd til að greiða óskipt höfuðstól krafnanna. Þá eru þau einnig dæmd til að greiða dómvexti af kröfunni í 2. lið hér að framan frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, dómvexti af höfuðstól kröfunnar

í 3. lið frá 12. júní 1984 til 14. apríl 1987 en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags, dómvexti af höfuðstól kröfunnar í 4. lið frá 20. júní 1984 til 14. apríl 1987 en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags og loks dómvexti af kröfunni í 5. lið frá 4. júlí 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

IV.

Ennfremur fékk ákærði Guðmundur ákærðu Y, svo sem bæði hafa játað, til þess að útfylla fyrir sig þrjá tékka úr sama tékkhefti og að framan greinir, samtals að fjárhæð kr. 19.400,00. Er gerð tékkanna að öllu leyti rétt lýst í þessum kafla ákæru.

Ákærði Guðmundur framseldi tékkana í 1. og 3. lið með eigin nafni og seldi þá báða í júnímánuði í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, R.

Ákærðu Guðmundur og Y hafa bæði borið að þau hafi notað peningana, sem fengust til baka við sölu tékkanna, til kaupa á áfengi fyrir þau og aðra. Þau voru ekki að því spurð við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu hvort meðákærða Z var einnig viðriðin sölu tékkanna eða hvort hún naut góðs af andvirði því sem fyrir þá fékkst, og fyrir dómi gátu þau ekki um það borið. Ákærða Z kannast hvorki við að hún hafi verið með meðákærða Guðmundi þegar hann seldi ofangreinda tékka í 1. og 3. lið né að hún hafi notið góðs af sölu þeirra, en játar hins vegar að hún hafi selt tékkann í 2. lið í júnímánuði í verslun Hagkaupa þrátt fyrir vitneskju sína um að tékkinn var falsaður, og andvirðið hafi þau Guðmundur notað í eigin þágu.

Samkvæmt því sem að framan greinir er sannað að ákærðu Guðmundur og Y stóðu saman að fölsun ofangreindra þriggja tékka sem ákærði Guðmundur og ákærða Z seldu og nutu góðs af andvirðinu og hafa ákærðu Guðmundur og Y með því gerst sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir ekki sannað að ákærða Z hafi staðið að fölsun eða sölu tékkanna í 1. og 3. lið, svo sem henni er gert að sök í ákæru, heldur einvörðungu að því er varðar sölu á tékkanum í 2. lið. Varðar sú háttsemi hennar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Verslunin Hagkaup hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna ofangreindra tékka samtals að fjárhæð kr. 19.400,00. Er þess krafist að útgefandi tékkanna greiði kröfuna.

Ákærðu Guðmundur og Y stóðu saman að útgáfu tékkanna. Verða þau því dæmd til að greiða framangreinda skaðabótakröfu óskipt, enda hafi þau bæði samþykkt kröfuna. Hins vegar seldi ákærða Z tékkann í 2. lið, svo sem að framan greinir, en stóð ekki að útgáfu tékkans. Verður hún því ekki dæmd ásamt meðákærðu, svo sem kröfunni er háttað, til greiðslu skaðabóta að því er þennan tékka varðar.

Sakarferill ákærðu:

— — —

Ákærða Guðmundar:

Frá árinu 1975 hefur hann gengist 11 sinnum undir dómsátt. Í engu þessara tilvika var um hegningarlagabrot að ræða. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1977 29/4 4 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi í 1 ár.

1978 19/5 120.000,00 g.kr. sekt fyrir líkamsárás (217. gr. alm. hgl.).

— — —

Viðurlög:

— — —

Refsing ákærða Guðmundar þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem brot hans eru stórfelld og hann hefur ekki bætt fyrir þau þykir ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans.

— — —

Þá er ákærði X dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Braga Sigurðssyni hdl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu öll óskipt.

Dómsorð:

Ákærði X sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Guðmundur Arnarsson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærða Y sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærða Z sæti 30 daga fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Y og Z í 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi þær hvor um sig almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Guðmundur greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Karnabæ, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, kr. 5.300,00 auk dómvaxta frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

2. Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76, R., kr. 5.500,00 ásamt dómvöxtum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

3. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, kr. 4.200,00 ásamt dóm-

vöxtum frá 7. júní 1984 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi almenna vexti til greiðsludags.

4. Gagni og Gamni, Hverfisgötu 46, R., kr. 3.100,00.

Ákærðu Guðmundur og Y greiði eftirtöldum óskipt:

1. Skátabúðinni, Snorrabraut 60, R., kr. 6.300,00.

2. Fossnesti, Austurvegi 46, Selfossi, kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 15. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

3. Verslun Kaupfélagsins Hafnar, Selfossi, kr. 3.800,00 ásamt dómvöxtum frá 12. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

4. Olíufélaginu hf. kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 4. júlí 1984 til 14. apríl 1984, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

5. Miklagarði sf. við Holtaveg, R., kr. 7.800,00 ásamt dómvöxtum frá 20. júní 1984 til 14. apríl 1987, en almenna vexti frá þeim degi til greiðsludags.

6. Versluninni Hagkaupum, R., kr. 19.400,00.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Braga Sigurðssyni hdl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 49/1986. **Arkitektafélag Íslands**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
félagsmálaráðherra og
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
Inga Gunnari Þórðarsyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Atvinnuréttindi. Lögskýring. Stjórnsýsla. Aðild. Arkitektar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 24. janúar 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Inga Gunnari Þórarðsyni til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. laga nr. 54/1978. Auk þess krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjandi eigi lögvarðra hagsmuna að gæta í máli þessu og sé því réttur aðili að því.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 54/1978 verða ekki eftir orðum sínum eða aðdraganda skýrð á þann veg, að þau veiti arkitektum en ekki öðrum, sem þar eru taldir, rétt til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum. Stefndi Ingi Gunnar átti því rétt á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra, að fenginni tveggja ára starfsreynslu. Leitað var umsagnar stéttarfélags stefnda Inga Gunnars, Byggingafræðingafélags Íslands, svo sem skylt var sam-

kvæmt 12. gr. laga nr. 54/2978. Leggja verður til grundvallar, að stjórn félagsins hafi fjallað um málið, og þótt stefndi Ingi Gunnar hafi haft afskipti af meðferð þess máls, veldur það ekki ógildingu umsagnarinnar.

Samkvæmt þessu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefndu, Inga Gunnari Þórðarsyni og félagsmálaráðherra, hvorum um sig kr. 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl., hefur Arkitektafélag Íslands, nnr. 0433-4124, Freyjugötu 41, Reykjavík höfðað með stefnu birtri 21. og 23. ágúst 1984 á hendur Alexander Stefánssyni félagsmálaráðherra, nnr. 0225-3712, Hjarðarhaga 48, Reykjavík og Inga Gunnari Þórðarsyni, nnr. 4573-7209, Eyjabakka 18, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Inga Gunnari til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978.

2. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa:

Árið 1983 hafi félagsmálaráðherra veitt Inga Gunnari Þórðarsyni byggingafræðingi löggildingu til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978 og 3.5. gr. reglugerðar nr. 292 frá 1979. Stjórn Arkitektafélags Íslands hafi þegar í stað mótmælt löggildingunni á þeim grundvelli, að byggingafræðingurinn hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum er felist í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins um hverjir megi gera slíka uppdrætti. Þar sem engin leiðrétting hafi fengist á umræddri löggildingu sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta sem hagsmunafélagi/stéttarfélagi þeirra sem rétt hafi til að gera aðaluppdrætti.

Málsástæður stefnanda og lagarök eru þessi:

Löggilding stefnda Inga Gunnars til að gera aðaluppdrætti fari í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54 frá 1978 og grein 3.5. reglugerðar nr. 292 frá 1979 um byggingamál. Löggilding þessi sé því ólögmæt.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum og reglum Skipulagsstjórnar ríkisins hafi arkitektar einir rétt til að skila aðaluppdráttum, enda séu byggingafræðingar ekki útskrifaðir sem menntaðir, hæfir, til að gera aðaluppdrætti sbr. prófskírteini þeirra.

Líkt og fram komi í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins sé talið rétt að veita byggingafræðingum leyfi til að gera aðaluppdrætti að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þeim skilyrðum hafi stefndi Ingi Gunnar ekki fullnægt og sé því um ólögmæta löggildingu að ræða.

Verði ekki fallist á að umrædd löggilding fari í bága við áðurnefnd ákvæði sé þess eigi að síður krafist, að löggildingin sé dæmd ógild, eða að minnsta kosti verði hún ógilt vegna formgalla, þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags svo sem 2. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 og grein 3.5.2. reglugerðar nr. 292/1979 kveði skýrt á um að skuli gert.

Eðli málsins samkvæmt hljóti Arkitektafélag Íslands að vera hlutaðeigandi stéttarfélag varðandi löggildingu á starfssviði er arkitektar einir hafi haft með höndum. Umsagnar þess hafi ekki verið leitað svo sem að ofan greini, og bresti því á um formskilyrði fyrir löggildingunni.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á því að tilvist máls þessa sé alfarið orðin vegna rangra aðferða og efnisannmarka á löggildingu þeirri er hér um ræði.

Stefndi Ingi Gunnar Þórðarson styður kröfur sínar eftirfarandi rökum:

Stefnandi eigi ekki að lögum neina aðild að þeirri stjórnarathöfn sem ógildingar sé krafist á. Þar sé um að ræða löggildingu sem stefndi hafi fengið eftir umsókn frá stjórnvaldi, þ.e. meðstefnda félagsmálaráðherra. Aðild að stjórnarathöfn þessari eigi aðeins stefndi Ingi Gunnar og meðstefndi félags-

málaráðherra. Þessir aðilar þurfi fráleitt að sæta málssókn með dómkröfu um ógildingu stjórnarathafnar þessarar frá alls óviðkomandi aðila. Sé vitaskuld ljóst að stefnandi geti ekki byggt aðild sína á því að innan vébanda hans séu menn sem hlotið hafi sams konar löggildingu og stefndi Ingi Gunnar. Skv. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936 leiði þetta til sýknu.

Stefndi byggi málsókn sína aðallega á þeirri skýringu á 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 að aðeins félagsmenn hans (arkitektar) hafi rétt til að gera svokallaða aðaluppdrætti. Með hugtakinu aðaluppdráttur muni vera átt við uppdrátt af mannvirki í heild. Þessari skýringu stefnanda á lagagrein þessari sé harðlega mótmælt, enda verði ekki séð að hún eigi neina stoð, hvorki í orðalagi ákvæðisins sjálfs, forsögu þess, né heldur í öðrum lögskýringaraðferðum.

Engin leið sé að ráða það af orðalagi ákvæðisins að þar sé ráðgert að eingöngu arkitektar megi gera aðaluppdrætti. Ef sú hefði verið ætlunin hefði verið vandalaust að segja það skýrum orðum í lagatextanum. Textinn verði eftir orðum sínum eðlilegast skýrður svo að allir þeir sérfræðingar sem þar séu nefndir geti öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti, enda hafi þeir tilskilda starfsreynslu að baki.

Fyrir gildistöku byggingalaga nr. 54/1978 hafi engin sérstök skilyrði verið í lögum fyrir því að menn mættu teikna hús. Aðeins hafi mátt til skilja, að uppdráttur væri lagður fram, sbr. t.d. 6. gr. 2. mgr. D l. nr. 19/1905, 7. gr. 2. tl. l. nr. 108/1945, sbr. 3. gr. l. nr. 26/1948 og ákvæði í II. kafla skipulagslaga nr. 19/1964. Að vísu hafi verið sett í fylgiskjali með auglýsingu nr. 23/1967 grein nr. 1.7. ákvæði um hverjir skyldu hafa réttindi til uppdráttargerða. Mætti út af fyrir sig spyrja hvort þau ákvæði hafi haft viðhlítandi lagastoð, þ.e.a.s. til að takmarka réttinn til að gera uppdrætti við þá sem þar hafi verið nefndir. Það hafi þó ekki þýðingu hér. Í ákvæðinu hafi verið ákveðið að „uppdrættir skv. 1.5. (aðaluppdrættir) skyldu gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum, byggingafræðingum eða þeim sem hlotið hafa viðurkenningu bygginganefndar þegar samþykkt þessi öðlast gildi".

Enginn vafi hafi verið á því við setningu byggingalaga 1978 að allar fyrrgreindar starfsstéttir hafi haft jafnan rétt á að gera hina svokölluðu aðaluppdrætti af mannvirkjum. Með lögum hafi ekki staðið til að breyta því. Augljóst sé að það hefði þurft að koma skýrt fram í lagatextanum ef ætlunin hefði verið að takmarka réttindi sumra þessara stétta frá því sem verið hafði. Gildi þetta því fremur þar sem um sé að ræða atvinnuréttindi manna, en atvinnufrelsi njóti sérstakrar verndar í 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Sums staðar í skjölum stefnanda komi fram sú skoðun hans að stefndi sé ekki vel menntaður til þeirra starfa, sem löggilding hans taki til. Þessu sé vísað á bug sem rakalausum og ósæmilegum málatilbúnaði.

Í 2. mgr. 12. gr. byggingalaga sé gert ráð fyrir að aflað sé umsagnar Skipulagsstjórnar ríkisins áður en veitt sé löggilding skv. 1. mgr. Tekið skuli fram að Skipulagi ríkisins sé stjórnað af arkitektum sem vafalaust hafi áhuga á að styðja sérréttindabaráttu stefnanda, jafnvel þótt öndvert fari við lög og fyrirmæli. Arkitektarnir hjá Skipulagi ríkisins hafi búið svo um hnútana að stofnunin sé búin að setja sér reglur (sbr. dskj. nr. 7) um „mat á menntun og starfsreynslu sem krafist er til að hljóta löggildingu félagsmálaráðuneytisins skv. 2. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978". Þrátt fyrir fagra fyrirsögn reglnanna hafi þær ekkert gildi sem réttarheimild. Þessar reglur þjóni í mesta lagi þeim innanhússtilgangi hjá Skipulagsstjórn að segja til um hvað stofnunin hyggist leggja til grundvallar við umsagnir sínar skv. 2. mgr. 12. gr. Og það sé að sínu leyti heppilegt að stofnunin skuli hafa sett reglurnar, vegna þess að þar komi skýrt fram að tilgangurinn sé að takmarka atvinnuréttindi manna langt umfram það sem heimilt sé skv. lögum. Megi segja að þarna birtist bíræfin tilraun til að nota opinbert vald til að knýja fram sérréttindi og brjóta þannig gegn réttindum annarra.

Skipulag ríkisins hafi gefið umsagnir í málinu 5. ágúst 1982 (dskj. nr. 8) og 27. janúar 1983 (dskj. nr. 9). Bréfin fari hvort gegn öðru að því er varði spurninguna um hvort byggingafræðingar geti yfirleitt öðlast réttindi til gerðar aðalteikninga. Lagaskilyrðinu um álitsumleitan Skipulags ríkisins hafi verið fullnægt. Ljóst sé, að ráðherra hafi verið óskylt að fara eftir umsögninni. Ráðherra hefði brotið rétt á stefnda, ef hann hefði synjað honum um löggildinguna.

Stefnandi telji að leita hefði átt sinnar umsagnar áður en stefnda var veitt löggilding. Þetta sé út í hött. Stefnandi sé félagi í Byggingafræðingafélagi Íslands og hafi umsagnar þess félags verið leitað áður en löggildingin var veitt. Jafnvel þótt ekki væri leitað umsagnar stéttarfélags skv. 2. mgr. 12. gr. gæti það aldrei varðað ógildingu á löggildingunni. Þessi málsástæða stefnanda sé því út í hött.

Með þessari málssókn hafi stefnandi dregið óbilgjarna sérréttindabaráttu sína fyrir dómstóla. Hann sé að krefjast þess að aðrir menn en sínir félagsmenn séu fyrirfram útilokaðir frá að fá vinnu á tilteknu sviði. Ef félagsmenn stefnanda væru hæfari en aðrir, eins og stefnandi haldi fram, þyrftu þeir ekki á neinum sérréttindum að halda. Þá væru þeir einfaldlega eftirsóttari.

Stefndi félagsmálaráðherra styður kröfur sínar eftirfarandi rökum: Stefnandi sé ekki aðili að þeirri stjórnarathöfn er hann krefst ógildingar á, né verði hún með neinu móti talin beinast gegn honum þannig að málshöfðunarréttur honum til handa geti talist fyrir hendi.

Málshöfðunarréttur stefnanda verði ekki reistur á því, að innan vébanda hans séu menn sem að lögum hafi löggildingu til að gera aðaluppdrætti

eða kunni að uppfylltum skilyrðum 12. gr. byggingalaga, að eiga rétt til að öðlast slíka löggildingu á sama hátt og meðstefndi í máli þessu en séu ekki nú handhafar slíkrar löggildingar.

Stefndu þurfi fráleitt að sæta málssókn aðila eins og stefnanda þessa máls um lögmæti þeirrar löggildingar sem stefndi félagsmálaráðherra hafi veitt meðstefnda og sem engra lögvarðra hagsmuna eigi að gæta í sambandi við þá stjórnarathöfn.

Með vísan til þessa beri að sýkna stefnda félagsmálaráðherra sbr. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936.

Því sé alfarið vísað á bug að umdeild löggilding brjóti á nokkurn hátt í bág við lög eða að undirbúningi þessarar stjórnvaldsákvörðunar hafi á neinn hátt verið áfátt.

Þeirri fullyrðingu sem fram komi á dskj. nr. 6, að stefndi félagsmálaráðherra hafi lofað að afgreiða ekki umsókn meðstefnda nema að veita stefnanda áður færi á að koma að sjónarmiðum sínum, sé harðlega mótmælt. Á dskj. nr. 23 komi fram hvað í raun og veru hafi farið fram á milli stefnanda og stefnda félagsmálaráðherra í greint skipti. Áður en byggingalög nr. 54/1978 tóku gildi hafi gilt mismunandi lög um byggingamálefni í dreifbýli og í þéttbýli. Lög nr. 19/1905 með síðari breytingum um byggingasamþykktir hafi gilt um löggilta verslunarstaði og aðra staði sem skipulagsskyldir hafi verið skv. skipulagslögum nr. 19/1964. Sérlög hafi gilt um byggingamálefni Reykjavíkur nr. 61/1944. Lög nr. 108/1945 um byggingasamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki séu löggiltir verslunarstaðir hafi tekið til staða sem ekki hafi verið skipulagsskyldir.

Fyrir gildistöku byggingalaga nr. 54/1978 hafi réttur manna til að gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum ekki verið háður neinni löggildingu. Hafi því ekkert verið því til fyrirstöðu að hver sem var gerði slíka uppdrætti, ef byggingasamþykkt mælti ekki á annan veg og viðkomandi byggingayfirvöld samþykktu þær teikningar.

Í byggingasamþykktum, sem settar hafi verið skv. l. nr. 108/1945 fyrir sýslur landsins, hafa engin ákvæði verið um hverjir mættu gera uppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum.

Í fyrirmynd af byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt hafi verið með auglýsingu nr. 23/1967 og sem staðfest hafi verið fyrir flesta þéttbýlisstaði eftir því sem sveitarfélögin báðu um, hafi í greinum nr. 1.7.1. - 1.7.3 verið ákvæði um uppdráttargerð að húsum og öðrum mannvirkjum, sem áhrif hafi á útlit byggðarinnar.

Skv. gr. 1.7.1. skyldu aðaluppdrættir gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum, byggingafræðingum (bygningskonstruktör) eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar, þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Skv. gr. 1.7.2. skyldu séruppdrættir og útreikningar gerðir af sérmenntuðum mönnum, svo sem húsameisturum, verkfræðingum, byggingafræðingum og tæknifræðingum eða þeim sem hlotið höfðu viðurkenningu byggingarnefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Skv. 11. gr. byggingasamþykktar fyrir Reykjavík nr. 39/1965 skyldu uppdrættir gerðir af húsameisturum, byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum eða þeim sem hlotið höfðu viðurkenningu byggingarnefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

Með lögfestingu byggingalaga nr. 54/1978 hafi sömu reglur um byggingamálefni verið lögfestar fyrir allt landið, bæði hvað varðaði stjórn byggingamála og jafnstrangar kröfur gerðar til undirbúnings og frágangs mannvirkja, þ. á m. uppdráttargerð, jafnt í dreifbýli sem í þéttbýli.

Að því er tók til uppdráttargerðar að húsum og öðrum mannvirkjum hafi þótt rétt, er byggingalögin voru sett, að gera kröfur til þeirra manna er slík störf hafi með höndum, bæði varðandi menntun og starfsreynslu. Í samræmi við það hafi verið lögfest með 12. gr. laganna að tiltekin fagmenntun að viðbættri 2ja ára starfsreynslu gæfi manni rétt til að gera aðaluppdrætti að fenginni löggildingu sem félagsmálaráðherra veiti. Og gefi hún viðkomandi rétt til uppdráttargerðar hvar sem sé á landinu.

Í 12. gr. séu tvær undantekningar frá þeim kröfum sem gerðar séu um menntun og starfsreynslu þeirra manna er rétt hafi til uppdráttargerðar. Í fyrsta lagi sé kveðið á um að þeir, sem hafi slík störf með höndum fyrir gildistöku laganna haldi þeim rétti, sbr. lokamálslið 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr.

Í annan stað sé ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum staðbundin réttindi til uppdráttargerðar að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar, sbr. lokamálslið 2. mgr. 12. gr. Undanþáguheimild þessi nái jafnt til gerðar aðaluppdrátta sem séruppdrátta.

Stefnandi virðist leggja þann skilning í þau orð 1. mgr. 12. gr.: „hver á sínu sviði", að þau feli í sér að arkitektar vegna menntunar sinnar hafi einir rétt til að gera aðaluppdrætti. Þessu sé alfarið vísað á bug. Þegar framhald málsgreinarinnar sé skoðað um rétt landbúnaðarkandidata til að gera jafnt aðaluppdrætti sem séruppdrætti að landbúnaðarbyggingum, sé alveg ljóst að orðnotkunin „hver á sínu sviði" feli ekki í sér neina afmörkun á því að sú menntun sem þar sé talin á undan geri menn annaðhvort hæfa til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti.

Nærtækara sé að skýra greinina svo að einhver sú menntun sem áður sé upp talin ásamt tveggja ára starfsreynslu við uppdráttargerð gefi viðkomandi rétt til að gera uppdrætti á því sviði, sem starfsreynsla hans nái til.

Með hliðsjón af þeim reglum sem giltu hjá skipulagsskyldum sveitarfélögum fyrir gildistöku byggingalaga um rétt byggingafræðinga, tæknifræðinga

og verkfræðinga til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum hefði þurft að kveða afdráttarlaust á um það í lögunum, ef ætlunin hefði verið sú að þrengja atvinnufrelsi manna með þessa menntun, að þessu leyti.

Sú þrenging sem átti sér stað hafi fyrst og fremst beinst að því að koma almennt þeirri skipan á að þeir sem þessi störf hafi með höndum hafi ákveðna menntun og lágmarksstarfsreynslu við uppdráttargerð. Eins og áður sé getið hafi fyrir gildistöku byggingalaga engar kröfur verið gerðar til menntunar manna sem gerðu uppdrætti utan skipulagsskyldra staða. Jafnvel fyrir slíkri þrengingu atvinnufrelsisins hafi ekki verið fortakslaus löggjafarvilji, því í meðförum þingsins hafi verið tekin upp í 12. gr. heimild fyrir ráðherra til að veita mönnum, sem ekki uppfylli skilyrði 12. gr. um tiltekna menntun og starfsreynslu, staðbundin réttindi sbr. 2. mgr. 12. gr.

Meðstefndi hafi sótt um löggildingu til að gera aðaluppdrætti með bréfi dags. 4. mars 1982, sbr. dskj. nr. 13. Hann hafi lagt fram með umsókn sinni ljósrit af prófskírteini og vottorð um starfsreynslu á arkitektastofu, þar sem fram komi að hann hafi unnið störf sem á slíkri stofu falli til sbr. dskj. nr. 13.

Svo sem ráðgert sé hafi umsókn hans verið send skipulagsstjórn ríkisins til umsagnar og hlutaðeigandi stéttarfélagi, í þessu tilviki Byggingafræðingafélagi Íslands, en meðstefndi sé félagi í því stéttarfélagi. Arkitektafélag Íslands sé ekki stéttarfélag byggingafræðinga og hugleiðingar stefnanda í stefnu um að senda hefði átt honum umsóknina til umsagnar séu með öllu út í hött.

Skipulagsstjórn hafi ekki mælt með umsókn meðstefnda og vísað til starfsreglna sinna og þess að það væri mat Skipulagsstjórnar að menntun byggingafræðinga gæfi ekki tilefni til svo umfangsmikilla réttinda. Þær starfsreglur, þar sem áskilið sé að byggingafræðingar hafi tveimur árum lengri starfsreynslu en áskilið sé í byggingalögum og mat skipulagsstjórnar á menntun byggingafræðinga, fari hins vegar í bág við skýrar reglur 12. gr. l. nr. 54/1978, og því ófært að afgreiða umsóknina í samræmi við þá umsögn. Byggingafræðingafélag Íslands hafi mælt með umsókn meðstefnda.

Rétt sé að hnykkja á að svo sem lagagreinin sé orðuð sé ráðherra ekki bundinn af umsögn umsagnaraðila er hann afgreiðir löggildingarumsókn. Með því að meðstefndi hafi uppfyllt skilyrði 1. mgr. 12. gr. þ.e. hann hafi haft tilskilda menntun og tveggja ára starfsreynslu og hafi skv. því átt rétt til að öðlast löggildingu, þá hafi hún að sjálfsögðu verið veitt. Annað hefði verið ólögmæt synjun.

III.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi byggð á aðildarskorti stefnanda, og verður það atriði fyrst tekið til umfjöllunar.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, er hagsmunafélag arkitekta á Íslandi,

en skv. 3. gr. sbr. 4. gr. félagslaga þess eru félagar eingöngu þeir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að kalla sig húsameistara eða arkitekt.

Enda þótt innan vébanda félagsins séu arkitektar sem ekki hafa löggildingu til að gera aðaluppdrætti, þá geta allir arkitektar að uppfylltum tilteknum skilyrðum fengið þá löggildingu sbr. 12. gr. l. nr. 54/1978. Arkitektafélag Íslands á því lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi það hvort reglum 12. gr. l. nr. 54/1978 sé réttilega framfylgt. Verður því ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að löggilding stefnda Inga Gunnars brjóti í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 og gr. 3.5. reglugerðar nr. 292/1979 um byggingamál. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ósannað væri að stefndi Ingi Gunnar hefði 2ja ára starfsreynslu við gerð aðaluppdráttar, en framlögð gögn þar um væru ófullnægjandi.

Stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Stefnandi hélt því fram að málsástæða þessi kæmi fram þegar í stefnu og fælist í framangreindri málsástæðu, þar sem eitt af skilyrðum 12. gr. byggingalaga sé um starfsaldur.

Málsástæða þessi verður ekki svo óyggjandi sé lesin út úr málatilbúnaði stefnanda í stefnu, greinargerð eða öðrum gögnum hans í málinu. Það kemur fram í greinargerðum stefndu að þeir hafa skilið málatilbúnað stefnanda þannig að einungis stæði ágreiningur um túlkun á 12. gr. l. nr. 54/1978 og var gagnaöflun þeirra hagað í samræmi við það. Undir rekstri málsins fram að munnlegum málflutningi virtist ennfremur vera ágreiningslaust milli aðilja að þannig bæri að túlka málatilbúnað stefnanda.

Verður því að líta svo á að málsástæða þessi sé of seint fram komin við munnlegan málflutning, og kemur hún því ekki til álita við úrlausn þessa máls.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 geta arkitektar, byggingafræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki.

Stefnandi hefur skýrt orðalagið „hver á sínu sviði" svo að einungis arkitektar hafi menntun til þess að gera aðaluppdrætti.

Fyrir gildistöku laganna voru engin sérstök skilyrði fyrir því í lögum, hverjir mættu gera aðaluppdrætti, en í fyrirmynd að byggingasamþykkt, sem birt var með auglýsingu nr. 23/1967, var í grein 1.7.1. ákvæði um að aðaluppdrættir skyldu gerðir af húsameisturum (arkitektum), byggingaverkfræðingum, byggingatæknifræðingum, byggingafræðingum eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu bygginganefndar, þegar samþykktin öðlaðist gildi. Voru ofangreindir aðilar taldir jafnhæfir til að gera aðaluppdrætti.

Þá sagði í grein 1.7.2. að séruppdrættir skyldu gerðir af sérmenntuðum mönnum, svo sem húsameisturum, verkfræðingum, byggingafræðingum og tæknifræðingum eða þeim, sem hlotið höfðu viðurkenningu byggingananefndar þegar samþykktin öðlaðist gildi.

1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 virðist að nokkru sniðin eftir gr. 1.7.1. og 1.7.2. í framangreindri auglýsingu, en skv. lögunum er þó réttur verkfræðinga og tæknifræðinga, annarra en byggingaverkfræðinga og byggingatæknifræðinga, sýnu rýmri en þeim var ætlaður skv. auglýsingunni, þar sem lögin girða ekki fyrir skv. orðalagi sínu, að þeir geti nú hlotið löggildingu til að gera aðaluppdrætti.

Í niðurlagi 12. greinar segir að í reglugerð skuli kveðið nánar á um þau atriði er um ræðir í greininni, en úr upphaflegri gerð frumvarpsins var fellt niður sérstakt ákvæði um að í reglugerð skuli skilgreina hin einstöku starfssvið.

Í byggingareglugerð nr. 292/1979 er orðalagið „hver á sínu sviði" ekki skilgreint nánar, heldur er 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 tekin nánast óbreytt upp í reglugerðinni í lið 3.5.1., en þar segir þó, að viðkomandi skuli hafa 2ja ára viðurkennda starfsreynslu á sínu sviði.

Af umræðum á Alþingi og greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 54/1978 verður ekki séð, að ætlunin hafi verið að breyta þeirri tilhögun, sem var fyrir gildistöku laganna, og takmarka rétt annarra stétta en arkitekta til að gera aðaluppdrætti, og verður sá skilningur eigi að heldur lesinn út úr orðalagi 12. greinar laganna.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er nærtækast að skýra orðalagið „hver á sínu sviði" þannig að það vísi til þeirrar sérmenntunar og starfsreynslu sem framangreindir aðilar hafa til að gera séruppdrætti, sbr. og orðalag 5. mgr. 12. gr. laganna.

Réttur skv. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 til að gera uppdrætti er háður löggildingu sem félagsmálaráðherra veitir sbr. 2. mgr. sömu greinar. Lögin veita þannig ráðherra vald til þess að meta það hvort aðili með einhverja þá menntun, sem talin er upp í 1. mgr. 12. gr. auk 2ja ára starfsreynslu, sé hæfur til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti, hver á sínu sviði.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. ber ráðherra að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins áður en hann veitir framangreinda löggildingu.

Reglur þær sem skipulagsstjórn hefur sett sér varðandi mat á hæfni ofangreindra aðila til að mega öðlast löggildingu til að gera aðaluppdrætti eða séruppdrætti miða að því, að byggingafræðingar geti að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 12. gr. einungis hlotið rétt til að gera séruppdrætti sbr. dskj. nr. 7, 5. tl. Til þess að öðlast rétt til að gera aðaluppdrætti þarf bygginga-

fræðingur að auki að hafa starfað í 2 ár við gerð aðaluppdrátta hjá viðurkenndum arkitekt eða arkitektafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 7. tl. á dskj. nr. 7.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 er Skipulagsstjórn ríkisins einungis umsagnaraðili, en mat stjórnarinnar á hæfni umsækjanda er ekki bindandi fyrir leyfisveitingu ráðherra. Þá er ljóst að framangreindar reglur Skipulagsstjórnar þrengja til muna rétt umsækjanda, sem er byggingafræðingur, til að öðlast löggildingu til að gera aðaluppdrætti frá því sem lögin veita honum, og geta slíkar reglur raunar ekki orðið leiðbeinandi fyrir leyfisveitanda.

Stefndi Ingi Gunnar hefur að baki tilskilda 2ja ára starfsreynslu sbr. vottorð á dskj. nr. 15, bl. 1, en eins og að framan greinir kemst sú mótbára ekki að í málinu að þau vottorð séu efnislega ófullnægjandi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í öðru lagi að löggildingin verði ógilt vegna formgalla þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags.

Eins og að framan getur telst Arkitektafélag Íslands hafa lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi deiluefni það sem hér um ræðir, en félagsmenn geta einungis orðið þeir sem fengið hafa til þess leyfi félagsmálaráðherra að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Innan vébanda félagsins eru bæði arkitektar sem hafa fengið löggildingu til að gera uppdrætti skv. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978, en einnig eru þar félagsmenn sem ekki hafa slíka löggildingu. Utan félagsins standa einnig margir aðilar, bæði arkitektar og aðrir sem fengið hafa löggildingu skv. 1. mgr. 12. gr.

Arkitektafélag Íslands er þannig ekki hagsmunafélag þeirra aðila sem hlotið hafa löggildingu skv. 12. gr. l. nr. 54/1978, enda þótt þetta kunni að vera hluti af hagsmunum félagsmanna. Samkvæmt félagslögum Arkitektafélags Íslands getur stefndi Ingi Gunnar ekki öðlast inngöngu í félagið, þar sem hann fullnægir ekki því skilyrði að geta kallað sig arkitekt eða húsameistara. Stefndi Ingi Gunnar er byggingafræðingur að mennt. Stéttarfélag hans er Byggingafræðingafélag Íslands. Á dskj. nr. 14 liggur fyrir afrit af umsögn þess félags um hæfni stefnda Inga Gunnars til að gera aðaluppdrætti. Formskyldu um að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags hefur því verið fullnægt.

Við munnlegan málflutning gerði talsmaður stefnanda athugasemd við það, að umsögnin væri undirrituð af stefnda Inga Gunnari sjálfum, sem þá var formaður félagsins, og taldi að það ætti að valda ógildingu löggildingarinnar. Athugasemd þessari var ekki andmælt sem of seint fram kominni.

Umsögn umsagnaraðila, hvort heldur er stéttarfélagið eða Skipulagsstjórn ríkisins er ekki bindandi fyrir ráðherra, og þar sem formskilyrði þessu hefur verið fullnægt, verður löggildingin ekki ógilt af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Inga Gunnar Þórðarson og félagsmálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ingi Gunnar Þórðarson og félagsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands.

Stefnandi Arkitektafélag Íslands greiði stefndu Inga Gunnari Þórðarsyni og félagsmálaráðherra hvorum um sig kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 50/1986. **Arkitektafélag Íslands**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
félagsmálaráðherra og
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
Sigurði Jónssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Atvinnuréttindi. Lögskýring. Stjórnsýsla. Aðild. Arkitektar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 24. janúar 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Sigurði Jónssyni til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. laga nr. 54/1978. Auk þess krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Sigurður Jónsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjandi eigi lögvarðra hagsmuna að gæta í máli þessu og sé því réttur aðili að því.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 54/1978 verða ekki eftir orðum sínum eða aðdraganda skýrð á þann veg, að þau veiti arkitektum en ekki öðrum, sem þar eru taldir, rétt til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum. Stefndi Sigurður Jónsson átti því rétt á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra, að fenginni tveggja ára starfsreynslu. Samkvæmt þessu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefndu, Sigurði Jónssyni og félagsmálaráðherra, hvorum um sig 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1985.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl., hefur Arkitektafélag Íslands, nnr. 0433-4124, Freyjugötu 41, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 21. og 25. ágúst 1984 á hendur Alexander Stefánssyni félagsmálaráðherra, nnr. 0225-3712, Hjarðarhaga 48, Reykjavík, og Sigurði Jónssyni, nnr. 7878-1254, Smárahlíð 1f, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Sigurði til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978.

2. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Sigurður Jónsson krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II

Málavexti kveður stefnandi vera þessa:

Árið 1983 hafi félagsmálaráðherra veitt Sigurði Jónssyni byggingafræðingi löggildingu til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978 og 3.5. gr. reglugerðar nr. 292 frá 1979. Stjórn Arkitektafélags Íslands hafi þegar í stað mótmælt löggildingunni á þeim grundvelli að byggingafræðingurinn hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum er felist í reglum Skipu-

lagsstjórnar ríkisins um hverjir megi gera slíka uppdrætti. Þar sem engin leiðrétting hafi fengist á umræddri löggildingu sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta sem hagsmunafélagi/stéttarfélagi þeirra sem rétt hafi til að gera aðaluppdrætti.

Málsástæður stefnanda og lagarök eru þessi:

Löggilding stefnanda Sigurðar til að gera aðaluppdrætti fari í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54 frá 1978 og grein 3.5. reglugerðar nr. 292 um byggingamál. Löggilding þessi sé því ólögmæt.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum og reglum Skipulagsstjórnar ríkisins hafi arkitektar einir rétt til að skila aðaluppdráttum, enda séu byggingafræðingar ekki útskrifaðir sem menntaðir, hæfir, til að gera aðaluppdrætti sbr. prófskírteini þeirra.

Líkt og fram komi í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins sé talið rétt að veita byggingafræðingum leyfi til að gera aðaluppdrætti að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þeim skilyrðum hafi stefndi Sigurður ekki fullnægt, og sé því um ólögmæta löggildingu að ræða.

Verði ekki fallist á að umrædd löggilding fari í bága við áður nefnd ákvæði sé þess eigi að síður krafist, að löggildingin sé dæmd ógild, eða að minnsta kosti verði hún ógilt vegna formgalla, þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags svo sem 2. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 og grein 3.5.2. reglugerðar nr. 292/1978 kveði skýrt á um að skuli gert.

Eðli málsins samkvæmt hljóti Arkitektafélag Íslands að vera hlutaðeigandi stéttarfélag varðandi löggildingu á því starfssviði, er arkitektar einir hafi haft með höndum. Umsagnar þess hafi ekki verið leitað svo sem að ofan greini, og bresti því á um formskilyrði fyrir löggildingunni.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggi á því, að tilvist máls þessa sé alfarið orðin vegna rangra aðferða og efnisannmarka á löggildingu þeirra, er hér um ræði.

Stefndi Sigurður Jónsson styður kröfur sínar eftirfarandi rökum:

Skipulag ríkisins hafi gefið umsagnir í málinu 26. maí 1983 (dskj. nr. 8) sbr. bréfin á dskj. nr. 9 og 10. Bréfin fari hvort gegn öðru að því er varði spurninguna um hvort byggingafræðingar geti yfirleitt öðlast réttindi til gerðar aðalteikninga. Lagaskilyrðinu um álitsumleitan Skipulags ríkisins hafi verið fullnægt. Ljóst sé, að ráðherra hafi verið óskylt að fara eftir umsögninni. Ráðherra hefði brotið rétt á stefnda, ef hann hefði synjað honum um löggildinguna.

Stefnandi telji að leita hefði átt ...

[Sjá bls. 1448-1452 í hrmáli 49/1986.]

... ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að löggilding stefnda Sigurðar brjóti í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 og gr. 3.5. reglugerðar nr. 292/1979 um byggingamál. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ósannað væri að stefndi Sigurður hefði 2ja ára starfsreynslu við gerð aðaluppdráttar, en framlögð gögn þar um væru ófullnægjandi.

Stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Stefnandi hélt því fram ...

[Sjá bls. 1452-1454 í ágripi máls 49/1986.]

... leiðbeinandi fyrir leyfisveitanda.

Stefndi Sigurður hefur að baki tilskilda 2ja ára starfsreynslu sbr. vottorð á dskj. nr. 13 bl. 4, 5 og 6, en eins og að framan greinir kemst sú mótbára ekki að í málinu að það vottorð sé efnislega ófullnægjandi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í öðru lagi að löggildingin verði ógilt vegna formgalla, þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags.

Eins og að framan getur telst Arkitektafélag Íslands hafa lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi deiluefni það, sem hér um ræðir, en félagsmenn geta einungis orðið þeir, sem fengið hafa til þess leyfi félagsmálaráðherra að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Innan vébanda félagsins eru bæði arkitektar, sem hafa fengið löggildingu til að gera uppdrætti skv. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978, en einnig eru þar félagsmenn, sem ekki hafa slíka löggildingu. Utan félagsins standa einnig margir aðilar, bæði arkitektar og aðrir, sem fengið hafa löggildingu skv. 1. mgr. 12. gr.

Arkitektafélag Íslands er þannig ekki hagsmunafélag þeirra aðila sem hlotið hafa löggildingu skv. 12. gr. l. nr. 54/1978, enda þótt þetta kunni að vera hluti af hagsmunum félagsmanna. Samkvæmt félagslögum Arkitektafélags Íslands getur stefndi Sigurður ekki öðlast inngöngu í félagið, þar sem hann fullnægir ekki því skilyrði að geta kallað sig arkitekt eða húsameistara. Stefndi Sigurður er byggingafræðingur að mennt. Stéttarfélag hans er Byggingafræðingafélag Íslands. Í dskj. nr. 14 liggur fyrir afrit af umsögn þess félags um hæfni stefnda Sigurðar til að gera aðaluppdrætti. Formskyldu um að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags hefur því verið fullnægt.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Sigurð Jónsson og félagsmálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og félagsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands.

Stefnandi Arkitektafélag Íslands greiði stefndu Sigurði Jónssyni og félagsmálaráðherra hvorum um sig kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 51/1986. **Arkitektafélag Íslands**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
félagsmálaráðherra og
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
Sigurði Hallgrímssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Atvinnuréttindi. Lögskýring. Stjórnsýsla. Aðild. Arkitektar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 24. janúar 1986. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Sigurði Hallgrímssyni til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. laga nr. 54/1978. Auk þess krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Sigurður Hallgrímsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjandi eigi lögvarðra hagsmuna að gæta í máli þessu og sé því réttur aðili að því.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 54/1978 verða ekki eftir orðum sínum eða aðdraganda skýrð á þann veg, að þau veiti arkitektum en ekki öðrum, sem þar eru taldir, rétt til að gera aðaluppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum. Stefndi Sigurður Hallgrímsson átti því rétt á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra, að fenginni tveggja ára starfsreynslu. Samkvæmt þessu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefndu, Sigurði Hallgrímssyni og félagsmálaráðherra, hvorum um sig 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl. hefur Arkitektafélag Íslands, nnr. 0433-4124, Freyjugötu 41, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 21. og 25. ágúst 1984 á hendur Alexander Stefánssyni félagsmálaráðherra, nnr. 0225-3712, Hjarðarhaga 48, Reykjavík og Sigurði Hallgrímssyni, nnr. 7864-8589, Lyngmóum 4, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á löggildingu stefnda félagsmálaráðherra til handa stefnda Sigurði til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978.

2. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Sigurður Hallgrímsson krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir kveður stefnandi vera þessa:

Árið 1983 hafi félagsmálaráðherra veitt Sigurði Hallgrímssyni byggingafræðingi löggildingu til að gera aðaluppdrætti samkvæmt 12. gr. l. nr. 54/1978 og 3.5. gr. reglugerðar nr. 292 frá 1979. Stjórn Arkitektafélags Íslands hafi þegar í stað mótmælt löggildingunni á þeim grundvelli, að byggingafræðingurinn hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum, er felist í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins um hverjir megi gera slíka uppdrætti. Þar sem engin leiðrétting hafi fengist á umræddri löggildingu sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál þetta sem hagsmunafélagi/stéttarfélagi þeirra, sem rétt hafi til að gera aðaluppdrætti.

Málsástæður stefnanda og lagarök eru þessi:

Löggilding stefnanda Sigurðar til að gera aðaluppdrætti fari í bága við 12 gr. byggingalaga nr. 54 frá 1978 og grein 3.5. reglugerðar nr. 292 um byggingamál. Löggilding þessi sé því ólögmæt.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum og reglum Skipulagsstjórnar ríkisins hafi arkitektar einir rétt til að skila aðaluppdráttum, enda séu byggingafræðingar ekki útskrifaðir sem menntaðir, hæfir, til að gera aðaluppdrætti sbr. prófskírteini þeirra.

Líkt og fram komi í reglum Skipulagsstjórnar ríkisins sé talið rétt að veita byggingafræðingum leyfi til að gera aðaluppdrætti að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þeim skilyrðum hafi stefndi Sigurður ekki fullnægt, og sé því um ólögmæta löggildingu að ræða.

Verði ekki fallist á að umrædd löggilding fari í bága við áður nefnd ákvæði, sé þess eigi að síður krafist að löggildingin sé dæmd ógild, eða að minnsta kosti verði hún ógilt vegna formgalla þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags, svo sem 2. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978 og grein 3.5.2. reglugerðar nr. 292/1978 kveði skýrt á um að skuli gert.

Eðli málsins samkvæmt hljóti Arkitektafélag Íslands að vera hlutaðeigandi stéttarfélag varðandi löggildingu á því starfssviði, er arkitektar einir hafi haft með höndum. Umsagnar þess hafi ekki verið leitað svo sem að ofan greini, og bresti því á um formskilyrði fyrir löggildingunni.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggi á því að tilvist máls þessa sé alfarið

orðin vegna rangra aðferða og efnisannmarka á löggildingu þeirra, er hér um ræði.

Stefndi Sigurður Hallgrímsson styður kröfur sínar eftirfarandi rökum:

Stefnandi eigi ekki að lögum ...

[Samhljóða dómi í hæstaréttarmálinu nr. 49/1986, sjá bls. 1446-1448.]

... brjóta þannig gegn réttindum annarra.

Skipulag ríkisins hafi gefið umsagnir í málinu 25. maí 1983 (dskj. nr. 8) sbr. bréfin á dskj. nr. 9 og 10. Bréfin fari hvort gegn öðru að því er varði spurninguna um hvort byggingafræðingar geti yfirleitt öðlast réttindi til gerðar aðalteikninga. Lagaskilyrðinu um álitsumleitan Skipulags ríkisins hafi verið fullnægt. Ljóst sé, að ráðherra hafi verið óskylt að fara eftir umsögninni. Ráðherra hefði brotið rétt á stefnda, ef hann hefði synjað honum um löggildinguna.

Stefnandi telji að leita hefði átt ...

[Sjá bls. 1448-1452.]

... ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að löggilding stefnda Sigurðar brjóti í bága við 12. gr. byggingalaga nr. 54/1978 og gr. 3.5. reglugerðar nr. 292/1979 um byggingamál. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ósannað væri að stefndi Sigurður hefði 2ja ára starfsreynslu við gerð aðaluppdráttar, en framlögð gögn þar um væru ófullnægjandi.

Stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Stefnandi hélt því fram ...

[Sjá bls. 1452-1454.]

...leiðbeinandi fyrir leyfisveitanda.

Stefndi Sigurður hefur að baki tilskilda 2ja ára starfsreynslu sbr. vottorð á dskj. nr. 15, bl. 1, en eins og að framan greinir kemst sú mótbára ekki að í málinu að það vottorð sé efnislega ófullnægjandi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í öðru lagi að löggildingin verði ógilt vegna formgalla, þar sem ekki hafi verið leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags.

Eins og að framan getur telst Arkitektafélag Íslands hafa lögvarðra hagsmuna að gæta f.h. félagsmanna sinna varðandi deiluefni það, sem hér um ræðir, en félagsmenn geta einungis orðið þeir, sem fengið hafa til þess leyfi félagsmálaráðherra að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Innan vébanda félagsins eru bæði arkitektar, sem hafa fengið löggildingu til að gera uppdrætti skv. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 54/1978, en einnig eru þar félagsmenn, sem ekki hafa slíka löggildingu. Utan félagsins standa einnig margir aðilar, bæði arkitektar og aðrir, sem fengið hafa löggildingu skv. 1. mgr. 12. gr.

Arkitektafélag Íslands er þannig ekki hagsmunafélag þeirra aðila, sem

hlotið hafa löggildingu skv. 12. gr. l. nr. 54/1978, enda þótt þetta kunni að vera hluti af hagsmunum félagsmanna. Samkvæmt félagslögum Arkitektafélags Íslands getur stefndi Sigurður ekki öðlast inngöngu í félagið, þar sem hann fullnægir ekki því skilyrði að geta kallað sig arkitekt eða húsameistara. Stefndi Sigurður er byggingafræðingur að mennt. Stéttarfélag hans er Byggingafræðingafélag Íslands. Í dskj. nr. 14 liggur fyrir afrit af umsögn þess félags um hæfni stefnda Sigurðar til að gera aðaluppdrætti. Formskyldu um að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags hefur því verið fullnægt.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Sigurð Hallgrímsson og félagsmálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hvorum um sig málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Hallgrímsson og félagsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands.

Stefnandi Arkitektafélag Íslands gerði stefndu Sigurði Hallgrímssyni og félagsmálaráðherra hvorum um sig kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 108/1986. **Húsgagnaverslun**
Axels Eyjólfssonar hf.
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Boga Helgasyni og gagnsök
(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sýkna. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1986. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málin og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. desember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum 906.028,00 krónur með eftirfarandi vöxtum: *Aðallega* með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til 27. október 1987, dagsetningar útreiknings á örorkutjóni, þ.e. með 35% ársvöxtum frá slysdegi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október sama ár, 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember sama ár, 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember sama ár, 21,5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst sama ár, 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 31. desember sama ár, 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 10. maí sama ár, 22% ársvöxtum frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% ársvöxtum frá 1. mars 1986 til 31. sama mánaðar, 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl sama ár, 12% ársvöxtum frá 1. maí 1987 til 20. júní sama ár, 13% árs-

vöxtum frá 21. júní 1987 til 10. júlí sama ár og 15% ársvöxtum frá 11. júlí 1987 til 27. október sama ár, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til 27. nóvember 1987 og með dráttarvöxtum þeim, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til 27. október 1987, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. október 1982 og gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi 4. maí 1987.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Aðaláfrýjandi hafði ráðið húsasmíðameistara, sem hafði áskilin réttindi, til að annast og stjórna trésmíðavinnu við hús það, sem aðaláfrýjandi var að reisa, eins og lýst er í héraðsdómi. Húsasmíðameistari þessi áritaði teikningar, réð smiði til starfa og hafði á hendi umsjón með verkinu að öðru leyti og verkstjórn. Greiddi aðaláfrýjandi honum sérstaklega þóknun fyrir þessi störf. Kröfur sínar í málinu reisir gagnáfrýjandi á því, að smíði vinnupalls við umrætt hús aðaláfrýjanda hafi verið áfátt. Það verk var á starfssviði húsasmíðameistarans og samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitenda á mistökum starfsmanna sinna ber aðaláfrýjandi ekki fébótaábyrgð á þeim frágangi handriðs á vinnupallinum, sem kröfur gagnáfrýjanda eru reistar á. Er og með öllu ósannað, að verkfræðingur á vegum aðaláfrýjanda hafi átt að hafa eftirlit með þessum þætti verksins, svo sem haldið var fram af hálfu gagnáfrýjanda við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns, 90.000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Boga Helgasonar í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknar- og málsvarnarlaun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns, 90.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 23. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ.m., að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Boga Helgasyni húsasmið nnr. 1371-6544, Birkigrund 35 hér í bæ, með stefnu útgefinni 24. nóvember 1982 og framhaldsstefnu 29. nóvember 1985 gegn Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar h/f nnr. 0907-9580 Smiðjuvegi 9 í Kópavogi og eru endanlegar dómkröfur stefnanda að framhaldssök sameinaðri aðalsök, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.400.000,00 með 35% ársvöxtum frá 2. október 1980 til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember, en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 25. október 1982 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst sýknu í báðum sökum af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum og gögnum eru tildrög máls þessa þau, að stefnandi, sem er húsasmiður að iðn, starfaði haustið 1980 við smíði nýbyggingar, sem stefndi var að láta reisa að Smiðjuvegi 9 í Kópavogi. Hann hafði verið ráðinn í þessa vinnu af Lofti Páli Bjarnasyni, sem var skráður húsasmíðameistari byggingarinnar og sá um trésmíðaþáttinn og

verkstjórn á því, er honum við kom. Stefnandi þá verklaun sín beint frá stefnda.

Fimmtudagsmorguninn 2. október 1980 um kl. 10 var stefnandi við störf sín uppi á vinnupalli í um fjögurra metra hæð frá gólfi byggingarinnar ásamt Lofti Páli og Sigurði V. Guðjónssyni trésmið, en þeir ætluðu að rétta af límtrésbita, sem komið hafði verið fyrir daginn áður. Var stefnandi að reyna að losa stífu af bitanum og beitti við það klaufhamri sínum. Snéri hann baki að handriði vinnupallsins, er hann tók á hamri sínum báðum höndum, til þess að losa naglana sem héldu stífunni, en hún var ofan á bitanum í um 170 cm hæð frá gólfi vinnupallsins. Skyndilega skrapp hamarinn af og skipti þá engum togum, að stefnandi missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig og yfir handrið pallsins niður á gólf byggingarinnar um fjögurra metra fall. Slasaðist stefnandi alvarlega og er hann talinn hafa hlotið af 20% varanlega örorku. Hann var fluttur í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar skurðlæknis á Slysadeild Borgarspítalans dagsettu 12. febrúar 1981 segir m.a. svo: „Þ. 2/10 1980 kl. 10:55 var maður fluttur á Slysadeildina, er kvaðst vera fyrrgreindur Bogi. Hann skýrði svo frá, að hann hefði skömmu áður verið að vinnu sinni við byggingu á húsi við Skemmuveg í Kópavogi, er hann féll niður ca 4 m af stillans.

Bogi kvartaði einkum um sársauka í vi. úlnlið og einnig á vi. nárasvæði.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós. Bogi var fölur og þjáður en ekki með losteinkenni að öðru leyti. Hann var vel vakandi og áttaður.

Skoðun leiddi a.ö.l. í ljós að vi. úlnliðssvæði var afmyndað og mjög aumt og greinileg brot þar. Eymsli voru einnig í vi. nára. Vi. megin í enni hans var allstór, upphleyptur marflekkur.

Röntgenmyndir voru teknar af höfuðbeinum og andlitsbeinum og var ekki hægt að sýna fram á brot þar. Þá voru myndir teknar af vi. framhandlegg og úlnlið. Sýndu þær mjög kurlað brot á fremri enda sveifarbeins (radius). Var liðflöturinn á beinendanum mikið kurlaður og úr skorðum færður, þannig að hálfgildings liðhlaup var í úlnliðnum. Auk þess var fremsti þriðjungur beinsins brotinn í fleyga.

Röntgenmyndir voru teknar af mjaðmargrind og mjaðmarliðum. Á þeim sást brot á efri álmu vi. lífbeins og sprunga var einnig á mótum neðri álmu lífbeinsins og setbeinsins. Nokkurt misgengi var í efra brotinu.

Sjúkl. var lagður inn á Slysadeildina og að nauðsynlegum undirbúningi loknum var samdægurs gert að brotinu á vi. úlnliðssvæði. Var það gert með þeim hætti, að stálteini var stungið annars vegar í gegnum annan handarbakslegginn og hins vegar gegnum sveifarbeinið ofan við brotsvæðið. Brotin á sveifarbeininu og liðhlaupið í úlnliðnum var síðan fært í

skorður án þess að opnað væri inn á brotið en ekki var talið heppilegt að reyna að spengja beinið sakir þess hve mjög það var kurlað. Gipsumbúðir voru síðan lagðar á handlegginn upp fyrir olnboga og stálteinarnir, sem stóðu nokkuð út úr húðinni, voru steyptir inn í gipsið og þannig haldið nokkru togi á brotinu.

Röntgenmyndir eftir á sýndu góða stöðu í brotfleygunum ofan við úlnliðinn og í heild þokkalega stöðu í úlnliðnum sjálfum. Hins vegar var liðflöturinn á fremri sveifarendanum nokkuð stöllóttur. Við því varð þó ekkert gert, þar sem beinið var þarna í smáfleygum. Grisju-umbúnaður var hafður á handleggnum í 4 vikur en þá fjarlægður enda voru brotin þá orðin nægilega traustlega gróin til þess að þau þörfnuðust ekki lengur ytri né innri stuðnings.

Vegna mjaðmargrindarbrotsins var sjúkl. látinn liggja í rúminu í mánuð. Hann hafði tiltölulega lengi allveruleg óþægindi frá brotinu við hreyfingu í rúminu. Auk þess lék nokkur grunur á að eitthvert los hefði orðið á festingunni milli spjaldhryggs annars vegar og mjaðmargrindarinnar. Fram á þetta varð þó aldrei sýnt með vissu.

Þann 7/11 fluttist Bogi af Slysadeildinni á Endurhæfingardeild Bsp. á Grensási. Hann var þá farinn að ganga nokkuð um í göngugrind. Hreyfingar í vi. úlnlið voru mjög stirðar og hreyfingum í fingurliðum á vi. hendi var einnig mikið áfátt.

Ekki er ólíklegt, að með tíð og tíma komi fram slitbreytingar og eymsli í úlnliðnum, sem leiða kunna til þess að rétt verði talið að festa hann síðar. Ekki er ljóst hvað veldur smellunum í mjaðmarlið og kann þar að vera áverki á brjósk, þótt ekki sjáist slíkt á röntgenmyndum. Endanlegar afleiðingar slyssins eru þannig ekki fyrir séðar."

Í vottorði sama læknis dagsettu 30. ágúst 1981 segir svo í niðurlagi: „Eftir heimför kom Bogi til eftirlits á Slysadeildina þ. 14/1 1981. Hann kvaðst þá hafa reynt að sinna lítið eitt léttri vinnu heima við, m.a. í æfingaskyni. Hann var sjálfur ánægður með framfarir í vi. hendi, þó kvaðst hann fá þreytuverk í vi. úlnlið, ef hann reyndi að taka verulega á með hendinni. Hann nefndi einnig, að hann fyndi stundum smelli í vi. mjöðm er hann reis á fætur í sitjandi stöðu en því fylgdi ekki sársauki.

Reiknað var með, að Bogi reyndi aftur að hverfa til sinna fyrri starfa um miðjan feb. Heppilegast þótti þó, að hann reyndi að útvega sér smíðavinnu innanhúss, þar eð ekki var gert ráð fyrir, að hann yrði þá enn fær til þess að klifra í stillönsum eða vinna úti í kalsaveðri. Þá var gert ráð fyrir því, að Bogi kæmi til eftirlits á Slysadeildina er hann hefði fengið nokkra reynslu af nýtigetu handarinnar í starfi sínu.

Bogi leitaði ekki oftar til Slysadeildarinnar. Hann var hins vegar lagður inn á Skurðl.deild Bsp. þ. 2/8 sl. og liggur þar enn. Ástæðan er gallvega-

og bris-sjúkdómur, sem ósennilegt má telja að tengist slysinu í okt. sl. Ástæður þessa sjúkdóms munu þó ekki full-rannsakaðar.

Undiritaður skoðaði Boga þ. 24/8 sl. m.t.t. áverkanna, er hann hlaut í okt. sl.

Aðspurður kvaðst hann hafa tekist að fá starf við innréttingavinnu um miðjan feb. sl. og hafa sinnt því starfi þar til hann veiktist nú í sumar. Hann kvaðst hafa unnið skv. tímavinnutaxta og hafa sjálfur getað ráðið ýmsum þáttum í vinnu sinni, auk þess sem hann kvað samstarfsmenn sína hafa stundum hlaupið undir bagga með sér. Hann kvað nýtigetu handarinnar hafa jafnt og þétt farið batnandi og síðustu mánuðina hefði hann ekki átt við teljandi vandkvæði að stríða í starfi sínu. Hann kvað grip vi. handar þó vera enn talsvert veiklað og hann ætti erfitt með að halda á þykkum og þungum plötum með hendinni. Lítillega kvaðst hann þreytast í úlnliðnum, er á daginn liði en yfirleitt þó ekki finna til verkja þar. Hann taldi hins vegar, að vi. hendi myndi ekki þola álag og vinnuhraða, er fylgdi uppmælingarvinnu, þ.e.a.s. hann væri ekki gjaldgengur í vinnuflokk, er starfaði eftir því launakerfi. Af þessum sökum kvað hann tekjur sínar hafa verið mun minni eftir að hann hóf aftur störf í feb.mánuði en þær höfðu verið fyrir slysið.

Skoðun handarlimsins þ. 24/8 leiddi eftirfarandi í ljós: Hreyfingar í öðrum liðum en úlnlið voru eðlilegar. Úlnliðshreyfingar voru einnig langt til eðlilegar, þó vantaði 15 á sveigju í ölnarátt og sveifarátt (ulnar deviatio et radial deviatio). Örfáar gráður vantaði einnig á hverfihreyfingu framhandleggsins. Aðrir hreyfiferlar voru nánast eðlil. Ekki var sýnileg vöðvarýrnun á handleggnum og gripstyrkur vi. handar var, við lauslega prófun, ekki áberandi minnkaður. Eymsli virtust ekki vera á úlnliðnum.

Röntgenmyndir teknar af úlnliðnum sýndu nokkuð ójafnan liðflöt og eitthvað þrengt liðbil.

Þess er naumast að vænta, að nýtigeta vi. handar aukist úr þessu. Telja má víst, að hendin eða öllu fremur úlnliðurinn, verði til frambúðar viðkvæmur fyrir meiri háttar átaki og öllu hnjaski. Veruleg hætta er á að ótímabærar slitbreytingar komi fram í úlnliðnum vegna skemmda á liðfletinum á sveifarendanum."

Lögreglurannsókn slyssins hófst samdægurs. Lýsti stefnandi tildrögum þess í skýrslu 23. október 1980 mjög á sömu lund og greinir að ofan. Segir þar m.a., að umrætt sinn hafi verið rigning og allt mjög blautt. Af þeim sökum hafi gólf vinnupallsins verið hálla en annars. Geti verið, að hálkan hafi átt þátt í því að hamarinn hafi skroppið af. Í lok skýrslunnar segist stefnandi telja að gerð vinnupallsins sé ekki um að kenna, hvernig farið hafi, heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. Vinnupallurinn hafi verið í góðu lagi að hans áliti og hafi hann sjálfur átt þátt í frágangi handriðsins.

Sigurður V. Guðjónsson trésmiður var eini sjónarvotturinn. Hann lýsir slysinu svo í lögregluskýrslu 14. nóvember 1980:

„Er slysið skeði vorum við að vinna við að rétta af límbitana, sem við höfðum sett upp daginn áður, en sökum birtuleysis höfðu bitarnir ekki sest lóðréttir og var ég að vinna við að rétta einn þeirra af. Það var laski ofan á bitanum og þurfti að fjarlægja hann svo hægt væri að rétta bitann af. Ég bað því Boga um að taka laskann og það var hann að gera, er hann féll. Ég sá hinsvegar ekki aðdragandann að fallinu og get ekkert um það borið. Ég heyrði ekki, er hann datt, en sá hann falla niður eftir að hann var kominn fram yfir handriðið. Hann var þá svo til lóðréttur í loftinu með fæturna á undan sér, en svo smáhallaði hann aftur á bak og féll síðan á steingólfið."

Loftur Páll Bjarnason húsasmíðameistari segir í lögregluskýrslu s.d., að hann hafi verið ráðinn af stefnda til að hafa verkstjórn á hendi við byggingu-na og sjá um trésmíðavinnuna. Hafi hann ekki verið verktaki heldur verkstjóri. Hann kvaðst ekki hafa séð, er slysið skeði, en heyrði einhvern skruðning og síðan dynk og sá síðan stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu.

Loftur kveðst hafa smíðað vinnupallinn ásamt stefnanda og fleirum og telur að rétt hafi verið að smíðinni staðið, enda væri hún ekki orsök slyssins.

Tilkynnt var samdægurs um slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sem sendi menn á vettvang. Í skýrslu dagsettri 24. september 1981, látinni í té vegna beiðni lögmanns stefnanda, undirritaðri af forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og deildartæknifræðingi við stofnunina, segir m.a. svo:

„Slysið var tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins og vettvangsskoðun framkvæmd samdægurs af eftirlitsmanni stofnunarinnar. Skoðun þessi leiddi til eftirfarandi niðurstaðna varðandi frágang verkpallsins og öryggisráðstafanir á vinnustaðnum:

1. Verkpallurinn var talinn sterkbyggður. Athugun leiddi ekki í ljós að neinskonar bilun í pallinum eða búnaði hans hefði átt sér stað.

2. Handrið verkpallsins var einungis handlisti, en hvorki hné- né fótlisti til staðar. Með tilliti til þeirrar vinnu sem þar fór fram er að mati Vinnueftirlitsins skylt að hafa á honum að minnsta kosti hnélista sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu. Ólíklegt er þó að þessi vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu þar eð slasaða og vitni ber saman um að slasaði hafi fallið yfir handriðið.

3. Hæð handlistans var víðast 90 - 95 cm yfir gólfi verkpallsins. Við límtrésbitann sem unnið var við, á þeim stað sem slasaði fór yfir listann var hæð hans um 80 cm, en listinn lá þar undir límtrésbitann. Samkvæmt 2. gr. staflið a reglugerðar nr. 204/1979 skal handriðshæð vera 1 m yfir gólfi verkpalls og er það ákvæði ófrávíkjanlegt.

4. Gólfklæðningu verkpallsins var verulega ábótavant þar eð a.m.k. tvær borðbreiddir (30 cm) vantaði á að hún næði að uppistöðunum sem handlisti var festur á. Ekkert hefur þó komið fram sem bendir til að þessi vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu.

5. Við límtrésbitann hafði verið komið fyrir þverborði ofan á verkpallsgólfinu sem fest var á uppistöður pallsins. Þverborð þetta var varasamt með tilliti til umferðar um pallinn og samræmdist ekki ákvæðum reglugerðar nr. 204/1972. Ekki kemur fram á gögnum málsins hvort slasaði hafi stigið á borð þetta eða planka sem lagður hafði verið á það, við vinnu sína er slysið átti sér stað eða borð þetta á annan hátt haft áhrif á aðdraganda slyssins.

6. Slasaði var með öryggishjálm á höfði er slysið átti sér stað.

Það er mat Vinnueftirlits ríkisins að frágangi vinnupallsins hafi verið verulega áfátt hvað öryggissjónarmið varðar. Verður, á grundvelli framburðar slasaða og vitnis, að telja verulegar líkur á því að komið hefði verið í veg fyrir slysið ef ekki hefði verið um þann vanbúnað að ræða sem frá greinir í lið 3 að ofan."

Stefndi og Loftur Páll Bjarnason húsasmíðameistari hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Lýsa þeir tildrögum slyssins á sama veg og greint er að ofan. Stefnandi tók fram að hann hefði ekki gert sér ljóst fyrr en hann hafi séð ljósmyndir af slysstað, að handriðið þar sem hann datt yfir, var orðið mun lægra en það hafði verið í upphafi, er pallurinn var reistur, en hann hafi verið með í smíði hans. Kvaðst hann ekki hafa átt þátt í að lækka handriðið á þessum kafla og ekki hafa tekið eftir því á sínum tíma.

Loftur Páll Bjarnason kvað handriðið hafa verið lækkað á þessum stað til þess að límtrésbitinn gæti fallið í sæti sitt. Hann kvaðst ekki hafa lækkað handriðið sjálfur og ekki vita hver hefði gert það, en þeir þrír, hann, stefnandi og Sigurður V. Guðjónsson húsasmiður hefðu unnið að þessu verki. Væri algengt í byggingavinnu að vikið væri frá ítrustu öryggiskröfum t.d. í sambandi við vinnupalla, þegar vanir menn væru við störf.

Hann kveðst hafa minnst á það við fyrirsvarsmenn stefnda að séð yrði um það af hálfu fyrirtækisins að allar tryggingar vegna starfsmannanna væru í lagi.

Stefnandi leggur áherslu á það í rökstuðningi sínum, að tildrög og orsakir slyssins, sem málið stafi af séu að fullu upplýst. Beri stefndi á því óskoraða skaðabótaábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni eða nánar tiltekið reglum um húsbóndaábyrgð. Hann hafi verið í starfi hjá stefnda við nýbyggingu hans undir stjórn Lofts Páls Bjarnasonar, sem einnig var launþegi hjá stefnda. Þótt Loftur Páll Bjarnason væri skráður húsasmíðameistari hafi stefndi verið framkvæmdaaðilinn og eigandi nýbyggingarinnar, enda hafi öll efnisútvegun og framkvæmdastjórn verið á hans sjálfs vegum.

Loftur Páll Bjarnason hafi þegið venjuleg laun úr hendi stefnda með einhverjum prósentum ofan á vegna verkstjórnar og þess, að hann hafði skrifað upp á teikningarnar. Það sé því ljóst, að hann hafi alls ekki verið verktaki heldur starfsmaður í þjónustu stefnda.

Hann bendir á, að þótt smíði vinnupallsins hafi verið traust í sjálfu sér hafi verið á henni þeir ágallar, sem valdið hafi slysinu, þ.e. að handrið hafi verið lækkað til muna. Það hafi brotið í bága við ófrávíkjanleg ákvæði reglugerðar nr. 204/1972, en þetta atriði sé einmitt hin beina orsök slyssins sbr. fyrirliggjandi álit Vinnueftirlits ríkisins. Þessi saknæmu mistök að láta lækka áður upp sett handrið á umræddum stað og vanrækslu á því að vara sérstaklega við þessu séu af völdum starfsmanna stefnda og sé óvéfengjanlega það, sem orsakaði slysið. Verkstjóra stefnda hafi borið að sjá svo um, að fyllsta öryggis væri gætt í hvívetna við smíði hússins, en á því hafi verið mikill misbrestur svo sem lýst hafi verið. Beri stefndi fulla skaðabótaábyrgð á tjóni því sem slys það leiddi af sér sem varð vegna ofangreindra saknæmra athafna og vanrækslu starfsmanna sinna.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að um nokkra eigin sök hans sjálfs sé að ræða.

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst með því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Hann hafi ráðið löggiltan húsasmíðameistara, Loft Pál Bjarnason, til að annast og sjá um byggingarframkvæmdir af sinni hálfu. Stefndi kveðst eingöngu koma hér við sögu sem eigandi hússins í smíðum. Sem slíkur geti hann ekki að lögum orðið ábyrgðaraðili gagnvart stefnanda, enda séu engin lagaskilyrði til þess, að hann beri hlutlæga bótaábyrgð á slysi því, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Samkvæmt almennum reglum beri skráður byggingameistari ábyrgð á öllum öryggisþáttum í sambandi við framkvæmd verka, sem hann hafi tekið að sér. Þetta komi ennfremur beint fram í byggingasamþykkt Kópavogs og reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu. Verði eigi á þetta fallist sé sýknukrafan á því reist, að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi, mistaka eða vanbúnaðar né nokkurs annars, er hann beri að lögum ábyrgð á til fébóta. Þessu til stuðnings vísar stefndi til framburðar stefnanda sjálfs, Lofts Páls Bjarnasonar og Sigurðar V. Guðjónssonar í rannsókn skömmu eftir slysið.

Verði talið, að slysið megi rekja til einhverra þeirra atriða, sem að ofan greini, þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að við stefnanda sjálfan sé að sakast, að því leyti sem eigi sé um óhappatilviljun að ræða, þannig að hann verði sjálfur að bera tjón sitt.

Fari svo, að sýknukrafan verði eigi tekin til greina, heldur stefndi því fram til vara, að skipta beri sök þannig, að verulegur hluti hennar verði felldur á stefnanda.

Álit dómsins og niðurstaða.

Í samræmi við flutning málsins verður hér á eftir fjallað um báðar sakir í einu lagi og komist að heildarniðurstöðu.

Loftur Páll Bjarnason, sem var skráður húsameistari nýbyggingar stefnda, hefur borið, að hann hafi verið ráðinn til þess að sjá um trésmíðaþátt byggingarframkvæmdanna. Í þessu hafi falist að ráða trésmiði í vinnu og hafa verkstjórn þeirra á hendi. Hafi hann þegið laun úr hendi stefnda, almenn laun trésmiða, með nokkru prósentuálagi ofan á sín eigin laun. Greinir aðila eigi á um þetta né heldur um það, að stefnandi hafi tekið sín laun beint frá stefnda. Þegar þetta er virt og annað það sem upplýst er um samband stefnda og Lofts Páls Bjarnasonar verður að telja, að stefndi hafi átt rétt til þess og kost á því að hafa eftirlit með byggingarframkvæmdunum þ. á m. störfum húsasmíðameistarans, enda ber að líta á stefnda sem framkvæmdaaðilann, þann sem allan kostnað bar og þann sem arðs myndi njóta af framkvæmdunum. Þar sem þessu var svo farið var Loftur Páll Bjarnason í stöðu launþega í þjónustu stefnda og háður húsbóndavaldi hans. Verður því sýknukrafa stefnda byggð á aðildarskorti eigi tekin til greina.

Fallast ber á það, sem fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, að verulegar líkur séu á því, að umrætt slys hefði ekki orðið, ef handrið vinnupallsins, þar sem stefnandi var að störfum, hefði verið í þeirri hæð sem tilskilin var. Eru engin gögn fram komin sem hnekkja þessu áliti, en um þetta ber stefndi sönnunarbyrði. Verður því við það miðað, að eigi sé unnt að útiloka, að vanbúnaður vinnupallsins að þessu leyti hafi átt þátt í að slysið varð.

Þótt óhjákvæmilegt væri að lækka handriðið til að koma fyrir límtrésbitanum í sæti sitt var eins og á stóð auðvelt að bæta úr og gera öryggisráðstafanir strax. Þar sem það var hvorki gert né gert viðvart um lækkun handriðsins verður það að teljast saknæm og ólögmæt vanræksla af hálfu verkstjórans, Lofts Páls Bjarnasonar, sem bar ábyrgð sem skráður húsasmíðameistari samkvæmt byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem í gildi var, og sérstaklega á öllum öryggisþáttum trésmíðavinnunnar sbr. reglugerð nr. 204/1972, um öryggisráðstafanir við byggingavinnu.

Samkvæmt því sem nú er rakið ber að leggja bótaábyrgð á stefnda vegna þess tjóns sem stefndi varð fyrir af völdum slyssins, en telja verður að orsakir þess megi rekja til yfirsjónar margnefnds starfsmanns stefnda og sem hann bar vinnuveitendaábyrgð á.

Það er skoðun dómsins byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna, að stefnandi hafi eigi staðið fyllilega rétt að verki umrætt sinn svo sem allar aðstæður voru og þannig sýnt af sér nokkurt gáleysi. Verður að telja, að hann hefði átt að gera sér grein fyrir því, að handriðið hafði verið lækk-

að. Telst hann því eiga nokkra sök á því hvernig fór. Verður því lögð á hann sök að 1/3, en stefndi dæmdur til að bæta honum tjónið að 2/3 hlutum.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda eins og hún liggur fyrir, að báðum sökum sameinuðum. Er kröfugerðin í þessu horfi byggð á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 27. f.m. og með vísun til fyrirvara um tilhögun með heimild í 45. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, ef til áfrýjunar skyldi koma, að því leyti sem hún er hærri nefndum útreikningi að viðbættri miskabótakröfu.

Kröfugerðin sundurliðast þannig:

Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 48.100,00
Bætur vegna varanlegrar örorku	kr. 697.900,00
Samtals	kr. 746.000,00
Miskabætur	kr. 100.000,00
Samtals	kr.846.000,00

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, sem dagsett er 8. nóvember 1981, er í upphafi lýst þeim skýrslum og gögnum sem fyrir liggi og rakið vottorð Rögnvalds Þorleifssonar skurðlæknis frá 30. ágúst 1981. Þá segir svo: „Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum hinn 27.10. 1981. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um kraftleysi í vinstri hendi, og raunar í öllum vinstri handlim. Þá kvartar slasaði um að hreyfingar séu skertar í vinstri úlnlið, en raunar einnig um skertar hreyfingar í vinstri axlarlið. Slasaði kveður vinstri hendi vera mjög viðkvæma fyrir kulda og þoli hann þar af leiðandi illa að vinna utan dyra, svo sem hans var vandi áður. Enn tekur slasaði fram, að bólga sígi á vinstri úlnlið, einkum eftir langan vinnudag. Slasaði kveðst ekki hafa önnur óþægindi af mjaðmargrindarbroti því, er hann varð fyrir í nefndu slysi en þau, að bólga vilji síga á fætur að kvöldi dags.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 42ja ára gamlan trésmið, sem hinn 2.10.80 hlaut slæmt brot á vinstri framhandlegg, en einnig brot á bæði neðri og efri álmu vinstra lífbeins. Misgengi var í brotunum á báðum stöðum.

Alveg óvinnufær vegna áðurnefnds slyss er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 2.10. til hins 13.1.81 og fékk hann greidda slysadagpeninga frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þetta tímabil. Eftir það var starfsgeta verulega skert í þrjá mánuði og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að ofan greinir hlaut slasaði slæmt brot um vinstri úlnlið í

nefndu slysi. Á rtg.myndum kom í ljós að liðflöturinn á fremri enda sveifarbeins var mjög kurlaður og úr skorðum færður, þannig að um nokkurs konar liðhlaup í vinstri úlnlið var að ræða. Auk þess var fremsti þriðjungur sveifarbeinsins brotinn í fleyga. Þá sýndu rtg.myndir, sem teknar voru af mjaðmargrind og mjaðmarliðum, brot á bæði efri og neðri álmu vinstra lífbeins. Nokkurt misgengi var einnig í brotinu í efri álmunni. Gert var með aðgerð að brotinu á vinstra úlnlið með þeim hætti að stálteini var stungið í gegnum annan handarbakslegginn (os metacarp. II), hins vegar var pinna stungið í gegnum sveifarbeinið ofan við brotsvæðið. Með þessari aðferð tókst að ná sæmilegri legu í brotið, en þó mun liðflötur á fremri sveifarendanum vera all-ósléttur og var ekki unnt við því að gera. Maðurinn var síðan gifsaður til að brotin færðust ekki úr skorðum.

Vegna mjaðmargrindarbrotsins lá slasaði í rúminu í einn mánuð. Hann hafði um skeið veruleg óþægindi frá brotinu á lífbeininu, er hann hreyfði sig í rúminu. Þá lék einnig grunur á, að eitthvað hefði losnað um festinguna milli spjaldhryggs annars vegar og vinstra mjaðmarspaða hins vegar. Þetta hefur þó ekki tekist að sýna fram á.

Slasaði veiktist á sl. sumri af briskirtils- og gallsjúkdómi. Er erfitt að sjá að kvillar þeir komi inn í mynd þessa slyss.

Við skoðun kemur fram að hreyfingar í öllum liðum vinstri handlims eru eðlilegar, þegar vinstri úlnliður er undanskilinn. Hreyfingar í vinstri úlnlið eru skertar í allar áttir. U.þ.b. 15-20 vantar enn á fulla flexio í vinstri úlnlið og ca. 5 á sveigju í ölnarátt og sveifarátt (ulnar deviatio et radial deviatio). Þá vantar nokkuð upp á hverfihreyfingu í vinstri framhandlegg. Lítilsháttar rýrnun kemur fram á vöðvum vinstra framhandleggs og einnig á vöðvum vinstri handar. Telja verður líklegt, að þessi rýrnun gangi síðar meir til baka, þegar eðlileg áreynsla verður á vinstri handlim slasaða.

Engin hreyfiskerðing virðist vera í vinstri axlarlið, en eins og áður greinir kvartar slasaði um óþægindi frá þeim lið. Ekki verður séð að nein bólga sé um vinstri úlnlið. Hreyfingar í öllum liðum ganglima virðast eðlilegar og ekki er hægt að greina missmíði yfir os pubis eða annarsstaðar á grindarsvæði. Engin bólga er um vinstri ganglim og ekki verður séð annað en að blóðrás sé þar eðlileg.

Eins og áður greinir vantar verulega á að fullur hreyfiferill sé um vinstri úlnlið. Þá eru kraftar minnkaðir í vinstri hendi, mælt með manometer. Slasaði er þó rétthendur og ávallt er erfitt að reiða sig á mælingar sem þessa. Engin neurologis brottfallseinkenni koma fram. Blóðrás virðist eðlileg í vinstri hendi og handlim.

Líklegt má telja, að ótímabærar slitgigtarbreytingar komi fram um vinstri úlnlið. Í hve miklum mæli þær slitgigtarbreytingar kunna að verða eða hvenær þær kunna fram að koma verður nú ekki með neinni vissu sagt.

Þó er vafalítið, að slasaði mun á komandi tíð eiga í erfiðleikum með að sinna sínu fyrra starfi sem trésmiður, a.m.k. hluta þess starfs. Engin einkenni koma nú fram frá mjaðmargrind eða mjóhrygg, en ekki er útilokað að slíkt kunni fram að koma síðar meir. Ekkert verður þó fullyrt um það á þessu stigi. Þannig er hugsanlegt að síðar meir verði að endurmeta örorku slasaða vegna afleiðinga áðurnefnds slyss.

Þar sem ekki þykir nú líklegt að um frekari bata á afleiðingum áður nefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	20%

Af hálfu stefnda er örorkumatinu mótmælt sem of háu.

Stefnandi hefur lagt fram útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar um fjárhæð taps áætlaðra vinnutekna stefnanda, hinir fyrri dagsettir 11. janúar 1982 og hinir síðari dagsettir 27. f.m., en þar segir svo um forsendur og niðurstöðu:

„Bogi Helgason varð fyrir vinnuslysi 2. október 1980 og slasaðist á vinstri handlegg. Hann er fæddur 28. apríl 1939 og hefur því verið 41 árs á slysdegi.

Björn Önundarson læknir hefur í örorkumati dags. 8. nóvember 1981 metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	20%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Boga voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið þessar:

Árið 1977	gkr. 3.028.010
Árið 1978	gkr. 3.834.663
Árið 1979	gkr. 4.885.663

Þegar tekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga koma út árstekjur 592.500,00 nýkr. miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	*Tekju-tap*
1. árið eftir slysið	126.700,00	64.000,00
2. árið eftir slysið	191.400,00	38.300,00
3. árið eftir slysið	297.400,00	59.500,00
4. árið eftir slysið	380.600,00	76.100,00
5. árið eftir slysið	501.300,00	100.300,00
Síðan árlega	592.500,00	118.500,00

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr. 48.100,00
Vegna varanlegrar örorku		kr. 697.900,00
	Samtals	kr. 746.000,00

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru fram að útreikningsdegi 27. nóvember 1985 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum (35% frá slysdegi til 31/5 1981, 34% frá 1/6 1981 til 31/10 1982, 42% frá 1/11 1982 til 20/9 1983, 35% frá 21/9 til 20/10 1983, 32% frá 21/10 til 20/11 1983, 27% frá 21/11 til 20/12 1983, 21,5% frá 21/12 1983 til 20/1 1984, 15% frá 20/1 1984 til 12/8 1984, 17% frá 13/8 til 31/12 1984, 24% frá 1/1 til 10/5 1985 og 22% frá 11/5 1985). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 og 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindaforföllum, bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eða skatta."

Svo sem fyrr er greint mótmælir stefndi framlögðu örorkumati sem of háu og sömuleiðis örorkutjónsútreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar. Hann færir fram þessu til rökstuðnings, að upplýst sé að stefnandi hafi aflað sér hærri tekna eftir slysið, en gert sé ráð fyrir í útreikningum, enda beri stefnandi í yfirheyrslum, að hann hafi lengst af verið í fullu starfi og vinni nú í uppmælingu.

Fari svo, að stefnanda verði dæmdur einhver bótaréttur og eitthvert mið verði haft af fyrirliggjandi útreikningum, bendir stefndi á, að þá beri að meta til verulegrar lækkunar bóta hagræði af eingreiðslu og skattahlunnindum. Ennfremur beri að draga frá greiðslur úr lögboðinni og samningsbundinni slysatryggingu, hinar fyrrnefndu frá metnu nettóörorkutjóni fyrir skiptingu sakar, en hinar síðarnefndu eftir sakarskiptingu. Í báðum tilvikum ætti að framreikna fjárhæð þassara greiðslna í samræmi við verðlagsþróun frá greiðslu þeirra, þannig að hlutfall útreiknaðs örorkutjóns á hverjum tíma og greiðslnanna haldist. Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu

stefnanda varðandi örorkubætur og því, að miskabætur ákvarðist eftir verðlagi við dómsuppsögu.

Af hálfu stefnanda er rökstuðningi stefnda varðandi ofangreind atriði vísað á bug.

Eigi verður talið, að örorkumati Björns Önundarsonar yfirlæknis hafi verið hnekkt né útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á grundvelli þess. Verða því nefndir útreikningar lagðir til grundvallar ákvörðun örorkubóta. Við þá ákvörðun verður að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Þá verður og haft í huga hvenær stefnandi fékk samningsbundnar slysabætur og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi eingreiðslna. Þá verður litið til þess hverjar tekjur stefnandi hefur haft í raun frá slysdegi.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, og annað það sem fram er komið og þýðingu telst hafa, þykja örorkubætur hæfilega ákveðnar kr. 230.000,00.

Að framan er rakin sjúkrasaga stefnanda og áverkum hans lýst og afleiðingum þeirra. Þegar þetta er virt og það sem annars þykir skipta máli þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 50.000,00.

Samkvæmt því sem nú er sagt telst tjón stefnanda nema samtals kr. 280.000,00 og ber að dæma stefnda til að greiða 2/3 þeirrar fjárhæðar eða kr. 186.667,00 með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 34.000,00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni dómara samkvæmt umboðsskrá og meðdómendunum Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara og Sigurði R. Halldórssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar h/f, greiði stefnda, Boga Helgasyni, kr. 186.667,00 með 35% ársvöxtum frá 2. október 1980 til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1985, en með dómvöxtum sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 34.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 230/1985. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

gegn

Landsbanka Íslands o. fl.

Hafning máls. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, hefur óskað þess að málsókn þessi falli niður. Stefndi, Landsbanki Íslands, sem sótt hefur dómþing í málinu hefur krafist ómaksbóta.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, kr. 7.500,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. nóvember 1987.

Nr. 303/1987. **Valdstjórnin**

gegn

Þorfinni Ómarssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 13. október 1987, sem birtur var varnaraðila 16. s.m., var synjað niðurfellingar á ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 22. september s.l. um að varnaraðili, Þorfinnur Ómarsson, skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en sú ákvörðun hafði verið tilkynnt héraðsdómara 24. september s.l.

Með kæru 16. október 1987, er barst Hæstarétti 20. s.m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. i.f. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til samþykktar nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 81. gr. sömu laga svo og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úskurður sakadóms Reykjavíkur 13. október 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 13. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kærði, Þorfinnur Ómarsson, Háaleitisbraut 27, Reykjavík, fæddur 25.10. 1965, hefur krafist þess, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 22. september sl. um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða, verði felld úr gildi.

Málavextir:

Kl. 21:43 þriðjudaginn 22. september sl. ók kærði bifreiðinni R-66752 um Vesturlandsveg. Á vegarkaflanum í Ártúnsbrekku mætti kærði lögreglubifreiðinni R-20012, sem ekið var vestur Vesturlandsveg á móti kærða. Samkvæmt skýrslu lögreglu mældist hraði bifreiðar kærða 122 km/klst. Lögreglumennirnir stöðvuðu því akstur kærða og höfðu tal af honum. Samkvæmt skýrslu lögreglu var þá myrkur úti en lýsing á vegi góð.

Í frumskýrslu lögreglu kvaðst kærði hafa ekið á u.þ.b. 100 km/klst og í skýrslu síðar sama dag kvaðst hann hafa ekið á u.þ.b. 90 km/klst. Kærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi rengt mældan ökuhraða.

Í framburðarskýrslum, sem teknar voru af lögreglumönnum sama dag og mæling fór fram, staðfesta þeir mælinguna og greina frá því að bifreið kærða hafi ekið áberandi hraðast af þeim bifreiðum, sem um veginn fóru er mæling var gerð. Þeir kveðast aldrei hafa misst sjónar af bifreið kærða frá mælingu þar til hún var stöðvuð.

Samkvæmt dagbók lögreglunnar í Reykjavík frá 22. september sl. var ratsjá lögreglubifreiðarinnar prófuð fyrir mælingu kl. 21:15 en kl. 21:49 eftir mælingu.

Samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 22. september sl., sem var birt kærða sama dag, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Kærða var hinn 12. október boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og greiðslu 12.000,00 króna sektar og sviptingu ökuleyfis í 2 mánuði frá 22. september sl. að telja en hann hafnaði því. Hann kvaðst hafna sátt af þeirri ástæðu að hraði bifreiðar hans hafi í umrætt skipti ekki verið meiri en 100 km/klst og hafi einhver mistök átt sér stað hjá lögreglu er hún mældi hraða bifreiðar hans.

Niðurstöður:

Kærða er gefið að sök að hafa ekið með 122 km/klst hraða um Vesturlandsveg, þar sem heimilaður hámarkshraði er 60 km/klst, sbr. samþykkt nr. 318 25. ágúst 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið bar lögreglustjóranum í Reykjavík sbr. 6. mgr. sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga að svipta kærða ökuleyfi til bráðabirgða. Enda þótt kærði hafi nú hafnað að ljúka málinu með dómsátt, þykja eigi efni til að verða við kröfu hans um að fella ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík úr gildi að svo stöddu.

Úrskurðarorð:

Kröfu kærða, Þorfinns Ómarssonar, um að felld verði úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dagsett 22. september 1987, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða er synjað að svo stöddu.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1987.

Nr. 274/1986. **Kristján Kjartansson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Guðmundi Þór Valdimarssyni
(Svala Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsáverkar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi, að nóttu til, kjálkabrotið hann með hnefahöggi í svefnklefa þeirra í togaranum Vigra RE-71, er skipið var statt í Bremerhafen um miðjan október 1984.

Í málinu er upplýst að stefndi hafði kvöldið áður dottið á andlitið ölvaður og hlotið einhverja áverka.

Daginn eftir sáu skipverjar áverka á stefnda.

Ólafur Einir Gunnarsson bátsmaður hefur lýst áverkanum þannig, að stefndi hafi verið „pínulítið" bólginn og blár rétt undir öðru auganu, en ekkert bólginn á kinn.

Sigurbjörn Kristjánsson stýrimaður, mágur áfrýjanda, hefur borið, að stefndi hafi verið aðeins bólginn undir auganu, en ekki séð neinn áverka á kjálkum.

Steingrím Þorvaldsson, skipstjóra á togaranum, minnti, að stefndi hefði eitthvað verið „krambóleraður" á kinn. Þetta hafi ekki verið mikið. Steingrím minnti, að hann hefði spurt stefnda út í þetta, en stefndi hafi „einhvern veginn snúið út úr því, þannig að ég fékk engan botn í það mál þá".

Stefndi bar hvorki fram kvartanir við skipstjóra né aðra yfirmenn skipsins út af framkomu áfrýjanda.

Stefndi leitar ekki læknis vegna kjálkabrotsins fyrr en 13. maí 1985 og ber fyrst fram kæru á hendur áfrýjanda 15. s.m., þ.e. um það bil 7 mánuðum eftir að hann kveðst hafa kjálkabrotnað.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, þykir stefndi ekki hafa sannað, að áfrýjandi hafi kjálkabrotið hann.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristján Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Þórs Valdimarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. september 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. september sl., hefur Guðmundur Þór Valdimarsson, nnr. 3114-1680, til heimilis að Langholtsvegi 116A, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 11. febrúar 1986 á hendur Kristjáni Kjartanssyni, nnr. 5868-5151, til heimilis að Laugalæk 52, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum kr. 41.217,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með 17% ársvöxtum frá 15. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 11. febrúar 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 13.560,00 í útlagðan kostnað og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Málsaðilar voru báðir skipverjar á togaranum Vigra RE-71. Um miðjan október 1984, er togarinn var staddur í Bremerhaven í Þýskalandi, sinnaðist þeim á bar þar í borginni. Skvetti stefnandi úr glasi framan í stefnda. Stefndi reiddist þessu og reif stefnanda niður af barstól og hugðist slá til hans. Ekki kom til frekari átaka milli þeirra enda gengu skipsfélagar þeirra í milli. Báðir voru þeir mikið ölvaðir. Stefnandi kveðst fljótlega eftir þetta hafa farið um borð og lagst til svefns. Áður hafði hann þó fallið á andlitið í götuna þegar hann kom út af áðurnefndum bar eða öðrum bar í borginni. Stefndi kom allnokkru síðar um borð. Kom þá aftur til átaka milli aðila en þeir voru klefafélagar.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi ráðist að honum sofandi, rifið

í fót hans og hafi reynt að draga hann fram úr kojunni. Sjálfur hafi hann eftir mætti reynt að verja sig og hafi náð haustaki á stefnda sem þá hafi beðist vægðar og lofað að hætta. Stefnandi segist þó ekki fyrr hafa sleppt takinu en stefndi hafi slegið sig tvö bylmingshögg í andlitið. Í því augnabliki hafi þeir Haraldur Þorsteinsson háseti og Sigurbjörn Kristjánsson stýrimaður komið inn í klefann og stöðvað frekari átök og barsmíðar. Stefnandi segist eftir þetta hafa verið mjög aumur í kjálkanum og hafi ekki getað tuggið með góðu móti. Hann hafi þó vonast til að þetta myndi lagast og því ekki leitað læknis fyrr en í maí 1985, er hann fór á slysadeild Borgarspítalans til að láta líta á þetta. Þaðan hafi hann verið sendur til Jóns Viðars Arnórssonar tannlæknis, sem hafi sent hann til tannlæknadeildar Háskóla Íslands til myndatöku.

Í áverkavottorði Jóns Viðars Arnórssonar segir:

„Samkvæmt frásögn Guðmundar sjálfs var hann sleginn á vinstri kjálka sl. okt. (október 1984) með þeim afleiðingum að hann varð dofinn á neðri vör, vinstra helmingi, og bólgnaði upp yfir neðri kjálka vinstra megin. Hann átti og erfitt með að hreyfa kjálkann, þ.e. tala og tyggja fæðu, í dálítinn tíma á eftir, en aumur í 2-3 mánuði á eftir. Hann leitaði ekki til læknis vegna þessa fyrr en nú 13. maí 1985. Helsta kvörtun hans nú er dofinn vinstri helmingur neðri varar og verra bit á gervitönnum. Röntgenskoðun staðfestir að neðri kjálki hafi brotnað fyrir nokkrum mánuðum og gróið með dálitlu misgengi, sem orsakar það að gervitennur passa ekki sem skyldi. Dofinn í vörinni stafar af áverka á taug sem liggur gegnum (eða eftir) kjálkanum á brotstaðnum."

Stefnandi lagði fram kæru á hendur stefnda hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 15. maí 1985 og hefur málið verið þar til rannsóknar þar til það var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar þann 18. nóvember 1985. Hér fyrir dómi krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda og heldur því fram að áverkar þeir sem fram koma í vottorði Jóns Viðars Arnórssonar tannlæknis séu af hans völdum.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu ríkisins heldur stefndi því fram að þá er hann kom um borð um nóttina eftir að þeir stefnandi tuskuðust á barnum í Bremerhaven hafi klefi þeirra verið læstur og hafi stefnandi fyrst neitað sér um inngöngu. Hann hafi þó opnað eftir alllanga stund. Þegar hann kom inn í klefann hafi hann því verið orðinn talsvert argur út í stefnanda. Stefnandi hafi þá setið á efri kojustokknum og hafi þeir rokið saman. Stefnandi hafi komið niður á gólf í klefanum og viðurkennir stefndi að hafa þá slegið stefnanda með krepptum hnefa í andlitið. Hann kvaðst ekki geta fullyrt hvort hann sló stefnanda einu sinni eða oftar og ekki geta lýst þessum átökum frekar. Stefndi hélt því þó fram að stefnandi hefði einnig slegið hann með hnefunum. Þeir hafi báðir verið uppistandandi

þegar Haraldur og Sigurbjörn hafi komið inn í klefann. Því verði ekki álitið að þarna hafi verið greidd þung högg enda hafi þeir báðir verið talsvert ölvaðir. Hann sagði að enga áverka hefði mátt sjá á stefnanda eftir átökin en blætt hafi úr nefi hans sjálfs.

Hér fyrir dómi er því algjörlega hafnað af hálfu stefnda að hann hafi veitt stefnanda nokkurn áverka. Það sé að vísu ekki dregið í efa að stefnandi hafi einhvern tíma hlotið kjálkabrot en því er hafnað að það hafi verið af völdum stefnda enda alls óvíst hvenær stefnandi hafi hlotið það. Sönnun þess að það hafi verið af völdum stefnda hvíli á stefnanda. Sérstaklega er í því sambandi haldið fram að stefnandi hafi ekki leitað til læknis eða kært fyrr en tæpu ári eftir atburðinn. Honum hafi verið í lófa lagið að kæra þegar til skipstjórans og tryggja sér sönnun á þann hátt.

Fyrir dóm hafa komið aðilar málsins og sem vitni Jón Viðar Arnórsson tannlæknir, Steingrímur Þorvaldsson skipstjóri, Sigurbjörn Kristjánsson stýrimaður og mágur stefnda og loks Ólafur Einir Gunnarsson bátsmaður. Tveir þeir síðarnefndu hafa einnig gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu.

Álit dómsins.

Aðilar eru einir til frásagnar um upphaf slagsmála þeirra um borð í togaranum Vigra RE-71 í Bremerhaven í október 1984. Gegn neitun stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur fyrir því að stefndi hafi einn átt sök á slagsmálum þeirra.

Stefnandi hefur fullyrt að stefndi hafi slegið hann með þeim afleiðingum að hann dofnaði á neðri vör, vinstra helmingi, og bólgnaði upp yfir neðri kjálka vinstra megin. Stefndi hefur viðurkennt að hafa slegið stefnanda með krepptum hnefa í andlitið. Hann heldur því einnig fram að stefnandi hafi slegið hann. Steingrímur Þorvaldsson, skipstjóri á Vigra, sagði fyrir dómi að sést hafi á stefnanda daginn eftir. Hann hafi verið eitthvað bólginn. Hann minnir að það hafi verið á kinn. Hann hafi einnig verið eitthvað rispaður. Stefnandi hafi þó ekki kvartað og hann þá ekki talið þetta svo mikið að gera þyrfti eitthvað í þessu máli. Skipstjórinn sagði að einnig hefði sést á stefnda.

Sigurbjörn Kristjánsson og Ólafur Einir Gunnarsson sögðu fyrir dómi að daginn eftir hefði aðeins sést á stefnanda. Hann hefði verið bólginn undir öðru auga og aðeins blár. Engan áverka sögðu þeir hafa verið á kjálka hans. Þeir hafa báðir borið að stefnandi hafi fyrr um nóttina fallið á andlitið í götuna og vill Ólafur Einir fullyrða að séð hafi rispur á stefnanda eftir það fall. Fyrir rannsóknarlögreglu héldu þeir því báðir fram að ekkert hefði sést á stefnanda daginn eftir.

Stefnandi viðurkennir að hafa fallið í götuna en sagðist ekki hafa kennt sér nokkurs meins eftir það.

Jón Viðar Arnórsson tannlæknir sagði að fyrst eftir áverkann hefði stefnandi átt að vera bólginn og marinn á brotsvæðinu og ef til vill einhver skekkja á kjálkanum, en röntgenmynd sýni þó að misgengi sé ekki mikið, þannig að skekkjan á kjálkanum sjálfum þurfi ekki að hafa verið svo mikil að hún hafi verið sýnileg, greinileg. Hann sagðist giska á að brotið hefði ekki verið yngra en 3ja mánaða gamalt þegar stefnandi kom til hans, en það hefði getað verið allt að 9ju mánaða gamalt. Hann sagði að eftir brotstaðnum að dæma teldi hann líklegra að brotið væri eftir högg en eftir fall. Það gæti þó verið eftir fall hefði stefnandi dottið á vangann á stein eða eitthvað slíkt.

Þegar til þess er litið að stefndi viðurkennir að hafa slegið stefnanda með krepptum hnefa í andlitið, framburður vitna um að séð hafi á stefnanda daginn eftir og ekkert er fram komið um að stefnandi hafi í annan tíma orðið fyrir skakkaföllum sem orsakað gátu tjón hans, þykir fram komið að hann hafi orðið fyrir því umrædda nótt í Bremerhaven. Þegar litið er til fullyrðingar stefnanda um að hann hafi ekki kennt sér nokkurs meins eftir fallið, framburðar tannlæknisins um að líklegra sé að stefnandi hafi hlotið áverkann af höggi, þykja yfirgnæfandi líkur fyrir því að áverkar stefnanda hafi hlotist af höggi eða höggum stefnda í andlit hans, sem stefndi viðurkennir. Rétt þykir því að leggja á stefnda hluta af tjóni stefnanda, en svo sem fyrr greinir er ósannað að stefndi hafi frekar en stefnandi hafið átök þeirra.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

Örorkutjón	kr.	260.217,00
Miski	kr.	150.000,00
Samtals	kr.	410.217,00

Stefnandi reisir bótakröfur sínar á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis frá 24.06. 1985.

Ályktun læknisins er þessi: „Hér er um að ræða fjörutíu og átta ára gamlan sjómann er varð fyrir höggi á vinstra kjálka fyrir átta mánuðum og benda allar líkur til þess að við höggið hafi vinstri neðri kjálki Guðmundar brotnað og gróið með nokkur misgengi.

Samkvæmt þeim upplýsingum er fyrir liggja virðist augljóst að brotið á kjálkanum hafi valdið því að bit skekktist og tilfinningatruflun hafi komið fram í neðri vör og neðri hluta andlits vinstra megin. Guðmundur Þór var ekki frá vinnu vegna brots þessa, en hefur haft af því stöðug óþægindi síðan og verður að teljast víst að ástand þetta sé varanlegt og af því hafi hlotist nokkur varanleg örorka . . .“ Læknirinn metur stefnanda síðan 8% varanlega örorku eftir kjálkabrotið 1984.

Jón Viðar Arnórsson tannlæknir hefur hér fyrir dómi sagt að hefði stefn-

andi leitað til sín strax hefði mátt koma í veg fyrir að kjálkinn greri skakkt. Tannlæknirinn taldi þó að gervitennur Guðmundar hefðu í öllu falli eyðilagst.

Örorkumatinu er ekki mótmælt og þykir því mega hafa það til hliðsjónar. Það þykir þó fram komið með framburði Jóns Viðars Arnórssonar að afleiðingar áverkans hafi orðið til muna alvarlegri vegna þess að stefnandi leitaði ekki strax til læknis. Verður því ekki byggt á örorkumatinu eins og það kemur fyrir eða á örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, sem hefur reiknað stefnanda bætur á grundvelli matsins.

Af örorkumatinu má hins vegar ráða að stefnandi hefur orðið fyrir verulegum óþægindum vegna áverka þeirra sem hann hlaut og ekki varð afstýrt þótt hann leitaði læknis strax. Þau óþægindi eru að hluta til viðvarandi. Stefnandi þykir því eiga rétt á bótum úr hendi stefnda. Þessar bætur þykja hæfilega metnar kr. 80.000,00 og hefur þá verið tekið tillit til að ósannað er að stefndi hafi einn átt upptök að átökum þeirra, skattfrelsisbóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra.

Bótafjárhæðin er metin til verðlags á dómsuppkvaðningardegi og tekið hefur verið tillit til vaxta fyrir liðinn tíma frá slysdegi. Vextir dæmast því frá dómsuppkvaðningardegi eins og greinir í dómsorði. Samkvæmt niðurstöðu málsins skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn útlagðan kostnað nema af örorkutjónsreikningi.

Málskostnaður þykir þannig hæfilega ákveðinn kr. 29.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Kjartansson, greiði stefnanda, Guðmundi Þór Valdimarssyni, kr. 80.000,00 með dómvöxtum skv. l. 56/1979 eins og þeir eru á hverjum tíma frá dómsuppsögudegi til greiðsludags og kr. 29.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1987.

Nr. 208/1986. **Óskar Árnason**
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.)
gegn
Vörukaupum hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig „að dráttarvextir verði 2,75% á mánuði frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% á mánuði frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3,0% á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% á mánuði frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% á mánuði frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1987 og 3,8% eða hæstu dráttarvextir á mánuði eða brot úr mánuði, samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er sú krafa gerð, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 41.390,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning."

Skjal það sem stefndi lét frá sér fara til áfrýjanda ber fyrirsögnina: „Efnistilboð samkv. upptalningu í frystikerfi." — „Vélbúnaður" og „Frystiklefi fyrir Óskar Árnason Sandgerði." Er síðan í skjalinu nánari lýsing á vélbúnaði þeim sem boðinn er og einstakir hlutir taldir upp og verð þeirra í íslenskum krónum. Þá segir í skjalinu: „Hér undir er listi yfir þá hluti sem eru í þessu tilboði og eru verð án söluskatts." Var verð vélbúnaðar fyrir eitt frystikerfi samkvæmt því 333.986,00 krónur, en í skjalinu er gert ráð fyrir tveimur frystikerfum og verð þeirra samkvæmt því 667.972,00 krónur. Að lokum segir svo í skjalinu: „Afgreiðslutími

er yfirleitt 6 vikur frá staðfestingu á pöntun en eins og kemur fram að ofan eru loftk. eimsvalarnir til á lager.“ Undir skjalinu stóð „F.h. Vörukaup hf.“ en skjalið var óundirritað.

Áfrýjanda var rétt að líta svo á, þó að skjalið væri óundirritað, að með því gerði stefndi honum tilboð um sölu á búnaði þeim sem þar er tilgreindur á því verði sem þar er skráð. Hefur fyrirsvarsmaður stefnda skýrt frá því að áfrýjandi hafi í septembermánuði óskað eftir því að stefndi pantaði það af búnaðinum sem ekki var til á lager. Mátti fyrirsvarsmönnum stefnda vera ljóst að með því samþykkti áfrýjandi tilboð stefnda. Hafa ekki verið leidd í ljós nein þau atvik er valdi því að áfrýjanda beri að greiða verð það sem stefndi nú krefur hann um.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000,00 krónur. Er þá haft í huga, þrátt fyrir mótmæli stefnda, að áfrýjandi þurfi að greiða lögmanni sínum söluskatt samkvæmt 11. gr. laga nr. 68/1987 af þeim hluta málflutningsþóknunar hans sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Óskar Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Vörukaupa hf., í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 70.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 13. júní 1985 af Vörukaupum hf., nafnnr. 9343-1057, Skipholti 15, Reykjavík, gegn Óskari Árnasyni, nafnnr. 6914-8530, Norðurgötu 11, Miðneshreppi, Sandgerði, persónulega og sem framkvæmdastjóra fyrir hönd einkafyrirtækis hans Frystihúss Óskars Árna, Norðurgötu 11, Sandgerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 94.744,05 með 4% mánaðarvöxtum af kr. 10.123,00 frá 1. mars 1985 til

1. apríl 1985, en af stefnufjárhæð kr. 94.744,05 frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Dómkröfu sína byggir stefnandi á tveimur reikningum vegna vöruúttektar stefnda hjá stefnanda og lýsir hann reikningunum nánar þannig í stefnu: Reikningur dags. 28. febrúar 1985 að fjárhæð kr. 810.123,00. Reikningurinn sé samkvæmt nótu nr. 179 vegna úttektar stefnda á tveimur loftkældum eimsvölum samtals kr. 164.786,00, fjórum frystielementum, samtals kr. 382.536,00, og tveimur kælivélasamstæðum ásamt fylgihlutum, kr. 262.801,00. Stefndi hafi greitt þann 28. febrúar 1985 kr. 800.000,00 inn á skuldina og nemi mismunur kr. 10.123,00. Reikningurinn sé án söluskatts. Reikningur dags. 29. mars 1985 að fjárhæð kr. 84.621,05 skv. nótu nr. 19565 dags. 28. mars 1985 vegna úttektar stefnda á eirrörum fyrir samtals kr. 68.242,80, 24% söluskattur kr. 16.378,25 eða samtals kr. 84.621,05.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á almennum reglum kröfuréttar og samningsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þann veg að stefndi, sem reki frystihús og fiskverkun í Sandgerði, hafi síðari hluta sumars 1984 leitað eftir tilboðum hjá nokkrum aðilum í tiltekinn frystibúnað, þar á meðal hjá stefnanda. Hafi stefnandi gert stefnda tilboð þann 13. ágúst 1984 og hafi það hljóðað upp á kr. 667.972,00 og hafi það verið án nokkurra fyrirvara um hækkun vegna verðlags og gengisbreytinga.

Í tilboðinu hafi þess jafnframt verið getið að afgreiðslutími væri yfirleitt sex vikur frá staðfestingu á pöntun. Hafi stefndi gengið að þessu tilboði.

Í október- og nóvembermánuði hafi stefndi gengið ítrekað eftir afhendingu á búnaðinum, en forsvarsmenn stefnanda hafi ávallt tjáð honum að hann yrði bráðlega tilbúinn til afhendingar en hafi engar skýringar gefið á drættinum. Í desember- og janúarmánuði hafi stefndi verið orðinn vonlítill um að stefnandi myndi afhenda tækin og standa við tilboð sitt, en um mánaðamót janúar og febrúar 1985 hafi forsvarsmaður stefnanda haft samband við stefnda og sagt honum að tækin væru komin og tilbúin til afgreiðslu. Stefndi hafi þá sérstaklega spurt eftir því hvort tilboðið stæði óbreytt og hafi því verið svarað játandi. Stefndi hafi þá sagst myndu standa

við það að sínu leyti og hann myndi engar kröfur gera vegna afhendingardráttarins.

Hinn 7. febrúar hafi stefndi komið til stefnanda og greitt honum kr. 400.000,00 innborgun á tækjabúnaðinn og þá rætt jafnframt við starfsmenn stefnanda um eirrör sem hann þyrfti að kaupa hjá stefnanda í tengslum við frystibúnaðinn. Hafi þá ekkert verið rætt um nokkra hækkun á tilboðsfjárhæðinni. Hinn 20. febrúar hafi stefndi komið aftur til stefnanda og greitt honum kr. 400.000,00. Stefndi hafi talið að með þeirri greiðslu hefði hann greitt eftirstöðvar af kaupverði frystibúnaðarins samkvæmt tilboðinu, þ.e. kr. 267.972,00, enda hafi þá ekki komið fram hjá stefnanda að sú fjárhæð hefði hækkað. Mismuninn, kr. 132.038,00, hafi stefndi talið vera greiðslu inn á viðskiptareikning sinn vegna úttektar á eirrörum og fleiru hjá stefnanda.

Eftir að þessar greiðslur höfðu farið fram og stefndi tekið við frystibúnaðinum hafi hann fengið reikning frá stefnanda fyrir vöruúttekt að fjárhæð kr. 810.123,00. Hafi hann talið að í þeim reikningi væru innifalin eirrör þau er hann hafði pantað hjá stefnanda. Þegar stefndi hafi síðan fengið sérstakan reikning fyrir eirrörin að fjárhæð kr. 84.621,05 hafi hann strax haft samband við forsvarsmann stefnanda til að fá skýringar. Þá hafi fyrst komið í ljós að stefnandi hafði hækkað kaupverð frystibúnaðarins um kr. 142.151,00 frá því sem tilboðið hljóðaði upp á, eða úr kr. 667.972,00 í kr. 810.123,00. Stefndi hafi mótmælt þessari hækkun harðlega og krafist þess að stefnandi stæði við tilboðið og fyrri loforð sín, en því hafi alfarið verið hafnað af hálfu stefnanda.

Stefnandi (sic) byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi hinn 13. ágúst 1984 gert stefnda bindandi og fyrirvaralaust tilboð að fjárhæð kr. 667.972,00 fyrir hinn tiltekna frystibúnað.

Þetta tilboð hafi stefndi samþykkt og hafi því komist á bindandi samningur milli aðila. Stefnandi sé bundinn við framangreint tilboð og geti því ekki hækkað fjárhæð þessa einhliða, þar sem hann hafi ekki gert neina fyrirvara þar að lútandi. Stefndi hafi greitt stefnanda að fullu þá fjárhæð sem um var samið vegna frystibúnaðarins og einnig að fullu kaupverð eirröranna samkvæmt reikningi stefnanda dags. 29. mars 1985 að fjárhæð kr. 84.621,05. Í raun hafi stefndi ofgreitt stefnanda vegna þessara viðskipta kr. 47.406,95, sem stefndi áskilji sér allan rétt til að endurkrefja stefnanda um. Af framangreindum ástæðum sé einsýnt að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á meginreglum kaupa-, kröfu- og samningaréttar.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á ákvæðum 12. kafla laga nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnanda því að stefnandi hefði gert stefnda bindandi verðtilboð varðandi frystibúnað þann sem tilgreindur er á dskj. nr. 9. Nefnt skjal sé einungis verðútreikningur á þeim vörum sem þar séu tilgreindar á þeim tíma sem skjalið sé dagsett, enda skjalið óundirritað. Viðskipti stefnanda og stefnda varðandi nefndan frystibúnað hafi verið hrein reikningsviðskipti.

III.

Fyrir dóm hafa komið til skýrslugjafar Erling Roald Magnússon forstjóri stefnanda, stefndi Óskar Árnason og Erling Hermannsson verslunarmaður hjá stefnanda.

Forstjóri stefnanda skýrði svo frá að af hálfu stefnanda hafi stefnda ekki verið gert bindandi verðtilboð varðandi vörur þær sem tilgreindar eru á dskj. nr. 9 og ber yfirskriftina „Efnistilboð samkv. upptalningu í frystikerfi". Skjalið sé óundirritað, en af stefnanda hálfu séu bindandi tilboð ætíð undirrituð og gjaldeyrisbundin á þeim degi sem tilboð er gert og undirritað. Fjárhæð sú sem tilgreind sé á dskj. nr. 9 sé gildandi verð á tilgreindum frystibúnaði á þeim tíma sem skjalið er skrifað. Hlutir þeir sem þurfti í umrætt frystikerfi séu yfirleitt til á lager. Varðandi pöntun stefnda, þá hafi þriðjungur varanna verið til á lager, þriðjungur komið í nóvember 1984 og vélasamstæður tvær komið í janúar 1985. Reiknað hafi verið með því að stefndi tæki vöruna smátt og smátt, en hann hafi kosið að taka allt í einu. Hann hafi sjálfur tjáð stefnda að hlutirnir í kerfið kostuðu um 800.000,00 kr. og hafi stefndi greitt með tveimur 400.000,00 kr. ávísunum. Eirrör hafi stefndi tekið töluvert síðar og ekkert hafi verið talað um þau í sambandi við tækjabúnað í frystiklefa. Þegar rörin hafi verið tekin, hafi sérstakur reikningur verið skrifaður út fyrir þeim.

Stefndi Óskar skýrði svo frá að hann hafi leitað eftir tilboðum í frystibúnað sem hann hafi vantað, þar á meðal hjá stefnanda. Hann hafi fengið þrjú tilboð, en hafi samþykkt tilboð stefnanda. Vörurnar hafi ekki verið komnar, en honum hafi verið sagt að það tæki tvær til sex vikur að fá þær. Það leið og beið og hann hafi oft komið við hjá stefnanda til þess að athuga málið og hafi sumar vörurnar komið en aðrar ekki og þegar liða tók á haustið hafi hann haldið að þetta mundi daga uppi.

Loks hafi honum verið tilkynnt að vélarnar væru komnar. Hafi hann spurt eftir því hvort tilboð stefnanda stæði óbreytt og hafi honum verið tjáð af forsvarsmanni stefnanda að stæði hann við sinn hluta yrði staðið við tilboðið af hálfu stefnanda. Hafi hann tjáð forsvarsmanni stefnanda að hann myndi standa við sitt. Þótt vörurnar væru komnar reyndust einhverjir erfiðleikar af hálfu stefnanda að leysa þær úr tolli. Hafi hann þá farið út í það að greiða stefnanda. Hann hafi gert það í tvennu lagi og

hafi hann greitt ríflega, þar sem endanlegt verð á öllum vörunum, þ.e. eirrörunum, hafi ekki legið fyrir. Það hafi verið grundvallarforsenda af hans hálfu varðandi kaup á þessu frystikerfi hjá stefnanda að um fast bindandi verðtilboð væri að ræða.

Erling Hermannsson, starfsmaður stefnanda, skýrði svo frá að hann hefði samið efnistilboð á dskj. nr. 9. Það væri ekki bindandi verðtilboð, heldur fyrst og fremst útreikningur á stærð kælikerfis er hentaði stefnda og verð á því eins og það var á þeim degi. Hefði verið um bindandi verðtilboð að ræða hefði verið gengið frá því á formlegri hátt. Hann skýrði frá því, að um sömu vörur sé að ræða, sem taldar eru upp á dskj. nr. 9 og á reikningi að fjárhæð kr. 810.123,00 á dskj. nr. 3. Um hrein reikningsviðskipti hefði verið að ræða og hefði Óskari verið kunnugt um það. Hann hafi margspurt upp í hvaða upphæð þetta væri komið áður en hann leysti út vöruna.

IV.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu tveggja reikninga. Annars vegar vegna kaupa stefnda á eirrörum að fjárhæð kr. 84.621,05 og er ekki ágreiningur um þann reikning. Hins vegar til greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 810.123,00 vegna kælivélasamstæðu með fylgihlutum o.fl. eins og áður er nánar lýst.

Óumdeilt er að kaup tókust með aðiljum málsins á frystibúnaði þeim sem tilgreindur er á hinum síðari reikningi, en ágreiningur er hins vegar um það hvort stefnandi hafi gert stefnda bindandi verðtilboð í þennan búnað að fjárhæð kr. 667.972,00.

Lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 9 skjal sem ber yfirskriftina „Efnistilboð skv. upptalningu í frystikerfi" og er skjalið dags. 13. ágúst 1984. Upplýst er að vörur þær sem tilgreindar eru í þessu efnistilboði eru þær sömu og tilgreindar eru á reikningi á dskj. nr. 3 að fjárhæð kr. 810.123,00. Skjal þetta er óundirritað, en af hálfu stefnda er því haldið fram að verðtilboð stefnanda sé grundvallað á þessu skjali.

Gegn andmælum stefnanda og með hliðsjón af málavöxtum þykir ósannað að stefnandi hafi gert stefnda bindandi verðtilboð í umræddan frystibúnað á grundvelli dskj. nr. 9. Þykir því verða að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti sbr. 6. gr. l. nr. 39/1922.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, settur borgardómari í Reykjavík. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Óskar Árnason, greiði stefnanda, Vörukaupum hf., kr. 94.744,05 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.123,00 frá 1. mars 1985 til 1. apríl 1985, en af kr. 94.744,05 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987.

Nr. 296/1987. **Samband íslenskra samvinnufélaga**
gegn
Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Kærumál. Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 16. október 1987 kært til Hæstaréttar með heimild í 8. gr. 4. mgr. laga nr. 61/1942 úrskurð stjórnar lögmannafélags Íslands 7. október sl. um endurgjald fyrir málflutningsstarf varnaraðila fyrir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess í kröfugerð 9. nóvember, sem fram kom eftir ábendingu Hæstaréttar skv. 30. gr. laga nr. 75/1973, að þóknunin verði 100.000,00 krónur. Að kærumálskostnaði er ekki vikið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 2. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í niðurlagi 8

gr. 1. mgr. sömu laga segir, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Í 7. gr. laganna segir, að samþykktir félagsins skuli lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

Í samþykktum fyrir Lögmannafélag Íslands, sem gerðar voru 1944 en hefur verið breytt síðan alloft, segir í 10. gr. m.a.: „Gjaldskrána gefur félagið út ... Gjaldskránni verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi." Í gjaldskrá þeirri, sem hér skiptir máli og tók gildi 1. júní 1987, segir m.a. það, sem nú verður rakið.

Í 1. gr. segir m.a.:

„Lögmönnum er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af því verki, sem í té er látið og þeim hagsmunum, sem um er fjallað.

Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Auk þóknunar skal viðskiptamaður greiða lögmanni allan útlagðan kostnað ..."

Í 3. gr. gjaldskrárinnar segir:

„Skrá sú, sem hér fer á eftir, er leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og má víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar ..."

Í 5. gr. gjaldskrárinnar eru ákvæði um þóknun fyrir málflutning og er henni skipt í 5 liði, en þeim lið, sem fjallar um málflutning fyrir héraðsdómi er aftur skipt í 5 atriði. Um mál, sem ekki fer fram gagnaöflun í eftir þingfestingu, segir að grunngjald þóknunar skuli vera 4.664,00 krónur að viðbættum 10% af stefnufjárhæð allt að 1.187.070,00 krónum, 5% af næstu 2.374.690,00 krónum og 3% af því, sem umfram er.

Dómstólar hafa hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þegar þeir ákveða málskostnað, sem aðili dómsmáls er dæmdur til að greiða gagnaðila. Eftir atvikum, sem dómstólar meta, fer þó, hvort á henni er byggt að öllu leyti, og er oft frá henni vikið, einkum þegar fjárhæðir eru háar. Hér er til úrlausnar annars konar ágreiningur, þ.e. deila milli aðila og lögmanns hans. Verður að telja, að almennt sé í slíkum málum ríkari ástæða en ella fyrir dómstólana til að byggja á gjaldskránni, ef forsendur hennar eiga við.

Þegar þetta mál er virt, þykir eiga að taka tillit til þessa:

Varnaraðila var falið verkefni, sem var sérstætt að því leyti, að hann skyldi reka mál og fá í því dóm, ef úrslit í Hæstarétti í öðru máli sem hann hafði farið með fyrir annan aðila og fengið héraðsdóm í, gæfu tilefni til. Ef ekki hefði komið til sérstök ástæða, hefði því ekki verið þörf á að höfða 30. apríl sl. málið, sem hann þingfesti í umboði sóknaraðila á bæjarþingi þann dag. Sú ástæða var hætta á fyrningu eða brottfalli réttinda vegna tómlætis.

Starf lögmannsins að máli sóknaraðila hefur bersýnilega ekki tekið langan tíma, en í því hefur hann byggt á því, sem hann sjálfur hafði gert í því máli, sem fór til dóms.

Hagsmunir sóknaraðila voru geysimiklir.

Ekki var gerður samningur fyrirfram um þóknun varnaraðila, þó að sérstaklega stæði á eins og lýst hefur verið. Verður að telja, að engar viðræður hafi farið fram milli aðila kærumálsins um hana, fyrr en mál sóknaraðila á bæjarþingi hafði verið hafið, og var því eigi gætt þess ákvæðis í siðareglum lögmanna, sem til er vitnað í lok hins kærða úrskurðar.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í málatilbúnaðinum, er ekki unnt að leggja gjaldskrá Lögmannafélags Íslands til grundvallar þóknuninni til varnaraðila, enda hefur hann sjálfur ekki krafist nema tíunda hluta þeirrar þóknunar, sem hann kveðst hafa átt rétt á eftir gjaldskránni ef málið hefði verið flutt.

Ákveða ber þóknun varnaraðila með hliðsjón af því verki, sem í té var látið. Í því felst, að sá tími, sem varnaraðili notaði til að fjalla sérstaklega um mál sóknaraðila kemur aðallega til skoðunar að því er þetta atriði varðar. Tillit verður þó einnig að taka til þess til hækkunar, að varnaraðili var sérstaklega undir málsóknina búinn þar sem hann hafði sem fyrr segir farið með annað mál sama eðlis. Í öðru lagi ber að ákveða þóknun varnaraðila með hliðsjón af hagsmunum sóknaraðila, en dómkrafan í bæjarþingsmáli hans var 78.438.741,00 króna.

Að álitum þykir þóknunin hæfilega ákveðin 150.000,00 krónur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Samband íslenskra samvinnufélaga, greiði varnaraðila, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni,

150.000,00 krónur í málflutningsþóknun vegna bæjarþingsmálsins: Samband íslenskra samvinnufélaga gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Úrskurður:

Með bréfi, dags. 29. júlí 1987, fór sóknaraðili þess á leit við stjórn LMFÍ að hún úrskurðaði um ágreining sem upp væri kominn milli hans og varnaraðila um endurgjald fyrir málflutningsstarf.

Málsatvik.

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, síðar staðfest á Alþingi með lögum nr. 71/1984, hóf ríkissjóður innheimtu á svonefndum gengismun af útflytjendum sjávarafurða.

Ýmsir útflytjendanna töldu innheimtuna ólögmæta. Einn þeirra, fyrirtækið Útver hf., höfðaði mál á hendur ríkinu seint á árinu 1984 og krafðist endurgreiðslu á innheimtum gengismun. Dómkröfur Útvers hf. voru teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. apríl 1986. Ríkið áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar. Sóknaraðili annaðist málflutning af hálfu Útvers hf. bæði í héraði og Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu bæjarþingsdóms í máli Útvers hf. leitaði varnaraðili f.h. ýmissa aðildarfélaga sinna til sóknaraðila. Í fyrstu var athugaður sá möguleiki að mál varnaraðila og nokkurra annarra útflytjenda, sem einnig höfðu leitað til sóknaraðila, yrðu látin bíða þar til niðurstaða Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir, enda málin sams konar. Í því sambandi var talið nauðsynlegt að fá fram skuldbindingu ríkisins á því að ekki yrði beitt fyrningarvörn gegn kröfum útflytjendanna. Ríkið hafnaði hins vegar að skuldbinda sig með þessum hætti. Var þá talið rétt að leggja kröfu varnaraðila fyrir dómstóla til þess m.a. að forðast hugsanlegan missi réttinda vegna fyrningar eða tómlætis. Var sóknaraðila falið að höfða málið. Eftir að varnaraðili hafði útvegað sóknaraðila nauðsynleg gögn og upplýsingar um fjárhæð kröfunnar var mál varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. apríl 1987. Nam stefnukrafan kr. 78.438.741,00 auk vaxta frá 1. ágúst 1984 og málskostnaðar. Við þingfestingu voru lögð fram af hálfu varnaraðila stefnda, greinargerð og 8 önnur dómsskjöl. Þennan sama dag höfðaði sóknaraðili f.h. ýmissa annarra útflytjenda 5 dómsmál til viðbótar á hendur ríkinu. Voru mál þessi byggð á sama grunni og mál varnaraðila og námu stefnukröfur í þeim hundruðum milljóna króna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómsmál varnaraðila var síðan í ótilgreindum fresti, þar sem rétt þótti að bíða með frekari aðgerðir í því þar til dómur Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir. Dómur Hæstaréttar var síðan kveðinn upp hinn 10. júní sl. Var héraðsdómi hrundið og ríkið sýknað af endurkröfu Útvers hf. Með dómi Hæstaréttar lá það fyrir að úrslit væru einnig fengin í máli varnaraðila, sem því var hafið. Gerði sóknaraðili varnaraðila reikning fyrir störf sín. Reikningurinn er dagsettur 16. júní 1987 og er svohljóðandi:

„Málflutningsþóknun í bæjarþingsmálinu:
Samband ísl. samvinnufélaga gegn sjávar-
útvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h.
ríkissjóðs. Málið fellt niður að gengnum
dómi Hæstaréttar í málinu nr. 175/1986.
Stefnukrafa kr. 78.438.741,00. Málflutnings-
þóknun skv. gjaldskrá LMFÍ af þeirri fjár-
hæð án vaxta kr. 3.361.255,00.
Hér reiknuð þóknun 10% af því ..... kr. 336.125,00."

Í bréfi sóknaraðila frá 29. júlí sl. til stjórnar segir m.a. svo um reikningsgerðina:

„Gerði ég þessum umbj. mínum reikning, sem fylgir hjálagður í ljósriti. Er honum þar gert að greiða aðeins 10% af þóknun reiknaðri skv. gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól kröfunnar án vaxta fyrir fullflutt mál til héraðsdóms. Tek ég fram að vaxtakrafan í málinu nam líklega a.m.k. jafn hárri fjárhæð og höfuðstóllinn. Er að sjálfsögðu ljóst að ég veitti með þessum hætti stórfelldan afslátt af þóknun þeirri, sem mér hefði verið rétt að taka samkvæmt gjaldskránni. Gerði ég það m.a. vegna þess að hagsmunirnir sem um var fjallað höfðu tapazt."

Varnaraðili taldi reikning sóknaraðila of háan og synjaði um greiðslu.

Hér skal þess getið að tveir aðrir skjólstæðingar sóknaraðila vegna dómsmála á hendur ríkinu til endurgreiðslu á gengismun synjuðu einnig um greiðslu hliðstæðra reikninga. Voru reikningar vegna þessara skjólstæðinga annars vegar að fjárhæð kr. 535.570,00 og hins vegar kr. 687.651,00. Hefur ágreiningi um fjárhæð þessara reikninga sömuleiðis verið vísað til úrskurðar stjórnar.

Aðilar voru boðaðir á fund stjórnar hinn 23. sept. sl. Sóknaraðili mætti sjálfur en af hálfu varnaraðila mætti Jón Finnsson hrl.

Á fundinum var eftirfarandi m.a. bókað:

„Sættir eru reyndar en án árangurs.

Lögmaður varnaraðila lýsir því yfir að ekki sé vefengt að sóknaraðili hafi haft umboð til að höfða málið og ekki sé vefengt að varnaraðili hafi

tekið sjálfur um það ákvörðun að mál skyldi höfða og sóknaraðila falin sú málshöfðun.

Aðilar eru sammála um það að ágreiningur þeirra snúist um það eitt, hvort fjárhæð reiknings sóknaraðila sé of há vegna þeirrar vinnu, sem lögð var í málið af hálfu sóknaraðila.

Ennfremur er því lýst yfir af hálfu varnaraðila, að kröfur þeirra séu ekki á því byggðar að um ranga ráðgjöf sóknaraðila hafi verið að ræða um málshöfðunina.

Sóknaraðili lýsir því yfir að þóknun hans í samskonar máli fyrir Útver h.f. hafi verið kr. 75.000,00 í undirrétti en u.þ.b. kr. 120.000,00 í Hæstarétti."

Kröfur aðila og rökstuðningur.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að staðfest verði fjárhæð þóknunar hans skv. reikningi kr. 336.125,00. Sem rökstuðning fyrir kröfu sinni tekur sóknaraðili m.a. eftirfarandi fram í fyrrgreindu bréfi sínu frá 29. júlí sl.:

„1. Mér hlýtur að teljast rétt að byggja þóknun mína á gjaldskrá LMFÍ. Gat gagnaðili minn raunar fyrirfram ekki búist við öðru.

2. Fordæmi munu vera um það við úrskurði stjórnar LMFÍ, að eftir hinn skriflega hluta málflutnings og skjalaframlagningu teljist lögmaður hafa unnið til u.þ.b. 50% af þeirri málflutningsþóknun sem gjaldskrá LMFÍ kveður á um. Svona stóð á um málflutning minn fyrir SÍS, þegar málið var fellt niður. Ég gerði aðeins reikning fyrir 10% af þóknun miðað við höfuðstól án vaxta eða u.þ.b. 5% af þóknun skv. gjaldskrá.

3. Mál SÍS og nokkur önnur sem eins stóð á um og höfðuð voru á sama tíma eru að líkindum með stærstu dómsmálum í fjárhæð talið sem borin hafa verið upp við íslenzka dómstóla (ef ekki þau stærstu). Jafnframt var ljóst að lagaatriðin, sem þar var fjallað um, snertu grundvallaratriði sem skipta miklu máli um stjórnskipun á Íslandi í framtíðinni.

4. Öllum var ljóst að hæstaréttarmál Útvers hf var prófmál um hagsmuni SÍS og þeirra annarra fiskútflytjenda sem til mín leituðu. Lá þetta m.a. fyrir Hæstarétti. Var ljóst og óumdeilt við málflutning í því máli að dómur Útveri hf í hag myndi leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs á u.þ.b. 1,5 milljarði króna til þessara aðila. Forsvarsmönnum SÍS var að sjálfsögðu líka ljóst að mál Útvers hf var pófmál um hagsmuni þeirra. Er ekki ólíklegt að ástæða þess að þeir leituðu til mín hafi einmitt fyrst og fremst verið sú að ég annaðist málflutninginn í prófmálinu. Enginn vafi er á að hagsmunir SÍS hafi í reynd fengið fullnaðardóm við domstólana (7 manna dóm í Hæstarétti)."

Af hálfu varnaraðila hafa verið lögð fram í máli þessu bréf Árna Benediktssonar framkvæmdastjóra frá 2. sept. 1987 og bréf Jóns Finns-

sonar hrl. frá 14. sept. 1987. Í bréfi lögmannsins kemur fram að bréf Árna skuli skoðast sem greinargerð af hálfu varnaraðila í málinu. Krafa varnaraðila er sú að þóknun sóknaraðila verði úrskurðuð með hliðsjón af vinnuframlagi sem metið verði í samræmi við það sem sanngjarnt má teljast miðað við íslenskar venjur. Í bréfi Árna Benediktssonar segir m.a. svo:

„Þeir listar sem sölusamtökin lögðu fram og Jón Steinar Gunnlaugsson byggir kröfu sína um málflutningslaun á, sýna þær fjárhæðir, sem hvert fyrirtæki greiddi í gengismun. Þau fyrirtæki sem jafnframt eiga útgerðir hafa fengið greitt til baka af þessu fé, í sumum tilfellum allt sem af þeim hafði verið tekið og stundum meira. Varla er hægt að ætla að Hæstiréttur dæmi að þau fyrirtæki sem þegar hafa fengið endurgreiðslu ættu rétt á allri þeirri fjárhæð sem í upphafi hafði verið tekin í gengismun. Hitt er líklegra að frá yrði dregin sú fjárhæð sem fyrirtækið hefur þegar fengið í hendur. Sú krafa sem endanlega hefði verið gerð, að föllnum Hæstaréttardómi, hefði því ef til vill aðeins numið broti af upphaflegum gengismuni.

Það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að fulltrúar sex hagsmunasamtaka í sjávarútvegi stóðu saman að því að óska eftir þeirri þjónustu sem hér um ræðir, en ekki Samband ísl. samvinnufélaga eitt og sér. Verkið var unnið sameiginlega fyrir þá alla samkvæmt sameiginlegri ákvörðun á sameiginlegum fundi með Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Það verk sem um var beðið var að sjá til þess að hugsanlegur réttur framleiðenda sjávarafurða glataðist ekki á meðan beðið var eftir að dómur í máli Útvers hf. gengi í Hæstarétti. Hver sá réttur kynni að vera í fjárhæðum eða öðru gat enginn vitað fyrr en dómur hefði fallið.

Þegar Jóni Steinari Gunnlaugssyni var falið að sjá til þess að sá réttur sem fiskframleiðendur kynnu að eiga í þessu máli glataðist ekki, gerði hann enga grein fyrir þeirri þóknun sem hann kynni að taka. Full ástæða hefði þó verið til þess, þar sem vafalítið er um að ræða hærri fjárhæðir en menn eiga að venjast. Jón Steinar Gunnlaugsson gerir kröfu um þóknun sem nemur 10% af taxta LMFÍ, sem hann telur eðlilegt að miða við. Það virðist greinilegt að hæpið er að miða við taxta lögmannafélagsins í þessu tilfelli og er afskaplega hæpið að reikningur, sem nemur 10% af þeim taxta, byggi á honum. Þá væri nákvæmlega hægt að miða við eitthvert annað hlutfall af þeim taxta, t.d. 1%, og segja að það byggðist á taxta lögmannafélagsins.

Allir þeir sem ákváðu að fela Jóni Steinari Gunnlaugssyni það verkefni sem um ræðir eru vanir að fást við alhliða viðskipti frá degi til dags og þekkja vel hvað eðlilegt er talið að greiða fyrir þjónustu í íslensku þjóðfélagi, þar á meðal lögfræðilega ráðgjöf. Enginn þeirra sá ástæðu til að ætla að greiðsla fyrir þetta verk yrði utan reynsluheims þeirra. Þeir voru því með öllu grandalausir og óviðbúnir þeirri fjárhæð, sem nú hefur verið krafist fyrir verkið."

Í bréfi Jóns Finnssonar hrl. segir m.a. svo:

„Þóknun lögmanns virðist fremur eiga að taka mið af ráðgjöf en innheimtutaxta og væri nær lagi að miða við jafnmarga tugi þúsunda og lögmaðurinn telur í hundruðum.“

Stjórninni barst annað bréf frá sóknaraðila, dags. 22. sept. 1987, þar sem segir m.a.:

„4. Mótaðilar mínir virðast telja að málshöfðanirnar hafi kostað litla vinnu hjá mér og vilja að þóknun mín verði miðuð við þann tíma sem fór til verksins. Þessum sjónarmiðum mótmæli ég alfarið og bendi á að gjaldskrá LMFÍ er með beinni lagaheimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 miðuð við þá hagsmuni sem mál fjallar um. Er þetta í samræmi við þann hátt sem þekkist víða um lönd varðandi störf lögmanna. Hitt lýsti svo ákveðnu hugarfari mótparta minna að lýsa þeim skoðunum sínum að þeir eigi að geta fengið hjá mér aðgang að geysimiklu lögfræðistarfi (í máli Útvers hf.) án þess að borga fyrir það.

5. Í greinargerðum gagnaðilanna er gefið í skyn að hagsmunirnir sem um var deilt hafi numið lægri fjárhæðum en stefnukröfurnar í málunum, þar sem eitthvað af gengismunarfénu hafi gengið til fyrirtækjanna aftur fyrir tilstuðlan þess millifærslukerfis sem komið var á fót. Þetta er misskilningur. Í dómsmálunum voru kröfur gerðar um endurgreiðslu á ofteknum skatti en ekki um skaðabætur fyrir tjón vegna laganna um gengismuninn. Það er því óviðkomandi endurgreiðslukröfunni hvernig gengismunarfénu var ráðstafað. Um þetta vísa ég til hrd. 1985, 1544 (eink. bl. 1545). Þar fyrir utan kannast ég ekki við að hafa fengið upplýsingar frá samtökunum sex um að þau vildu að stefnukröfur yrðu lækkaðar af þessum sökum.

6. Það er rétt sem fram kemur hjá gagnaðilum mínum að ekki var fyrirfram fjallað um eða gerður sérstakur samningur um þóknun mína. Taldi ég það tilheyra reynsluheimi hinna þrautreyndu viðskiptajöfra sem ég átti viðskipti við, að lögmenn störfuðu eftir gjaldskrá LMFÍ þar sem miðað væri við verðmæti hagsmuna. Enginn vafi er á í þessu máli, eins og öðrum að gjaldskrá LMFÍ þjónar þeim tilgangi að vera samningsheimild um gjaldtöku fyrir málflutningsstörf, þegar ekki er samið fyrirfram.

7. Á einum stað í greinargerðunum er vísað til 10. gr. í Codex ethicus. Þessi grein verður aldrei skilin þeim skilningi að lögmaður eigi að eigin frumkvæði að gera skjólstæðingi viðvart um að hann starfi eftir gjaldskránni.“

Við fyrirtöku ágreiningsmáls þessa hinn 30. sept. sl. var svofelld bókun gerð:

„Framkvæmdastjóri upplýsir að hann hafi í morgun rætt við sóknaraðila í síma. Hafi sóknaraðili tekið fram að hann treysti sér ekki til að gefa upplýsingar um hversu mikill tími fór í beina vinnu við mál varnaraðila. Hann hafi ekki skráð tímafjöldann hjá sér.“ Sóknaraðili hefur staðfest þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í bókun þessari.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Álit stjórnar LMFÍ.

Gjaldskrá (áður lágmarksgjaldskrá) LMFÍ á sér í meginatriðum langa sögu. Um hana eru ákvæði í samþykktum félagsins sem staðfest eru af dómsmálaráðherra, sbr. 7. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Fjölmargar greinar gjaldskrárinnar kveða á um þóknun til lögmanns í samræmi við þá hagsmuni sem við er fengist hverju sinni. Á þessum sjónarmiðum byggist m.a. sú grein gjaldskrárinnar sem fjallar um þóknun fyrir málflutningsstörf, þ.e. þeim mun hærri fjárhagslegir hagsmunir í dómsmáli þeim mun hærri málflutningsþóknun, þó þannig að þóknun lækkar hlutfallslega eftir því sem fjárhæð hagsmuna er hærri. Þetta hagsmunamat á sér stoð í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, þar sem segir:

„Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast."

Gjaldskrá hefur það hlutverk að vera grundvöllur fyrir gjaldtöku lögmanns vegna einstakra starfa hans, enda er það skoðun stjórnar að taki lögmaður að sér verkefni skv. beiðni hafi viðkomandi skjólstæðingur jafnframt skuldbundið sig til að greiða lögmanni sínum þóknun skv. gjaldskránni, teljist slík þóknun hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942.

Í samræmi við framangreint er það álit stjórnar að það sé ótvírætt meginregla að lögmanni sé heimilt að reikna þóknun sína fyrir lögmannsstörf skv. gjaldskrá LMFÍ. Hefur þessi skilningur margoft verið staðfestur af dómstólum. Gjaldskráin er að vísu viðmiðunargjaldskrá þannig að frá henni má eftir atvikum víkja bæði til lækkunar og hækkunar. Standi ekki sérstaklega á yrðu viðmiðunartölur gjaldskrárinnar þó yfirleitt lagðar til grundvallar.

Í máli því sem hér um ræðir er ágreiningslaust að sóknaraðili innti af hendi málflutningsstörf í þágu varnaraðila. Það, sem um er deilt, er fjárhæð endurgjalds fyrir störfin. Í dómsmáli varnaraðila voru af hans hálfu lögð fram stefna og greinargerð ásamt nokkrum fleiri dómsskjölum. Var málinu síðan frestað ótiltekið meðan beðið var eftir niðurstöðu Hæstaréttar í efnislega hliðstæðu máli. Var mál varnaraðila síðan hafið er úrslit hæstaréttarmálsins lágu fyrir. Undir þessum kringumstæðum hefur stjórn LMFÍ áður úrskurðað að vinnuframlag lögmanns ætti að metast sem ákveðið hlutfall af fullfluttu máli. Hefur þetta hlutfall þá oftast verið ákveðið nálægt 50% og ákvæði 1. tl. b) 5. gr. í gjaldskrá síðan lögð þóknun til grundvallar. Í samræmi við slíkan útreikning er ljóst að reiknað endurgjald sóknaraðila er venjulega lægra en viðmiðunartölur gjaldskrár kveða á um. Gildir hér einu þótt tekið sé mið af 1. tl. a) 5. gr. gjaldskrár, svo sem gert var í dómi Hæstaréttar frá 21. mars 1986 í málinu nr. 166/1984.

Kemur nú til skoðunar, hvort hið reiknaða endurgjald sóknaraðila, kr. 336.125,00, teljist hæfilegt. Þegar virt er starf sóknaraðila og ábyrgð, fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila og önnur atvik, svo sem veruleg lækkun frá viðmiðunartölum gjaldskrár, er það álit stjórnar að reiknuð þóknun sóknaraðila sé innan hæfilegra marka. Er reikningur sóknaraðila því staðfestur.

Auk þess, sem áður hefur verið vikið að, tekur stjórnin eftirfarandi fram um þessa niðurstöðu:

Það er skoðun stjórnar að fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila í dómsmáli hans hafi numið stefnufjárhæðum málsins.

Þegar varnaraðili óskaði upphaflega athugunar á máli sínu hafði sóknaraðili aflað sér ákveðinnar reynslu og þekkingar með störfum sínum í samskonar máli í þágu Útvers hf. Þessi staðreynd kann að hafa leitt til þess að vinnuframlag sóknaraðila í máli varnaraðila hafi numið færri tímaeiningum en ef leitað hefði verið til lögmanns sem þurft hefði að kanna og vinna málið frá grunni. Að mati stjórnar á tímasparnaður að þessu leyti ekki að hafa það í för með sér að varnaraðili þurfi af þessum sökum að greiða lægri þóknun en hann hefði ella þurft að gera.

Það athugist að stjórnin telur það til góðra lögmannshátta að gera skjólstæðingi fyrirfram grein fyrir áætluðum verkkostnaði þannig að skjólstæðingur viti nokkurn veginn hvað honum beri að greiða, sbr. t.d. ákvæði 10. gr. í Codex Ethicus fyrir LMFÍ, en í greinargerð fyrir þessari grein siðareglnanna segir m.a. svo:

„Er sett til verndar og hagsbóta fyrir skjólstæðinga lögmanna, en nokkuð hefur á því borið, að lögmenn vanræktu að gera skjólstæðingum fyrirfram grein fyrir áætluðum málskostnaði, sem skjólstæðingum hefur eftir á þótt úr öllu hófi og orðið tilefni misskilnings, kæru- og klögumála."

Úrskurðarorð:

Staðfestur er reikningur sóknaraðila til varnaraðila frá 16. júní 1987 að fjárhæð kr. 336.125,00 fyrir flutning bæjarþingsmáls varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

1505

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987.

Nr. 297/1987. **Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda**
gegn
Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Kærumál. Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 14. október 1987 kært til Hæstaréttar með heimild í 8. gr. 4. mgr. laga nr. 61/1942 úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. október sl. um endurgjald fyrir málflutningsstarf varnaraðila fyrir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess í kröfugerð 6. nóvember, sem fram kom eftir ábendingu Hæstaréttar skv. 30. gr. laga nr. 75/1973, að þóknunin verði 178.524,00 krónur. Ekki er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 2. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: ,,Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í niðurlagi 8. gr. 1. mgr. sömu laga segir, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Í 7. gr. laganna segir, að samþykktir félagsins skuli lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

Í samþykktum fyrir Lögmannafélag Íslands, sem gerðar voru 1944 en hefur verið breytt síðan alloft, segir í 10. gr. m.a.: ,,Gjaldskrána gefur félagið út ... Gjaldskránni verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi.“ Í gjaldskrá þeirri, sem hér skiptir máli og tók gildi 1. júní 1987, segir m.a. það, sem nú verður rakið.

Í 1. gr. segir m.a.:

,,Lögmönnum er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af því verki, sem í té er látið og þeim hagsmunum, sem um er fjallað.

Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Auk þóknunar skal viðskiptamaður greiða lögmanni allan útlagðan kostnað ...“

Í 3. gr. gjaldskrárinnar segir:

„Skrá sú, sem hér fer á eftir, er leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og má víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar ...“

Í 5. gr. gjaldskrárinnar eru ákvæði um þóknun fyrir málflutning og er henni skipt í 5 liði, en þeim lið, sem fjallar um málflutning fyrir héraðsdómi er aftur skipt í 5 atriði. Um mál, sem ekki fer fram gagnaöflun í eftir þingfestingu, segir að grunngjald þóknunar skuli vera 4.664,00 krónur að viðbættum 10% af stefnufjárhæð allt að 1.187.070,00 krónum, 5% af næstu 2.374.690,00 krónum og 3% af því, sem umfram er.

Dómstólar hafa hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þegar þeir ákveða málskostnað, sem aðili dómsmáls er dæmdur til að greiða gagnaðila. Eftir atvikum, sem dómstólar meta, fer þó, hvort á henni er byggt að öllu leyti, og er oft frá henni vikið, einkum þegar fjárhæðir eru háar. Hér er til úrlausnar annars konar ágreiningur, þ.e. deila milli aðila og lögmanns hans. Verður að telja, að almennt sé í slíkum málum ríkari ástæða en ella fyrir dómstólana til að byggja á gjaldskránni, ef forsendur hennar eiga við.

Þegar þetta mál er virt, þykir eiga að taka tillit til þessa:

Varnaraðila var falið verkefni, sem var sérstætt að því leyti, að hann skyldi reka mál og fá í því dóm, ef úrslit í Hæstarétti í öðru máli sem hann hafði farið með fyrir annan aðila og fengið héraðsdóm í, gæfu tilefni til. Ef ekki hefði komið til sérstök ástæða, hefði því ekki verið þörf á að höfða 30. apríl sl. málið, sem hann þingfesti í umboði sóknaraðila á bæjarþingi þann dag. Sú ástæða var hætta á fyrningu eða brottfalli réttinda vegna tómlætis.

Starf lögmannsins að máli sóknaraðila hefur bersýnilega ekki tekið langan tíma, en í því hefur hann byggt á því, sem hann sjálfur hafði gert í því máli, sem fór til dóms.

Hagsmunir sóknaraðila voru geysimiklir.

Ekki var gerður samningur fyrirfram um þóknun varnaraðila, þó að sérstaklega stæði á eins og lýst hefur verið. Verður að telja, að

engar viðræður hafi farið fram milli aðila kærumálsins um hana, fyrr en mál sóknaraðila á bæjarþingi hafði verið hafið, og var því eigi gætt þess ákvæðis í siðareglum lögmanna, sem til er vitnað í lok hins kærða úrskurðar.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í málatilbúnaðinum, er ekki unnt að leggja gjaldskrá Lögmannafélags Íslands til grundvallar þóknuninni til varnaraðila, enda hefur hann sjálfur ekki krafist nema tíunda hluta þeirrar þóknunar, sem hann kveðst hafa átt rétt á eftir gjaldskránni ef málið hefði verið flutt.

Ákveða ber þóknun varnaraðila með hliðsjón af því verki, sem í té er látið. Í því felst, að sá tími, sem varnaraðili notaði til að fjalla sérstaklega um mál sóknaraðila kemur aðallega til skoðunar að því er þetta atriði varðar. Tillit verður þó einnig að taka til þess til hækkunar, að varnaraðili var sérstaklega undir málsóknina búinn þar sem hann hafði sem fyrr segir farið með annað mál sama eðlis. Í öðru lagi ber að ákveða þóknun varnaraðila með hliðsjón af hagsmunum sóknaraðila, en dómkrafan í bæjarþingsmáli hans var 128.299.997,00 krónur.

Að álitum þykir þóknunin hæfilega ákveðin 235.000,00 krónur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, greiði varnaraðila, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, 235.000,00 krónur í málflutningsþóknun vegna bæjarþingsmálsins: Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands

7. október 1987.

Með bréfi, dags. 29. júlí 1987, fór sóknaraðili þess á leit við stjórn LMFÍ að hún úrskurðaði um ágreining sem upp væri kominn milli hans og varnaraðila um endurgjald fyrir málflutningsstarf.

Málsatvik.

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, síðar staðfest á Alþingi með lögum nr. 71/1984, hóf

ríkissjóður innheimtu á svonefndum gengismun af útflytjendum sjávarafurða.

Ýmsir útflytjendanna töldu innheimtuna ólögmæta. Einn þeirra, fyrirtækið Útver hf., höfðaði mál á hendur ríkinu seint á árinu 1984 og krafðist endurgreiðslu á innheimtum gengismun. Dómkröfur Útvers hf. voru teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. apríl 1986. Ríkið áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar. Sóknaraðili annaðist málflutning af hálfu Útvers hf. bæði í héraði og Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu bæjarþingsdóms í máli Útvers hf. leitaði varnaraðili f.h. ýmissa aðildarfélaga sinna til sóknaraðila. Í fyrstu var athugaður sá möguleiki að mál varnaraðila og nokkurra annarra útflytjenda, sem einnig höfðu leitað til sóknaraðila, yrðu látin bíða þar til niðurstaða Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir, enda málin samskonar. Í því sambandi var talið nauðsynlegt að fá fram skuldbindingu ríkisins á því að ekki yrði beitt fyrningarvörn gegn kröfum útflytjendanna. Ríkið hafnaði hins vegar að skuldbinda sig með þessum hætti. Var þá talið rétt að leggja kröfu varnaraðila fyrir dómstóla til þess m.a. að forðast hugsanlegan missi réttinda vegna fyrningar eða tómlætis. Var sóknaraðila falið að höfða málið. Eftir að varnaraðili hafði útvegað sóknaraðila nauðsynleg gögn og upplýsingar um fjárhæð kröfunnar var mál varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. apríl 1987. Nam stefnukrafan kr. 128.299.997,00 auk vaxta frá 1. jan. 1984 og málskostnaðar. Við þingfestingu voru lögð fram af hálfu varnaraðila stefnda greinargerð og 7 önnur dómsskjöl. Þennan sama dag höfðaði sóknaraðili f.h. ýmissa annarra útflytjenda 5 dómsmál til viðbótar á hendur ríkinu. Voru mál þessi byggð á sama grunni og mál varnaraðila og námu stefnukröfur í þeim hundruðum milljóna króna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómsmál varnaraðila var síðan í ótilgreindum fresti, þar sem rétt þótti að bíða með frekari aðgerðir í því þar til dómur Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir. Dómur Hæstaréttar var síðan kveðinn upp hinn 10. júní sl. Var héraðsdómi hrundið og ríkið sýknað af endurkröfum Útvers hf. Með dómi Hæstaréttar lá það fyrir að úrslit væru einnig fengin í máli varnaraðila, sem því var hafið. Gerði sóknaraðili varnaraðila reikning fyrir störf sín. Reikningurinn er dagsettur 16. júní 1987 og er svohljóðandi:

„Málflutningsþóknun í bæjarþingsmálinu:
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda
gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Málið fellt
niður að gengnum dómi Hæstaréttar í
málinu nr. 175/1986. Stefnukrafa kr.
128.299.997,00. Málflutningsþóknun skv.

gjaldskrá LMFÍ af þeirri fjárhæð án
vaxta kr. 5.355.705,00.
Hér reiknuð þóknun 10% af því ..... kr. 535.570,00.“

Í bréfi sóknaraðila frá 29. júlí sl. til stjórnar segir m.a. svo um reikningsgerðina:

„Gerði ég þessum umbj. mínum reikning, sem fylgir hjálagður í ljósriti. Er honum þar gert að greiða aðeins 10% af þóknun reiknaðri skv. gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól kröfunnar án vaxta fyrir fullflutt mál til héraðsdóms. Tek ég fram að vaxtakrafan í málinu nam líklega a.m.k. jafn hárri fjárhæð og höfuðstóllinn. Er að sjálfsögðu ljóst að ég veitti með þessum hætti stórfelldan afslátt af þóknun þeirri, sem mér hefði verið rétt að taka samkvæmt gjaldskránni. Gerði ég það m.a. vegna þess að hagsmunirnir sem um var fjallað höfðu tapazt.“

Varnaraðili taldi reikning sóknaraðila of háan og synjaði um greiðslu.

Hér skal þess getið að tveir aðrir skjólstæðingar sóknaraðila vegna dómsmála á hendur ríkinu til endurgreiðslu á gengismun synjuðu einnig um greiðslu hliðstæðra reikninga. Voru reikningar vegna þessara skjólstæðinga annars vegar að fjárhæð kr. 336.125,00 og hins vegar kr. 687.651,00. Hefur ágreiningi um fjárhæð þessara reikninga sömuleiðis verið vísað til úrskurðar stjórnar.

Aðilar voru boðaðir á fund stjórnar hinn 23. sept. sl. Sóknaraðili mætti sjálfur en af hálfu varnaraðila mætti Guðmundur Pétursson hrl.

Á fundinum var eftirfarandi m.a. bókað:

„Sættir eru reyndar en án árangurs.

Lögmaður varnaraðila lýsir því yfir að ekki sé véfengt að sóknaraðili hafi haft umboð til að höfða málið og ekki sé véfengt að varnaraðili hafi tekið sjálfur um það ákvörðun að mál skyldi höfða og sóknaraðila falin sú málshöfðun.

Aðilar eru sammála um það að ágreiningur þeirra snúist um það eitt, hvort fjárhæð reiknings sóknaraðila sé of há vegna þeirrar vinnu, sem lögð var í málið af hálfu sóknaraðila.

Ennfremur er því lýst yfir af hálfu varnaraðila, að kröfur þeirra séu ekki á því byggðar að um ranga ráðgjöf sóknaraðila hafi verið að ræða um málshöfðunina.

Sóknaraðili lýsir því yfir að þóknun hans í samskonar máli fyrir Útver hf. hafi verið kr. 75.000,00 í undirrétti en u.þ.b. kr. 120.000,00 í Hæstarétti.“

Kröfur aðila og rökstuðningur.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að staðfest verði fjárhæð þóknunar hans skv. reikningi kr. 535,570,00. Sem rökstuðning fyrir kröfu sinni tekur sóknaraðili m.a. eftirfarandi fram í fyrrgreindu bréfi sínu frá 29. júlí sl.:

„1. Mér hlýtur að teljast rétt að byggja þóknun mína á gjaldskrá LMFÍ. Gat gagnaðili minn raunar fyrirfram ekki búist við öðru.

2. Fordæmi munu vera um það við úrskurði stjórnar LMFÍ, að eftir hinn skriflega hluta málflutnings og skjalaframlagningu teljist lögmaður hafa unnið til u.þ.b. 50% af þeirri málflutningsþóknun sem gjaldskrá LMFÍ kveður á um. Svona stóð á um málflutning minn fyrir SÍF, þegar málið var fellt niður. Ég gerði aðeins reikning fyrir 10% af þóknun miðað við höfuðstól án vaxta eða u.þ.b. 5% af þóknun skv. gjaldskrá.

3. Mál SÍF og nokkur önnur sem eins stóð á um og höfðuð voru á sama tíma eru að líkindum með stærstu dómsmálum í fjárhæðum talið sem borin hafa verið upp við íslenzka dómstóla (ef ekki þau stærstu). Jafnframt var ljóst að lagaatriðin sem þar var fjallað um snertu grundvallaratriði sem skipta miklu máli um stjórnskipun á Íslandi í framtíðinni.

4. Öllum var ljóst að hæstaréttarmál Útvers hf var prófmál um hagsmuni SÍF og þeirra annarra fiskútflytjenda sem til mín leituðu. Lá þetta m.a. fyrir Hæstarétti. Var ljóst og óumdeilt við málflutning í því máli að dómur Útveri hf í hag myndi leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs á u.þ.b. 1,5 milljarði króna til þessara aðila. Forsvarsmönnum SÍF var að sjálfsögðu líka ljóst að mál Útvers hf var prófmál um hagsmuni þeirra. Er ekki ólíklegt að ástæða þess að þeir leituðu til mín hafi einmitt fyrst og fremst verið sú að ég annaðist málflutninginn í prófmálinu. Enginn vafi er á að hagsmunir SÍF hafa í reynd fengið fullnaðardóm við dómstólana (7 manna dóm í Hæstarétti)."

Af hálfu varnaraðila hefur verið lögð fram í máli þessu greinargerð Guðmundar Péturssonar hrl., dags. 16. sept. 1987. Í greinargerðinni segir m.a.:

„Athugasemdir umbjóðenda minna við reikningsfjárhæðirnar.

1. Kærandi rökstyður reikningana með því að umdeildar fjárhæðir hafi skipt hundruðum milljóna og hann hafi aðeins reiknað sér laun sem væru örlítið brot af taxta Lögmannafélagsins, ef miðað væri við fjárhæðir eins og taxtinn geri ráð fyrir. Þessi málsástæða er léttvæg. Í fyrsta lagi voru málin aldrei flutt, og í öðru lagi var það fyrirfram vitað að málin yrðu öll felld niður þegar dómur hefði gengið í Hæstarétti í máli Útvers h/f, alveg jafnt hvort sem héraðsdómur hefði verið staðfestur eða ríkið sýknað eins og raun varð á. Loks er þess að gæta að hinar „umdeildu" fjárhæðir runnu beint til útgerðarinnar aftur. Það var því alls ekki um hreint tap útgerðarinnar að ræða. Prófmálið skar alveg úr um réttarstöðu umbjóðenda minna. Fyrsta grein gjaldskrárinnar segir að lögmaður eigi rétt á að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki sem er í té látið o.s.frv. Ég get ekki hugsað mér að hæfileg þóknun í þessum

7 málum teljist í nokkru samræmi við reikning lögmannsins. Sé svo þarfnast taxti LMFÍ vandlegrar endurskoðunar. Tvöfaldur málskostnaður í máli Útvers h/f væri nær sanni. S.H. og S.Í.F. gætu vafalaust fallist á slíka lausn mála sinna. Þegar meta skal laun lögmannsins er í rauninni ekki hægt að miða við neitt annað en vinnutíma, en eins og áður hefur verið bent á þurfti lögmaðurinn litla vinnu að leggja fram við að koma málunum í gang, aðeins að breyta tölum og nöfnum og afhenda síðan vélritunarstúlku til afgreiðslu. Ég fullyrði að lögmaðurinn, sem er bæði reyndur og glöggur, hefur ekki eytt meira en einu dagsverki í þessi 7 mál.

2. Kærandi telur að gagnvart umbj. mínum hafi verið um prófmál að ræða. Á það get ég ekki fallist. Mál Útvers var prófmál, sem skar skilyrðislaust úr um öll hin málin, og eina ástæðan til þess að höfða þau mál var að koma í veg fyrir að ríkisvaldið gæti borið fyrir sig tómlætisverkanir eða fyrningu.

3. Umbjóðendur mínir halda því fram að hinar síðastnefndu tómlætisverkanir hafi verið ræddar á fundum með lögmanninum og telja að það hafi fyrir hans ráðleggingar og að hans tilstilli, sem málin voru höfðuð í framangreindum tilgangi. Persónulega held ég því fram að málin hafi verið höfðuð að nauðsynjalausu, jafnvel þótt málsstaður kæranda hefði haldið velli í Hæstarétti, en dómur þar var kveðinn upp 10. júní 1987. Þá voru hin málin ekki fyrnd, í fyrsta lagi sökum þess að hér var um endurheimtu á ofteknu fé að ræða, að mínum dómi 10 ára fyrning, en jafnvel þótt 4 ára fyrning hefði legið fyrir gat fyrningartíminn aldrei byrjað fyrr en á þeirri stund sem ríkissjóður hélt föstum viðkomandi greiðslum, sem byrjuðu ekki fyrr en á næstu mánuðum eftir að bráðabirgðalögin voru sett.

4. Kærandi kveðst hafa gert umbjóðendum mínum grein fyrir því, að héraðsdómur í máli Útvers h/f kynni að verða hrakinn í Hæstarétti. Hann tekur fram, að sér hljóti að vera heimilt að byggja þóknun á gjaldskrá LMFÍ og að umbjóðendur mínir hafi fyrirfram ekki búist við öðru. Ég bendi á að samkvæmt 10. gr. í codex ethicus Lögmannafélagsins ber lögmanni að gera skjólstæðingi sínum grein fyrir áætluðum verkkostnaði eftir föngum. Ég tel víst, að umbjóðendur mínir hefðu hugsað sig betur um og kannað betur kostnaðarhliðina, ef þeir hefðu búist við því að þeir tveir, S.H. og S.Í.F., ættu í vændum málskostnaðarkröfu samtals að fjárhæð kr. 1.223.221,00."

Stjórninni barst annað bréf ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 296/1987, bls. 1502.]

... tekið til úrskurðar í dag.

Álit stjórnar LMFÍ.

Gjaldskrá (áður lágmarksgjaldskrá) LMFÍ ...

[Sjá bls. 1503.]

... í málinu nr. 166/1984.

Kemur nú til skoðunar hvort hið reiknaða endurgjald sóknaraðila, kr. 535.570,00, teljist hæfilegt. Þegar virt er starf sóknaraðila og ábyrgð, fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila og önnur atvik, svo sem veruleg lækkun frá viðmiðunartölum gjaldskrár, er það álit stjórnar að reiknuð þóknun sóknaraðila sé innan hæfilegra marka. Er reikningur sóknaraðila því staðfestur.

Auk þess sem áður hefur verið vikið að ...

[Sjá bls. 1504.]

... tilefni misskilnings, kæru- og klögumála."

Úrskurðarorð:

Staðfestur er reikningur sóknaraðila til varnaraðila frá 16. júní 1987 að fjárhæð kr. 535.570,00 fyrir flutning bæjarþingsmáls varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987.

Nr. 298/1987. **Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna**
gegn
Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Kærumál. Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 14. október 1987 kært til Hæstaréttar með heimild í 8. gr. 4. mgr. laga nr. 61/1942 úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. október sl. um endurgjald fyrir málflutningsstarf varnaraðila fyrir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess í kröfugerð 6. nóvember, sem fram kom eftir ábendingu Hæstaréttar skv. 30. gr. laga nr. 75/1973, að þóknunin verði 229.217,00 krónur. Ekki er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 2. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í niðurlagi 8. gr. 1. mgr. sömu laga segir, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Í 7. gr. laganna segir, að samþykktir félagsins skuli lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

Í samþykktum fyrir Lögmannafélag Íslands, sem gerðar voru 1944 en hefur verið breytt síðan alloft, segir í 10. gr. m.a.: „Gjaldskrána gefur félagið út ... Gjaldskránni verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi.“ Í gjaldskrá þeirri, sem hér skiptir máli og tók gildi 1. júní 1987, segir m.a. það, sem nú verður rakið.

Í 1. gr. segir m.a.:

„Lögmönnum er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af því verki, sem í té er látið og þeim hagsmunum, sem um er fjallað.

Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Auk þóknunar skal viðskiptamaður greiða lögmanni allan útlagðan kostnað ...“

Í 3. gr. gjaldskrárinnar segir:

„Skrá sú, sem hér fer á eftir, er leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og má víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar ...“

Í 5. gr. gjaldskrárinnar eru ákvæði um þóknun fyrir málflutning og er henni skipt í 5 liði, en þeim lið, sem fjallar um málflutning fyrir héraðsdómi er aftur skipt í 5 atriði. Um mál, sem ekki fer fram gagnaöflun í eftir þingfestingu, segir að grunngjald þóknunar skuli vera 4.664,00 krónur að viðbættum 10% af stefnufjárhæð allt að 1.187.070,00 krónum, 5% af næstu 2.374.690,00 krónum og 3% af því, sem umfram er.

Dómstólar hafa hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þegar þeir ákveða málskostnað, sem aðili dómsmáls er dæmdur til

að greiða gagnaðila. Eftir atvikum, sem dómstólar meta, fer þó, hvort á henni er byggt að öllu leyti, og er oft frá henni vikið, einkum þegar fjárhæðir eru háar. Hér er til úrlausnar annars konar ágreiningur, þ.e. deila milli aðila og lögmanns hans. Verður að telja, að almennt sé í slíkum málum ríkari ástæða en ella fyrir dómstólana til að byggja á gjaldskránni, ef forsendur hennar eiga við.

Þegar þetta mál er virt, þykir eiga að taka tillit til þessa:

Varnaraðila var falið verkefni, sem var sérstætt að því leyti, að hann skyldi reka mál og fá í því dóm, ef úrslit í Hæstarétti í öðru máli sem hann hafði farið með fyrir annan aðila og fengið héraðsdóm í, gæfu tilefni til. Ef ekki hefði komið til sérstök ástæða, hefði því ekki verið þörf á að höfða 30. apríl sl. málið, sem hann þingfesti í umboði sóknaraðila á bæjarþingi þann dag. Sú ástæða var hætta á fyrningu eða brottfalli réttinda vegna tómlætis.

Starf lögmannsins að máli sóknaraðila hefur bersýnilega ekki tekið langan tíma, en í því hefur hann byggt á því, sem hann sjálfur hafði gert í því máli, sem fór til dóms.

Hagsmunir sóknaraðila voru geysimiklir.

Ekki var gerður samningur fyrirfram um þóknun varnaraðila, þó að sérstaklega stæði á eins og lýst hefur verið. Verður að telja, að engar viðræður hafi farið fram milli aðila kærumálsins um hana, fyrr en mál sóknaraðila á bæjarþingi hafði verið hafið, og var því eigi gætt þess ákvæðis í siðareglum lögmanna, sem til er vitnað í lok hins kærða úrskurðar.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í málatilbúnaðinum, er ekki unnt að leggja gjaldskrá lögmannafélags Íslands til grundvallar þóknuninni til varnaraðila, enda hefur hann sjálfur ekki krafist nema tíunda hluta þeirrar þóknunar, sem hann kveðst hafa átt rétt á eftir gjaldskránni ef málið hefði verið flutt.

Ákveða ber þóknun varnaraðila með hliðsjón af því verki, sem í té var látið. Í því felst, að sá tími, sem varnaraðili notaði til að fjalla sérstaklega um mál sóknaraðila kemur aðallega til skoðunar að því er þetta atriði varðar. Tillit verður þó einnig að taka til þess til hækkunar, að varnaraðili var sérstaklega undir málsóknina búinn þar sem hann hafði sem fyrr segir farið með annað mál sama eðlis. Í öðru lagi ber að ákveða þóknun varnaraðila með hliðsjón

af hagsmunum sóknaraðila, en dómkrafan í bæjarþingsmáli hans var 166.320.141,00 króna.

Að álitum þykir þóknunin hæfilega ákveðin 300.000,00 krónur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, greiði varnaraðila, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, 300.000,00 krónur í málflutningsþóknun vegna bæjarþingsmálsins: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. október 1987.

Með bréfi, dags. 28. júlí 1987, fór sóknaraðili þess á leit við stjórn LMFÍ að hún úrskurðaði um ágreining sem upp væri kominn milli hans og varnaraðila um endurgjald fyrir málflutningsstarf.

Málsatvik:

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, síðar staðfest á Alþingi með lögum nr. 71/1984, hóf ríkissjóður innheimtu á svonefndum gengismun af útflytjendum sjávarafurða.

Ýmsir útflytjendanna töldu innheimtuna ólögmæta. Einn þeirra, fyrirtækið Útver h.f., höfðaði mál á hendur ríkinu seint á árinu 1984 og krafðist endurgreiðslu á innheimtum gengismun. Dómkröfur Útvers h.f. voru teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. apríl 1986. Ríkið áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar. Sóknaraðili annaðist málflutning af hálfu Útvers h.f. bæði í héraði og Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu bæjarþingsdóms í máli Útvers h.f. leitaði varnaraðili f.h. ýmissa aðildarfélaga sinna til sóknaraðila. Í fyrstu var athugaður sá möguleiki að mál varnaraðila og nokkurra annarra útflytjenda, sem einnig höfðu leitað til sóknaraðila, yrðu látin bíða þar til niðurstaða Hæstaréttar í máli Útvers h.f. lægi fyrir, enda málin samskonar. Í því sambandi var talið nauðsynlegt að fá fram skuldbindingu ríkisins á því að ekki yrði beitt fyrningarvörn gegn kröfum útflytjendanna. Ríkið hafnaði hins vegar að skuldbinda sig með þessum hætti. Var þá talið rétt að leggja kröfu varnaraðila fyrir dómstóla til þess m.a. að forðast hugsanlegan missi réttinda vegna fyrningar eða tómlætis. Var sóknaraðila falið að höfða málið. Eftir

að varnaraðili hafði útvegað sóknaraðila nauðsynleg gögn og upplýsingar um fjárhæð kröfunnar var mál varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. apríl 1987. Nam stefnukrafan kr. 166.320.141,00 auk vaxta frá 1. jan. 1984 og málskostnaðar. Við þingfestingu voru lögð fram af hálfu varnaraðila stefnda greinargerð og 7 önnur dómsskjöl. Þennan sama dag höfðaði sóknaraðili f.h. ýmissa annarra útflytjenda 5 dómsmál til viðbótar á hendur ríkinu. Voru mál þessi byggð á sama grunni og mál varnaraðila og námu stefnukröfur í þeim hundruðum milljóna króna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómsmál varnaraðila var síðan í ótilgreindum fresti, þar sem rétt þótti að bíða með frekari aðgerðir í því þar til dómur Hæstaréttar í máli Útvers h.f. lægi fyrir. Dómur Hæstaréttar var síðan kveðinn upp hinn 10. júní sl. Var héraðsdómi hrundið og ríkið sýknað af endurkröfu Útvers h.f. Með dómi Hæstaréttar lá það fyrir að úrslit væru einnig fengin í máli varnaraðila, sem því var hafið. Gerði sóknaraðili varnaraðila reikning fyrir störf sín. Reikningurinn er dagsettur 16. júní 1987 og er svohljóðandi:

„Málflutningsþóknun í bæjarþingsmálinu:
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gegn
sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs. Málið fellt niður að gengnum
dómi Hæstaréttar í málinu nr. 175/1986.
Stefnukrafa kr. 166.320.141,00. Málflutnings-
þóknun skv. gjaldskrá LMFÍ af þeirri fjár-
hæð án vaxta kr. 6.876.511,00.
Hér er reiknuð þóknun 10% af því ..... kr.687.651,00.“

Í bréfi sóknaraðila frá 28. júlí sl. til stjórnar segir m.a. svo um reikningsgerðina:

„Gerði ég þessum umbj. mínum reikning, sem fylgir hjálagður í ljósriti. Er honum þar gert að greiða aðeins 10% af þóknun reiknaðri skv. gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól kröfunnar án vaxta fyrir fullflutt mál til héraðsdóms. Tek ég fram að vaxtakrafan í málinu nam líklega a.m.k. jafn hárri fjárhæð og höfuðstóllinn. Er að sjálfsögðu ljóst að ég veitti með þessum hætti stórfelldan afslátt af þóknun þeirri, sem mér hefði verið rétt að taka samkvæmt gjaldskránni. Gerði ég það m.a. vegna þess að hagsmunirnir sem um var fjallað höfðu tapazt.“

Varnaraðili taldi reikning sóknaraðila of háan og synjaði um greiðslu.

Hér skal þess getið að tveir aðrir skjólstæðingar sóknaraðila vegna dómsmála á hendur ríkinu til endurgreiðslu á gengismun synjuðu einnig um greiðslu hliðstæðra reikninga. Voru reikningar vegna þessara skjólstæðinga

annars vegar að fjárhæð kr. 535.570,00 og hins vegar kr. 336.125,00. Hefur ágreiningi um fjárhæð þessara reikninga sömuleiðis verið vísað til úrskurðar stjórnar.

Aðilar voru boðaðir á fund stjórnar hinn 23. sept. sl. Sóknaraðili mætti sjálfur en af hálfu varnaraðila mætti Guðmundur Pétursson hrl.

Á fundinum var eftirfarandi m.a. bókað:

„Sættir eru reyndar en án árangurs.

Lögmaður varnaraðila lýsir því yfir að ekki sé véfengt að sóknaraðili hafi haft umboð til að höfða málið og ekki sé véfengt að varnaraðili hafi tekið sjálfur um það ákvörðun að mál skyldi höfða og sóknaraðila falin sú málshöfðun.

Aðilar eru sammála um það að ágreiningur þeirra snúist um það eitt, hvort fjárhæð reiknings sóknaraðila sé of há vegna þeirrar vinnu sem lögð var í málið af hálfu sóknaraðila.

Ennfremur er því lýst yfir af hálfu varnaraðila, að kröfur þeirra séu ekki á því byggðar að um ranga ráðgjöf sóknaraðila hafi verið að ræða um málshöfðunina.

Sóknaraðili lýsir því yfir að þóknun hans í samskonar máli fyrir Útver h.f. hafi verið kr. 75.000,00 í undirrétti en u.þ.b. kr. 120.000,00 í Hæstarétti."

Kröfur aðila og rökstuðningur.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að staðfest verði fjárhæð þóknunar hans skv. reikningi kr. 687.651,00. Sem rökstuðning fyrir kröfu sinni tekur sóknaraðili m.a. eftirfarandi fram í fyrrgreindu bréfi sínu frá 28. júlí sl.:

„1. Mér hlýtur að teljast rétt að byggja þóknun mína á gjaldskrá LMFÍ. Gat gagnaðili minn raunar fyrirfram ekki búist við öðru.

2. Fordæmi munu vera um það við úrskurði stjórnar LMFÍ, að eftir hinn skriflega hluta málflutnings og skjalaframlagningu teljist lögmaður hafa unnið til u.þ.b. 50% af þeirri málflutningsþóknun sem gjaldskrá LMFÍ kveður á um. Svona stóð á um málflutning minn fyrir SH, þegar málið var fellt niður. Ég gerði aðeins reikning fyrir 10% af þóknun miðað við höfuðstól án vaxta eða u.þ.b. 5% af þóknun skv. gjaldskrá.

3. Mál SH og nokkur önnur sem eins stóð á um og höfðuð voru á sama tíma eru að líkindum með stærstu dómsmálum í fjárhæðum talið sem borin hafa verið upp við íslenzka dómstóla (ef ekki þau stærstu). Jafnframt var ljóst að lagaatriðin, sem þar var fjallað um, snertu grundvallaratriði, sem skipta miklu máli um stjórnskipun á Íslandi í framtíðinni.

4. Öllum var ljóst að hæstaréttarmál Útvers hf var prófmál um hagsmuni SH og þeirra annarra fiskútflytjenda sem til mín leituðu. Lá þetta m.a. fyrir Hæstarétti. Var ljóst og óumdeilt við málflutning í því máli að dómur

Útveri hf í hag myndi leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs á u.þ.b. 1,5 milljarði króna til þessara aðila. Forsvarsmönnum SH var að sjálfsögðu líka ljóst að mál Útvers hf var prófmál um hagsmuni þeirra. Er ekki ólíklegt að ástæða þess að þeir leituðu til mín hafi einmitt fyrst og fremst verið sú, að ég annaðist málflutninginn í prófmálinu. Enginn vafi er á að hagsmunir SH hafa í reynd fengið fullnaðardóm við dómstólana (7 manna dóm í Hæstarétti).“

Af hálfu varnaraðila hefur verið lögð fram í máli þessu greinargerð Guðmundar Péturssonar hrl., dags. 16. sept. 1987. Í greinargerðinni segir m.a.:

„*Athugasemdir umbjóðenda minna við reikningsfjárhæðirnar.*

1. Kærandi rökstyður reikningana með því ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 297/1987, bls. 1510-1511.]

... að fjárhæð kr. 1.223.221,00.“

Stjórninni barst annað bréf ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 296/1987, bls. 1502.]

... tekið til úrskurðar í dag.

Álit stjórnar LMFÍ.

Gjaldskrá (áður lágmarksgjaldskrá) LMFÍ ...

[Sjá bls. 1503.]

...‘ í málinu nr. 166/1984.

Kemur nú til skoðunar, hvort hið reiknaða endurgjald sóknaraðila, kr. 687.651,00, teljist hæfilegt. Þegar virt er starf sóknaraðila og ábyrgð, fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila og önnur atvik, svo sem veruleg lækkun frá viðmiðunartölum gjaldskrár, er það álit stjórnar að reiknuð þóknun sóknaraðila sé innan hæfilegra marka. Er reikningur sóknaraðila því staðfestur.

Auk þess, sem áður hefur verið vikið að ...

[Sjá bls. 1504.]

... tilefni misskilnings, kæru- og klögumála.“

Úrskurðarorð:

Staðfestur er reikningur sóknaraðila til varnaraðila frá 16. júní 1987 að fjárhæð kr. 687.651,00 fyrir flutning bæjarþingsmáls varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1987.

Nr. 314/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Svani Elí Elíassyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1987 sem barst 9. s.m.

Varnaraðili krefst þess að gæsluvarðhaldstími verði styttur í 30 daga. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Svani Elí Elíassyni, til heimilis að Skipholti 40 hér í borg, fæddum 16.01.1959 í Bolungarvík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og að kærða verði gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Málavextir.

Kærði Svanur Elí Elíasson tilkynnti RLR símleiðis kl. 18:00 í gær að hann hefði drepið mann í íbúð við Skipholt 40. Er lögreglan kom á staðinn

lá maður látinn í herbergi á 2. hæð hússins, sem samkvæmt skilríkjum reyndist vera Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14.09. 1946.

Kærði bar í skýrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa hitt manninn á skemmtistaðnum Skálafelli eða Ölver aðfaranótt laugardagsins. Þeir hafi ræðst þar við, en eftir lok (sic) staðarins hafi þeir farið að Skipholti 40, þar sem kærði hefur herbergi, og setið þar við áfengisneyslu og rætt málin. Þeir hafi síðan lagst til svefns í sitthvort rúmið, alklæddir. Kærði kveðst síðan hafa vaknað við það að Jóhannes hafi verið lagstur við hlið kærða, og verið að leita á hann kynferðislega. Kærði kveðst hafa verið því algjörlega mótfallinn, og orðið alveg brjálaður, og spyrnt manninum út á gólf, þar sem þeir hafi verið í átökum um langa hríð, sem hafi endað með því að kærði hafi hert hálsbindi Jóhannesar að hálsi hans. Hann hafi þá legið hreyfingarlaus á gólfinu og að því er kærða virtist meðvitundarlaus. Hann hafi þá lagt Jóhannes í rúmið og sjálfur farið að sofa. Kærði kveðst hafa ætlað að „svæfa" Jóhannes með þessu, en ekki hafi verið ætlunin að drepa hann, en hann búist við að hann hafi hengt hann með þessu.

Er lögreglumenn komu á vettvang laust eftir kl. 18:00 í gær var veruleg stirðnun byrjuð í líkama hins látna, og á enni hins látna var skurður sem blætt hafði úr, og hálsbindi var hert um hálsinn.

Kærði kveðst hafa vaknað um morguninn og hafi honum verið verulega brugðið er hann komst að því að Jóhannes var dáinn, og hafi hann verið við áfengisneyslu frá því hann vaknaði, og þar til hann hringdi til RLR og tilkynnti um atburðinn.

Brot það er kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Með vísan til þess og hins alvarlega sakarefnis þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Þá skal kærði sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum með vísan til 2. tl. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Svanur Elí Elíasson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00.

Kærði skal sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1987.

Nr. 316/1987. **Alþýðubankinn hf.**

gegn

Heiðari Guðbrandssyni

Kærumál. Frestun uppboðsmáls. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Pétur Kr. Hafstein sýslumaður í Ísafjarðarsýslu kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur hinn 13. október 1987 kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðshaldarans í Ísafjarðarsýslu, sem upp var kveðinn 8. október, þar sem hafnað er beiðni sóknaraðila, uppboðsbeiðanda, um frest á uppboði. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 10. nóvember. Sóknaraðili hefur sent réttinum greinargerð og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og málinu frestað. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Í 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 segir, að ýmis ákvæði laga nr. 85/1936, meðal annars um fresti og kæru, taki til uppboða, eftir því sem við getur átt. Ákvæðin um kæru, sem voru árið 1949 í lögum nr. 85/1936, eru nú í lögum nr. 75/1973. Þar segir í 21. gr. 1. mgr. 1. tölul. j., að úrskurðir héraðsdómara um frestsveitingu sæti kæru. Af því verður gagnályktað, að úrskurðir um frestssynjun sæti ekki kæru, og er þessi skilningur staðfestur með fordæmum. Verður að beita þessari reglu um uppboðsmál, þar sem um sérstaka reglu er að ræða. Gildir hún framar 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. laganna frá 1973, en þar segir, að uppboðsréttarúrskurðir sæti kæru, ef þeim skal ekki áfrýja eftir þessum tölulið, en um það er ekki að ræða í þessu máli.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, skortir kæruheimild í máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðarsýslu 8. október 1987.

Með bréfi 2. september 1986 óskaði Guðjón Ármann Jónsson hdl. eftir því, að fasteignin Aðalgata 62 í Súðavík yrði seld á opinberu uppboði, „svo fljótt sem verða má" til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 100.000,00 auk áfallinna og áfallandi vaxta, vísitöluálags, dráttarvaxta og kostnaðar. Með uppboðsbeiðninni fylgdi veðskuldabréf frá 16. apríl 1985 að fjárhæð kr. 100.000,00, útgefið af Heiðari Guðbrandssyni, þar sem hann veðsetur Alþýðubankanum h.f. þinglesna fasteign sína, Aðalgötu 62 (Árnes), Súðavík.

Uppboðsþola var tilkynnt með ábyrgðarbréfi 3. nóvember 1986 um framkomna uppboðsbeiðni og frestur gefinn til uppgjörs til 8. desember s.á., en að öðrum kosti yrði beiðnin send Lögbirtingablaðinu til birtingar og málið þingfest 11. febrúar 1987 kl. 9.00. Uppgjör fór ekki fram, og fyrirhuguð þingfesting var auglýst í 150. tbl. Lögbirtingablaðsins 1986 og 2. og 10. tbl. sama blaðs 1987. Við þingfestingu málsins 11. febrúar 1987 var ákveðið, að fyrri nauðungarsala skyldi fara fram á eigninni sjálfri 18. mars 1987 kl. 14.00. Við þingfestingu var sameinuð uppboðsbeiðni frá veðdeild Landsbanka Íslands, sem síðar var svo afturkölluð úr málinu 9. september 1987. Fyrirhugaðri fyrri sölu 18. mars var að beiðni uppboðsbeiðenda frestað til 20. maí 1987 kl. 14.00. Þar var hæstbjóðandi Arnar Geir Hinriksson hdl., vegna veðdeildar Landsbanka Íslands með boð að fjárhæð kr. 100.000,00. Fyrir hönd Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. óskaði Tryggvi Guðmundsson hdl. eftir öðru og síðara uppboði. Það var boðað hinn 9. september 1987 í dómsal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði, sbr. 5. gr. laga nr. 12/1987 um breyting á 23. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Því uppboði var að beiðni uppboðsbeiðanda frestað til 7. október 1987 kl. 9.00. Þá mætti við fyrirtöku málsins Tryggvi Guðmundsson hdl. vegna uppboðsbeiðanda, Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl., og óskaði eftir frekari fresti á síðari sölu, þar sem kominn væri á greiðslusamningur milli uppboðsbeiðanda og uppboðsþola. Uppboðshaldari taldi ekki efni til þess að veita frekari fresti í málinu. Tryggvi Guðmundsson hdl. óskaði þá fyrir hönd uppboðsbeiðanda eftir úrskurði uppboðshaldara um framkomna frestsbeiðni og benti á, að ekki væru í uppboðslögum ákvæði um sérstakar takmarkanir á frestveitingum í uppboðsmálum. Þess var jafnframt óskað, að forsendur yrðu látnar fylgja ályktunarorði, sbr. 3. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Málið var tekið til úrskurðar þá þegar og tiltekið, að úrskurður yrði kveðinn upp fimmtudaginn 8. október 1987 kl. 10.00.

Hinn 17. ágúst 1987 þótti uppboðshaldara ástæða til þess að setja almennar verklagsreglur um meðferð uppboðsmála við embættið. Í bréfi til Lögmannafélags Íslands þann dag, þar sem óskað var eftir því, að

félagið kynnti félagsmönnum sínum þessar reglur, sagði m.a.: „Í því skyni að hraða meðferð uppboðsmála og með sérstakri hliðsjón af lögum nr. 12/1987 um breytingu á lögum um nauðungaruppboð nr. 57/1949 hefur verið ákveðið, að eftirfarandi verklagsreglur skuli gilda um uppboðsmál við embættið:

1. Þingfestingu máls verður ekki frestað.
2. Fyrra uppboði verður ekki frestað oftar en tvisvar sinnum.
3. Síðara uppboði verður ekki frestað oftar en einu sinni.
4. Þriðja og síðasta uppboði verður ekki frestað."

Tilefni þessarar ákvörðunar var það, að veruleg brögð hafa verið að því, að uppboðsbeiðendur óski frestunar á þegar ákveðnum og auglýstum nauðungarsölum. Uppboðshaldara þótti komið í slíkt óefni af þessum sökum, þar sem uppboðsmál voru mörg hver farin að dragast eftir óskum uppboðsbeiðenda, svo að mánuðum og jafnvel árum skipti, að nauðsynlegt væri að setja ákveðnar hömlur við slíkri málsmeðferð. Að sjálfsögðu var við það miðað, að þessar reglur tækju jafnt til allra uppboðsmála.

Liðnir eru rúmir þrettán mánuðir síðan uppboðsbeiðandi, Guðjón Ármann Jónsson hdl., óskaði nauðungaruppboðs á fasteigninni Aðalgötu 62 í Súðavík „svo fljótt sem verða má". Fyrri sölu var frestað frá 18. mars til 20. maí 1987 eða í tvo mánuði. Frestur milli fyrri og síðari sölu var óvenju langur, tæpir fjórir mánuðir, frá 20. maí til 9. september 1987. Síðari sölu var svo frestað í mánuð þaðan í frá. Eignin hefur því verið í beinni sölumeðferð í tæpa sjö mánuði. Umbeðin frestun á síðari nauðungarsölu nú bryti auk annars gegn þeim verklagsreglum, sem uppboðshaldara þótti nauðsyn bera til að setja hinn 17. ágúst 1987 og að framan voru greindar.

Af 110. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði má ráða, að frestir skulu að jafnaði aðeins veittir til nauðsynlegrar gagnaöflunar, og ber báðum málsaðilum að nota sama frest jöfnum höndum til slíks, eftir því sem við verður komið. Tilvísun 4. gr. nauðungaruppboðslaga nr. 57/1949 til einkamálalaga um fresti ber að skilja þröngt, þannig að frestir verði yfirleitt ekki veittir í uppboðsmálum að nauðsynjalausu með tilliti til eðlilegrar dómstólameðferðar, sbr. og 43. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, 8. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Nú er það að vísu svo, að uppboðsmálum er oft í reynd frestað nokkuð umfram brýnustu réttarfarsþarfir, á meðan aðilar máls gera upp sakir sínar. Þótt rétt kunni að vera að gera slíkt í einhverjum mæli, er óhæfilegt, að dómstólar séu misnotaðir sem þvingunarúrræði kröfuhafa gagnvart skuldara. Kröfuhafar verða að gera það upp við sig, hvort þeir í raun óski atbeina dómstóla til að heimta kröfur sínar, eins og réttarfarslög gera ráð

fyrir. Dómari hlýtur því jafnan að hafa um það sjálfdæmi, hvenær hann telur, að eðlileg málsmeðferð krefjist þess ekki, að frekari frestir séu veittir.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna beiðni uppboðsbeiðanda um frekari frest á þegar ákveðnu öðru og síðara nauðungaruppboði á fasteigninni Aðalgötu 62 í Súðavík. Það skal fara fram í dómsal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði þriðjudaginn 13. október 1987 kl. 14.00, nema uppboðsbeiðandi afturkalli áður uppboðsbeiðni sína.

Úrskurðarorð:

Hafnað er beiðni uppboðsbeiðanda, Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl., um frest á öðru og síðara nauðungaruppboði á fasteigninni Aðalgötu 62 í Súðavík, þinglesinni eign Heiðars Guðbrandssonar.

Miðvikudaginn 18. nóvember 1987.

Nr. 45/1987. **Jón Sigurðsson**
Sigurður Jónsson
Arnaldur Sigurðsson og
Jóhann Jóelsson
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Oddgeiri Magnúsi Þorsteinssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Lausafjárkaup. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1986. Dómkröfur áfrýjenda eru þessar:

„A. a) Stefndi, Oddgeir Magnús Þorsteinsson, verði dæmdur til að greiða áfrýjendum kr. 51.780,00 með 5% mánaðarlegum dráttar-

vöxtum frá 1. ágúst 1983 til 20. október 1983, 4,75% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 4% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 3,25% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 2,5% frá 21. janúar 1984 til 1. september 1984, 2,75% frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 3,75% frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, 4% frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, 3,5% frá 1. júní 1985 til 1. september 1985, 3,75% frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,5% frá 1. mars 1987 til 1. júní 1987, 2,8% frá 1. júní 1987 til 1. júlí 1987, 3% frá 1. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, 3,4% frá 1. ágúst 1987 til 1. september 1987, 3,5% frá 1. september 1987 til 1. október 1987, 3,6% frá 1. október 1987 til 1. nóvember 1987, 3,8% frá 1. nóvember 1987 til greiðsludags.

b) Gerð er krafa um að áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir.

c) Krafist er málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins úr hendi stefnda, þar sem tekið sé tillit til söluskatts af þóknunarlið.

d) Krafist er sýknu af skuldajafnaðarkröfu stefnda, að fjárhæð kr. 56.500,00.

B. Til vara er krafist frávísunar á þeim hluta skuldajafnaðarkröfunnar, sem er hærri en stefnufjárhæðin, eða kr. 4.720,00 (kr. 56.500,00 — kr. 51.780,00).“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar rétt stefnda til þess að skuldajafna kröfu sinni, að fjárhæð 56.500,00 krónur, gegn kröfu áfrýjanda, svo og um málskostnað. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að í héraði hafði stefndi aðeins uppi kröfu til skuldajafnaðar, en krafðist ekki sjálfstæðs dóms um afgang hennar.

Stefndi byggir skuldajafnaðarkröfu sína á því, að hann eigi bótakröfu á hendur áfrýjendum vegna þess að löglegur björgunarbátur hafi ekki fylgt báti þeim, sem hann keypti af áfrýjendum, eins og í málinu greinir. Báturinn var afhentur stefnda 1. maí 1983 og er ósannað, að stefndi hafi skýrt áfrýjendum frá því, að hann ætlaði að bera fyrir sig að bátnum væri áfátt að því leyti, sem hér um

ræðir, fyrr en til málssóknar kom. Var þá liðinn frestur samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922 og ekki liggur fyrir að svikum hafi verið beitt af hálfu áfrýjenda við kaupin.

Samkvæmt framansögðu á skuldajafnaðarkrafa stefnda ekki við rök að styðjast og ber því að taka til greina kröfu áfrýjenda um greiðslu eftirstöðva kaupverðsins með vöxtum eins og greinir í dómsorði, en stefndi hefur hér fyrir dómi mótmælt dráttarvaxtakröfu áfrýjenda. Stefndi greiði áfrýjendum samtals 53.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Oddgeir Magnús Þorsteinsson, greiði áfrýjendum Jóni Sigurðssyni, Sigurði Jónssyni, Arnaldi Sigurðssyni og Jóhanni Jóelssyni, 51.780,00 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. ágúst 1983 til 21. september s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en frá þeim degi til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Leggja skal áfallna vexti við höfuðstól skuldarinnar við vaxtareikning á 12 mánaða fresti talið frá 31. janúar 1985.

Stefndi greiði áfrýjendum 53.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 11. apríl 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 7. apríl 1986, er höfðað af Jóni Sigurðssyni, nnr. 5183-2345, Byggðarenda 19, Reykjavík, Sigurði Jónssyni, nnr. 7878-0363,Tómasarhaga 15, Reykjavík, Arnaldi Sigurðssyni, nnr. 0446-7027, Tómasarhaga 15, Reykjavík og Jóhanni Jóelssyni, nnr. 4978-2489, Hraunbæ 88, Reykjavík gegn Oddgeiri Magnúsi Þorsteinssyni, nnr. 6671-0793, Lyngbrekku 13, Kópavogi til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 51.780,00 auk 5% dráttarvaxta frá 1. ágúst 1983 til 1. nóvember s.á., 4,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1984, 3,25% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 2,5% dráttarvaxta til 1. ágúst s.á., 2,5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 73.527,60 frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1985, 3,5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 102.203,35 frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, sem miðist við samtölu stefnufjárhæðar og áfallinna dráttarvaxta við dómtöku málsins.

Af hálfu stefnda eru endanlegar dómkröfur þær að skuldajafnað verði gegn stefnukröfunum, kröfu stefnda á hendur stefnendum, að fjárhæð kr. 56.500,00 auk 2,5% dráttarvaxta frá 9. mars 1984 til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt er gerð sú krafa að áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins úr hendi stefnenda.

II

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur seldu stefnda vélbátinn Darra 1225 hinn 27. apríl 1983 fyrir kr. 1.150.000,00. Báturinn hlaut nafnið m/b Aron RE-105 eftir kaupin. Samkvæmt 9. tl. kaupsamningsins skyldi stefndi greiða skuld við Fiskveiðasjóð Íslands sem stefnendur hugðust taka út á bátinn, að fjárhæð kr. 200.000,00. Við gerð kaupsamningsins afhenti stefndi einum stefnenda,

Jóni Sigurðssyni, ávísun að fjárhæð kr. 200.000,00, dags. 26. ágúst 1983, í samræmi við 9. tl. kaupsamningsins. Ennfremur skuldbatt stefndi sig til greiðslu lántökukostnaðar.

Fjárhæð láns Fiskveiðasjóðs Íslands nam einungis kr. 150.000,00. Af þeirri fjárhæð kom til frádráttar kr. 1.500,00 lántökugjald og kr. 280,00 þinglýsingarkostnaður.

Stefnendur tóku við greiðslu að fjárhæð kr. 148.220,00 hinn 18. júlí 1983. Eftirstöðvar kr. 51.780,00 af umsömdu kaupverði bátsins hafa eigi fengist greiddar.

Í málflutningi stefnenda var aðallega byggt á þeirri málsástæðu að sýkna bæri af skuldajafnaðarkröfu stefnda á þeim rökum að stefnendur hefðu fullnægt ákvæðum kaupsamningsins, að afhenda vélbátinn í haffæru ástandi eins og haffærisskírteinið sanni. Stefnandi, Jón Sigurðsson, mótmælti því fyrir dómi að skuldajafnaðarkrafa stefnda yrði tekin til greina, á þeirri forsendu að stefnendur hefðu selt stefnda skemmtibát og hafi hann verið með lögmætum búnaði, eins og haffærisskírteinið, útgefið 29. apríl 1983, sanni. Til vara var byggt á þeirri málsástæðu, yrði skuldajafnaðarkrafa stefnda tekin til greina, að sýkna bæri stefnendur á grundvelli fyrningar, þar sem meira en eitt ár væri liðið frá því að stefndi fékk vélbátinn Aron í hendur, þar til hann sannanlega skýrði stefnendum frá því að hann hyggðist bera það fyrir sig að söluhlut væri ábótavant. Stefndi hefði fyrst sannanlega haft uppi mótbárur við framlagningu greinargerðar í máli þessu hér fyrir bæjarþinginu. Vaxtavaxtakröfur rökstuddu stefnendur með því að vísa til reglna Seðlabanka Íslands um vaxtaákvarðanir. Í aðalflutningi samþykktu stefnendur að krafa stefnda, sem fyrst var gerð við flutning málsins, að dómkrafa hans beri löglega dráttarvexti og vextir leggist við höfuðstól einu sinni á ári miðað við 9. apríl 1984, fái komist að í máli þessu.

Stefndi rökstyður skuldajafnaðarkröfu sína gegn stefnukröfu með þeim rökum að stefnendur hafi ekki staðið við kaupsamninginn að því leyti að vélbáturinn skyldi afhendast í haffæru ástandi, eins og kveðið var á um í kaupsamningi, dags. 27. apríl 1983, og fram komi í afsali, dags. 11. maí 1983. Þegar skoðun hafi farið fram 29. apríl 1983, hafi enginn gúmmíbátur verið um borð, en stefnandi, Jón Sigurðsson, hafi fullyrt við skipaskoðunarmann Siglingamálastofnunar ríkisins, að löglegur bátur væri í skoðun hjá Gúmmíbátaþjónustunni, og verið væri að koma fyrir senditæki í bátnum. Stefndi kvaðst hafa náð í gúmmíbátinn degi síðar. Nokkru síðar hafi komið í ljós að gúmmíbáturinn fullnægði ekki lögmæltum skilyrðum og hafi Siglingamálastofnun ríkisins tekið haffærisskírteinið af skipinu hinn 28. nóvember 1983. Stefndi hafi því orðið að kaupa gúmmíbát, að fjárhæð kr. 56.500,00.

Í aðalflutningi mótmælti stefndi að skuldajafnaðarkrafa hans væri fyrnd skv. 54. gr. laga nr. 39/1922 þar sem hann hefði sannanlega tilkynnt stefnanda, Jóni Sigurðssyni, að hann teldi að söluhlut væri ábótavant, þegar honum sjálfum hafi orðið sú staðreynd ljós um sumarið eða haustið 1983. Stefndi byggði á því að fyrningarfrestur hefði rofnað þegar Hjálmar Styrkársson, að hans beiðni, hefði komið því á framfæri við stefnanda, Jón Sigurðsson, að hann yrði að útvega löglegan gúmmíbát, til þess að standa við gerðan kaupsamning. Þá var varakröfu mótmælt á þeirri forsendu að stefnendur hefðu haft svik í frammi við sölu vélbátsins og eigi fyrningarregla 54. gr. lausafjárkaupalaga þá eigi við.

Vitnið Hjálmar Styrkársson staðfesti framburð stefnda og upplýsti fyrir dómi að stefnandi, Jón Sigurðsson, hefði í fyrstu tekið málaleitan stefnda vel og hefði hann spurst fyrir um gúmmíbát af löglegri gerð til sölu, án árangurs. M.a. hefði Jón spurst fyrir um gúmmíbát úr vélbátnum Fossberg, en hann hefði á þeirri stundu ekki verið falur þar sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um það hvort vélbáturinn yrði gerður ónýtur. Vitnið upplýsti, að afskipti þess af sölu vélbátsins Arons RE-105 hefðu verið þau að það hefði að beiðni Jóns verið viðstatt þegar Jón sýndi stefnda vélbátinn. Síðar hafi stefnandi, Jón, óskað eftir því að það kæmi með sér, þegar verið var að ganga frá kaupsamningi á lögfræðiskrifstofu hér í borg og hafi þá vitnið hitt stefnda aftur.

Aðilar máls, stefnendurnir Jón Sigurðsson og Jóhann Jóelsson, og stefndi, Oddgeir Magnús Þorsteinsson, hafa gefið aðilaskýrslur fyrir dómi. Þá hafa eftirtalin vitni mætt fyrir dómi: Sigurður Þórarinsson, skipaskoðunarmaður hjá Siglingamálastofnun ríkisins, Páll Guðmundsson, yfirmaður skipaskoðunar hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Hjálmar Styrkársson skrifstofumaður.

Mikils misræmis gætti í framburði aðila og vitna fyrir dómi um atvikalýsingu og tókst ekki að samræma framburð þeirra.

Vitnið Páll Guðmundsson, yfirmaður skipaskoðunar hjá Siglingamálastofnun ríkisins, bar fyrir dómi að öllum eigendum fiskibáta með þilfari, 5-15 brl., hafi verið tilkynnt bréflega í ársbyrjun 1981 að einungis gúmmíbátar með tveimur lofthólfum og tvöföldum botni yrðu viðurkenndir á þilfarsskip. Var mönnum settur frestur fram til búnaðarskoðunar 1982 að skipta um gúmmíbáta, þar sem þess þyrfti. Vegna ýmissa ástæðna var umræddur frestur framlengdur fram eftir ári 1983. Taldi vitnið að eigendum vélbátsins Arons RE-105 (áður Darra) hefði átt að vera kunnugt um breyttar reglur Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi gerð gúmmíbáta. Sagði vitnið að sömu reglur giltu um fiskibáta og skemmtibáta í þessu sambandi. Ennfremur upplýsti vitnið að m/b Darri hafi verið skráður sem fiskiskip hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Vitnið hélt því fram að lögmætur 4ra manna gúmmíbátur af D.S.B. gerð, verksmiðjunúmer 2-21226, hefði verið um borð við skoðun. Sá framburður er ekki í samræmi við framburð Sigurðar Þórarinssonar sem skoðaði m.b. Aron RE-105. Kvaðst vitnið byggja þá fullyrðingu á skýrslu skipaskoðunarmanns sem skoðaði vélskipið hinn 29. apríl 1983. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um það, hvort umræddur bátur hafi verið fjarlægður eftir skoðun eða hvort Jón Sigurðsson hafi lofað að gúmmíbáturinn yrði kominn um borð innan tíðar. Vitnið kvaðst ekki vilja útiloka að haffærisskírteinið hefði verið gefið út undir slíkum kringumstæðum gegn loforði stefnenda að tilskilinn gúmmíbátur fylgdi vélbátnum við afhendingu.

Vitnið Sigurður Þórarinsson skipaskoðunarmaður hélt því fram að þegar skoðun hefði farið fram þá hefði gamall 10 manna gúmmíbátur af R.F.D. eða D.S.L. gerð verið um borð. Þegar stefnandi, Jón Sigurðsson, hafði samband við vitnið og óskaði eftir skoðun, þá hafi hann jafnframt lofað sér því, að gúmmíbátur af tilskilinni gerð yrði látinn fylgja skipinu. Jafnframt kvaðst vitnið hafa skoðað gúmmíbátinn sem um borð hafi verið og hafi hann því verið í fullu gildi. Sá gúmmíbátur hafi hins vegar ekki verið talinn heppilegur og hafi verið að renna út sitt aldursskeið.

Stefnandi, Jón Sigurðsson, hélt því fram, að um borð hafi verið 4ra manna gúmmíbátur, nýskoðaður af Gúmmíbátaþjónustunni, og hafi sá bátur verið af löglegri gerð fyrir skemmtibáta.

Áður hefur verið greint frá framburði stefnda, en hann hélt því fram að enginn gúmmíbátur hefði verið um borð þegar skoðun fór fram.

III

Álit dómsins.

Um er deilt hvort vélbáturinn Aron RE 105 (áður Darri, 1225) hafi fullnægt ákvæðum kaupsamnings, dags. 27. apríl 1983, að vera í haffæru ástandi við afhendingu sem fram fór hinn 1. maí 1983.

Í afsali, dags. 11. maí 1983, kemur fram að vélbáturinn Aron RE 105 hafi verið afhentur 1. maí 1983 í haffæru ástandi og hafi legið frammi haffærisskírteini því til staðfestingar.

Fyrir dómi liggur ljósrit af haffærisskírteini fyrir m.b. „Aron" RE 105 frá Reykjavík, útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins og undirritað af Sigurði Þórarinssyni. Þar kemur fram að skipið hafi fullnægt ákvæðum laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum og megi það vera í förum sem fiskibátur.

Ennfremur liggur fyrir dómi ljósrit úr eftirlitsbók Siglingamálastofnunar ríkisins vegna m.b. Arons RE 105, þar sem fram kemur að vélbáturinn hafi verið skoðaður sem fiskibátur hinn 29. apríl 1983 af Sigurði Þórarinssyni og hafi búnaður verið í lagi og hafi haffærisskírteini verið gefið út þann dag með gildistíma til 29. apríl 1984.

Óumdeilt er, að stefnendum var kunnugt um, að stefndi var að kaupa fiskibát. Hafði stefnandi, Jón Sigurðsson, óskað eftir skoðun á bátnum sem fiskibát og látið umskrá hann hjá Siglingamálastofnun ríkisins sem slíkan.

Það er viðurkennt í málinu, að m.b. Aron RE-105 átti við söluna til stefnda að vera haffær og fullnægja í því efni ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

Ósamræmi er í framburðum Páls Guðmundssonar, yfirmanns skipaskoðunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins, og Sigurðar Þórarinssonar skipaskoðunarmanns um það hverrar tegundar sá gúmmíbátur hafi verið sem um borð var við skoðun. Páll upplýsti að framburður sinn byggðist á frásögn Sigurðar, en Sigurður bar fyrir dómi, að tilskilinn gúmmíbátur hefði ekki verið um borð við skoðun.

Þykir stefndi hafa fært að því sterkar líkur að vélbáturinn hafi í raun ekki verið í haffæru ástandi sem fiskibátur við afhendingu, en stefndi mátti á hinn bóginn treysta því að svo væri, þar sem haffærisskírteini lá frammi því til staðfestingar, dagsett 29. apríl 1983, við afhendingu.

Dómurinn lítur svo á að m.b. Aron RE-105 hafi skort áskilda hluti við afhendingu, sem hafi leitt til þess að vélbáturinn hafi ekki verið í haffæru ástandi við afhendingu og stefnendur því ekki fullnægt ákvæðum kaupsamnings dagsetts 27. apríl 1983 þess efnis, að vélbáturinn seldist í haffæru ástandi. Hafa stefnendur því bakað sér skaðabótaábyrgð skv. 2. mgr. 42. gr. lausafjárkaupalaga nr. 39, 1922.

Með hliðsjón af framburði stefnda, sem studdur var með framburði vitnisins Hjálmars Styrkárssonar, þá verður að telja að stefnanda, Jóni Sigurðssyni, hafi verið um það kunnugt síðari hluta árs 1983 að stefndi taldi söluhlut ábótavant og ætlaði að bera það fyrir sig, án þess þó að fyrir liggi lögfull sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, sbr. 2. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936, og verður því ekki tekin til greina sú málsástæða stefnda, að fyrningarfrestur hafi rofnað af þeim sökum.

Þá þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á að stefnendur hafi haft svik í frammi við sölu vélbátsins.

Á hinn bóginn telur dómurinn, þegar litið er til eðlis vanefnda stefnenda og þeirra afleiðinga er af þeim leiddi, en haffærisskírteinið var tekið af m.b. Aron RE-105 hinn 28. nóvember 1983 af þeim sökum, og skorts á upplýsingum stefnenda um hið raunverulega ástand vélbátsins við afhendingu hans, þá verði eins og hér stendur á ekki hjá því komist að líta svo á, að stefnendur hafi sýnt af sér vítaverða vanhirðu skv. 53. gr. laga nr. 39, 1922, sem leiðir til þess að ekki verður á það fallist með stefnendum að réttur stefnda til þess að hafa uppi mótbárur sé fyrndur skv. 54. gr. lausafjárkaupalaga nr. 39, 1922.

Samkvæmt þessari niðurstöðu og þar sem gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar fullnægir skilyrðum 49. gr. laga nr. 85/1936, þar sem hún er af sömu rót runnin og aðalkrafa, er gagnkrafa stefnda að fjárhæð kr. 56.500,00 til skuldajafnaðar gegn stefnukröfu að fjárhæð kr. 51.780,00 tekin til greina.

Stefnendur greiði stefnda kr. 4.720,00 auk dráttarvaxta eins og greinir í dómsorði.

Vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands eru m.a. byggðar á vaxtareikningi og lagningu vaxta á höfuðstól á 12 mánaða fresti, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands, dags. 27. febrúar 1986. Með hliðsjón af þessu og af eðli máls er rétt að verða við kröfu stefnda um lagningu vaxta við höfuðstól einu sinni á ári. Skal miða við þann dag er skuldin féll í gjalddaga.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefnendur greiði stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.500,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnendur, Jón Sigurðsson, Sigurður Jónsson, Arnaldur Sigurðsson og Jóhann Jóelsson, greiði stefnda, Oddgeiri Magnúsi Þorsteinssyni kr. 4.720,00 með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 9. mars 1984 til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.500,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, talið frá 9. mars 1984.

Miðvikudaginn 18. nóvember 1987.

Nr. 242/1986. **Ingibergur Sigurðsson**
Lárus Th. Halldórsson og
Hulda Knútsdóttir
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Símoni Sigmundssyni
(Agnar Gústafsson hrl.)

Sameign. Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast þess að stefnda verði gert að greiða áfrýjendum 18.048,87 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. nóvember 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1987 og 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að dæmt verði heimilt að leggja vexti við höfuðstól árlega þó þannig að í fyrsta skipti leggist vextir frá 1. mars 1985 til 1. mars 1986 við höfuðstól 1. mars 1986 og síðan 1. mars ár hvert. Krafist er málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þá er þess krafist „að lögveðsréttur verði staðfestur".

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að kröfur áfrýjenda verði lækkaðar, „vextir dæmdir að mati Hæstaréttar" og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Húsið nr. 19 við Garðastræti hér í borg er fjölbýlishús í skilningi 1. gr. l. nr. 59/1976. Skv. 4. mgr. 5. gr. þeirra laga fylgja íbúðum fjölbýlishúss réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap eigendanna. Skv. 15. gr. laganna gilda um félagsskap þennan samþykktir, sem félagsmálaráðherra setur í reglugerð, hafi félagið sjálft ekki gert þar á aðra skipan, sjá reglug. nr. 280/1976. Í reglugerðinni eru ákvæði um boðun funda og ákvarðanir.

Í 10. gr. l. nr. 59/1976 er mælt fyrir um að íbúðareigandi, sem ekki hefur verið boðaður á fund þar sem ákvarðanir eru teknar um viðhald hússins, geti neitað að taka þátt í kostnaði vegna þeirra og stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um það skv. húsfélagssamþykktum.

Áfrýjendur töldu nauðsynlegt að setja klæðningu á gafl hússins þar sem vart hafði orðið við raka í sumum íbúðum. Hér var um sameiginlegar framkvæmdir að ræða og bar þeim því að fara eftir ákvæðum 10. gr. og boða til fundar þar sem öllum íbúðareigendum væri gefinn kostur á að taka þátt í ákvörðunum. Þar sem sérstakar samþykktir höfðu ekki verið settar um húsfélagið skv. 15. gr. laganna, átti um fundinn og ákvörðunina að fara eftir reglugerð nr. 280/1976. Þetta var ekki gert og ber því þegar af þeim ástæðum að staðfesta áfrýjaðan dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti sem ákveðst kr. 25.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur Ingibergur Sigurðsson, Lárus Th. Halldórsson og Hulda Knútsdóttir greiði stefnda Símoni Sigmundssyni 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1985.

Mál þetta sem var dómtekið í dag hafa Ingibergur Sigurðsson 4580-1772, Lárus Th. Halldórsson 6015-6778 og Hulda Knútsdóttir 4431-1100, öll til heimilis að Garðastræti 19 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 23. maí 1985 til heimtu skuldar vegna kostnaðar við sameiginlegar

viðhaldsframkvæmdir við íbúðarhús aðilanna að Garðastræti 19 auk vaxta og kostnaðar og staðfestingar á lögveði á hendur sameiganda sínum Símoni Sigmundssyni 8122-3203, sama stað.

Sumarið 1984 ákváðu stefnendur að láta járnklæða steinsteyptan suðurgafl hússins vegna leka og raka sem þau töldu stafa af því að gaflinn væri orðinn óþéttur. Tilkynntu þau stefnda, sem var andvígur og taldi aðgerðina óþarfa, ákvörðun sína í símskeyti 1. október 1984 eftir að verkið var hafið. Var gaflinn síðan járnklæddur og komið fyrir einangrun undir klæðningunni. Kostnaður varð kr. 66.601,00 og kröfðu stefnendur stefnda um kr. 18.048,87 í samræmi við eignarhluta hans í húsinu, en hann er eigandi 3. hæðar. Stefndi hefur hafnað greiðsluskyldu.

Stefnendur krefjast þess að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 18.048,87 með 19% ársvöxtum frá 1.11. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Jafnframt er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir stefnufjárhæð í eignarhluta stefnda í fasteigninni Garðastræti 19.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómsins. Heldur hann því fram að eftir sprunguviðgerð á árinu 1976 hafi aldrei orðið vart raka eða leka gegnum gaflinn. Stefndi kveður tillöguna um klæðningu gaflsins hafa verið lagða fyrir sig með þeim hætti að eiginmaður stefnandans Huldu hafi komið að máli við sig og skýrt frá því að nauðsynlegt væri að klæða gaflinn, hins vegar hafi enginn fundur húseigenda verið haldinn um málið svo sem skylt hafi verið samkvæmt 10. gr. laga nr. 59/1976. Auk þess er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að raki í húsinu hafi stafað af utanaðkomandi orsökum.

Stefnendur byggja kröfur sínar aðallega á ákvæðum 3. kafla laga 59/1976. Þeir telja sig hafa tekið lögmæta ákvörðun um sameiginlegar viðhaldsframkvæmdir og tilkynnt stefnda um þá ákvörðun með sannanlegum hætti; með því að láta framkvæma viðgerð hafi þeir komið í veg fyrir yfirvofandi tjón á fasteigninni; og með tilliti til aðstæðna hafi þeim verið heimilt að gera samning við verktaka þannig að bindandi væri fyrir stefnda. Þar sem þeir hafi staðið verktaka skil á allri fjárhæðinni vegna viðgerðarinnar telja stefnendur að þeir eigi lögvarða endurkröfu á hendur stefnda fyrir hlutfallslegum kostnaði.

Stefndi benti á það í greinargerð sinni að stefnendur hefðu ekki lagt fram reikninga yfir kostnað sinn. Taldi hann málið stórlega vanreifað af þessum sökum svo að varða ætti frávísun án kröfu. Við upphaf aðalmeðferðar málsins voru lagðar fram nótur yfir mestan hluta efniskostnaðar og tilboð stefnandans Ingibergs í vinnuþátt verksins. Stefndi hefur mótmælt skjölum

þessum sem of seint fram komnum en fallið frá áskildum rétti til að mótmæla dómkröfunni sem of hárri.

Stefnandinn Lárus og stefndi hafa gefið aðilaskýrslur, og eiginmaður stefnandans Huldu hefur borið vitni. Dómendur hafa skoðað ummerki um raka á innanverðum gafli húseignarinnar á öllum hæðum og séð greinileg merki raka annars staðar en í risi. Í íbúð stefnda hefur verið málað yfir rakamerkin, en annars staðar eru þau enn greinileg. Stefndi segir rakamerkin í íbúð sinni vera frá því fyrir viðgerðina 1976, en véfengir ekki að raka hafi orðið vart á neðri hæðunum síðar. Hins vegar bendir hann á leka frá baðkeri á 2. hæð sem sennilega skýringu.

Mjög þykir á skorta að nægileg gögn hafi verið færð fram um nauðsyn þess að klæða húsgaflinn. Hinir sérfróðu meðdómendur telja að rakamerkin verði ekki rakin til þess að vatn hafi runnið úr baðkeri á 2. hæð, og hefur ekki komið fram önnur skynsamlegri skýring en sú að orsakanna sé að leita í því að sprungur hafi opnast í gaflinum. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á að beinlínis hafi lekið vatn gegnum gaflinn inn í íbúðirnar eða að um annað og meira hafi verið að ræða en raka sem þörf var á að komast fyrir. Verður því ekki fallist á það með stefnendum að ráðstafanir þeirra hafi verið nauðsynlegar til að koma í veg fyrir skemmdir á sameigninni þannig að þeim hafi verið þær heimilar gegn andmælum stefnda á grundvelli almennra reglna um sameign. Ráðstöfun stefnenda verður að skoðast sem viðhaldsaðgerð og viðgerð á sameigninni, sem m.a. varðar útlit hússins, en um þess háttar aðgerð bar þeim að hafa fullt samráð við stefnda.

Aðilar hafa aldrei stofnað húsfélag og enginn fundur virðist hafa verið haldinn um málið, heldur munu stefnendur hafa komist að niðurstöðu með óformlegum viðræðum og tilkynnt síðan stefnda um hana. Stefnendur gáfu þannig stefnda engan kost á að tala máli sínu á sameiginlegum fundi sameigenda, sbr. 10. gr. og 15. gr. laga nr. 59/1976 og 1. gr. reglugerðar nr. 280/1976, og ekki virðist honum hafa verið boðið að skoða rakamerkin í íbúðum stefnenda eða ganga að öðru leyti úr skugga um nauðsyn verksins. Stefnandinn Lárus mun að vísu hafa sýnt stefnda sýnishorn klæðningar, en að öðru leyti var honum ekki gefinn kostur á að taka þátt í að velja úrræði til að komast fyrir rakann eða að vera með í ráðum um útlitsatriði, val á efni eða samningsgerð við framkvæmdaaðila. Stefndi virðist frá upphafi hafa mótmælt því að í framkvæmdina yrði ráðist og gert sameigendum sínum ljóst að hann vildi að þær yrðu stöðvaðar. Hann átti þess kost að hafa sjálfur frumkvæði að húsfundi, en eins og atvikum er háttað þykir hann ekki hafa spillt rétti sínum með því að láta það ógert. Ekki verður talið að sýnt hafi verið fram á að stefndi hafi brugðist við málaleitunum stefnenda með þeim hætti að þeir hefðu ástæðu til að ætla að hann synjaði um allt samstarf ef rétt væri að ákvörðun staðið.

Stefndi átti þess kost að fá framkvæmdir stöðvaðar með aðstoð handhafa opinbers valds, en 10. gr. l. 59/1976 þykir ekki verða skýrð þannig að vanræksla á að neyta þessa úrræðis eigi að leiða til þess að íbúðareigandi, sem hefur verið sniðgenginn af sameigendum sínum, spilli með því rétti sínum til að neita að taka þátt í kostnaði.

Það athugast að stefnendur sóttu um og fengu leyfi byggingaryfirvalda til framkvæmdarinnar án þess að fram kæmi í umsókninni að eigendur væru fleiri en þau þrjú.

Samkvæmt framansögðu þykja stefnendur hafa vikið svo mjög frá fyrirmælum laga og reglna um sameign fjölbýlishúsa í skiptum sínum við stefnda varðandi framkvæmd þá sem þeir krefja hann um kostnaðarhlutdeild í að ekki verði hjá því komist að fallast á sýknukröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og dr. Ragnar Ingimarsson prófessor eru dómendur málsins. Steingrímur og Magnús kveða upp dóminn, en Ragnar skilar sératkvæði.

Dómsorð:

Stefndi Símon Sigmundsson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda Ingibergs Sigurðssonar, Lárusar Thorberg Halldórssonar og Huldu Knútsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Ragnars Ingimarssonar:

Meðdómendurnir telja skýringu stefnda á orsökum rakans ekki fá staðist, og engin skynsamleg skýring hefur komið fram önnur en sú að rakinn stafi af því að gaflinn hafi verið orðinn óþéttur þrátt fyrir viðgerð á árinu 1976. Verður að telja þá úrlausn sem valin var vel tæka og líklegri til að fyrirbyggja raka og leka gegnum gaflinn til frambúðar en aðrar tiltækar aðferðir auk þess sem þessi aðferð eykur einangrun, en að því leyti kemur viðgerðin ekki síst stefnda til góða þar sem næsta hús fyrir sunnan er sambyggt húsi aðilanna, en lægra.

Samkvæmt almennum reglum um sameign er hverjum sameiganda heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir á sameigninni, jafnvel gegn mótmælum sameigenda, og verða þá sameigendurnir að jafnaði skuldbundnir til að taka þátt í greiðslu kostnaðar. Sérreglur gilda um sameign fjölbýlishúsa, og er mælt fyrir um þær í lögum nr. 59/1976 og reglugerð nr. 280/1976. Má segja að samkvæmt þeim sé það meginregla að meiri hluti sameigenda geti tekið ákvörðun um fyrir-

komulag sameignarinnar, þar með talið útlit hússins, og um viðhald sameignarinnar, en þó þannig að haft sé fullt samráð við alla sameigendur, sbr. 10. gr. laganna. Almennt er gert ráð fyrir að ákvarðanir séu teknar á boðuðum fundum, en álitaefni er hvaða áhrif það hefur á gildi ákvörðunar að fyrirmælum laganna og reglugerðarinnar um húsfélög, fundi og boðun þeirra og stjórn húsfélaga er ekki nákvæmlega fylgt, sbr. 15. gr. laganna og 1. gr. reglugerðarinnar. Einkum þykir koma til álita að túlka fyrirmæli þessi frjálslega þegar um fámenn húsfélög er að ræða, og ekki verður talið að fyrirmæli laga og reglna um sameign fjölbýlishúsa hafi vikið til hliðar áðurnefndri meginreglu um sameign.

Stefnendur ráða fyrir meira en 2/3 atkvæðamagns. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 59/1976 eiga allir íbúðareigendur jafnan rétt til ákvörðunar um fyrirkomulag sameignar, þar á meðal um viðhald hennar og útlit hússins, sbr. 4. mgr. 11. gr. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir séu teknar á boðuðum fundum og að sameigendur hafi með sér húsfélög. Í 15. gr. er gert ráð fyrir að húsfélögum sé kjörin stjórn. Nánari ákvæði um húsfélög eru í reglugerð nr. 280/1976, sem gilda sem samþykktir fyrir þau félög, sem ekki hafa sett sér sérstakar samþykktir.

Aðilar máls þessa hafa aldrei stofnað formlegt húsfélag, kosið stjórn eða sett sér samþykktir varðandi sameignina. Ákvarðanir um sameiginleg mál og framkvæmdir við sameignina virðast hafa mótast á tveggja manna tali eða með þeim hætti að þeir sem frumkvæði hafa átt að framkvæmdum hafa gengið milli manna. Ekki hefur komið fram að stefndi eða aðrir hafi gert reka að því að koma fram úrbótum á þessum sambýlisháttum. Upplýst er að sambýli hefur verið stirt í húsinu og hefur meðal annars komið fram að stefndi hefur þverneitað að greiða sameiginlega ljósareikninga.

Í 10. gr. laganna segir að íbúðareigandi, sem ekki hefur verið boðaður á fund þar sem ákvörðun um framkvæmdir er tekin, geti neitað að taka þátt í kostnaði vegna þeirra og stöðvað þær þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin.

Stefnda var skýrt frá því að raki væri í tveimur neðstu hæðum hússins og að nauðsynlegt væri að gera við gaflinn til að stemma stigu við rakanum. Honum voru sýnd sýnishorn af væntanlegu klæðningarefni um sumarið. Hann neitaði þátttöku í kostnaði við klæðningu gaflsins á þeirri forsendu að ekki læki í sinni íbúð og engin þörf væri á henni. Honum var síðan tilkynnt sameiginleg ákvörðun meirihlutans, en ekki gerði hann reka að því að fá sameigendur sína til að fresta framkvæmdum eða stöðva þær. Ekki gerði hann kröfu um að fá að kynna sér réttmæti ákvörðunar stefnenda, og ekki neytti hann þess úrræðis sem honum var kræft, eins og til hagaði um sambýlisháttu, að boða stefnendur til fundar þar sem honum gæfist kostur á að flytja sitt mál og freista þess að fá stefnendur á sitt band. Þegar

ymprað var fyrst á því við stefnda að þörf væri á að gera við gaflinn svo koma mætti í veg fyrir vatnsleka í gegnum hann og rakamyndun í íbúðunum tók hann málaleitun stefnenda þannig að þeir höfðu ærna ástæðu til að líta svo á að tilgangslaust væri að bjóða honum frekara samstarf varðandi framkvæmdina.

Þegar þess er gætt sem að framan er rakið um venjur í samskiptum aðila varðandi sameignina og nauðsyn og gagnsemi framkvæmdanna þykir ekki verða fallist á þá skoðun stefnda að hann geti komist hjá þátttöku í kostnaði með aðgerðaleysi þótt ákvörðun meirihlutans hafi ekki verið tekin með þeim formlega hætti sem ráð er fyrir gert í lögum og reglugerð um sameign fjölbýlishúsa. Sérstaklega ber að meta það að framkvæmdin fékkst gegn mjög hóflegu gjaldi auk þess sem sýnt er að hún hefur stórlega bætt eignarhluta stefnda, t.d. með því að einangrun íbúðar hans hefur verið aukin og útlit hússins verið bætt. Þykir þá verða að fallast á þá kröfu stefnenda að stefndi greiði sinn hluta í samræmi við eignarhlutfall.

Hins vegar þykir bera að líta til þess að stefnendur sýndu stefnda engin gögn um kostnað fyrr en við aðalflutning málsins, og þá aðeins gögn um hluta kostnaðarins. Þykja þessi atriði eiga að leiða til þess að vextir reiknist ekki frá fyrri tíma en upphafi málssóknar og að neytt verði heimildar 178. gr. laga nr. 85/1936 til að skipta málskostnaði. Vaxtakrafa stefnenda virðist miðast við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um vanskilavexti, en á það verður ekki fallist að ákvarðanir þessar eigi við skuldaskipti aðila þessa máls. Ekki hefur verið neytt heimildar til að krefjast dómvaxta, og verða þá vextir ákveðnir samkvæmt dómvenju jafnháir almennum innlánsvöxtum frá stefnubirtingardegi 23. maí 1985, 22% ársvextir til greiðsludags.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 59/1976 ber að fallast á lögveðskröfu stefnenda eins og hún hefur verið skýrð við munnlegan flutning málsins.

Undirritaður, Ragnar Ingimarsson, telur samkvæmt framansögðu dómsorð eiga að hljóða svo:

Dómsorð:

Stefndi, Símon Sigmundsson, greiði stefnendum, Ingibergi Sigurðssyni, Lárusi Thorberg Halldórssyni og Huldu Knútsdóttur, kr. 18.048,90 með 22% ársvöxtum frá 23. maí 1985 til greiðsludags og kr. 15.000,00 í málskostnað.

Staðfest er lögveð í íbúð á þriðju hæð fasteignarinnar Garðastræti 19 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1987.

Nr. 246/1986. **Byggðarás s.f.**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Gottskálki Jóni Bjarnasyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Fasteignir. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 707.957,00 krónur auk dráttarvaxta á mánuði svo sem hér segir: 2,75% frá 1. mars 1986 til 1. apríl sama ár, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, en frá þeim degi með eftirgreindum ársdráttarvöxtum: 33,6% til 1. júlí 1987, 36% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 42% frá þeim degi til 1. október sama ár, 43,2% frá þeim degi til uppsögudags dóms í máli þessu, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti „auk sérstaks söluskatts, allt að frádregnum 11.516,00 krónum".

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að hinn 24. febrúar 1986, en það er eftir að dómsmál þetta var höfðað, veitti áfrýjandi viðtöku 300.000,00 krónum frá stefnda. Samkvæmt sérstöku samkomulagi þeirra skyldi fé þetta ganga upp í kröfur áfrýjanda eða endurgreiðast stefnda, allt eftir því hverjar lyktir málsins yrðu. Til greiðslu þessarar var ekkert tillit tekið í kröfugerð aðilja í héraði eða í hinum áfrýjaða dómi.

Hinn 21. apríl 1987 greiddi stefndi áfrýjanda 111.516,00 krónur. Veitti áfrýjandi greiðslunni viðtöku með fyrirvara um að við henni

væri tekið sem innborgun vegna hæstaréttarmáls þessa. Samkvæmt yfirliti stefnda hefur hann með greiðslu þessari, ásamt þeim 300.000,00 krónum, sem áður voru greindar, goldið áfrýjanda allt það fé sem honum var með hinum áfrýjaða dómi dæmt að greiða, bæði sem höfuðstól, dráttarvexti og málskostnað. Er því uppgjöri ekki andmælt tölulega.

Í héraði sundurliðaði áfrýjandi kröfur sínar þannig:

1.	Vinna og efni vegna Giljasels 13	351.666,00 kr.
2.	Innlánsvextir af þeirri fjárhæð 1.8. 1983 til 31.1. 1985.	109.506,00 kr.
3.	Leiga á timbri, síðari vinna og akstur .	68.326,00 kr.
4.	Reikningar fyrir vinnu og efni til múrverks í íbúðum stefnda í Rauðási 19 og 23, alls	722.511,00 kr.
5.	Dráttarvextir til 31.8. 1985	260.285,00 kr.
	Samtals	1.512.294,00 kr.
Frá dragast greiðslur frá stefnda, alls		689.472,00 kr.
	Mismunur	822.822,00 kr.

sem var stefnukrafan í héraði.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi tölulega grein fyrir dómkröfum sínum með þessum hætti:

1.	Höfuðstóll stefnukröfu í héraði	822.822,00 kr.
2.	Dráttarvextir 1.9. 1985 til 28.2. 1986 (22,5%)	185.135,00 kr.
	Samtals	1.007.957,00 kr.
Frá dregst greiðsla stefnda 24.2. 1986 samkvæmt áður sögðu		300.000,00 kr.
	Mismunur	707.957,00 kr.

Af greiðslu þeirri, að fjárhæð 111.516,00 krónur, sem áfrýjandi veitti viðtöku frá stefnda 21. apríl 1987, svo sem áður var sagt, reiknar áfrýjandi 100.000,00 krónur til lúkningar á þeim málskostnaði, er stefnda var með héraðsdómi dæmt að greiða honum, en mismunurinn, 11.516,00 krónur, komi til frádráttar þeirri kröfu sem áfrýjandi gerir fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti sætir ekki ágreiningi að niðurstaða héraðsdómara sé tölulega rétt eftir því sem hann leysti úr ágreiningsefnum aðilja að öðru leyti.

Í samningi aðilja sagði fullum stöfum að íbúðum þeim sem í málinu greinir skuli skilað tilbúnum undir tréverk. Fólst í þessu áskilnaður um að íbúðirnar hefðu verið múrhúðaðar. Stefndi skuldbatt sig að vísu til þess með sérstöku ákvæði í samningnum, að greiða sérstaklega fyrir múrhúðunina samkvæmt uppmælingu. Eftir orðum sínum og þegar virt er hið fyrrgreinda samningsákvæði verður sá skildagi þó eigi skýrður svo að með honum hafi áfrýjandi verið leystur til fulls frá skyldu til að kosta múrhúðun íbúðanna sem nauðsynleg var við að búa þær undir tréverk.

Í afsölum til stefnda, dags. 28. febrúar 1986, sagði að eignarhlutunum væri afsalað í því ástandi, sem þeir hefðu verið er stefndi tók við þeim 28. ágúst 1984, og að stefndi greiddi skatta og skyldur frá þeim degi. Í afsölunum var þó jafnframt tekið fram að ágreiningur væri milli aðila um uppgjör í viðskiptum þeirra og að mál þar að lútandi væri rekið fyrir dómi. Hafði stefndi á þeim tíma gert grein fyrir því í dómsmáli þessu á hverju hann reisti andmæli sín við þeim kröfum, sem áfrýjandi hefur uppi í málinu. Var áfrýjanda því ekki rétt að leggja þann skilning í afsölin að í þeim fælist viðurkenning stefnda á réttmæti þeirra sjónarmiða sem kröfur áfrýjanda eru reistar á.

Áfrýjandi hefur hreyft því að hvað sem öðru líður beri stefnda eigi aðeins að greiða sérstaklega fyrir uppmælda vinnu við múrhúðunina heldur einnig fyrir alla aðra vinnu. Áfrýjandi hefur þó enga varakröfu gert, sem að þessu lýtur.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Gottskálk Jón Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Byggðaráss sf., í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 26. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 9. janúar 1986 af Byggðarási sf., nnr. 1108-6616, Gljúfraseli 8, Reykjavík, gegn Gottskálk Jóni Bjarnasyni, nnr. 2713-7504, Giljaseli 13, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru að stefndi greiði kr. 822.822,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar verulega, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur stefnanda með gagnstefnu birtri 17. mars 1986 til greiðslu á kr. 387.159,00 auk 2,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. mars 1986 til 1. apríl s.á., en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins, til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök og sjálfstæðs dóms um afganginn.

Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi í gagnsök.

Aðalsök og gagnsök voru sameinaðar og fluttar sem eitt mál.

Deila málsaðila er um túlkun á makaskiptasamningi er þeir gerðu 17. desember 1982. Samningurinn er vélritaður af stefnda Gottskálk Jóni á eyðublað merktu firma hans „G.J. Krana s.f." og er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Jón Bjarnason, Giljaseli 13, Rvk. nafnnr. 2713-7504, og Hafsteinn Júlíusson h.f. Kastalagerði 1, Kópavogi, nnr. 3513-0314, gerum með okkur svohljóðandi makaskiptasamning:

1. Jón Bjarnason lofar að selja Hafsteini Júlíussyni h.f. lóð sína Rauðás 19 - 23 sem er skilgreind í 3 stigahús í Seláshverfi samkv. skipulagi Reykjavíkurborgar þar að lútandi.

2. Fyrir byggingarrétt þennan lofar H. Júlíusson h.f. að afhenda Jóni Bjarnasyni þrjár 3ja - 4ra herbergja íbúðir að utanmáli með ½ stigahúsi ca. 112 ferm, sem greiðslu fyrir þennan byggingarrétt, sem skilað verður á þann hátt sem nú skal greina:

Íbúðunum skal skilað tilbúnum undir tréverk. Tvöfalt verksmiðjugler. H. Júlíusson h.f. lofar að framkvæma múrhúðun á íbúðum þessum.

Gler skal vera ísett með hjaragluggum og svalahurðum úr góðum viði.

Miðstöðvar- og vatnslögn full frá gengin með upp settum ofnum, rafmagnslögn ídregin með vinnuljósi. Herbergi skulu vera afmörkuð með hlöðnum milliveggjum.

Tekið skal fram að Gottskálk Jón Bjarnason skal greiða sérstaklega fyrir múrhúðun á íbúðunum, þ.e. að hlaða milliveggi og pússa samkv. uppmælingu.

Sameign innanhúss fullfrágengin: Málun, teppi, handrið á stiga, geymslur ómálaðar en að öðru leyti tilbúnar.

Hús að utan fullgert og málað en þak ómálað. Lóð fullfrágengin, með túnþökum, grindverki, malbikuðum bílastæðum og frágengnu leiksvæði.

Jón má velja eina íbúð í 1. stigahúsi sem reist verður og tvær í því næsta.

Miðast skal við að teikningar verði samþykktar fyrir 1. mars 1983, þá skal afhenda fyrstu íbúðina eigi síðar en 1. mars 1984. Hinar tvær 8 mánuðum síðar eða 1. nóv. 1984. Ef afhending dregst skal H. Júlíusson h.f. greiða mánaðarlega húsaleigu sem svarar til markaðsleigu.

Verði íbúðirnar tilbúnar fyrr, er Jóni heimilt og skylt að taka við þeim.

H. Júlíussyni h.f. er skylt að taka þátt í lóðafrágangi vegna þessara íbúða á sama tíma og aðrir íbúðareigendur fara í þær framkvæmdir.

Þegar teikningar eru samþykktar ber Jóni að velja sér íbúðir sem skilgreindar verða í þessum samningi. Einnig ber Jóni að gefa afsal fyrir hverju einstöku stigahúsi þegar það er fokhelt.

H. Júlíusson h.f. skal gera Jóni Bjarnasyni afsal fyrir hverri íbúð fyrir sig jafn skjótt og Jón óskar þess og eigi síðar en þegar að því kemur að hver íbúð verði tilbúin.

Krani s.f. skal hafa forgang til kranavinnu v/byggingar stigahúsanna þriggja, þó þannig að byggingarframkvæmdir tefjist ekki af þeim sökum."

Gagnvart Hafsteini Júlíussyni hf. gerðust þeir Guðmundur Franklín Jónsson húsasmíðameistari og Teitur Eyjólfsson smiður aðilar að þessum samningi 50% á móti félaginu.

Samtímis makaskiptasamningnum gerðu aðilar annan samning svohljóðandi:

„Fylgiskjal makasamnings.

Hafsteinn Júlíusson, Guðmundur F. Jónsson og Teitur Eyjólfsson, lofast til að slá upp stoðveggjum, bílskúr og bílaplani við hús Jóns Bjarnasonar að Giljaseli 13, Rvk, samkvæmt teikningum þar að lútandi.

Framkvæmdir þessar verða undirritaðir að framkvæma og kosta að því undanskyldu að Jón lætur grafa fyrir framkvæmdum þessum þannig að tilbúið sé til mótauppsláttar og einnig skaffar hann steypustyrktarstál. Öll efnisinnkaup skulu vera á þann hátt sem hagkvæmust eru.

Fyrir verk þetta greiðir Jón samkv. reikningi ⅓ við afhendingu hverrar íbúðar sem hann kemur til með að taka við.

Þegar framkvæmdum er lokið skal framvísa endanlegum reikningum en gjalddagi reikninganna telst eins og fyrr segir ⅓ hluta við afhendingu hverrar íbúðar.

Samningur þessi er gerður með þeim fyrirvara um að Eiríkur Jónsson múraram. og Kristinn Sveinsson húsasm. samþykki ofangreint.

Við undirritaðir lofum að fullgera bílskúr og stoðveggi, múrverk, glerísetningu og þak frágang."

Undir fylgiskjalið rituðu aðilar þeir sem tilgreindir eru í því, svo og stefndi Gottskálk Jón Bjarnason.

Þeir sem gerðust aðilar að makaskiptasamningnum við stefnda Gottskálk Jón, þ.e. Hafsteinn Júlíusson hf., Guðmundur Franklín Jónsson og Teitur Eyjólfsson, stofnuðu síðar sameignarfélagið Byggðarás og framseldu því félagi öll réttindi sín og skyldur samkvæmt makaskiptasamningnum og fylgiskjali hans.

Stefnandi Byggðarás sf. byggir kröfur sínar á hendur stefnda Gottskálk Jóni í aðalsök á því að hann hafi framvísað reikningum fyrir verkið að Giljaseli 13, svo og fyrir múrhúðun á íbúðum stefnda að Rauðási 19 - 23 og efni í múrhúðun, og þá hafi komið upp ágreiningur við stefnda um uppgjörið. Stefndi hafi reynst ófáanlegur til að greiða vexti af reikningunum vegna vinnunnar við Giljasel frá 1. ágúst 1983 til 1. febrúar 1985, og stefndi hafi auk þess talið að hann ætti aðeins að greiða fyrir vinnu við múrhúðun á íbúðunum, en ekki efnið. Stefndi hafi ekki fengist til að ganga frá greiðslum sínum né samþykkt gerðardómsmeðferð eða málamiðlanir, og því hafi stefnandi þurft að höfða mál þetta.

Stefnandi bendir á að undirrót þessa ágreinings sé samningurinn, sem gerður var 17. desember 1982, þar sem hann sé ónákvæmur og illa gerður, og hafi því komið upp deila með aðiljum um skilgreiningu á afhendingarstigi íbúðanna sem stefndi átti að fá að Rauðási 19 - 23. Hinn þáttur deilunnar varði greiðslur til stefnanda fyrir vinnuna við hús stefnda að Giljaseli, hvort þær eigi að bera vexti.

Um samninginn frá 17. desember um söluna á lóð stefnda að Rauðási 19 - 23 og greiðsluna í formi 3ja íbúða í væntanlegu fjölbýlishúsi með 3 stigahúsum sé upplýst að samningur þessi sé í raun tvíþættur: Annars vegar sé hann makaskiptasamningur eins og hann beri með sér, um afhendingu byggingarréttar og greiðslu fyrir hann í formi þriggja íbúða í tilteknu ástandi, og hins vegar verksamningur þar sem stefnandi tekur að sér að múrhúða þessar þrjár íbúðir sérstaklega gegn gjaldi. Stefnandi hafi samið við stefnda um að stefndi fengi í hendur þrjár íbúðir sem greiðslu, fokheldar en með miðstöðvarlögn og gleri og sameign fullfrágenginni, auk fullfrágenginnar lóðar. Afhending íbúðanna hafi því verið skilgreind í makaskiptasamningnum, en síðan hafi verksamningurinn tekið við, og stefndi hafi samið um að stefnandi tæki að sér múrhúðun og í því felist bæði efni og vinna. Upplýst sé að íbúðirnar hafi verið komnar á þetta afhendingarstig sumarið 1984 enda hafi afsöl fyrir þeim þá verið gefin út og þá hafi afhending farið fram og stefndi tekið við íbúðunum athugasemdalaust. Túlkun stefnda á samningum í þá átt að íbúðirnar skyldu afhendast „tilbúnar undir

tréverk" og að afhending hafi því ekki verið fyrr en múrhúðun væri lokið, nái engri átt. Útilokað sé að túlka samninginn þannig, og að stefnandi hafi svo samið að hann legði til efnið til múrhúðunar, slíkt sé aldrei gert. Nákvæmar skýrslugjafir aðilja hér fyrir dómi hafi leitt í ljós að skilningur aðila hafi verið að stefndi fengi í hendur íbúðir ,,fokheldar" en með miðstöðvarlögn og gleri og sameign fullfrágengna að auki, og umsagnir stefnda um að hann hafi átt að greiða fyrir vinnuna við múrverkið eingöngu standist ekki. Stefndi hafi sjálfur borið að hann hafi átt að greiða ,,sveinamælingu" með launatengdum gjöldum, en hafi verið á reiki um þetta í framburði sínum. Framburðir stefnanda um þetta og afdráttarlaus framburður Hafsteins Júlíussonar, sem mest hafi átt í samningum við stefnda, hafi skorið úr um að ekki hefði komið til greina að semja á þann hátt sem stefndi haldi fram. Þá hefðu engir samningar komist á. Stefndi finni upp á þessum skilningi seinna þegar þeir hafi framvísað reikningum og stefndi hafi ekki viljað greiða.

Hinn þáttur deilunnar sé um vexti af reikningum vegna framkvæmda við Giljasel 13. Stefnandi telji fráleitt annað en stefndi eigi að greiða innlánsvexti á reikningana, þótt gjalddagi þeirra hafi ekki verið fyrr en við afhendingu íbúðanna. Annað myndi leiða til þeirrar einkennilegu niðurstöðu að minna ætti að greiða fyrir verkið sem því væri fyrr lokið. Þar sem ekkert hafi verið um samið hvenær framkvæmd verksins yrði sé eðlilegt að reikna almenna sparisjóðsvexti frá verklokum til gjalddaga. Ella hefðu stefnendur getað unnið verkið síðar og þá sett fram reikninga með fjárhæðum miðuðum við verðlag á þeim tíma.

Stefndi Gottskálk Jón styður sýknukröfu sína í aðalsök þeim rökum að makaskiptasamningurinn og meðfylgjandi yfirlýsingar séu stórlega mistúlkaðar af háflu stefnanda og engan veginn í samræmi við málvenjur né það sem til var ætlast þegar samningarnir voru gerðir. Í makaskiptasamningnum komi skýrt fram að fyrir byggingarlóðirnar og byggingarréttinn skuli stefnandi greiða stefnda 3 íbúðir ,,tilbúnar undir tréverk", en stefndi skuli þó greiða sérstaklega fyrir vinnu við að hlaða milliveggi og pússa.

Við gerð samninga um afhendingarástand íbúða séu hugtökin ,,fokheld" og ,,tilbúið undir tréverk" venjulegast notuð. Ef undanskilja eigi múrverk sé alltaf talað um ,,fokhelt" að viðbættum hita- og vatnslögnum, gleri o.s.frv. Þetta vita vanir byggingarmenn eins og þeir sem samninginn gerðu við stefnda. Í þessum samningi sé hugtakið ,,tilbúið undir tréverk" notað, þar sem aðeins átti að undanskilja annan þátt múrverksins með orðunum: ,,Tekið skal fram að Gottskálk Jón Bjarnason skal greiða sérstaklega fyrir múrhúðun á íbúðunum þ.e. að hlaða milliveggi og pússa skv. uppmælingu." Lok setningarinnar segi nákvæmlega til um hvað stefndi eigi að greiða, en það er vinnan við að hlaða og pússa skv. uppmælingu. Efni sé aldrei tekið

með í útreikningi á uppmælingu. Um þetta hafi sérstaklega verið samið milli stefnda og Hafsteins Júlíussonar og hafi það komið skýrt fram í hinum ýtarlegu skýrslugjöfum fyrir dómi. Hvorugur hafi í samningunum náð sínu fram, en sæst hafi verið á þessa millileið. Hafsteinn Júlíusson hafi f.h. hlutafélagsins lofað að vinna verkið og stefndi hafi lofað að greiða fyrir þá vinnu, og eigi stefndi því ekkert að greiða nema það sem kemur fram í uppmælingunni. Þarna sé um sérsvið Hafsteins Júlíussonar að ræða sem hann sé alvanur að semja um. Hann hefði því sjálfur getað komið því inn í samninginn ef múrefnið hefði átt að greiða. Það hafi hann ekki gert, og hann geti ekki skotið sér undan samningi sínum síðar.

Stefndi bendir á að múrefniskostnaður fyrir allar íbúðirnar sé hinn sami, enda hafi stefnandi verið að múrhúða fjölda annarra íbúða í stigahúsunum á sama tíma. Hann hafi því keypt allt múrefnið í einu enda hafi hann vitað að hann átti að leggja það til. Afhending íbúðanna samkvæmt samningnum hafi síðan ekki farið fram fyrr en 1. febrúar 1985, þegar stefndi hafi fengið afhenta lykla að þeim úr hendi stefnanda. Þegar afsöl hafi verið gefin í ágúst 1984 hafi ekki verið talað um afhendingu heldur hafi þar verið um eignayfirfærslu að ræða.

Stefndi andmælir því að hann eigi að greiða vexti af reikningum vegna framkvæmda við Giljasel 13. Svo hafi verið um samið að gjalddagi reikninganna miðaðist við afhendingu íbúðanna í Rauðási 19-23. Afhending íbúðanna hafi verið 1. febrúar 1985, og þá hafi reikningum fyrir vinnu við Giljasel verið framvísað. Hann hafi ekki gert athugasemd við reikningana, utan þess að hann hafi dregið í efa að leiga á mótatimbri, kr. 41.520,00, sé rétt reiknuð. En vaxtataka af reikningunum fyrir gjalddaga standist engan veginn og hafi ekki verið um slíkt samið. Engar reglur kveði á um að vextir séu greiddir af skuld fyrir gjalddaga hennar.

— — —

Niðurstaða:

Um aðalsök.

Þegar litið er til orðalags makaskiptasamningsins svo og til framburða fyrir dómi, sérstaklega þeirra Gottskálks Jóns og vitnisins Hafsteins Júlíussonar múrarameistara, sem aðallega stóðu að gerð samningsins, verður að telja sennilegt að svo hafi verið um samið að íbúðum þeim sem stefndi átti að fá afhentar sem greiðslu skyldi af háflu stefnanda skilað „tilbúnum undir tréverk", þ.e. múrhúðuðum, en að stefndi skyldi greiða sérstaklega fyrir vinnu við múrhúðun íbúðanna skv. uppmælingu.

Upplýst er að ekki var sérstaklega rætt um afhendingu íbúðanna í hendur stefnda þegar reynt var að ganga frá afsölum í ágúst 1984. Einnig er upplýst að afsöl þau sem stefndi átti þá að fá í hendur fyrir

íbúðunum hafi ekki verið gild vegna skorts á undirskriftum og er því ekki á þeim byggjandi.

Telja verður upplýst að stefndi hafi fengið lykla að íbúðunum í hendur þegar þær voru allar „tilbúnar undir tréverk" í febrúar 1985. Ekki er leitt í ljós að hann hafi fyrir þann tíma fengið í hendur reikninga stefnanda vegna múrhúðunar á íbúðunum og vegna vinnunnar við Giljasel 13, þótt dagsetningar þeirra séu frá nóvember 1984 til febrúar 1985.

Þegar þetta er virt verður að byggja á því að samningur aðila hafi verið sá að stefndi skyldi eingöngu greiða vinnu við múrhúðun íbúðanna skv. uppmælingu en að stefnandi skyldi leggja til efni. Er ekki fallist á að þessi skilningur sé óeðlilegur þegar þess er gætt að stefnandi reisti fjölbýlishús þetta til þess að selja þær íbúðir sem í hans hlut komu og keypti því sjálfur efni og lagði til vinnu í því, m.a. efni til múrhúðunar íbúða hússins.

Miðað við þennan skilning á samningi aðila verður að telja að íbúðunum hafi átt að skila tilbúnum undir tréverk eins og í samningnum segir og að afhending þeirra hafi því ekki verið fyrr en 1. febrúar 1985. Þá var gjalddagi allra reikninganna fyrir vinnuna við Giljasel 13, og er enginn samningur aðila né lög um að stefndi hafi átt að greiða vexti af þeim fjárhæðum fyrir gjalddaga.

Í aðalsök verða kröfur stefnanda þannig aðeins teknar til greina í samræmi við þessa niðurstöðu um túlkun á samningi aðila. Stefndi hefur lagt fram sundurliðuð reikningsyfirlit sín vegna viðskipta aðila út frá þessum forsendum, og verða þau tekin til greina að öðru leyti en því að stefndi hefur ekki sannað andmæli sín við leigu á mótatimbri og fjárhæð reiknings vegna bílamálunar. Skuld stefnda Gottskálks Jóns vegna múrhúðunar íbúða telst því vera 210.347,00 miðað við 1. mars 1986, og skuld hans vegna vinnu við Giljasel 13 telst vera kr. 80.277,00 miðað við 1. september 1985.

Um gagnsök.

— — —

Kröfur í gagnsök verða því að engu leyti teknar til greina.

Niðurstaða verður því sú, að í aðalsök verður stefnda Gottskálk Jóni gert að greiða stefnanda Byggðarási sf. vegna vinnu við múrhúðun á íbúðunum við Rauðás 19 - 23, kr. 210.347,00, svo og skuld hans vegna framkvæmda við Giljasel 13, kr. 80.277,00, eða samtals kr. 290.624,00 með vöxtum eins og krafist er. Verður stefnda Gottskálk Jóni einnig gert að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000,00 sameiginlega fyrir aðalsök og gagnsök.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi Gottskálk Jón Bjarnason greiði stefnanda Byggðarási sf. kr. 290.624,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 80.277,00 frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum af kr. 290.624,00 frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 100.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 241/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Victor Strange og
Harry Þór Hólmgeirssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað með stefnu 3. júlí 1987 og jafnframt var málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og til staðfestingar á upptökuákvæði héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Victor Strange greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur, og ákærði Harry Þór Hólmgeirsson málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur, en allan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Victor Strange og Harry Þór Hólmgeirsson, greiði hvor um sig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur. Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. janúar 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. janúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 438-439/1986: Ákæruvaldið gegn Victori Strange og Harry Þór Hólmgeirssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 8. ágúst 1986, á hendur Victori Strange, Mjósundi 1, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 30. okt. 1956, og Harry Þór Hólmgeirssyni, Brekkubyggð 15, Garðakaupstað, fæddum 29. janúar 1958 í Hafnarfirði, fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni:

„fyrir að hafa í nóvember 1985 keypt 570 g af hassi í Amsterdam og flutt það með sér hingað til lands í söluskyni, en efnið áttu þeir að jöfnu. Ákærði Victor annaðist sölu á um 500 g efnisins á um kr. 600 hvert gramm, en 8. mars 1986 lagði lögreglan hald á 56,6 g efnisins á heimili ákærða Victors."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu hassi, sem lagt var hald á samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærðu var birt ákæra í málinu þann 10. nóvember sl. Skipaður verjandi ákærðu flutti munnlega vörn í dag og var málið dómtekið eftir það þinghald. Verjandinn gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að þeim verði gerð vægasta refsing er lög framast leyfa og þá fjársektir.

Komi til þess að refsivist verði dæmd þá er gerð krafa til að hún verði að öllu leyti eða að hluta skilorðsbundin. Verði dæmd refsivist þá er gerð krafa um frádrátt vegna gæsluvarðhalds fyrir ákærða Harry Þór 4 daga og fyrir ákærða Victor 10 daga. Í öllum tilvikum er gerð krafa um málsvarnarlaun er greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Victor gekkst þann 24.7. 1984 undir dómsátt fyrir fíkniefnabrot og ákærði Harry gekkst árið 1979 undir dómsátt vegna fíkniefnabrots. Að öðru leyti þykir sakferill ákærðu ekki skipta máli hér.

Málsatvik.

Ákærði Harry bar við lögregluyfirheyrslu þann 15.3. 1986 um utanför sína og meðákærða Victors í nóvember 1985. Ákærði Harry kvað þá félaga hafa sameiginlega fest kaup á 570 grömmum af hassi í Amsterdam, ákærði Victor hafi flutt hassið hingað til lands og síðan séð um geymslu efnisins og síðar endursölu.

Ákærðu voru samprófaðir þann 18.3. 1986 og báru þá báðir um sameiginleg kaup á 570 grömmum af hassi í Amsterdam í nóvember 1985. Ákærðu kváðust við nefnda samprófun hafa ákveðið að selja hvert gramm af hassinu á kr. 400,00 og hafi ákærði Harry þannig fengið allan ágóðann eða nálægt kr. 200.000,00. Ákærði Victor kvaðst hins vegar hafa selt hvert gramm efnis á kr. 600,00 og þannig hafi komið um kr. 70-80.000,00 í hans hlut aukalega.

Ákærðu voru báðir yfirheyrðir hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl. og staðfestu þá lokaframburði sína undir frumrannsókn málsins og báru báðir fyrir dómi efnislega á sama veg og rakið hefur verið.

Niðurstöður.

Sannað er með framburðum ákærðu, sem studdir eru af öðrum gögnum máls þessa, að ákærðu hafi í nóvember 1985 keypt 570 grömm af hassi í Amsterdam og flutt það með sér hingað til lands í söluskyni, en efnið áttu þeir að jöfnu. Ákærði Victor annaðist sölu á um 500 grömmum efnisins á um kr. 600,00 hvert gramm, en 8. mars 1986 lagði lögreglan hald á 56,6 grömm efnisins á heimili ákærða Victors.

Ákærðu hafa því unnið til refsingar.

Ofangreind háttsemi varðar við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Í máli þessu verður beitt ákvæðum reglugerða er tóku gildi eftir að ákærðu frömdu brot sín, þó að aðgættri meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu sammæltust um framningu háttsemi þeirrar er hér er ákært út af og verður það virt ákærðu til þyngingar við refsiákvarðanir sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og endurseldu um 500 grömm af hassi hér á landi.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hvors fyrir sig hæfilega ákveðin sem fangelsi í 60 daga.

Til frádráttar refsivist ákærða Victors komi 10 dagar er hann sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og með vísan til sömu lagagreinar komi 5 dagar til frádráttar dæmdri refsivist ákærða Harrys.

Hvor ákærðu fyrir sig greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985. Greiði ákærðu ekki sektargreiðslurnar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja þá komi fangelsi í 30 daga í sektar stað.

Fallist er á upptökukröfur ákæruvaldsins sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og dæmast ákærðu til að þola upptöku á 56,6 grömmum af hassi er lagt var hald á undir rannsókn málsins. Hins vegar eru einungis 28,8 grömm efnisins í vörslum dómsins sbr. efnaskrá nr. 1566, en mismuni efnisins mun hafa verið stolið úr vörslum lögreglu.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þannig að hvor ákærðu greiði skipuðum verjanda, Sigurði Georgssyni hrl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun. Ákærði Victor greiði kr. 7.000,00 vegna réttargæslu Friðjóns A. Friðjónssonar hdl., og ákærði Harry greiði kr. 6.924,00 vegna réttargæslu Sigurðar Georgssonar hrl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Victor Strange, fæddur 30. október 1956, skal sæta fangelsi í 60 daga og komi til frádráttar 10 dagar er ákærði Victor sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Victor greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 30 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Harry Þór Hólmgeirsson, fæddur 29. janúar 1958, skal sæta fangelsi í 60 daga og komi til frádráttar 5 dagar er ákærði Harry sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Harry greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 30 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 56,6 grömm af hassi, en þar af eru nú 28,8 grömm efnisins í vörslum dómsins merkt efnaskrá 1566.

Hvor ákærðu fyrir sig greiði kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Sigurðar Georgssonar hrl.

Ákærði Victor greiði auk þess kr. 7.000,00 vegna réttargæslu Friðjóns A. Friðjónssonar hdl. og ákærði Harry kr. 6.924,00 vegna réttargæslu Sigurðar Georgssonar hrl.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 311/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Með kæru 4. þ.m. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dagsettum þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um framhaldsrannsókn hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að verða við kröfu um frekari rannsókn samkvæmt bréfi verjanda síns 15. október sl.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 9. tl. 172. gr. sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur ákærði óskað þess að gefa frekari skýringar við skýrslu sína í málinu með tilliti til nýs gagns sem hann kveður nú hafa fundist. Með vísan til 1. mgr.

124. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að verða við þessari ósk ákærða. Ber það síðan undir mat héraðsdómara hvort frekari rannsóknar er þörf. Er framangreind krafa um framhaldsrannsókn ekki tekin til greina að öðru leyti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. nóvember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur, með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942.00 sem greiðast skyldi þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.058.00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116.00 og svara til 75.4% ársvaxta í stað 18.5% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 221.984.00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403.00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

Dagsetning láns	Greiðslu-dagur	Lánsfjár-hæð	Endur-greitt	Áskildir vextir		Lögleyfðir vextir		Vextir umfram lögl. fyrir tímab. kr.	Hæstu lögleyfðir vextir á láns-tímanum miðast við
				pr. ár í %	Miðað við tímabil kr.	pr. ár í %	Miðað við tímab. kr.		
2. 5. 1984	2. 7. 1984	2006942.	2301058.	75.4	294116.	18.5	72132.	221984.	hæstu víxlavexti
2. 7. 1984	2. 9. 1984	2301058.	2638854.	88.1	337796.	21.8	83540.	254256.	hæstu skuldabréfa
2. 9. 1984	2.11. 1984	2638854.	3026238.	75.5	387384.	23.0	117939.	269445.	hæstu víxlavexti
2.11. 1984	2. 1. 1985	3026238.	3470490.	75.5	444252.	24.0	141133.	303119.	hæstu víxlavexti
2. 1. 1985	2. 3. 1985	3470490.	3979957.	75.5	509467.	31.0	209058.	300409.	hæstu víxlavexti
2. 3. 1985	2. 5. 1985	3979957.	4564214.	75.5	584257.	31.0	239748.	344509.	hæstu víxlavexti
2. 5. 1985	2. 7. 1985	4564214.	5234241.	75.5	670027.	31.0	274943.	395084.	hæstu víxlavexti
2. 7. 1985	2. 9. 1985	5234241.	6002627.	75.5	768386.	29.5	300048.	468338.	hæstu víxlavexti
2. 9. 1985	2.11. 1985	6002627.	6883813.	75.5	881186.	30.0	349927.	531259.	hæstu víxlavexti
Áskildir vextir fyrir tímabilið kr. 4876871.									
Lögleyfðir vextir fyrir tímabilið kr. 1788469.									
Vextir umfram lögleyfða fyrir tímabilið kr. 3088403.									

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán ákærða, veitt eftir 11. ágúst 1984.

Málið var þingfest 6. maí 1986 og var ákærða þá birt ákæran og honum skipaður verjandi.

Næst var málið tekið fyrir 8. júlí 1987. Kom ákærði þá fyrir dóm og skýrði m.a. svo frá, að hann hefði hinn 2. maí 1984 afhent Hermanni Gunnari Björgvinssyni kr. 2.006.942 til ávöxtunar, en það hefði verið afrakstur af viðskiptum ákærða við Hermann Gunnar allt frá árinu 1981, m.a. með verðbréf. Kvaðst ákærði þá jafnframt hafa tekið við tékka úr hendi Hermanns Gunnars, dagsettum 2. júlí 1984, að fjárhæð kr. 2.301.058,00, sem hafi verið höfuðstóllinn að viðbættri ávöxtun í 2 mánuði. Er kom að gjalddaga, kvað ákærði, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram, og ákærði þá afhent Hermanni Gunnari tékkann og tekið við nýjum úr hendi hans, að fjárhæð kr. 2.638.854,00, dagsettum 2. september 1984, sem hafi verið upphaflegur höfuðstóll, að viðbættri ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september s.á. Kvað ákærði, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram fram á síðari hluta ársins 1985, og er til aðgerða yfirvalda gagnvart Hermanni Gunnari kom, hefði heildarfjárhæð höfuðstóls og ávöxtunar verið kr. 6.883.813,00.

Þá staðfesti ákærði framburðarskýrslur sínar um málið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins í réttarhaldi þessu. Kvaðst ákærði gera þá athugasemd við framburð Hermanns Gunnars, að hinn síðarnefndi tali alltaf um lán í sínum framburði, þar sem ákærði kvað að standa ætti ávöxtun.

Næst var þingað í málinu 31. júlí sl., og kom þá fyrir dóminn sem vitni ofangreindur Hermann Gunnar Björgvinsson. Vitnið kvað viðskipti þess og ákærða hafa í upphafi verið með eðlilegum hætti, en síðar hafi þau þróast þannig, að ákærði fór að lána vitninu peninga gegn vöxtum, að ósk vitnisins. Vitnið kannaðist við að hafa átt viðskipti við ákærða á árinu 1984 með því að taka við tékka hinn 2. maí það ár, að fjárhæð kr. 2.006.942,00, úr hendi ákærða og láta ákærða hafa annan tékka, að fjárhæð kr. 2.301.058,00, dagsettan tveimur mánuðum síðar. Taldi vitnið, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram frá 2. júlí til 2. september sama

ár. Vitnið kvað ekki hafa verið neinn vafa í huga þess, að umrædd viðskipti milli þess og ákærða hefðu verið persónulegs eðlis á árunum 1984 og 1985, þannig að ákærði hefði lánað vitninu fé.

Hinn 10. september sl. krafðist verjandi ákærða frávísunar málsins á þeirri forsendu, að rannsókn málsins væri ófullkomin í verulegum atriðum. Með úrskurði 18. sama mánaðar var kröfu verjandans hafnað. Var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi 2. október sl.

Í þinghaldi 15. október sl. krafðist verjandinn frekari rannsóknar málsins svo sem hér verður rakið:

„1. Að ákærði komi fyrir dóminn og fái tækifæri til þess að skýra nánar þau atriði er fram koma í minnisbók um fjölda ávísana frá Hermanni Björgvinssyni og fjárhæð þeirra jafnframt því að leiðrétta framburð sinn til samræmis við þessi minnisatriði, er ekki voru ljós fyrr en að áðurnefnd minnisbók fannst fyrir tilviljun.

2. Að staðreyndir þær sem fram koma í áðurnefndri minnisbók verði bornar undir Hermann Björgvinsson, jafnframt því sem varnaraðila verði gert kleift að varpa spurningum til Hermanns Björgvinssonar um ýmis atriði er fram koma í skjölum þeim er fylgja frávísunarkröfu um málið.

3. Að ákæruvaldinu verði gert að leggja fram nýjan útreikning vegna „vaxta", en eftir dóm Hæstaréttar frá 19.12. 1986 er fyrri útreikningur, er fylgdi ákæru, einskis virði sem sönnunargagn í opinberu máli.

4. Enn er ítrekuð sú krafa að málið verði sent Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar að nýju þar sem veigamikil atriði í framburði ákærða eru órannsökuð og ljóst liggur fyrir, að grundvöllur ákæru er reistur á einhliða, ótraustum upplýsingum Hermanns Björgvinssonar sem sannanlega standast ekki. Bent er á nýlegan sýknudóm sakadóms Reykjavíkur í hliðstæðu máli."

Um 1-2.

Verjandi ákærða hefur við meðferð málsins lagt fram ljósrit úr „minnisbók ákærða", sem hann kveður hafa fundist „fyrir tilviljun". Eigi verður séð, að rannsókn á þeim „minnisatriðum" ákærða, sem í bók þessari koma fram, geti varpað frekara ljósi á mál þetta en orðið er.

Um 3.

Um útreikning á ætlaðri ólöglegri vaxtatöku ákærða í ákæru ber að taka afstöðu til í væntanlegum dómi.

Um 4.

Málið er nú til dómsmeðferðar og hefur Hæstiréttur þegar staðfest úrskurð dómsins um að málinu verði eigi vísað frá dóminum af ástæðum

þeim, sem verjandinn hefur fært fram. Þá er þess að geta, að framburðum ákærða og Hermanns Björgvinssonar ber í meginatriðum saman um viðskipti þeirra í milli, að öðru leyti en því, að ákærði kveðst hafa afhent fé til ávöxtunar, en Hermann Gunnar kveður, að ákærði hafi lánað sér fé gegn vöxtum.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna ofangreindri kröfu verjanda ákærða um frekari rannsókn málsins.

Úrskurðarorð:

Kröfu skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Óla Guðmundssonar hdl., um framhaldsrannsókn málsins í bréfi, dagsettu 15. október 1987, er hafnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 315/1987. **S.H. Bílaleigan**
gegn
Má Péturssyni
skiptaráðanda á Seltjarnarnesi

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi bæjarfógetans á Seltjarnarnesi fjallaði sem skiptaráðandi um þrotabú Stefáns Finnbogasonar og synjaði um úrskurð eins og síðar getur, en það er sú ákvörðun, sem kærð er eftir 21. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Hinn 16. október sl. kærði sóknaraðili synjun skiptaráðandans á Seltjarnarnesi um uppkvaðningu úrskurðar, en sú synjun kom fram í bréfi til sóknaraðila 30. september, sem barst viðtakanda 5.

október. Hafði sóknaraðili beiðst úrskurðar um tilmæli sín um að skiptaráðandi framseldi til sóknaraðila tvö skuldabréf, sem talin voru eign þrotabús þess, sem fyrr er nefnt, og komu tilmæli um úrskurð fram í bréfi 7. september. Kæran barst Hæstarétti 10. nóvember. Hér fyrir dómi krefst sóknaraðili þess, að synjunin verði felld úr gildi og að fyrir skiptaráðanda verði lagt að taka „kröfu .. um úrskurð í bréfi dags. 07.09.'87 .. til efnislegrar meðferðar í úrskurðarformi". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar en ekki gert kröfur.

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Seltjarnarness 11. desember 1986 var bú Stefáns Finnbogasonar, Unnarbraut 3 þar í kaupstaðnum, tekið til gjaldþrotaskipta. Auglýsing um skiptin með venjulegri innköllun var birt í Lögbirtingablaði 23. janúar og 3. febrúar sl. og var þar boðað til skiptafundar 30. apríl.

Lögmaður sóknaraðila ritaði skiptarétti 9. febrúar, þar sem hann lýsti í búið 95.418,00 króna kröfu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Þá segir í bréfi lögmannsins: „Til greiðslu skuldarinnar setti þrotamaður að handveði hjálögð 2 skuldabréf. Þess er hér með farið á leit við yður, hr. skiptaráðandi, að þér vegna þrotamannsins framseljið bréfin umbjóðanda mínum, sem hyggst freista þess að innheimta þau. Takist það og verði afgangur er framangreindur reikningur hefur verið greiddur skuldbind ég undirritaður mig vegna umbjóðanda míns að greiða þrotabúinu mismuninn. — Bréfin óskast vinsamlega endursend." Skiptaráðandi ritaði lögmanninum 27. febrúar og kvaðst telja, að gögn skorti um kröfuna sjálfa. Einnig segir í bréfi hans: „Engin skjöl fylgja bréfinu til skýringa eða sönnunar á því að skuldabréfin tvö hafi verið sett að handveði fyrir umræddri skuld. Og ekki bera bréfin það með sér. Ekki er heldur frá því greint hvenær veðsetningin á að hafa gerst, en það kann að skipta máli, sbr. 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978."

Síðar í þessu sama bréfi segir skiptaráðandi: „Að svo komnu máli verður að líta svo á að skuldabréfin séu eign þrotabúsins, og verður með þau farið sem slíka, uns annað sannast, enda glatar umbjóðandi yðar ekki veðréttindum þeim sem hann kann að eiga í bréf-

unum, þótt þau verði innheimt af búinu.“ Hinn 6. mars sendi skiptaráðandi skuldara bréfanna innheimtubréf, en lögmaður skuldara svaraði með bréfi 23. mars. Er þar óskað nánari skýringa, en þó einnig sagt: „Umbj. minn kveðst hafa gefið út 3 skuldabréf til Stefáns þessa og áttu þau að vera til tryggingar á greiðslum í viðskiptum þeirra, en þar sem ekki hafi komið til neinna skuldaviðskipta telur umbj. minn að þrotabúinu beri að skila sér skuldabréfum þessum.“ Skiptaráðandi svaraði 30. mars og vitnaði til bréfaskiptanna við lögmann sóknaraðila.

Í málinu liggur frammi bréf skiptaráðanda til kröfuhafa í þrotabúinu. Segir þar að skiptafundur hafi fallið niður 30. apríl, enda hafi enginn kröfuhafi komið til fundar. Er boðað til skiptafundar 9. júní. Þá er sagt, að eignir hafi ekki fundist í búinu aðrar en skuldabréfin tvö. Telur skiptaráðandi álitamál hvort halda eigi innheimtu þeirra til streitu. Þá segir í þessu bréfi skiptaráðanda: „Skiptaráðandi telur að til greina komi að ljúka búskiptum skv. 120. gr. l. nr. 6/1978 og með vísun til eignaleysisyfirlýsingar þrotamanns við aðfarargerðir 08.01. 1986 og 06.05. 1986 ... — Á fundinum 9. júní n.k. verða teknar ákvarðanir um ofangreind álitaefni og tekin afstaða til lýstra krafna, ef þörf krefur.“ Hinn 4. júní skrifaði lögmaður sóknaraðila bréf til skiptaráðanda, sem er þannig að meginmáli: „Með vísan til bréfs míns dags. 09.02. 1987 og bréfs yðar dags. 27.02. 1987 ... hefur við athugun komið í ljós, að láðst hefur að senda yður reikning þann frá S.H. Bílaleigunni, sem skuldabréfin voru sett að handveði fyrir og fylgir hann hér hjálagt.“

Skiptafundur var haldinn 9. júní sl. Þar var enginn fyrir sóknaraðila, en einn lögmaður sótti fundinn og gætti hann þar hagsmuna annars kröfuhafa. Skiptaráðandi skýrði m.a. frá skuldabréfunum tveimur og þeirri afstöðu sinni að fella bæri niður innheimtutilraunir. Vísaði hann í því sambandi til bréfsins, sem lögmaður skuldara bréfanna ritaði 23. mars og fyrr er um getið. Var bókað á skiptafundinum, að þessari afstöðu væri ekki andmælt. Færði skiptaráðandi til bókar, að engar eignir hefðu fundist í búinu, en lýst hefði verið 23 kröfum að upphæð 1.959.796,45 krónur auk vaxta og kostnaðar. Var skiptum því næst lokið eftir 120. gr. laga nr. 6/1978.

Hinn 31. ágúst sl. afhenti skiptaráðandi lögmanni sóknaraðila margnefnd skuldabréf. Ýmis bréf hafa gengið milli aðila eftir

skiptafundinn 9. júní. M.a. óskaði lögmaðurinn þess í bréfi 7. september, eins og í upphafi var nefnt, að úrskurður yrði kveðinn upp um málaleitun sína varðandi framsal í bréfi 9. febrúar, sem ítrekuð hafði verið í bréfi 16. júní. Í bréfi skiptaráðanda 30. september segir, að hann telji ekki efni standa til að kveða upp úrskurð.

Í athugasemdum þeim, sem skiptaráðandi hefur sent Hæstarétti eftir 27. gr. laga nr. 75/1973 segir:

„1. Kærandi fór þess á leit með bréfi ds. 9. febr. 1987 að skuldabréfin yrðu framseld umbjóðanda sínum SH Bílaleigunni vegna þrotamannsins, Stefáns Finnbogasonar. Þessu hafnaði skiptaráðandi með bréfi ds. 27. febrúar 1987. Við því bréfi bárust skiptaráðanda engin svör, hvorki við athugasemdum um meinta handveðsetningu bréfanna né við þeirri niðurstöðu, að „að svo komnu máli verður að líta svo á að skuldabréfin séu eign þrotabúsins ... o.s.fr." Beiðni kæranda um framsal skuldabréfanna er endurupptekin þegar skiptameðferð á þrotabúi Stefáns Finnbogasonar var lokið.

2. Skiptafundur, sem halda átti í þrotabúi Stefáns Finnbogasonar 30. apríl 1987, sbr. auglýsingar í Lögbirtingablaði nr. 9 og 14, 23. jan. og 3. febr. 1987, féll niður fyrir vangá. Enginn mætti til fundar á þeim tíma. Skiptafundur var boðaður að nýju 9. júní 1987 með ábyrgðarbréfi til lögmanna kröfuhafa, þ. á m. kæranda, sbr. rskj. nr. 52. Í fundarboði er tekið fram að skuldabréfin komi til álita á fundinum: „álitamál gæti verið hvort halda á innheimtu skuldabréfanna til streitu."

Á fund þennan var ekki mætt af hálfu SH Bílaleigunnar, en kærandi boðsendi þangað ljósrit bréfs og reikning til rökstuðnings kröfu umbjóðanda síns, sbr. rskj. nr. 53.

Á fundinum var ákveðið að fella niður innheimtu skuldabréfanna.

Var hér að áliti skiptaráðanda tekin ákvörðun um eign búsins, sem ekki verður krafist úrskurðar um. Slík krafa kom heldur ekki fram á fundinum. (Hér má til hliðsjónar vísa til: Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti: Dómsvald skiptaréttar við skipti dánarbúa; Tímarit lögfræðinga 1. h. 1987, bls. 46, sbr. einkum bls. 62.)

3. Með bréfi ds. 16. júní 1987 krafðist kærandi þess f.h. umbjóðanda síns, SH Bílaleigunnar, að sér yrðu afhent skuldabréfin

tvö og að þau yrðu framseld af skiptaráðanda f.h. þrotamanns.

Skiptaráðandi ákvað að afhenda kæranda bréfin og tilkynnti honum og lögmanni skuldara skuldabréfanna að svo yrði gert að öllu óbreyttu eigi síðar en 1. sept. 1987. Jafnframt tilkynnti skiptaráðandi að hann yrði ekki við kröfunni um að framselja bréfin, þar sem hann teldi það fara í bága við þá afstöðu sem tekin var til þeirra á skiptafundinum 9. júní 1987.

Skiptaráðanda þykir nú rétt að benda á:

a) Þegar krafan um framsal kemur fram (með bréfi ds. 16. júní og mótteknu 20. júní) er skiptameðferð á þrotabúi Stefáns Finnbogasonar lokið.

b) Við ákvörðun skiptaráðanda um að afhenda kæranda bréfin en framselja þau ekki, sem tilkynnt var með bréfi ds. 16. júlí 1987, barst engin athugasemd frá kæranda fyrr en eftir að bréfin höfðu verið afhent honum 31. ágúst 1987.

4. Skiptaráðandi telur að 3. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi ekki við í máli þessu."

Krafa sóknaraðila er studd þeim rökum að í bréfi lögmanns hans 9. febrúar 1987 hafi hann lýst tvíþættri kröfu í bú þrotamanns, annars vegar fjárkröfu og hins vegar kröfu um framsal skuldabréfanna. Hafi krafa sóknaraðila því ekki verið viðurkennd að fullu eins og henni var lýst, sbr. 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978. Er því haldið fram að líta verði á efni bréfsins frá 4. júní 1987 sem andmæli gegn synjun skiptaráðanda á framsali skuldabréfanna. Hafi ekki verið fallið frá andmælum þessum á skiptafundi þeim sem fram fór, sbr. 2. tl. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 6/1978. Þrátt fyrir það hafi skiptaráðandi ekki boðað til nýs skiptafundar, sbr. síðastgreint lagaákvæði og hafi hann ekki kveðið upp úrskurð skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978. Telur sóknaraðili að afstaða skiptaráðanda til framsals skuldabréfanna sé ekki meðal þess sem hann geti tekið ákvörðun um án úrskurðar.

Á skiptafundi í þrotabúi Stefáns Finnbogasonar 9. júní sl. var ákveðið að búið skyldi ekki gera frekari tilraunir til að innheimta þau tvö skuldabréf, sem talin voru einu eignir búsins. Síðan voru skiptin felld niður. Eftir þetta voru bréfin afhent sóknaraðila. Ekki liggur nú fyrir að fjalla um það, hvort skiptaráðandi hafi, meðan

þrotabúið var enn til meðferðar, átt að kveða upp úrskurð um þá málaleitun, að sóknaraðili fengi bréfin afhent með framsali til sín. Eru engin efni til að endurupptaka skiptin til að fjalla um rétt sóknaraðila til bréfanna.

Samkvæmt þessu ber að hafna kröfu sóknaraðila.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu sóknaraðila er hafnað.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1987.

Nr. 25/1987. **Pétur Haukur Jónsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Guttormi Rafnkelssyni og
Svanhvíti Kristjánsdóttur
(Ólafur Þorláksson hrl.)

Lögbannsgerð úr gildi felld. Aðild. Leiðbeiningaskylda dómara. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987.

Hann gerir þær dómkröfur, að lögbann, sem lagt var við töku hans á möl úr sameiginlegu landi Árnaness I, II og III, Nesjahreppi,

Austur-Skaftafellssýslu, 15. september 1986 verði fellt úr gildi og hann algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefndu og þeim dæmt in solidum að greiða honum málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti. Ennfremur áskilur hann sér rétt til þess í sérmáli að krefja stefndu skaðabóta vegna tjóns, sem hann hafi beðið eða kunni að bíða vegna lögbannsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að áfrýjaður dómur verði staðfestur. og áfrýjanda gert að greiða stefndu allan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þann 11. september 1986 hóf áfrýjandi að taka möl úr landi Árnanesjarða. Heldur hann því fram að mölin hafi verið tekin úr þeim hluta jarðanna, sem sé eign bræðra hans, Ragnars, Skúla og Egils Jónssona svo og Ásgeirs Núpans. Hann hafði til þess leyfi þeirra og telja þeir mölina tekna í sínu landi.

Stefndu halda því aftur á móti fram að mölin sé tekin í óskiptu landi. Óskipt land sé í eigu þeirra stefndu, bræðra áfrýjanda, Ásgeirs Núpans, Steingríms Sigurðssonar og Huldu Mogensen. Stefndu halda því fram að áfrýjandi hafi hvorki haft þeirra leyfi né Huldu Mogensen til malartökunnar.

Samkvæmt gögnum málsins hafði áfrýjandi farið fram á það við stefnda Guttorm að fá að taka möl úr sameiginlegu landi Árnanesjarða, en hann ekki viljað leyfa það. Þar sem malartaka úr sameiginlegu landi án leyfis stefnda Guttorms er til þess fallin að raska með ólögmætum hætti rétti hans gat hann samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949 fengið lagt lögbann við slíkri gerð án atbeina sameigenda sinna. Þar sem fógeta mátti vera ljóst strax í þinghaldi 16. september 1986, þá er áfrýjandi kom fyrir fógetarétt, að ágreiningur, sem máli gat skipt, var uppi um mörk séreignarlands og óskipts lands, bar honum sem héraðsdómara, samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965, að kalla fyrir sig alla þá aðila, sem gátu átt aðild þeirrar sakar, og láta þá lýsa kröfum sínum og bóka þær. Ef ekki varð sátt um mörkin gátu þeir aðilar haldið því máli áfram og fengið þannig úr þeim ágreiningi skorið. Staðfestingarmálið átti síðan samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1949 sbr. 20. gr. 2. mgr. sömu laga að sameina merkjamálinu. Sameigendum varð þannig gefinn nauðsynlegur kostur á að gæta réttar síns varðandi lögbannið.

Þar sem þannig verður ekki annað ráðið af málinu en að grunnúrlausnarefnið varði mörk séreignarlendna og sameignarlands og ekkert mál hefur verið höfðað, sem réttilega getur skorið úr þeim ágreiningi, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965 verður það ekki gert án atbeina annarra, sem aðild eiga þeirrar sakar, ber þegar af þeim ástæðum að fella áfrýjaðan dóm og lögbannsgerð úr gildi.

Þá athugast að fógetanum bar samkvæmt 28. gr. laga nr. 18/1949 að leitast við að hefja lögbannið á staðnum þar sem mölin var tekin og samkvæmt 27. gr. sömu laga að gefa aðilum kost á að vera viðstaddir öll þinghöld. Þá bar honum að benda áfrýjanda, sem ekki naut lögmannsaðstoðar við lögbannsgerðina, á að hann væri leiðbeiningarskyldur gagnvart honum og bóka um það í þingbók. Einnig bar honum að gæta þessa við meðferð staðfestingarmálsins í þeim þinghöldum, sem áfrýjandi naut ekki aðstoðar lögmanns. Þá ber þess að geta að mjög skortir á, að staðfestingarmálið sé nægjanlega skýrlega sett fram fyrir Hæstarétti. Í gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi skortir samræmi og skýrleika um nöfn bæjanna í Árnanesi, og um örnefni þar. Þá eru hvorki meint mörk séreignar- og sameignarlands nákvæmlega mörkuð á uppdrætti né heldur staðsetning malarnámsins. Nauðsynlegt er að þetta sé gert af kunnáttumanni.

Þá var ekki réttarfarsnauðsyn á aðild Svanhvítar Kristjánsdóttur að málinu, þar sem hún er ekki einn þinglýstra eigenda.

Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjaður dómur og lögbannsgerð eru úr gildi felld.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stefndu beiddust þess sem eigendur og ábúendur Árnaness I með bréfi til fógeta 15. september 1986 að „lögbann verði lagt við malartöku“ áfrýjanda „úr sameiginlegu landi Árnanesjarða (I, II,

og III)". Í beiðninni sagði nánar að malartakan færi fram í farvegi Laxár norðanvert við flugvöllinn í Nesjahreppi og án samþykkis stefndu eða eiganda Árnaness II, Huldu Mogensen.

Samkvæmt þessu varð nægilega ráðið af lögbannsbeiðninni að beiðst væri lögbanns við malartöku áfrýjanda á tilteknum stað í landi Árnaness. Með lögbanni því er fógeti lagði á og staðfest var með hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda hins vegar bönnuð taka á möl „úr sameiginlegu landi jarðanna Árnaness I, II, og III" að beiðni stefndu án tilgreiningar á þeim stað sem bannið ætti við.

Ágreiningur er með aðiljum um það hvort land það sem malartaka áfrýjanda fór fram á sé séreignarlenda þeirra manna einna, sem heimilað höfðu honum malartökuna, eða lenda sem áfrýjendur og eigendur Árnaness II eigi óskipt með mönnum þessum. Meðan ekki hafði verið leyst úr þeim réttarágreiningi tók lögbannsgerðin eftir orðum sínum ekki af skarið um hvort áfrýjanda væri bönnuð malartaka á þeim stað þar sem hann hafði hafist handa.

Að þessu athuguðu erum við samþykk niðurstöðu meiri hluta dómenda um að fella beri lögbannið úr gildi og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 12. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. nóvember sl., hafa Guttormur Rafnkelsson og Svanhvít Kristjánsdóttir, Árnanesi 3, Nesjahreppi, höfðað á hendur Pétri Hauki Jónssyni, Akurnesi, Nesjahreppi, með stefnu útgefinni 22. sept. 1986.

Gera stefnendur þær kröfur að staðfest verði lögbann sem sett var í fógetarétti Austur-Skaftafellssýslu hinn 15. september 1986 á malartöku stefnda úr sameiginlegu og óskiptu landi Árnanessjarða I, II og III. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst þess að lögbann við malartöku hans verði fellt úr gildi og hann algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnenda eftir mati réttarins. Ennfremur áskilur stefndi sér rétt til þess í sérmáli að krefja stefnendur skaðabóta vegna alls tjóns sem hann hefur beðið og kann að bíða vegna lögbannsins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir að stefnendur eru hjón til heimilis að Árnanesi III, en Guttormur er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I, skv. afsali dagsettu 08.06. 1983. Hann er líka erfingi skv. erfðaskrá að hlut Páls Jónssonar

að hálfri jörðinni Árnanesi I. Stefnendur hafa ekki gert með sér kaupmála og hafa því sameiginlegt fjárfélag.

Fimmtudaginn 11. september sl. hóf stefndi í máli þessu, Pétur Haukur Jónsson, verktaki í Akurnesi, malartöku í farvegi Laxár. Þessi malartaka var framkvæmd með þeim hætti að stefndi gerði skarð í varnargarð, gerði vegarslóða þar í gegnum og ók vörubifreiðum og ámoksturstækjum niður í árfarveginn þar sem hann framkvæmdi malartökuna á stað sem merktur er M í dskj. nr. 19. Efni þetta flutti stefndi á flugvöllinn í Árnanesi sem er skammt frá, en stefndi hafði gert samning við Flugmálastjórn um að leggja 5000 rúmmetra efnis á flugbrautina á Árnanesflugvelli. Að sögn stefnenda bað stefndi þá um leyfi til malartökunnar en þau neituðu, m.a. vegna þess að þau töldu hættu á að malartakan myndi spilla varnargörðunum við ána og veiði. Stefndi hafði ekki virt neitun stefnenda og tekið til við malartökuna í sameiginlegu landi Árnanessjarða. Lögðu stefnendur fram skrá um landamerki Árnaness gerða 1. nóvember 1921 og færða inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 143 bls. 162, þinglýsta 11. júlí 1922 af Gísla Sveinssyni sýslumanni, landamerkjaskráin er undirrituð af Sigríði Steingrímsdóttur, Vilmundi Jónssyni, Ólafi Stephensen, Jóni Benediktssyni, fyrir Dilksnes Birni Jónssyni, Moritz Steinsen fyrir Bjarnaneskirkju, Hákoni Finnssyni fyrir Borgir, Þorleifi Jónssyni fyrir þjóðjörðina Hafnarnes, Þorleifi Jónssyni fyrir Hóla, Þórarni Sigurðssyni fyrir part í Setbergi, fyrir Hoffell og Setberg Jóni Guðmundssyni, og Einari Þorvarðarsyni umboðsmanni fyrir þjóðjarðirnar Borgey og Einholt. Í skrá þessari segir m.a. svo um landamerki Árnaness: „Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahreppa. Frá þeim mörkum á skerjum er markalína þessi milli Árnaness og Bjarnaness. Af skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Þaðan í Graskíl yfir Fljótin í kíldrag er aðskilur Árnanessnýgræður og Vatnafit. Þaðan í stóra vörðu í Ófærahólma í Melsendaál. Þaðan í fjörðinn í sjónhending í austurbrún Staðareyjar en Bjarnanes á veiði alla í firðinum fyrir vestan Flangey."

Þá lögðu stefnendur fram kort mælt sumarið 1932 af Ásgeiri L. Jónssyni í hlutföllunum 1:1500. Á kortinu er ofangreind markalína Árnaness innfærð í samræmi við hin þinglýstu landamerki.

Fógeti frestaði málinu með vísan til 11. gr. l. nr. 18/1949, m.a. til þess að bera undir stefnda hugsanlegt tjón hans ef til lögbanns kæmi. Var Jón Ingi Björnsson lögregluþjónn fenginn til þess að boða stefnda fyrir réttinn. Jón Ingi fór og boðaði stefnda, en stefndi neitaði að mæta vegna annríkis. Jón Ingi skýrði frá þessu fyrir réttinum eftir að vitnaábyrgðin hafði verið brýnd fyrir honum.

Að mati fógeta var eigi þörf að beita þeirri heimild 1. mgr. 11. gr. l. nr. 18/1949 að sækja stefnda með valdi, heldur boðaði hann stefnendur

fyrir réttinn og krafði þá um tryggingu skv. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 18/1949 að upphæð kr. 35.000,00. Var trygging þessi greidd með ávísun. Var síðan kveðinn upp úrskurður þar sem lagt var lögbann við töku stefnda á möl úr sameiginlegu landi jarðanna Árnanes I, II og III í Nesjahreppi skv. beiðni stefnenda. Var rétturinn síðan færður á eyrarnar við Laxá, þar sem stefnda var kynntur lögbannsúrskurðurinn og þýðing hans. Stefndi hélt áfram malartöku sinni þrátt fyrir lögbannið og varð það til þess að lögmaður stefnenda, Ólafur Þorláksson hrl., sendi sýslumanni bréf dags. 11. sept. sl. og óskaði eftir því að lögbanninu yrði fylgt eftir með atbeina lögreglu. Lét sýslumaður lögreglumenn stöðva malartöku stefnda. Þá fóru fram viðræður við stefnda og bræður hans, Skúla og Ragnar bændur í Akurnesi. Þeir bræður fullyrtu að malartaka stefnda hafi ekki farið fram í óskiptu landi Árnanessjarða heldur í svokölluðu Þinganesstykki, sem hafi verið skipt út úr Árnanessjörðinni. Þetta land eigi þeir bræður Egill, Skúli og Ragnar ásamt Ásgeiri Núpan, Svalbarði 1 á Höfn. Þeir lýstu því yfir að stefndi hefði verið við malartökuna með þeirra leyfi.

Þann 16. september sl. kom stefndi fyrir fógetaréttinn og mótmælti því að framkvæmdir hans hafi verið stöðvaðar og benti á að malartaka hans hafi farið fram í Þinganesstykki, en stefnandi Guttormur hafi ekki sannað að hann ætti neitt í því landi, en því hafi verið skipt frá Árnanesi áður en Árnanes skiptist í fjórar jarðir. Stefndi kvaðst þó ekki hafa undir höndum gögn um þetta en vísaði til ævisögu Þorleifs í Hólum útg. 1954. Þá óskaði stefndi eftir því að fógeti endurskoðaði ákvörðun sína um tryggingarfjárhæð í máli þessu, þar sem líkur væru á að tjón hans yrði töluvert meira en tryggingarfjárhæðin. Fógeti kvaddi stefnendur á sinn fund og gerði þeim að hækka trygginguna í 100.000,00. Var tryggingin greidd með ávísun.

Í stefnu rekja stefnendur helstu málsástæður sínar. Þar kemur fram sú fullyrðing stefnenda að Laxá og farvegur hennar hafi jafnan verið í óskiptri sameign Árnanessjarða á hinu umrædda svæði, en auk þess sé eystri bakki árinnar, þar sem malartakan fór fram, einnig í óskiptri sameign jarðanna, en það svæði sé ógirt. Fyrir malartökuna hafi stefndi leitað eftir leyfi stefnenda til malartökunnar en verið synjað, en malartaka sé til þess fallin að spilla veiði í Laxá og skemma varnargarðana.

Stefndi lagði fram yfirlýs. nr. 11, undirritaða af Ragnari Jónssyni, Skúla Jónssyni, Ásgeiri Þ. Núpan og Agli Jónssyni svohljóðandi: „Það hefur aldrei hvarflað að undirrituðum frá því að við eignuðumst þann hluta Árnanessjarða, er áður var í eigu Valdimars Stefánssonar, að Þinganesstykki (Borgarparturinn) væri þar ekki meðtalinn.

Auk þess sem okkur var frá fyrri tíð fullkunnugt um að Þinganesstykki væri óaðskiljanlegur hluti jarðar Valdimars heitins, komu aldrei fram

neinar minnstu athugasemdir frá öðrum Árnanessbændum um nytjar okkar að landinu.

Þegar skipti fóru fram á slængnastykkjum, sem áraskipti voru á að (sic) þá var leitast við að fella lönd saman, t.d. var það með Grjóthólastykkið.

Þá ber einnig að leggja áherslu á að þegar sá hluti Þinganessstykki sem girt var af, komu ekki nein mótmæli frá Árnanessbændum. Má nærri geta hvort slíkri gjörð hefði ekki verið mótmælt ef menn hefðu talið að um sameignarlönd væri að ræða, auðvitað hefði ekki hvarflað að okkur að afmarka og taka óskipt lönd.

Af framanskráðu meðal annars lítum við svo á að umrædd landspilda, Þinganesstykki á Árnanesvöllum, sé ótvírætt í okkar eigu, með tilliti til framangreinds heimiluðum við Pétri Hauki Jónssyni malartöku úr farvegi Laxár innan marka Þinganesstykkis.

Einnig viljum við taka fram að við eigum 1/4 hluta í óskiptu landi Árnanessjarða."

Einnig lagði stefndi fram yfirlýsingu frá Steingrími Sigurðssyni, Skólabraut 2 á Höfn, í dskj. nr. 14 svohljóðandi: „Hinn svokallaði Borgarpartur var fjórtándi partur úr Árnanesinu. Hann var fjórtándi partur úr Laxárdal austan við Laxá, fjórtándi partur af öllu beitilandinu austan við ána, fjórtándi partur úr túninu úr Árnanesi. Skák upp á hólinn í Árnanesi, fjórtándi partur úr nesinu fyrir neðan bæina (afmörkuð skák), fjórtándi partur af engjum sem voru suðvestur af bænum Borgir í Nesjasveit.

Norðurlínan liggur frá svokölluðum Áfangahól beina línu vestur af Hornafjarðarfljótum, meðfram landi sem tilheyrir Meðalfelli. Vestri línan er fljótsbakkinn. Efra markið er svokallaður Graskíll að sunnan Áarkíll línan að sunnan er frá Áarkíl og austur að Grjóthólastykki. Sunnan þessarar línu vestast er landið Áarhólmar, eigandi Hulda Mogensen. Þar austar er land sem tilheyrir austurbæ Árnaness og austast fyrir framan eign Steingríms Sigurðssonar. Mörkin að austan er Grjóthólastykki og Hundshóll. Fóstursonur foreldra minna var Valdimar heitinn Stefánsson, hann var orðinn meðeigandi í jörðinni Suðurbæ í Árnanesi og þar með í Borgarpartinum því faðir minn Sigurður Pétursson hafði keypt Borgarpartinn árið 1919.

Sonur Jóhönnu, konu Þorgríms læknis Þórðarsonar, sem var héraðslæknir Austur-Skaftfellinga og bjó Þorgrímur á læknissetrinu Borgum, átti partinn. Þessi piltur hafði fengið þetta land í arf, frá hverjum veit ég ekki.

Laxáin var erfið viðureignar, hún veltist sitt á hvað yfir aurana niður að Árnanesi sem nú er Árnanessflugvöllur. Það komu svo til okkar Valdimars menn, sem báðu um að fá að grafa farveg fyrir Laxána yfir Borgarpartinn vestur í Hornafjarðarfljótin. Það leyfðum við og hefur áin haldið sínu striki síðan."

Þá lagði stefndi fram ljósrit úr ævisögu Þorleifs í Hólum, dskj. nr. 15, en þar segir m.a. á bls. 181: „Eins og getið er um áður, féll Stefán í Árnanesi frá 1884. Erfingjar hans voru Guðrún kona hans, Einar bóndi í Árnanesi, Eiríkur vinnumaður þar, og Halldóra, kona Eymundar í Dilksnesi, og svo Stefán Björnsson, sonur Jóhönnu. Skipti á búinu munu ekki hafa farið fram, a.m.k. til fullnustu, fyrr en læknishjónin voru komin, og fékk Stefán m.a. 2½ hndr. úr Árnanesjörðu. Var ákveðið landsvæði austan við Laxá, hinum megin við Borgir, og afmælt stykki úr túni og útengi."

Þá lagði stefndi fram matsgerð Pálma Einarssonar landnámsstjóra, dskj. nr. 17, og uppdrátt af flugvallarenda Árnanessflugvallar.

Í greinargerð lögmanns stefnda kemur fram að hálfan Borgarpart úr Árnanesslandi hafi þeir Egill, Skúli og Ragnar Jónssynir keypt að 4/5 hlutum af Ásgeiri Núpan, sem enn á 1/5 hluta. Áður hafði Valdimar heitinn Stefánsson átt þennan hluta Borgarpartsins. Þessi hluti Árnanesslands hafi jafnan verið útskiptur frá því að hann komst í eigu Stefáns Björnssonar, sonar Jóhönnu Knudsen, sem giftist Þorgrími Þórðarsyni lækni í Borgum 1884. Stefán Björnsson var meðal erfingja eftir Stefán í Árnanesi og fékk m.a. 2½ hundraða í Árnanesjörðinni eftir hann. Vísar lögmaður stefnda hér til framangreindrar ævisögu Þorleifs í Hólum. Þá vísar lögmaðurinn til yfirlýsingar Steingríms Sigurðssonar um mörk landsvæðis þessa og telur að þau hafi verið virt í hundrað ár af eigendum Árnanessjarða og öðrum. Ljóst sé af þessu að stefnendur eigi enga eignaraðild að landi því sem malartakan fór fram í og hefði því lögbann ekki átt að ganga fram. Þá dregur lögmaður stefnda í efa að stefndi Guttormur sé réttur aðili að máli þessu, þar sem ekki sjáist með hvaða heimild þeir bræður Páll og Guðjón Jónssynir hafa ráðstafað Árnanesi I. Lögmaður fullyrðir að malartaka stefnda væri til þess fallin að styrkja bæði varnargarðana við Laxá og veiði í ánni.

Þá telur lögmaður stefnda að þó svo að stefndi hefði í raun verið í sameiginlegu landi Árnaness, ætti allt að einu að fella lögbannið úr gildi þar sem sameigendur, sem ætlað er að eigi sama landsvæði er malartaka fór fram á, stóðu ekki allir saman að lögbanninu og skorti hér á skilyrði 46. gr. eml. nr. 85/1936, að ef fleiri en einn eiga saman óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, eiga þeir óskipta sakaraðild. Ef á brestur þetta skilyrði, að sameigendur taki ekki allir þátt í málshöfðun, skal vísa máli frá dómi og hefði átt að vísa lögbannsmálinu frá dómi af þessari ástæðu.

Þá telur lögmaður stefnda að sú staðhæfing stefnenda að malartökustaðurinn sé innan marka óskipts lands Árnanessjarða sé ágreiningur um landamerki sem virt hafa verið af öllum í heila öld. Slíkum ágreiningi ætti að leysa úr eftir lögum um landamerki nr. 41/1919 milli þeirra sem hlut eiga að eða leysa ágreininginn eftir landsskiptalögum nr. 46/1941. Lög-

banninu sé beint gegn röngum aðila, þar sem því sé ekki beint gegn landeigendum sem leyfðu malartökuna. Ætti einnig þess vegna að fella malartökuna úr gildi. Þá mótmælir lögmaður stefnda þeirri tryggingu sem sett var fyrir lögbanninu sem alltof lágri og áskildi stefnda rétt til þess að sækja bótarétt sinn úr hendi stefnenda í sérmáli vegna lögbannsins.

Að ósk stefnda kom vitnið Steingrímur Sigurðsson, Skólabrú 2 Höfn, fæddur 16.01. 1903, fyrir dóminn.

Vitnið staðfesti yfirlýsingu sína í dskj. nr. 14 um mörk Borgarpartsins og kannaðist vitnið við undirskrift sína á skjalinu. Sagði vitnið að faðir þess Sigurður Pétursson hafi keypt Borgarpartinn árið 1919. Sagði vitnið að faðir þess hafi þinglýst eignarheimildum sínum fyrir Borgarpartinum, en vitnið kvaðst ekki geta vísað á það skjal, en kvaðst hafa séð það, líklega skömmu eftir að faðir þess keypti Borgarpartinn. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa séð skjalið eftir að faðir þess féll frá og ekki getað ímyndað sér hvað varð af skjalinu. Vitninu var sýnt kort Ásgríms (sic) L. Jónssonar, mælt sumarið 1932, og það spurt hvort það gæti gefið skýringu á því hvers vegna mörkin milli Borgarpartsins og Árnanessjarða séu ekki sett inná kortið þrátt fyrir að 13 ár voru frá því að faðir þess keypti þetta land. Vitnið gat ekki skýrt þetta en tók fram að þegar kortið var gert, þá hafi Borgarparturinn verið afgirtur eftir þeim mörkum sem vitnið lýsir í dskj. nr. 14. Þá sagði vitnið að býli hefði aldrei verið í Borgarparti og engin mannvirki. Þá sagði vitnið að það og Valdimar heitinn Stefánsson hefðu látið land undir varnargarða við Laxá, en þeir áttu þá að jöfnu það land sem faðir vitnisins áður átti.

Vitnið Ásgeir Núpan, fæddur 22.06. 1922, kom fyrir dóminn að ósk stefnda. Vitnið kvaðst eiga 1/5 af helmingnum af Árnanesi III, en 4/5 af Árnanesi III hafi það selt þeim Agli, Ragnari og Skúla Jónssonum. Vitnið kvaðst hafa keypt hlut sinn í Árnanesi III af Sigríði Stefánsdóttur, Jóhönnu Matthíasdóttur og Sigríði Matthíasdóttur árið 1970, en einn hluta jarðarinnar hafi það erft. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að tjá sig um merkingar á dskj. nr. 20. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að fullyrða að Þinganessstykkið sé allt afgirt. Vitnið kveðst þó telja að malartökustaðurinn sé tilheyrandi Þinganessstykkinu. Þá kvaðst vitnið ekki treysta sér til þess að fyllyrða að Þinganessstykkið sé réttilega afmarkað í dskj. nr. 12, það er korti Ásgeirs (sic) L. Jónssonar mældu 1932, afriti sem lögmaður stefnda lagði fram eftir að dregnar höfðu verið upp línur á kortið um Þinganessstykkið, hluta Borgarparts.

Þá kvaðst vitnið ekki hafa heyrt að aurarnar við Laxá eða varnargarðarnir væru í óskiptu landi. Þá kvaðst vitnið ekki geta bent á gögn, sem hefðu að geyma mörk Þinganessstykkis og það kannaðist ekki við að hafa heyrt þeirra getið. Þegar vitninu var lesinn sá hluti ævisögu Þorleifs

í Hólum sem lagður var fram í réttinum í dskj. nr. 15, þá sagði vitnið að það kannaðist ekki við að Borgarpartur væri svo ofarlega sem þar segir.

Vitnið Ragnar Jónsson, fæddur 05.07. 1946, Akurnesi í Nesjahreppi, kom hér fyrir dóminn. Vitnið er bróðir stefnda og einn eigenda að Árnanesi III. Vitnið staðfesti efnið í dskj. nr. 11 svo og mörk Þinganessstykkis, hluta Borgarparts í dskj. nr. 12 og vísaði til yfirlýsingar vitnisins Steingríms Sigurðssonar í dskj. nr. 14 og matsgerðar Pálma Einarssonar í dskj. nr. 17, 5. lið, þar sem gott valllendi sé talið séreign Valdimars Stefánssonar. Þá benti vitnið á Ævisögu Þorleifs í Hólum dskj. nr. 15. Vitnið kveðst ekki kannast við að farvegur Laxár og varnargarðar séu í óskiptu landi og sagði að girðingar með varnargörðum væru ekki í mörkum Borgarparts þeim megin sem veit að varnargörðunum og malartökustaðurinn sé í Þinganessstykki þó að hann sé utan girðingar. Benti vitnið á að Þinganessstykkið hafi alltaf verið útskipt úr Árnanesslandi allt frá því 1886 þegar þetta land komst í eigu Stefáns Björnssonar í Borgum.

Vitnið Skúli Jónsson, fæddur 11.01. 1926, Akurnesi í Nesjahreppi, bróðir stefnda og einn eigenda að Árnanesi III, kom fyrir dóminn og kannaðist við yfirlýsingu sína í dskj. nr. 11 og sagði að Þinganessstykki sé girt að hluta og malartaka stefnda hafi farið fram utan girðingar. Taldi vitnið að Þinganessstykkið væri réttilega fært inná dskj. nr. 12. Sagðist vitnið hafa heyrt að mörkin væru með þessum hætti. Auk þess hafi vitnið Steingrímur Sigurðsson skrifað þetta niður og benti vitnið á þau gögn sem fyrir liggja í máli þessu, en aðrar heimildir vissi vitnið ekki um.

Vitnið Arnbjörg Sveinsdóttir, fædd 06.12. 1911, Dýhóli í Nesjahreppi, móðir stefnanda, Guttorms Rafnkelssonar, gaf skýrslu fyrir dóminum og kvaðst hún hafa búið í Árnanesi frá 1932, en á Dýhóli, sem er nýbýli útúr Árnanesi, frá 1940. Þegar vitninu var sýnt dskj. nr. 20 sagði það að margir bændur hefðu fengið slægjur í Árnanesslandi um aldamótin, sumir fengu sama landið ár eftir ár, þar á meðal Þinganessbændur sem höfðu slægjur í Þinganessstykki. Þessum stykkjum hefði einungis verið skipt út sem slægjulöndum en öðru landi hafði að engu leyti verið skipt út og öll hlunnindi, þ.m.t. mótekja, hefðu verið nýtt að jöfnu af Árnanessbændum. Malartekju hafi aldrei verið skipt að neinu leyti, a.m.k. ekki staðbundið. Tekjum vegna malartekju hafi verið skipt að jöfnu milli Árnanessjarða. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa heyrt að Þinganessstykkið hafi fylgt Borgarparti. Borgarparturinn hafi verið upp með Laxá ofan þjóðvega og hafi fallið undir Akurnes þegar Akurnes varð nýbýli. Hins vegar hafi þessi hluti náð því að vera 1/14 hluti af landi Árnaness. Vitnið telur að þessi spilda hafi verið ca. 30-35 hektarar, sem fyrst var látin undir Akurnes. Vitninu voru sýnd dskj. nr. 19, 20 og 12 og taldi það að malartökustaðurinn á dskj. nr. 19 og 20 sé í óskiptu landi Árnanessbæja á aurunum við Laxá

og lýsti því yfir að aðeins gróið land sé í séreign. Þá taldi vitnið að mörk Þinganessstykkis og hluta Borgarparts séu ranglega færð inná kortið í dskj. nr. 12, þar sem malartökusvæðið eigi ekki að vera innan markanna. Þríhyrningurinn milli markalínu úr Áfangahól í graskýlinn í mynni Laxár og milli Áfangahóls og Hundshóls og frá Hundshóli í Laxá sé að hennar áliti í óskiptri sameign Árnanessjarða. Þinganessstykki sé aðeins gróið land, en þar sem möl liggi að þessum stykkjum í Árnanesslandi þá tilheyri mölin óskiptri sameign. Gildi þetta um öll þau stykki sem séu í Árnanesslandi.

Aðilar málsins gáfu aðilaskýrslur hér fyrir dóminum 24. nóv. sl.

Stefndi upplýsti að hann hafi beðið þá Egil, Ragnar og Skúla Jónssyni, bræður sína, og Ásgeir Núpan að fá að taka efni úr þeirra landi. Hann hafi einnig talað við stefnandann Guttorm og falast eftir því að fá efni úr landi, sem Guttormur á í óskiptu með öllum eigendum Árnanessjarða. Guttormur hafi neitað stefnda um malartökuna. Stefndi hafi því gætt þess að taka ekki möl úr óskiptu landi.

Þá sagði stefndi að ef hann hefði ekki náð 5000 rúmmetrum af möl á malartökustaðnum, þá hefði hann farið út að Illukelduhól við Laxá og tekið þar þá möl sem kynni að vanta. Þá viðurkenndi stefndi að hafa gert rauf í varnargarðinn við Laxá í september sl. til þess að geta ekið að malartökustaðnum. Hann hafi ekki fyllt raufina upp enn, en hann kveðst gera það þegar lögbanninu væri aflétt.

Stefnandi Guttormur Rafnkelsson gaf skýrslu í máli þessu 24. nóv. sl. Hann lýsti því yfir að hann teldi að árfarvegi Laxár milli varnargarðanna hafi ekki verið skipt frá brú á þjóðvegi niður að Hornafjarðarfljóti. Þetta svæði sé í sameign Árnanessjarða. Þá sagði stefnandi að Borgarparturinn, þ.e. Þinganessstykki og Krossbæjarstykki, hefðu verið eign þeirra Steingríms Sigurðssonar og Valdimars Stefánssonar eins og þessi stykki eru mörkuð inná dskj. nr. 20, þ.e. eins og girðingar afmarka stykkin. Eigendur Borgarpartsins hefðu m.ö.o. girt Borgarpartinn af og stefndi hafi ekki verið í þessu landi við malartökuna. Þá staðhæfði stefnandi að stefndi hafi nokkrum sinnum áður tekið efni á þessum slóðum með leyfi stefnanda og þá hafi stefndi greitt fyrir þær efnistökur m.a. til hans, hins vegar hafi hann neitað stefnda um malartökuna þar sem stefndi hafi ekki hirt um að standa skil á þessum greiðslum. Stefnandi sagði að stefndi hefði greitt honum 1/4 af gjaldinu fyrir malartökuna. Stefnandi sagði að hann sem einn eigenda í óskiptri sameign hefði rétt til þess að stöðva framkvæmdir sem þessar teldi hann á sér brotið.

Í 1. gr. 1. mgr. i.f. laga nr. 41/1919 um landamerki segir að setja skuli merki um lendur eða landhluta sem skipt er úr landi jarðar með girðingum, skurðum eða vörðum, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki er löglega sé við haldið. Þá er í 2. gr. sömu laga lögð sú skylda á landeiganda

eða fyrirsvarsmann að gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í landi þar, svo og þeirra ítaka og hlunninda er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda skv. framanskráðu.

Hér fyrir dóminum hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýna að landi því sem stefndi framkvæmdi malartöku sína á hafi verið sett önnur merki en greinir í dskj. nr. 7, þ.e. landamerki Árnaness frá 1. nóv. 1921, innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 143 og þinglýst af Gísla Sveinssyni 11. júlí 1922. Þrátt fyrir fullyrðingu vitnisins Steingríms Sigurðssonar um að faðir hans hafi þinglýst eignarheimildum sínum fyrir Borgarpartinum, þá hefur það skjal ekki fundist við embættið og stefndi hefur ekki lagt það fram og í ofangreindri landamerkjaskrá fyrir Árnanes er hvorki getið Borgarparts né Þinganessstykkis og þykir því hæpið að líta svo á að mörk Borgarparts, svo sem þeim er lýst af vitninu Steingrími Sigurðssyni í dskj. nr. 14, séu gerð skv. l. nr. 41/1919 og þykir ævisaga Þorleifs í Hólum ekki fullgilt sönnunargagn um þetta atriði, enda mörkum landshluta þessa ekki ítarlega lýst þar.

Ekki er fallist á þau rök lögmanns stefnda að stefnendur séu ekki réttir aðilar að máli þessu, þar sem stefnandi er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I skv. afsali dags. 8. júní 1983 og stefnandinn Svanhvít er kona hans og þau hafa ekki gert kaupmála eða slitið fjárfélagi sínu.

Þá er ekki fallist á þau rök lögmanns stefnda að á skorti skilyrði 46. gr. eml. nr. 85/1936 um samaðild stefnenda og annarra eigenda Árnaness-jarða þar sem eðlilegt er að samþykki allra sameigenda þurfi til þess að nýta malarnám með þeim hætti sem um er fjallað í máli þessu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir verða að taka kröfur stefnenda til greina í málinu, og verður lögbann það sem lagt var við malartöku stefnda úr sameiginlegu landi jarðanna Árnanes I, II og III í Nesjahreppi með úrskurði sýslumanns Austur-Skaftafellssýslu þann 15. sept. 1986 staðfest og stefndi dæmdur til þess að greiða stefnendum kr. 60.000,00 í málskostnað.

Páll Björnsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Lögbann, sem lagt var við töku stefnda Péturs Hauks Jónssonar, Akurnesi í Nesjahreppi, á möl úr sameiginlegu landi Árnaness I, II og III, staðfestist.

Stefndi greiði stefnendum Guttormi Rafnkelssyni og Svanhvíti Kristjánsdóttur kr. 60.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1987.

Nr. 237/1987. **Landbúnaðarráðherra**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Jóni Ívari Jónssyni og
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Verslun Sigurðar Pálmasonar h.f.

Innsetningargerð úr gildi felld. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund, að synjað verði um innsetningu til handa stefnda Jóni Ívari Jónssyni í umráð 297,6 kg af dilkakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, sem er í vörslum stefnda Verslunar Sigurðar Pálmasonar h.f., auk málskostnaðar úr hendi stefnda Jóns Ívars Jónssonar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi Jón Ívar Jónsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Verslun Sigurðar Pálmasonar h.f. hefur mætt fyrir Hæstarétti en gerir engar dómkröfur í máli þessu og telur sig ekki hafa hagsmuni af úrslitum málsins.

Í máli þessu er deilt um eignarrétt að kjöti því, sem stefndi Jón Ívar Jónsson lagði inn til sláturleyfishafans, stefnda Verslunar Sigurðar Pálmasonar h.f., haustið 1986, og reyndist umfram fullvirðisrétt búsins á Skarfshóli. Þá er og deilt um túlkun á samningi milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda um magn mjólkur og sauðfjárafurða frá 28. ágúst 1985. Mál þetta liggur óljóst fyrir og vafi er um skýringu á fyrrgreindum samningi. Réttur stefnda Jóns Ívars Jónssonar til kjöts

þess, sem um er deilt í máli þessu, er því eigi glöggur. Brestur því réttarfarsskilyrði fyrir innsetningargerð í máli þessu. Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 24. júlí 1987.

Gerðarbeiðandi í máli þessu, Jón Ívar Jónsson, Skarfshóli, fór þess á leit við fógetarétt Húnavatnssýslu með bréfi dags. 7. maí sl. að hann með aðstoð fógetaréttarins fengi yfirráð yfir 297,6 kg af dilkakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki. Kjöt þetta var umframframleiðsla búsins á Skarfshóli haustið 1986 miðað við fullvirðisrétt þess og var geymt í frystihúsi Verslunar Sig. Pálmasonar hf. á Hvammstanga. Þegar gerðarbeiðandi hafði fengið fullnaðaruppgjör Framleiðsluráðs landbúnaðarins dags. 8. jan. sl. og í ljós kom að hann hafði lagt meira inn en hægt var að greiða fullt verð fyrir samkvæmt samningi milli landbúnaðarráðuneytisins og Stéttarsambands bænda, þá leitaði hann til verslunarinnar, sláturleyfishafans og vildi fá kjötið afhent. Forstjóri verslunarinnar synjaði afhendingar, þar sem hann taldi sér það óheimilt, og vitnar í bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins dags. 20. okt. 1986. Hins vegar lýsir hann því yfir að hann f.h. verslunarinnar sé reiðubúinn að afhenda kjötið en telji sig ekki mega það (réttarskj. 4).

Þar sem málið snéri þannig að öðrum aðila en þeim sem var vörsluhafi réttarandlagsins, kjötsins, var þeim aðila, landbúnaðarráðuneytinu, eða réttara sagt ríkislögmanni tilkynnt um fyrirtekt málsins fyrir fógetarétti. Málið var svo tekið fyrir þriðjudaginn 14. júlí, en var frestað um viku að ósk lögmanns landbúnaðarráðuneytisins.

Þriðjudaginn 21. júlí var málið tekið fyrir að nýju. Ítrekaði lögmaður gerðarbeiðanda kröfu um umráð yfir umdeildu kjöti og krafðist málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi á réttarskjali 18.

Lögmaður meðalgönguaðila, landbúnaðarráðuneytisins, sem hér eftir verður nefndur gerðarþoli, þar sem réttargerðin beinist gegn því, gerir þær kröfur að synjað verði um framgang gerðarinnar og auk þess krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

Þótt ekki sé gerð krafa um sýknu vegna aðildarskorts gerðarbeiðanda

er í greinargerð látið að því liggja að gerðarbeiðandi hafi ekki samþykki meðeigenda sinna að félagsbúinu að Skarfshóli til málshöfðunar, né heldur hafi landbúnaðarráðuneytið heimilað félagsbú á Skarfshóli. Það er rétt að gerðarbeiðandi, sem er maður ólögfróður, hefði átt að koma með umboð sér til handa frá meðeigendum sínum, föður og móður, svo að öllum formsatriðum væri fullnægt. Hann hefur nú, eftir að hafa fengið lögfræðing í málið, bætt úr þessu með yfirlýsingu þessara aðila (á réttarskj. nr. 17).

Einn eigandi félagsbúsins á Skarfshóli, Jóhanna Björnsdóttir, fékk leyfi 9. jan. 1978 til setu í óskiptu búi eftir mann sinn; þau mæðginin, móðirin, gerðarbeiðandi og bróðir hans hafa rekið búið sem félagsbú síðan (og fjölskyldan einnig áður). Hér í sýslu hefur það tíðkast að reki fleiri en einn aðili bú er það kallað félagsbú. T.d. ráku Giljárbræður stórbú á Stóru-Giljá um áratugaskeið og voru einskonar heyforðabúr fyrir héraðið. Þeirra bú var ætíð kallað félagsbúið á Stóru-Giljá. Þótt núverandi 25. gr. l. nr. 65/1976 (eiginlega 10. gr. liður d. laga nr. 90/1984) segi að heimild landbúnaðarráðuneytisins þurfi til stofnunar félagsbús, þá geta þau ákvæði ekki tekið til þeirra félagsbúa er fyrir voru við gildistöku laganna né heldur getur orðskýring rgj. 339/1986 staðist, þar sem sú reglugerð er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 og þar er engin heimild til þessarar þröngu skýringar reglugerðarinnar á orðinu „félagsbú". Það er því engin ástæða til að vísa málinu frá vegna þessara tilgreindu ástæðna.

Þá telur lögmaður gerðarþola að andlag gerðarinnar sé tegundarákvæðið og ótilgreint og því sé ekki lagaákvæði til að beita beinni fógetagerð í þessu tilviki. Það er aldagömul regla íslensks réttar, allt frá Jónsbók og sennilega eldri, að sé hægt að skipta sameign án þess að hún rýrni, skuli það gert, annars skuli eignin (nútíma ákvæði) seld hæstbjóðanda á uppboði og andvirði skipt. Gerðarbeiðandi fer fram á ákveðið magn af ákveðnum kjötflokki sem auðvelt er að afhenda. Þessi rök gerðarþola eru því léttvæg fundin og framgangi gerðarinnar ekki neitað á þessari forsendu.

Framgangi fógetagerðarinnar verður því ekki hafnað á formgöllum gerðarbeiðnarinnar, aðildarskorti né því að andlag gerðarinnar sé þess eðlis að framkvæmd hennar sé óframkvæmanleg.

Í þessu máli er deilt um það hvort gerðarbeiðandi hafi tapað eignarrétti sínum að kjöti því sem var umfram fullvirðisrétt félagsbúsins á Skarfshóli eða ekki. Um það atriði verður ekki felldur úrskurður. Það er miklu meira mál en svo að það verði tekið fyrir í fógetarétti. Leita þarf til dómstólanna um það atriði og slík málssókn gæti tekið langan tíma. Þess vegna er eðlilegt að gerðarbeiðandi leiti eftir því að fá kjötið afhent með innsetningu, þar sem geymsluþol þess er takmarkað. Þess vegna verður innsetningarbeiðni ekki vísað frá á þeirri forsendu að leita hefði mátt til hinna almennu dómstóla.

Það hefur tíðkast í sláturhúsum, a.m.k. hér um slóðir, að fjáreigendur hafa fengið fé slátrað t.d. gamalám og tekið kjötið heim. Einnig hefur það tíðkast að innleggjendur hafi verið látnir vita um mjög lélega skrokka, t.d. af litlum lömbum, eða skemmda skrokka, t.d. með stórum marblettum, sem ekki hafa „gengið inn" og þeir tekið þá heim og nýtt sér að einhverju eða öllu leyti.

Samkvæmt skilningi landbúnaðarráðuneytisins geta framleiðendur ekki tekið út kjöt úr sláturhúsum, sem er umfram fullvirðisrétt þeirra. Þessi túlkun kemur fram í bréfi landbúnaðarráðherra til Framleiðsluráðs landbúnaðarins dags. 17. okt. 1986 (réttarskj. nr. 5) og sláturleyfishöfum tilkynnt þetta með bréfi 20. okt. (réttarskj. nr. 4).

Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort lög heimili þessa túlkun eða hvort hún brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, heldur aðeins bent á að hún er alltof seint fram komin til þess að láta hana gilda fyrir árið 1986. Hefðu framleiðendur vitað fyrirfram að allt kjöt umfram fullvirðisrétt væri nánast verðlaust hefðu þeir fylgst betur með innleggi sínu og þá frekar reynt að setja fleira á heldur en að afhenda það fyrir ekki neitt eða slátrað meiru til heimilisins.

Athugun á framleiðsluráðslögunum nr. 46/1985 leiðir í ljós að bein ákvæði eru ekki um þetta atriði og í 23. gr. rgj. nr. 339/1986 er bann við því að ráðstafa fullvirðisrétti sínum til annarra aðila eða leggja inn á nafn annars sem ekki nýtir fullvirðisrétt sinn, nema með sérstöku leyfi. Ef túlkun ráðuneytis fær staðist og til þess er ekki tekin afstaða hefði því þurft að kynna hana framleiðendum mjög vel í byrjun sláturtíðar.

Af þessum ástæðum verður að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðenda að umrætt kjötmagn, 297,6 kg í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, sé eign félagsbúsins á Skarfshóli og eigi það rétt á að fá það afhent úr geymslum vörsluhafa þess, Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf.

Eftir atvikum þykir rétt að hinn raunverulegi gerðarþoli, landbúnaðarráðuneytið, greiði gerðarbeiðanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Ályktunarorð:

Gerðarbeiðandi, Jón Ívar Jónsson bóndi, Skarfshóli f.h. félagsbúsins á Skarfshóli á að fá afhent úr frystigeymslum Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf. Hvammstanga 297,6 kg af dilkakjöti í A-flokki og 33,5 kg í B-flokki, hvorutveggja framleitt haustið 1986.

Gerðarþoli, landbúnaðarráðuneytið, greiði gerðarbeiðanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði í fógetaréttinum og undirritaður.

Föstudaginn 27. nóvember 1987.

Nr. 311/1987. **Guðmundur Halldórsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
og til réttargæslu
Pálma Lórenssyni
(Jón Hjaltason hrl.)

Tékkalög. Réttarfar. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 10. nóvember s.á.

Áfrýjandi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða höfuðstól skuldarinnar 390.000,00 krónur, og til þrautavara, að hann verði dæmdur til að greiða höfuðstól skuldarinnar 390.000,00 krónur með dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði svo sem hér segir: 3,5% frá 15. ágúst 1985 til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní s.á., 2,8% frá þeim degi til 1. júlí s.á. og 3% frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda og hefur hann ekki sótt þing.

Ekki var sótt þing af hálfu áfrýjanda í héraði og var honum þó löglega stefnt og ekki upplýst, að atvik þau, sem greind eru í 98. gr. laga nr. 85/1936, eða forföll hafi hindrað þingsókn hans. Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973

og koma málsástæður hans ekki til álita í Hæstarétti. Verður því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Mál þetta er höfðað sem tékkamál. Héraðsdómara bar að kanna ex officio hvort „tékkar" þeir, sem málið fjallar um, fullnægðu formskilyrðum 1. gr. laga nr. 94/1933. Á „tékkum" þeim, sem hér um ræðir, var ekki getið útgáfustaðar, svo sem skylt er samkvæmt 5. tl. 1. gr. tékkalaga, né heldur tilgreindur staður við nafn útgefanda, sbr. 4. mgr. 2. gr. laganna. Umræddir „tékkar" fullnægðu þar af leiðandi ekki formskilyrðum 1. gr. tékkalaga og verða kröfur á hendur áfrýjanda ekki byggðar á því, að hann hafi bakað sér tékkaskuldbindingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. tékkalaga með áritun sinni á „tékkana". Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eins og að framan greinir sótti áfrýjandi ekki þing í héraði. Þykir því rétt að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Þ. Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Vík.

Málskostnaður fellur niður fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 14. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 23. og 25. nóv. sl. af Búnaðarbanka Íslands, nnr. 1489-2958, Vík í Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, á hendur Pálma Lórenssyni, nnr. 7049-1788, Áshamri 10, Vestmannaeyjum, og Guðmundi Þ. Halldórssyni, nnr. 3070-7656, Brekkugötu 24, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 390.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15.08.85 til 01.09.85, með 3,75% dr.vöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 152,00 í bankakostnað og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum og málsástæðum á þessa leið: „Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt 2 ónýtum tékkaávísunum, báðum útgefnum af stefnda Pálma á hlaupareikning nr. 9859 við útibúið Búnaðarbanka Íslands, Vík í Mýrdal, til handhafa, annarri ábektri af Pálma kr. 120.000,00, en hinni af einkafirma Pálma, Gestgjafanum, kr. 270.000,00, en báðum ábektum af Guðmundi Þ. Halldórssyni, nr. 450992 kr. 120.000,00, og nr. 451004 kr. 270.000,00, eða samtals kr. 390,000,00. Báðir tékkarnir voru sýndir í greiðslubankanum 15.08. 1985 og þá ekki næg

innistæða og reikningi lokað 20.08. 1985 eins og skráð er á bakhlið tékkanna. Bankakostnaður er kr. 76,00 af hvorri ávísun samkv. gjaldskrá fyrir innlánsstofnanir, kr. 152,00.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur og sé því mál þetta höfðað." *Lagarök:* Vísað er til XVII. kafla einkamálalaganna nr. 85/1936 um réttarfar, en einnig til víxillaga nr. 93/1933. *Sönnunargögn:* Fram eru lagðar umstefndar tékkaávísanir, kr. 120.000,00 og kr. 270.000,00, afrit af innheimtubréfi lögmanns til stefnda Pálma 24.9. 1985 og yfirlýsingu stefnanda ódags. um tilkynningar um ónýtar tékkaávísanir stefnda Pálma.

Er mál þetta var þingfest 5. des. sl. var sótt þing af hálfu stefnda Pálma og málinu frestað að ósk hans til 19. des. sl. til samningar greinargerðar, en ekki var sótt þing af hálfu stefnda Guðmundar. Er málið kom fyrir 19. des. sl. óskaði umboðsmaður stefnda Pálma eftir frekari fresti til samningar greinargerðar en því var hafnað af hálfu stefnanda. Í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 190. gr. l. nr. 85/1936 sbr. l. nr. 28 frá 26. maí 1981 kvað dómarinn upp þann sama dag úrskurð þar sem stefnda Pálma var synjað um frekari frest til samningar greinargerðar í máli þessu. Að þeim úrskurði gengnum krafðist stefnandi dómtöku málsins og var málið þá dómtekið þann sama dag.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, sbr. 1. mgr. 40. gr. tékkalaga.

Málskostnaður ákveðst kr. 43.795,00.

Jón Ragnar Þorsteinsson settur bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Pálmi Lórensson, nnr. 7049-1788, og Guðmundur Þ. Halldórsson, nnr. 3070-7656, greiði in solidum stefnanda Búnaðarbanka Íslands, Vík, nnr. 1489-2958, kr. 390.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ág. 1985 til 1. sept. 1985, með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 152,00 í bankakostnað og kr. 43.795,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. desember 1987.

Nr. 230/1986. **Ólafur Jónsson, persónulega og f.h. einkafirma síns Unex**
(Gissur Kristjánsson hdl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands og Þorvaldi G. Einarssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)

Skaðabætur. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinni 20. ágúst 1986. Hann gerir þær kröfur að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 266.700,00 sænskum krónum með ársvöxtum í samræmi við gildandi víxilvexti í Svíþjóð, þannig: 7% frá 27. júní 1975 til 22. ágúst s.á., 6% frá þeim degi til 30. janúar 1976, 5,5% frá þeim degi til 4. júní 1976, 6% frá þeim degi til 4. október s.á., 8% frá þeim degi til 17. febrúar 1978, 7,5% frá þeim degi til 20. apríl s.á., 7% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 6,5% frá þeim degi til 6. júlí 1979, 7% frá þeim degi til 27. september s.á., 8% frá þeim degi til 23. nóvember s.á., 9% frá þeim degi til 18. janúar 1980, 10% frá þeim degi til 21. janúar 1981, 12% frá þeim degi til 15. október s.á., 11% frá þeim degi til 12. mars 1982, 10% frá þeim degi til 21. janúar 1983, 9% frá þeim degi til 8. apríl s.á., 8% frá þeim degi til 17. febrúar 1978, 7,5% frá þeim degi til 20. maí 1985, 11,5% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10,5% frá þeim degi til 17. janúar 1986, 9,5% frá þeim degi til 14. mars s.á., 8,5% frá þeim degi til 18. apríl s.á., 8% frá þeim degi til 16. október s.á. og 7,5% frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara gerir áfrýjandi þá kröfu að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 182.967,00 íslenskum krónum með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabankans, þ.e. að dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni

á ári, þannig: af 182.967,00 krónum 3% frá 28. júní 1978 til 30. maí 1979, 4% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 250.481,00 krónu 4% frá 28. júní 1979 til 30. ágúst 1979, 4,5% frá 1. september s.á. til 30. maí 1980, 4,75% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 384.025,00 krónum 4,75% frá 28. júní 1980 til 30. maí 1981, 4,5% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 602.036,00 krónum 4,5% frá 28. júní 1981 til 20. apríl 1982, 4% frá 21. apríl s.á. til 27. júní s.á., af 920.393,00 krónum 4% frá 28. júní 1982 til 30. október 1982, 5% frá 1. nóvember s.á. til 27. júní 1983, af 1.434.892,00 krónum 5% frá 28. júní 1983 til 20. október s.á., 4,75% frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, 2,5% frá 21. janúar s.á. til 27. júní s.á., af 2.064.924,00 krónum 2,5% frá 28. júní 1984 til 10. ágúst s.á., 2,75% frá 11. ágúst s.á. til 30. janúar 1985, 3,75% frá 1. febrúar s.á. til 28. febrúar s.á., 4% frá 1. mars s.á. til 27. júní s.á., af 2.860.126,00 krónum 3,5% frá 28. júní 1985 til 31. ágúst s.á., 3,75% frá 1. september s.á. til 28. febrúar 1986, 2,75% frá 1. mars s.á. til 31. mars s.á., 2,25% frá 1. apríl s.á. til 27. júní s.á., af 3.975.575,00 krónum 2,25% frá 28. júní 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% frá 1. mars s.á. til 31. maí s.á., 2,8% frá 1. júní s.á. til 27. júní s.á., af 5.100.663,00 krónum 2,8% frá 28. júní 1987 til 30. júní s.á., 3% frá 1. júlí s.á. til 31. júlí s.á., 3,4% frá 1. ágúst s.á. til 31. ágúst s.á., 3,5% frá 1. september s.á. til 30. september s.á., 3,6% frá 1. október 1987 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Áfrýjandi rekur mál þetta sem skaðabótamál á hendur stefndu vegna aðgerðaleysis stefnda Þorvalds við innheimtu tveggja víxla að fjárhæð 100.000,00 og 200.000,00 sænskar krónur. Aðrar málsástæður hefur áfrýjandi ekki borið skýrlega fyrir sig.

Ljósrit af víxlunum liggur fyrir í málinu. Víxillinn að fjárhæð 100.000,00 sænskar krónur er útgefinn af áfrýjanda 24. janúar 1975. Hann er samþykktur af „IBC AB/Ronnie Wolf". Á hann er ritað að víxilfjárhæðin skal „gälla fullgörande av räkleveranser". Hinn víxillinn, 200.000,00 sænskar krónur, er einnig útgefinn af áfrýjanda hinn 10. febrúar 1975 og samþykktur af sama aðila. Á hann er ritað að víxilfjárhæðin skal „gälla Fullgörande av lev. av

10 ton IQF räkor". Framlögð ljósrit víxlanna bera ekki með sér áritun um að um tryggingarvíxla sé að ræða. Þeir áttu að greiðast við sýningu.

Áfrýjandi gaf út hinn 30. janúar 1975 vörureikning til IBC fyrir 5 tonnum af frystri rækju að fjárhæð 100.000,00 sænskar krónur. Um greiðsluskilmála er tekið fram að þeir séu „C.A.D. Accept." Hinn 5. febrúar s.á. gaf áfrýjandi út annan vörureikning fyrir 10 tonnum af frystri rækju til sama fyrirtækis að fjárhæð 200.000,00 sænskar krónur. Þar segir að varan sé seld gegn samþykktum víxli. Áfrýjandi seldi síðan sama fyrirtæki frysta rækju samkvæmt vörureikningi 26. febrúar s.á. fyrir 195.000,00 sænskar krónur og vörureikningi 6. mars s.á. fyrir 190.000,00 sænskar krónur gegn samþykktum víxlum. Svo virðist sem áfrýjandi hafi fengið samþykktan víxil frá IBC A/B 190.000,00 sænskar krónur með gjalddaga 12. júlí 1975.

Stefndi Þorvaldur hlutaðist til um að víxlarnir, 100.000,00 og 200.000,00 sænskar krónur, væru afsagðir 27. júní 1975, en þá hafði hann fengið afhenta í maí. Eindregin mótmæli gegn afsögnunum komu frá samþykkjanda víxlanna. Í bréfi frá lögmanni hans sama dag telur hann víxlana greidda. Um það segir hann meðal annars í bréfinu í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Víxlarnir eru vegna sölu á 10 lestum af rækju fyrir 200.000 s.kr. annars vegar og 5 lestum af rækju fyrir 100.000 s.kr. hins vegar. Þeir eiga rætur að rekja til reikninga dags. 30.1.1975 og 5.2.1975. Fyrir þessar vörusendingar hefur IBC AB sent 380.500,00 s.kr. til Unex um hendur Sparbankernas Bank, Stokkhólmi."

Í málinu er yfirlit yfir greiðslur IBC A/B til áfrýjanda á árinu 1975 fyrir rækju. Ekki verður annað séð en yfirlit þetta stafi frá áfrýjanda. Greinir þar að innborganir á tímabilinu 6. febrúar 1975 til 14. maí s.á. hafi numið 382.000,00 sænskum krónum.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild sinni þykja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að víxlarnir hafi verið samþykktir til efnda á kröfum samkvæmt vörureikningunum frá 30. janúar og 5. febrúar 1975. Með sama hætti verður að telja, að víxlar þessir hafi verið fullgreiddir eigi síðar en um miðjan maí s.á. samkvæmt áðurgreindu greiðsluyfirliti og bréfi lögmanns samþykkjanda, þó svo áfrýjandi héldi víxlunum, en samkvæmt útflutningsleyfi bar að afhenda

Landsbanka Íslands útflutningsskjöl til innheimtu. Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna að víxlunum hafi verið ætlað að vera til tryggingar skuld kaupanda rækjunnar almennt, enda bera þeir þess ekki merki eins og að framan greinir. Þykir því eins og á stendur eiga að leggja sönnunarbyrðina um það atriði á áfrýjanda. Með því að sú sönnun hefur ekki verið færð fram í málinu þykir þegar af þessum ástæðum eiga að sýkna stefndu af skaðabótakröfu áfrýjanda.

Kröfur áfrýjanda í máli þessu eru tölulega útreiknaðar eftir því tjóni sem hann telur sig hafa beðið vegna aðgerðaleysis stefndu við innheimtu víxlanna. Hann hefur dregið inn í málið önnur atriði, svo sem fráhvarf stefnda Búnaðarbankans frá því að standa við tilboð á nauðungaruppboði um kaup á eignarhluta áfrýjanda í Aðalstræti 9 og þátt stefnda Þorvalds í því að eiginkona áfrýjanda heimilaði veðsetningu til tryggingar skuld hans við Rækjuvinnsluna h.f. Þessar málsástæður eru ekki settar fram í nægilega rökréttu samhengi við kröfugerð hans til þess að efni séu til að taka afstöðu til þeirra.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 100.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson persónulega og f.h. einkafirma síns Unex, greiði stefndu, Búnaðarbanka Íslands og Þorvaldi G. Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti 100.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júlí 1986.

Mál þetta sem var dómtekið 18. júní sl. hefur Ólafur Jónsson (6770-2492) framkvæmdastjóri, 120 Wall Street New York, New York ríki Bandaríkjum Norður-Ameríku, höfðað fyrir sína hönd og einkafyrirtækis síns Unex á hendur Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, og Þorvaldi Grétari Einarssyni

(9807-8053), lögmanni bankans, til heimilis að Selvogsgrunn 9 Reykjavík, in solidum til heimtu skaðabóta vegna vanefnda á samningi um innheimtu á skuld.

Hinn 24. janúar 1975 var gerður samningur milli Unex og International Buşiness Consult Ronnie Wolf Aktiebolag (IBC AB), Hauganesi, Svíþjóð, um sölu á rækju frá Íslandi. Rækjunnar aflaði stefnandi hjá Rækjuvinnslunni hf. á Skagaströnd. Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi þannig hafa selt rækju samtals fyrir 685.000,00 sænskar krónur. Samkvæmt sakargögnum má ætla að kaupendur hafi á tímabilinu 6. febrúar 1975 til 27. júní s.á. greitt 380.000,00 til 431.000,00 sænskar krónur.

Af hálfu sækjanda er miðað við að þessar greiðslur hafi numið 385.000,00 sænskum krónum, en af stefnda hálfu er byggt á því að greiðslufjárhæðin sé 380.500,00 sænskar krónur.

Þann 28. apríl 1975 sömdu aðilar kaupanna um afslátt að fjárhæð 33.300,00 s.kr., sem draga skyldi af næstu 10.000 kg sendingu, en af henni varð aldrei.

Stefnandi sendi fyrstu sendinguna 30. janúar 1975, en kaupandi samþykkti 100.000,00 s.kr. sýningarvíxil til tryggingar greiðslu andvirðis hennar. Næsta sending, að fjárhæð 200.000,00 s.kr., fór 5. febrúar. Þann 10. febrúar gaf stefnandi út 200.000,00 s.kr. víxil, og var hann samþykktur af kaupanda til tryggingar greiðslu fyrir þessa sendingu.

Eigi síðar en 14. maí 1975 virðist kaupandi hafa verið búinn að greiða sem svarar rúmlega andvirði þessara víxla, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðast greiðslur frá honum á því tímamarki hafa numið samtals 333.000,00 eða 382.000,00 s.kr. samkvæmt mismunandi gögnum. Af einhverjum ástæðum var víxlum fyrir þessum vörusendingum ekki skilað er andvirði þeirra hafði verið greitt.

Þann 26. febrúar sendi stefnandi rækju fyrir 195.000,00 s.kr. og þann 5. mars fyrir 190.000,00 s.kr. Kaupandi virðist hafa samþykkt víxil til tryggingar greiðslu fyrir þessa rækju, en Landsbanki Íslands, sem annaðist milligöngu um viðskiptin, ekki viljað taka við honum. Þann 25. mars voru gefin út þrjú tryggingarskjöl sem á sænsku nefnast inteckningsrevers samtals að fjárhæð 200.000,00 s.kr. Eitt þessara skjala að fjárhæð 50.000,00 s.kr. er gefið út af IBC AB en hin tvö af Demag-Doublé aktiebolag. Stefnandi mun hafa fengið þessi skjöl í hendur til tryggingar efndum á skyldum kaupanda.

Rækjuvinnslunni hf. bárust ekki greiðslur eins fljótt og vænst hafði verið, og lenti fyrirtækið í vanskilum við viðskiptabanka sinn, Búnaðarbanka Íslands. Lögmaður bankans, stefndi Þorvaldur Grétar Einarsson, kallaði stefnanda og framkvæmdastjóra Rækjuvinnslunnar hf. á sinn fund af þessu tilefni, og varð að ráði að stefnandi afhenti honum tvo víxla, annan að fjárhæð 100.000,00 s.kr. útgefinn hinn 24. janúar 1975 og hinn

að fjárhæð 200.000,00 s.kr. útgefinn 10. febrúar 1975. Báðir voru víxlar þessir sýningarvíxlar og kom Þorvaldur því til leiðar með milligöngu Landsbankans að þeir voru afsagðir 27. júní 1975. Þann 14. ágúst 1975 samþykkti stefnandi víxla og gaf út tryggingarbréf fyrir skuld við Rækjuvinnsluna hf. að fjárhæð 10.769.560 gkr. Þann 22. ágúst afhenti stefndi Þoraldur Linders och Slettengren advokatbyrå í Helsingborg áður nefnda tvo víxla að fjárhæð samtals 300.000,00 s.kr. auk hinna þriggja tryggingarskjala, að fjárhæð samtals 200.000,00 s.kr. sem áður var minnst á.

Víxlarnir sem stefnandi samþykkti 14. ágúst 1975 greiddust ekki, og leiddu vanskilin til uppboðs á eignarhluta hans í Aðalstræti 9 í Reykjavík þann 23. september 1976. Þann 1. nóvember 1976 undirritaði stefnandi málflutningsumboð til lögmannanna Linders og Slettengren. Þann 8. mars 1977 undirritaði stefnandi innheimtuframsal til Búnaðarbankans varðandi áðurnefnda víxla að fjárhæð 300.000,00 s.kr. Þann 9. sama mánaðar sendi lögmaður stefnanda Búnaðarbankanum framsalsyfirlýsinguna ásamt áðurnefndum víxli að fjárhæð 190.000,00 s.kr. Þann 3. maí 1977 var stefnandi úrskurðaður gjaldþrota og IBC AB þann 27. apríl 1978. Þann 11. júlí sama ár lagði bústjóri til við skiptarétt að gjaldþrotaskiptum á búi IBC AB yrði lýst lokið og félagið leyst upp. Er ekki annað vitað en að búskiptum hafi verið lokið í samræmi við tillögu bústjóra. Þann 22. febrúar 1979 var Demag Doublé AB úrskurðað gjaldþrota. Skiptum á búinu lauk þann 11. september s.á. Engar eignir fundust í búinu.

Þann 4. september 1978 tók stefndi Þorvaldur að sér innheimtu á hendur stefnanda fyrir Rækjuvinnsluna hf. og þann 24. s.m. fékk hann stefnanda dæmdan til að greiða Rækjuvinnslunni hf. 3.369.560 gkr. Þann 23. nóvember 1979 veitti Rækjuvinnslan hf. stefnda Þorvaldi umboð til að ganga frá uppgjöri við Unex samkvæmt ályktun stjórnarinnar frá 22. s.m.

Þann 11. mars 1982 ritaði lögmaður stefnanda Búnaðarbankanum bréf með kröfu um fullnaðaruppgjör. Þann 30. mars 1982 var samþykkt á skiptafundi í þrotabúi stefnanda að láta kröfu á hendur IBC AB niður falla „enda teljist hún glötuð sökum þess að innheimtutilraunir hafi ekki átt sér stað". Þann 27. apríl 1982 voru skipti á búi stefnanda felld niður. Engar eignir fundust í búinu.

Þann 18. maí 1982 var bréfi lögmanns stefnanda svarað af hálfu Búnaðarbankans á þá leið að innheimtubeiðni stefnanda hefði verið hafnað og lögmaður bankans aldrei tekið að sér innheimtu fyrir stefnanda, hvorki í eigin nafni né f.h. bankans.

Þann 24. maí 1984 höfðaði stefnandi mál á hendur stefndu „til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar vegna innheimtu hinna stefndu á skuldakröfu stefnanda frá 1975, upphaflega sek. 300.000,-".

Í máli þessu komu fram aðilaskýrslur af hálfu aðila og vitni voru leidd.

Það mál var hafið 4. mars 1985 og mál þetta síðan höfðað út af sama efni. Skjöl þau og skýrslur sem fram komu í fyrra málinu hafa verið lögð fram í hinu síðara.

Af stefnanda hálfu eru gerðar kröfur eins og hér segir:

Aðalkrafa: Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á SEK. 266.700,00 með vöxtum frá 27/6/75 í samræmi við gildandi víxilvexti í Svíþjóð, þannig: 7% frá 27/6/75 til 22/8/75, 6% frá þ.d. til 30/1/76, 5,5% frá þ.d. til 4/6/76, 6% frá þ.d. til 4/10/76, 8% frá þ.d. til 17/2/78, 7,5% frá þ.d. til 20/4/78, 7% frá þ.d. til 21/7/78, 6,5% frá þ.d. til 6/7/79, 7% frá þ.d. til 27/9/79, 8% frá þ.d. til 23/11/79, 9% frá þ.d. til 18/1/80, 10% frá þ.d. til 21/1/81, 12% frá þ.d. til 15/10/81, 11% frá þ.d. til 12/3/82, 10% frá þ.d. til 21/1/83, 9% frá þ.d. til 8/4/83, 8,5% frá þ.d. til 29/6/84, 9,5% frá þ.d. til 13/5/85, 11,5% frá þ.d. og til greiðsludags.

Varakrafa: Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á ísl. kr. 182.967,00 með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum skv. vaxtaákvörðun Seðlabankans, þ.e. að dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, þannig af kr. 182.967,00 3% frá 28/6/78 til 30/5/79, 4% frá 1/6/79 til 27/6/79, af kr. 250.481,00 4% frá 28/6/79 til 30/8/79, 4,5% frá 1/9/79 til 30/5/80, 4,75% frá 1/6/80 til 27/6/80, af kr. 384.025,00 4,75% frá 28/6/80 til 30/5/81, 4,5% frá 1/6/81 til 27/6/81, af kr. 602.036,00 4,5% frá 28/6/81 til 20/4/82, 4% frá 21/4/82 til 27/6/82, af kr. 920.393,00 4% frá 28/6/82 til 30/10/82, 5% frá 1/11/82 til 27/6/83, af kr. 1.434.892,00 5% frá 28/6/83 til 20/10/83, 4,75% frá 21/10/83 til 20/11/83, 4% frá 21/11/83 til 20/12/83, 3,25% frá 21/12/83 til 20/1/84, 2,5% frá 21/1/84 til 27/6/84, af kr. 2.064.924,00 2,5% frá 28/6/84 til 10/8/84, 2,75% frá 11/8/84 til 30/1/85, 3,75% frá 1/2/85 til 28/2/85, 4% frá 1/3/85 til 1/6/85, 3,5% frá 1/6/85 til 27/6/85 og af kr. 2.850.833,00 frá 27/6/85 3,5% til 1/9/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/86, frá þ.d. 2,75% til 1/4/86, frá þ.d. til 27/6/86 2,25% og af kr. 3.966.221,00 frá 27/6/86 2,25% til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Önnur fjárhæð að mati dómsins.

Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefndi Þorvaldur hafi fyrir hönd Búnaðarbankans tekið að sér að innheimta skuld IBC AB samkvæmt víxlum, samtals að fjárhæð 300.000,00 s.kr. í maí 1975; auk víxlanna hafi hann fengið í hendur veðskjöl til aukinnar tryggingar, m.a. með ábyrgð Demag Doublé ab og Elis Elhagen; síðan hafi hann þann 9. mars 1977 tekið við víxli að fjárhæð 190.000,00 s.kr., samþykktum af Sven Klang,

en víxil þennan hafi hann átt að innheimta ef annað brygðist; reyndin hafi orðið sú að skuldin hafi ekki innheimst þótt hún væri vel innheimtanleg, sökum tómlætis hinna stefndu; stefnandi hafi tryggt Rækjuvinnslunni hf. full skil á andvirði rækjunnar og það fyrirtæki síðan fengið fullnustu kröfu sinnar; þetta hafi gerst þrátt fyrir það að stefnandi var aðeins umboðsmaður og bar þannig aðeins að gera skil á kaupverði að því leyti sem það greiddist. Stefnandi telur sig réttan aðila kröfunnar, a.m.k. eftir að hann tryggði framleiðandanum greiðslu.

Stefnandi telur að stefndu hafi fellt á sig sönnunarbyrðina fyrir því að krafan hafi ekki verið innheimtanleg og að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefndu er nemi víxilfjárhæðunum að frádregnum umsömdum afslætti, 33.300,00 s.kr. að viðbættum kostnaði og vöxtum sem ekki geti talist fyrndir þar sem þeir séu hluti af skaðabótakröfunni.

Varakrafan er við það miðuð að tjón stefnanda hafi orðið við fyrningu víxilkröfunnar þrem árum eftir afsögn.

Stefnandi telur sér heimilt að gera kröfu í sænskum krónum þar sem tjón hans hafi verið fólgið í missi kröfu í þeim gjaldeyri, en þrautavarakrafan er gerð með þann möguleika í huga að talið verði að bótakrafan verði einungis dæmd í íslenskri mynt.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttar, reglum um fébótaábyrgð lögmanna og reglum um ábyrgð atvinnurekenda á starfsmönnum sínum.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram að Búnaðarbankinn sé ekki réttur aðili málsins þar sem hann hafi neitað að taka að sér innheimtuna, afskipti stefnda Þorvalds hafi legið utan starfsskyldu hans við bankann; Þorvaldur hafi aldrei tekið að sér innheimtu víxlanna, heldur aðeins að útvega lögmann án þess að taka ábyrgð á honum; krafan hafi verið óviss og skuldarinn og ábyrgðarmennirnir ógjaldfærir þannig að krafan hafi verið ónýt frá upphafi og stefnanda um allar staðreyndir kunnugt sem vörðuðu gæði kröfunnar. Til vara er því haldið fram að stefnandi hafi glatað kröfu sinni með tómlæti, að vaxtakrafa sé fyrnd og að honum sé óheimilt samkvæmt lögum nr. 71/1966 að gera kröfuna í erlendri mynt.

Mál þetta bar þannig að stefndu í upphafi að greiðsludráttur varð á skuld Rækjuvinnslunnar hf. við Búnaðarbankann. Það mál kom til kasta stefnda Þorvalds sem lögmanns bankans. Í stað þess að hefja lögsókn gegn viðskiptamanni bankans hóf stefndi Þorvaldur tilraunir til úrgreiðslu á málum skuldarans með það fyrir augum að koma skuld hlutafélagsins við bankann í skil. Við könnun á fjárreiðum og greiðslugetu viðskiptamannsins komst stefndi Þorvaldur á snoðir um að félagið átti útistandandi andvirði rækju í Svíþjóð. Fundum hans og stefnanda bar síðan saman með þeim hætti að stefnandi kom á fund lögmannsins ásamt framkvæmdastjóra félagsins

til að gera grein fyrir tregðu á skilum á andvirði rækjunnar. Stefndi virðist hafa fengið víxlana í hendur til að kanna hvort með innheimtu þeirra mætti leysa vanda Rækjuvinnslunnar. Svo virðist sem stefnandi hafi ekki upplýst stefnda um að þær skuldir sem voru beint tilefni samþykkis víxlanna voru þá þegar greiddar. Stefndi Þorvaldur lét afsegja víxlana og leiddi það til mjög harðra viðbragða af hálfu kaupendanna sem slitu viðskiptunum samdægurs og leituðu lögmannsaðstoðar. Daginn sem víxlarnir voru afsagðir greiddi kaupandi stefnanda 31.000,00 s.kr. og lögmaður kaupanda ritaði Þorvaldi bréf þar sem hann býður nýja víxla gegn leiðréttingu mistaka. Þorvaldur setti sig í samband við viðskiptabanka Búnaðarbankans í Svíþjóð og komst fyrir hans tilstilli í samband við Slettengren lögmann og afhenti honum víxlana og tryggingarskjölin en fékk stefnanda til að samþykkja víxlana fyrir skuldinni við Rækjuvinnsluna hf. og stefnanda og konu hans til að setja veð fyrir skuldinni. Að eigin sögn virðist stefndi Þorvaldur hafa álitið að stefnandi væri í raun þegar búinn að fá það sem ógreitt var til Rækjuvinnslunnar að meira eða minna leyti í hendur í skiptum sínum við kaupendur og komið málum þannig að hann bæri nú sjálfur ábyrgð á skuldinni gagnvart Rækjuvinnslunni hf.

Úr því að stefnandi samþykkti víxla og veitti og útvegaði veð fyrir öllum eftirstövum kaupverðsins, virðist hann einnig hafa litið svo á á þessum tíma að hann bæri persónulega ábyrgð á skuldinni. Þorvaldur virðist ekki hafa gert sér ákveðna grein fyrir því í upphafi hver ætti að teljast eigandi sænsku víxlanna en gert ráð fyrir að andvirði þeirra yrði notað til að gera upp milli aðila og Rækjuvinnslunnar hf. Hann virðist helst hafa litið svo á að Rækjuvinnslan hf. hefði einhvers konar samningsbundinn tryggingarrétt í víxlum og öðrum tryggingarskjölum sem kæmi bankanum til góða með þeim hætti að hann hefði aðstöðu og rétt til að taka við andvirði víxlanna og taka sér fullnustu af því. Þegar skýrsla og fyrirspurn um frekari fyrirmæli barst frá Slettengren lögmanni eftir að stefnandi hafði stofnað til víxilskuldbindinga og veðréttar til tryggingar gagnvart Rækjuvinnslunni hf. virðist Þorvaldur hafa talið að stefnandi ætti með að taka ákvörðun um hvernig að lögsókn skyldi staðið. Hann segist hafa gert stefnanda grein fyrir erindi Slettengrens, en segir stefnanda ekki hafa viljað semja við kaupendur heldur fara í hart. Stefndi gaf síðan Slettengren fyrirmæli í samræmi við þessa afstöðu stefnanda.

Stefndi Þorvaldur kveðst hafa gert stefnanda grein fyrir því frá upphafi að bankinn hvorki gæti né vildi annast innheimtu fyrir stefnanda. Hins vegar höfðaði hann síðar mál fyrir hönd Rækjuvinnslunnar hf. á hendur stefnanda til greiðslu víxlanna sem stefnandi samþykkti 14. ágúst 1975, að því er virðist til að greiða fyrir skilum við bankann.

Þorvaldur tók við óútfylltu umboði til Slettengrens þegar hann afhenti

honum víxlana. Þetta umboð undirritaði stefnandi síðan í viðurvist stefnda sem telur sig hafa fengið stefnanda frumrit eða samrit umboðsins með það fyrir augum að hann setti sig millilíðalaust í samband við Slettengren. Kröfu Slettengrens um þóknun telur hann sig hafa komið á framfæri við stefnanda.

Beiðni lögmanns stefnanda 9. mars 1977 um að bankinn tæki við formlegu innheimtuframsali kveðst Þorvaldur hafa hafnað munnlega eftir að Magnús Jónsson bankastjóri hefði endanlega hafnað því að bankinn tæki þetta verkefni að sér. Meðfylgjandi víxil að fjárhæð 190.000,00 s.kr. kveðst stefndi hafa framsent Slettengren.

Þegar það er virt sem hér hefur verið rakið um afskipti stefnda af lögsókn gegn IBC AB og eindregin andmæli stefndu, verður ekki talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að komist hafi á samningur milli hans og stefndu um að þeir tækju að sér fyrir hann að innheimta kröfu hans á hendur IBC AB. Hins vegar virðist stefnandi hafa fallist á að stefndi fengi skuldaskjöl hans í hendur með það fyrir augum að með þeim hætti mætti koma skuld Rækjuvinnslunnar hf. í skil. Afhending skjalanna virðist þannig hafa verið gerð til tryggingar, byggst á samkomulagi og falið í sér innheimtuumboð.

Kemur þá til álita hvort stefndu hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi varðandi innheimtu krafna á hendur Rækjuvinnslunni hf., stefnanda og IBC AB, valdið stefnanda tjóni með þeim hætti að bankinn eða lögmaður hans hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Hvorugur aðilinn hefur gert viðhlítandi bókhaldslega grein fyrir viðskiptunum sem dómkröfur sakaraðila eiga rót sína að rekja til. Þannig hefur stefnandi hvorki lagt fram viðskiptareikning IBC AB né Rækjuvinnslunnar hf. úr bókhaldi sínu. Hvorugur aðili hefur gert nákvæma grein fyrir útreikningum sem byggt var á við frágang tryggingarskjala 14. ágúst 1975. Þannig virðist óljóst hvort tillit var tekið til umboðslauna, afsláttar og útflutningsgjalda. Þá vantar og viðhlítandi gögn og upplýsingar um uppgjör á kröfu Rækjuvinnslunnar hf. eftir 14. ágúst 1975. Óljóst er hvað kaupandi rækjunnar hefur greitt stefnanda, að hve miklu leyti hann hefur gert skil við Rækjuvinnsluna hf. og að hve miklu leyti innborgað fé hefur gengið til greiðslu umboðslauna og kostnaðar.

Lagður hefur verið fram fjöldi skjala á erlendum málum án þess þeim fylgdi löggilt þýðing sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 11. gr. laga nr. 28/1981. Stefnandi þykir þó hafa gert nægilega sennilegt að greiðsla víxlanna hefði komið honum til góða til fullnustu umboðslaunakröfu hans eða með því að létta af honum skuld við Rækjuvinnsluna hf., og þrátt fyrir greinda annmarka þykir vera fært að leggja efnisdóm á sakarefnið. Halla af sönnunarskorti vegna vanreifunar verða aðilar að bera samkvæmt almennum reglum.

Þann 11. febrúar 1975 veitti Kullabygdens Sparbank í Hauganesi stefnanda upplýsingar um IBC AB þar sem fram kemur að félagið hefði verið stofnað árið áður, og hefði ekki gert skil á ársreikningum. Því var talið erfitt að dæma um fjárhagsstöðu þess. Hlutafé er sagt 50.000,00 s.kr. Um lánstraust fyrirtækisins segir í skýrslunni: „Begtänsad kredit torde ej misbrukas."

Í bréfi Slettengrens dags. 22. október 1975 kemur fram að venjuleg lögsókn á hendur IBC AB mundi sennilega leiða til gjaldþrots þess.

IBC AB sendi aldrei „Kongl. patent- och registreringsverket" ársreikninga eins og félaginu var skylt samkvæmt 11. kap. 3. gr. sænsku hlutafélagalaganna. Af þessum sökum krafðist stofnunin, skv. 50. gr. 2. mgr. sömu laga, gjaldþrotaskipta á búi félagsins 12. janúar 1978. Félagið reyndist ekkert hafa starfað síðan 1976 og reyndist eignalaust.

Demag Doublé ab. sem veitti tryggingu fyrir 150.000,00 s.kr. var úrskurðað gjaldþrota 22. febrúar 1979 vegna þess að félagið var stjórnlaust og hafði ekki skilað ársreikningum síðustu tvö árin.

Stefnandi heldur því fram að Sven Klang hafi samþykkt víxil að fjárhæð 190.000,00 s.kr. persónulega. Í bréfi Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem hann ritaði stefnda 9. mars 1977, er víxill þessi sagður samþykktur af Sven Klang f.h. IBC AB. Víxillinn hefur ekki verið lagður fram í málinu, hvorki í frumriti né afriti. Sven Klang varð gjaldþrota 1. nóvember 1978.

Stefnandi virðist telja að Elis Elhagen hafi borið persónulega ábyrgð með hlutafélaginu Demag Doublé ab., en engin gögn hafa verið lögð fram um að Elhagen hafi tekið á sig slíka ábyrgð. „Företagsinteckning" sú sem veitt var til tryggingar greiðslu kaupverðs hefði aðeins veitt veðhafa vissan forgangsrétt við gjaldþrot ef einhverjar eignir hefðu fundist í búum veðsala.

Það sem hér hefur verið rakið um fjárhag skuldara bendir eindregið til þess að þegar stefndi hófst handa um að greiða fyrir innheimtu víxlanna hafi högum skuldaranna verið þannig komið að vonlaust eða vonlítið hafi verið um að lögsókn bæri árangur.

Samkvæmt bréfi Slettengrens dags. 22. október 1975 virðist besti kostur sem völ var á hafa verið að IBC AB greiddi í eitt skipti fyrir öll 75.000,00 s.kr. samkvæmt tilboði félagsins. Stefnandi virðist sjálfur hafa hafnað þessu boði og krafist harðra aðgerða. Hann greiddi þó ekki þóknun til Slettengrens þegar um hana var krafið og sendi honum ekki málflutningsumboð.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með stefnanda að aðgerðarleysi stefnda um innheimtu hafi valdið honum bótaskyldu tjóni.

Stefndi virðist hafa komið því til leiðar að stefnandi gaf út tryggingarbréf og samþykkti víxla til tryggingar kröfu Rækjuvinnslunnar hf. þótt ráðið verði af gögnum málsins að stefnandi hafi aðeins verið umsýslumaður og

þannig ekki borið ábyrgð gagnvart umsýsluveitanda á því að kaupandi efndi samningsskyldur sínar. Stefnandi varð síðan gjaldþrota, og húseign hans var seld á uppboði. Eiginkona hans eða tengdafaðir greiddu hluta skuldarinnar. Stefnandi hefur látið að því liggja að stefndi hafi beitt sig og konu sína óeðlilegum þrýstingi til að fá þau til að setja Rækjuvinnslunni hf. þannig tryggingu. Stefnandi er menntaður í verslunarfræðum og virðist hafa starfað lengi sem umsýslumaður að útflutningi. Honum mátti vera manna best ljóst hver skuldastaðan var milli kaupanda og seljanda og við hve miklu fé hann hafði tekið frá kaupanda. Honum mátti vera fullljóst hver réttarstaða hans var, en stefndi hafði hins vegar enga örugga vitneskju um þessi efni. Stefnandi hefur ekki beinlínis borið þessi atvik fyrir sig sem málsástæður, og verður ekki fallist á kröfur hans á grundvelli þeirra.

Hluti stefnanda í Aðalstræti 9 var til tryggingar hluta víxilskuldar hans við Rækjuvinnsluna hf. Búnaðarbankinn varð næsthæstbjóðandi á nauðungaruppboði 23. september 1976. Boði hæstbjóðanda var hafnað. Búnaðarbankinn færðist undan að standa við boð sitt, og var eignin seld á grundvelli þriðja hæsta boðs. Stefnandi telur stefnda bera bótaábyrgð gagnvart sér á þessum grundvelli og notar 400.000 g.kr. mismun á boðum í útreikningum þeim sem hann hefur gert til að sýna fram á tjón sitt. Samkvæmt venjubundnum skilmálum var stefndi bundinn við boð sitt í þrjár vikur. Réttir aðilar neyttu ekki heimildar til að koma því til leiðar að boð stefnda væri samþykkt og var hann því laus mála þegar annað boð hafði verið samþykkt og samþykkisfrestur á enda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að stefnda hafi borið sérstök skylda gagnvart honum til að standa við boð sitt.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður öllum kröfum stefnanda í málinu hrundið, en eftir atvikum þykir mega fella niður málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Eggert Óskarsson borgardómari og Kristjana Jónsdóttir fulltrúi yfirborgardómara kváðu upp dóm þennan. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. A. laga 85/1936 sbr. 9. gr. laga 28/1981. Gætt hefur verið ákvæða 2. ml. 2. mgr.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómenda og umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndu Búnaðarbanki Íslands og Þorvaldur G. Einarsson skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ólafs Jónssonar persónulega og vegna einkafirma hans Unex. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. desember 1987.

Nr. 321/1987. **Páll A. Kristjánsson**
gegn
Unni Einarsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll A. Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 3. desember 1987.

Nr. 207/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Helga Aðalsteinssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1987, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi.

Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans til refsi-

ákvæða. Þá er og fallist á afgreiðslu héraðsdómara á þeim þætti málsins er lýtur að því að ákærði hafi með broti sínu rofið skilyrði reynslulausnar, er honum var veitt 18. desember 1985.

Fram er komið, að hinn 30. desember 1986 undirgekkst ákærði réttarsátt að fjárhæð 8.500,00 krónur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir „að hafa stöku sinnum neytt hass s.l. tvö ár og neytt síðast hass fyrri hluta þessa mánaðar". Taldist brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af þessu, svo og sakferli ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, enda er í ljós leitt, að hér var um veikt efni að ræða. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 2 ár. Frá refsingu ákærða dragist gæsluvarðhald hans, alls 6 dagar. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 23. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 436-437/1987: Ákæruvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni og X.

Málið var höfðað með ákæruskjali, dagsettu 11. ágúst 1986, á hendur Helga Aðalsteinssyni, Breiðvangi 14, Hafnarfirði, fæddum 23. mars 1954

í Reykjavík og X..., „fyrir að hafa í mars/apríl 1986 sameiginlega smyglað hingað til lands tæpum 340 g af amfetamíni sem ákærði Helgi ætlaði til sölu hér á landi. Ákærði Helgi keypti efnið í Amsterdam í lok mars og bjó um það í sex vindlingapökkum. Ákærði X flutti efnið hingað til lands frá Luxemburg 3. apríl gegn því að ákærði Helgi greiddi honum kr. 300.000 fyrir, en lögreglan fann efnið í fórum hans við komu til Keflavíkurflugvallar."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986.

Ákæruvaldið gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Helgi jafnframt til að sæta upptöku á 339,4 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærða X var birt ákæruskjalið þann 25.9. 1986 og heldur ákærði X ekki uppi vörnum í málinu.

Ákærða Helga var birt ákæruskjalið þann 6. janúar sl. Skipaður verjandi ákærða Helga flutti munnlega vörn í málinu þann 28. janúar sl. og var málið dómtekið sama dag.

Verjandi ákærða Helga gerði eftirfarandi dómkröfur: Að dæmd verði vægasta refsing sem lög leyfa og að dæmd verði málsvarnarlaun sér til handa af almannafé.

Verjandinn gerði kröfu til þess að reynslulausn ákærða Helga verði ekki dæmd með í máli þessu.

Sakferill ákærða X, sbr. sakavottorð dagsett 8.8. 1986 þykir ekki skipta máli við úrlausn máls þessa.

Ákærði Helgi hefur margsinnis sætt kærum og refsingum, sbr. sakavottorð dagsett 8.8. 1986.

Ákærði Helgi var þann 25.6. 1984 dæmdur af sakadómi Ísafjarðar í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti Íslands þann 8.3. 1985.

Ákærða Helga var þann 18.12. 1985 veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum.

Málavextir:

Ákærði X var handtekinn við komu til landsins frá Luxemburg hinn 3.4. 1986 og reyndist þá með í fórum sínum 344,9 grömm af amfetamíni.

Ákærði Helgi var handtekinn við komu til landsins daginn eftir eða 4.4.

1986. Báðir voru ákærðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði X bar við lögregluyfirheyrslu þann 7.4. 1986, að meðákærði Helgi hefði um miðjan mars s.á. nefnt við sig hvort hann (þ.e. ákærði X) væri reiðubúinn að flytja fíkniefni til landsins gegn fégjaldi. Ákærði X kvað meðákærða Helga hafa rætt um að kaupa 300 - 350 grömm af amfetamíni og ákærði X fengi kr. 300.000 fyrir að flytja efnið hingað til lands. Ákærði X kvaðst hafa fallist á að flytja fíkniefnin til landsins þar eð ákærði X kvaðst hafa verið mjög illa staddur fjárhagslega.

Ákærði X kvað þá félaga hafa haldið flugleiðis til Luxemburg þann 26.3. 1986 og síðan ferðast til Amsterdam og kvað ákærði X meðákærða Helga hafa keypt fíkniefni þar í borg og síðan flutt efnin aftur til Lusemburg þar sem meðákærði Helgi kom efnum fyrir í vindlingapökkum en þannig flutti ákærði X efnin hingað til lands. Ákærði X kvað meðákærða Helga hafa einan keypt fíkniefnin og einnig einan hafa komið þeim fyrir í vindlingapökkum á hótelherbergi í Luxemburg.

Ákærði Helgi bar við lögregluyfirheyrslu þann 10.4. 1986, að hann hefði skömmu fyrir útanför þá er hér er ákært út af rætt við meðákærða X um hvort sá vildi flytja fíkniefni til landsins gegn fégjaldi og þannig talið að meðákærði X fengi kr. 300.000 í sinn hlut, en ákærði Helgi kvaðst hafa vitað af fjárhagsörðugleikum meðákærða X.

Ákærði Helgi lýsti kaupum sínum á amfetamíni í Amsterdam af ókunnum aðila og því er fíkniefnum var komið fyrir í vindlingapökkum á hótelherbergi í Luxemburg og kvað ákærði Helgi meðákærða þar hafa hvergi komið nærri.

Ákærði X var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 25. september 1986 og kvað ákæruskjal vera í samræmi við framburði sína. Ákærði X viðurkenndi þannig að hafa tekið að sér að flytja 340 grömm af amfetamíni til landsins fyrir meðákærða Helga gegn fégjaldi að upphæð kr. 300.000.

Ákærði Helgi var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. janúar sl. Vísaði ákærði þá í framburði sína hjá lögreglu frá 10.4. 1986 sem rakið var að hluta hér að framan. Ákærði Helgi kvaðst hafa keypt um 350 grömm af amfetamíni í Amsterdam í mars/apríl 1986 og að efnið hafi verið ætlað til endursölu hér á landi. Ákærði Helgi kvaðst hafa fengið meðákærða til að flyta fyrir sig fíkniefnin til landsins gegn fégjaldi. Ákærði Helgi kvaðst ytra hafa komið efnum fyrir í vindlingapökkum og þannig hafi meðákærði flutt efnin til landsins.

Niðurstöður:

Sannað er með framburðum ákærðu, sem vel eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er ákært

er út af. Ákærðu smygluðu þannig sameiginlega til landsins í mars/apríl 1986 339,4 grömmum af amfetamíni sem ákærði Helgi ætlaði til sölu hér á landi. Ákærði Helgi keypti efnið í Amsterdam í lok mars og bjó um það í sex vindlingapökkum. Ákærði X flutti efnið hingað til lands frá Luxemburg 3. apríl gegn því að ákærði Helgi greiddi honum kr. 300.000 fyrir, en lögreglan fann efnið í fórum hans við komu til Keflavíkurflugvallar.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986.

Ákærðu sammæltust við framningu brota sinna og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 26. maí 1986, er kveðið á um að efni það er mál þetta snýst um hafi verið amfetamín og að magn amfetamíns í formi súlfats hafi verið 17% sem svari til 12% af amfetamínbasa. Styrkur efnisins er mál þetta snýst um var þannig ekki mjög mikill en efnismagn hins vegar mjög mikið og ætlað til endursölu hér á landi svo sem rakið var.

Svo sem rakið var að framan og gögn málsins bera með sér er ákærði Helgi frumkvöðull brota er hér er ákært út af.

Ákærði Helgi hlaut þann 18.12. 1985 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 280 daga fangelsi.

Ákærði Helgi hefur nú með sakfellingu í máli þessu rofið skilorð reynslulausnarinnar og á því sbr. ákvæði 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 sbr. 3. gr. laga nr. 16, 1976 að ákvarða ákærða Helga refsingu með hliðsjón af hinni óloknu refsivist og meta hana sem skilorðsdóm.

Brot ákærða Helga sem mál þetta er risið af þykir svo alvarlegs eðlis að ekki komi til álita að láta standa óbreytt sem skilorðsdóm 280 daga óloknu fangelsi enda ekki til staðar nein slík skilyrði sem réttlæti slíkt sbr. atvik er einkum mæla með slíkum málalokum í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955 þar sem segir að slíkt komi einkum til greina ef hið nýja brot hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varði aðeins sektum.

Refsing ákærða Helga verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til ofanritaðs og sakferlis ákærða Helga þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar er ákærði Helgi sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í eitt ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 7 dagar er ákærði X sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins og ákærða Helga gert að sæta upptöku á 339,4 grömmum af amfetamíni, nú í vörslum dómsins merkt efnaskrá nr. 1580.

Ákærði X greiði kr. 8.000 vegna réttargæslu Guðnýjar Höskuldsdóttur hdl.

Ákærði Helgi greiði kr. 25.000 vegna réttargæslu Kristins Einarssonar hrl. og kr. 15.000 í málsvarnaralun til sama lögmanns.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23.3. 1954, sæti fangelsi í 2 ár og 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 6 dagar er ákærði Helgi sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði X sæti fangelsi í 1 ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 7 dagar er ákærði X sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 339,4 grömm af amfetamíni, nú í vörslum dómsins merkt efnaskrá nr. 1580.

Ákærði X greiði kr. 8.000 vegna réttargæslu Guðnýjar Höskuldsdóttur hdl.

Ákærði Helgi greiði kr. 25.000 vegna réttargæslu Kristins Einarssonar hrl. og kr. 15.000 í málsvarnarlaun til sama lögmanns.

Sakarkostnað að öðru leyti en getið hefur verið hér að framan greiði ákærðu in solidum.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 244/1985. **Páll Haraldsson og**
Björg Sigurðardóttir
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Ragnari Eggertssyni og
Kristjönu Friðriksdóttur
og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Gunnar G. Schram prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 10. desember 1985 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 verði dæmdir þeir dráttarvextir, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá verði áfallnir vextir lagðir við höfuðstól skuldarinnar við vaxtaútreikning á 12 mánaða fresti, talið frá 31. janúar 1985. Ennfremur krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk sérstaks söluskatts.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl, þar á meðal endurrit fjárnáms, sem gert var 30. ágúst 1985 að kröfu gagnáfrýjanda Ragnars Eggertssonar í íbúð aðaláfrýjenda að Hjarðarhaga 58 til fullnustu kröfum gagnáfrýjenda samkvæmt héraðsdómi í máli þessu.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að íbúð sú, sem í málinu greinir, hafi verið haldin galla þegar kaup gerðust, vegna þeirrar

missmíði, sem var á stofugólfi. Einnig ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjendur hafi ekki getað rift kaupsamningi aðila í tilefni af þessum galla.

Gagnáfrýjendur inntu ekki greiðslur samkvæmt kaupsamningi á umsömdum gjalddögum 25. mars og 25. apríl 1983, samtals 160.000,00 krónur, og í bréfi til aðaláfrýjenda 25. apríl 1983 létu þeir í ljós með ótvíræðum hætti þá ætlun sína að standa ekki við kaupin. Var aðaláfrýjendum af þeim sökum heimilt að rifta kaupsamningi sínum við gagnáfrýjendur og með samningsrofum þessum bökuðu gagnáfrýjendur sér bótaábyrgð gagnvart aðaláfrýjendum. Hefur ekki verið sýnt fram á, að aðaláfrýjendur hafi síðar fallið frá rétti sínum á hendur gagnáfrýjendum af þessu tilefni.

Aðaláfrýjendum, sem riftu kaupsamningi aðila, ber að endurgreiða gagnáfrýjendum þær 210.000,00 krónur, sem þeir greiddu af kaupverðinu. Til frádráttar þeirri fjárhæð koma þær 56.392,00 krónur, sem gagnáfrýjendur veittu viðtöku, eins og í héraðsdómi greinir. Þá ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um frádrátt samkvæmt 2. og 3. lið í áliti héraðsdóms, samtals 7.514,00 krónur. Einnig ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um frádrátt vegna sölukostnaðar, samtals að fjárhæð 21.640,00 krónur. Loks er rétt að taka til greina kröfu vegna kostnaðar af aðstoð lögmanns með 10.000,00 krónum.

Aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjendur um bætur vegna þess tjóns, sem þeir hafi beðið vegna þess að síðari sala eignar þeirra hafi orðið óhagstæðari en salan til gagnáfrýjenda, eins og er rakið í héraðsdómi. Ekki er sannað, að þar hafi galli sá, sem í máli þessu greinir, engu skipt. Með hliðsjón af því og málavöxtum að öðru leyti hafa aðaláfrýjendur ekki sýnt nægilega fram á, að þarna sé um tjón að ræða, sem gagnáfrýjendum sé skylt að bæta.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð endurgreiðslu aðaláfrýjenda til gagnáfrýjenda, sem hafa krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms um það atriði.

Krafa gagnáfrýjenda um að dæmdir vextir verði lagðir við höfuðstól, eins og að framan greinir, var ekki höfð uppi fyrr en við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi og verður henni því ekki sinnt.

Galli sá, sem fjallað hefur verið um hér að framan, gaf gagnáfrýj-

endum tilefni til að ganga úr skugga um, hvert væri umfang hans og hvernig á honum stæði. Ber því að taka tillit til matskostnaðar við ákvörðun málskostnaðar, sem dæma ber gagnáfrýjendum úr hendi aðaláfrýjenda.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 17. maí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. apríl 1985, var höfðað fyrir dóminum hinn 4. desember 1985.

Stefnendur eru hjónin Ragnar Eggertsson, 7160-5743, og Kristjana Friðriksdóttir, 5901-5709, nú til heimilis að Urðargerði 7, Húsavík.

Stefndu eru hjónin Páll Haraldsson, 7103-0673, og Björg Sigurðardóttir, 1273-8234, til heimilis að Hjarðarhaga 58, Reykjavík.

II.

Deilt er um uppgjör vegna kaupsamnings sem gekk til baka um íbúð að Merkjateigi 7 í Mosfellssveit. Stefnendur voru kaupendur en stefndu seljendur. Báðir aðilar lýstu yfir riftun, stefnendur með bréfi dags. 25. apríl 1983 en stefndu með bréfi dags. 2. maí sama ár. Helsta ágreiningsefnið í málinu er hvor aðilinn hafi átt riftunarrétt og þar með rétt til skaðabóta. Stefnendur krefja einvörðungu um þann hluta innborgaðs kaupverðs sem þau hafa ekki þegar fengið endurgreiddan. Stefndu krefjast algerrar sýknu á þeim grundvelli að tjón þeirra nemi sömu fjárhæð og þau neituðu að endurgreiða af innborguðu fé.

III.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu verði dæmd að greiða þeim kr. 210.000,00 með 42% ársvöxtum af kr. 100.000,00 frá 29.12. 1982 til 25.2. 1983, en af kr. 210.000,00 frá þeim degi til 21.9. 1983, en 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en 21% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1984, en 17% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en dómvöxtum sbr. lög nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 76.516,00, sem greiddust inn á skuldina hinn 5. mars 1984, og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara gerð sú krafa að stefndu verði dæmd til greiðslu annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómsins er beri sömu vexti og aðalkrafan svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

IV.

Umræddur kaupsamningur var gerður hinn 30.11. 1982. Afhending skyldi fara fram hinn 1.5. 1983, en stefnendur tóku íbúðina á leigu hinn 15.2. 1983 og fluttu inn. Stefnendur greiddu tvær af umsömdum greiðslum kr. 100.000,00 hinn 29. desember 1982 og kr. 110.000,00 hinn 25. febrúar 1983, en síðan varð greiðslufall á kr. 60.000,00 hinn 25. mars 1983.

Áður en það gerðist höfðu stefnendur talið sig finna galla á íbúðinni, leitað til Þorgeirs Guðmundssonar hjá verkfræðistofunni Ráðgjöf sf. og hann gefið svofellda álitsgerð, dagsetta 15. mars 1983:

„Að beiðni yðar höfum við hæðarmælt gólfplötur íbúðar yðar að Merkjateig 7, Mosfellssveit.

Niðurstöður mælinga sýna að gólf í öllum herbergjum halla meira en eðlilegt getur talist, og er mesti halli í stofu þar sem hæðarmunur milli andstæðra horna er rúmir 4 cm.

Við treystum okkur ekki til að fullyrða neitt um orsakir þessa gólfhalla en getum okkur til að hér sé um að ræða óvandaða ílögn í gólf í upphafi ásamt einhverju sigi undir húsi.

Meðfylgjandi teikning sýnir sprungur í þeim gólfum, sem ekki eru með gólfdúk, og niðurstöður hæðarmælinga."

Á grundvelli þessarar álitsgerðar og mælinga hófust nú viðræður aðila. Stefnandi Ragnar bauðst til þess að láta lagfæra gólfhallann með ílögn og sprungurnar en stefndu höfnuðu því. Við aðilayfirheyrslu kvað stefnandi Ragnar ástæðuna fyrir þeirri synjun hafa verið þá, að hann hafi ekki talið

tryggt að þetta yrði til friðs. Þó kvaðst hann ekki hafa lýst yfir riftun heldur nefnt lækkun á verði íbúðarinnar, en stefndi Páll hafi ekki virst til viðræðu um það. Stefndi Páll kvaðst hins vegar hafa sagt stefnanda Ragnari að hann skyldi íhuga afslátt en síðan ekkert heyrt frá honum.

Síðan þegar greiðsla á kr. 60.000,00 kom ekki á ávísanareikning stefnda Páls hinn 25. mars, kvaðst hann, tveimur eða þremur dögum síðar, hafa hringt og þá hafi stefnandi Ragnar sagt sér að hann ætlaði ekkert að greiða þetta og væri búinn að koma málinu til lögfræðings.

Stefndi Páll sneri sér nú einnig til lögfræðings, sem hinn 5. apríl ritar stefnendum kröfubréf vegna 60 þús. króna greiðslunnar. Því bréfi svöruðu stefnendur engu fyrr en sama daginn og næsta greiðsla, kr. 110.000,00 var á gjalddaga hinn 25. apríl, að þá ritar lögmaður þeirra stefndu svofellt bréf:

„EFNI: Riftun kaupsamnings um íbúð að Merkjateigi 7, Mosfellssveit, dags. 30.11. 1982.

Umbj. m. Ragnar Eggertsson, Merkjateigi 7, Mosfellssveit, hefur falið mér að gera yður með bréfi þessu kunnugt sem seljanda íbúðarinnar skv. ofangreindum kaupsamningi að hann rifti hér með nefndum kaupsamningi vegna galla sem fram hafa komið í gólfum íbúðarinnar og sem sviksamlega var leynt fyrir honum þegar íbúðin var sýnd og kaup voru gerð.

Er því hér með skorað á yður að endurgreiða umbj. m. nú þegar það fé sem hann þegar hefur greitt ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum, svo og allan kostnað sem hann hefur haft vegna þessa, þar með talinn lögmannskostnaður."

Lögmaður stefndu ritar hinn 2. maí:

„Vegna ítrekaðra vanefnda yðar á kaupsamningi dags. 30.11. 1982 um 2ja til 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í húseigninni nr. 7 við Merkjateig í Mosfellssveit er samningnum rift af hálfu seljenda þeirra Páls Haraldssonar og Bjargar Sigurðardóttur. Ber yður að rýma húsnæðið nú þegar."

Stefnendur höfðu rýmt íbúðina um það leyti sem þau lýstu yfir riftun hinn 25. apríl. Stefndu settu íbúðina í sölu þegar er þau höfðu lýst yfir riftun hinn 2. maí. Nýr kaupandi fannst mjög fljótt og var íbúðin seld honum hinn 6. maí og afhent samdægurs.

Viðræður fóru nú fram milli lögmanna aðila um riftunaruppgjör og hélt hvor um sig fast við riftunarrétt umbj. sinna. Þannig héldu stefnendur fast við kröfu um fulla endurgreiðslu innborgaðs fjár, en stefndu töldu sig eiga bótarétt og þegar lögmaður þeirra hafði formað bótakröfur til skuldajafnaðar við innborgað fé ritar hann lögmanni stefnenda hinn 16. ágúst svofellt bréf:

„Fyrir hönd Páls Haraldssonar vil ég koma með eftirfarandi tillögu að uppgjöri vegna riftunar ofangreinds kaupsamnings.

1. Ragnar Eggertsson greiði skaðabætur til Páls vegna þess tjóns er Páll

varð fyrir þar sem síðari sölusamningurinn um eignina varð mun lakari en sá fyrri. Samkvæmt útreikningum Fasteignamarkaðar Fjárfestingafélagsins nemur tjón þetta kr. 94.454.-.

2. Ragnar greiði Páli útlagðan kostnað vegna söluþóknunar til fasteignasala kr. 20.000.-.

3. Ragnar greiði hitakostnað fyrir Merkjateig 7 frá 15/2 - 2/5 kr. 814.-.

4. Ragnar greiði til Páls kr. 6.700.- vegna víxils er Páll þurfti að leysa til sín en Ragnar samþykkti víxil þennan vegna greiðslu á húsaleigu.

5. Ragnar greiði Páli kostnað vegna ferða Páls til að sýna íbúðina væntanlegum kaupendum. Um var að ræða 3 ferðir upp í Mosfellssveit og er krafa Páls að fjárhæð kr. 1.640.-.

6. Ragnar greiði lögmannsþóknun kr. 40.000.-.

Samtals gera liðir 1—6 kr. 163.608.-.

Ragnar hafði greitt vegna kaupanna kr. 210.000.- og mun því Páll endurgreiða honum kr. 46.392.- og er Páll reiðubúinn til að greiða fé þetta nú þegar.

Óska ég hér með eftir að þér takið þessa tillögu til skoðunar ásamt skjólstæðingi yðar og tilkynnið undirrituðum, hvort unnt sé að semja á þessum grundvelli."

Ekki tókust neinir samningar og hinn 18.10. 1983 deponeruðu stefndu kr. 56.392,00 (breytingin frá 16. ágúst sú að lögmannsþóknun skv. lið 6 er lækkuð um kr. 10.000,00), að viðbættum vöxtum kr. 15.033,00 = kr. 71.425,00, sem stefnendur veittu síðar viðtöku og var samkomulag um að þau teldust veita fénu viðtöku með fullum fyrirvara um að þau féllu ekki frá kröfu um viðbótargreiðslu, stefnufjárhæðina í máli þessu.

V.

Hófust nú stefnendur handa um að afla sér sönnunar um riftunarrétt sinn. Fengu þau dómkvadda matsmenn til þess að skoða og meta galla á íbúðinni, þá Hákon Ólafsson verkfræðing og Ríkharð Magnússon múrarameistara, sem skiluðu matsgerð hinn 31. janúar 1984 og segja í niðurlagi matsgerðarinnar:

„Niðurstöður matsmanna eru sem hér segir:

a) Orsakir skemmda.

Matsmenn telja, að sprungur í gólfi íbúðar stafi af sigi á plötu vegna sigs í fyllingu og rýrnunar á einangrunarplasti. Sprungur í gólfi bílageymslu voru óverulegar og missig ekki merkjanlegt. Orsakir þeirra geta verið ýmsar svo sem þurrkrýrnun í ílögn, sig á fyllingu o.fl.

Sprungur í gólfum voru 0 - 2,5 mm víðar og var misgengi vart merkjanlegt nema í herbergi inn af eldhúsi, þar sem greina mátti lítils háttar misgengi.

Halli á gólfum stafar af ófullnægjandi afréttingu gólfa með ílögn. Matsmenn telja sig á plötu vera það lítið að áhrifa þess gæti lítið á hallann.

Holrúm undir gólfdúk í eldhúsi stafar af því, að ílögn yfir leiðslustokk hefur verið of veik og brotnað undan umferð.

Framannefnd sprunga í útvegg hefur getað komið fram af ýmsum orsökum (þurrkrýrnun, hitaþenslu, sigi o.fl.). Þar sem tveggja hæða bílageymslur tengjast aðalhúsi á u.þ.b. 1 m löngum kafla við horn aðalhúss er afar hætt við sprungumyndun á þessum stað. Sprungan hafði verið þétt fyrir nokkrum árum.

Hvað felst í hugtakinu verulegir gallar er afstætt. Umræddur halli á gólfi íbúðar og sprungur vegna sigs á plötu telja matsmenn þó vera verulega galla.

b) Sprungur í gólfum telja matsmenn vera stöðvaðar og því auðvelt að lagfæra þær með ýmsum viðgerðarefnum, t.d. thorite.

Halli á gólfum verður ekki lagfærður án þess að breyta gerð gólfsins nema með því að leggja að nýju í gólfin.

Matsmenn telja ekki eðlilegt að lagfæra halla gólfsins nema í stofu þar sem slíkt er umfangsmikið og erfitt verk. Þeir gera ráð fyrir því að lagt verði í mestan hluta stofugólfs með venjulegri ílögn. Bera þarf epoxy steypulím undir til þess að tryggja samloðun. Á þeim stöðum þar sem ílögn yrði þynnri en 1/2 cm skal nota epoxy gólfefni í stað ílagnar.

Miða skal ílögn við að hæð við hurðir verði óbreytt.

Lagfæring á gólfi í eldhúsi er fólgin í því að fjarlægja gólfdúk og endurbæta ílögn yfir leiðslustokki.

Sprungu í útvegg þarf að saga upp og setja í hana þankítti eða tilsvarandi. Sprungur í gólfi bílageymslu telja matsmenn ekki þörf að gera við.

Kostnað við framannefndar úrbætur áætla matsmenn á eftirfarandi hátt:

1. Viðgerð á sprungum í gólfum með thorite viðgerðarefni:
   Efni og vinna: 4.000,00 kr.

2. Lagfæring á halla í stofu með ílögn og epoxy gólfefni, málning á veggjum:
   Efni: 7.000,00 kr.
   Vinna: 16.000,00 kr.

3. Lagfæring á gólfi í eldhúsi:
   Efni: 6.000,00 kr.
   Vinna: 6.000,00 kr.

4. Viðgerð á sprungu í útvegg:

Efni og vinna:	8.000,00 kr.
Viðgerðarkostnaður alls er því	47.000,00 kr.

Matsmenn telja, að þeir gallar, sem ekki er gert ráð fyrir viðgerð á, valdi ekki lækkun á söluverði íbúðar.

c) Áhrif galla á söluverð ræðst að talsverðu leyti af markaðsaðstæðum hverju sinni. Matsmenn vilja því ekki meta þennan þátt á annan hátt en að framreikna ofangreindan viðgerðarkostnað miðað við þær dagsetningar sem um er beðið skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skv. því hefði viðgerðarkostnaður orðið:

90 : 155 x 47.000 = 27.290,00 kr. 30.11.'82.
120 : 155 x 47.000 = 36.400,00 kr. 06.05.'83."

VI.

Um langstærsta frádráttarliðinn, kr. 94.454,00, segir lögmaður stefndu svo í greinargerð:

„Söluverð eignarinnar þann 6. maí 1983 var talið 94.454 lægra miðað við staðgreiðslu heldur en söluverð eignarinnar þann 30. nóvember 1982 sbr. útreikninga Fasteignamarkaðar Fjárfestingarfélagsins á dskj. nr. 11 og 12. Jafnframt létu stefndu Kaupþing h.f. reikna út fyrir sig staðgreiðsluverðsmismun samninganna og töldu þeir tjón stefndu kr. 100.758,00. Þessir útreikningar miðuðu við ákveðnar verðbólguspár sem notaðar voru í verðbréfaviðskiptum á þessum tíma og við áætlanagerð kaupenda í fasteignakaupum. Til þess að koma til móts við stefnendur miðuðu stefndu við lægri fjárhæðina. Ástæðan fyrir því að seinni salan var verri en sú fyrri er fyrst og fremst sú að söluverð fasteigna hækkaði ekki til jafns við verðbólgu frá nóvember 1983 til maí 1983. Þá hefði ef til vill verið unnt að fá hærra verð ef stefndu hefðu getað beðið með söluna í tvo til fjóra mánuði en ef þau hefðu gert það hefði annað tjón þeirra jafnframt aukist vegna lántökukostnaðar og vanskilavaxta."

Söluverð eignarinnar samkvæmt fyrri kaupsamningnum hinn 30.11. 1982 var kr. 950.000,00, en samkvæmt þeim síðari hinn 5.5. 1983 kr. 1.000.000,00. Þar af hækkaði útborgun á einu ári úr kr. 710.000,00 í kr. 750.000,00. Yfirteknar skuldir voru aðeins veðdeildarlán frá 1975 og 1976 verðtryggð að 4/10, sem uppreiknuð námu við fyrri söluna kr. 57.229,00, en við þá síðari kr. 72.232,00. Eftirstöðvaskuldabréf eru í báðum samningunum til 3ja ára, í þeim fyrri að fjárhæð kr. 182.771,00 með 30% ársvöxtum og tveim gjalddögum á ári, fyrst 27.2. 1984, síðan 27.8. 1984, en í þeim síðari kr. 177.767,50 með 20% ársvöxtum og einum gjalddaga árlega, í fyrsta sinn 1.4. 1984.

Greiðslur innan árs voru sem hér segir:

Dags.	Fyrri samn.	Síðari samn.		Mism.	Lánskjv.	Hækkun byggingavísitölu f.f. mán. umreiknað til árshækkunar.
29.12.'82	100.000		÷	100.000	471	
25.2. '83	110.000		÷	210.000	512	67,0
25.3. '83	60.000		÷	270.000	537	74,7
25.4. '83	110.000		÷	380.000	559	77,6
6.5. '83		100.000	÷	280.000	606	78,5
1.7. '83		200.000	÷	80.000	690	78,6
25.7. '83	110.000		÷	190.000		
1.8. '83		200.000	+	10.000	727	77,1
25.8. '83	100.000		÷	90.000		
1.9. '83		50.000	÷	40.000	786	66,2
25.10.'83	50.000		+	90.000	797	68,2
1.11.'83		50.000	÷	40.000	821	65,6
25.11.'83	40.000		÷	80.000		
20.12.'83	30.000		÷	110.000	836	55,1
1.1. '84		50.000	÷	60.000	846	48,8
1.3. '84		50.000	÷	10.000	854	32,0
1.5. '84		50.000	+	40.000	879	26,3

Hinir framlögðu útreikningar Fjárfestingarfélagsins og Kaupþings hf. eru ódagsettir, en þar sem þeir fylgdu kröfubréfi lögmanns stefndu, dags. 16. ágúst 1983, eru þeir gerðir fyrir þann dag. Þá lá ekki fyrir hver verðbólga yrði eftir þann tíma, en í fyrri samningum var síðasta greiðsla útborgunar á gjalddaga 20.12. 1983 en í þeim síðari 1.5. 1984. Í þeim er ekki einu sinni miðað við raunverulega verðbólgu fram til útreikningsdags, heldur flata verðbólguprósentu. Í útreikningi Kaupþings hf. sem áætlar núvirði beggja kaupsamninganna miðað við 6.5. 1983 er notuð verðbólguforsendan 54%, en í útreikningi Fjárfestingarfélagsins, sem áætlar núvirði fyrri samningsins miðað við 29.12. 1982, en þess síðari miðað við 30.11. sama ár, er notuð verðbólguforsendan 70%. Greinilegt er, af þessari og fleiri ástæðum, að þau forrit sem nefndir fasteignasalar nota geta verið til leiðbeiningar um spádóma fram í tímann, en hæfa alls ekki til þess að bera saman raungildi samningsverðs þegar bera á saman samninga eftir á eins og hér er.

Við málflutning leitaðist lögmaður stefndu við að bæta úr þessum annmörkum á þessum framlögðu skjölum með því að lýsa sínum eigin útreikningum. Með því að framreikna innborganir með lánskjaravísitölu til apríl 1985 og eftirstöðvar skuldabréfa miðað við 40% verðbólguspá, reiknaðist honum raungildi fyrri samningsins á lánskjaravísitölu 1106 stig (apríl 1985) kr. 1.608.389,00 en þess síðari kr. 1.386.854,00. Séu þessar fjárhæðir reiknaðar til baka til lánskjaravísitölu í nóv. 1982 444 stig verður munurinn á raungildi samninganna kr. 88.935,00, en ef fært er til lánskjaravísitölu í des. 1983 471 stig verður munurinn kr. 94.343,00, í báðum tilvikum síðari samningnum í óhag. Miðað við lánskjaravísitölu í maí 1983 606 stig verður þessi munur kr. 121.384,00. Í þeim útreikningum sem hér að framan eru greindir er ekki tekið tillit til þess að hinn framkomni galli kunni að hafa haft áhrif til lækkunar söluverðs í síðari samningnum.

Lögmaður stefnenda hefur harðlega mótmælt þessum útreikningum, bent á ýmsa annmarka á þeim, einkum framlögðum útreikningum Kaupþings hf. og Fjárfestingarfélagsins, og reifað eigin útreikninga. Til ýtrustu vara reifaði hann við málflutning útreikning sem miðaðist við að hvorugur aðili hefði átt riftunarrétt, en bótakrafa vegna galla (metinn pr. 6.5. 1983 á kr. 36.400,00), svo og greiðslur skv. síðari samningi, teldust inngreiðslur. Fékk hann þá út að stefndu skulduðu stefnendum nú kr. 117.329,00. Í þessum útreikningi tekur lögmaðurinn með sölulaun en ekki eftirstöðvar húsaleigu kr. 6.700,00, hitareikning kr. 814,00, ferðakostnað kr. 1.640,00, samtals kr. 9.154,00, né heldur lögmannskostnað stefndu. Til samanburðar stefnukrafan, sem byggð er á riftunarrétti, kr. 210.000,00 ÷ 56.392,00 = 153.608,00. Þótt ekki sé unnt að taka neitt tillit til útreiknings þessa við úrlausn málsins, þar sem lögmaður stefndu átti þess ekki kost að gagnrýna hann tölulega, og nokkur atriði í útreikningnum séu augljóslega gagnrýniverð, þá þykir samt rétt að rekja útreikninginn hér:

,,Vanskil greiðslu 25/3 til 6/5	
Kr. 60.000 × 606/537	67.709,00
Vanskil greiðslu 25/4'83 - 6/5.	
110.000 × 606/569	127.152,00
Inngreitt 6/5'83 skv. nýjum	
kaups. ÷ sölulaun	(80.000,00)
Lækkun skuldar Ragnars	
ve. galla	(36.400,00)
Hækkun söluverðs um	
50.000 kr. talið skila sér í	
síðustu útborgun, 1/5'84	

reiknað niður til 6/5'83			
miðað við breytingu lánskjaravísi-			
tölu 50.000 × 606/879		(34.470,00)	
Núvirðisreikn. mismunar skulda-			
bréfi skv. útr. Kaupþings pr. 6/5.		27.365,00	
Skuld Ragnars 6/5.		71.356,00	
Hækkun skuldar Ragnars 6/5 - 1/7.			
71.356 × 690/606. ÷ 70.000		9.890,00	
Skuld Ragnars 1/7.		81.246,00	
1/7. Greiðsla skv. seinni			
samningi	200.000		
1/7. Páli í hag		118.754,00	
25/7. Greiðsla skv. samningi			
Ragnars			110.000
Páli í hag.		8.754,00	
1/8. Greiðsla skv. seinni			
samningi.	200.000		
1/8. Páli í hag.		208.754,00	
25/8. Greiðsla Ragnars skv.			
kaups.			100.000
25/8. Páli í hag		108.754,00	
1/9. Greiðsla skv. seinni			
samn.	50.000		
1/9. Páli í hag.		158.754,00	
18/10.'83. deponering.			71.425
18/10. Páli í hag.		87.329,00	
25.10. Greiðsla Ragnars			
skv. kaups.			50.000
25/10. Páli í hag.		37.329,00	
1/11. Greiðsla skv. seinni			
samningi.	50.000		
1/11. Páli í hag.		87.329,00	
25/11. Greiðsla Ragnars			
skv. kaups.			40.000
25/11. Páli í hag.		47.329,00	
20/12. Greiðsla Ragnars skv. kaups.			30.000
20/12. Páli í hag.		17.329,00	
1/1.'84. Greiðsla skv. seinni			
samningi	50.000		
1/1.'84. Páli í hag.		67.329,00	

1/3.'84 Greiðsla skv. seinni samningi	50.000	
1/3. Páli í hag.		117.329,00
Greiðsla 1/5'84 áður tekin inn í dæmið."		

Álit réttarins.

Ekki er annað fram komið en sprunga sú á útvegg sem beðið var um mat á við vettvangsskoðun matsmanna hafi verið sýnileg. Viðgerð á henni var metin á kr. 8.000,00 af kr. 47.000,00, eða 17,02% matsfjárhæðar. Eftir standa þá 82,98% af 27.290,00 króna matsfjárhæð á kaupsamningsdegi hinn 30.11. 1982, eða kr. 22.645,24. Nemur sú fjárhæð 2,38% af nafnkaupverði íbúðarinnar, eða ca. 3% af áætluðu staðgreiðsluverði hennar.

Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til annars en viðgerðir þær sem matsmenn leggja til séu varanlegar úrbætur. Skiptir þar mestu máli að rannsókn matsmanna benti ekki til að fyllingu undir gólfplötu eða grunni hússins að öðru leyti væri áfátt, þannig að framhaldandi sigs væri að vænta. Orð þeirra um sprungur vegna sigs í plötu verður að skilja svo að þar sé átt við venjulega innþornun og samþjöppun efnis fyrst í stað eftir byggingu í gólfum af þessari gerð. Ljóst er að fullnaðarlagfæring á gólfhallanum í stofu er auðveldari vegna þess að gólfinu hallaði frá dyrum og því ekki um það að ræða að mishæðir kæmu fram við dyr, þótt aðeins yrði lagt í stofugólfið. Í öðrum herbergjum íbúðarinnar var gólfhalli eða mishæðir í gólfum ekki umfram það sem algengt er, t.d. um vélslípuð gólf, og talið er viðunandi í venjulegu íbúðarhúsnæði.

Orð matsmanna um verulegan galla verða ekki skilin sem lögfræðilegt mat, heldur á þann veg að þeir telji gólfhallann það mikinn að ástæðulaust sé að búa við hann í svo nýlegri og að öðru leyti vandaðri íbúð, en húsið er sagt byggt 1973.

Hér var þannig um að ræða galla sem fullbæta mátti á fljótlegan og óþægindalítinn hátt fyrir fjárhæð sem nam í mesta lagi um 3% íbúðarverðs. Stefnendur gátu því ekki rift á þeirri forsendu að hér væri um verulega leynda galla að ræða.

Það er fram komið í málinu að stefndi Páll vissi um umrædda galla og skýrði stefnendum ekki frá þeim þótt þeir væru til þess fallnir að leynast fyrir óbyggingarfróðum kaupanda við venjulega skoðun. Þar var um vanrækslu á upplýsingaskyldu að ræða. Eins og hér stóð á var sú vanræksla þó ekki svo stórfelld að á það verði fallist með stefnendum að um svik hafi verið að ræða í skilningi 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Því verður ekki á það fallist með stefnendum að þeim hafi verið riftun heimil. Hitt er jafnljóst að þeir áttu skýlausan bótarétt.

Þegar stefnendur áttu að greiða kr. 60.000,00 hinn 25. mars 1983, höfðu þeir aflað mælinga á gólfhallanum og álitsgerðar kunnáttumanns: „Við treystum okkur ekki til að fullyrða neitt um orsakir þessa gólfhalla en getum okkur til að hér sé um að ræða óvandaða ílögn í gólfi í upphafi ásamt einhverju sigi undir húsi." Með tilliti til þessara mælinga og þessarar umsagnar var stefnendum því rétt að halda eftir einhverri fjárhæð, þar til stefndu hefðu bætt úr gallanum eða úrbótakostnaður verið staðreyndur. Stefndu buðu eingöngu fram viðgerð (úrbætur in natura) og til þess áttu þau fyllsta rétt. Stefnendur gátu ekki hafnað því að stefndu önnuðust viðgerð, enda yrði hún framkvæmd af viðurkenndum fagmönnum og eftir fyrirsögn kunnáttumanna, þannig að fyrirfram yrði tryggt að úrbótin mundi reynast fullnægjandi. Þótt fjárhæð sú sem stefnendur héldu eftir væri hærri en matsfjárhæð hinna dómkvöddu matsmanna reyndist, þá er til þess að líta að sá möguleiki var fyrir hendi að hér væri um stórlega alvarlegan galla að ræða, þ.e. framhaldandi missig hússins. Í ljósi þess var fjárhæðin kr. 60.000,00 ekki of há sem trygging fyrir úrbótum, og henni gátu stefnendur haldið þar til stefndu höfðu tryggt úrbætur in natura, svo sem að framan er lýst.

Í stað þess að bjóða réttilega fram úrbætur eða réttilega ákvarðaða afsláttar- eða bótafjárhæð, létu stefndu lögfræðing sinn rita stefnendum venjulegt harðort kröfubréf hinn 5. apríl 1983. Þar við sat þar til á næsta gjalddaga 25. apríl, að stefnendur rituðu riftunarbréf sitt og synjuðu um greiðslu á kr. 110.000,00 á gjalddaga sama dag. Úr því er óþarft að leysa í máli þessu hvort stefnendum var heimilt að halda þeirri greiðslu, þegar af þeirri ástæðu að 7 daga greiðsludráttur á umræddum kr. 110.000,00 af kr. 740 - 950 þús. verður hér ekki metinn verulegur og skapar einn sér ekki riftunarrétt.

Það er því niðurstaða dómsins að hvorugur málsaðila hafi átt riftunarrétt. Á þá atburði í apríllok og maíbyrjun 1983, að stefnendur rýmdu íbúðina og stefndu seldu hana þriðja manni átölulaust af hálfu stefnenda, verður því að líta sem de facto samkomulag um að kaupin gengju til baka. Af því leiðir að uppgjör málsaðila ber ekki að byggja á skaðabótareglum við riftun, heldur á góðum viðskiptavenjum um það, þegar aðilar leysa hvor annan frá gagnkvæmum samningsskyldum, en þær venjur eru grundvallaðar á því að fylgja beri sjónarmiðum sanngirni. Hér verður að hafa nokkra hliðsjón af því að stefndu leyndu vísvitandi umtalsverðum galla á eigninni og stefnendur báru fram kvörtun, studda óvenju vönduðum gögnum, áður en nokkur greiðsludráttur varð af þeirra hálfu samkvæmt ákvæðum kaupsamnings, og áður en að umsömdum afhendingartíma íbúðarinnar kom.

Ekkert er upplýst um tjón eða hagnað stefnenda af umræddum

viðskiptum annað en vaxtatap og lögmannskostnað og síðar matskostnað.

Á hinn bóginn er þetta í ljós leitt um tjón og greiðslur stefndu, sem rétt er að málsaðilar skipti með sér sem hér segir:

1. Söluþóknun kr. 20.000,00. Þessi fjárhæð á að skiptast á aðila til helminga.

2. Víxill að fjárhæð kr. 6.700,00. Þessi fjárhæð er eftirstöðvar umsaminnar húsaleigu fyrir afhendingardag og hana eiga stefnendur að greiða.

3. Hitakostnaður á leigutímabili kr. 814,00. Þessa fjárhæð greiði stefnendur.

4. Ferðakostnaður stefndu vegna síðari sölu kr. 1.640,00. Þessi fjárhæð skiptist til helminga, hvor aðili beri því kr. 820,00.

5. Lögmannsþóknun kr. 30.000,00. Hvor aðili á að bera sinn lögmannskostnað fram að matsbeiðni.

6. Verðlækkun við síðari sölu kr. 94.454,00. Telja verður að þessi fjárhæð sé þrátt fyrir allt nothæf sem uppgjörstala. Frá henni ber að sjálfsögðu að draga þær kr. 22.645,00 sem kaupverð í samningi málsaðila var of hátt vegna hins leynda galla, mismunur kr. 71.809,00. Þessi fjárhæð á að skiptast til helminga, hvor aðili beri því kr. 35.904,50.

Samkvæmt þessu var stefndu rétt að draga frá þeim kr. 210.000,00, sem stefnendur höfðu greitt, kr. 10.000,00 + 6.700,00 + 814,00 + 820,00 + 35.904,50 = kr. 54.238,50.

Stefndu deponeruðu hinn 18. október 1983 kr. 56.392,00 auk vaxta kr. 15.033,00 og er þeim vaxtareikningi ekki mótmælt. Þykir ástæðulaust að flækja dómsorð með þeim hætti sem stefnendur gera um stefnukröfu.

Tildæmd fjárhæð verður því að höfuðstól kr. 210.000,00 ÷ 56.392,00 ÷ 54.238,50 = kr. 99.369,50.

Ekki þykja stefndu, eins og á stendur, eiga að svara vöxtum af innborguðu fé fyrr en frá síðari kaupsamningsdegi, 6.5. 1983.

Málskostnaður ákveðst kr. 57.000,00 og er þá tekið tillit til matskostnaðar kr. 15.600,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Birni Björnssyni byggingameistara og Guðmundi Hjálmarssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Páll Haraldsson og Björg Sigurðardóttir, greiði stefnendum, Ragnari Eggertssyni og Kristjönu Friðriksdóttur, kr. 99.369,50 með 42% ársvöxtum frá 6.5. 1983 til 21.9. s.á., en 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., en 21,5% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en 17% ársvöxtum frá þeim degi til 4.12. 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og áfram með sömu vöxtum eða öðrum þeim vöxtum sem upplýst verður að séu hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags og kr. 57.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 177/1986. **Guðný Gunnlaugsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ingibjörgu Magnúsdóttur
(Benedikt Blöndal hrl.)

Vinnusamningar. Samningsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí s.á. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Eigi er vefengt, að áfrýjandi hafi falið móður sinni að sjá um fjármál umræddrar hárgreiðslustofu áfrýjanda. Vísaði móðir áfrýjanda á eiginmann áfrýjanda, er stefnda krafði um skil á vinnulaunum, en hann var þá staddur hér á landi. Verður samkvæmt því ekki talið, að hann hafi haft afskipti af störfum stefndu í algjöru

heimildarleysi, hvað sem líður heimild hans til að segja stefndu upp störfum.

Leggja ber til grundvallar, að í viðræðum stefndu og eiginmanns áfrýjanda hafi hún verið borin sökum sem hafi gefið henni tilefni til að draga í efa, að áfrýjandi vildi hafa hana áfram í starfi. Verður áfrýjandi að bera hallann af því, að af hennar hálfu var ekki tekið af skarið í þessum efnum með áskorun til stefndu að koma til vinnu þrátt fyrir þá misklíð, sem þannig hafði orðið. Ber þess vegna að miða við, að stefndu hafi verið rétt að ganga út frá því, að henni væri vikið úr starfi hjá áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi ítrekað mótmæli sín gegn fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefnda gerir í máli þessu, og auk þess haldið því sérstaklega fram, að greiðsla til stefndu, að fjárhæð 3.500,00 krónur samkvæmt ávísun útgefinni 3. nóvember 1981 af áfrýjanda til stefndu, hafi ekki verið látin koma til frádráttar. Í reikningi stefndu fyrir vinnu í október 1981 er greint frá innborgun 1. nóvember 1981 að fjárhæð 3.500,00 krónur, sem stefnda heldur fram að sé greiðsla samkvæmt nefndri ávísun. Hefur því ekki verið hnekkt. Mótmæli áfrýjanda gegn kröfufjárhæðinni hafa heldur ekki að öðru leyti verið studd nægilegum rökum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en greiðslu vaxta frá gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Eftir að síðstgreind lög felldu úr gildi lög nr. 56/1979 um dómvexti, verður að skilja kröfu stefndu um staðfestingu dómvaxtaákvæðis héraðsdóms svo, að hin dæmda fjárhæð beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefndu 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist hæstu innlánsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðný Gunnlaugsdóttir, greiði stefndu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. febrúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar 1986, hefir Ingibjörg Magnúsdóttir, 4626-7168, Heiðargerði 4, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 6. maí 1985 á hendur Guðnýju Gunnlaugsdóttur, 3158-1966, áður til heimilis að Hjallabraut 6, Hafnarfirði, en nú með heimilisfang Branddammsbacken 37, 424 36 Angred, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 11.211,00 með 37% ársvöxtum frá 7.11. 1981 til 1.11. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 33% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

II.

Stefnda, sem er hárgreiðslumeistari, átti og rak hárgreiðslustofuna Meyjuna að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði. Í ágústlok 1981 fluttist stefnda til Svíþjóðar ásamt manni sínum Frímanni Vilhjálmssyni. Réðst stefnandi, sem hefur og hafði sveinsréttindi í hárgreiðslu, þá til hennar eftir blaðaauglýsingu og hóf störf hinn 27. ágúst. Kveður stefnandi ráðningarsamninginn ekki hafa verið tímabundinn; það hafi þó verið minnst á að stefnda reiknaði með að verða svo sem ár erlendis.

Stefnandi hóf nú störf og hafði ekki annað samstarfsfólk en einn lærling. Þó var því svo hagað að móðir stefndu sá um fjármálin. Kom hún á kvöldin og sótti það sem komið hafði inn yfir daginn. Greiddi hún stefnanda launin. Stefnandi var á vikukaupi. Er á leið fóru launagreiðslur að dragast. Kveðst stefnandi iðulega hafa gengið eftir kaupi sínu við fjármálastjórann, móður stefndu. Í nóvemberbyrjun voru launagreiðslurnar orðnar u.þ.b. mánuði eftir á.

Við verkalok miðvikudaginn 4. nóvember 1981, þegar fjármálastjórinn kom að venju að sækja það sem komið hafði inn yfir daginn, kveðst stefnandi enn hafa ámálgað þetta með kaupið sitt. Fjármálastjórinn hafi þá sagt að tengdasonur sinn, eiginmaður stefndu, Frímann, væri hérlendis og stefnandi skyldi tala við hann.

Um kvöldið hafi svo Frímann hringt að fyrra bragði. Ekki hafi hann fallist á að greiða, heldur hafi hann tekið að finna að störfum stefnanda.

Orðaskiptum hafi lokið með þessum orðum Frímanns: „Skilaðu lyklinum og þú mætir ekki framar inn á hárgreiðslustofuna Meyjuna.“

Stefnandi kvaðst ekki hafa haft í hyggju að segja upp, það hafi verið hentugt fyrir sig vegna búsetu í Hafnarfirði að vinna þarna og sér hafi líkað vinnan vel. „Ég sagði við hann að ég væri orðin þreytt á þessum viðskiptum, mér fyndist ekki nema eðlilegt að kaup ætti að vera greitt á réttum tíma, þar sem ég mætti á réttum tíma í vinnu og færi á réttum tíma úr vinnu, og ég krafðist þess að hann sýndi réttlæti á móti. Þá kom þetta upp á móti að hann bar það mér á brýn að ég hefði komið dónalega fram við kúnna. Ég varð mjög sár, ég grét alveg hástöfum og maðurinn minn tók við símtólinu og spurði hvað um væri að vera. Mér sárnaði þetta alveg óskaplega því mér fannst ég alls ekki eiga það skilið að fá þetta.“

Stefnandi kvaðst síðan hafa beðið nemann fyrir lykilinn til Frímanns. Hún kvaðst morguninn eftir hafa hringt til þeirra kvenna sem áttu pantaða tíma, til þess að þær færu ekki erindisleysu.

Hún kvaðst ekki hafa haft samband, hvorki við eiginmann né móður stefndu, til þess að bjóða fram vinnu sína út uppsagnarfrest og hvorugt þeirra hafi haft samband við sig til þess að ganga eftir því að hún kæmi aftur og ynni út uppsagnarfrestinn.

Stefnandi kvaðst um miðjan nóvember hafa hafið starf á annarri hárgreiðslustofu, Rakarastofunni Klapparstíg, þar sem hún vann áður.

III.

Stefnukrafan er þannig sundurliðuð:

Laun í október 150 klst. á kr. 60/-	kr.	9.000,00
29 klst. á kr. 80/-	“	2.320,00
	kr.	11.320,00
Ógreidd laun í nóvemberm. 36 klst. kr. 60/-	“	2.160,00
1 klst. á kr. 80/-	“	80,00
	kr.	2.240,00
8.33% orlof af launum frá ágúst til nóvember af kr. 25.820,00	“	2.151,00
	kr.	15.711,00
÷ greitt í október	“	4.500,00
	Samtals kr.	11.211,00

Fram er komið í málinu að umgetin 4.500,00 króna innborgun greiddist með kr. 1.000,00 hinn 24. október og með kr. 3.500,00 hinn 3. nóvember. Einnig er fram komið að við upphaf þess tímabils sem launakrafa stefnanda tekur til, þ.e. hinn 1. október, átti stefnandi inni laun að fjárhæð kr.

5.974,00 sem greiddust með kr. 2.000,00 hinn 5. október og kr. 3.974,00 hinn 14. október.

Stefnukrafan er tölulega óumdeild, en stefnda bendir á, svo sem til vara, verði ekki á sýknukröfu fallist, að í stefnukröfu eru innifaldir dagarnir 5. og 6. nóvember, 16 st. á kr. 60,00 = 960,00.

IV.

Krafa stefndu um sýknu er á því byggð að hún eigi bótakröfu á hendur stefndu vegna fyrirvaralauss brotthlaups, sem nemi hærri fjárhæðum en stefnukrafan. Tölulega hefur stefnda sundurliðað þessa bótakröfu þannig að hún eigi að nema sem svarar dagvinnulaunum stefnanda á eins mánaðar uppsagnarfresti, miðað við mánaðamót. Vegna nóvembers kr. 8.640,00 og vegna desembers kr. 10.080,00, samtals kr. 18.720,00.

Stefnda telur að brotthlaup stefnanda hafi valdið sér ómældu tjóni. Starfsemi stofunnar hafi fyrirvaralaust lagst niður. Stefnandi hafi jafnvel gengið svo langt að taka sig fram um það, eftir að hún hætti, að hringja í kúnna og spilla viðskiptum stofunnar. Stefnda hafi orðið að selja og það fyrir miklu lægra verð en ef stofan hefði verið seld í fullum rekstri.

Raunar var því haldið fram af hálfu stefndu við upphaf málsmeðferðarinnar, sem afsannaðist undir rekstri málsins, að stefnandi hefði sjálf verið búin að setja upp hárgreiðslustofu og notað tækifærið til þess að ná til sín viðskiptavinum stefndu. Ennfremur að stefnandi hefði tekið ófrjálsri hendi áhöld af hárgreiðslustofunni til heimavinnu; því hefir stefnandi eindregið mótmælt og stefnda ekkert fært fram því til stuðnings.

V.

Af hálfu stefndu er þeirri málsástæðu stefnanda að henni hafi vegna vangreiðslu launa verið rétt að láta fyrirvaralaust af störfum mótmælt sem of seint fram kominni, þar sem hennar sé ekki getið í stefnu.

Í stefnu segir um rökstuðning kröfunnar:

„Þann 4. nóvember 1981 var stefnanda fyrirvaralaust sagt upp störfum. Þegar stefnandi lét af störfum fór ekki fram endanlegt uppgjör á milli stefnanda og stefndu og átti stefnandi þá inni ógreidd laun vegna októbermánaðar og nóvembermánaðar, auk orlofs af launum frá ágúst til nóvemberloka ...

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum íslensks réttar um loforð og samninga og kjarasamninga milli hárgreiðslumeistara og sveina."

Meira er það nú ekki.

Þá hefir því verið eindregið mótmælt af hálfu stefndu að eiginmaður hennar hafi haft nokkurt umboð til þess að koma fram fyrir hennar hönd.

Álit réttarins.

Hvorki eiginmaður né móðir stefndu hafa gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu og sjálf hefir stefnda aðeins gefið skriflega aðilayfirlýsingu í formi bréfs til lögmanns gagnaðila síns.

Þegar stefnandi lét af störfum átti hún hjá stefndu ógreidd laun er námu u.þ.b. eins mánaðar launum, en hún var á vikukaupi.

Byggja má á þeim framburði stefnanda að hún hafi ítrekað krafið um laun sín, síðast í símtali að kvöldi hins 4. nóvember. Viðmælandi hennar þá var eiginmaður stefndu, sem hún að sjálfsögðu mátti, eins og á stóð, líta á sem umboðsmann stefndu. Orðaskipti í framhaldi af þeirri kröfu leiddu til þess að stefnandi mætti ekki aftur til starfa hjá stefndu. Af hálfu umboðsmanna stefndu, eiginmanns hennar og móður, var ekki eftir því gengið að stefnandi ynni út uppsagnarfrest. Styður það athafnaleysi eindregið þá fullyrðingu stefnanda að umboðsmaður stefndu hafi sagt henni að skila lyklinum og mæta ekki framar á hárgreiðslustofunni.

Að þessu athuguðu verður að telja, í fyrst lagi að stefnandi hafi átt rétt til þess að rifta ráðningarsamningnum vegna vangreiðslu á launum, í öðru lagi að umboðsmaður stefndu hafi fyrirvaralaust vikið henni úr starfi, og í þriðja lagi hafi stefnda eða umboðsmaður hennar valdið tjóni sínu sjálf og aukið það með því að staðfesta með tómlæti skilning stefnanda á brottrekstrinum, í stað þess að hafa við hana samband og krefja hana um vinnuframlag á uppsagnarfresti og koma launagreiðslum í skil.

Af þessum sökum þykir stefnda ekki geta haft uppi til sýknu umrædda bótakröfu. Með því að stefnukrafan er óumdeild, að frátöldu tveggja daga kaupi sem stefnandi á rétt á, þá verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst kr. 20.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Guðný Gunnlaugsdóttir, greiði stefnanda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 11.211,00 með 37% ársvöxtum frá 7.11. 1981 til 1.11. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 33% ársvöxtum til stefnubirtingardags 5.6. 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 127/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Brot á húsfriði. Innbrot. Þjófnaður. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Með áfrýjunarstefnu 10. mars 1987 var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. desember 1986. Með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1987 var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986. Var dómunum jafnframt áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Með síðari dóminum var ákærða dæmdur hegningarauki fyrir brot þau er hann var þar sakfelldur fyrir. Ber að sameina mál þessi í Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum og að refsing verði þyngd. Þá er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóma um sakarkostnað og bótaskyldu ákærða. Þá er þess og krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin hæfileg málssóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði krefst sýknu af VI. lið ákæru 29. mars 1985 og að refsing verði lækkuð frá því sem dæmt var í héraðsdómi. Þá er þess krafist að skaðabótakröfu Áfengisverslunar ríkisins verði vísað frá dómi. Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvalds samkvæmt ákæru 15. janúar 1986, en til vara að refsing sú sem héraðsdómur dæmdi verði lækkuð.

Ákæra 29. mars 1985.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þetta ákæruatriði er varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur mótmælt kröfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um skaðabætur fyrir skemmdir á útidyrum og búnaði. Ekki hefur verið gerð grein fyrir því hversu miklar skemmdir voru unnar á verslunarhúsnæðinu að Þjóðbraut 11 á Akranesi við innbrotið, m.a. hvort skemmdir hafi verið unnar á þjófavarnarkerfi eða rafbúnaði. Þá hefur ekki verið gerð grein fyrir afnotum af bílaleigubílum dagana 25. - 26. og 29. - 30. október 1984. Samkvæmt því og með vísan til niðurstöðu héraðsdóms um skaðabótakröfuna að öðru leyti verður henni vísað í heild frá héraðsdómi.

VI.

1) og 2) Krafist hefur verið að ákærði sæti refsingu, sbr. 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þessi ákæruatriði og færslu til refsiákvæðis.

Ákæra 15. janúar 1986.

I.

Ákærði hefur eindregið neitað sakargiftum samkvæmt þessum ákærulið.

Í skýrslu, sem Elísabet Ley gaf fyrir rannsóknarlögreglu á vettvangi 12. október 1984 og skýrslu sem hún gaf næsta dag, kvað hún mann þann, sem stóð með grímu fyrir andlitinu frammi við dyr, hafa verið í svörtum jakka og í svörtum bol sem á var letrað UB40.

Elísabet gaf á ný skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 19. júní 1985. Á meðal mynda sem henni voru sýndar var mynd af ákærða í myndskreyttum bol með áletruninni UB40. Kvaðst hún nú viss um að maður sá sem kom inn fyrir afgreiðsluborðið og tók peningana hefði verið klæddur í svona bol.

Við dómsmeðferð málsins skýrði Elísabet frá því í lok framburðar síns að ákærði hefði um það bil ári áður komið inn í sama söluturn og haft í hótunum við sig, þannig að hún þekkti hann er henni var bent á hann í lögreglubifreiðinni. Hún hafi þannig séð að bolurinn sem hann var í hafi verið eins og bolur sá sem maður sá var í er stóð við dyrnar.

Þegar framangreint er virt verður að telja ósannað að ákærði hafi

gerst sekur um verknað samkvæmt þessum lið ákæru eins og honum er þar lýst. Verður hann því sýknaður af þessu ákæruefni og framkominni skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

II.

Með framburði Unnars Sigurðar Hansen, sem studdur er framburði vitnanna Guðna Geirs Helgasonar og Gísla Snorrasonar svo og niðurstöðum vettvangsrannsóknar, þykir nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er hér gefið að sök og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakrafa Olíufélagsins Skeljungs hf. vegna peninga sem teknir voru úr afgreiðslu bensínstöðvarinnar er ekki svo skýr að hún verði lögð til grundvallar í málinu. Verður þeim hluta skaðabótakröfu félagsins vísað frá héraðsdómi.

Krafa félagsins um skaðabætur fyrir skemmdir á húsi og búnaði er sundurliðuð og nemur 37.163,00 krónum og þykir mega leggja þá fjárhæð til grundvallar í málinu. Er ljóst af málsgögnum að töluverðar skemmdir hafa verið unnar á húsi og húsbúnaði í afgreiðslu bensínstöðvarinnar.

Verður ákærði dæmdur til að greiða fjárhæð þessa.

Ákvörðun refsingar.

Eftir að dómur Sakadóms Reykjavíkur gekk 22. desember 1986 var ákærði dæmdur á ný í sakadómi Reykjavíkur 6. maí 1987 í 30 daga fangelsi fyrir brot á umferðarlögum framið 10. febrúar 1987 og var jafnframt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Þá var hann með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. ágúst 1987 dæmdur í fangelsi 2 ár og 4 mánuði fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni framin í október 1985. Var sú refsing dæmd sem hegningarauki við refsidóma þá yfir ákærða sem hér er fjallað um.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 72. gr. laganna með hliðsjón af sakarferli ákærða, hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Staðfesta ber að gæsluvarðhaldsvist ákærða, 105 dagar, skuli koma til frádráttar refsingu hans.

Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar, greiðslu málsvarnarlauna og réttargæslulauna í héraði eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Einarsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald í 105 daga.

Ákærði greiði Olíufélaginu Skeljungi hf. 37.163,00 krónur en að öðru leyti er skaðabótakröfu félagsins vísað frá héraðsdómi.

Skaðabótakröfum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og Söluturnsins Tvistsins er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóma um greiðslu sakarkostnaðar, málsvarnarlauna og réttargæslulauna eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 674-680/1986: Ákæruvaldið gegn A, Magnúsi Einarssyni, B, C, D, E og F, sem tekið var til dóms 11. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 29. mars 1985 á hendur ákærðu A, Magnúsi Einarssyni, áður að Bergstaðastræti 33 í Reykjavík, nú að Drangahrauni 2 í Hafnarfirði, fæddum 6. desember 1948 í Reykjavík, B, C, D, E og F.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað:

„I. Á hendur ákærðu A, Magnúsi, B og C fyrir að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 25. október 1984, brotist inn í útsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Þjóðbraut 11 á Akranesi og stolið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4.000 vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

VI. Á hendur ákærða Magnúsi fyrir tvö húsbrot í Reykjavík í félagi við Pál Konráð Konráðsson Þormar, fæddan 23. september 1941, þriðjudaginn 14. ágúst 1984, með því að:

1) Ryðjast inn á heimili Hilmars Guðmundssonar og Erlu Hólmfríðar Ragnarsdóttur, Háteigsvegi 14, þar sem Erla var ein heima, ógna henni með hnífi og ota að henni og stinga hnífnum í borðplötu og í hurð.

Telst þetta varða við 231. gr., 233. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

2) Ryðjast inn á heimili Eddu Báru Guðbjartsdóttur, Miklubraut 60, sem var þar ein og ógna henni þá með hnífi.

Telst þetta varða við 231 gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ákærði D til upptöku haglabyssunnar samkvæmt 35. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda og ákærðu allir til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærðu A, Magnús Einarsson, B og C hafa allir viðurkennt að hafa farið ásamt Lárusi Svavarssyni í bílaleigubifreið frá Reykjavík til Akraness aðfaranótt fimmtudagsins 25. október 1984. Þeir héldu að útsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Þjóðbraut 11 á Akranesi, þar sem ákærði A boraði stykki úr aðaldyrum verslunarinnar og stakk hana upp með skrúfjárni. Síðan kom einhver þeirra félaga með bílfjöður sem hafði verið í nágrenninu og með henni spenntu þeir upp rimlagrind fyrir innan hurðina. Ákærðu Magnús, B og C, svo og Lárus biðu álengdar á meðan ákærði A var að bora og stinga upp hurðina. Gættu þeir mannaferða að sögn ákærða A. Ákærði Magnús kveðst hafa verið mikið drukkinn og man ekki hvað hann aðhafðist á meðan ákærði A var að fást við hurðina.

Ákærðu og Lárus héldu nú allir inn á lagerinn og báru þaðan út áfengi og vindlinga sem þeir slógu eign sinni á og óku með til Mosfellssveitar þar sem þeir földu meginhluta þýfisins í skúr skammt frá Hlaðgerðarkoti.

Ákærði A segir að magn áfengisins hafi verið tæpir 14 kassar og allir með 12 flöskum nema einn, en í hann hafi vantað tvær flöskur og vindlingalengjurnar hafi verið 65.

Ákærði Magnús vefengir ekki að þeir félagar hafi í þetta skiptið stolið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4000 vindlingum, en sjálfur kveðst hann ekki hafa talið þýfið og geti því ekki fullyrt um magn þess.

Ákærði B kveðst ekki hafa talið þýfið. Hann vefengir ekki að það geti verið allt að 15 kössum af vodka og whisky og allt að 4000 vindlingum.

Ákærði C getur ekki fullyrt um magn áfengisins sem stolið var, þar sem

hann hafi ekki talið kassana nákvæmlega, en hann vilji ekki vefengja að magnið sé rétt tilgreint í ákærunni þótt hann hjá rannsóknarlögreglu hafi talið kassana 10. Hann kannast við að vindlingarnir hafi verið allt að 4000.

Ákærði C kveðst ekkert hafa fengið af þýfinu í sinn hlut, hann hafi aðeins staðið að því að bera þýfið út úr versluninni og inn í geymsluskúrinn þar sem meginhluti þess var settur í geymslu eftir komuna til Reykjavíkur. Hann segir að ákærði A hafi verið aðalmaðurinn í ferðinni. Hann hafi ekið og sjálfur, að mestu einn, staðið að því að sprengja þeim leið inn í verslunina.

Lárus telur, að þeir hafi stolið samtals ca. 15 kössum af áfengi, svo og ca. 3 mill (15 lengjum) af vindlingum.

Af gögnum málsins er óljóst hversu miklu af áfengi og tóbaki var stolið í innbrotinu. Í upplýsingaskýrslu Harðar Jóhannssonar, lögreglufulltrúa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, er haft eftir útsölustjóra verslunarinnar, að samkvæmt talningu á lagernum sé talið að samtals hafi verið stolið að útsöluverðmæti 91.870,00 krónum eða ca. 153 flöskum af áfengi og vindlingum að útsöluverðmæti 83.375,00 krónum eða ca. 145 lengjum.

Í skaðabótakröfu Áfengis- og tóbaksverlsunar ríkisins, sem fyrir liggur í málinu, er þess getið að samkvæmt vörutalningu, sem framkvæmd var af fulltrúum ríkisendurskoðanda sama dag og þjófnaðurinn var framinn, hafi vöntun á tóbaksbirgðum numið 71.225,00 kr. og áfengisbirgðum 91.870,00 kr. Þess er ekki getið hversu margar flöskur eða vindlinga er um að ræða og engin skýrsla hefur borist frá ríkisendurskoðun um vörutalningu þessa.

Af þýfinu komst til skila 51 flaska af áfengi, þar af 30 af tegundinni Smirnoff vodka, 4 Finlandia vodka og 17 flöskur af Jameson Whisky, svo og 11 lengjur af vindlingum, þar af 7 af tegundinni Winston, 3 af Viceroy og 1 af Winston Lights.

Með játningum ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu er sannað að þeir hafi gerst sekir um framangreindan innbrotsþjófnað. Ekki verður slegið föstu hversu miklu magni áfengis og vindlinga þeir stálu í félagi við Lárus Svavarsson. Þó þykir líklegast, að magn áfengisins hafi verið á bilinu 10 - 15 kassar (120 - 170 flöskur) og vindlinganna á bilinu 3.000 - 4.000 stk. Varðar þessi verknaður ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VI.

1) Vitnið Erla Hólmfríður Ragnarsdóttir, Háteigsvegi 14 í Reykjavík hefur skýrt svo frá, að það hafi verið eitt heima þriðjudaginn 14. ágúst 1984. Um kl. 19:30 var dyrabjöllunni hringt á íbúð vitnisins á 3. hæð. Fór

vitnið fram á stigapall og mætti tveim ókunnugum mönnum sem spurðu um Hilmar, eiginmann vitnisins. Vitnið sagði þeim að hann væri að heiman en þeir vefengdu það. Eftir þetta ruddust mennirnir inn til að staðreyna fjarveruna án þess að vitnið byði þeim inn.

Mennirnir komu þannig fyrir að vitnið varð strax hrætt við þá. Annar mannanna gekk ögrandi að vitninu og dró upp hníf úr hálsmálinu að aftan. Segir vitnið að það hafi verið maðurinn sem vitnið þekkti af mynd sem ákærða Magnús, sem ógnaði því með hnífnum, sveiflaði honum fyrir framan vitnið og otaði að því. Maðurinn stakk hnífnum í íbúðarhurðina og kastaði honum ofan á borðplötu. Stakkst hnífurinn í plötuna og sveiflaðist skaftið til lengi á eftir. Hinn maðurinn, sem kynnti sig sem Pál Konráðsson og vitnið þekkti á mynd, reyndi að róa ákærða og tók af honum hnífinn, en afhenti honum hann aftur. Segir vitnið að ákærði hafi sagt að Hilmar hefði átt vingott við eiginkonu sína og Páll að hann hefði nauðgað henni. Magnús hefði hótað að „méla" veggklukku ef vitnið segði ekki til manns síns, og vaðið um öll herbergi til að leita, en Páll staðið í ganginum og horft í kringum sig. Er mennirnir höfðu gefist upp á leitinni fóru þeir og höfðu með sér tvo páfagauka í búri. Vitnið var rólegt á meðan mennirnir stóðu við en varð skelfingu lostið eftir á. Að lokum skýrir vitnið svo frá að maður að nafni Sverrir Arason, sem búi í kjallara hússins, hafi sagt því að hann telji að mennirnir hefðu viljað hitta sig, þar sem hann hefði lánað manni frá Akranesi 6.000,00 krónur vegna aksturs með hann og vinkonu hans. Þau hefðu ekki greitt. Sverrir hafði þá hótað að taka sjónvarp stúlkunnar til að knýja á um efndir.

Lögreglunni í Reykjavík var ekki gert viðvart fyrr en klukkan 22.07, og var rætt við hjónin heima hjá þeim. Vitnið Erla Hólmfríður skýrði þá frá með svipuðum hætti og að framan greinir. Fyrr um kvöldið hafði lögreglan fengið tilkynningu um að ofangreindir tvímenningar og þriðji maður, B, hefðu verið á ferð á Miklubraut 60.

Lögreglan sótti þá ákærða og Pál Konráð heim til Páls Konráðs og flutti þá á lögreglustöðina. Í fangageymslunni fannst vasahnífur á ákærða.

Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður fór hinn 15. ágúst 1984 og sótti búrið með fuglunum tveim að Óðinsgötu 8 A og afhenti vitninu Erlu Hólmfríði þá á heimili vitnisins. Við það tækifæri sýndi vitnið lítið stungufar á gangahurð íbúðarinnar að innanverðu og öllu stærra stungufar á sófaborði í stofu. Sagði vitnið að þetta væru förin eftir hnífinn.

Morguninn eftir atburðinn var Páll Konráð yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Þá bar hann að þeir hefðu allir átt óuppgerðar sakir við þennan Hilmar, eiginmann konunnar. Ætluðu þeir að láta hann vita að hann ætti að láta ákveðna stúlku í friði sem þeim fyndist öllum vænt um. Páll Konráð kvaðst ekki hafa tekið upp hníf, en ákærði hefði verið með

vasahníf. Páll Konráð kvaðst ekki hafa orðið var við að Magnús otaði hnífnum að konunni. Þeir hefðu bankað upp á og farið inn er opnað var fyrir þeim. Páll Konráð kvaðst hafa tekið páfagaukana úr búrinu og spurt hvort hann mætti hafa „þetta þangað til Hilmar hefði samband við þá".

Hinn 17. október 1984 greiddi Páll Konráð 4.000 krónur í „miskabætur" til vitnisins Erlu Hólmfríðar vegna málsins.

Þáttur Páls Konráðs í þessu máli var dæmdur í öðru máli. Við meðferð þess kom ekkert nýtt fram hjá honum.

Ákærði Magnús bar næsta morgun hjá rannsóknarlögreglunni að hann hefði farið við 3. mann að Háteigsvegi 14 „til að ná í mann". B hefði beðið niðri en ákærði og Páll Konráð farið upp. Ekki kvaðst ákærði vita erindið en B og Páll hefðu átt eitthvert erindi við manninn, en ákærði vissi ekki hvað það var. Konan í húsinu virtist halda að það væri vegna „framhjáhalds manns hennar" og sagði ákærði þá hafa notað það sem ástæðu fyrir komu þeirra og farið að rugla um einhverja þess háttar vitleysu. Ákærði taldi að konan ruglaði saman nöfnum þeirra Páls Konráðs, því Páll Konráð hefði verið með hnífinn. Að öðru leyti væri frásögn hennar rétt.

Hinn 22. ágúst s.á. bar ákærði við rannsóknina, að þeir þrír hefðu farið að hitta Sverri Arason, sem hefði verið með hótanir við Ásu vinkonu B. Þeir hefðu haldið að Sverrir byggi á efstu hæð hússins. Ákærði minntist þess ekki að það hefði verið hann sem var með hnífinn, og væri hann ekki vanur að ota hnífi að fólki, og þess vegna fyndist honum ósennilegt að það hefði verið hann, sem gerði það. Hins vegar hafi hann verið mjög drukkinn og ruglaður þegar þetta var, og einnig búinn að taka inn einhver lyf.

B hefur skýrt svo frá hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að þeir þrír hefðu verið í „slæmu ástandi" er þeir fóru að Háteigsvegi 14 þar sem þeir höfðu verið „í miklu rugli í marga daga, bæði áfengi og eiturlyfjum". Ætlunin hefði verið að hræða Sverri Arason, sem hefði verið með hótanir við Ásu Jónsdóttur út af peningum sem hann hefði lánað þeim. Ætlunin hefði verið að hræða hann svo að hann „hætti þessu". B kveðst ekki hafa farið inn í húsið, þar eð félagar hans vildu ekki hleypa honum með. Félagarnir hefðu komið aftur út úr húsinu með páfagauka. Páll Konráð hefði verið með fiskihníf en Magnús hefði ekki verið með neinn hníf.

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins að hann hafi komið á heimili Hilmars og konu hans um kvöldmatarleytið umræddan dag í fylgd með Páli Þormar. Ætluðu þeir að hitta annan mann, en fóru íbúðavillt. Ákærði kannast ekki við að hafa ruðst inn í íbúðina, heldur hafi konan boðið þeim inn. Ákærði telur rétt að þeir hafi spurt eftir Hilmari en höfðu þó annan mann í huga.

Ákærði kannast ekki við að hafa ógnað húsmóðurinni með hníf á einn eða annan hátt. Kveðst ákærði aldrei vera með hníf á sér.

Ákærði man að hann bað húsmóðurina að láta mann hennar tala við sig.

Ákærði kveðst hafa séð Pál félaga sinn með hníf í höndum, en man ekki hvort það var þarna eða á Miklubraut 60 skömmu síðar. Ákærði sá ekki Pál ógna konunni með hnífnum. Ákærði sá ekki hníf stungið í borðplötu á Háteigsveginum né í hurð og mótmælir framburði Páls að ákærði hafi verið með hníf á Háteigsveginum.

Ákærði segist hafa verið illa fyrir kallaður þegar skýrsla var tekin af honum daginn eftir atburðinn, og hafi hann því viðurkennt að því væri rétt lýst sem fram kemur í skýrslu lögreglunnar um það sem gerðist á Háteigsvegi 14. Þetta hafi hann látið hafa eftir sér til að losna úr yfirheyrslunni.

Atvik að atburðinum á Háteigsvegi 14 eru á ýmsan hátt óljós, þótt víst megi telja að ákærði og félagi hans hafi farið mannavillt. Ákærði kannast ekki við að hafa verið með hníf á þessum tíma, heldur hafi það verið Páll, en hann segir hið gagnstæða. Hins vegar hefur kærandi haldið því fram, að það hafi verið ákærði sem var með hnífinn. Þegar allt er virt um umræddan atburð þykir ekki vegna stöðu Páls í málinu verða nægjanlega mikið lagt upp úr framburði hans til styrktar framburði kærandans til þess að sakfella ákærða fyrir ógnanir og skemmdir á borðplötu og hurð. Verður ákærði Magnús því sýknaður af broti á 233. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi hans talin brot á 231. gr. almennra hegningarlaga.

2) Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík segir, að kl. 20:18 framangreindan dag hafi verið óskað aðstoðar lögreglunnar að Miklubraut 60. Íbúi þar, Edda Bára Guðbjartsdóttir, skýrði lögreglumönnum svo frá að Páll Konráð hefði komið skömmu áður með tveim henni ókunnugum mönnum, sem reyndust vera ákærðu Magnús og B. Var Edda Bára grátandi og sagði að Páll Konráð hefði komið „að sækja dót" og hefði hann og meðreiðarsveinar hans ógnað sér, og Páll Konráð m.a. verið með hníf. Páll Konráð hefði sagst hafa komið til að sækja myndavél og hring sem stolið hefði verið frá honum. Hefði hann neitað að hafa sýnt kæranda „átroðning eða ofbeldi". Hefðu ákærði og B tekið undir það, en B hefði þó getið þess „að hann hefði tekið hníf af" ákærða. Þremenningunum var vísað burt af Miklubraut 60. Þá höfðu þeir meðferðis fuglabúr með tveim páfagaukum.

Hinn 17. s.m. gaf Edda Bára skýrslu um málavexti hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá skýrði hún svo frá:

„S.l. þriðjudag var ég ein heima er bankað var. Ég opnaði og inn ruddust þrír menn. Einn þeirra kannast ég lítillega við, Pál Konráðsson, hina tvo hafði ég ekki séð áður.

Páll var með hníf í höndunum og beindi hann honum að mér. Þetta var beittur og oddhvass hnífur, skaftið svart en hnífsblaðið um 8 cm langt.

Ég forðaði mér inn í eldhús og þar kröuðu þeir mig af allir þrír. Páll sagðist vera kominn til að sækja hring og myndavél. Það eru munir sem ég hafði fengið hjá stúlku sem ég þekkti til að geyma fyrir hana.

Ég lét þá fá myndavélina og hringinn en þeir fóru ekki en æstu sig af og til upp. Þeir rifu kjaft og röfluðu um hluti sem ég skildi ekki og man ekki en það virtist tómt rugl. Þeir virtust bæði drukknir og í annarlegu ástandi.

Ég var orðin mjög óttaslegin. Margbað ég þá um að fara. Inni í eldhúsi barði Páll mig með krepptum hnefa á bringuna. Ég bar hendurnar fyrir mig og tóku þær af höggin og meiddi ég mig ekki mikið.

Ég var með hring á fingri sem Páll vildi fá og þegar ég afhenti hann ekki strax sagði hann öðrum hinna að koma með hnífinn, hann ætlaði að skera af mér fingurinn. Ég afhenti honum þá strax hringinn en þá ætlaði hann að fara að taka af mér armband líka sem ég gat svo sýnt honum fram á að tilheyrði honum ekki. Annar þeirra sem kom með honum hafði verið búinn að taka af Páli hnífinn.

Hinir tveir höfðu sig í frammi annað slagið og var eins og Páll skipaði þeim fyrir. Þeir sátu fyrir mér í eldhúsinu, svo ég komst ekki undan. Annar sat uppi á eldhúsborði, sá yngri, en sá eldri sat á stól frammi. Eldhúsið er alveg opið.

Þegar sá eldri hafði staðið upp og farið inn í herbergi mitt og ég sá mér fært að komast á milli hinna tveggja skaust ég fram hjá þeim og komst upp þar sem ég hringdi á lögregluna.

Ég fékk hálfgert taugalost og fékk næturlækni til mín um nóttina. Ég treysti mér ekki til vinnu daginn eftir."

Við meðferð málsins hefur vitnið Edda Bára borið með áþekkum hætti. Hefur vitnið sagt að fylgdarmaður Páls hafi ekki haft í frammi við það hótanir og annar þeirra, ákærða (sic), reynt að róa hana.

Páll Konráð hefur skýrt svo frá að hann hafi farið með ákærðu Magnúsi og B heim til Eddu Báru, þar eð hann átti við hana „óuppgerðar sakir". Hefðu þeir knúið dyr og Edda Bára opnað. Er þeir hefðu gengið inn hefði Páll Konráð beðið um „demantshring úr hvítagulli og myndavél". Edda Bára hefði sagt að hún hefði ekki þá gripi. „Þá tek ég upp hníf, beini honum að henni og segist ekki nenna að standa í þessu. Hún tók þá hringinn af fingrinum, en ég sagði að þetta væri ekki nóg. Ég opnaði skúffu og fann þar dót sem látin móðir mín átti. Tók ég það. Hún afhenti mér svo myndavélina. Edda Bára slapp svo fram hjá mér og hlóp upp til að hringja á lögregluna." Páll Konráð bar, að fyrir sér hefði ekki vakað að gera stúlkunni mein, hann hefði aðeins viljað heimta aftur hluti sína sem stolið hefði verið frá honum við innbrot í janúarmánuði 1984.

Ákærði hefur skýrt svo frá að þremenningarnir hefðu farið frá Háteigsvegi 14 að Miklubraut 60 þar sem Páll Konráð „átti þangað erindi" vegna muna, gullhrings og keðju, sem hefði verið stolið úr eigu móður hans og systur að Óðinsgötu 8 A. Þeir hefðu knúið dyr og verið hleypt inn. Páll Konráð hefði „ógnað stelpunni með hnífnum". Ákærði kveðst hafa „stoppað Pál af, en ég held samt að hann hafi bara ætlað að hræða hana en ekki stinga". Páll Konráð hefði tekið þarna „myndavél og hring en hann segir að helling vanti". Ákærði kannast ekki við að þeir hafi ruðst inn.

Ákærði B hefur skýrt svo frá að húsið Miklabraut 60 hafi verið ólæst. Þeir hefðu bankað á íbúðardyr og stúlka opnað. Páll hefði viljað fara inn til að ná í hluti sem hann átti. Hefði Páll Konráð farið að skamma stúlkuna í eldhúsinu. Ákærði B kveðst hafa sest upp á eldhúsborðið og ákærði Magnús hefði sest í símastól í ganginum, en eldhúsið væri (sic) opið. Ákærði B kveðst ekki hafa tekið eftir að Páll Konráð „tæki upp hnífinn", en hann hefði „tuskast eitthvað við stelpuna" sem slapp og hringdi á lögregluna. Páll Konráð hefði viljað bíða komu hennar vegna þýfisins sem hann taldi vera þarna. Lögreglan hefði „hirt" þá og farið með þá á Óðinsgötu heim til Páls Konráðs. Þremenningar sögðu lögreglunni að þeir ættu páfagaukana.

Matthildur Eiðsdóttir hefur skýrt svo frá, að „Óli Halldórs" hefði brotist inn hjá Páli Konráð og hann gefið henni demantshring úr þýfinu. Vissi Matthildur hvernig Óli Halldórs fékk hringinn en fannst samt ekki ólíklegt að hringurinn hefði verið illa fenginn hjá Páli Konráð, áður en Óli stal honum. Matthildur kveðst hafa skuldað Eddu Báru peninga og látið hana fá hringinn sem greiðslu á skuldinni.

Með framburði ákærða og sjónarvotta og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði ruddist inn á heimili Eddu Báru. Hins vegar er gegn neitun ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu ósannað að hann hafi átt hlut að því að ógna Eddu Báru með hníf. Ákærði Magnús er því sýknaður af broti á 233. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi hans varðar við 231. gr. sömu laga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu og öðrum upplýsingum hafa þeir sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

— — —

Ákærði Magnús:

— — —

[Sakavottorð ákærða tilgreinir 21 refsidóm, uppkveðna á árabilinu 1967 - 1983, svo og 17 sektir samkvæmt dómsátt.]

Refsingar.

— — —

Ákærða Magnúsi verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

— — —

Ákærði Magnús sætti gæsluvarðhaldi frá 28. október 1984 klukkan 17:05 til 7. nóvember s.á. klukkan 17:00 eða í 10 daga.

— — —

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að allt framangreint gæsluvarðhald komi refsingum fjögurra hinna fyrstnefndu ákærðu til frádráttar og að því er ákærðu D og E varðar ef refsingar þeirra koma til framkvæmda.

— — —

Skaðabætur.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir svohljóðandi skaðabótakröfu:

„Vér viljum hér með leggja fram eftirfarandi bótakröfur fyrir tjóni því er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins varð fyrir er brotist var inn í útsölu stofnunarinnar á Akranesi aðfaranótt fimmtudags 25. október 1984.

Samkvæmt vörutalningu, sem framkvæmd var af fulltrúum ríkisendurskoðanda hinn 25. október, reyndist vöntun á tóbaksbirgðum nema ..... kr. 71.225,00

..... kr. 91.870,00

Samtals kr. 163.095,00

Þegar rannsóknarlögreglan hafði upplýst málið og innbrotsmennirnir meðgengið verknaðinn skiluðu þeir eftirfarandi tóbaki og áfengi í krónum talið:

Áfengi	kr.	34.000,00
Tóbak	kr.	5.599,00
	kr.	39.599,00

Mismunur þess, sem virðist hafa verið stolið, og hins er í leitirnar kom er því kr. 123.496,00.

Kröfur þær, sem vér gerum til innbrotsmannanna um endurgreiðslu verða sem hér segir:

1. Vöntun í tóbaks- og áfengisbirgðir ..... kr. 123.599,00
2. Laun þriggja manna frá ríkisendurskoðanda í 20 tíma ..... kr. 26.760,00
3. Vinna og efni vegna skemmda á útidyrum og búnaði samkvæmt reikn. ..... kr. 179.906,00

kr. 330.265,00“

ÁTVR hefur lækkað 3. lið kröfunnar úr 179.906,00 krónum í 66.359,50 krónur, þar sem kostnaður við þjófavarnarkerfi hafði áður verið ranglega meðtalinn.

Fyrsta og öðrum lið kröfu þessarar fylgja engin frekari gögn og eru þeir því með öllu ófullnægjandi og órökstuddir. Verður kröfunni að því er þessa liði varðar því vísað frá dómi. Að því er varðar 3. liðinn gegnir hins vegar öðru máli, þar sem fullnægjandi fylgiskjöl eru fyrir hendi um tjón það sem þar er gerð krafa um að verði bætt, samtals kr. 66.359,50, og verða ákærðu A, Magnús, B og C því dæmdir til greiðslu þeirrar fjárhæðar óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu greiða málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna svo sem nánar greinir í dómsorði, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 66 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 10 daga gæsluvarðhald.

Ákærði B sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 66 daga gæsluvarðhald.

Ákærði C sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 7 daga gæsluvarðhald.

Ákærði D sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði E sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði F sæti fangelsi í 30 daga.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu D og E, og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Komi refsingarnar til framkvæmda, skal draga frá refsingu ákærða

D 6 daga gæsluvarðhald og frá refsingu ákærða E 4 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði D skal sæta upptöku til ríkissjóðs á einhleyptri haglabyssu af gerðinni Baikal I J-18, kalíber 12.

Ákærðu A, Magnús, B og C greiði óskipt í bætur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 66.359,50 krónur.

Ákærði A greiði Guðnýju Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanni 12.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu Magnús og B greiði Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni 20.000,00 krónur í málsvarnarlaun óskipt.

Ákærði D greiði Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni 12.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði E greiði Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni 12.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Sverrir Einarsson.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði klukkan 16:00 og er enginn hinna dómfelldu viðstaddur né neinn fyrir þeirra hönd.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 700 - 702/1986: Ákæruvaldið gegn ákærðu Magnúsi Einarssyni, M og U, sem tekið var til dóms þann 11. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 15. janúar 1986 gegn ákærðu Magnúsi Einarssyni, Bergstaðastræti 33, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 6. desember 1948, X ... og Y ...

Í ákæruskjali segir svo:

„I. Mál er höfðað á hendur Magnúsi einum fyrir gripdeild með því að hafa föstudagskvöldið 12. október 1984 hrifsað allt að 7.000 krónur úr peningakassa í söluturninum Tvistinum, Lokastíg 28 í Reykjavík, og haft á brott með sér.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Á hendur ákærðu öllum fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 4. mars 1985 brotist inn í söluskála Skeljungs h.f. við Brúartorg í Borgarnesi og stolið allt að 220.000 krónum í peningum og tékkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Um klukkan 22:05 að kvöldi föstudagsins 12. október 1984 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að tvær grímuklæddar manneskjur hefðu ruðst inn í sjoppuna Tvistinn við Lokastíg 28 hér í borg. Önnur þeirra hefði stokkið yfir afgreiðsluborðið, tekið þar peninga úr peningakassa og báðar hlaupið á brott vestur Lokastíg. Var þegar send út tilkynning þess efnis um fjarskipti. Lögreglumennirnir Sigurður Friðrik Sigurðsson, Karl Hjartarson og Hans Markús Hafsteinsson voru í lögreglubifreið í eftirlitsferð skammt frá og héldu þegar á vettvang.

Í frumskýrslu Sigurðar um málið segir að öðrum aðilanum hafi verið lýst þannig að hann hafi verið í svörtum bol með mynstri framan á eða mynd í gulum og rauðum litum, dökkhærður í leðurjakka og snjáðum gallabuxum. Hinn hafi verið í lopasokkum, gallabuxum, dökkhærður og nokkru minni. Á leiðinni óku lögreglumennirnir um Bergstaðastræti, þar sem þeim var kunnugt um að lausungarlýður heldur til að Bergstaðastræti 33. Þar fyrir utan sáu þeir ákærða, sem þar hafði aðsetur, og Hallgerði Hauksdóttur. Þar sem lýsing á ofangreindum aðilum gat komið heim og saman við þau voru þau handtekin. Við húsið fannst svartur plastpoki með tveim götum. Við leit í nágrenninu fannst sams konar poki ásamt koddaveri við hús nr. 19 við sömu götu. Þá fannst brúnn flauelsjakki í húsagarði við Lokastíg 6. Jörð var blaut, en úlpan þurr og heit.

Við leit á hinum handteknu fundust engir peningar. Var ekið með þau að sjoppunni Tvistinum. Afgreiðslustúlkan, Elísabet Ley, taldi ákærða vera annan þeirra sem ruddist þá skömmu áður grímuklæddur inn í sjoppuna. Hún taldi að stolið hefði verið 5 - 7000 krónum í 100 króna seðlum og e.t.v. einhverju af 50 króna seðlum, en annar hinna grímuklæddu hefði misst 900 krónur á leiðinni út. Í skýrslu Sigurðar segir ennfremur að fundist hafi í lögreglubifreiðinni þriðja gríma sömu gerðar og fannst við Bergstaðastræti 29 og 33.

Skömmu síðar komu rannsóknarlögreglumenn á vettvang. Í skýrslu þeirra um málið segir að afgreiðslustúlkan hafi borið að hún hafi verið ein við afgreiðslu þegar hinar grímuklæddu manneskjur ruddust inn. Önnur vippaði sér yfir afgreiðsluborðið, hrinti henni til hliðar og tók peningana úr peningakassanum. Hin stóð á meðan við útidyrnar og hélt grímunni, svörtum plastpoka með götum á, um hálsinn. Sú fyrrnefnda var í snjáðum gallabuxum og ullarsokkum, en sú síðarnefnda í svörtum jakka og svörtum bol með áletruninni UB40.

Ákærði hefur allt frá handtöku neitað sakargiftum og borið að hann hafi verið að koma gangandi úr sjoppu á horni Grundarstígs og Skálholtsstígs, en að öðru leyti verið heima allt kvöldið ásamt Hallgerði og fleira fólki.

Þegar hann var handtekinn var hann klæddur í svartar síðbuxur, svartan stutterma bol með skrautmynd í mörgum litum framan á, en fyrir ofan hana stafirnir UB40 í hvítum lit. Þá var hann í svörtum leðurstígvélum. Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna, sem öll hafa komið fyrir dóm.

Elísabet Ley bar á sama veg og greint var frá í framangreindum lögregluskýrslum. Hún hafi verið að afgreiða konu sem flýtti sér út. Annar hinna grímuklæddu hafi vippað sér umsvifalaust yfir afgreiðsluborðið eftir að þeir ruddust inn. Sá hafi verið í flauelsúlpu og snjáðum gallabuxum, greinilega karlmaður, en um hinn geti hún ekki fullyrt, enda hafi báðir verið grímuklæddir. Sá síðarnefndi hafi staðið á meðan á þessu stóð órólegur við dyrnar. Hann hafi verið allur svartklæddur, í svörtum leðurjakka og í svörtum bol með áletruninni UB40. Grímurnar á báðum hafi verið úr snjáðum, svörtum plastpokum með götum fyrir augu og munn. Hún hafi vikið sér undan, þegar maðurinn stökk yfir borðið, en engin orðaskipti eða hótanir hafi átt sér stað. Þeir hafi staðið við í um eina mínútu og haft á brott með sér úr peningakassanum um 5000 - 7000 krónur. Þeir hafi báðir hlaupið út og niður Lokastíginn, en kona sem kom inn, sá þá hlaupa þá leið. Það hafi maður ætlað að koma inn á meðan þeir voru enn inni, en sá við dyrnar hafi ýtt honum út. Skömmu eftir að hún hringdi á lögreglu komu lögreglumenn á staðinn með mann og konu í lögreglubifreiðinni. Hún þekkti ákærða, þar sem hann hafði komið u.þ.b. ári áður í sjoppuna og haft í hótunum við hana. Henni hafi strax fundist hún endurþekkja bolinn og leðurjakkann sem ákærði var í, svo og svarta pokann.

Elísabetu voru sýndar í dóminum ljósmyndir rannsóknarlögreglu af fatnaði þeim sem ákærði var í þegar hann var handtekinn og flauelsjakkanum sem fannst við Lokastíg 6, svo og af framangreindum plastpokum. Kannaðist hún við fatnaðinn og plastpokana.

Guðbjörg Jónsdóttir kveðst hafa komið að umræddri sjoppu um kl. 22:00 þetta kvöld. Eiginmaður hennar, Uffe Balslev Eriksen, hafi ekið henni þangað. Sá hún tvær mannverur standa í skoti við inngang að Lokastíg 28 og sneru þær við henni baki. Útiljós hafi logað í innganginum, sem snýr að Lokastíg. Hún hafi verið ein fyrir framan afgreiðsluborðið þegar tvær manneskjur ruddust inn. Önnur vippaði sér yfir borðið og fór orðalaust að peningaskúffunni á meðan hin stóð fyrir framan afgreiðsluborðið. Komst hún óhindruð út, en strax á eftir komu þessar manneskjur út á eftir henni og hlupu mjög hratt vestur Lokastíginn. Eiginmaður hennar var þá kominn út úr bílnum og hljóp á eftir þeim Njarðargötuna og niður Þórsgötu og ætlaði að freista þess að koma á móti þeim, en missti af þeim.

Guðbjörg lýsti mannverunum tveim á þann veg, þegar hún sá þær í skotinu við Lokastíginn, að önnur var í snjáðum gallabuxum, í brúnum jakka,

e.t.v. úr rúskinni, með ljósleitt skollitað hár, en hin frekar sítt dökkt hár og telur að hún hafi verið dökkklædd. Hún kvaðst vera nokkuð viss um að þetta hafi verið tveir karlmenn, þó hafi dökkhærða mannveran sem sneri við henni baki getað verið kvenmaður, þar sem hún hafi verið fínlegri og kvenlegri í samanburði við hina. Er hún sá þessar persónur í sundinu voru þær grímulausar, en þegar þær ruddust inn í sjoppuna var önnur með svartan plastpoka yfir höfðinu, en hin að hún telur með einhverja ljósa dulu. Grímunum héldu þær saman með höndunum um hálsinn. Sú ljóshærðari og stærri hafi vippað sér yfir borðið en hin, sem var dekkri og minni, stóð fyrir framan. Önnur þeirra hafi verið í skræpóttri skyrtu.

Eiginmaður Guðbjargar, Uffe Balslev Eriksen, kvaðst hafa beðið í bifreiðinni fyrir utan eftir konu sinni og sneri baki í dyrnar á sjoppunni. Þegar hún kom út skýrði hún honum frá því sem skeð hafði og hljóp hann þá vestur Lokastíginn að gatnamótum Baldursgötu og Þórsgötu en varð einskis var.

Þórir Guðmundsson kvaðst hafa verið að koma að sjoppunni umrætt kvöld, þegar hann mætti tveim persónum, sem komu þar út. Önnur gerði sig líklega til að sparka í hann. Því næst gengu þær niður Lokastíginn, en þegar þær höfðu gengið ca 10 - 20 metra tóku þær á rás og hlupu. Báðar þessar persónur voru með poka yfir höfðinu, sem náðu ca niður undir mitti, en hann treysti sér ekki til að lýsa klæðaburðinum nánar, enda myrkur. Þóri voru sýndar í dóminum ljósmyndir rannsóknarlögreglu af plastpokum þeim sem áður er getið, og kvað hann þá mjög líka þeim sem hann sá persónurnar tvær með.

Sigurður Friðrik Sigurðsson lögreglumaður staðfesti framangreinda skýrslu sína fyrir dóminum. Lýsti hann aðdraganda að handtöku ákærða á sama veg og að framan greinir. Þegar þeir komu að ákærða fyrir utan heimili hans hafi hann bersýnilega verið móður eins og eftir hlaup. Í tilkynningu frá fjarskiptum hafi því verið lýst að þeir grunuðu hefðu verið með poka yfir andlitinu. Við leit í nágrenninu hefðu svo fundist tveir svartir plastpokar, koddaver með gati og ljósbrúnn rúskinnsjakki, svo sem hann lýsti nánar í frumskýrslu. Afgreiðslustúlkan í sjoppunni hafi séð ákærða í lögreglubílnum og talið sig þekkja hann af bolnum, sem hann var í.

Sigurður bar að í lögreglubíl þeim sem flutti ákærða og Hallgerði Hauksdóttur frá handtökustað á lögreglustöðina hefði fundist svartur, slitinn plastpoki með götum sams konar þeim sem þeir höfðu áður fundið. Pokinn hafi fundist aftan við þversætið, framan við bekkinn vinstra megin í bílnum. Hafi hann augsýnilega verið falinn þar.

Framburður lögreglumannanna Hans Markúsar og Karls var á sama veg og Sigurðar Friðriks. Báru þeir báðir að svartur plastpoki hafi fundist í lögreglubifreiðinni, sams konar þeim sem þeir höfðu áður fundið. Kvaðst

Karl hafa verið að loka afturhurð bifreiðarinnar þegar hann sá í pokann á ofangreindum stað. Þá báru báðir að ákærði hafi verið móður eins og eftir hlaup þegar þeir komu að honum við Bergstaðastræti 33. Hann hafi neitað sakargiftum við handtökuna.

Hallgerður Hauksdóttir kvaðst hafa verið að fara út með rusl umrætt sinn þegar ákærða bar þar að og hafi hann komið gangandi suður Bergstaðastræti. Kvaðst hún ekki minnast þess að ákærði hafi komið hlaupandi eða verið móður. Hún hafi heilsað ákærða, en þá hafi lögreglan komið og handtekið þau bæði. Hún kannaðist ekki við að hafa vitneskju um málið. Hún sagði að á leiðinni í lögreglubifreiðinni hefði hún séð svartan plastpoka á gólfinu í bílnum eftir að ákærði hreyfði sig eitthvað. Hann hafi síðan hent pokanum til hennar og hafi hún ýtt honum undir sætið á bílnum. Pokinn hafi verið í kuðli og svipaður þeim sem henni var sýnd mynd af í dóminum. Sú mynd var af poka þeim, sem lögreglumenn fundu og ljósmyndaður var af rannsóknarlögreglu. Hún kveðst hafa gert sér grein fyrir að ákærði vildi losna við þennan poka.

Rannsóknarlögreglumennirnir, Bjarni J. Bogason og Steindór Gunnarsson, önnuðust ljósmyndun af vettvangi og munum þeim sem fundust í nágrenni hans, klæðnaði ákærða við handtöku o.fl. Komu þeir báðir fyrir dóminn og staðfestu töku og uppsetningu ljósmyndanna og uppdrátta þeirra, sem frammi liggja í málinu.

Með framburði ofangreindra þriggja lögreglumanna og lýsingu annarra framangreindra vitna á klæðaburði þeirra tveggja sem ruddust inn í sjoppuna Tvistinn umrætt kvöld, en klæðnaður ákærða, sem var handtekinn þar skammt frá örskömmu síðar, kemur heim og saman við þá lýsingu, svo og með framburði Hallgerðar Hauksdóttur, þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða Magnúsar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir í I. kafla ákæru og varðar við 245. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggur frammi skaðabótakrafa Sveins Jónssonar eiganda Tvistsins, Lokastíg 28, R., að fjárhæð kr. 6.000,00, og verður krafan tekin til greina og ákærði dæmdur til greiðslu hennar.

II.

Um kl. 08:15 að morgni mánudagsins 4. mars 1985 hringdi Þorsteinn Jóhannesson, starfsmaður söluskála Shellstöðvarinnar við Brúartorg, Borgarnesi, í lögregluna í Borgarnesi og tilkynnti um innbrot í söluskálann þá um nóttina. Fóru tveir lögreglumenn á staðinn. Gler hafði verið brotið í sölulúgu og farið þar inn. Læstum dyrum að skrifstofu hafði verið sparkað upp og læst skrifborðsskúffa spennt upp. Úr skúffunni hafi verið tekinn lykill að peningaskáp og hann opnaður. Í honum hafði verið skúffa

sem var horfin. Í skúffunni voru umslög með helgarsölu söluskálans í peningum og tékkum. Þá var horfinn pappakassi úr ólæstum skáp undir peningaskápnum með skiptimynt. Talið var að horfið hefðu 220 - 250 þúsund krónur í peningum og tékkum og tvö óútfyllt tékkhefti.

Í lögregluskýrslunni segir að við komu á vettvang hafi verið snjóföl á jörð, en að sögn Þorsteins Jóhannessonar hefðu engin för verið í snjónum er hann kom á staðinn um kl. 08:00 um morguninn. Snjóföl hafi verið um kl. 06:00 um morguninn en ekki farið að snjóa um kl. 03:20 um nóttina.

Við könnun á vettvangi, sem rannsóknarlögreglan myndaði, kom í ljós að á skrifstofuhurðinni sáust tvö skóför eftir sama skóinn. Um þetta segir svo í lögregluskýrslunni:

„Var annað farið við hurðarhúninn, en hitt var nokkuð hærra og nær miðju hurðar, í um 115 sm hæð frá gólfi. Skóstærð var um nr. 42 - 43. Munstur var: risbárur þvert á sólann, milli bárutoppanna mældust 10 m/m og þykkt á báru mældist 7 m/m. Á jaðri skófarsins greindust fínar þverrákir eða rifflur. Voru skóförin ljósmynduð og síðan kústuð með fingrafaradufti og þá ljósmynduð aftur."

Leitað var fingrafara á vettvangi en án árangurs.

Um kl. 18:05 þriðjudaginn 5. mars barst lögreglunni í Borgarnesi tilkynning þess efnis að Ingvi Þorsteinsson, starfsmaður Vegagerðarinnar, hefði skömmu eftir hádegið fundið hluta af þýfinu í fjörunni neðan við Hlaðhamar í Hvalfirði. Tveir rannsóknarlögreglumenn Rannsóknarlögreglu ríkisins fóru á fund Ingva sem afhenti þeim þýfið. Kvaðst hann hafa fundið stálskúffu í fjörunni og hjá henni plastpoka með ávísunum að fjárhæð kr. 81.581,80, reikningum o.fl. pappírum, ávísanaheftum ásamt 100 dönskum krónum. Ingvi fór með rannsóknarlögreglumönnunum á vettvang og sýndi þeim staðinn þar sem hann fann þýfið. Ljósmynduðu þeir vettvang. Sjá mátti að þarna hafði nýlega verið farið um gangandi frá vegarbrúninni og niður í fjöruna á umræddan stað. M.a. var tekin þarna ljósmynd (nærmynd) af hælfari eftir skó.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 8. mars 1985 viðurkenndi ákærði Y að hann hefði ásamt meðákærðu Magnúsi og X tekið þátt í ofangreindu innbroti. Föstudags- eða laugardagskvöldið áður hafi Magnús hringt í hann og rætt um það að þeir heimsæktu Má sem dvaldi þá í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Afráðið var að það mundu þeir gera næsta sunnudag. Magnús bað hann að hitta sig á Grettisgötu þar sem vinstúlka hans býr. Magnús hafi áður rætt um það að þeir myndu ræða um innbrot við X í þessari ferð. Hann hafi svo komið um kl. 13:30 á Grettisgötuna og flautað, eins og um hafði verið rætt þeirra í milli. Magnús og stúlkan, Anný að nafni, hafi komið út í bílinn og þau ekið að Hlaðgerðarkoti. Þau hafi hitt Má og öll farið inn í herbergi hans. Strax hafi verið rætt um

þjófnaði og innbrot. Upphaflega hafi verið rætt um að brjótast inn á Selfossi, en samkvæmt uppástungu X hafi verið afráðið að fara upp í Borgarnes og brjótast þar inn í bensínstöð Shell. Afráðið var að þeir þrír færu í innbrotið á sunnudagskvöldið. Anný hafi verið vitni að þessum samræðum. Þarna hafi einnig verið afráðið að Magnús útvegaði bílaleigubíl, og átti að fá mann, sem heitir Guðni og býr á Rauðarárstíg, til að taka bílinn á leigu. Y kvaðst sjálfur hafa látið Magnús fá kr. 4.000,00 í peningum til að hann gæti greitt Guðna inn á leiguna. Hafi hann látið Magnús fá þessa peninga, þegar hann skildi við hann að aflokinni heimsókninni til X fyrir utan heimili Annýjar á Grettisgötunni, en það var um kl. 15:00. Um það hafi verið samið að þeir Magnús myndu sækja X að afleggjara fyrir neðan Hlaðgerðarkot kl. 01:15 þá um nóttina, en þaðan skyldi halda til Borgarness. Þeir Magnús hafi hist um kl. 21:00 á sunnudagskvöldið á Lækjartorgi og gengið saman upp á Grettisgötu að heimili Annýjar. Þar fyrir framan stóð ljósbrún sendibifreið af gerðinni Subaru. Magnús hafi sagt að Guðni hefði tekið bílinn á leigu fyrir hann. Þessu næst óku þeir á bílnum að Hlemmi og þaðan í Ártúnsholt til að kanna hvort þeir gætu stolið þar einhvers staðar verkfærum til að nota við innbrotið. Þarna í hverfinu sá hann vinnuskúr sem hann fór inn í, og þar stal hann kúbeini og hamri. Eftir þetta óku þeir um bæinn, en um kl. 23:00 fóru þeir í Laugarásbíó. Að sýningu lokinni, skömmu fyrir klukkan eitt, óku þeir að Hlaðgerðarkoti á umsamdan stað, og kom þá X gangandi á móti þeim. Þaðan óku þeir þrír í Borgarnes eins og um var talað. Þeir lögðu bifreiðinni við þjóðveginn skammt frá bensínstöð Shell. X braut þar upp lúgu með kúbeininu, sem þeir Magnús höfðu stolið, skreið inn um gatið og opnaði hurð, sem snýr út að þjóðveginum. Þegar þeir voru allir þrír komnir inn sparkaði X upp hurð að skrifstofu og braut síðan upp skrifborðsskúffu, sem í reyndust vera lyklar að peningaskáp, sem þarna var. Í hólfi í honum voru tékkar, kr. 104.000,00 í peningum, eitthvað af útfylltum tékkum, nótu og fleiri pappírum. Tóku þeir hólfið með sér og skoðuðu í það á leiðinni til baka. Þegar þeir voru komnir skammt frá Botnsskálanum í Hvalfirði fóru þeir Magnús með skúffuna niður í fjöru og skildu þar eftir ásamt plastpoka með smámynt, en kúbeininu og hamrinum henti hann út í sjó. Á leiðinni skiptu þeir með sér peningunum og kom í hlut hvers um 34.000,00 krónur. Þeir skildu við X á sama stað og þeir tóku hann upp í og óku sem leið lá að heimili Guðna við Rauðarárstíg, þar sem hann skildi bílinn eftir og fékk Magnúsi lyklana að honum. Þarna fyrir utan hittu þeir leigubílstjóra að nafni Gísli sem ók þeim að Kaffivagninum við Grandagarð. Þarna fór hann úr bílnum, en Magnús og Gísli óku á brott. Skömmu síðar kom Magnús aftur að Kaffivagninum og þá hafi hann sagt að hann væri búinn að losa sig við peningana. Skildist honum að Magnús hefði látið

Gísla hafa peningana. Sjálfur eyddi hann peningunum, sem komu í hans hlut, í óreglu, að undanskildum 1.000,00 krónum sem hann skilaði til rannsóknarlögreglu.

Ákærði Y bar í öllum atriðum á sama veg og fyrir dóminum. Kvað hann hafa verið þurrt og úrkomulaust á leiðinni í Borgarnes, en á heimleiðinni hafi verið farið að snjóa.

Daginn eftir framangreindan þjófnað beindust grunsemdir rannsóknarlögreglumanna að skutbifreiðinni R-55755, af gerðinni Subaru, ljósbrúnni að lit, þar sem henni var ekið um Hlemm, og margt manna var í henni. Við nánari rannsókn kom í ljós að skráður eigandi hennar var Bílaleigan Vík, og hafði Guðni Geir Helgason, Rauðarárstíg 28, R., tekið hana á leigu daginn áður kl. 16:15 til sólarhrings, en ekki skilað henni á tilskildum tíma. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður síðar þennan sama dag, og hafði henni þá verið ekið á leigutímanum 435 km.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu að kvöldi þessa sama dags var Guðni Geir yfirheyrður. Kvað hann ákærða Magnús Einarsson hafa beðið sig að taka bifreiðina á leigu fyrir hann þá er þeir hittust daginn áður á Hlemmi um kl. 16:00. Magnús hafi beðið hann að leggja út fyrir tryggingunni á bílnum, og hafi hann ætlað að endurgreiða sér daginn eftir og greiða þá jafnframt leiguna á bílnum. Fyrir þetta ætlaði Magnús að láta hann hafa brennivínsflösku. Hann hafi tekið bílinn á leigu hjá bílaleigunni Vík til sólarhrings, en Magnús hafi ætlað að útvega annan ökumann til að aka bifreiðinni einhverra erinda, en ekki vissi hann hverra, en hann hafi beðið sig að leigja skutbifreið. Hann hafi sótt Magnús á Umferðarmiðstöðina þegar hann hafði sótt bílinn á leiguna og ekið honum heim til sín á Rauðarárstíg þar sem hann afhenti Magnúsi lyklana að bílnum. Næsta morgun milli kl. 10:00 og 11:00 hafi hann hitt Magnús á Hlemmi, og stóð þá bifreiðin fyrir utan heimili hans á Rauðarárstíg. Lét Magnús hann hafa lyklana að bifreiðinni sem þá var nokkuð aurug. Þetta sama kvöld hafi hann lánað einhverjum strák, sem heitir Jóhann, bílaleigubílinn og hafi sá skilað bifreiðinni daginn eftir kl. 14:00. Hafi Jóhann sagt að akstur hans á bílnum hafi verið óverulegur. Skömmu eftir það kvaðst hann hafa verið í bílnum með fleira fólki, m.a. Magnúsi og Kristjáni Haukssyni, en þá verið handtekinn. Framburður Guðna Geirs var í öllum meginatriðum á sama veg fyrir dómi.

Gísli Snorrason var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu þann 11. mars sama ár svo og fyrir dómi. Hann kannaðist við að hann hefði hitt ákærða Magnús aðfaranótt mánudagsins 4. mars á Rauðarárstíg. Með honum hafi verið strákur sem hann þekki ekki. Hann hafi ekið þeim að Kaffivagninum á Grandagarði þar sem strákurinn fór út, en hann hafi ekið Magnúsi að Bárugötu. Er þangað kom var enginn heima svo Magnús bað hann að aka

sér aftur að Kaffivagninum. Þá hafi klukkan verið um 5:00 um morguninn. Þar hafi hann látið sig hafa 20.000,00 krónur. Magnús hafi greitt honum með þessum peningum skuld að fjárhæð kr. 10.000,00, en beðið hann að geyma fyrir sig kr. 10.000,00 þar til síðar, en hvenær Magnús ætlaði að vitja peninganna vissi hann ekki. Hann kvaðst hvorki vita hvaðan peningarnir voru komnir né hvers vegna hann átti að geyma þá fyrir Magnús.

Gísli afhenti rannsóknarlögreglu ofangreindar 20.000,00 krónur, sem komið var til skila.

Anný Margrét Ólafsdóttir, þáverandi vinstúlka ákærða Magnúsar, var yfirheyrð fyrir lögreglu þann 7. mars sama ár.

Var hún í upphafi yfirheyrslunnar yfirheyrð sem vitni. Hún bar að hún hefði verið samvistum við ákærða Magnús allan laugardaginn 2. mars og fram á sunnudag.

Þá greindi hún frá ferðum Magnúsar þennan sunnudag. Er á leið yfirheyrsluna breytti hún framburði sínum og kvaðst hafa sagt ósatt um ferðir Magnúsar þennan dag. Var hún yfirheyrð eftir það sem grunuð. Hún kvað ákærða Y hafa komið heim til sín á Grettisgötuna um kl. 13:00 þennan dag, en þá voru þau Magnús þar. Y hafi verið á rauðri bifreið, sem hann ók þeim í að Hlaðgerðarkoti. Þar hittu þau ákærða X. Fóru þau inn í herbergi hans og voru þar um hálfa klukkustund. X og Y hafi talað um að taka á leigu bílaleigubíl og ræddu þeir um að fara eitthvað í bílnum, en hvert vissi hún ekki. Þeir hafi talað undir rós og fannst henni að þeir væru e.t.v. að tala um að ræna einhvern stað. Þó gat hún ekki vitað þetta með vissu. Á samræðum þeirra hafi henni skilist að Y og Magnús ætluðu að hitta X við einhvern afleggjara um kvöldið. Henni hafi skilist að X þekkti einhvern mann, sem myndi taka fyrir þá bílinn á leigu. Um klukkan 16:00 - 16:30 þennan sunnudag sýndi Magnús henni bíllykla og kvað þá vera að bílaleigubíl, sem hann væri með á leigu. Benti hann henni á bílinn, brúna skutbifreið af gerðinni Subaru, þar sem hann stóð við Grettisgötuna. Þau hafi ekki notað bílinn á meðan þau voru saman, en leiðir þeirra skildu þegar afi hennar ók henni frá heimili hennar um kl. 19:15 á Umferðarmiðstöðina.

Anný Margrét var yfirheyrð fyrir dóminum þann 13. mars sl. Kvaðst hún vera starfsstúlka og byggi hjá afa sínum og ömmu á Grettisgötu 33B. Hún gat þess ekki að hún hefði gifst ákærða Magnúsi þann 25. janúar 1986, svo sem dómaranum barst síðar til eyrna og fékk staðfestingu á þann 17. september sl. með hjónavígsluvottorði þeirra. Var Anný því yfirheyrð í dóminum sem vitni, en af ofangreindum ástæðum var ekki gætt ákvæða 1. tl. 89. gr. nr. 74/1974.

Hún bar í meginatriðum á sama veg fyrir dóminum og fyrr, en bætti því nú við að ákærði Magnús hefði brugðið sér úr herberginu á meðan

á ofangreindu samtali stóð, þ.e. það hafi verið þeir Y og X sem ræddu undir rós um að fara í innbrot eða vinnu, jafnvel hafi þeir rætt um að ráða sig á skip, en hún gat ekki áttað sig frekar á því um hvað þeir voru að tala. Hún neitaði því að ákærðu Magnús eða X hefðu reynt að hafa áhrif á framburð hennar og frekari samprófun við ákærða Y bar ekki árangur.

Vitnið Kristján Hauksson, sem var í ofangreindum bílaleigubíl þegar lögreglan hafði af honum afskipti, var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu þann 6. mars 1985 og fyrir dómi þann 13. nóvember sl.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kannaðist hann við að hann hefði verið farþegi í umræddum bílaleigubíl ásamt fleira fólki mánudaginn 4. mars og hitt þá ákærða Magnús, sem kom í bifreiðina er hann yfirgaf hana. Stúlka að nafni Anna María hafi ekið bifreiðinni. Hann hafi frétt að Magnús og Guðni hafi verið með bílinn á leigu. Þetta sama kvöld hafi hann komið á heimili Guðna og var þá Magnús þar. Magnús hafi verið „alveg brjálaður" vegna þess að ekki var búið að skila bílaleigubílnum. Kristján kvaðst ekkert frekar vita um notkun bílsins.

Þegar Kristján var yfirheyrður fyrir dómi kvaðst hann muna óljóst eftir atvikum, en kannaðist við undirskrift sína undir skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu. Hann kvaðst þó ekki vita hvort skýrslan væri sannleikanum samkvæm. Hann taldi að Guðni Geir hefði verið með bílaleigubílinn á leigu, en Anna María hefði sagt honum að Magnús hefði verið með bílinn á leigu. Hann minntist þess hvorki að hann hefði verið í bílnum samtímis Magnúsi né að hafa hitt hann á heimili Guðna Geirs né ofangreindra ummæla Magnúsar þar. Hann kvaðst ráma í að hafa komið á heimili Guðna Geirs svo og veru sína í bílnum, en um annað það sem eftir honum er haft í skýrslu rannsóknarlögreglu kvaðst hann ekki muna nú.

Ofangreind stúlka, Anna María Haraldsdóttir, var yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu sama dag og Kristján Hauksson. Hún kvaðst hafa verið á heimili Guðna Geirs mánudaginn 4. mars. Hann hafi verið með bílaleigubíl af gerðinni Subaru og fór hún að aka bifreiðinni. Með henni í bifreiðinni voru Guðni, Kristján o.fl. Hittu þau ákærða Magnús í miðbænum, en þar fór Kristján úr bílnum. Magnús hafi verið í bílnum um 1 klukkustund. Síðar sama kvöld ók hún Magnúsi og fleiri mönnum í bifreiðinni uns einn þeirra tók við akstrinum og ók ákærða í skemmtistaðinn Hollywood en henni heim.

Við meðferð málsins fyrir dómi kom í ljós að Anna María var búsett á Djúpavogi. Var þess farið á leit við bæjarfógetann á Eskifirði með bréfi dómsins frá 17. september sl. að hún væri yfirheyrð fyrir dómi, en þrátt fyrir ítrekaðar óskir dómsins var því ekki sinnt, og þótti dómaranum ekki rétt að tefja málið lengur af þessum sökum og lét við svo búið standa.

Þá kom fyrir dóminn Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður og staðfesti þær ljósmyndir sem hann tók af vettvangi í bensínafgreiðslu Shell og við Hlaðhamar í Hvalfirði, svo og af skófatnaði ákærðu Magnúsar og X.

Í skýrslu Bjarna dagsettri 12. mars 1985 segir svo um rannsókn á framangreindum skófatnaði:

„Skór Magnúsar Einarssonar:

Hér er um að ræða svarta támjóa leðurskó, rúmlega ökklaháa. Gjörð er um ökklann með krómuðum bólum og fellingu þar fyrir ofan. Sóli er léttur, ómynstraður. Hæll er sléttur, ómynstraður, en þó má greina vörumerkið „Continental" á hælnum. Innan á vinstri skó er stimplað: 43. 8 221 - 3055 9 5.38 - 92312. Innan á hægri skó má sjá að samskonar stimplun hefur verið en hún er að mestu afmáð. Hliðar hælsins eru ekki samhverfar, innan fótar nær hællinn framar.

Þegar hællinn er borinn við ljósmynd sem undirritaður tók í Hvalfirði 05.03. 1985 af hælfari virðist hællinn passa við hælfarið, þ.e. að hælfarið sé eftir samskonar skó og eru hér til skoðunar.

Skór X:

Hér er um að ræða bláa reimaða leðurskó með hvítum bryddingum og hvítum saumum. Sólar eru hvítir mynstraðir. Áletrun á sóla: LEDY 42 ivoplast s.r.l. VILLA DEL CONTE. Pd. MADE IN ITALY. Mynstur sóla er eins og ljósmyndir undirritaðs sýna en það er öldótt miðja í sólanum og stutt strik, þverstrik eru meðfram sólanum og fremst á tá og hæl. Annaðhvert þverstrik er rofið. Á ljósmynd sem lögreglan í Borgarnesi tók af hurð sem sparkað var upp á afgreiðslu SHELL í Borgarnesi virðist vera um samskonar far að ræða, þar er far eftir samskonar skó og hér eru til rannsóknar.

Niðurstaða:

Þegar framkomin atriði eru skoðuð virðist ljóst að för á hurð í Borgarnesi og hælfar skammt vestan við Hlaðhamar í Hvalfirði eru eftir skó X og Magnúsar Einarssonar."

Þá staðfesti Bjarni einnig í dóminum að hann hefði tekið ljósmyndir sem frammi liggja í málinu af kúbeini og klaufhamri sem lögreglan í Borgarnesi fann þann 11. sama mánaðar í fyrsta ál Botnsár norðan Hlaðhamars í Hvalfirði samkvæmt tilvísun ákærða Y í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærðu Magnús og X hafa staðfastlega neitað sakargiftum í máli þessu, og báru samprófanir við ákærða Y og vitni í málinu engan árangur.

Ákærði Magnús kvaðst aðspurður fyrir rannsóknarlögreglu enga atvinnu hafa stundað frá því er hann losnaði úr afplánun á Litla-Hrauni í júlí 1984 og hefði engan fastan dvalarstað. Við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 6. mars sama ár bar hann að umræddan sunnudag hefði hann verið einn að þvælast en lent á fylliríi um kvöldið. Hann hafi verið í einhverju húsi við Hverfisgötu með fólki, sem hann ekki þekki. Hann hafi verið þar fram eftir nóttu, en eftir klukkan 04:00 um nóttina hafi hann farið í Kaffivagninn en þaðan á Hótel Loftleiðir. Hann kvaðst ekkert frekar muna af ferðum sínum á mánudag. Aðspurður um bílaleigubílinn kvaðst hann ekki vita annað en það að Guðni Geir hefði tekið hann á leigu á sunnudeginum, en sjálfur hafi hann komið í bifreiðina, en mundi ekki hvenær. Við frekari yfirheyrslur og samprófanir kvaðst hann ekkert frekar hafa um málið að segja og kvað ofangreinda framburði vitna og ákærða Y tómt rugl. Við samprófun við Annýju Margréti þann 30. maí 1985 kannaðist hann þó við að hann hefði farið með henni og Y í heimsókn í Hlaðgerðarkot. Annað vildi hann ekki segja um ferð þessa.

Við yfirheyrslu fyrir dómi neitaði ákærði Magnús enn sakargiftum. Hann bar nú að hann hefði hitt meðákærða Y aðfaranótt 4. mars, þegar Gísli Snorrason ók þeim í Kaffivagninn út á Granda, en annað hafi hann ekki haft af honum að segja þessa nótt. Hins vegar minntist hann þess að hann hafi farið með Y og Annýju Margréti í Hlaðgerðarkot umræddan sunnudag að heimsækja meðákærða X. Hann hafi verið á salerninu mestmegnis af þeim tíma, sem þau stöldruðu þarna við. Annað í framburði meðákærða Y kvaðst hann ekki kannast við. Þá kannaðist hann heldur ekki við að hann hefði beðið Guðna Geir að taka fyrir sig á leigu bílaleigubílinn. Kvað hann framburði Guðna Geirs og Annýjar Margrétar vera ranga að því er bifreiðina varðaði.

Ákærði X hefur borið að hann hafi verið í Hlaðgerðarkoti umrædda helgi. Ákærði Magnús hafi heimsótt hann eftir hádegi á sunnudeginum, en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu vildi hann ekki svara því hvort hann kom einn síns liðs eða ekki. Hins vegar kannaðist hann við það við yfirheyrslu fyrir dómi að meðákærði Y og Anný Margrét hafi verið í för með Magnúsi. Þeir Magnús hafi rætt um að fara til sjós. Kvað hann framburð Y að öðru leyti tóma þvælu og harðneitaði öllum sakargifum.

Sakarferill ákærðu:

Ákærða Magnúsar:

Árið 1966 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í 2 ár vegna skjalafals og þjófnaðar. Frá sama ári til ársins 1983 gekkst hann 18 sinnum undir dómsátt vegna ýmissa brota, aðallega ölvunar á almannafæri og fíkniefnabrota. Á árunum 1967 - 1983 hlaut hann 22 refsidóma fyrir

umferðarlagabrot og ýmis hegningarlagabrot, aðallega auðgunarbrot og skjalafals, samtals 6 ára og 1 mánaðar óskilorðsbundið fangelsi auk skilorðsbundinnar refsingar og varðhalds. Síðast hlaut hann refsidóm þann 18. des. 1986, 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.

— — —

Niðurstöður:

Svo sem að framan getur var vitnið Anný Margrét Ólafsdóttir yfirheyrð fyrir dómi án þess að gætt væri ákvæða 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Þá reyndist ekki unnt að staðfesta framburð vitnisins Önnu Maríu Haraldsdóttur fyrir dómi. Við mat á sönnunargildi framburðar þessara vitna verður þetta haft í huga.

Með framburði ákærða Y, sem studdur er framburði vitnanna Guðna Geirs Helgasonar, Gísla Snorrasonar, Önnu Maríu Haraldsdóttur og Annýjar Margrétar Ólafsdóttur og öðru því sem fram er komið í málinu, svo sem vettvangsrannsóknum, þykir, þrátt fyrir neitun ákærðu Magnúsar og X, komin fram lögfull sönnun þess að ákærðu hafi allir þrír gerst sekir um þá háttsemi sem þeir eru ákærðir fyrir, enda er framburður þeirra tveggja síðasttöldu ótrúverðugur og reikull.

Varðar ofangreint brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög:

Ákærða Magnúsi verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og ákærðu öllum einnig með hliðsjón af 78. gr. sömu laga, en brot ákærða X var framið áður en refsidómurinn frá 5. júní 1985 var upp kveðinn og brot ákærða Y áður en þrír síðustu refsidómarnir yfir honum voru upp kveðnir.

Með hliðsjón af sakarferli ákærðu Magnúsar og X þykir refsing ákærða Magnúsar hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi og refsing ákærða X 4 mánaða fangelsi. Refsing ákærða Y þykir með hliðsjón af því að hann var aðeins 17 ára er hann framdi brot það, sem hér um ræðir og því að hann játaði greiðlega brot sitt hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Magnús sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins í I. kafla ákæru frá 13. október 1984 kl. 20:47 til 18. sama mánðar kl. 17:00 og vegna málsins í II. kafla ákæru frá 8. mars 1985 kl. 13:39 til 5. júní sama ár kl. 17:00, samtals 95 daga.

Ákærði X sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins í II. kafla ákæru frá 8. mars 1985 kl. 16:25 til 5. júní sama ár kl. 17:00, samtals 90 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að framangreint gæsluvarðhald ákærðu Magnúsar og X komi refsingu þeirra til frádráttar.

Í málinu liggur frammi sundurliðuð skaðabótakrafa Olíufélagsins

Skeljungs hf. vegna málsins í II. kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 178.866,00, þar af vegna skemmdarverka kr. 37.163,00. Í kröfunni er gert ráð fyrir að í innbrotinu hafi verið stolið 140.000,00 krónum í peningum og 82.000,00 í tékkum, en af þeim komust tékkarnir til skila við rannsókn málsins svo og 21.000,00 krónur í peningum. Af peningum þeim sem sannað þykir að ákærðu stálu komust því kr. 119.000,00 ekki til skila, en í kröfunni er ranglega talið að peningar, sem upp á vanti, nemi kr. 141.703,00 í stað 119.000,00. Að þessu athuguðu verður krafan tekin til greina þar sem hún er sundurliðuð og henni í hóf stillt. Verða ákærðu því allir þrír dæmdir til að greiða félaginu óskipt samtals kr. 156.163,00 í skaðabætur.

Loks er ákærði Magnús dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun, ákærði X til að greiða skipuðum verjanda sínum, Guðnýju Höskuldsdóttur hdl., kr. 20.000,00 og ákærði Y skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 10.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Einarsson sæti 8 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 95 dagar.

Ákærði X sæti 6 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 90 dagar.

Ákærði Y sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Magnús greiði söluturninum Tvistinum, Lokastíg 28, R., kr. 6.000,00.

Ákærðu Magnús, X og Y greiði Olíufélaginu Skeljungi hf. kr. 156.163,00.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., í málsvarnar- og réttargæslulaun kr. 30.000,00.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Guðnýju Höskuldsdóttur hdl., í málsvarnar- og réttargæslulaun kr. 20.000,00.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 10.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 330/1987. **Fjárfestingarfélag Íslands hf. og Frjálsi lífeyrissjóðurinn hf.**

gegn

Sveini Kjartanssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar kærðu 18. nóvember s.l. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 10. nóvember s.l. sem þeim varð kunnugt um 16. s.m. Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Sveini Kjartanssyni, nafnnúmer 8752-1516, Hverafold 118, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að 3 mánuði frá deginum í dag að telja."

Kæran er heimil samkvæmt 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um greiðslustöðvun, en til vara að tími greiðslustöðvunar verði styttur verulega. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilar telja sig hafa ótvíræða hagsmuni af því að fá hinum kærða úrskurði hnekkt. Þeir eigi hvor um sig kröfur á hendur nafngreindum aðila sem tryggðar séu með 3. veðrétti í fasteigninni nr. 118 við Hverafold, eign varnaraðila. Beðið hafi verið um uppboð á fasteigninni til lúkningar kröfunum og hafi uppboðsmálið verið til meðferðar frá 13. mars 1986. Hafi alls 6 uppboðsþing verið háð en uppboði frestað að beiðni sóknaraðila. Hafi svo hinn kærði úrskurður komið í veg fyrir að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni færi fram, en það hafi verið ákveðið 12. nóvember s.l.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að fjárhagsörðugleikar hans stafi af því að hann hafi lánað veð í fasteignum sínum til trygg-

ingar skuldbindingum fyrirtækja sem hann vann hjá eða var hluthafi í. Hafi það leitt til þess að minna hafi fengist fyrir eignir sem hann hafi selt og eins hafi verið gengið að núverandi eignum. Hann eigi endurkröfur samkvæmt framlögðum eignalista að fjárhæð 1.975.338,00 krónur og aðrar kröfur að fjárhæð 1.000.000,00 krónur. Þá kveðst varnaraðili hafa átt í samningaviðræðum við einstaka kröfuhafa og greitt inn á kröfur 883.903,00 krónur og lagt inn víxla samþykkta af þriðja aðila til tryggingar kröfum að fjárhæð 640.000,00 krónur. Varnaraðili hefur lagt fram bréf um greiðslur, sem hann kveðst eiga von á í desember og janúar og um að hann eigi kost á veðleyfi í tiltekinni fasteign. Sé nú svo komið að hann telji nauðsynlegt að óska heimildar til greiðslustöðvunar til að reyna að ná samningum um skuldaskil við lánardrottna og koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns. Er fram komið að varnaraðili hefur ráðið lögmann sér til aðstoðar í þessu skyni.

Gögn málsins bera með sér að varnaraðili eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum. Samkvæmt framlögðu yfirliti yfir eignir og skuldir nema eignir 14.915.338,00 krónum og skuldir 9.205.970,00 krónum. Lögmaður sá sem tekið hefur að sér að aðstoða varnaraðila lýsti því yfir í skiptarétti 10. nóvember að varnaraðili eigi von á greiðslum í desembermánuði að fjárhæð samtals 2.000.000,00 krónur auk nokkurra svokallaðra endurkrafna.

Af framansögðu má ráða að varnaraðili hefur vilja til að koma reiðu á fjármál sín og á von á verulegum greiðslum á næstunni.

Þykir rétt að verða við beiðni hans um greiðslustöðvun í 3 mánuði. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 337/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. nóvember s.l. sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði ómerktur og kröfum ákæruvalds hafnað. Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins sérstaklega.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í athugasemdum, sem verjandi varnaraðila hefur sent Hæstarétti, er vakin athygli á, að varnaraðili var ekki látinn sæta gæslu eftir að hann var handtekinn vegna meintra brota. Telur verjandinn að sú afstaða hafi þá komið fram, að ekki sé ástæða til að beita gæsluvarðhaldi vegna ákæruatriðanna. Þá segir í athugasemdunum, að 67. gr. laga nr. 74/1974 sé engin heimild til að handtaka mann löngu eftir að rannsókn máls lýkur og krefjast gæsluvarðhalds, þó að engar nýjar upplýsingar eða ný ákæruatriði hafi komið fram. Verjandi tekur fram, að hann telji líklegt, að refsing verði mun vægari en í dómi sakadóms.

Ákærði er vanaafbrotamaður, sem ætla má að haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið. Skiptir ekki máli, hvort honum var gert að sæta gæslu fyrr vegna brotanna, sem fjallað er um í þessu máli, en allt frá því að hann var sakfelldur með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember s.l. hefur hann verið sviptur frelsi. Var það vegna afplánunar annars dóms allt til 28. nóvember, en síðan vegna hins kærða úrskurðar. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf ekki að fjalla um, hvort einnig hefði átt að staðfesta úrskurðinn eftir 4. eða 6. tl. sömu málsgreinar.

Málsvarnarlaun verða ekki dæmd sérstaklega í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. nóvember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 27. nóvember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi dagsettu 24. þ.m. gert þá kröfu að Steingrímur Njálsson, refsifangi á vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fæddur 21. apríl 1942, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi þar til hæstaréttardómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 klukkan 17:00. Steingrímur hafi með dómi sakadóms Reykjavíkur hlotið fangelsi í 2 ár og 6 mánuði fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga nr. 53, 1966 um vernd barna og ungmenna. Hann hafi áfrýjað dómi þessum. Hann sé nú að afplána refsidóma og ljúki afplánun 28. þ.m. Segir í bréfi ríkissaksóknara að gæsluvarðhaldskrafan sé gerð vegna hinna alvarlegu sakarefna í máli þessu og brotaferils Steingríms og sé í því efni vísað til 4., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Verjandi Steingríms Njálssonar hefur í greinargerð sinni gert kröfu til þess að framangreindri kröfu ákæruvalds um að Steingrímur verði látinn sæta gæsluvarðhaldi verði hafnað. Jafnframt krefst verjandinn hæfilegrar málflutningsþóknunar. Verjandinn hefur í greinargerð sem hann lagði fram, reifað málið og fært fram lagarök fyrir kröfu sinni. Er niðurstaða hans sú, að engin skilyrði séu til að verða við gæsluvarðhaldskröfu ákæruvalds í máli þessu og beri því að hafna henni.

Steingrímur Njálsson hlaut með dómi Sakadóms Reykjavíkur 10. þ.m. fangelsi í 2 ár og 6 mánuði eins og áður greinir. Segir svo í dóminum um sakferil hans og refsiviðurlög sem hann hefur hlotið fyrir margháttuð brot:

„Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakferil.

Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðarbrot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 23 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 9 ár og 3½ mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 13 sinnum fyrir ölvunarbrot."

Um kynferðisafbrot Steingríms segir á þessa leið í dóminum:

„Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og girða þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, girða niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo unga drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961-1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978, var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótelherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningsklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann."

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið hlaut Steingrímur 10. þ.m. með dómi sakadóms Reykjavíkur fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Hann hefur áfrýjað dóminum til Hæstaréttar. Með hliðsjón af dómi þessum svo og þegar virtur er sakferill Steingríms þykir rétt með vísan til 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að taka framkomna gæsluvarðhaldskröfu til greina og úrskurða Steingrím til að sæta gæsluvarðhaldi uns hæstaréttardómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 kl. 11:30.

Dómarinn telur rétt að ákvörðun um þóknun til Ragnars Aðalsteinssonar hrl. vegna starfa hans í máli þessu bíði lokadóms í máli Steingríms Njálssonar.

Úrskurðarorð:

Steingrímur Njálsson skal sæta gæsluvarðhaldi þar til hæstaréttardómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 kl. 11:30.

Miðvikudaginn 9. desember 1987.

Nr. 175/1987. **Ingi Pálsson og Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristjáni Sæmundssyni
(Gunnar Sólnes hrl.)

Bifreiðar. Árekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1987. Þeir krefjast þess að verða sýknaðir af kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar áfrýjaðs dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Framlagður uppdráttur af vettvangi sætir ekki andmælum og verður hann því lagður til grundvallar í málinu. Af því og málflutningi aðila leiðir að miða ber dóm í málinu við að stefndi hafi beygt af vinstri vegarhelmingi Geislagötu inn á vinstri vegarhelming Gránufélagsgötu miðað við aksturs stefnu hans. Eins og aðstæðum á vettvangi er háttað var þessi akstur andstæður 2. og 3. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968. Af þessu leiðir að stefndi átti slíka sök á árekstrinum að hann getur ekki krafið áfrýjendur um frekari skaðabætur vegna tjóns síns en honum hafa þegar verið greiddar. Verða áfrýjendur því sýknaðir af kröfum hans í málinu.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ingi Pálsson og Samvinnutryggingar g/t, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Kristjáns Sæmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Kristján Sæmundsson, nnr. 5887-2237, Lerkilundi 19, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 13. janúar 1986, á hendur Inga Pálssyni, nnr. 4570-1913, Furulundi 9 a, Akureyri, og Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Krefst stefnandi þess, að stefndu verði, in solidum, dæmd til að greiða honum kr. 19.828,00 með 22% ársvöxtum frá 27. maí 1985 til 23. janúar 1986 og með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags sbr. lög nr. 56, 1979, svo og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Stefnandi kveður málavexti þá, að mánudaginn 27. maí 1985 hafi hann ekið bifreið sinni A-9510 norður Geislagötu á Akureyri og á gatnamótum Geislagötu og Gránufélagsgötu hafi hann beygt vestur Gránufélagsgötu. Bifreiðinni A-1771 hafi þá verið ekið þvert í veg fyrir bifreið hans og hafi hægra framhorn bifreiðar hans rekist í hægri hlið bifreiðar stefnda, A-1771. Almennur umferðarréttur sé á gatnamótum Geislagötu og Gránufélagsgötu og beri því umferð sem komi vestan Gránufélagsgötu að víkja fyrir umferð sem komi sunnan Geislagötu; þess sé og að gæta að Geislagata að Gránufélagsgötu sé einstefnuakstursgata í norður. Skráður eigandi bifreiðarinnar A-1771, Ingi Pálsson, stefndi í máli þessu, hafi jafnframt verið ökumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn. Kostnaður við viðgerð á bifreið stefnanda hafi numið samkvæmt mati kr. 47.965,00, en þar af hafi vátryggingafélagið greitt kr. 32.137,00 og sé málið höfðað til greiðslu á mismuninum auk bóta fyrir afnotamissi kr. 4.000,00.

Byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að ökumaður bifreiðarinnar A-1771 eigi alla sök á árekstri þessum með því að virða ekki umferðarrétt stefnanda á gatnamótunum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur átt verulega sök á bifreiðaárekstri þeim, sem málið sé af risið og eigi því ekki rétt til frekari bóta fyrir tjón sitt af völdum árekstrarins en hann hafi þegar fengið greiddar. Felist sök stefnanda í því að hann hafi tekið vinstri beygju af Geislagötu inn á Gránufélagsgötu, afbrigðilega og hættulega og andstætt reglum umferðarlaga. Hann hafi með öðrum orðum ekið inn á Gránufélagsgötu í allt of þröngri beygju. Af þessu hafi leitt að stefnandi hafi ekið á öfugum helmingi Gránufélagsgötu nokkurn spöl eftir að hann var kominn að gatnamótunum og brotið þá rétt á stefnda, Inga, sem ekki hafi átt að þurfa að gera ráð fyrir því þegar hann nálgaðist gatnamótin, að ökutæki kæmi sunnan Geislagötu í svo afbrigðilegri vinstri beygju inn á Gránufélagsgötu í veg fyrir hann. Leiðir bifreiðanna hafi skorist fyrr en

orðið hefði ef stefnandi hefði beygt rétt og skaplega inn á Gránufélagsgötu. Það hafi því ekki verið farið að reyna á rétt stefnanda skv. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga þegar árekstur inn varð og það sé ekki gild ástæða til að ætla að stefndi Ingi hefði ekki virt umferðarrétt stefnanda við gatnamótin, ef honum hefði gefist svigrúm til þess svo sem orðið hefði ef stefnandi hefði beygt með réttum hætti inn á Gránufélagsgötu.

Í málinu er lögð fram lögregluskýrsla vegna árekstrar þessa. Í henni segir: „Ökumaður A-1771 kvaðst hafa ekið austur Gránufélagsgötu á ca 30 km hraða. Hann kvaðst ekki hafa orðið hinnar bifreiðarinnar var fyrr en andartaki áður en áreksturinn varð. Hann kvaðst hafa reynt að sveigja bifreið sína til vinstri en það hefði komið fyrir ekki og hefði hægra framhorn A-9510 lent í hægri hlið bifreiðar sinnar. Ökumaður A-9510 kvaðst hafa ekið norður Geislagötu. Hann kvaðst ekki hafa séð til ferða A-1771 fyrr en um leið og áreksturinn varð. Hann kvaðst ekki hafa náð að hemla áður en áreksturinn varð."

Í málinu liggur fyrir uppdráttur af vettvangi. Frekari upplýsingar um áreksturinn liggja ekki fyrir í málinu.

Af gögnum þessum virðist ljóst, að bifreiðarstjóri A-1771 hafði ekki tök á að stöðva bifreið sína er hann kom að umræddum gatnamótum, þrátt fyrir það að honum bar að virða umferðarrétt bifreiða, er komu úr suðri eftir Geislagötu. Ökumaður A-1771 kveðst hafa gripið til þess ráðs að sveigja bifreið sína til vinstri. Samkvæmt uppdrættinum virðist sú bifreið hafa verið við vinstri brún Gránufélagsgötu er hún kom að gatnamótunum, sé miðað við að áreksturinn hafi orðið þar sem glerbrot úr bifreiðunum eru sýnd á uppdrættinum. Er sök stefnda á árekstrinum því augljós.

Í málinu er ekki upplýst í hversu krappri beygju bifreiðinni A-9510 var sveigt inn á Gránufélagsgötuna og er ósannað að það hafi verið með öðrum hætti en eðlilegt mátti teljast miðað við beygju frá vinstri brún Geislagötu. Er sök hans á árekstrinum því ósönnuð.

Niðurstaða dómsins samkvæmt framansögðu er sú, að leggja beri alla sök á árekstrinum á ökumann A-1771 og dæma stefndu til að bæta stefnanda tjón hans að fullu. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfu stefnanda og verður hún því samkvæmt framansögðu tekin til greina að fullu, þó svo að dómvextir verða einungis dæmdir frá þingfestingardegi 27. febrúar 1986. Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Dómsorð:

Stefndu, Ingi Pálsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Kristjáni Sæmundssyni, in solidum, kr. 19.828,00 ásamt 22% ársvöxtum frá 27. maí 1985 til 27. febrúar 1986, en dómvöxtum

samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 244/1987. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Ólafi Jónssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1987 til þingfestingar 2. október s.á. Er málið kom fyrir 2. desember 1987 óskaði stefndi eftir fresti til 11. janúar 1988 til gagnáfrýjunar og framlagningar greinargerða í aðalsök og gagnsök.

Hinn 2. desember s.l. var stefnda veitt gagnáfrýjunarleyfi. Hann hefur tekið út gagnáfrýjunarstefnu til þingfestingar 11. janúar 1988.

Áfrýjandi synjaði frestbeiðni stefnda, þar eð stefndi hefði þegar haft nægan frest til að höfða gagnsök. Krafðist áfrýjandi þess að málinu yrði frestað til flutnings.

Stefndi krafðist úrskurðar um frestbeiðni sína.

Svo sem fyrr er rakið var mál þetta þingfest 2. október 1987. Þykir því eftir atvikum rétt að veita hinn umbeðna frest.

D ó m s o r ð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 83/1986. **Jón Sæmundsson**
Guðrún Jónsdóttir
Guðmundur Þórisson
Sigurður Þórisson
Sverrir Guðmundsson
Jón Laxdal
Sigurður Helgason
Sævar Magnússon og
Sveinn Sigurbjörnsson
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Hreppsnefnd Hálshrepps og
(Hákon Árnason hrl.)
kirkjumálaráðherra f.h.
kirkjumálaráðuneytis
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Hefð. Upprekstrarréttur. Afréttir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1986. Dómkröfur þeirra eru þessar:

Aðalkrafa: Að viðurkennt verði að jörðunum Fagrabæ, Hléskógum, Lómatjörn, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi í Grýtubakkahreppi, hverri fyrir sig, fylgi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

Varakrafa: Að „ef ekki verður viðurkenndur upprekstrarréttur allra áfrýjenda eða að réttur þeirra nái ekki til allra landa stefndu, að sérstaklega verði dæmt um rétt hverrar jarðar að þessu leyti."

Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hreppsnefnd Hálshrepps krefst staðfestingar hins áfrýj-

aða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi kirkjumálaráðherra f.h. kirkjumálaráðuneytisins krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur komið í leitirnar fjallskilabók Lokastaðafjallskiladeildar árin 1940-1949. Hefur verið lagður fyrir Hæstarétt útdráttur úr henni um greiðslur í fjallskilasjóð og um gangnaskil á Flateyjardalsheiði frá býlum áfrýjenda. Samkvæmt útdrættinum voru öll árin gerð gangnaskil á Vesturheiði frá Grund, Syðri-Grund, Nesi og Lómatjörn og auk þess á Austurheiði frá Grund og Syðri-Grund 1945 og frá Nesi 1940, 1942, 1945, 1946 og 1948. Frá Fagrabæ voru gerð gangnaskil á Vesturheiði öll umrædd ár að árinu 1943 frátöldu en þá voru gerð gangnaskil á Austurheiði sem og árið 1946. Frá Ártúni var Vesturheiði gengin öll árin nema árið 1942 en þá var aðeins greitt í fjallskilasjóð. Loks voru gangnaskil gerð á Vesturheiði frá Hléskógum 1941-1943 og 1946-1949 en greitt í fjallskilasjóð 1940 og 1945 og e.t.v. einnig 1944.

Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt úrskurður ítölunefndar skipaðrar fyrir Hálshrepp 7. mars 1978, dagsettur 15. maí 1986. Er þar meðal annars úrskurðað að í afréttarlöndum sveitarinnar á Flateyjardalsheiði megi mest ganga í 90 daga á ári 2500 ærgildi. Er þá ærgildi metið sem ær með 1,4 lömb að meðaltali. Ennfremur hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn sem af verður séð að komið hafi fram á Lokastaðarétt í fyrstu göngum 1986 alls 5600 fjár, þar af 1925 úr Höfðahverfi.

Ekki verður séð af skrá þeirri um afrétti og fjallskil í Þingeyjarsýslu 1959, sem getið er í héraðsdómi og tekin er saman af sýslumanni eftir skýrslum oddvita hreppanna, að oddviti Grýtubakkahrepps hafi talið Flateyjardalsheiði til afréttarlanda hreppsins. Hefur sýslumaður sjálfur getið þess með athugasemd að nokkur hluti hreppsins notaði afrétt á Vesturheiðinni.

Af því sem fram er komið í málinu þykir verða að ætla að eigendum og ábúendum jarða þeirra sem áfrýjendur eiga, eða hafa fengið jörðum sínum skipt úr, hafi verið ljóst, er þeir hófu upprekstur á Flateyjardalsheiði snemma á þessari öld, svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi, að hinar einstöku nafngreindu

landsspildur á Vesturheiðinni voru í eignarráðum annarra aðilja. Höfðu og verið byggð býli norðan til á heiðinni sem eigi höfðu lagst í eyði fyrr en seint á 19. öld, svo sem Eyvindará og Ófeigsá, eða jafnvel ekki fyrr en eftir aldamót, svo sem Heiðarhús. Umræddar aðstæður verður einnig að telja hafa verið kunnar öðrum þeim er síðar hafa rekið fé til afréttar á heiðinni frá jörðum áfrýjenda, þar á meðal þeim sjálfum. Upprekturinn var lengi látinn viðgangast átölulaust af landeigendum og til hans virðist jafnvel hafa verið hvatt af fjallskilastjóra Hálshrepps vegna erfiðra fjallskila á heiðinni. Verður að líta svo á að umrædd vitneskja áfrýjenda og forvera þeirra standi því í vegi að áfrýjendur hafi mátt vinna hefð á rétti til upprekstrar á heiðinni, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Skaftasonar.

Áfrýjendur byggja rétt sinn til upprekstrar á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár einkum á skýrslum og gögnum um göngur og fjallskil svo sem rakið er í héraðsdómi. Við athugun á gögnum þessum kemur í ljós að þau eru nokkuð slitrótt sem heimildir um upprekstrarárin auk þess sem ekki er sjálfgefið að saman fari ár hvert upprekstur og fjallskil. Fram hefur komið að af og til hafi verið rekið frá Grund norður á Flateyjardal eftir að hann fór í eyði. Þá er þess að gæta að ábúendur Fagrabæjar höfðu Heiðarhús á leigu árin 1950 til 1985. Af framangreindum gögnum má sjá að frá Nesi var æði oft rekið á Austurheiðina á þessu tímabili. Upplýsingar um Lómatjörn samkvæmt gögnum þessum eru með allnokkrum eyðum. Sama er að segja um jarðirnar Ártún, Syðri-Grund og Hléskóga. Þegar þetta allt er virt þykir okkur skorta á að fram sé komin

sönnun fyrir nægilega samfelldum afnotum jarðanna af Vesturheiði í 40 ár, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Teljum við að af þessum sökum beri að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda. Erum við því samþykkir dómsorði meirihluta dómara.

Dómur aukadómþings Suður-Þingeyjarsýslu 7. febrúar 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 17. janúar sl. var höfðað með þingfestingu þess 26. júní 1985.

Stefnendur eru: Jón Sæmundsson, nnr. 5192-6579, og Guðrún Jónsdóttir, bæði til heimilis í Fagrabæ, Guðmundur Þórisson, nnr. 3119-3060, og Sigurður Þórisson, báðir til heimilis í Hléskógum, Sverrir Guðmundsson, nnr. 8782-9677, Lómatjörn, Jón Laxdal, nnr. 5164-4301, Nesi, Sigurður Helgason, nnr. 7867-8321, Grund, Sævar Magnússon, nnr. 8841-2087, Syðri-Grund, og Sveinn Sigurbjörnsson, nnr. 8760-8433, Ártúni. Stefnendur eru eigendur þeirra jarða þar sem þeir búa, en þær eru allar í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru: Hreppsnefnd Hálshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, f.h. hreppsins, nnr. 3694-2843, og Jón Helgason dóms- og kirkjumálaráðherra, nnr. 5142-9729, f.h. kirkjumálaráðuneytisins. Þá var Erlingi Arnórssyni, nnr. 2195-9995, Þverá í Hálshreppi, stefnt, en í þinghaldi 17. janúar sl. féllu stefnendur frá kröfum á hendur honum. Af hálfu Erlings var gerð krafa um að stefnendur greiddu honum málskostnað og var sú krafa tekin til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnenda.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega að viðurkennt verði með dómi að jörðunum Fagrabæ, Hléskógum, Lómatjörn, Grund, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi í Grýtubakkahreppi, hverri fyrir sig, fylgi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár. Ennfremur krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Til vara krefjast stefnendur þess, ef ekki verði viðurkenndur upprekstrarréttur allra stefnenda eða að réttur þeirra nái ekki til allra landa stefndu, að sérstaklega verði dæmt um rétt hverrar jarðar að þessu leyti. Þá krefjast stefnendur ennfremur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Dómkröfur stefnda hreppsnefndar Hálshrepps eru þær að kröfum stefnenda verði synjað og þeir dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda dóms- og kirkjumálaráðherra eru þær að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson borgardómari var skipaður setudómari í málinu 23. ágúst 1985, en sýslumaður í Suður-Þingeyjarsýslu vék sæti.

I. Flateyjardalsheiði í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu gengur upp af Fnjóskadal til norðurs og skiptist í Vestur-Flateyjardalsheiði og Austur-Flateyjardalsheiði, eða Vesturheiði og Austurheiði. Áður var heiðin í byggð, en er nú öll í eyði. Land það sem kröfur stefnenda ná til afmarkast að sunnan af Innra-Höfðagili, sem er á milli jarðarinnar Vestari Króka og svokallaðs Höfðagiljalands, eðs Höfðagiljastykkis, að austan af Dalsá að mestu leyti, að norðan af Eyvindará, en að vestan ráða hreppamörk Hálshrepps og Grýtubakkahrepps. Þetta land mun vera kallað Vesturheiði í daglegu tali. Lengd landsins, þ.e. frá suðri til norðurs, er um það bil 16 km mælt á landakorti því sem lagt hefur verið fram í málinu. Breidd landsins er óvísari, en vesturmörkin eru að mestu á fjöllum uppi.

Land þetta skiptist í 4 hluta með skýrum og óumdeildum merkjum. Sunnan frá er Höfðagiljastykkið fyrst, talið eign Laufáskirkju, þá Almenningur, eign Hálshrepps, næst jörðin Heiðarhús og síðast jörðin Eyvindará, og er þá komið nyrst á heiðina. Jarðirnar Heiðarhús og Eyvindará eru báðar eign Hálshrepps, sem keypti þær af ríkissjóði 22. maí 1978.

Byggð býli hafa ekki verið í Höfðagiljastykki eða Almenningi svo vitað sé. Eyvindará var í byggð til ársins 1872 en Heiðarhús til ársins 1904. Í landi Heiðarhúsa var býlið Ófeigsá sem fór í eyði árið 1863. Tvö býli voru á Austurheiðinni, Grímsland sem fór í eyði 1904 og Kambsmýrar sem fóru í eyði 1929.

Norðan Flateyjardalsheiðar tekur Flateyjardalur við og nær allt til sjávar á móts við Flatey á Skjálfanda. Flateyjardalur og Flatey voru einn hreppur, Flateyjarhreppur, en byggð lagðist þar af árið 1954. Flateyjarhreppur var sameinaður Hálshreppi árið 1968.

Flateyjardalur og Flateyjardalsheiði hafa ekki verið gerð að afréttum skv. 5. gr. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Það mun hafa tíðkast meðan Flateyjardalsheiði var í byggð, og jafnvel lengur, að ábúendur og landeigendur þar leyfðu upprekstur á lönd sín gegn gjaldi og aðstoð við göngur, en löndin voru gengin hvert fyrir sig, stundum ekki samdægurs. Eftir miðja síðustu öld mun göngunum að mestu hafa verið breytt í það horf sem nú er, að heiðin öll er gengin samtímis í samfelldum göngum. Gangnaforingjar eru tveir, annar á Austurheiðinni en hinn á Vesturheiðinni. Augljóst má telja að göngur á þessu svæði geta verið hinar erfiðustu.

Í málinu hafa verið lögð fram endurrit úr fjallskilabók Hálshrepps fyrir árin 1900-1907. Einnig hefur verið lögð fram í ljósriti fjallskilabók fyrir nyrðri hluta Hálshrepps, Flateyjardalsheiði og þar að liggjandi afréttum. Bókin byrjar árið 1912, og síðustu fjallskil sem gerð er grein fyrir þar eru

árið 1939. Bókin er nær öll rituð af Páli G. Jónssyni, Garði í Fnjóskadal, sem var fjallskilastjóri á þessum tíma og lengur. Bókin er löggilt af Steingrími Jónssyni sýslumanni 21. maí 1913. Þá hafa verið lagðar fram upplýsingar um fjallskil á Flateyjardalsheiði og Skarðsdal á árunum 1948 til 1976, þó ekki öll árin.

Bændur á Svalbarðsströnd munu hafa rekið fé sitt á Flateyjardalsheiði og gert þar fjallskil. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvenær upprekstur þessi hófst, en í fjallskilabók er ritað árið 1927 að Svalbarðsströndungar hafi ekki rekið fé sitt til afréttar nú síðustu ár. Upp úr 1930 eru fjallskil úr Svalbarðsstrandarhreppi nær úr sögunni. Svalbarðsströndungar stofnuðu eigin fjallskiladeild, Vaðlafjallskiladeild.

Um ástæður þess að bændur í sunnanverðum Grýtubakkahreppi tóku að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði liggja ekki fyrir glöggar upplýsingar. Helst er talið að Páll G. Jónsson í Garði hafi átt frumkvæði þess að svo varð, og þá helst af þeim ástæðum að erfiðlega hafi gengið að fá nægan mannafla í göngur úr Hálshreppi eftir að Svalbarðsströndungar hættu að reka, en um þetta er ekki að finna skriflegar samtímaheimildir.

Sigurbjörn Benediktsson, fyrrum bóndi í Ártúni, segir í skrifum sínum um Flateyjardalsheiði sem lögð hafa verið fram í málinu að Páll í Garði hafi orðið einlægur hvatamaður þess að Suður-Höfðhverfingar ykju afnot sín af heiðinni og legðu sinn skerf til fjallskila þar því að hann hafi séð að í óefni var komið með hreinsun heiðarinnar eftir að Ströndungar heltust úr lestinni.

Um upphaf þess tíma að bændur úr Grýtubakkahreppi taka að reka fé sitt á Vesturheiðina er að finna upplýsingar í fjallskilabókum þeim sem að framan eru greindar. Þess ber þó að geta að sumir þeirra kunna að hafa byrjað að reka fyrir aldamót. Samkvæmt upplýsingum úr fjallskilabók 1900-1907 þá eru fjallskil lögð á ábúendur Fagrabæjar, Lómatjarnar og Grundar árið 1902, Grundar árið 1904 og Fagrabæjar árið 1905. Í fjallskilabókinni frá 1912-1939 er að finna glöggar upplýsingar um árleg fjallskil sem hverjum ábúanda eru gerð. Þar kemur fram að ábúendum Fagrabæjar eru gerð fjallskil óslitið frá 1912 til 1929, og síðar 1938 og 1939. Ábúanda Hléskóga eru fyrst gerð fjallskil árið 1925, á þessum árum, síðan árið 1929 og óslitið til 1939. Ábúanda Lómatjarnar eru gerð fjallskil fyrst árið 1917 og óslitið til 1939. Ábúanda Ness fyrst árið 1922 og óslitið til 1939. Ábúanda Grundar fyrst árið 1912 og 1913 og óslitið frá 1917 til 1939. Ábúanda Syðri-Grundar árin 1938 og 1939 og ábúanda Ártúns óslitið frá árinu 1931 til ársins 1939.

Um fjallskil eftir 1939 eru upplýsingar í málinu um árin 1948, 1949, 1955, 1956, 1957, 1958, 1959, 1960, 1963, 1964, 1965, 1966, 1970, 1973 og 1976. Þessi ár öll eru lögð fjallskil á ábúendur jarðanna sjö.

Yfirleitt er tekið fram hvar gangnamenn frá hverjum bæ eigi að ganga. Langoftast er gangnamönnum frá jörðunum sjö skipað niður í göngur á Vesturheiði og Skarðsdal, stöku sinnum á Austurheiði, einkum frá Nesi. Í framburði þeirra ábúenda og fyrrverandi ábúenda jarðanna sjö kom fram að mismunandi hafi verið hvert rekið var frá hverjum bæ í hvert sinn. Allir ábúendur, þar með talinn ábúandi Fagrabæjar, sögðu að skemmst hefði verið rekið norður fyrir Innra-Höfðagil, en eftir aðstæðum hefði farið, svo sem veðri, færð o.fl., hversu langt hefði verið rekið á Vesturheiðina. Stöku sinnum hefði komið fyrir að rekið hefði verið norður á Flateyjardal. Tryggvi Stefánsson á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal kvað allflesta bændur í Höfðahverfi, þá sem um ræðir, hafa rekið norður á Flateyjardal, meira og minna. Fnjóskdælingarnir, Erlingur Arnórsson á Þverá og Ingvar Jónsson í Sólvangi, kváðu sér kunnugt um að bændur í Höfðahverfi hefðu rekið norður á Flateyjardal.

Ingvar, sem nú er annar af tveimur fjallskilastjórum í Hálshreppi, kvað fé Höfðhverfinga koma fram á haustin vestan Dalsár að miklum meirihluta til.

Jón Laxdal í Nesi skýrði frá því að Grímur faðir hans hefði flutt í Nes árið 1928 frá Gautsstöðum á Svalbarðsströnd og þá haldið áfram að reka í Austurheiðina sem fyrr, og hafi svo verið fram um 1965. Jón, sem þá var löngu tekinn við búskap í Nesi, kvaðst hafa fundið á Fnjóskdælum að þeim þætti hann fyrirferðarmikill á Austurheiðinni, og hefði hann upp úr því rekið á Vesturheiðina á hverju ári.

Sveinn Sigurbjörnsson í Ártúni kvaðst hafa byrjað búskap þar 1. maí 1964. Hann kvaðst ekki hafa rekið á Flateyjardalsheiði árin 1966-1972, en hann hefði fækkað fé. Hins vegar hefði fé frá sér runnið þangað öll þau ár og þaðan hefði hann heimt flest sitt fé að hausti. Sveinn kvaðst hafa gert fjallskil, eins og aðrir á þessum árum, í Lokastaðafjallskiladeild, en svo hét fjallskiladeildin í nyrðri hluta Hálshrepps.

Með samningi dags. 24. júlí 1950 tók Sæmundur Guðmundsson í Fagrabæ á leigu kirkjujörðina Heiðarhús frá fardögum 1950. Bændur í Fagrabæ höfðu jörðina á leigu samfleytt frá þessum tíma til 1. janúar 1986.

Þeir ábúendur og fyrrverandi ábúendur jarðanna sjö, sem fyrir dóminn komu, könnuðust að öðru leyti ekki við það að hafa gert samning um upprekstur við einn eða neinn, né heldur leitað leyfis fyrir honum. Ekki kváðust þeir heldur hafa greitt neinum fyrir upprekturinn.

Hinn 25. janúar 1953 ritar Þorvarður G. Þormar, þáverandi sóknarprestur í Laufási, lýsingu á ítökum Laufáskirkju fyrir biskup. Segir þar svo í 5. lið:

„Laufáshagi á Flateyjardalsheiði millum Eyvindarár og Mógilsár ytra. Landsvæði þetta er nefnt í daglegu tali Saurbrýr og er talið, um síðustu

aldamót og síðan, hæfilegt upprekstrarland fyrir 900 fjár. Forveri minn í Laufási leigði Svalbarðsströndungum upprekstur í land þetta, en ég hefi leigt bændum í Höfðahverfi það undanfarin ár."

Enginn núverandi eða fyrrverandi ábúandi jarðanna sjö könnuðust við að hafa tekið framangreint land á leigu eða greitt Laufáspresti fyrir upprekstur. Ekki kváðust þeir hafa heyrt um að leigusamningur hefði verið gerður.

Séra Bolli Gústafsson, sóknarprestur í Laufási frá árinu 1966, kvaðst ekkert hafa fengið í hendur sem lyti að þeirri leigu sem Þorvarður G. Þormar lýsir 1953, og kvað sér ekki kunnugt um hvort Höfðhverfingar hefðu greitt fyrir leigu. Bolli kvað Höfðhverfinga ekki hafa leitað til sín um afnot af Höfðagiljastykkinu, og engar greiðslur hefði hann þegið fyrir afnot af því. Þetta hafi ekki verið til umræðu.

Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959. Upplýsingar þessar munu hafa verið gefnar af oddvitum hreppa í sýslunni, en þó er að finna viðbótarupplýsingar frá sýslumanni. Um það hverjir afréttir séu í sýslunni segir sýslumaður að nokkur hluti Grýtubakkahrepps noti afrétt á Flateyjardalsheiði, Vesturheiði. Þá kemur fram í svari oddvita Hálshrepps, um það hvernig sé háttað eignarrétti á afréttum í sýslunni, að Vestur-Flateyjardalsheiði noti Höfðhverfingar. Um það atriði hvaða reglur gildi um upprekstrarrétt á afrétti í sýslunni, hvort hann sé takmarkaður og háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða hreppsnefndar, segir í svari oddvita Grýtubakkahrepps að upprekstrarréttur sé ekki háður leyfi hreppsnefndar, og að hans hyggju ekki heldur leyfi landeigenda, en allt gangi þó friðsamlega. Sýslumaður bætir því við að upprekstrarrétturinn virðist tekinn bessaleyfi. Í svari oddvita Hálshrepps segir að upprekstur á afrétti hreppsins sé að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða umráðaaðila. Um það atriði á hvaða heimildum notkun afrétta byggist, segir í svari oddvita Grýtubakkahrepps að notkun afrétta byggist orðið á venju eða hefð. Féð renni að mestu sjálft í afréttina. Greiðsla komi ekki til eigendanna fyrir notkun þeirra. Ekki hefur komið svar úr Hálshreppi við sömu spurningu.

Um niðurjöfnun gangna og önnur fjallskil á Flateyjardalsheiði er rétt að taka fram að í málinu hefur verið lagt fram endurrit af handriti Páls G. Jónssonar í Garði. Segir þar eftirfarandi:

„Eftir árið 1929, þegar Ströndungar hættu að hafa afskipti af fjallskilamálum í Lokastaðadeild, tóku þeir Höfðhverfingar við að vinna að fjallskilamálum með mér. Hafa það verið þessir menn, Björn Jóhannesson á Nolli í 3 ár, Björn Jóhannsson á Skuggabjörgum í 1 ár, Sæmundur G. Reykjalín frá Lómatjörn, nú í Fagrabæ, í 4 ár, Sigurbjörn Benediktsson í Ártúni í 5 ár, Sverrir Guðmundsson á Lómatjörn í 1 ár. Sama er að segja

um þessa menn og Svalberðinga að samvinna við þá hafi verið hin ágætasta enda þó að átökin hafi verið enn meiri þar sem afréttin hefur verið smöluð líka á vorin til rúnings að Lokastaða- og Heiðarhúsarétt."

Sverrir Guðmundsson á Lómatjörn kvaðst í mörg ár hafa annast niðurjöfnun gangna á Flateyjardalsheiði fyrir Höfðhverfinga. Svo mun hafa verið að einn maður úr Höfðahverfi hafi ætíð tekið þátt í að jafna niður göngum á Flateyjardalsheiði þar til haustið 1982 að ósætti varð, og var þá aðeins jafnað niður á Fagrabæ og Skarð af fjallskilastjóra í nyrðri hluta Hálshrepps. Eftir það munu tveir menn úr Höfðahverfi hafa tekið þátt í niðurjöfnun gangna og fjallskila fyrir hönd þeirra bænda er ráku á Flateyjardalsheiði.

Á Höfðhverfinga mun hafa verið lagt jafnt að greiða fé til framkvæmda á Vesturheiðinni og Fnjóskdæli, þó ekki til vegaframkvæmda. Fnjóskdælir munu hafa annast eyðingu minka og refa og þess háttar.

Árið 1929 er rituð fundargerð í fjallskilabókina frá fundi sem haldinn var að Skarði um endurbyggingu Lokastaaréttar. Hann sitja Björn Jóhannesson og Jón Jóhannesson, Grímur Laxdal og Páll G. Jónsson. Þar er samþykkt að kjósa á fundum í hreppunum tvo menn úr Hálshreppi, tvo menn úr Grýtubakkahreppi og einn eða tvo menn úr Svalbarðsstrandarhreppi, eftir þátttöku þess hrepps í fjallskilum í deildinni, til þess að hafa réttarbyggingarmálefni með höndum.

Hinn 31. desember 1932 ritar Páll G. Jónsson um réttarbygginguna í fjallskilabókina. Kemur þar fram að kostnaði er skipt niður á þá sem nota afrétt á Skarðsdal og Flateyjardalsheiði. Tekið er fram að Höfðhverfingar hafi plægt og sléttað móana undir réttina, og þeir hafi verið frá þeim bæjum er notað hafi afrétt á Flateyjardalsheiði og Skarðsdal, sem hafi verið fyrir utan Skarðsbónda, úr Gerðunum, Ártúni, Grund, Nesi, Lómatjörn og Hléskógum.

Hinn 15. apríl 1979 ritaði Þórólfur Guðnason, f.h. hreppsnefndar Hálshrepps, sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu svohljóðandi bréf:

„Á fundi hreppsnefndar Hálshrepps þann 21. mars 1979 var tekið fyrir bréf Þórhalls Hermannssonar, bónda á Kambsstöðum, þess efnis að breytt verði deildaskipun fjallskiladeilda í hreppnum á þann veg að hreppurinn verði ein deild sem bundin verði við hreppamörk.

Það er samhljóða álit hreppsnefndar að eðlilegt sé að breyta deildaskipuninni á þennan hátt, þar sem með því fengist betra samræmi á milli allra bænda í sveitinni með kostnað og annað varðandi fjallskilamálin.

Leita ég hér með samþykkis sýslunefndar S-Þing. á ofan nefndri breytingu."

Á sýslufundi 18. júlí árið 1979 gerði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, vegna þessa erindis hreppsnefndar Hálshrepps, svohljóðandi ályktun:

„Sýslunefndarfundur Suður-Þingeyjarsýslu 1979 heimilar Hálshreppi, skv. beiðni sveitarstjóra, að sameina fjallskiladeildir innan sveitarfélagsins í eina deild."

Fram kemur í gögnum málsins að reynt hefur verið að ná samkomulagi um takmörkun á afréttarnotum bænda í Grýtubakkahreppi, þeirra sem á Flateyjardalsheiði reka, en samkomulagsumleitanir virðast hafa farið fram í framhaldi af framangreindri ályktun sýslunefndarinnar en kunna að hafa hafist fyrr. Fram kemur að hreppsnefndir hreppanna héldu sameiginlegan fund þann 22. apríl 1982, þar sem rædd voru upprekstrarmál á Flateyjardalsheiði. Segir í niðurlagi fundargerðar þess fundar eftirfarandi:

„Þar sem ekki er um neina samninga að ræða milli hreppsnefndanna áskilur hreppsnefnd Hálshrepps sér allan rétt til frekari aðgerða í málinu án samráðs við hreppsnefnd Grýtubakkahrepps."

Hinn 30. apríl 1982 ritar hreppsnefnd Hálshrepps hreppsnefnd Grýtubakkahrepps svohljóðandi bréf:

„Þar sem ekki hafa náðst samningar um afréttarnot tilkynnist hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að fjáreigendum á eftirtöldum bæjum í Grýtubakkahreppi er algjörlega bannaður upprekstur á Flateyjardalsheiði og Flateyjardal, án samninga við hreppsnefnd Hálshrepps: Hléskógum, Lómatjörn, Grund, Syðri-Grund, Ártúni og Nesi."

Bréfi þessu svarar lögmaður Grýtubakkahrepps með bréfi dags. 17. maí 1982 svohljóðandi:

„Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur beðið mig að tilkynna ykkur að hún getur ekki fallist á svonefnt bann ykkar við upprekstri fjáreigenda frá tilgreindum 6 jörðum í Grýtubakkahreppi á Flateyjardalsheiði og Flateyjardal, sbr. bréf ykkar dags. 30. apríl 1982.

Jarðir þessar eiga gamlan og margviðurkenndan upprekstrarrétt á þessu landsvæði, svo sem saga fjallskilanna sýni um langan aldur aftur í tímann, og muni fjáreigendur framvegis sem hingað til nýta þennan rétt eftir þörfum."

Í framhaldi af þessu bréfi lögmanns Grýtubakkahrepps ritar Þórólfur Guðnason, f.h. Hálshrepps, sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu bréf. Bréfið er ekki dagsett. Þar greinir Þórólfur frá þeim ágreiningi sem risið hafi, ofbeit á afréttinn skv. ítölumati, samningaumleitunum og banni hreppsnefndar Hálshrepps í bréfi dags. 30. apríl 1982. Með ítölumatinu virðist bréfritari eiga við beitarþolsrannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Flateyjardalsheiði, sem framkvæmd var í ágúst 1974. Síðan segir orðrétt í bréfinu:

„Hreppsnefnd telur, með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1969, sbr. fjallskilasamþykkt Suður-Þingeyjarsýslu, að ábúendum greindra bæja verði ekki leyfður upprekstur nema með hennar samþykki, en þeir hafi aldrei verið í fjallskiladeild með ábúendum jarða í Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps fer þess á leit við sýslunefnd að hún í samræmi við 9. gr. laga nr. 42/1969, úrskurði að ábúendum jarðanna Hléskóga, Lómatjarnar, Grundar, Syðri-Grundar, Ártúns og Ness sé skylt að hlíta banni nefndarinnar frá 30. apríl s.l. um upprekstur á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði. Nefndin er, hvenær sem er, reiðubúin að færa fram frekari gögn máli sínu til styrktar."

Í framhaldi af þessu eru lagðar fram greinargerðir til sýslunefndar af hálfu beggja hreppanna, og því næst samþykkti sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á aðalfundi sínum 29. júní 1983 eftirfarandi úrskurðarorð um ágreining Hálshrepps og Grýtubakkahrepps, varðandi afrétt á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði:

„Sýslunefnd vísar til 9. gr. laga nr. 42/1969 um úrskurðarvald sitt og skyldu til að skera úr ofangreindum ágreiningi. Nefndin telur að úrslit málsins velti á því hvort bændur á jörðunum Grund, Syðri-Grund, Ártúni, Lómatjörn, Hléskógum og Nesi, Grýtubakkahreppi, teljist hafa öðlast hefðarrétt til beitarafnota og upprekstrarréttar á afréttunum, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905.

Á því þykir leika nokkur vafi, en rétt þykir að bændur á nefndum 6 jörðum beri hallann af þeim vafa, svo fremi þeir höfði ekki dómsmál til staðfestingar á meintum rétti sínum. Sýslunefndin leggur eindregið að aðilum að þeir leiti allra leiða til að ná samkomulagi, annaðhvort til að leiða deiluna endanlega til lykta eða þá komast að bráðabirgðasamkomulagi, ef þeir telja, þrátt fyrir þennan úrskurð sýslunefndar, ekki verða komist hjá að fá úrlausn dómstóla um málið. Að þessu athuguðu telur sýslunefnd ekkert því til fyrirstöðu að fjallskiladeild Hálshrepps verði nú þegar bundin við hreppamörk, sbr. 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1969."

Framangreint úrskurðarorð mun vera úrskurður sýslunefndar í heild sinni.

Þessum úrskurði var mótmælt af sýslunefndarmanni Grýtubakkahrepps með sérstakri bókun á fundinum.

Hinn 25. apríl 1984 höfðaði hreppsnefnd Grýtubakkahrepps mál gegn hreppsnefnd Hálshrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og krafðist þess:

1. Að dæmdur verði ógildur úrskurður sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 29. júní 1983 um afréttarmálefni Hálshrepps og Grýtubakkahrepps, á þann veg að fjallskiladeild Hálshrepps verði bundin við hreppamörk.

2. Að dæmdur verði ógildur úrskurður sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 18. júlí 1979, þar sem Hálshreppi er heimilað að sameina fjallskiladeildir innan sveitarfélagsins í eina deild.

3. Að viðurkennt verði að Lokastaðafjallskiladeild verði talin ein fjallskiladeild með sameiginlegri stjórn Hálshrepps og Grýtubakkahrepps.

4. Að stefndi Hálshreppur greiði stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins ásamt dómvöxtum frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Þetta mál var tekið til dóms eða úrskurðar hinn 20. mars 1985, en stefndi, hreppsnefnd Hálshrepps, hafði krafist þess að því yrði vísað frá dómi.

Dómur í þessu máli var kveðinn upp 26. apríl 1985 og er dómsorðið svohljóðandi:

„Kröfu stefnanda, hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, um að viðurkennt verði að Lokastaðafjallskiladeild verði talin ein fjallskiladeild með sameiginlegri stjórn Hálshrepps og Grýtubakkahrepps er vísað frá dómi."

Í framhaldi af þessu var málið að öðru leyti hafið, að ósk stefnanda, á dómþingi 13. júní 1985.

II. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að frá bæjunum sjö hafi verið rekið fé í þau lönd sem krafist er að heföarrétturinn nái til allt frá byrjun þessarar aldar og göngum jafnað niður á þá bæi. Sjá megi af óvéfengjanlegum gögnum, sem lögð hafi verið fram í málinu og nái nær óslitið frá árinu 1912 til síðustu ára, að rekið hafi verið í meira en 40 ár frá öllum bæjunum á Flateyjardalsheiði, áður en véfenging hafi komið til á upprekstrarréttinum, sem verið hafi fyrri hluta árs 1983, þegar hreppsnefnd Hálshrepps hafi skilað greinargerð til oddvita sýslunefndar, þegar til hafi staðið að sýslunefnd úrskurðaði í deilu Hálshrepps og Grýtubakkahrepps skv. 9. gr. laga nr. 42/1969. Þótt ár og ár kunni að hafa fallið úr af ýmsum ástæðum skipti það ekki máli. Upprekturinn verði að teljast óslitinn í skilningi heföarlaga og því hafi stefnendur fullnægt ákvæðum þeirra að þessu leyti. Í raun hafi upprekturinn verið á alla heiðina en líta verði á Flateyjardalsheiði sem eina heild. Ekki skipti því máli þótt frá Nesi hafi um skeið verið rekið á Austurheiðina, en því sé algjörlega hafnað að núverandi ábúandi hafi sótt um leyfi til þess. Fnjóskdælir hafi amast við þessum upprekstri og mælst til þess að ábúandi ræki í Vesturheiðina, og hafi hann orðið við þeim tilmælum. Þetta sýni glöggt að Fnjóskdælir hafi talið að Höfðhverfingar ættu rétt til upprekstrar á Vesturheiðina. Þótt ábúendur í Fagrabæ hafi haft Heiðarhús á leigu frá 1950 skipti það ekki máli um rétt þeirra til upprekstrar á aðra hluta Vesturheiðarinnar. Þessi samningur útiloki ekki að aðrir geti heföað upprekstrarrétt í Heiðarhúsaland. Þá hafi upprekstur fallið niður í nokkur ár frá Ártúni, vegna þess að þar hafi fé verið fækkað. Það breyti engu um heföarréttinn. Hins vegar hafi fé þaðan gengið á afréttinn og fjallskil ætíð gerð.

Telja verði upplýst að engir samningar hafi verið gerðir um upprekturinn. Jarðeigendur eða ábúendur hafi aldrei sótt um neins konar leyfi til

þess að reka, hvorki í eitt skipti né árlega, og aldrei greitt neitt gjald fyrir. Enginn kannist við að séra Þorvarður G. Þormar hafi leigt Höfðhverfingum afréttarlönd Laufásstaðar, eða þeir greitt honum fyrir upprekstur. Þótt Páll G. Jónsson í Garði hafi ef til vill hvatt Höfðhverfinga til að reka á heiðina, þá verði því ekki jafnað til neins konar leyfis eða samnings. Þótt svo yrði litið á að Höfðhverfingar hefðu í upphafi rekið með leyfi Páls G. Jónssonar, þá útiloki það ekki að hefðartími hafi ekki getað byrjað að líða eftir það.

Samkvæmt upplýsingum sýslumanns Þingeyjarsýslu um fjallskil og upprekstur í Þingeyjarsýslu árið 1959 noti nokkur hluti Grýtubakkahrepps Vesturheiðina sem afrétt og virðist upprekstrarrétturinn vera tekinn bessaleyfi. Þetta sýni m.a. að upprekturinn hvorki sé né hafi verið byggður á leyfi eða samningum. Þá sýni gögn málsins að stefnendur málsins hafi ætíð gert fjallskil til jafns við Fnjóskdæli, séð um gangnastjórn, greitt jafnan hlut í kostnaði við framkvæmdir á Flateyjardalsheiði og réttarbyggingu. Þá hafi Höfðhverfingar ætíð tekið þátt í göngum og öðrum fjallskilum og hafi öðlast hlutdeild í fjallskiladeildinni í norðanverðum Hálshreppi allt frá árinu 1930. Á Flateyjardalsheiði hafi verið litið sem eitt afréttarland. Það sé ekki skilyrði fyrir því að öðlast hefðarrétt að rekið hafi verið í öll stykki hennar á hverju ári. Nægilegt sé að reka, eins og stefnendur hafi gert, en þeir hafi gjarnan rekið út fyrir Höfðagil og stundum lengra.

Stefnendur eða forverar þeirra hafi ekki gerst sekir um óráðvandlegt atferli varðandi upprekturinn og engan þann verknað sem útilokað geti að þeir megi vinna hefð.

Ekki sé við því að búast að Höfðhverfingar lýstu upprekstrarrétti sínum sem ítaki skv. lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka í jörðum, þar sem þá hafi þeir ekki verið búnir að hefða upprekstrarréttinn, og eins nái þau lög einungis til jarða en ekki afrétta eins og hér um ræði. Jarðalögin nr. 65/1976 snerti á engan hátt upprekstrarrétt eða hefðarrétt stefnenda.

Af hálfu beggja stefndu er því haldið fram að Flateyjardalsheiði, þar með talin Vesturheiðin, skiptist í aðskilda hluta landfræðilega og að eignarheimildum til. Um sé að ræða fornar ábýlisjarðir sem hver um sig sé metin til fasteignaverðs og með sérstaka skráningu í veðmálabókum. Því sé ekki um að ræða afréttarlönd, enda hafi heiðin ekki verið gerð að afrétti að lögum. Upphaf afnota hafi verið að ábúendur jarða á Flateyjardalsheiði og Flateyjardal hafi heimilað einstöku bændum að reka á land sitt gegn gjaldi og smám saman hafi lönd jarðanna verið tekin undir beit þegar byggð hafi lagst af á heiðinni.

Fyrir tilmæli Páls G. Jónssonar í Garði hafi Höfðhverfingar byrjað að reka á heiðina og þeim heimiluð afnot af henni í skjóli eigenda landsins gegn því að þeir tækju þátt í framkvæmdum þar. Það hafi þeir gert að

öðru leyti en því að þeir hafi ekki kostað vegagerð né eyðingu meindýra. Þessi samningstengsl eða aðstæður sem jafna megi til samningstengsla séu nægileg til þess að útilokað sé að stefnendur hafi hefðað upprekstrarrétt skv. 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga, en þar séu tegundir samninga sem útiloka hefð ekki tæmandi taldar. Þessi lögskýring sé í fullu samræmi við tilgang hefðarlaganna sem sé að meginstofni til að vernda eignarréttindi en ekki að ryðja eignarréttindum til hliðar. Kröfur stefnenda samrýmist því ekki tilgangi hefðarlaga, heldur gangi þvert á hann. Tilgangur stefnenda sé að skapa sér upprekstrarrétt á Flateyjardalsheiði um alla framtíð. Stefnendum hafi verið ljóst frá upphafi að land það sem þeir ráku í var háð eignarrétti og þeir hafi mátt búast við því að þurfa að hætta að reka þangað þegar þess væri óskað. Þeim hafi verið bannað það árið 1982, en réttur þeirra hafi verið véfengdur fyrr. Ljóst sé af skýrslu séra Þorvarðar G. Þormar frá árinu 1953 að hann hafi leigt Höfðhverfingum Saurbrýr, en þar sé opinber embættismaður að skýra frá rekstri kirkjujarðar. Skjal þetta hafi sönnunargildi skv. 158. gr. eml. Þá kom fram í upplýsingum sýslumannsins í Þingeyjarsýslum um afrétti og fjallskil í sýslunni 1959 að upprekstur á afrétti Hálshrepps sé að mestu háður leyfi árlega frá afréttareigendum eða umráðaaðilum. Þá hafi stefnendur greitt fyrir afnot sín með því að taka þátt í kostnaði við framkvæmd og fjallskil.

Stefnendur hafi vitað um betri rétt Hálshreppinga og því hafi þeir ekki getað unnið hefð skv. 2. mgr. 2. gr. hefðarlaga.

Þá verði stefnendur að sanna að þeir hafi rekið samfellt í heiðina í 40 ár sbr. 8. gr. hefðarlaga. Stefndu hafi mótmælt því að svo hafi verið, og aðilaskýrslur stefnenda hafi ekki gildi sem sönnun, nema þær séu þeim í óhag. Þá hafi stefnendur þurft að reka í tiltekið landsvæði hefðartímann fullan. Því sé ekki til að dreifa hér, því fram sé komið að menn hafi eitt árið rekið í þetta stykki og annað í hitt, og sumir stundum norður á Flateyjardal sjálfan. Lausaganga búfjár úr einu landi í annað skapi ekki hefðarrétt. Af þessari ástæðu einni saman sé útilokað að stefnendur hafi unnið hefðarrétt að upprekstri á það landsvæði sem um sé deilt.

Þá sé það ljóst af gögnum og aðilaskýrslum stefnenda að upprekstur þriggja jarða hafi ekki verið samfelldur, og því uppfylli þær ekki skilyrði um hefðartíma. Frá Ártúni hafi ekki verið rekið frá árinu 1966 til 1972. Ekki hafi verið rekið frá Fagrabæ á árunum 1927 til 1938. Árið 1950 hafi eigendur Fagrabæjar tekið land Heiðarhúsa á leigu, og hafi sá leigusamningur verið framlengdur til ársins 1985. Þaðan hafi því verið rekið í leigulandið og þótt féð hafi gengið þaðan í önnur lönd skapi það ekki hefðarrétt á upprekstri í þau. Árin 1928 til 1965 hafi verið rekið í Austurheiðina frá Nesi, og því hafi verið rekið skemur en 40 ár í Vesturheiðina. Útilokað sé að þessar jarðir hafi unnið hefðarrétt á upprekstrinum. Frá

öðrum bæjum hafi upprekstur verið samfelldari en þó aldrei rekið stöðugt í sama land. Stundum hafi verið rekið norður á Flateyjardal.

Því er haldið fram af hálfu stefndu að eftir setningu laga nr. 113/1952 sé ekki unnt að hefða ítök í jörðum, en þau landsvæði sem um sé deilt í málinu séu öll háð fullkomnum eignarrétti og hafi ekki verið gerð að afrétti. Þegar þessi lög hafi tekið gildi hafi enginn stefnenda lýst ítaki í hin umdeildu lönd og þá hafi hefðartími ekki verið fullnaður. Því er haldið fram af hálfu stefnda kirkjumálaráðherra að þá er Höfðhverfingar hafi rekið í Höfðagilsland hafi það verið gert með leyfi Laufássprests. Þá sé ljóst af jarðalögum nr. 65/1976 að þau næðu ekki fram að ganga ef hægt væri að hefða ítak. Þá er því haldið fram af stefnda kirkjumálaráðherra að öll gögn sýni að Laufásstaður hafi fullkomið eignarhald á Höfðagilsstykkinu annaðhvort samkvæmt samningum eða fyrir hefð.

III. *Niðurstaða dómsins.*

Því hefur verið haldið staðfastlega fram af hálfu kirkjumálaráðherra að Laufáskirkja í Suður-Þingeyjarsýslu sé eigandi svonefnds Höfðagiljalands á Flateyjardalsheiði. Gegn þessari staðhæfingu hafa ekki komið fram bein mótmæli af hálfu annarra aðila málsins og ekki er vitað til að nokkur hafi gert eignartilkall til þessa lands.

Af hálfu kirkjumálaráðherra hafa verið lögð fram margvísleg skjalleg gögn um rétt Laufáskirkju til Höfðagiljalands. Hið elsta er úttekt Laufásstaðar frá 1738 þar sem sagt er að Höfðagiljaland tilheyri staðnum fyrir lambaafrétt og hafi það átölulaust verið notað um langan aldur af staðarhaldara.

Þegar þau gögn eru virt sem að framan er getið verður að telja kirkjumálaráðherra, f.h. kirkjumálaráðuneytis, réttan aðila þessa máls, en engar málsástæður hafa komið fram sem byggðar eru á aðildarskorti.

Svo sem fyrr er getið eru upplýsingar í málinu um það af hvaða ástæðum ábúendur á jörðunum sjö í Höfðahverfi taka að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði af skornum skammti. Samkvæmt rituðum þætti í einu bindi bókaflokksins Göngur og réttir eftir Pál G. Jónsson í Garði, þá tíðkaðist að bændur sem bjuggu á Flateyjardalsheiði leyfðu upprekstur í lönd sín gegn gjaldi og sama máli mun hafa gegnt um þau lönd á heiðinni sem ekki tilheyrðu heiðarbýlunum, eigendur þeirra heimiluðu upprekstur að sögn Páls. Upphaf nota jarðanna sjö af Flateyjardalsheiði hefur ekki verið rakið til þessara hátta um beitarafnot á Flateyjardalsheiði og gögn málsins benda ekki sérstaklega til þeirra.

Í skrifum Sigurbjarnar Benediktssonar, fyrrum bónda í Ártúni, sem að

framan er getið, segir hann Pál G. Jónsson hafa verið einlægan hvatamann þess að Suður-Höfðhverfingar ykju afnot sín af heiðinni og legðu sinn skerf til fjallskila, svo að auðveldara yrði að manna göngur eftir að Svalbarðsströndungar hættu að reka þangað. Þessar upplýsingar hafa í sjálfu sér ekki verið dregnar í efa og má telja þær vera í bærilegu samræmi við þær upplýsingar sem er að finna í fjallskilabókinni frá 1912 til 1939.

Í fjallskilabókina er ritað 1927 að Svalbarðsströndungar hafi ekki rekið fé sitt til afréttar nú síðustu ár, og er þá tvímælalsust átt við Flateyjardalsheiði. Af sömu bók má sjá að göngum hefur verið jafnað niður á einstaka bændur á Svalbarðsströnd fram eftir þriðja áratugnum. Göngum er jafnað niður á ábúendur Grundar og Fagrabæjar strax upp úr síðustu aldamótum. Á ábúanda Fagrabæjar er jafnað niður árið 1905 og síðan óslitið frá 1912 til 1929. Á ábúanda Grundar er jafnað niður árin 1902, 1904, 1912 og 1913 og síðan óslitið frá 1917. Tilmæli Páls G. Jónssonar virðast því tæpast eiga við um þessar jarðir en hins vegar gætu þau átt við um Hléskóga, Lómatjörn og Nes. Býlin Ártún og Syðri-Grund hafa þá sérstöðu að vera byggð úr landi Grundar.

Stefnendur telja að þessi tilmæli hafi engu ráðið um það að þeir hófu að reka fé sitt á Flateyjardalsheiði. Stefnendur halda því staðfastlega fram að til grundvallar afnotum þeirra hafi enginn samningur legið, ekki hafi verið fengið leyfi og engin greiðsla hafi nokkru sinni verið innt af hendi fyrir afnotin.

Ekkert annað er upplýst í málinu en stefnendum og forverum þeirra hafi ætíð verið ljóst að lönd þau sem þeir ráku í voru í eigu ákveðinna aðila sem höfðu fullan ráðstöfunarrétt á þeim. Má þar sem dæmi nefna leigusamning um Heiðarhús frá 1950 til 1985.

Þótt engan veginn verði talið að hér sé um að ræða atferli af hálfu stefnenda sem sérstaklega er getið um í 2. mgr. 2. gr. hefðarlaga verður engu að síður að telja að samkvæmt efni þeirrar lagagreinar leiði vitneskja stefnenda og forvera þeirra um eignarrétt eigenda þess lands sem þeir ráku í til þess að þeir megi ekki vinna hefð á upprekstrarrétti í Vestur-Flateyjardalsheiði.

Að þessari niðurstöðu fenginni þykir ástæðulaust að taka afstöðu til þess hvort stefnendur hafa uppfyllt önnur skilyrði hefðarlaga fyrir því að þeir megi vinna hefð á upprekstrarréttinum.

Niðurstaða málsins er því sú að kröfum stefnenda er hafnað.

Eftir eðli og atvikum málsins þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu að öðru leyti en því að stefnendur skulu að óskiptu greiða stefnda Erlingi Arnórssyni kr. 20.000,00 í málskostnað.

Friðgeir Björnsson, skipaður setudómari, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda, Jóns Sæmundssonar, Guðrúnar Jónsdóttur, Guðmundar Þórissonar, Sigurðar Þórissonar, Sverris Guðmundssonar, Jóns Laxdal, Sigurðar Helgasonar, Sævars Magnússonar og Sveins Sigurbjörnssonar í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því að stefnendur skulu að óskiptu greiða stefnda Erlingi Arnórssyni kr. 20.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 247/1986. **Sigmar Stefán Pétursson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Guðjóni Pálssyni
(Þórður Gunnarsson hrl.)

Verksamningar. Skuldamál. Yfirborganir. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, felld verði úr gildi fjárnámsgerð er fram fór 25. júlí 1986 í fasteign áfrýjanda að Hrísateigi 41, Reykjavík, til tryggingar tildæmdum kröfum samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu þó, að hin tildæmda fjárhæð beri 30% ársvexti frá 1. mars 1987 til 15. apríl 1987 en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er og krafist að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest til tryggingar

tildæmdum kröfum. Loks krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, m.a. bréf frá Verðlagsstofnun, dags. 4. desember 1987. Þar kemur fram, að hámarkstaxti útseldrar vinnu er settur samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Hámarkstaxti þessi er ekki birtur af hálfu Verðlagsstofnunar. Hann tekur aðeins til álagningarhluta taxtans en meginhluti hans grundvallast á samningum stéttarfélaga, sem verðlagslög taka ekki til.

Af hálfu Verðlagsstofnunar er sá skilningur lagður í hámarkstaxta þess, „að þeir séu hinir einu lögmætu í viðkomandi iðngrein".

Um þóknun fyrir hönnunarvinnu:

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefir verið lagt fram skjal, sem stefndi mun hafa samið eftir að vinnu á 2. hæð veitingahússins var að mestu lokið. Skjal þetta er ódagsett. Þar reiknar stefndi sér 162 tíma í hönnunarvinnu og krónur 303,00 á tímann eða samtals 49.086,00 krónur. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að skjal þetta sé samið eftir verklok. Stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi unnið hönnunarvinnu vegna 2. hæðar veitingahússins eftir samningu skjals þessa. Telst hann því bundinn af þeirri fjárhæð, er þar greinir, þ.e. 49.086,00 krónur.

Um uppgjörið frá 25. ágúst 1984:

Viðurkennt er af hálfu áfrýjanda, að hann hafi verið búinn að fá í hendur vinnuseðla ásamt leigu fyrir vélar á verkstæði á héraðsdómsskjali nr. 22 er honum var afhent uppgjörið frá 25. ágúst 1984 að fjárhæð 1.273.300,00 krónur. Samkvæmt skjali þessu nemur verkkostnaður 1.425.813,00 krónum. Því er ekki mótmælt að með innheimtubréfi lögmanns áfrýjanda hinn 10. október 1985 fékk áfrýjandi fyrst reikning stefnda fyrir leigu á vélum á byggingarstað að fjárhæð 207.426,00. Er reikningur þessi í tveimur liðum, fyrir leigu á trésmíðavélum 162.631,00 króna og fyrir leigu á verkfærum 44.795,00 krónur. Lögmaður stefnda hafði áður með innheimtubréfum 9. maí 1985 krafið hann um greiðslu vegna vanskila á hönnunarkostnaði og verkkostnaði vegna bjórstofu. Ekki hefur

verið sýnt fram á að stefndi hafi fyrr krafist leigu fyrir verkfærin og eins og viðskiptum aðila var farið hafði áfrýjandi réttmæta ástæðu til að ætla að svo yrði ekki. Ber því að hafna þessum kröfulið. Að því er snertir hinn lið reikningsins, 162.631,00 krónu, þá hafði stefndi afhent áfrýjanda skjal yfir þann verkkostnað og nam hann 49.050,00 krónum að veittum 50% afslætti. Verður að telja stefnda bundinn af þeirri fjárhæð. Stefndi hefir krafist 23,5% söluskatts af vélaleigu. Ber að taka þá kröfu til greina. Með söluskatti verður vélaleigan því 60.577,00 krónur. Að því er varðar greiðslu á söluskatti af verkstæðisvinnu mátti áfrýjandi ekki vænta að hann kæmist hjá að greiða hann. Að öðru leyti en hér greinir er skírskotað til forsendna héraðsdóms að því er þennan þátt málsins snertir.

Um yfirborganir:

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, höfðu yfirborganir á kauptöxtum trésmiða tíðkast í samskiptum aðilja um 12 ára skeið. Kauptaxtar samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga eru lágmarkstaxtar, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, sem heimilt er að semja um yfirborganir á, þar sem þeir falla utan verðlagslaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 56/1978. Vegna hinnar löngu venju um yfirborganir í samskiptum málsaðilja, verður að telja, að áfrýjandi sé skuldbundinn til þeirra yfirborgana, sem stefndi krefur hann um, enda er ósannað að reiknað sé með hærra meistaraálagi en Verðlagsstofnun hefir heimilað.

Kröfur stefnda eru samkvæmt tveim reikningum, öðrum að fjárhæð 647.900,00 krónur fyrir vinnu á byggingarstað, en hinum að fjárhæð 960.722,00 (þar af söluskattur kr. 182.809,00) fyrir verkstæðisvinnu, eða samtals 1.608.622,00 krónur.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 588.947,50 krónur + (þ.e. kr. 49.086,00 + kr. 60.577,00 + kr. 1.608.622,00 + kr. 399.111,00 - kr. 1.528.448,50.)

Áfrýjandi var ekki krafinn um greiðslu fyrr en með innheimtubréfi lögmanns stefnda dagsettu 10. október 1985. Verða vextir því eigi dæmdir frá fyrri tíma. Vegna breytinga, er orðið hafa á vöxtum eftir fjárnámsgerð, sbr. og vaxtalög nr. 25/1987, var stefnda rétt

að hækka vaxtakröfur sínar fyrir Hæstarétti, svo sem hann hefir gert, enda þótt fjárnámið verði ekki staðfest fyrir þeirri hækkun.

Eftir þessum málalokum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigmar Stefán Pétursson, greiði stefnda Guðjóni Pálssyni, 588.947,50 krónur með 45% ársvöxtum frá 10. október 1985 til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1987 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Fjárnám það er gert var hinn 25. júlí 1986 í fasteign áfrýjanda að Hrísateigi 41, Reykjavík, er staðfest til tryggingar greiðslu tildæmdra fjárhæða, þó ekki hærri ársvöxtum en 27% eftir 1. apríl 1986 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 200.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 28. maí sl. höfðaði Guðjón Pálsson byggingameistari, nr. 2926-7634, Torfufelli 2, Reykjavík, með starfsstöð að Grensásvegi 8, Reykjavík, gegn Sigmari Péturssyni veitingamanni, nnr. 7563-8655, Hrísateigi 41, Reykjavík, persónulega og fyrir hönd óskráðs einkafyrirtækis hans Veitingahússins Sigtúns, Suðurlandsbraut 26, Reykjavík, með þingfestingu málsins 24. október 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 949.725,50 með 19% ársvöxtum frá 20. mars 1984 af kr. 375.611,00 til 15. ágúst s.á. af kr. 677.125,50 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 45%

ársvöxtum af kr. 949.725,50 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar en án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi tók að sér að innrétta dansstað á II. hæð veitingahúss stefnda Sigtúni. Sú vinna hófst að sögn stefnanda í desember 1983 og var að mestu lokið í júní 1984, en þá var dansstaðurinn opnaður.

Þá tók stefnandi og að sér að innrétta bjórstofu á I. hæð hússins og hófst sú vinna að sögn stefnanda hinn 21. janúar 1985. Stefnandi hætti vinnu við þetta verk 20. mars 1985, en því mun þá ekki hafa verið að fullu lokið.

Stefnandi kveðst auk hönnunar á innréttingum þeim sem að framan greinir hafa tekið að sér forhönnun á sal á I. hæð hússins og lagt fram grunnteikingar að henni. Dómkvaddir matsmenn mátu, að hönnunarkostnaður allur næmi kr. 272.600,00 miðað við verðlag 1. júlí 1985.

Stefnandi sundurliðar reikning sinn fyrir framangreinda vinnu svo:

A.	Hönnunarkostnaður			kr. 272.600,00
B.	Tímavinna og útlagður kostnaður vegna smíða í bjórstofu á I. hæð			
1.	tímavinna	kr.	183.833,00	
2.	ferðir	"	6.300,00	
3.	vélaleiga	"	148.456,00	
4.	útlagður kostnaður	"	2.145,00	
5.	söluskattur	"	34.887,00	
	Samtals	kr.	375.611,00	" 375.611,00
C.	Tíma- og verkstæðisvinna á II. hæð			
1.	vinna á verkstæði	kr.	960.722,00	(þar af söluskattur kr. 182.809)
2.	tímavinna á staðnum	"	647.900,00	
3.	leiga á trésmíðavélum	"	207.426,00	
4.	kaupbreytingar	"	4.470,00	
5.	forvextir	"	9.445,00	
	Samtals	kr.	1.829.963,00	kr. 1.829.963,00

Heildarkrafa stefnanda nemur því kr. 2.478.174,00.

Aðilar málsins eru sammála um að stefndi hafi greitt stefnanda samtals kr. 1.528.448,50 sem dragast frá heildarkröfunni. Mismunurinn er kr. 949.725,50 sem er stefnukrafan.

Í þinghaldi í máli þessu hinn 29. apríl sl. var bókuð svohljóðandi málflutningsyfirlýsing:

„Af hálfu aðila beggja er gefin svofelld málflutningsyfirlýsing:

Af hálfu stefnda er því lýst yfir að hann samþykki að greiða stefnanda kr. 399.111,00 fyrir alla vinnu og kostnað við bjórstofu. Aðilar eru sammála um að vinnuliður þeirrar fjárhæðar kr. 183.833,00 lækki ef niðurstaða dómsins verður sú í öðrum þáttum málsins að stefnda beri einungis að greiða laun samkvæmt lægri taxta en stefnandi krefst og þá í sama hlutfalli og sú lækkun kann að verða. Þá komi og fjárhæðinni kr. 399.111,00 til frádráttar fjárhæðir sem stefndi kann að hafa greitt stefnanda fyrir vinnu á II. hæð hússins fram yfir það sem honum bar skylda til verði sú niðurstaða dómsins."

Þá var við aðalflutning málsins svofelld yfirlýsing bókuð:

„Lögmenn aðila lýsa því yfir að verði niðurstaða í málinu sú að stefndi eigi einvörðungu að greiða tímakaup það sem samningar stéttarfélaga kveða á um eigi að lækka tímavinnureikning stefnanda um 20%."

Stefnandi kvaðst vera búinn að starfa fyrir stefnda í u.þ.b. 12 ár. Um þá vinnu sem er deiluefni þessa máls hefðu þeir enga sérstaka samninga gert. Stefndi hefði beðið sig að teikna og innrétta dansstað (diskótek) á annarri hæð hússins. Ekki hefði sérstaklega verið rætt um greiðslu fyrir teiknivinnu annað en það að stefndi hefði ætlað að greiða þá vinnu sem stefnandi setti fram. Stefnandi kvaðst hafa unnið megnið af teiknivinnunni áður en framkvæmdir við innréttingarnar hófust.

Stefnandi kvað starfsmenn sína sem lengi hefðu unnið hjá sér hafa fengið sömu yfirborgun á kaup sitt við þessa vinnu og síðastliðin 12 ár, þ.e. á bilinu 10-15%, enda væri útilokað að halda góðum mönnum í tímavinnu ef ekki kæmu yfirborganir til, svo mikill munur væri á töxtum í tímavinnu og uppmælingu. Þetta hefði stefnda verið vel kunnugt þótt það hefði ekki sérstaklega verið rætt þeirra á milli. Stefnandi kvaðst fyrstu 3 - 4 vikurnar af verktímanum hafa skrifað reikninga vikulega og á þeim hefði komið fram hvaða tímakaup var greitt starfsmönnunum. Stefndi hefði greitt reikningana athugasemdalaust. Síðan hefði stefndi hætt að geta greitt vikulega og kvaðst þá stefnandi hafa hætt að skrifa vikulega reikninga. Stefndi hefði talað um að greiða inn á verkið og samþykkja víxla og síðan gera upp í verklok.

Stefnandi kvaðst aldrei hafa samið um afslátt við stefnda á töxtum fyrir vinnuvélar. Hins vegar hefði hann ætlað að gefa stefnda afslátt, en hætt við það þar sem stefndi hefði ekkert greitt.

Stefndi kvað stefnanda hafa meira og minna unnið hjá sér frá því að hann byrjaði að byggja veitingahús sitt við Suðurlandsbruat. Ekki hefði verið samið sérstaklega um þau verk sem deilt er um í þessu máli, en unnið á þeim forsendum að kaup yrði samkvæmt töxtum stéttarfélaga.

Stefndi kvað ekki hafa verið sérstaklega rætt um að stefnandi teiknaði innréttingar. Stefnandi hefði teiknað vinnuteikningar af því sem hann hefði smíðað sjálfur. Engar teikningar hefðu verið fyrir hendi af innréttingum á II. hæð hússins, en teikningar af þeim hefði stefnandi allar teiknað í vinnutíma sínum sem gerður hefði verið reikningur fyrir. Teikningar hefðu verið til af bjórstofu á I. hæð en þeim hefði þurft að breyta og hefði stefnandi gert það. Stefnandi hefði ekkert annað teiknað á I. hæð hússins sem hefði verið notað. Stefnandi hefði hins vegar gælt við hugmyndir að innréttingum á I. hæð en aldrei sérstaklega rætt við stefnda að unnið yrði eftir þeim. Ekki hefði staðið til að innrétta I. hæðina á þessum tíma.

Stefndi kvaðst engan reikning hafa greitt stefnanda með yfirborgun á taxta. Hann hefði greitt þá reikninga sem stefnandi hefði framvísað og treyst því að miðað væri við umsamda taxta stéttarfélaga, enda hefði hann borið fullt traust til stefnanda. Stefndi taldi að á byggingartíma veitingahússins hefði hann aldrei greitt yfirborganir á tímakaup, en mikið af vinnunni við það hefði verið unnið í uppmælingu. Stefndi kvaðst ekki minnast þess að stefnandi hefði nokkru sinni rætt um að sér væri nauðsyn að greiða starfsmönnum sínum hærri laun en samningar gerðu ráð fyrir, en þess bæri að gæta að margt hefði farið þeirra á milli á starfstíma stefnanda hjá stefnda og kvaðst stefndi að sjálfsögðu ekki muna það allt.

Í málinu hefur verið lagður fram reikningur frá stefnanda stílaður á Veitingahúsið Sigtún, dags. 25. ágúst 1984. Á reikninginn eru prentaðir ýmsir liðir s.s. vinna, akstur, efni o.s.frv. og að síðustu liðurinn annað. Þar er vélritað:

„Vinna samkvæmt samkomulagi að Suðurlandsbraut 26, 1.273.300."

Síðar stendur á reikningnum Greitt: Samkvæmt kvittunum. Samtals 1.273.300,00.

Stefndi kvaðst hafa fengið þennan reikning í hendur um það leyti sem hann er dagsettur og hér sé um að ræða lokauppgjör stefnanda fyrir vinnu hans á II. hæð veitingahússins. Stefndi segist hafa verið búinn að greiða stefnanda þá fjárhæð sem um getur á reikningnum, og nær allri vinnu á II. hæð hafi verið lokið á þessum tíma. Hvort tveggja segir stefnandi rétt. Hins vegar sé hér ekki um neitt lokauppgjör að ræða, heldur hafi hann samið reikninginn eingöngu í því skyni að færa út veltu fyrirtækisins gagnvart söluskattsskýrslum, það hafi hann ekki getað dregið. Stefndi hefði ekki fengið þennan reikning í hendur kvittaðan um greiðslu, en fyrir hendi hefðu verið kvittanir fyrir greiðslu sömu fjárhæðar. Þessi reikningur hefði

verið tekinn saman eftir kvittunum í bókhaldi og engin fylgiskjöl hefðu verið með honum. Þegar stefndi hefði fengið reikninginn í hendur hefði ekkert verið rætt um að stefndi greiddi meira. Hins vegar hefði stefndi verið búinn að tjá sér að hann gæti ekkert greitt til viðbótar fyrr en sala á I. hæð hússins hefði farið fram en þá myndi hann gera upp eftirstöðvarnar.

Þegar salan á I. hæð hafi verið um garð gengin og greiðslur teknar að berast til stefnda kvað stefnandi stefnda ætíð hafa borið fyrir sig að hann þyrfti að greiða ýmsa aðra reikninga.

Stefnandi kvað stefnda hafa verið ánægðan með hvernig til hefði tekist með hönnun innréttinga á II. hæð og beðið sig að hanna innréttingar á I. hæð. Stefndi hafi verið óánægður með fyrstu tillögur sínar, en þá hafi hann reynt að bæta um betur. Stefnandi kvað þessar tillögur hafa ónýst þegar I. hæð hafi verið seld, en í framhaldi af því hafi verið hafist handa um að innrétta bjórstofu á hluta I. hæðar. Stefnandi kvaðst síðan hafa byrjað vinnu við innréttingar í bjórstofu gegn því að stefndi greiddi vikulega fyrir þá vinnu. Hann hafi greitt fyrstu tvær vikurnar samkvæmt reikningum og á þeim hafi verið gerð grein fyrir kaupi þeirra sem við verkið unnu en um hefði verið að ræða kaup með yfirborgunum. Á þessum tíma kveður stefnandi stefnda hafa tjáð sér að hann myndi fljótlega fá greitt söluverð I. hæðar hússins og þá myndi hann geta greitt honum.

Stór hluti af vinnu á II. hæð mun hafa verið greiddur þannig að stefndi gaf út skuldabréf sem stefnandi annaðist sölu á. Stefnandi segir að þetta hafi verið eini möguleikinn til þess að fá greiðslur úr hendi stefnda. Stefndi hafi ætíð gert kröfu til þess að helmingur af andvirði skuldabréfanna rynni til sín, en við þá kröfu kannast stefndi ekki. Hins vegar er upplýst að hluti söluandvirðisins rann til stefnda. Í málinu hefur verið lagt fram af hálfu stefnanda yfirlit yfir sölu fjögurra skuldabréfa og hvernig söluandvirði þeirra hefur skipst á milli aðila. Síðasta skuldabréfið var selt 9. ágúst 1984 fyrir kr. 286.650,00 og fékk stefnandi í sinn hlut kr. 22.150,00 gegn afhendingu nótna í frumriti sem stefnandi hafði greitt. Stefndi fékk kr. 264.500,00 í sinn hlut. Stefnandi kvað stefnda hafa tjáð sér að honum væri nauðsynlegt að fá þessa peninga til þess að greiða söluskatt o.fl. Aldrei hefði verið meiningin að andvirði bréfanna ætti að nægja fyrir greiðslum til stefnanda.

Stefnandi kvaðst hafa farið fram á það við stefnda að fá greiddar kr. 150.000,00 fyrir vinnu sína við hönnun innréttinga. Stefndi hefði viljað láta þá greiðslu bíða þar til hann fengi greiðslur fyrir sölu I. hæðar hússins.

Á dómskjali í málinu kemur fram að stefnandi ritar vinna við teikningar G.P. 162 tímar 303/- 49.086,00. Stefnandi kvaðst hafa ritað þetta hjá sér og sett fram einhvern tíma á greiðslutímabilinu. Þá hefði hönnunarvinnunni ekki verið lokið.

Stefndi sagði að búið hafi verið að gera sölu skuldabréfanna upp á þeim

tíma sem hann fékk reikninginn sem dags. er 25. ágúst 1984 í hendur. Stefndi kvaðst ekki hafa gert kröfu um að fá neitt frekara uppgjör. Stefndi kvaðst hafa beðið stefnanda að innrétta bjórstofuna á I. hæð hússins. Stefnandi hefði ekki gert kröfu til að fá þá vinnu staðgreidda. Stefnandi hefði af sjálfsdáðum afhent sér helming af andvirði seldra skuldabréfa. Stefndi kvaðst hafa fengið í hendur yfirlit um tímakaup starfsmanna stefnanda áður en hann fékk reikninginn sem dags. er 25. ágúst 1984 í hendur. Hann kvaðst hafa farið yfir þá og séð að ansi vel hafi verið í lagt. Hann hefði gert athugasemdir við stefnanda og talað um hámarksálagningu á útselda vinnu. Hann hefði séð að þessir reikningar voru ekki réttir. Hann hefði hins vegar verið búinn að greiða þá.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hann hafi verið búinn að teikna innréttingar á II. hæð veitingahússins áður en smíði þeirra hófst. Því sé vinnan við þær ekki hluti af þeirri tímavinnu sem stefnandi geri stefnda reikning fyrir í þessu máli. Þó er viðurkennt af hálfu stefnanda að verið geti að vinna stefnanda við verkstjórn hafi að einhverju leyti fallið undir hönnunarvinnu. Þess beri þó að gæta að stefndi hefði þurft að greiða stefnanda fullt fyrir verkstjórn enda þótt hönnunarvinna hefði verið unnin af öðrum og því sé ekki um aukinn kostnað stefnda að ræða.

Þá kveður stefnandi koma fram af skjölum málsins, þar sem stefnandi ætli sér sérstakan tímafjölda fyrir hönnun, að hún hafi ekki verið tekin inn í tímavinnureikninga stefnanda. Hins vegar beri þess að gæta að stefnandi hafi eytt mun fleiri tímum en 162 eins og ritað sé á viðkomandi dómskjal.

Stefndi hafi viðurkennt skyldu sína til að greiða stefnanda fyrir hönnun bjórstofu.

Stefnandi hafi teiknað innréttingar á I. hæð að beiðni stefnanda og hafi stefndi rekið á eftir honum að ljúka þeim, því fari fjarri að hann hafi verið að teikna sér til skemmtunar eins og stefndi vilji vera láta.

Stefnandi hafi unnið hjá stefnda í tólf ár. Í allan þann tíma hafi hann reiknað yfirborganir á tímavinnu sem stefndi hafi greitt athugasemdalaust. Stefnda hafi verið vel kunnugt um þessar yfirborganir og samþykkt að greiða þær með því að greiða reikninga án athugasemda. Hann geti því ekki borið það fyrir sig nú að hann sé óskuldbundinn til að greiða yfirborgun á launin. Stefndi hafi einnig viðurkennt fyrir dóminum að hafa fengið í hendur tímavinnureikninga þá sem krafa stefnanda í málinu m.a. byggist á og komið auga á að kaupið var hærra en umsömdum töxtum stéttarfélaga nam og hafi engar athugasemdir gert.

Mönnum sé heimilt að semja um hærra kaup en samningar kveði á um.

Því fari fjarri að reikningur stefnanda frá 25. ágúst 1984 sé heildaruppgjör fyrir vinnu hans á II. hæð hússins. Engin fylgiskjöl hafi fylgt þessum reikningi og ekkert uppgjör. Stefndi hafi heldur ekki treyst sér til að full-

yrða fyrir dóminum að stefnandi hafi sagt að um lokauppgjör væri að ræða. Engan veginn sé hægt að túlka orðalag reikningsins þannig að hann sé lokauppgjör. Reikningurinn sé einungis samantekt á þeim greiðslum sem stefndi hafi innt af hendi til stefnanda fram að þeim tíma að reikningurinn var saminn. Þessu breyti í engu það að dregist hafi hjá stefnanda að krefja stefnda um lokagreiðslu. Stefndi hafi lofað að ljúka greiðslum þegar hann færi að fá greiðslur söluverðs I. hæðar hússins, en hafi ekki staðið við það þegar stefnandi leitaði eftir.

Af hálfu stefnda er viðurkennt að hann hafi beðið stefnanda um að hanna innréttingar á II. hæð veitingahússins. Stefnandi hafi hins vegar reiknað sér fullt tímakaup á þeim tíma sem hönnunarvinnan hafi staðið; það kaup sé að fullu greitt eins og annar kostnaður við innréttingar á II. hæð veitingahússins. Stefnandi hafi enda ekki sett fram neina kröfu um kaup við hönnun fyrr en með bréfi lögfræðings hans dags. 9. maí 1985 eða nær ári eftir að framkvæmdum við II. hæð lauk.

Verði ekki á þetta fallist megi engu að síður byggja á því að stefndi hafi greitt hluta hönnunarvinnu. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé hönnunarvinnunni skipt í þrjá þætti. Tveir síðustu þættirnir séu að skýra hugmynd hönnuðarins fyrir fagmönnum og sjá um að hún sé rétt framkvæmd og svo að kanna hvað markaðurinnn hafi upp á að bjóða. Stefnandi reikni sér kaup fyrir verkstjórn og fyrri þátturinn af þessum tveimur sé hluti af henni, enda sé ekki hægt að vinna þessa vinnu nema á þeim tíma er smiðir séu að störfum. Sama máli gegni með síðari þáttinn, hann verði ekki unninn á öðrum tíma en þeim þegar verslanir séu opnar. Á þessum tímum dagsins hafi stefnandi reiknað sér fullt kaup sem stefndi hafi nú þegar greitt.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að hann hafi beðið stefnanda um að hanna innréttingar á I. hæð hússins. Engin rök hnígi til þess að svo hafi verið. Hann hafi ekki á þessum tíma haft í hyggju að innrétta I. hæðina heldur að selja hana sem orðið hafi í ársbyrjun 1985.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi að fullu gert upp við stefnanda vinnu hans við innréttingar á II. hæð veitingahússins. Uppgjörið sé á reikningi stefnanda til stefnda dags. 25. ágúst 1984 en þann reikning hafi stefndi fengið í hendur um það leyti. Reikningnum hafi fylgt yfirlit yfir tímavinnu og vélaleigu svo og hafi stefnandi skráð vinnu sína við teikningar 162 tíma. Stefndi hafi gert athugasemdir við tímakaupið sem greint sé á yfirlitinu yfir tímavinnuna en látið þar við sitja þar sem hann hafi verið búinn að greiða stefnanda á þessum tíma fyrir verkið allt. Reikningur stefnanda hafi verið saminn nokkru eftir að vinnu hafi verið lokið við II. hæðina og engin krafa hafi komð fram frá stefnanda um viðbótargreiðslur fyrr en rúmu ári seinna, þ.e. með kröfubréfi lögmanns hans sem dagsett sé 10. október 1985.

Stefnandi hafi ekki reiknað söluskatt í uppgjörinu eins og hann geri nú. Það sé alfarið mál stefnanda hvort hann reikni söluskatt af þeirri vinnu og þjónustu sem söluskattsskyld sé og standi skil á þeim fjárhæðum. Það komi stefnda ekki við.

Því sé ekki mótmælt af hálfu stefnda að semja megi um hærri taxta en kjarasamningar kveði á um. Hins vegar verði þeir samningar að vera skýrir til þess að á þeim sé hægt að byggja kröfur um hærri kaupgreiðslur. Stefndi hafi engan slíkan samning gert við stefnanda. Ekki sé nægilegt þótt vera kunni að stefndi hafi fyrr greitt stefnanda hærra kaup en samkvæmt kjarasamningum.

Mat það sem stefnandi hafi látið framkvæma á hönnunarkostnaði hafi leitt í ljós að stefnandi hafi sett fram óraunhæfar kröfur um hönnunarkostnað. Því sé mótmælt að stefndi eigi nokkurn kostnað að bera af matinu.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í máli þessu að stefndi hafi greitt stefnanda kr. 1.528.448,50 fyrir þá vinnu sem í upphafi málssóknarinnar var deilt um. Stefndi hefur undir rekstri málsins samþykkt, með fyrirvörum sem fyrr hafa verið raktir, að greiða stefnanda kr. 399.111,00 fyrir alla vinnu hans við bjórstofu á I. hæð veitingahússins, þar með talinn hönnunarkostnað kr. 23.500,00.

Deiluefnið sem enn er óútkljáð er tvíþætt. Í fyrsta lagi krefst stefnandi þess að fá greiddar kr. 272.600,00 í hönnunarkostnað allan, en þar af eru kr. 23.500,00 fyrir hönnun bjórstofu og kr. 37.600,00 fyrir hönnun salar á I. hæð hússins.

Þá krefst stefnandi þess að fá greiddar kr. 1.829.963,00 fyrir vinnu sína á II. hæð hússins, en stefndi telur sig hafa greitt þá vinnu að fullu með kr. 1.273.300,00.

Stefnandi krefst því að fá greiddar kr. 272.600,00 samtals í hönnunarkostnað, kr. 375.611,00 vegna vinnu við bjórstofu, aðra en hönnunarvinnu, og kr. 1.829.963,00 vegna vinnu á II. hæð hússins eða samtals kr. 2.478.174,00. Frá þeirri fjárhæð dregst óumdeild greiðsla stefnda kr. 1.528.448,50 og eftir standa því kr. 949.725,50, sem er stefnufjárhæðin.

Viðurkennt er af stefnda að hann bað stefnanda um að hanna innréttingar á II. hæð veitingahússins, en stefndi neitar því alfarið að hann hafi beðið stefnanda um að hanna innréttingar í sal á I. hæð hússins. Upplýst er að ekki var sérstaklega samið á milli aðila um hvað greiða skyldi fyrir hönnunarvinnuna. Stefnandi krefst þess nú að fá greiddar kr. 211.500,00 fyrir hönnun á II. hæð og kr. 37.600,00 fyrir hönnun á I. hæð hússins. Krafan er byggð á mati dómkvaddra matsmanna, en þeir gera ráð fyrir að tekið hafi 450 klst. að hanna innréttingar á II. hæð og 80 klst. á I.

hæð og reikna hverja klukkustund á kr. 470,00 á verðlagi 1. júlí 1985.

Matsmenn segja að hönnunarvinnu megi skipta á þrjá þætti, fá hugmynd og setja á blað, skýra hugmyndina fyrir fagmönnum og sjá um að hún sé rétt framkvæmd og kanna hvað markaðurinn hafi upp á að bjóða.

Stefnandi skýrði frá því fyrir dómi að hann hefði farið fram á það við stefnda að fá greiddar kr. 150.000,00 fyrir hönnunarvinnu, en stefndi hefði viljað láta þá greiðslu bíða þar til hann hefði fengið greitt af söluandvirði I. hæðar.

Þá hefur verið lagt fram skjal sem stefnandi mun hafa samið eftir að vinnu á II. hæð veitingahússins var að mestu lokið. Þar reiknar stefnandi sér 162 tíma í hönnunarvinnu og kr. 303,00 á tímann eða samtals kr. 49.086,00.

Þá hafa og verið lagðir fram í málinu tímavinnureikningar stefnanda og hans manna fyrir vinnu á II. hæð veitingahússins frá 11. mars til 16. júní 1984, en stefnandi leggur þessa reikninga til grundvallar kröfu sinni um greiðslu launa fyrir vinnu á II. hæð veitingahússins. Á reikningum þessum er stefnanda yfirleitt reiknaður sami vinnustundafjöldi á viku hverri og öðrum starfsmönnum. Er þar jafnan um dagvinnu og eftirvinnu að ræða og stundum næturvinnu. Það þykir benda til þess að stefnandi hafi á þeim tíma unnið við hönnun að því leyti sem hún er fólgin í því að skýra hugmyndir fyrir fagmönnum og sjá til þess að þær séu rétt framkvæmdar. Sama máli gegnir um könnun þess hvað markaðurinn hefur upp á að bjóða.

Hins vegar þykir ekkert upplýst um það að stefnandi hafi unnið að fyrsta þætti hönnunarinnar, þ.e. að fá hugmynd og færa hana í búning teikningar á þeim tíma sem hann reiknar sér tímakaup hjá stefnda. Með framangreind atriði í huga þykir verða að fallast á að stefnandi eigi rétt á að fá nokkra greiðslu fyrir hönnunarvinnu og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 60.000,00.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sannað að komist hafi á samningur þeirra á milli um það að stefnandi hannaði innréttingar á I. hæð hússins. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um að hann greiði fyrir þá hönnunarvinnu.

Stefndi þykir ekki hafa sannað gegn mótmælum stefnanda að í ágúst 1984 hafi farið fram lokauppgjör þeirra á milli fyrir vinnu stefnanda við II. hæð veitingahússins, þannig að stefnandi eigi ekki rétt á frekari greiðslum fyrir þá vinnu. Verður því ekki á það fallist að stefndi hafi að fullu greitt fyrir þá vinnu með kr. 1.273,300,00.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaða útreikninga á þessari kröfu sinni. Stefndi hefur ekki mótmælt þeim tölulega að öðru leyti en því að hann telur sig ekki eiga að greiða hærra tímakaup en taxtar kjarasamninga þeirra sem unnið var eftir kveða á um. Hins vegar er því ekki mótmælt af stefnda

að heimilt sé að semja um hærra kaup en samningar segja til um, en það hafi ekki verið gert í þessu tilviki.

Því er staðfastlega haldið fram af stefnanda að hann hafi í öll þau ár sem hann hafi unnið hjá stefnda gert honum reikninga fyrir vinnu sem hafi haft að geyma yfirborganir og þá reikninga hafi stefndi greitt athugasemdalaust. Þessu er ekki mótmælt af hálfu stefnda að öðru leyti en því að hann kveðst hafa gert athugasemdir við tímakaupið þegar hann fékk reikninga í ágúst 1984, en látið við það sitja, enda hafi hann þá verið búinn að greiða reikningana. Hins vegar heldur stefndi því fram að semja þurfi skýrlega um greiðslu yfirborgana til þess að skyldu beri til þess að greiða þær, en svo hafi ekki verið í þessu tilviki. Á það má í sjálfu sér fallast, en þegar litið er til þess að aðilar þessa máls höfðu átt viðskipti sín á milli um langt skeið og ekki er annað upplýst en stefndi hafi ætíð greitt stefnanda kaup þar sem um yfirborganir var að ræða, verður að telja að hann hafi í framkvæmd skuldbundið sig til þess að greiða stefnanda kaup með þessum hætti og verður því ekki á það fallist að stefnandi geti ekki krafið stefnda um greiðslu þess tímakaups sem hann nú gerir. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina að þessu leyti.

Niðurstaða dómsins er því sú að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 60.000,00 fyrir hönnunarvinnu, kr. 399.111,00 fyrir vinnu við bjórstofu veitingahússins samkvæmt samkomulagi aðila og kr. 1.829.963,00 fyrir vinnu á II. hæð veitingahússins eða samtals kr. 2.289.074,00, allt að frádregnum kr. 1.528.448,50 eða kr. 760.625,50.

Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfu stefnanda. Hins vegar er þar um að ræða þá sýnilegu skekkju að stefnandi krefst vaxta af kröfu sinni vegna vinnu við bjórstofu veitingahússins frá 20. mars 1984, en sú vinna var að hans sögn unnin frá 21. janúar til 20. mars árið 1985. Rétt þykir því að dæma stefnda til að greiða stefnanda vexti af þeirri kröfur frá 1. apríl 1985. Vextir af kröfu stefnanda um greiðslu hönnunarvinnu verða að kröfu stefnanda dæmdir frá 1. júlí 1985. Vextir af kröfu stefnanda vegna vinnu á II. hæð veitingahússins kr. 1.829.963,00 að frádregnum greiðslum stefnda kr. 1.528.448,50 eða kr. 301.514,50 verða dæmdir frá 25. ágúst 1984.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði persónulega og f.h. einkafyrirtækis síns, Veitingahússins Sigtúns, stefnanda, Guðjóni Pálssyni, kr. 760.625,50 með 19% ársvöxtum af kr. 301.514,50 frá 25. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar

s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., af kr. 700.625,50 frá þeim degi til 1. júní s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á. og af kr. 760.625,50 frá þeim degi til 1. september s.á., með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 130.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 25. júlí 1986.

Ár 1986 föstudaginn 25. júlí er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Suðurlandsbraut 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum. Fyrir er tekið málið A-7989/1986 Guðjón Pálsson gegn Sigmari Péturssyni, 7563-8655.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 7669/1985 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigmundur Hannesson hdl. v/Guðna Á. Haraldss. hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 760.625,50 - með 19% ársv. af kr. 301.514,50 - frá 25.8. 1984 til 1.1. 1985, m. 32% ársv. f. þ. d. t. 1.2. s.á., m. 39% ársv. f. þ. d. t. 1.3. 1984, með 48% ársv. f. þ. d. t. 1.4. s.á., af kr. 700.625,50 - f. þ. d. t. 1.5. s.á., með 42% ársv. f. þ. d. t. 1.7. s.á. og af kr. 760.625,50 - f. þ. d. t. 1.9. s.á., með 45% ársv. f. þ. d. t. 1.3. 1986, m. 33% ársv. f. þ. d. t. 1.4. s.á. og með 27% ársv. frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnað kr. 620,- kr. 130.000,- í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.210,- fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðana.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola Hrísateig 41. Skjal nr. 024166. Móttekið til þinglýsingar 11. ágúst 1986. Frumrit stimplað. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 14. desember 1987.

Nr. 268/1986. **Matthías Einarsson**
Matthías Matthíasson
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gunnari A. Pálssyni
(Grétar Haraldsson hrl.)

Nauðungaruppboð. Ómerking. Heimvísun. Leiðbeiningarskylda. Forsendulaus úrskurður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1986. Þeir gera þær dómkröfur að áfrýjuðum úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur verði hrundið og synjað verði um framgang uppboðsins. Þá verði stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur að áfrýjaður úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Þann 7. maí 1985 beiddist stefndi þess að seld væri á nauðungaruppboði „6 herbergja íbúð á 3. hæð í húseigninni nr. 17 við Laufásveg" eign áfrýjenda. Uppboðsins beiddist stefndi til lúkningar víxils að eftirstöðvum 660.000,00 krónur auk dráttarvaxta, vaxtavaxta og kostnaðar sem hann gerði eftirfarandi grein fyrir:

„5%	pr. mán af kr.	660.000.-	25/3	83-21/10	83
4,75%	pr. mán af kr.	660.000.-	21/10	83-17/11	83
4,75%	pr. mán af kr.	649.500.-	17/11	83-21/11	83
4%	pr. mán af kr.	649.500.-	21/11	83-21/12	83
3,25%	pr. mán af kr.	649.500.-	21/12	83-21/1	84

2,5%	pr. mán af kr.	488.580.-	21/1	84-25/3	84
2,5%	pr. mán af kr.	820.654.-	25/3	84- 1/9	85
2,75%	pr. mán af kr.	820.654.-	1/9	84- 1/2	85
3,75%	pr. mán af kr.	820.654.-	1/2	85- 1/3	85
4%	pr. mán af kr.	820.654.-	1/3	85-25/3	85
og 4%	pr. mán af kr.	1.098.307.-	25/3	85 til	

greiðsludags.

Ennfremur þegar áfallinn kostnaður, sem er þessi: Tilkynning til Matthíasar og birting hennar kr. 1.330.-, fjárnámsbeiðni kr. 850.- mót við fjárnám kr. 950.-, endurrit fjárnámsgjörðar kr. 60.-, fjárnámskostnaður og bíll kr. 5.665.- Þinglýsing og stimplun fjárnámsgjörðar kr. 8.435.-, uppboðsbeiðni kr. 950.- og innheimtulaun kr. 63.630.-.

Við þær fjárhæðir, er nú hafa verið greindar bætist að sjálfsögðu allur áfallandi kostnaður svo sem hækkun innheimtulauna, greiðsla fyrir mót við uppboð og yfirleitt allur kostnaður, er á fellur allt til greiðsludags, þ. á m. *auðvitað* allur uppboðskostnaður."

Stefndi lagði fram frumrit víxilsins. Víxillinn er samþykktur af Matthíasi Einarssyni, einum áfrýjenda, til greiðslu 25. febrúar 1983, útgefinn og ábektur af Kristjáni Eiríkssyni hrl. 25. nóvember 1982 og upphaflega að fjárhæð 760.000,00 krónur. Þá lagði stefndi fram tryggingarbréf. Samkvæmt því er það til tryggingar framangreindum víxli og er íbúðin að Laufásvegi 17 veðsett víxilhafa með 1. veðrétti ásamt tilheyrandi eignarlóðarhluta og öllu öðru sem eignarhlutanum fylgir og fylgja ber. Samkvæmt áritun á tryggingarbréfið fylgdi því veðleyfi útgefið 23. nóvember 1982. Veðleyfið var gefið út af hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Péturssyni og Axel Einarssyni vegna erfingja dánarbús hjónanna Elísabetar Jónsdóttur og Odds Einarssonar en samkvæmt árituninni hafði skiptaráðandinn í Reykjavík afhent þeim búið til einkaskipta 3. júlí 1981 samkvæmt ákvæðum í erfðaskrá hjónanna. Erfingjarnir voru Matthías Einarsson og börn hans, áfrýjendur í máli þessu. Þegar þessir gerningar voru gerðir voru sum barnanna ólögráða. Skiptaráðandinn í Reykjavík hefur ritað á veðleyfið, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, að ráðstöfunin sé samþykkt. Bréfið sjálft ber einnig slíka áritun en hún er óundirrituð. Leyfis dómsmálaráðuneytisins er hvergi getið í málinu sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947 sem þá

voru í gildi. Þann 29. apríl 1985 var að ósk stefnda gert fjárnám í íbúðinni samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 en heimild þar um er í tryggingarbréfinu. Fjárnáminu var beint að Matthíasi Einarssyni einum og honum einum hafði verið tilkynnt um að það mundi fara fram. Einnig er því haldið fram að honum einum áfrýjenda hafi verið tilkynnt um framkvæmd þess. Matthías Einarsson áfrýjaði fjárnáminu með stefnu 26. júlí 1984 en í því máli varð útivist fyrir Hæstarétti og var það fellt niður 2. október 1985.

Uppboðsréttarmálið er fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 13. ágúst 1986 og beint gegn áfrýjendum öllum. Þá er bókað að tilkynning um uppboðið hafi verið send 10. maí 1985 og auglýsing send 31. maí. Stefndi er þá mættur og leggur fram greinargerð. Þá er mættur Matthías Einarsson, einn áfrýjenda, og felur uppboðsrétturinn honum að vera réttargæslumaður annarra uppboðsþola, að því leyti að láta þau vita um uppboðið og deilumál í sambandi við það, sbr. skrifleg mótmæli hans frá 7. ágúst 1985 sem lögð eru fram á þinginu. Uppboðshaldari lagði síðan fram önnur þau skjöl sem grein hefur verið gerð fyrir hér að ofan. Uppboðsmálið dregst síðan til 3. september 1986 en þá er það tekið fyrir að nýju og leggur Matthías Einarsson þá fram greinargerð fyrir sína hönd og annarra uppboðsþola. Síðan er málið lagt í úrskurð.

Þann 11. september 1986 er síðan kveðinn upp úrskurður í málinu af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta. Úrskurðurinn er forsendulaus og er svohljóðandi:

„Uppboð nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda."

Áfrýjendur reisa andmæli sín gegn framgangi uppboðsins á því í fyrsta lagi að uppboðsbeiðandi hafi hvorki fengið dóm fyrir víxlinum né staðfestingu á veðinu samkvæmt tryggingarbréfinu. Í öðru lagi mótmæla þeir uppboðskröfunni sem rangri að því er varðar vexti. Samkvæmt henni krefjist uppboðsbeiðandi dráttar- og vaxtavaxta. Vaxtakrafan sé óheimil og samrýmist ekki dómvenju. Í þriðja lagi halda þeir því fram að framlagður víxill sé fyrndur og í fjórða lagi að fjárnáminu hafi verið beint gegn Matthíasi Einarssyni einum. Þá er því loks haldið fram í málflutningi hér fyrir dómi að tilkynningar varðandi uppboðið hafi aðeins verið birtar Matthíasi Einarssyni einum áfrýjenda.

Stefndi vísar til 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. veðlaga nr.

18/1887, og heldur því fram að alveg sé vafalaust að hann hafi óaðfinnanlega uppboðsheimild. Þá mótmælir hann athugasemdum áfrýjenda varðandi vaxtakröfu.

II.

Stefndi krefst uppboðs á grundvelli fjárnámsgerðar í íbúð áfrýjenda að Laufásvegi 17, Reykjavík. Uppboðsheimild þessari hefur ekki verið hnekkt og er ekki hér til endurskoðunar. Tilkynningar um uppboðið eru ekki lagðar fram hér í réttinum og athugasemdir varðandi þær eru of seint fram komnar.

Uppboðshaldara var ekki skylt samkvæmt 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, að láta forsendur fylgja ályktarorði sínu ef hvorugur aðila krafðist þess. Hér var hins vegar sérstök ástæða til að benda Matthíasi Einarssyni, sem er ólögfróður, á rétt hans til að krefjast forsendna og sérstök ástæða var til að láta forsendur fylgja úrskurði þar sem uppboðsheimildin ber ekki með sér að henni hafi verið beint gegn öllum eigendum íbúðarinnar að Laufásvegi 17, ekki var sérstaklega sótt uppboðsþing af hálfu þeirra allra og í það minnsta eitt þeirra var þá ólögráða. Þar sem úrskurðurinn er án forsendna bar að minnsta kosti að greina í ályktunarorði nöfn aðila uppboðsmálsins, hvaða eign selja átti, hvort selja átti hana alla eða hluta hennar, uppboðsheimildina og uppboðsfjárhæðina og skiptingu hennar í höfuðstól og vexti.

Þar sem endurrit af uppboðsþingum bera ekki með sér að uppboðshaldari hafi gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart ólögfróðum aðila, sem honum ber samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936, og áfrýjaður úrskurður ber ekki með sér ofantalin atriði þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hann og meðferð málsins fyrir uppboðsrétti frá og með þinghaldi 13. ágúst 1986.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjaður úrskurður og meðferð málsins fyrir uppboðsrétti frá og með 13. ágúst 1986 eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandinn Matthías Einarsson andmælti því fyrir uppboðsrétti að hið umbeðna uppboð næði fram að ganga. Tók fógeti ágreining um það til úrskurðar 3. september 1986. Hann kvað upp úrskurð sinn án forsendna 11. sama mánaðar.

Ekki verður séð að fógeti hafi leiðbeint áfrýjandanum Matthíasi, sem er ólöglærður, um að hann gæti krafist þess að forsendur fylgdu ályktarorði úrskurðarins sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1986, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981. Er ég því samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda um að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað svo og um að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Mánudaginn 14. desember 1987.

Nr. 69/1987. **Þórshöll hf.**
(Hjalti Steinþórsson hdl.)
gegn
Önnu Vilhjálmsdóttur
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Verksamningar. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1987. Félagið krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 verði dæmdir þeir dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Stefnda krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk sérstaks söluskatts.

Í héraðsdómi er að finna samning þann, sem aðilar máls þessa gerðu 19. ágúst 1985. Sýknukrafa áfrýjanda er á því byggð, að stefnda hafi vanefnt samninginn og riftun án áminningar hafi verið lögmæt, en til vara, að áminning hafi verið veitt. Er á það bent í fyrsta lagi af hálfu áfrýjanda, að stefnda hafi án þess að tilkynna um forföll verið frá vinnu í 2 vikur í október 1985. Þá hafi hún komið svo seint til vinnu 28. desember, að orðið hafi að aflýsa því skemmtiatriði, sem hún átti að koma fram í. Fallast verður á það með stefndu, að fjarvistir hennar í október og atvik, sem þeim eru tengd, skipti ekki máli um úrslit ágreiningsins, sem hér er til umfjöllunar, enda var stefndu engin áminning veitt vegna fjarvistanna. Stefnda kom of seint til vinnu 28. desember, en á það verður að fallast með héraðsdómara að ósannað sé, að henni hafi verið veitt áminning þess vegna, svo sem gera átti, ef áfrýjandi vill nú byggja á því, að þessi vanefnd leiði til þess að uppsögn hafi verið heimil. Samkvæmt skýru ákvæði í 5. gr. 2. mgr. samningsins frá 19. ágúst 1985 átti áminning að vera undanfari riftunar, og stóð áfrýjandi ekki að uppsögn samningsins við stefndu í samræmi við það. Ber því að staðfesta héraðsdóm um það, að stefnda eigi rétt á bótum frá áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur krafist lækkunar þeirrar bótafjárhæðar, sem dæmd var í héraðsdómi. Byggir félagið bæði á því, að upphæðin sé miðuð við að stefnda hefði komið oftar fram en raun hefði getað á orðið vegna páskalokunar veitingahússins, og á því, að lækka beri bætur vegna þess, að hluti umsaminnar þóknunar hafi verið vegna kostnaðar sem stefnda hafi eins og á stóð ekki þurft að bera.

Aðilar eru sammála um, að þóknun til stefndu fyrir hverja helgi, sem hún hefði komið fram, ef samningum hefði ekki verið rift, hefði numið 8.987,65 krónum alls. Byggja verður á því, eins og gert er í héraðsdómi að stefnda hefði komið fram um 16 helgar það sem eftir var samningstímans, en þóknun fyrir það hefði verið 143.802,40 krónur alls. Stefnda mótmælir því, að samið hafi verið um eða um það talað að 3.814,90 krónur af þóknuninni fyrir hverja helgi hafi verið kostnaður. Í samningnum segir, að endurgjald til stefndu skuli vera hið sama og hljómsveitarmennn í tiltekinni

hljómsveit fengu greitt. Fram er komið, að á launareikningi þessara manna er greint á milli launa og kostnaðar með þeim hætti, sem áfrýjandi vill nú gera. Samningur aðila þessa máls var hins vegar eigi glöggur um, hvort þóknun stefndu skyldi miðuð við heildarþóknun til hljómlistarmanna án sundurliðunar til hennar í laun og kostnað. Hún hefur og til vara byggt á því, að kostnaður hennar hafi verið verulegur og að mestu hafi hún þurft að greiða hann fyrir allt vinnutímabilið áður en hún hóf störf hjá áfrýjanda haustið 1985. Áfrýjandi hlýtur að bera hallann af því, að samningurinn var óglöggur og af því, að sú málsástæða, sem stefnda hefur haft uppi til vara og er sennileg, hefur ekki verið hrakin. Fallast ber á það með héraðsdómara að ekki séu efni til að sinna þeirri kröfu áfrýjanda, að til frádráttar komi þóknun, sem stefnda fékk frá öðrum fyrir að koma fram á skemmtunum 4 sinnum frá áramótum til maímánaðar 1986, enda ósannað, að það hefði haft áhrif á vinnu hennar í þágu áfrýjanda.

Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað og verður héraðsdómur staðfestur að því er bótafjárhæð varðar, sbr. þó dómsorð að því er vexti varðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 46.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá tekið tillit til sérstaks söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiði áfrýjandi stefndu þá dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Áfrýjandi, Þórshöll hf., greiði stefndu, Önnu Vilhjálmsdóttur, 46.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 27. október sl. höfðaði Anna Vilhjálmsdóttir, nnr. 0386-3107, Hellubraut 1, Hafnarfirði, gegn Þórshöll hf., nnr. 9722-9686, Brautarholti 20, Reykjavík, með þingfestingu málsins 29. apríl 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 343.802,40 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, en til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða henni aðra fjárhæð lægri að mati dómsins með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnánda og stefnandi dæmd til þess að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og stefnandi dæmd til að greiða honum málskostnað eða a.m.k. að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 19. ágúst 1985 undirrituðu stefnandi og Ragnar Björgvinsson f.h. stefnda verksamning.

Þær greinar verksamningsins sem hér skipta máli eru svohljóðandi:

„1. gr.

Verksali tekur að sér að sjá um skemmtidagskrá á dansleikjum í veitingahúsi verkkaupa (Þórscafé) ásamt þremur öðrum skemmtikröftum.

2. gr.

Sem endurgjald fyrir þjónustu verksala greiðir verkkaupi kr. sama og Pónik á viku miðað við 2 kvöld í viku.

Innifalið í ofangreindum verklaunum samkvæmt 1. mgr. eru allar orlofsgreiðslur til verksala og einnig öll veikindalaun sem um getur orðið að ræða. Ef um síendurtekin eða veruleg veikindi er að ræða er verkkaupa heimilt að skerða greiðslur hlutfallslega.

5. gr.

Verksali skal sýna fyllstu reglusemi og halda reglur hússins í hvívetna. Gerist verksali brotlegur í starfi skal veita honum áminningu en við ítrekað brot getur Þórshöll h.f. krafist þess að samningi þessum verði rift.

6. gr.

Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 20. september 1985 til 1. maí 1986 að báðum dögum meðtöldum og er um að ræða vinnu á föstudags- og laugardagskvöldum. Verkkaupi hefur rétt til að framlengja samningstímann um eina viku með óbreyttum kjörum.“

Frá upphafi samningstímabilsins og fram í desember var um að ræða tvær skemmtidagskrár í veitingahúsinu og kom stefnandi fram í þeim

báðum. Að hennar sögn byrjaði hin fyrri, sem kölluð var „5 stjörnukvöld" kl. 10 til 10:30 eftir því hvernig aðsókn var og hvernig á stóð hjá matargestum, en hin síðari kl. 12 til 12:30. Í byrjun desember var fyrri dagskráin felld niður. Þá var samt enn ráðgert að hafa áfram tvær dagskrár, þó þannig að þar kæmu aðeins fram stefnandi og söngvarinn Einar Júlíusson. Fyrri dagskráin átti að byrja kl. 11:00 en hin síðari kl. 1:00 eftir miðnætti, að sögn stefnanda.

Af fyrri dagskránni varð ekki og segir stefnandi ástæðurnar hafa verið tvær, dræma aðsókn að veitingahúsinu og eins hafi hljómsveitin Pónik ekki nennt að æfa nýja dagskrá með þeim Einari. Dagskrá sú sem þau stefnandi og Einar Júlíusson höfðu haft hélt áfram og segir stefnandi hana hafa byrjað um kl 1:00 til 1:15 eftir miðnætti.

Í greinargerð stefnda er því lýst að ástæða þess að fyrri dagskráin hafi verið felld niður hafi verið dræm aðsókn að veitingastaðnum. Þessi ákvörðun hafi verið tekin fyrir jólin.

Hinn 28. desember var veitingahús stefnda opið. Í greinargerð stefnda segir eftirfarandi um skemmtanahaldið þetta kvöld svo og 1. janúar 1986:

„Þann 28. des. 1985 er stefnandi síðan ekki mætt til vinnu kl. 22:00 eins og henni bar og heldur ekki þegar fyrri skemmtidagskrá kvöldsins á að hefjast. Er því nauðsynlegt að fella dagskrána niður þrátt fyrir ágætis aðsókn um kvöldið. Hið sama gerist þegar síðari dagskráin á að hefjast. Ekkert hafði þó frést frá stefnanda um að hún væri forfölluð og er samt sem áður símavakt í veitingahúsi stefnda frá kl. 14:00 síðdegis þá daga sem opið er.

Framkvæmdastjóri stefnda bað veitingastjórann Kristin Guðmundsson um að senda stefnanda heim ef hún mætti eftir kl. 01:00 e. miðnætti og jafnframt um að láta hana vita að hún ætti að hafa samband við sig daginn eftir ef hún vildi koma að skýringum á forföllum sínum og halda þar með vinnu sinni.

Stefnandi hafði ekkert samband við stefnda vegna þessa máls og var því ákveðið að segja upp verksamningi aðila og var uppsagnarbréfið sent í ábyrgðarpósti þann 31. des. 1985.

Stefnandi virðist ekki hafa fengið uppsagnarbréfið í tíma þar sem hún mætir til vinnu þann 1. janúar 1986. Það gerir hún þó ekki fyrr en kl. 24:30 e. miðnætti (sic), eða þegar fyrri skemmtidagskrá átti að vera lokið. Framkvæmdastjóri stefnda segir henni þá frá uppsögninni og bendir stefnanda m.a. á að engar skýringar liggi fyrir um forföllin þann 28. des. 1985 og jafnframt að hafi hún talið sig enn í vinnu hjá Þórshöll h.f. hafi henni borið að mæta kl. 10:00 þetta kvöld, þ.e. 1. janúar 1986.

Engar skýringar fengust hjá stefnanda á forföllum hennar þann 28. des.

þetta kvöld, hvað þá skýringar á því hvers vegna hún mætti svona seint að kvöldi þess 1. janúar 1986."

Eftir að fyrri skemmtidagskráin hafði verið felld niður kvaðst stefnandi hafa mætt til vinnu miðað við það að síðari skemmtidagskráin byrjaði kl. 1:00 eftir miðnætti. Hinn 28. desember hefði hún hins vegar ekki getað mætt fyrr en kl. 1:25 eftir miðnætti og því mætt of seint. Ástæðan hafi verið sú að um daginn hefði hún flutt búferlum frá Keflavík til Hafnarfjarðar. Hún hafi engan síma haft og því ekki getað látið vita af því að hún yrði sein fyrir. Hún hefði þó tekið þann kostinn að mæta til vinnu þótt seint væri fremur en að láta ekkert í sér heyra. Stefnandi kvað þá Kristin Guðmundsson, þáverandi veitingastjóra stefnda, hafa komið að máli við sig og tjáð sér að ekki yrði af skemmtidagskránni og hefði hann ekki gefið sér aðrar skýringar á því en að þetta væru skilaboð frá Ragnari Björgvinssyni, framkvæmdastjóra stefnda. Kristinn hefði sagt að stefnandi væri allt of sein til vinnu og of seint væri að halda skemmtidagskrána. Kristinn hefði ekki minnst á að stefnandi ætti að tala við Ragnar Björgvinsson.

Kristinn Guðmundsson kom fyrir dóminn og skýrði frá því að hann hefði komið að máli við stefnanda í búningsherbergi hennar þetta kvöld og tjáð henni að skemmtidagskráin félli niður en þetta hefði Ragnar Björgvinsson beðið sig að gera. Kristinn kvaðst ekki hafa gefið stefnanda neina áminningu, það hefði ekki verið í sínum verkahring. Kristinn kvaðst ekki minnast þess að hann hefði sagt stefnanda að hún ætti að hafa samband við Ragnar Björgvinsson.

Kristinn kvað misjafnt hafa verið á hvaða tíma skemmtiatriðin í veitingahúsinu hefðu byrjað, yfirleitt hefði það þó verið fyrir miðnætti.

Hinn 31. desember 1985 ritaði Ragnar Björgvinsson f.h. stefnda stefnanda svohljóðandi bréf:

„Vegna brota yðar á ákvæðum verksamnings við Þórshöll h.f. er yður hér með sagt upp störfum frá og með 1. janúar 1986 að telja. Uppsögn þessi er send yður í ábyrgðar- og hraðbréfi."

Stefnanda var sent bréf þetta til Keflavíkur en þaðan var hún flutt eins og fyrr er getið. Hún fékk því ekki bréfið í hendur fyrr en eftir nokkurn tíma.

Stefnandi kvaðst hafa mætt til vinnu sinnar kl. 24:30 eftir miðnætti 1. janúar 1986, en það hefði verið næsti vinnudagur hennar eftir 28. desember 1985. Stefnandi kvaðst hafa miðað mætingu sína við það að skemmtidagskráin á þessum tíma hefði byrjað kl. 1:00 eftir miðnætti eða jafnvel seinna. Stefnandi kvaðst engar fyrirskipanir hafa fengið um það að vera mætt kl. 10:00. Í þetta sinn hefði Ragnar Björvinsson komið að máli við sig og sagt sér að ekkert yrði af skemmtidagskránni og hún væri rekin. Hann hefði sent henni bréf um það til Keflavíkur. Stefnandi kvaðst hafa spurt Ragnar

um ástæðuna og hefði hann sagt hana þá að hún hefði mætt of seint, hún ætti að vera mætt kl. 10:00 eins og þegar fyrri skemmtidagskráin var haldin.

Stefnandi kvaðst enga áminningu hafa fengið í starfi aðra en þá að Kristinn Guðmundsson hefði sagt sér 28. desember 1985 að hún mætti of seint til vinnu.

Einar Júlíusson söngvari, sem kom fram með stefnanda, kvað stefnanda ætíð hafa mætt tímanlega, en stundum hefði hún verið forfölluð vegna veikinda.

Með bréfi dags. 10. janúar 1986 krafði lögmaður stefnanda stefnda um bætur fyrir fyrirvaralausan brottrekstur úr starfi. Því bréfi svaraði lögmaður stefnda með bréfi dags. 17. janúar 1986 og synjaði bótakrafna.

Stefnandi kvaðst hafa reynt að fá vinnu eftir áramótin við að skemmta en það ekki tekist nema hún hefði skemmt í fimm kvöld á veitingastaðnum Skálafelli. Þar hefði hún skemmt á öðrum tíma en þegar hún vann hjá stefnda. Upplýst hefur verið í málinu að fyrir vinnu sína á veitingastaðnum Skálafelli fékk stefnandi greiddar kr. 18.850,00. Stefnandi kvað erfitt hafa verið að fá vinnu á þessum tíma við að skemmta þar sem allir skemmtistaðir hefðu verið komnir í fullan gang. Stefnandi kvaðst ekki geta nefnt dæmi þess að henni hefði verið neitað um vinnu vegna þess að henni hefði verið sagt upp störfum hjá stefnda.

Á þeim tíma sem um ræðir í þessu máli var stefnandi í fullu starfi annars staðar.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún hafi gert ákveðinn verksamning við stefnda þess efnis að sjá um skemmtidagsrká í veitingahúsi stefnda. Fyrir þetta hafi stefnandi átt að fá ákveðna greiðslu fyrir hverja helgi, þ.e. föstudags- og laugardagskvöld. Sú greiðsla hafi ekki verið sundurliðuð í laun og kostnað, en í henni hafi verið innifalin greiðsla á orlofi og veikindalaunum.

Stefnandi hafi staðið við verksamninginn að öllu leyti. Í desembermánuði hafi orðið á sú breyting að í stað þess að skemmtidagskrár hafi verið tvær hafi hin fyrri verið felld niður en síðari haldið áfram. Stefnandi hafi því getað mætt síðar til vinnu sinnar en fyrr og hafi það með öllu verið látið átölulaust af hálfu stefnda.

Af óviðráðanlegum ástæðum hafi stefnandi ekki getað mætt til vinnu sinnar fyrr en kl. 1:25 28. desember 1985 og hafi henni þá verið tilkynnt að skemmtidagskráin félli niður án nokkurra skýringa. Hún hafi enga áminningu fengið hvorki þá né síðar. Þótt stefnandi hafi í þetta eina skipti mætt of seint til vinnu sinnar sé sú vanefnd verksamnings aðila svo smávægileg að ekki geti leitt til riftunar. Samkvæmt 5. gr. verksamningsins beri að veita verksala áminningu gerist hann brotlegur í starfi og við ítrekað

brot geti verkkaupi krafist þess að samningnum verði rift. Þessu hafi ekki verið til að dreifa, brottrekstur stefnanda sé því ólögmætur og leiði til þess að stefnda beri skylda til að greiða stefnanda skaðabætur. Stefnandi hafi átt eftir að vinna 16 helgar af samningstímabilinu og kaup hennar hafi verið kr. 8.987,54 fyrir hverja helgi og sé því samtals um að ræða kr. 143.802,40. Þá fjárhæð beri stefnda að greiða stefnanda í skaðabætur. Þá geri stefnandi kröfu til þess að fá greiddar kr. 200.000,00 í miskabætur. Harkalegur og fyrirvaralaus brottrekstur stefnanda hafi svert nafn hennar í skemmtanaiðnaðinum sem sé þröngur hér á landi. Það minnki starfslíkur stefnanda verulega að hafa orðið að sæta þessari meðferð. Tekjumöguleikar stefnanda hafi minnkað verulega þar sem hún hafi ekki fengið nein atvinnutilboð í skemmtanaiðnaðinum síðan þetta hafi gerst þrátt fyrir tilraunir hennar til þess að fá sambærilegt starf á svipuðum launum. Þetta hafi valdið mikilli röskun á stöðu og högum stefnanda auk andlegrar vanlíðunar og óþæginda.

Hér skipti ekki máli þótt stefnandi hafi haft lítils háttar vinnu í veitingahúsinu Skálafelli. Þá vinnu hafi hún innt af höndum á allt öðrum tíma en þeim sem hún hefði unnið hjá stefnda ef ekki hefði komið til brottrekstsurs.

Af hálfu stefnda er á því byggt að honum hafi verið heimilt að rifta verksamningi aðila vegna brota stefnanda á því að vinna hið umsamda verk.

Brot stefnanda hafi verið í því fólgin að hinn 28. desember 1985 hafi hún mætt kl. 1:25 eftir miðnætti sem hafi verið allt of seint og ekkert látið vita af forföllum. Stefnanda hafi borið að mæta til vinnu sinnar kl. 10:00. Því hafi stefndi orðið að fella niður auglýsta skemmtidagskrá það kvöld fyrirvaralaust, en gestir hafi verið búnir að greiða hærri aðgangseyri vegna hennar. Stefndi hafi öðlast rétt til þess að rifta samningnum vegna þessa brots, en búferlaflutningar stefnanda geti ekki talist lögmæt forföll.

Hinn 1. janúar 1986 hafi stefnandi mætt til vinnu kl. 24:30 í stað kl. 10:00 eins og henni hafi borið skylda til og hefði því átt að gera ef hún taldi sig bundna af samningi aðila.

Það sé augljóst að fullnægjandi ástæður fyrir brottvikningu stefnanda hafi a.m.k. legið fyrir þegar hún hafi mætt of seint tvisvar í röð.

Því er mótmælt af hálfu stefnda að honum hafi samkvæmt verksamningi borið að veita stefnanda áminningu áður en riftun hans gæti farið fram. Sú áminning sem um sé getið í verksamningnum eigi aðeins við þegar um brot á húsreglum stefnda sé að ræða.

Fari svo að stefnandi verði talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda eigi þær ekki að vera hærri en kr. 5.172,75 fyrir hverja helgi sem eftir hafi verið af samningstímabilinu sem hafi verið 16 helgar. Stefnandi hafi átt

að fá sama kaup og meðlimir hljómsveitarinnar Pónik. Laun þeirra hafi verið þessi fjárhæð fyrir hverja helgi. Að auki hafi þeir fengið greiddar kr. 3.814,90 í kostnað. Stefnandi hafi engan kostnað borið eftir að störfum hennar lauk hjá stefnda og eigi því ekki rétt á þeim greiðslum.

Þá eigi að draga frá bótafjárhæð þau laun sem stefnandi hafi fengið hjá öðrum á árinu 1986 fram til 1. maí fyrir að skemmta.

Ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum miska, og skilyrði til miskabóta skorti samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940.

Niðurstaða dómsins.

Fyrr er rakið að stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning 19. ágúst 1985. Þar er ekki kveðið á um hvenær stefnanda bar að mæta til vinnu þau kvöld er hún skemmti á veitingastað stefnda. Það hefur ekki skýrst fyllilega undir rekstri málsins. Stefnandi hefur lýst því að við það hafi verið miðað að fyrri skemmtidagskráin hæfist kl. 10 - 10:30 þegar hún var haldin, en hin síðari kl. 12 - 12:30.

Fyrrverandi veitingastjóri stefnda taldi að skemmtiatriði hefðu átt að fara fram á tímanum frá kl. 10 - 12:00.

Stefnandi telur að á þeim tíma er aðeins var um að ræða eina skemmtidagskrá, þ.e. frá byrjun desember, hafi hún ekki getað byrjað fyrr en kl. 1:00 eftir miðnætti, því að um þetta leyti hafi fólk ekki sótt veitingahúsið fyrr en svo seint. Stefndi heldur því fram að stefnanda hafi engu að síður borið að mæta til vinnu kl. 10:00.

Upplýst er að stefnandi mætti til vinnu kl. 1:25 eftir miðnætti 28. desember 1985 og viðurkennir hún að hafa þá mætt of seint. Skemmtidagskráin var þá felld niður og í framhaldi af því ritaði stefndi stefnanda bréf þar sem hann rifti framangreindum verksamningi þeirra. Sú riftun komst ekki til vitundar stefnanda fyrr en hún kom til vinnu 1. janúar 1986. Þann dag mætti stefnandi kl. 12:20 eða 12:30 eftir miðnætti og var þá tjáð af framkvæmdastjóra stefnda að verksamningnum væri rift.

Mætingu stefnanda 28. desember 1985 telur stefndi vera brot á verksamningi þeirra stefnanda sem hafi heimilað honum riftun hans, en við þá heimild bætist að stefnandi hafi mætt of seint til vinnu 1. janúar 1986.

Svo sem fyrr er rakið er ekki fyllilega upplýst hvenær stefnanda bar að mæta til vinnu samkvæmt verksamningi aðila. Stefnandi hefur sjálf viðurkennt að hafa mætt of seint 28. desember 1985. Hún telur hins vegar að mæting sín 1. janúar 1986 hafi verið á eðlilegum tíma, a.m.k. miðað við það hvenær skemmtidagsrkáin gat hafist.

Þótt svo kunni að vera að verksamningur aðila hafi staðið til þess að stefnandi mætti til vinnu kl. 10:00 og þá einnig í skiptin tvö, þ.e. 28. desember 1985 og 1. janúar 1986, þykir það ekki breyta því að riftun stefnda á verksamn-

ingnum verður að teljast ólögmæt þegar af þeirri ástæðu að ekkert er komið fram um að stefndi hafi áður áminnt stefnanda vegna brota í starfi, eins og skýrt er kveðið á um í 2. mgr. 5. gr. samningsins. Af þessum sökum verður að telja að stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, en óumdeilt er að stefnandi varð fyrir tekjutapi vegna riftunarinnar.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón stefnanda þykir rétt að miða við þau laun sem hún hefði fengið það sem eftir lifði samningstímans. Þeirri viðmiðun er ekki mótmælt af hálfu stefnda á annan hátt en þann, að hann telur greiðslur hafa skipst í laun og kostnað og kostnað eigi stefnandi ekki að fá bættan þar sem hún hafi ekki þurft að greiða kostnað á þessum tíma, t.d. ferðakostnað. Á þetta verður ekki að öllu leyti fallist þar sem ekki hefur verið sýnt fram á það að skipting launa hljóðfæraleikara í hljómsveitinni Pónik, sem laun stefnanda voru miðuð við, hafi í raun miðaðst við það hver hluti þeirra rann til þess að greiða kostnað sem þeir höfðu af starfi sínu, né heldur að upplýst hafi verið nægjanlega hvern kostnað stefnandi hefði hugsanlega þurft að bera af starfi sínu til enda samningstímabilsins. Augljóst er þó að stefnandi hefur ekki þurft að greiða ferðakostnað. Þá þykja greiðslur þær er stefnandi fékk fyrir það að skemmta á veitingastaðnum Skálafelli ekki skipta máli hér þar sem sú vinna mun ekki hafa verið unnin á þeim tíma sem stefnanda bar að vinna hjá stefnda samkvæmt samningi þeirra.

Með þetta í huga og önnur þau atriði sem hér skipta máli þykja bætur sem stefndi greiði stefnanda fyrir fjártjón hennar hæfilega ákveðnar kr. 140.000,00.

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfu stefnanda sérstaklega.

Stefnandi þykir ekki hafa leitt í ljós að hún hafi orðið fyrir miska vegna riftunar samingsins eða grundvöllur sé fyrir hendi til þess að dæma bætur fyrir miska þótt hann kunni einhver að hafa orðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um greiðslu bóta fyrir miska.

Niðurstaða dómsins er því sú að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 140.000,00 í skaðabætur með dómvöxtum frá 29. apríl 1986.

Málskostnaður er stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Þórshöll hf., greiði stefnanda, Önnu Vilhjálmsdóttur, kr. 140.000,00 með dómvöxtum frá 29. apríl 1986 til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. desember 1987.

Nr. 140/1986. **Torfi Ólafsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Verzlunarbanka Íslands h.f.
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Tékkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1986. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig ,,að vaxtaþáttur dómsins verði færður til gildandi ákvæða um dráttarvexti af tékkum frá dómsuppsögudegi héraðsdóms (10.2.86) til dagsins í dag þannig að frá 1.3.86 nemi dráttarvextir af dæmdri fjárhæð 2,75% til 1.4. 1986, 2,5% frá þ.d. til 1.3. 1987, 2,25% frá þ.d. til 14.4. 1987 en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, sbr. 10. gr., sbr. 14. gr. l. nr. 25/1987.“ Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsaðiljar hafa lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal eru svonefndar ,,Reglur um tékkaviðskipti“, útgefnar af Samvinnunefnd banka og sparisjóða, dags. 1. júlí 1983. Ennfremur ljósrit af kröfulýsingu stefnda í þrotabú Steinþórs Ingvarssonar og einkafyrirtækis hans, Íslenska frímerkjabankans, er tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði 20. mars 1985, svo og skrá um lýstar kröfur í þrotabúið. Samkvæmt kröfulýsingunni hefur stefndi lýst í þrotabúið hinn 26. apríl 1985, eða áður en mál þetta var höfðað, kröfu vegna skuldar á hlaupareikningi nr. 3859 í Verzlunarbankanum. Eftir kröfulýsingunni höfðu að minnsta kosti tveir tékkanna, sem áfrýjandi er krafinn um greiðslu á, verið skuldfærðir á hlaupareikning þennan.

Stefndi hefur mótmælt að tillit verði tekið til þessara gagna

þar sem áfrýjandi hafi ekki gert áskilnað um það í áfrýjunarstefnu.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi eru allir tékkarnir, sem um er fjallað í málinu, gefnir út af Steinþóri Ingvarssyni vegna Íslenska frímerkjabankans á hlaupareikning nr. 3859 í Verzlunarbankanum. Þeir voru allir gefnir út til áfrýjanda sem greiðslutaka og hann hefur framselt þá alla með eyðuframsali með áritun á bakhlið þeirra. Er enginn ágreiningur um að með framsalsáritunum sínum hafi áfrýjandi framselt tékkana ýmist til Landsbanka Íslands, aðalbanka, eða Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibús, sem greiddu honum tékkafjárhæðirnar.

Fyrir neðan framsalsáritun áfrýjanda á bakhlið tékkanna er stimplað orðið „Greitt" ásamt dagsetningu og nafni hlutaðeigandi banka en án undirritunar. Eru þær dagsetningar hinar sömu og útgáfudagur tékkanna nema á þremur tékkum þar sem stimplun er dagsett ýmist einum eða tveimur dögum eftir útgáfudag. Þá eru á bakhlið allra tékkanna stimplanir Verzlunarbanka Íslands h.f., stefnda í máli þessu, en þó óundirritaðar, um að tékkarnir hafi verið sýndir en innstæða ekki verið næg. Eru stimplanir þessar allar dagsettar sömu daga og hinar fyrrgreindu stimplanir, að því er best verður séð, að einni frátalinni sem dagsett er degi síðar.

Önnur gögn um feril tékkanna, meðferð þeirra í innlausnarbönkunum og um sýningu þeirra til greiðslu hjá stefnda sem greiðslubanka lágu ekki fyrir héraðsdómara. Af áðurgreindri stimplun stefnda á tékkana mátti ætla að hann hefði hafnað að innleysa þá vegna ónógrar innstæðu á hlaupareikningi útgefandans þegar þeim var framvísað. Handhöfn stefnda á tékkunum með umræddum stimplunum Landsbankans og Búnaðarbankans og sá langi tími sem liðinn var frá sýningu þeirra gat þó bent til þess að hann kynni allt að einu að hafa tekið við þeim og skuldfært á reikning útgefanda. Var héraðsdómara því eigi rétt að leggja efnisdóm á málið án þess að fyrir lægju gleggri upplýsingar um þessi atriði, sbr. 114. gr. og 120. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt því verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með 22. janúar 1986 og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 22. janúar 1986 eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. janúar sl., hefur bankaráð Verslunarbanka Íslands h.f., nnr. 9173-3986, Bankastræti 5, Reykjavík, höfðað fyrir hönd bankans fyrir dóminum með áskorunarstefnu birtri þann 7. maí 1985 á hendur Torfa Ólafssyni, nnr. 8919-8879, Nýlendugötu 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 173.306,00 með 2,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum af kr. 7.260,00 frá 12. desember 1984 til og með 14. desember 1984, með sömu vöxtum af kr. 22.997,00 frá þeim degi til og með 17. desember 1984, með sömu vöxtum af kr. 49.570,00 frá þeim degi til og með 21. desember 1984, með sömu vöxtum af kr. 60.630,00 frá þeim degi til og með 31. desember 1984, með sömu vöxtum af kr. 67.950,00 frá þeim degi til og með 7. janúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 73.450,00 frá þeim degi til og með 14. janúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 80.710,00 frá þeim degi til og með 15. janúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 90.710,00 frá þeim degi til og með 21. janúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 101.766,00 frá þeim degi til og með 31. janúar 1985, með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til og með 14. febrúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 117.503,00 frá þeim degi til og með 19. febrúar 1985, með sömu vöxtum af kr. 173.306,00 frá þeim degi til og með 28. febrúar 1985, með 4% mánaðarlegum dráttarvöxtum af kr. 173.306,00 frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.9. 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu kveður stefnandi skuld þessa vera samkvæmt 11 tékkum sem allir eigi það sameiginlegt að vera útgefnir í Reykjavík af Steindóri Ingvarssyni vegna einkafyrirtækis hans, Íslenska frímerkjabankans, af hlaupareikningi fyrirtækisins nr. 3859 við Verslunarbanka Íslands h.f., aðalbanka, Bankastræti 5, Reykjavík, til Torfa Ólafssonar, sem jafnframt hafi framselt alla tékkana.

Stefnandi lýsir einstökum tékkum þannig: „Tékki að fjárhæð kr. 7.260,00 útgefinn 12. desember 1984, innleystur af Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi 12. desember 1984. Tékkinn var sýndur þann sama dag.“

„Tékki að fjárhæð kr. 15.737,00 útgefinn þann 14. desember 1984, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka þann 14. desember 1984. Tékkinn var sýndur þann sama dag."

„Tékki að fjárhæð kr. 26.573,00 útgefinn 17. desember 1984, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka sama dag. Tékkinn var sýndur þann sama dag."

„Tékki að fjárhæð kr. 11.060,00 útgefinn 21. desember 1984, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka þann sama dag. Tékkinn var sýndur þann sama dag."

„Tékki að fjárhæð kr. 7.320,00 útgefinn 30. desember 1984, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka, 31. desember 1984. Tékkinn var sýndur þann sama dag."

„Tékki að fjárhæð kr. 5.500,00 útgefinn 7. janúar 1985, innleystur af Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi sama dag. Tékkinn var sýndur 7. janúar 1985."

„Tékki að fjárhæð kr. 7.260,00 útgefinn 12. janúar 1985, innleystur af Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi 14. janúar 1985. Tékkinn var sýndur 15. janúar 1985."

„Tékki að fjárhæð kr. 10.000,00 útgefinn 15. janúar 1985, innleystur af Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi 15. janúar 1985. Tékkinn var sýndur þann sama dag."

„Tékki að fjárhæð kr. 11.056,00 útgefinn 21. janúar 1985, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka sama dag. Tékkinn var sýndur 21. janúar 1985."

„Tékki að fjárhæð kr. 15.737,00 útgefinn 14. febrúar 1985, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka þann sama dag. Tékkinn var sýndur 14. febrúar 1985."

„Tékki að fjárhæð kr. 55.803,00 útgefinn 17. febrúar 1985, innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka 19. febrúar 1985. Tékkinn var sýndur 19. febrúar 1985."

Stefnandi kveður innistæðu ekki hafa verið fyrir hendi á reikningnum þegar tékkarnir voru sýndir og hafi honum verið lokað þann 20. mars 1985. Verslunarbanki Íslands h.f., aðalbanki, sé löglegur handhafi framangreindra tékka og höfðandi máls þessa.

Þar sem innheimtutilraunir bankans gegn útgefanda hafi reynst árangurslausar og bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 20. mars 1985 beini stefnandi málsókn að framseljanda tékkanna með heimild í 44. gr. laga nr. 94/1933.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi útgefandi ekki fengist til að greiða tékkaskuldirnar og sé því málsókn óhjákvæmileg.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum.

Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi heldur því fram að tékkar þeir sem honum sé stefnt til ábyrgðar á í máli þessu sem framseljanda, séu ekki lengur tékkar í merkingu laga nr. 94/1933.

Stefndi kveðst ekki hafa fengið tilkynningu frá Verslunarbankanum um að tékkarnir væru innistæðulausir fyrr en þremur mánuðum eftir að fyrsti tékkinn barst til greiðslubankans. Þar sem stefndi hafi ekki fengið tilkynningu samkvæmt 42. gr. laga nr. 94/1933 innan tilskilins tíma telur stefndi að réttur stefnanda gagnvart honum samkvæmt 18. gr. laga nr. 94/1933 sé fallinn niður. Þá vísar stefnandi til 25. gr. sömu laga.

Stefndi kveðst draga í efa að innistæða fyrir umræddum tékkum hafi ekki verið fyrir hendi á framangreindu tímabili og bendir því til stuðnings á að reikningi tékkaútgefanda hafi eigi verið lokað fyrr en rúmum þremur mánuðum frá því að fyrsti tékkinn barst í hendur greiðslubankans og rúmum mánuði eftir að síðasti tékkinn barst stefnanda.

Þá kveður stefndi Íslenska frímerkjabankann hafa samkvæmt firmaskrá Reykjavíkur verið sameign hjónanna Steinþórs Ingvarssonar og Lilju G. Sigurðardóttur til 4. febrúar 1985, en þann dag hafi verið tilkynnt til firmaskrár að Lilja væri gengin út úr fyrirtækinu.

Stefndi kveður umrædda Lilju vera starfsmann lögfræðideildar Verslunarbankans og áskilji hann sér rétt til skaðabótakröfu á hendur stefnanda samkvæmt 22. gr. laga nr. 94/1933 vegna framkomu hans í máli þessu.

Stefnandi neitar því að varnir þær sem stefndi hafi uppi komist að í máli þessu, sem sé rekið sem tékkamál. Stefnandi viðurkennir að Steinþór Ingvarsson hafi ekki verið einkaeigandi Íslenska frímerkjabankans fyrr en eftir 4. febrúar 1985 en telur það engu skipta um úrlausn þessa máls. Þá telur hann málsástæðu stefnda um skort á tilkynningarskyldu ekki komast að sem vörn í tékkamáli og vísar hann til 42. gr. 6. mgr. laga nr. 94/1933 í því sambandi.

Álit réttarins.

Stefnandi hefur lagt fram 11 lögformlega tékka og þar sem stefndi hefur ritað framsal sitt á þá hefur hann tekið á sig tékkaskuldbindingar gagnvart handhafa þeirra Verslunarbanka Íslands h.f.

Stefndi hefur haldið því fram að stefnandi hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 42. gr. 1. mgr. laga nr. 94/1933 og þar sem þessi málsástæða stefnda varðar aðferðina við að halda tékkakröfu í gildi, samanber 208. gr. 2. mgr. i.f. laga nr. 85/1936, kemst hún að í málinu.

Þó stefnandi hafi stórlega vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 42. gr. 1. mgr. laga nr. 94/1933 verður hann ekki talinn hafa

glatað fullnusturétti sínum á hendur stefnda, samanber 42. gr. 6. mgr. sömu laga.

Stefndi lætur að því liggja í greinargerð sinni að innistæða hafi verið fyrir tékkunum á þeim tíma þegar þeir bárust bankanum. Stefnandi hefur haldið hinu gagnstæða fram og þar sem stefndi hefur ekki fært nein haldbær rök fyrir þessum efasemdum sínum verður ekki tekið tillit til þeirra.

Leitt hefur verið í ljós að Íslenski frímerkjabankinn var ekki einkafyrirtæki Steinþórs Ingvarssonar fyrr en 4. febrúar 1985, en nokkrir umstefndra tékka voru sýndir fyrir þann tíma.

Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið að síðastnefnd málsástæða stefnda né aðrar málsástæður hans komist að í tékkamáli þessu, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt ofanrituðu þykir rétt að fallast á allar kröfur stefnanda eins og þær komu fram í munnlegum flutningi málsins.

Málskostnaður ákveðst kr. 35.000,00.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Torfi Ólafsson greiði stefnanda Verslunarbanka Íslands h.f. kr. 173.306,00 með 2,75% mánaðarvöxtum af kr. 7.260,00 frá 12.12. 1984 til 14.12. sama ár, en af kr. 22.997,00 frá þeim degi til 17.12. sama ár, en af kr. 49.570,00 frá þeim degi til 21.12. sama ár, en af kr. 60.630,00 frá þeim degi til 31.12. sama ár, en af kr. 67.950,00 frá þeim degi til 7.1. 1985, en af kr. 73.450,00 frá þeim degi til 14.1. sama ár, en af kr. 80.710,00 frá þeim degi til 15.1. sama ár, en af kr. 90.710,00 frá þeim degi til 21.1. sama ár, en af kr. 101.766,00 frá þeim degi til 31.1. sama ár, en með 3,75% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 14.2. sama ár, en af kr. 117.503,00 frá þeim degi til 19.2. sama ár, en af kr. 173.306,00 frá þeim degi til 28.2. sama ár, en með 4% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá 1.3. sama ár til 1.6. sama ár, en með 3,5% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. sama ár, en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. desember 1987.

Nr. 241/1986. **A/S Freia**
(Kjartan Ragnarsson hdl.)
gegn
Freyju h.f.
(Viðar Már Matthíasson hdl.)

Vörumerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Árið 1967 reis ágreiningur milli aðilja um hvort nota mætti norska orðið Freia í vörumerki er áfrýjandi lét skrá hér á landi. Því máli lauk með dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. maí 1969 með þeim málalokum að notkun orðsins var dæmd óheimil vegna ruglingshættu. Héraðsdómnum var ekki áfrýjað. Eigi að síður hélst viðskiptasamband málsaðila í óbreyttu formi til ársloka 1984 að því var þá slitið fyrir uppsögn áfrýjanda. Á þessu tímabili leitaði áfrýjandi leyfis stefnda til að fá að skrásetja vörumerki sitt Freia hér á landi. Sú málaleitan var hvorki samþykkt af stefnda né heldur verður á það fallist með áfrýjanda að hann hafi nú öðlast vörumerkjarétt hér á landi fyrir vörumerki sitt „Freia" eftir ákvæðum 2. greinar laga um vörumerki nr. 47/1968 svo sem skiptum aðilja var háttað.

Áfrýjandi fékk vörumerkið P.P. LAKRISPASTILLER FREIA skráð sem merki nr. 14 1961 hinn 11. febrúar það ár. Um merki þetta var ekki sérstaklega fjallað í áðurgreindu máli fyrir sjó- og verslunardóminum. Hins vegar var áfrýjanda með nefndum sjó- og verslunardómi bannað að nota vörumerkið Freia, vegna ruglingshættu, án samþykkis stefnda. Áfrýjandi gat því ekki verið í góðri

trú, er hann lét endurskrásetja merkið P.P. Lakrispastiller Freia árið 1971. Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur verið lagður fram án þýðingar á íslensku fjöldi skjala á erlendum málum, sum þeirra frá íslenskum mönnum. Við ber að bókanir eftir vitnum hafi verið skráðar á ensku í þingbók. Þótt þess verði ekki krafist að sérhverju skjali á erlendu máli, sem lagt var fram, fylgi íslensk þýðing, verður að krefjast þess, að skjölum eða þeim hluta skjala er málsaðilar byggja munnlegan málflutning sinn á fylgi þýðing löggilts skjalaþýðanda. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi A/S Freia greiði stefnda Freyju h/f 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Hrafns Bragasonar.

I

Árið 1965 gerðist stefndi einkaumboðsmaður áfrýjanda á Íslandi fyrir sælgætisvörur og aðrar skyldar vörutegundir. Árið 1967 reis ágreiningur milli þeirra um hvort nota mætti norska orðið Freia í vörumerki er áfrýjandi lét skrá hér á landi. Því máli lauk með dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. maí 1969 með þeim málalokum að notkun orðsins var dæmd óheimil vegna ruglingshættu. Héraðsdómnum var ekki áfrýjað. Eigi að síður hélst viðskiptasamband málsaðila í óbreyttu formi til ársloka 1984 að því var þá slitið fyrir uppsögn áfrýjanda. Á árunum 1969 til 1979 voru takmarkanir á innflutningi sælgætisvara og sala áfrýjanda hér á landi lítil, en þó að jafnaði einhver. Árið 1980 var heimilaður innflutningur á sælgætisvörum og var sala áfrýjanda næstu ár að hann telur sem hér segir í tonnum talið: 1980 12,2, 1981 57,4, 1982 74, 1983

91,6 og 1984 63,9. Telur hann að árið 1983 hafi hann selt næstum jafnmikið á íslenskum markaði og stefndi. Þá kveðst áfrýjandi hafa auglýst vörur sínar í verulegum mæli hér á landi og hafi auglýsingakostnaðurinn á árunum 1983 og 1984 numið 490.659,00 norskum krónum og 379.522,00 íslenskum krónum árið 1985. Auðkennið „Freia" hafi verið notað í auglýsingunum. Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur miðaðist við aðstæður fyrir um 20 árum. Með vísun til þess og þeirra breytinga sem að framan voru raktar þykir áfrýjandi eiga rétt á að fá dóm um ágreining þann er uppi er svo sem greinir í héraðsdómi.

II

Þess var að framan getið að sælgætisvörur áfrýjanda hafi um langan tíma, 1965-1984, verið seldar í einhverjum mæli hér á landi og síðustu árin í verulegu magni og miklu fé verið varið til auglýsinga. Þá hafa framleiðsluvörur áfrýjanda verið alþekktar í nágrannalöndunum árum saman. Ekki er komið fram í málinu að sérstaklega hafi verið samið milli málsaðila um afleiðingar þess að vörumerkjarétti, að stefndi dreifði hér framleiðslu áfrýjanda auðkenndri honum með merkinu Freia. Þegar á framangreind atriði er litið þykir verða að fallast á að merki áfrýjanda hafi náð hér markaðsfestu í skilningi 2. mgr. 2. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968. Mátti stefndi, eins og málum var háttað, búast við að svo kynni að fara, enda hafði áfrýjandi aldrei afsalað sér rétti til notkunar merkisins hér á landi. Í 2. mgr. 2. gr. vörumerkjalaganna er aðeins miðað við tiltekin hlutlæg skilyrði, en ekki hitt með hvaða heimild varan er sett á markaðinn. Líta verður svo á að hér sé ekki nema að hluta til um einkamálefni málsaðila að ræða, heldur varði málið einnig hagsmuni kaupenda á hinum frjálsa markaði. Af öllu framansögðu þykir eiga að dæma málið á grundvelli a-liðar 9. gr. og 10. gr. vörumerkjalaganna.

III

Megindeiluefni málsaðila er hvort ruglingshætta stafi af notkun merkis áfrýjanda, Freia, hér á landi nú. Í því sambandi er fyrst á það að líta að merkið hefur þegar náð markaðsfestu, en kynning merkisins á því stigi bægir mjög frá hættu á ruglingi. Þá seldi

stefndi sjálfur langan tíma vörur með merkinu, sem bendir til þess, að á þeim tíma hafi hann ekki álitið ruglingshættuna skaðlega. Framkvæmdastjóri hans hefur fyrir dómi talið, að fólk sem fæst daglega við sölu á vörum málsaðila geri sér góða grein fyrir þeim mun, sem á þeim er. Sjónmyndir merkjanna eru frábrugðnar og ending norska orðsins Freia er óíslenskuleg og á sér ekki hliðstæður í málinu svo um sé getandi. Hins vegar eru orðin Freia og Freyja það hljómlík eftir íslenskum framburði að hætta kann að vera á ruglingi af þeim sökum. Ætti sá ruglingur einkum við um kynningu merkjanna í munnlegri notkun merkisins. Minni hætta virðist á ruglingi hjá kaupendum varanna, sem hafa merkin á vörunum. Bendir könnun Hagvangs h.f., sem greind er í héraðsdómi, ákveðið til þessa.

Að þessu athuguðu þykir eiga að meta hagsmuni málsaðila svo, að réttur hins yngra merkis eigi að víkja fyrir rétti hins skráða merkis að því er tekur til munnlegrar kynningar þeirra. Telst sú ákvörðun heimil samkvæmt 10. gr. vörumerkjalaganna.

IV

Mál þetta er rekið sem staðfestingarmál á lögbanni, sem stefndi fékk lagt við notkun orðsins Freia til auðkenningar á vörum sínum. Skýra ber hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti með hliðsjón af 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaganna. Þykir því samkvæmt framanrituðu eiga að fella lögbannið úr gildi að öðru leyti en því, að áfrýjanda skal óheimilt að auglýsa eða kynna merkið Freia í hljóðvarpi eða öðrum hljóðmiðlum.

V

Með vísun til þess sem áður er sagt um markaðsfestu merkis áfrýjanda hér á landi þykir eiga að fella úr gildi lögbann við notkun vörumerkjanna nr. 14/1961 P.P. LAKRISPASTILLER FREIA og nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT með sama skilmála og greinir í IV hér að framan.

VI

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Við erum sammála um aðfinnslur meirihluta dómara um meðferð málsins í héraði.

Samkvæmt framanrituðu ætti dómsorð að hljóða þannig:

Lögbann það sem lagt var á í fógetarétti Reykjavíkur hinn 9. apríl 1985 að kröfu stefnda, Freyju h.f., er staðfest þannig að samkvæmt því er stefnanda, A/S FREIA, óheimilt að auglýsa eða kynna merkið Freia í hljóðvarpi eða öðrum hljóðmiðlum.

Staðfest er lögbann við notkun vörumerkjanna nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT og nr. 14/1961 P.P. LAKRISPASTILLER FREIA með sama skildaga og greinir í næstu málsgrein hér á undan.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þann 10. janúar sl., höfðaði Freyja hf., Kársnesbraut 104 Kópavogi, fyrir bæjarþinginu gegn Þórði Gunnarssyni hrl., f.h. A/S Freia, Johan Throne Holsts Plass 1, Osló, Noregi, með þingfestingu málsins 14. maí 1985. Réttarstefna var gefin út í málinu 16. apríl 1985.

Dómkröfur stefnanda í stefnu eru þær að staðfest verði lögbann það sem lagt var á í fógetarétti Reykjavíkur 9. apríl 1985 við því í fyrsta lagi, að stefndi noti hér á landi orðið FREIA sem vörumerki, firmanafn eða annars konar merki, skráð eða óskráð, hvort sem er orðmerki eitt sér eða í samsetningum eða myndmerki sem hefur að geyma mynd af orðinu FREIA, og í öðru lagi við því sérstaklega, að stefndi noti vörumerki nr. 344 frá 1982 „FREIA HELNÖTT", skráð í nafni stefnda hér á landi hinn 12. nóvember 1982.

Í þriðja lagi krefst stefnandi þess að stefnda verði gert skylt með dómi að afmá úr vörumerkjaskrá vörumerki nr. 344/1982 „FREIA HELNÖTT" og vörumerki nr. 14/1961, sem er myndmerki og inniheldur stafina „P.P." og orðin „LAKRISPASTILLER FREIA".

Þá krefst stefnandi málskostnaðar alls, þ.m.t. málflutningslaun og lögbannskostnað að mati dómsins.

málsins 14. maí 1985 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar alls, þ.m.t. málflutningslauna og lögbannskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Stefndi gerði í upphafi kröfu um það að kröfu stefnanda um staðfestingu á lögbanni yrði vísað frá dómi. Sérstakur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda og með úrskurði sem kveðinn var upp 31. október sl. var henni hrundið.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Með dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. maí 1969 í málinu nr. 10/1968, Sælgætis- og efnagerðin Freyja (en stefnandi þessa máls er rétttaki þess fyrirtækis) gegn Aksjeselskapet Freia, sem er stefndi í máli þessu, var stefnda dæmt óheimilt án samþykkis stefnanda að auðkenna hér á landi sælgætisvörur sínar og skyldar vörur með orðinu FREIA og átti það við þótt bætt væri við staðarheitum. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Við munnlegan flutning máls þess sem hér er til úrlausnar var því lýst yfir af hálfu stefnanda að fyrsti liður dómkrafna hans væri byggður á þeim rétti sem dómurinn frá 1969 hefði staðfest honum til handa og dómkröfurnar nákvæmlega þær sömu og fælust í dómsorðinu. Dómkröfurnar bæri að skilja svo, þrátt fyrir orðalagið, að þær væru takmarkaðar við sælgætisvörur og skyldar vörur. Lögbannsbeiðni sín hefði og lotið sömu takmörkunum. Lögbanns hefði verið beiðst til að framfylgja dóminum frá 1969 en stefnandi ætti nú ekki völ á annarri betri leið í því skyni.

Í fyrsta lið stefnukrafna væri engin krafa gerð umfram þann rétt sem dómurinn frá 1969 hefði ákvarðað til handa stefnanda.

Rétt er að geta þess að orðalag í fyrsta lið krafna í stefnu, lögbanni fógeta og í lögbannsbeiðni er hið sama.

Forsaga máls þessa er sú að árið 1917 var stofnað fyrirtækið Súkkulaði- og konfektgerðin Freyja. Fyrirtækið hóf starfsemi sína sama ár og framleiddi Freyjusælgæti. Árið 1920 var fyrirtækið skráð í firmaskrá Reykjavíkur. Árið 1933 var stofnað fyrirtækið Sælgætis- og efnagerðin Freyja hf. og tók það fyrirtæki við öllum réttindum og skyldum Súkkulaði- og konfektgerðarinnar Freyju. Sama ár var fyrirtækið skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur og vörumerki firmans skráð sem vörumerki nr. 50/1933.

Lýsing vörumerkisins er svohljóðandi:

„Mynd af ketti með kryppu og rófuna upp. Beggja megin við myndina stendur orðið VÖRUMERKI skift. Undir merkinu er letrað á borða orðið: FREYJA."

Tekið er fram að merkið sé skrásett fyrir súkkulaðisvörur og aðrar framleiðsluvörur verksmiðjunnar.

Skráning vörumerkisins var endurnýjuð árin 1943, 1953, 1964 og 1981. Skráning merkisins var hins vegar ekki endurnýjuð árið 1974 og merkið því ekki skráð á tímabilinu frá 1974 til 1981.

Þegar vörumerkið var skráð árið 1981 hafði því verið breytt að nokkru. Það er nú samansett af ketti með kryppu og undir þá mynd er letrað orðið Freyja með stílfærðum hætti (logo). Þess er getið að merkið sé skráð fyrir allar vörur í 30. flokki vöruskrárinnar.

Árið 1974 var stofnað fyrirtækið Freyja sf. og tók það fyrirtæki við réttindum og skyldum Sælgætis- og efnagerðarinnar Freyju hf. Árið 1980 var stofnað fyrirtækið Freyja hf. og tók það fyrirtæki við réttindum og skyldum Freyju sf. Sem fyrr segir er Freyja hf. stefnandi þessa máls.

Árið 1898 var í Osló í Noregi stofnað hlutafélagið A/S Freia Schokoladefabrik og var það þannig skráð í hlutafélagaskrá Oslóar. Fyrirtækið hefur verið að sögn forráðamanna þess stærsti framleiðandi súkkulaðis og annars sælgætis í Noregi frá árinu 1909 og nú á öllum Norðurlöndum. Árið 1949 var orðið Schokoladefabrik fellt brott úr firmaheitinu og er það nú eingöngu A/S Freia. Stefndi hefur framleitt sælgætisvörur undir firmaheitinu og vörumerkinu FREIA. Þetta vörumerki kveður stefndi vera skráð í einni eða annarri mynd í 23 löndum og framleiðsluvörurnar séu seldar til 18 landa.

Árið 1961 fékk stefndi skráð hér á landi vörumerki nr. 14/1961, sem er myndmerki og inniheldur stafina „P.P." og orðin „LAKRIS-PASTILLER FREIA". Sú skráning hefur jafnan verið endurnýjuð. Stefnandi kveður sér ekki hafa verið kunnugt um þessa skráningu fyrr en í lögbannsmáli því sem var undanfari þessarar málshöfðunar.

Árið 1966 fékk stefndi skráð hér á landi vörumerki nr. 209/1966, FREIA Melkesjokolade, Extra kvalitet. Með áðurgreindum dómi sjó- og verslunardóms frá 1969 var stefnda bönnuð notkun þessa vörumerkis og honum dæmt skylt að láta afmá skráningu þess sem hann gerði.

Árið 1982 fékk stefndi skráð hér á landi vörumerki nr. 344/1982, „FREIA HELNÖTT".

Í málinu hefur verið lögð fram skrá yfir vörumerki er stefndi átti skráð hér á landi 6. janúar 1986. Fer hún hér á eftir.

Vörumerki	*Skrás.nr.*	*Dags.*	*Endurn.*
DAJM	358/1981	29.12.81	
EXELLENCE	262/1966	01.11.66	06.08.76
FIRKLØVER	70/1966	15.08.66	18.05.76
KONG HAAKON	359/1981	29.12.81	
KVIKK LUNSJ	190/1966	15.09.66	18.05.76
MALKYL	174/1967	30.06.67	04.04.77
MENUETT	183/1960	19.11.60	12.09.80
MONOLIT	361/1981	29.12.81	
NON STOP	360/1981	29.12.81	

Vörumerki	*Skrás.nr.*	*Dags.*	*Endurn.*
pp (figm.)	14/1961	11.02.61	11.01.71
QUIPS	151/1962	20.10.62	02.08.72
SESEM	8/1975	22.01.75	
SMIL	44/1961	08.03.61	12.01.71
TOFFIN	24/1973	16.01.73	
TWIST	184/1960	19.11.60	12.09.80
VIPS	220/1960	03.12.60	12.09.80
FREIA HELNUTT	344/1982	12.11.82	

Aðilar þessa máls höfðu með sér samvinnu þess eðlis að stefnandi og áður forverar hans tóku að sér sem einkaumboðsmenn stefnda að dreifa framleiðsluvörum hans hér á landi gegn greiðslu umboðslauna. Samvinna þessi hófst árið 1965 og stóð meira og minna allt til ársloka 1984 er stefndi sleit henni með formlegum hætti.

Fram hafa verið lagðar upplýsingar um það magn sem selt var árlega hérlendis af vörum stefnda allt frá árinu 1967 og einnig um verðmæti vörunnar í norskum krónum nokkur hin síðari ár. Upplýsingarnar eru þessar:

Ár	Kíló	Verðmæti
1967	998	
1968	246	
1969	194	
1971	2354	
1972	4308	
1973	5096	
1974	6756	
1975	1757	
1976	680	
1977	ca. 1400	23.627,00
1978	ca. 2200	40.327,00
1979	5459	111.354,00
1980	12215	332.000,00
1981	57446	1.664.035,00
1982	74073	2.349.078,00
1983	91650	3.016.949,00
1984	63951	2.298.136,00

Eins og sjá má varð veruleg aukning innflutnings á vörum stefnda hingað til lands frá og með árinu 1980. Hún mun eiga rætur sínar að rekja til

þess að um þær mundir var aflétt þeim hömlum sem verið höfðu á innflutningi sælgætis. Fastara form mun hafa verið á samstarfinu frá þeim tíma án þess þó að endanlegir skriflegir samningar væru gerðir þar um.

Hinn 5. september 1980 ritaði stefndi Freyju sf. bréf þar sem m.a. stendur eftirfarandi:

„Det prinsippielle spörsmål om hvem skal bekoste reklameutgifter ble reist og i prinsippet bör reklamekostnader bekostes av A/S Freia. I tråd med vår generelle policy skal vi på alle markeder som bearbeides med Freia-reklame ha Freia-navnet registrert. Dette må Freyja s.f. gi sin godkjennelse til."

Af hálfu Freyju sf. var þessu bréfi svarað með bréfi dags. 26. september 1980. Þar stendur m.a. eftirfarandi:

„Regarding the registration of Freia A/S, the board of Freyja s.f. feels reluctant to give its consent for the time being, in view of the present difficulties and the similiarities in the names of the firms. However we stress our intentions to increase imports from your firm."

Forsvarsmenn stefnda sem fyrir dóminn komu, þeir Per Throne-Holst framkvæmdastjóri og Alf Kjærnes framkvæmdastjóri útflutningsdeildar, könnuðust ekki við það sem sína skoðun að stefndi þyrfti leyfi stefnanda til þess að skrá vörumerki sín hér á landi.

Stefndi kveður kostnað við auglýsingar á vörum sínum hér á landi hafa numið norskum krónum 207.959,00 árið 1983, 282.700,00 árið 1984 og íslenskum krónum 379.523,00 árið 1985. Frekari upplýsingar um auglýsingakostnað stefnda er ekki að finna í málinu.

Er samstarfi stefnanda og stefnda lauk varð Íslenska verslunarfélagið umboðsmaður stefnda hér á landi. Þá var að sögn forráðamanna stefnda töluvert magn af vörum í tollvörugeymslunni í Reykjavík. Hinn nýi umboðsmaður mun hafa dreift u.þ.b. 10 tonnum af þeim vörum frá því seinni partinn í janúar til 7. mars sl., en þá úrskurðaði borgarfógeti að lögbann færi fram að kröfu stefnanda gegn tryggingu sem lögð var fram 9. apríl sl. Lögbannsmálið var fyrst tekið fyrir 15. febrúar 1985. Stefndi kveðst hafa orðið að fleygja vörum sem í tollvörugeymslunni voru vegna þess að þær hafi verið orðnar of gamlar til sölu.

Stefnandi kveður sölu á vörum sínum hafa aukist mjög þegar lögbannið var lagt á, og kvað framkvæmdastjóri stefnanda að þá aukningu væri aðeins hægt að rekja til þess að hætt var að dreifa vörum stefnda hérlendis, en ekki til neinna annarra breyttra aðstæðna stefnanda. Stefnandi hefur gert samanburð á aukningu sölu framleiðsluvara sinna milli áranna 1983 og 1984 annars vegar og 1984 og 1985 hins vegar. Stefnandi seldi 96,7 tonn árið 1983, 111,1 tonn árið 1984, aukning 14,95% á milli ára, 144 tonn kveðst stefnandi hafa selt árið 1985 og aukning frá árinu 1984 hafi verið

31,93%. Þess ber að gæta að framangreindar prósentutölur virðast ekki nákvæmar miðað við aukningu heildarsölu en hugsanleg skekkja skiptir ekki máli hér. Hins vegar virðast þær rétt meðaltala mánaðarlegrar söluaukningar hvors árs. Rétt þykir að taka hér upp þessar upplýsingar í heild:

	1983		*1984*		*1985*
	tn.	*AUKNING*	*tn.*	*AUKNING*	*tn.*
JANÚAR	6,80	20,59%	8,20	25,61%	10,30
FEBRÚAR	8,80	11,36%	9,80	4,08%	10,20
MARS	9,10	10,99%	10,10	14,85%	11,60
APRÍL	7,60	-3,95%	7,30	47,95%	10,80
MAÍ	7,90	27,85%	10,10	30,69%	13,20
JÚNÍ	8,40	25,00%	10,50	24,76%	13,10
JÚLÍ	9,00	4,44%	9,40	30,85%	12,30
ÁGÚST	5,60	14,29%	6,40	85,94%	11,90
SEPTEMBER	9,50	11,58%	10,60	20,75%	12,80
OKTÓBER	8,00	10,00%	8,80	48,86%	13,10
NÓVEMBER	9,00	27,78%	11,50	22,61%	14,10
DESEMBER	7,03	19,49%	8,40	26,19%	10,60
	96,73	14,95%	111,10	31,93%	144,00

Framkvæmdastjóri stefnanda, Flosi Kristjánsson, kvað árlegt framleiðslumagn stefnanda hafa verið nokkuð jafnt undanfarin ár, 100-150 tonn á ári. Árið 1979 hefði framleiðslumagnið verið 150 tonn en árið 1985 144 tonn. Framleiðsluverðmætið árið 1985 hefði verið u.þ.b. 40 milljónir króna. Sú söluaukning sem orðið hefði eftir að lögbannið var lagt á væri fyrst og fremst til komin vegna lögbannsins en ekki af öðrum ástæðum.

Stefnandi hefði tekið um mitt ár 1984 alsjálfvirka súkkulaðimótunarvél og þá hefði framleiðslugetan aukist mjög mikið.

Sælgætismarkaðurinn hérlendis hefði eitthvað stækkað á árinu 1985. Hlutdeild íslenskra fyrirtækja í markaðnum hefði farið minnkandi. Hlutdeild stefnanda í markaðnum hefði þó heldur farið vaxandi.

Ágreiningur aðila málsins snýst að verulegu leyti um það hvort hætta sé á því að villst verði á viðskiptalegum uppruna framleiðsluvara aðila. Fyrirtækið Hagvangur hf. framkvæmdi fyrir stefnda svokallaða vettvangskönnun til þess að leiða í ljós hvort slíkri ruglingshættu væri til að dreifa. Rétt þykir að taka upp í dóminn niðurstöður þessarar könnunar. Þær eru ritaðar á ensku. Dómurinn sá ekki ástæðu til þess að láta þýða þetta skjal. Niðurstöðurnar eru svohljóðandi:

,,1.0. PROLOGUE

Following are the results of the survey by Hagvangur Ltd., for A/S Freia in Norway.

The purpose of the survey was to find out whether buyers/consumers of sweets discerned between the products and the trademark of Freia A/S in Norway and Freyja Ltd. in Iceland.

2.0. MAIN RESULTS

To find out whether people discern between products from Freia A/S and Freyja Ltd., questions concerning the following points were put to the participants.

I. The names of the firms
II. Products
III. Trademarks

I. Names (questions 1 and 3).

When just the name Freia/Freyja was *read* many of the participants did *not* realize that two separate producers were involved, as the results of questions 1 and 3 show.

Question 1:

Can you tell me whether the producers of the following trademarks are native, foreign or both?

	Native	*Foreign*	*Both*
Freia/Freyja	33,1%	4,0%	62,9%

Question 3:

Can you tell me where sweets by the name Freyja/Freia are produced?

Iceland	22,9%
Norway	6,1%
Iceland and Norway	54,8%
Something else	4,7%
Doesn't know	11,3%

II. Products (questions 2 and 6).

Those interviewed, in most cases, discerned clearly between the products of Freia A/S and Freyja Ltd. both when shown seperately and when shown with produtcts of others.

Question 2:

Can you tell me whether the products are native or foreign?

	Native	*Foreign*	*Both*
Freia	5,2%	92,0%	2,8%
Freyja	94,1%	2,4%	3,5%

Question 6:

Can you tell me whether the following products are made by Freyja in Iceland or by Freia in Norway?

	Iceland	*Norway*	*Doesn't know*
Twist	4,5%	91,5%	4,0%
Draumur	90,5%	5,2%	4,3%
Staur	94,6%	3,3%	1,9%
Dajm	5,5%	89,8%	4,7%
Firklöver	0,7%	97,9%	1,4%
Möndlur	87,2%	7,1%	5,7%

III. Trademarks (Questions 4 and 5).

When a card with the trademark of Freia A/S was shown 21,7% thought it to be the trademark og Freyja Ltd., as the results of questions 4 and 5 indicate.

Question 4:

Do you know this trademark?

Yes	96,4%
No	2,8%
Doesn't know	0,7%

Question 5:

In which country are goods by this trademark produced?

Iceland	21,7%
Norway	56,0%
Something else	4,7%
Doesn't know	17,5%"

Rétt þykir að taka upp í dóm þennan þann hluta forsendna dóms sjó- og verslunardóms Reykjavíkur frá 1969 er snertir deiluefnið í þessu máli svo og dómsorðið. Forsendurnar eru svohljóðandi:

„Um 1. kröfulið stefnanda.

Stefndi hefur með skrásetningu vörumerkja sinna, fyrst og fremst vörumerkisins nr. 209/1966, ótvírætt sýnt í framkvæmd hug á því að öðlast rétt til að nota orðið Freia sem lið í auðkenningu á framleiðsluvörum sínum hér á landi. Þykir stefnandi eiga skýlausan rétt til þess að fá úrlausn dómstóla um lögmæti slíkrar notkunar af hálfu stefnda, sbr. nú 1. mgr. 26. gr. laga nr. 47/1968.

Uppruni norska orðsins FREIA er hinn sami og íslenska orðsins FREYJA, og er óumdeilt að framburður þeirra í íslensku máli sé hinn sami. Augljóst er, þótt stafsetning norska orðsins FREIA og íslenska orðsins FREYJA sé ekki hin sama, að notkun þessara tveggja orða á sams konar framleiðsluvörum á markaði hér á landi er til þess fallin að valda ruglingi.

Svo sem áður greinir var á árinu 1920 skrásett í firmaskrá Reykjavíkur SUKKULADE OG KONFEKTGERÐIN FREYJA, sem samkvæmt skýrslu stefnanda hafði starfað frá því á árinu 1917 og þá undir nafninu SÆLGÆTISGERÐIN FREYJA. Af málflutningi aðilja má ráða að stefnandi, sem stofnsett var og skrásett á árinu 1933, sé rétttaki fyrrnefnds félags. Á sama ári tók stefnandi upp vörumerki fyrir framleiðslu sína sem var skrásett 9. desember 1933 og áður er lýst. Stefnandi hefur notað orðið FREYJA bæði eitt sér, með ýmsum leturgerðum, og í umræddu vörumerki til að auðkenna framleiðslu sína. Verður að telja að með þessari notkun um áratuga skeið, sem er alkunn og ómótmælt, hafi stefnandi áunnið sér lögverndaðan rétt til að auðkenna framleiðsluvörur sínar á markaði hérlendis með orðinu FREYJA. Verður ekki fallist á það með stefnda að uppruni orðsins eða notkun þess að öðru leyti í íslensku máli standi því í vegi. Þegar þetta er virt verður að fallast á það með stefnanda, að stefnda sé óheimilt án samþykkis stefnanda að auðkenna hér á landi sælgætisvörur sínar og skyldar vörur með orðinu FREIA, og á það einnig við þótt bætt væri við staðarheitum, svo sem greinir í varakröfu stefnda. Ekki verður fallist á það með stefnda að stefnandi hafi gefið þennan rétt sinn eftir með því að sjá um dreifingu á vörum hér á landi fyrir stefnda á árunum 1965-1967 fyrir samtals um 70.000,00 norskar krónur. Einnig er þá haft í huga að ákvæði 8. gr. Parísarsamþykktarinnar, sem með lögum nr. 102/1961 var veitt gildi hér á landi, verða ekki talin víkja ofangreindum rétti stefnanda til hliðar, þar sem stefndi leitaði ekki, að því er séð verður, eftir að koma framleiðsluvörum á markað hér á landi fyrr en á árinu 1965 og þá fyrir milligöngu stefnanda.

Kröfugerð stefnanda samkvæmt þessum kröfulið er mjög víðtæk og hefur því verið sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda. Með hliðsjón af því og málsatvikum að öðru leyti þykja eigi efni til að kveða nánar á um rétt stefnanda en hér að ofan er rakið.“

Dómsorðið er svohljóðandi:

„Stefnda, Aksjeselskapet Freia, er óheimil framangreind notkun orðsins Freia.

Stefnda er skylt að láta afmá úr vörumerkjaskránni fyrrgreint vörumerki nr. 209/1966 innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi greiði stefnanda, Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h.f., kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum."

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að lögbann hafi verið eins og á stóð eina raunhæfa og virka réttarúrræðið sem stefnandi gat gripið til í því skyni að framfylgja dómi sjó- og verslunardómsins frá 1969. Það hafi honum verið nauðsynlegt vegna síendurtekinna brota stefnda árið 1985 á vörumerkjarétti stefnanda, þegar stefndi hafi auglýst vörur sínar og selt hér á landi undir vörumerkinu og firmaheitinu FREIA án samþykkis stefnanda. Öll skilyrði lögbanns bæði almenn og sérstök hafi verið fyrir hendi.

Að öðru leyti byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því að hann sé eigandi firmanafnsins FREYJA og vörumerkisins nr. 183/1981. Vörumerki þetta hafi upphaflega verið skráð árið 1933 og sé það enn. Stefnandi hafi því í 60 ár borið firmanafnið FREYJA og framleitt Freyju-sælgæti allan þann tíma. Vörumerki stefnanda njóti því vegna skráningarinnar og samfelldrar notkunar verndar 4. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968, enda fái 8. gr. Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961, engu breytt þar um. Því sé ljóst að stefndi megi ekki auglýsa vörur sínar á Íslandi án samþykkis stefnanda, m.a. vegna dómsins frá 1969. Fram sé komið að stefndi hafi staðið í þessari meiningu, sbr. m.a. bréf hans til Freyju sf. 5. september 1980. Stefnandi hafi samþykkt að stefndi auðkenndi hér á landi framleiðsluvörur sínar undir firmaheitinu og vörumerkinu FREIA, en það samþykki sé ekki lengur fyrir hendi. Stefnandi hafi og fengið greiðslur frá stefnda fyrir þessa heimild í formi umboðslauna.

Stefndi hafi þrátt fyrir að samþykki stefnanda hafi ekki lengur verið fyrir hendi haldið áfram að auðkenna framleiðsluvörur sínar hér á landi með FREIA-nafninu af ásetningi og gegn betri vitund um heimildir sínar. Háttsemi stefnda varði við 37. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 og sé bótaskyld samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laganna.

Vörumerki aðila séu keimlík og veruleg hætta á því að neytendur og aðrir þeir sem með vörurnar sýsli ruglist á viðskiptalegum uppruna þeirra enda sé í báðum tilvikum um sælgætisvörur að ræða.

Augljóst sé að villst verði á norska orðinu Freia og íslenska orðinu Freyja. Þau séu af sama uppruna, sömu merkingar, beygist eins á íslensku, séu borin eins fram og að auki svipuð að rithætti.

Í þessu sambandi nægi að hætta sé fyrir hendi á ruglingi til þess að stefnandi geti fengið bann lagt við notkun stefnda á vörumerki hans og firmanafni. Því sé slegið föstu í dómi sjó- og verslunardóms frá 1969 að slík ruglingshætta sem hér um ræði sé fyrir hendi en stefndi sé bundinn af þeim dómi. Engar þær aðstæður hafi breyst sem leysi stefnda undan þeim skyldum sem dómurinn leggi honum á herðar. Af þessu sé ljóst að stefndi megi ekki auglýsa og selja vörur sínar hér á landi án samþykkis stefnanda.

Þessu til viðbótar staðfesti niðurstaða vettvangskönnunar Hagvangs hf. að ruglingshætta sé fyrir hendi.

Að því er varði þá kröfu stefnanda að vörumerkið nr. 14/1961, P.P. LAKRISPASTILLER FREIA, verði afmáð úr vörumerkjaskránni, þá verði að líta svo á að dómurinn frá 1969 hafi fellt það úr gildi, þar sem hér sé um að ræða sælgætisvöru sem auðkennd sé með orðinu FREIA. Vörumerkið falli því beint undir dómsorðið. Þar sem tilkynning um skráningu og endurskráningu vörumerkisins hafi verið afhent í vondri trú vegna dómsins frá 1969 eigi 8. gr. vörumerkjalaganna ekki við um þetta vörumerki. Vond trú stefnda girði fyrir að hann geti unnið nokkurn rétt vegna hugsanlegs tómlætis stefnanda.

Með sama hætti sé ljóst að vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT hafi stefndi skráð í vondri trú. Bæði hafi hann vitað um dóminn frá 1969 og eins hafi hann sjálfur talið að hann þyrfti leyfi stefnanda til þess að nota vörumerki sem hefði að geyma orðið FREIA.

Vörumerkjaréttur stefnanda sem helgist af skráningu, markaðsfestu og samfelldri notkun frá árinu 1917 gangi því fyrir.

Um skaðabótakröfu sína vísar stefnandi til 38. gr. vörumerkjalaga og telur að skilyrði 1. mgr. um ásetningsbrot sé fyrir hendi. Stefndi hafi ákveðið með atbeina nýs umboðsmanns síns að dreifa vöru sinni hér á landi á árinu 1985 undir vörumerkinu FREIA þrátt fyrir samstarfsslit við stefnanda og afturköllun samþykkis stefnanda á því að stefndi mætti nota vörumerki með orðinu Freia hér á landi. Fyrir liggi að stefndi hafi talið sig þurfa heimild stefnanda til þessarar notkunar og honum hafi verið kunnugt um það bann sem við henni hafi verið lagt í dóminum frá 1969. Því sé ótvírætt að um ásetningsbrot stefnda hafi verið að ræða.

Í tilviki eins og því sem hér um ræði sé ávallt erfitt um nákvæma sönnun tjóns, enda sé nákvæmrar sönnunar á þessu sviði réttarins ekki krafist. Ennfremur sé við ásetningsbrot gerðar minni kröfur um sönnun tjóns sem af því leiði. Bætur verði að meta að álitum.

Krafa stefnanda um bætur nemur kr. 630.000,00. Stefnandi miðar við í útreikningum sínum í stefnu að stefndi hafi selt 7 tonn af vörum sínum á árinu 1985 hérlendis að f.o.b. verðmæti kr. 2.100.000,00 og nemur skaða-

bótakrafan því 30% af þeirri fjárhæð. Þá bendir stefnandi á að samkvæmt upplýsingum stefnda í málinu hafi hann gert ráð fyrir að hagnaður hans af vörusölu hérlendis hefði að meðaltali orðið kr. 445.055,00 á mánuði á tímabilinu 1984 - 1986 og ársfjórðungslegt tap hans kr. 1.335.165,00. Þá bendir stefnandi á það að samkvæmt upplýsingum stefnda um innflutning á vörum hans hingað til lands árið 1984 nemi verðmæti 10 tonna sem upplýst sé að stefndi hafi selt hérlendis á árinu 1985 kr. 1.951.375,20 miðað við meðalverð hvers kílós norskar krónur 34,80 og gengi íslensku krónunnar 10. janúar 1986 kr. 5,6074 á móti norskri krónu. Sé miðað við meðalverðið norskar krónur 43,40 nemi upphæðin kr. 2.433.611,00.

Þessar tölulegu staðreyndir beri að hafa í huga við ákvörðun bótafjárhæðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. vörumerkjalaga.

Þá bendir stefnandi á að veruleg aukning hafi orðið á sölu framleiðsluvara stefnanda eftir að lögbannið var lagt á og sanni það að stefnandi hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni.

Svo sem áður er frá greint hefur stefndi krafist þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Stefndi telur að dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur frá 1969 sé því ekki til fyrirstöðu að dómur gangi um sakarefnið nú. Dómurinn frá 1969 sé því ekki bindandi um úrslit sakarefnis í skilningi 195. gr. laga nr. 85/1936. Dómurinn frá 1969 staðfesti ekki annað en það að ruglingshætta hafi þá verið fyrir hendi 1969. Frá því dómurinn gekk hafi ýmis atvik gerst sem breytt hafi réttarstöðu aðila. Þar komi fyrst og fremst til að stefndi hafi notað merkið FREIA sem auðkenni á vörum sínum hér á landi samfleytt frá 1969 - 1985. Vörumerki hans hafi öðlast markaðsfestu hér á landi. Þessi notkun valdi því að ekki sé lengur fyrir hendi ruglingshætta. Sakarefni það sem nú liggi fyrir bæjarþinginu sé því annað en það sem sjó- og verlsunardómur Reykjavíkur dæmdi um árið 1969.

Á þeim tíma er stefnandi hafi séð um innflutning, dreifingu og sölu á framleiðsluvörum stefnda hafi stefndi engar greiðslur innt af hendi til stefnanda fyrir það að auðkenna vörur sínar hér á landi með merkinu FREIA.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndi á því að ekki sé lengur fyrir hendi ruglingshætta á milli vörumerkis og firmanafns stefnanda annars vegar og vörumerkis og firmanafns stefnda hins vegar. Stefnda sé af þeirri ástæðu heimilt að nota auðkenni sitt áfram með þeim hætti sem hann hafi gert á undanförnum árum. Dómurinn frá 1969 segi ekki annað og meira en það að ruglingshætta hafi þá verið til staðar. Hins vegar segi hann ekkert um það hvort ruglingshætta sé til staðar nú. Það sé verkefni dómstóla að meta það hverju sinni með hliðsjón af atvikum, hvort ruglingshætta sé fyrir hendi þegar það álitaefni sé undir þá borið. Það, sem máli skipti við úrlausn þessa máls, sé það hvort vörumerki og firmanafn stefnda, eins og þau séu

nú notuð hér á landi á vörum hans, verði ruglað saman við vörumerki og firmanafn stefnanda.

Við mat á því hvort ruglast megi á vörumerkjum og firmaheitum málsaðilja sé ekki hægt að líta eingöngu á orðið FREIA. Það orð sé aðeins hluti af sérgreiningu vörumerkis stefnda, sem leggi mikið upp úr því að auglýsa og auðkenna vörur sínar undir tegundarheitum, sbr. FREIA-Helnött; FREIA-Firklöver; P.P. Lakrispastiller FREIA o.s.frv. Þannig beri að líta til merkjanna í heild. Merki stefnda séu allt öðruvísi á að líta en merki stefnanda. Við mat á ruglingshættu beri m.a. að líta til litasamsetningar, stafagerðar og annars texta, sem fram komi í viðkomandi auðkenni. Öll þessi atriði sem hér hafi verið nefnd myndi vörumerki stefnda, ekki bara orðið Freia eitt sér. Þegar öll þessi atriði séu virt sé ljóst með hliðsjón af þróun mála frá 1969 að vörumerki stefnda og firmanafn séu mjög ólík auðkennum stefnanda. Ruglingshættu beri að meta með hliðsjón af heildarmynd merkisins frekar en einstökum þáttum þess svo sem fram komi í athugasemd með 6. gr. frumvarps til vörumerkjalaga. Áherslu beri að leggja á það að tegundarheitin á vörum stefnda séu nægileg sérgreining á vörumerki hans.

Samkvæmt þessu leggur stefndi áherslu á eftirtalin atriði við mat á ruglingshættunni, að merki stefnda sé með allt öðrum hætti en merki stefnanda, merki stefnda sé samsett úr tegundarheitum, framleiðsla stefnda sé með norskum texta, en texti stefnanda sé á íslensku, ólík landfræðiheiti komi fram í texta á umbúðum aðiljanna, þ.e. annars vegar heitið Noregur og hins vegar orðið Kópavogur og stefnandi framleiði aðeins brot af þeim framleiðsluvörum, sem stefndi framleiði og séu vörutegundir stefnanda í raun mjög fáar.

Stefndi telur að það hljóti verulegu máli að skipta við mat á ruglingshættunni, auk þeirra atriða sem hér var getið, að stefndi hafi í skilningi 2. gr. vörumerkjalaga unnið markaðsfestu á vörumerki sínu sem hann hafi notað hér á landi samfellt í 20 ár. Vegna markaðsfestunnar sé ekki lengur hætta á ruglingi. Allan þann tíma sem hér um ræðir hafi vörur stefnda verið fluttar til Íslands og hafðar á markaði hér á landi ásamt vörum stefnanda og þær kynntar neytendum í verslunum hlið við hlið. Neytendur og aðrir þeir sem með vörurnar sýsli séu því af þessum sökum farnir að greina vörurnar í sundur og geti því ekki villst á viðskiptalegum uppruna þeirra. Hafa beri í huga að vörur stefnda hafi verið fluttar hingað til landsins í miklum mæli, og þegar mest hafi kveðið að innflutningnum, hafi innflutt magn af vörum stefnda verið jafnmikið og framleiðsla stefnanda.

Stefndi vitnar máli sínu til stuðnings í vettvangskönnun Hagvangs sem framkvæmd hafi verið vegna þess deilumáls sem hér sé til úrlausnar. Niðurstöður könnunarinnar staðfesti og sanni svo ekki verði um villst að ekki

sé fyrir hendi hætta á því að neytendur villist á viðskiptalegum uppruna á vörum stefnanda og stefnda.

Að því er varðar sérstaklega kröfu stefnanda um bann við notkun stefnda á merkinu FREIA - HELNÖTT vísar stefndi því á bug að um ruglingshættu sé að ræða og vitnar þar til þeirra raka sem áður er getið í því sambandi. Krafa stefnanda um að merkið verði afmáð sé of seint fram komin, sbr. 2. mgr. 9. gr. vörumerkjalaga. Engin andmæli hafi komið fram af hálfu stefnanda þegar merkið var auglýst og skráning þess tilkynnt. Stefnandi hafi bæði vitað um skráninguna og notkun stefnda á merkinu eða a.m.k. mátt vita. Stefndi hafi við skráninguna verið í góðri trú, þar sem hann hafi talið að ekki væri ruglingshætta fyrir hendi.

Sama máli gegnir um vörumerkið P.P. LAKRISPASTILLER FREIA.

Stefndi mótmælir bótakröfu stefnanda. Við ákvörðun skaðabóta skv. 38. gr. vörumerkjalaga beri að líta til tjóns tjónþola en hagnaðar tjónvalds. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi beðið tjón og sú sönnun hafi ekki tekist. Ekki sé hægt á grundvelli vörumerkjalaganna að byggja ákvörðun tjónsfjárhæðar á neinum löglíkum. Stefndi vitnar til þess að stefnandi byggi rökstuðning sinn fyrir bótakröfunni m.a. á því að mikil söluaukning hafi orðið hjá stefnanda eftir að lögbann það sem um ræðir í máli þessu var lagt á. Sá rökstuðningur stefnanda standist ekki, því að söluaukningin eigi sér allt aðrar skýringar, sem sé þær að stefnandi hafi um þetta leyti endurnýjað vélakost sinn og af þeirri ástæðu getað aukið framleiðslu sína og markaðshlutdeild. Það sé því ekkert orsakasamband milli lögbannsins og söluaukningarinnar eins og stefnandi vilji vera láta.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið gekk í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur hinn 9. maí 1969 dómur í málinu nr. 10/1968, Sælgætis- og efnagerðin Freyja gegn Aksjeselskabet Freia. Ágreiningslaust er að stefnandi er nú rétthafi samkvæmt þessum dómi.

Niðurstaða dómsins var m.a. sú að stefnda var dæmt óheimilt án samþykkis stefnanda að auðkenna hér á landi sælgætisvörur sínar og skyldar vörur með orðinu Freia og átti það einnig við þótt bætt væri við staðarheitum. Niðurstaðan byggðist m.a. á því að ruglingshætta væri fyrir hendi. Stefndi áfrýjaði ekki dóminum.

Af hálfu stefnanda var því lýst yfir að fyrsti liður dómkrafna hans væri nákvæmlega hinn sami og niðurstaða dómsins frá 1969 að þessu leyti, en þessi liður kröfugerðarinnar væri byggður á þeim rétti sem í dóminum hefði verið staðfestur honum til handa. Lögbannsbeiðni sín hefði og lotið sömu takmörkunum. Samkvæmt þessu verður að skýra fyrsta lið kröfugerðar stefnanda svo að krafist sé staðfestingar lögbanns þess sem lagt var á í

fógetarétti Reykjavíkur 9. apríl 1985 með þeim hætti að það nái til þess réttar sem stefnanda hafi verið áskilinn í niðurstöðu framangreinds dóms sjó- og verslunardóms Reykjavíkur.

Varðandi þennan lið dómkrafna stefnanda er úrlausnarefnið það að taka afstöðu til þess hvort aðstæður hafi breyst frá þeim tíma að dómurinn gekk, þannig að nú sé ekki lengur fyrir hendi sú ruglingshætta milli vörumerkis og firmanafns stefnanda annars vegar og vörumerkja og firmanafns stefnda hins vegar sem þá var talin vera fyrir hendi. Svo sem hér stendur á og með vísan til 17. gr. laga nr. 19/1887 þykir ákvæði 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 ekki standa því í vegi að afstaða sé tekin til þessa ágreiningsefnis í málinu.

Að framan hefur verið lýst sjónarmiðum málsaðila að því er varðar ruglingshættu þá sem mál þetta snýst um. Þá hafa einnig verið raktar forsendur dóms sjó- og verslunardóms Reykjavíkur frá 1969 að því er þetta atriði varðar, en svo sem áður greinir í forsendum var það niðurstaða dómsins að ruglingshætta væri fyrir hendi.

Þótt vera kunni að ruglingshætta sé nú minni en áður þykir hún engu að síður vera til staðar í skilningi vörumerkjalaganna. Stefnandi nýtur því samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra áfram þeirrar verndar sem kveðið er á um í dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur frá 1969 og ber samkvæmt því að taka til greina fyrsta lið stefnukrafna stefnanda, svo sem hann hefur afmarkað þær undir rekstri málsins og að framan greinir.

Stefnandi byggir kröfur í öðrum og þriðja lið kröfugerðar sinnar á því að dómurinn frá 1969 nái til beggja vörumerkjanna, FREIA HELNÖTT og P.P LAKRISPASTILLER FREIA. Á þetta sjónarmið ber að fallast, enda verður ekki talið að tegundarheiti eins og helnött og P.P. lakrispastiller breyti þeirri niðurstöðu.

Þessu næst ber að skoða hvort stefnandi kunni þrátt fyrir dóminn frá 1969 að hafa öðlast rétt til þess að halda skráningu þessara vörumerkja samkvæmt ákvæðum 8. eða 9. gr. vörumerkjalaga, en um það er ágreiningur með málsaðilum.

Vörumerkið FREIA HELNÖTT var skráð 12. nóvember 1982. Stefnda var eða mátti vera ljóst að skráning merkisins braut í bága við dóminn frá 1969. Hann getur því ekki talist hafa verið í góðri trú þegar hann afhenti merkið til skráningar. Þá má einnig hafa í huga að eigi voru liðin fimm ár frá skráningardegi vörumerkisins þar til mál þetta var höfðað. Af þessum ástæðum og vísan til annars þess sem að framan er sagt um vörumerki þetta ber að staðfesta lögbann það sem lagt var við því í fógetarétti Reykjavíkur 9. apríl 1985 að stefndi noti vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT hér á landi. Ekki verður talið að a-liður 9. gr. vörumerkjalaga eigi hér við.

Vörumerkið P.P. LAKRISPASTILLER FREIA var skráð 11. febrúar 1961. Stefna í sjó- og verslunardómsmálinu nr. 10/1968 var birt 28. desember 1967. Vörumerkjalögin nr. 47/1968 öðluðust gildi 1. janúar 1969.

Í framangreindu dómsmáli gerði stefnandi að vísu ekki beina kröfu um að stefnda yrði bönnuð notkun þessa vörumerkis eftir því sem séð verður. Á hinn bóginn verður ekki séð af dóminum í málinu að stefndi hafi borið fyrir sig tómlæti stefnanda þess máls að því er varðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun stefnda á vörumerkinu.

Að framan er það lagt til grundvallar að dómurinn frá 1969 nái til vörumerkisins P.P. LAKRISPASTILLER FREIA. Af þeim ástæðum sem nú hafa verið greindar þykir stefndi nú ekki geta borið fyrir sig ákvæði aliðar 9. gr. vörumerkjalaga sem hann heldur fram að eigi hér við. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá kröfu stefnanda að stefnda sé skylt að afmá vörumerkið nr. 14/1961 P.P. LAKRISPASTILLER FREIA úr vörumerkjaskránni.

Varðandi skaðabótakröfu stefnanda verður að telja að stefndi hafi með sölu á vörum sínum hérlendis árið 1985 brotið gegn vörumerkjarétti stefnanda með þeim hætti að varði við 1. mgr. 38. gr. vörumerkjalaga. Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein er stefnda því skylt að bæta stefnanda það tjón hans sem af því hefur hlotist. Stefnandi hefur fært nokkuð gild rök að því m.a. með upplýsingum um söluaukningu sína eftir að lögbannið var lagt á 9. apríl sl. að hann hafi beðið tjón vegna þess að stefndi seldi vörur sínar hérlendis eftir að samvinnu þeirra lauk 31. desember 1984. Tölulegir útreikningar stefnanda eru hins vegar miðaðir við það magn sem stefndi seldi af vörum sínum hérlendis á fyrsta fjórðungi ársins 1985 en ekki við það magn sem stefnandi hefði hugsanlega selt til viðbótar því sem hann seldi af vörum sínum á sama tíma, ef vörur stefnda hefðu ekki verið á markaði hérlendis.

Þótt útreikningar stefnanda þyki ekki að öllu eiga við þann grundvöll sem hann reisir skaðabótakröfu sína á þykir það þó ekki eiga að varða því að hann fái ekki bætur dæmdar. Fjárhæð bóta þykir mega meta eftir atvikum málsins svo og með hliðsjón af 38. gr. vörumerkjalaganna. Samkvæmt þessu þykja bætur sem stefndi greiði stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 200.000,00.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, Guðmundur Árnason forstjóri og Þorgeir Örlygsson, settur dósent.

Dómsorð:

Lögbann það er lagt var á í fógetarétti Reykjavíkur hinn 9. apríl 1985 að kröfu stefnanda, Freyju hf., er staðfest þannig að samkvæmt

því er stefnda, A/S Freia, óheimilt að auðkenna hér á landi sælgætisvörur sínar og skyldar vörur með orðinu Freia og á það einnig við þótt við orðið sé bætt staðarheitum.

Þá er lögbannið og staðfest við því að stefndi noti hér á landi vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT.

Stefndi skal láta afmá vörumerkið nr. 344/1982 FREIA HELNÖTT og vörumerkið nr. 14/1961 P.P. LAKRISPASTILLER FREIA úr vörumerkjaskránni.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.000,00 í skaðabætur með dómvöxtum frá 14. maí 1985 til greiðsludags og kr. 150.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. desember 1987.

Nr. 189/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Ágústi Guðjónssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)

Skilasvik. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði óskuðu ekki áfrýjunar. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi keypti ákærði með kaupsamningi 21. maí 1985 allar eignir fyrirtækisins Vaxtarræktarinnar h.f. Kaupverðið var 1.000.000,00 króna, sem ákærði greiddi með því m.a. að taka að sér fjórar skuldir fyrirtækisins, samtals

að fjárhæð 850.000,00 krónur, sem hann þegar var í ábyrgð fyrir.

Ákærði hefur viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að fyrirtækið skuldaði fleiri aðilum en hann tók að sér að greiða skuldir við samkvæmt kaupsamningnum. Hefur hann borið fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um skuldir við Árvakur h.f. og h.f. Eimskipafélag Íslands en að hann hafi ekki vitað um fleiri skuldir. Ekki hefur verið í ljós leitt, að ákærði hafi vitað um fleiri skuldir. Meðákærðu í héraði báru við yfirheyrslur, að meðákærði Guðni Gunnarsson hefði ætlað sér að greiða þessar skuldir, og ákærði Jón Ágúst lánaði Guðna tækin sem hann hafði keypt, svo að hann gæti rekið fyrirtækið áfram. Vaxtarræktin h.f. var tekin til gjaldþrotaskipta 9. desember 1985 og voru lýstar kröfur í búið samtals 2.358.528,00 krónur, en þar af var langstærsta skuldin krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík, 1.618.347,00 krónur. Í ljós er leitt, að krafa Gjaldheimtunnar er byggð á áætlun opinberra gjalda fyrirtækisins vegna gjaldáranna 1984, 1985 og 1986.

Sem ábyrgðarmaður að ofangreindum fjórum skuldum var ákærði í raun kominn í stöðu lánardrottins gagnvart Vaxtarræktinni h.f. Kaupsamningurinn um eignir félagsins var gerður honum til ávinnings. Samkvæmt 2. mgr. 250. gr. laga nr. 19/1940 verður lánardrottni ekki refsað fyrir hlutdeild í broti samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 250. gr. nema hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tíma, er hann sá að gjaldþrot eða greiðslustöðvun vofði yfir. Ósannað er, að svo hafi verið um ráðstöfun þá, sem ákært er fyrir, og verknaði ákærða er ekki þannig lýst í ákæru. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan kostnað af rekstri þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, 45.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ágúst Guðjónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Hjá rannsóknarlögreglu er eftirfarandi bókað eftir meðákærða í héraði Guðna Gunnarssyni:

„Mætti segir að þó svo að fyrirtækið Vaxtarræktin h/f væri skráð sem hlutafélag hafi hann rekið fyrirtækið sem einkafyrirtæki. Mætti segir að hann sjálfur hafi lagt út allt það hlutafé sem félagið var skráð fyrir. Aðrir komu þar ekki nærri þó svo að á pappírum væru þeir sagðir hluthafar og eigendur. Mætti segir að hann og eiginkona hans hafi verið með prókúruumboð fyrir fyrirtækið." Meðákærði í héraði Þórhallur Kaldalóns Jónsson segir rannsóknarlögreglu, að hann hafi ekki „greitt hlutafé í fyrirtækið þó svo að hann væri skráður hluthafi og kveðst hann hafa þegið laun fyrir vinnu sína hjá fyrirtækinu eins og hver annar launþegi". Síðar staðfestir hann ofanritað fyrir dómi þannig: „Hann kveðst vilja taka það fram að hann hafi einungis verið stjórnarmaður og eigandi fyrirtækisins á pappírunum að nafni til, en í raun hafi hann lítið tekið þátt í starfsemi fyrirtækisins nema í fjarveru Guðna."

Framangreindar yfirlýsingar benda mjög til þess, að skráning hlutafélagsins Vaxtarræktin h/f hafi verið gerð að yfirvarpi fyrir einkastarfsemi Guðna Gunnarssonar. Þegar á stigi lögregluannsóknar bar að kanna til hlítar, hvort hlutafélagið uppfyllti skilyrði hlutafélagalaga og hvernig háttað væri ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins. Framhald málsins hlaut að markast af því er slík rannsókn leiddi í ljós. Því var lögreglurannsóknin ekki nægur grundvöllur til útgáfu ákæru og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að annarri niðurstöðu. Ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls. Eins og málið liggur fyrir nú, tel ég að byggja verði á því, að meðákærði í héraði Guðni Gunnarsson hafi verið einkaeigandi fyrirtækisins. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 6/1978 varð fyrirtækið ekki tekið til gjaldþrotaskipta án þess að bú eigandans væri það einnig. Í málinu eru engin gögn er sýna ógjaldfærni Guðna Gunnarssonar.

Að svo komnu tel ég ekki hafa verið sýnt fram á, að ákærði hafi tekið þátt í að mismuna lánardrottnum fyrirtækisins. Á hann því að vera sýkn af kröfum ákæruvalds.

Allan kostnað af rekstri málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 55.000,00 krónur samtals.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 18. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 124-126/1987: Ákæruvaldið gegn X, Y og Jóni Ágústi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 29. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 12. nóvember 1986 gegn ákærðu X..., Y... og Jóni Ágústi Guðjónssyni, kerfisfræðingi, fæddum í Reykjavík 23. febrúar 1957, Jörfabakka 10, Reykjavík.

„I.

Gegn ákærðu X og Y er málið höfðað fyrir að hafa sem stjórnarmenn og eigendur fyrirtækisins Vaxtarræktin hf. í Reykjavík með kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, þegar ákærðu seldu nefnt fyrirtæki meðákærða Jóni Ágúst Guðjónssyni, mismunað lánardrottnum þess. Ákærðu var þá ljóst að stefndi í gjaldþrot fyrirtækisins en úrskurður til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp í Skiptarétti Reykjavíkur 9. desember 1985.

Samkvæmt kaupsamningnum tók meðákærði Jón Ágúst við öllum eignum fyrirtækisins, samtals að verðmæti kr. 1.000.000,00, en tók einungis að sér að greiða hluta af þeim skuldum sem fyrirtækið var í, eða skuldir til 4 lánardrottna, samtals að fjárhæð kr. 850.000,00. Samkvæmt skrá um lýstar kröfur í þrotabú fyrirtækisins, sem gerð var af skiptaráðanda þann 24. mars 1986, voru aðrar skuldir fyrirtækisins samtals kr. 2.358.528,- til 8 lánardrottna.

II.

Gegn ákærða Jóni Ágúst Guðjónssyni er málið höfðað fyrir að hafa gerst kaupandi að nefndu fyrirtæki eins og hér að framan er lýst, enda þótt ákærða væri fullkunnugt um það að fyrirtækið var í skuld við fleiri lánardrottna en þá sem ákærði tók að sér samkvæmt kaupsamningnum og því vel ljóst að verið var að mismuna lánardrottnum fyrirtækisins.

Verknaðir ákærðu allra teljast varða við 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 22. gr. sömu laga hvað varðar verknað ákærða Jóns Ágústs Guðjónssonar.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 9. desember 1985 var bú Vaxtarræktarinnar hf., Dugguvogi 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt hlutafélagaskrá var ákærði X formaður félagsins, ákærði Y meðstjórnandi ásamt Katrínu Hafsteinsdóttur og varamaður í stjórn Árni Hróbjartsson. Framkvæmdastjóri var ákærði X og hann ásamt ákærða Y og Katrínu höfðu prókúruumboð.

Félagið var stofnað 1983. Tilgangur þess var innflutningur, útgáfustarfsemi og líkamsrækt.

Samkvæmt kröfuskrá í ofangreindu þrotabúi voru mótteknar 9 kröfulýsingar í búið sem skiptaráðandi samþykkti, samtals að fjárhæð kr. 2.358.582,00. Á skiptafundi skiptaréttar Reykjavíkur þann 1. apríl 1986 taldist kröfuskráin endanlega samþykkt.

Við uppskrift á búinu, sem fram fór í skiptarétti Reykjavíkur þann 28. janúar sama ár, var lagður fram kaupsamningur dagsettur þann 21. maí 1985. Með kaupsamningi þessum, sem undirritaður er af hálfu seljanda af ákærðu X og Y f.h. Vaxtarræktarinnar hf. en af hálfu kaupanda af ákærða Jóni Ágúst, skuldbindur seljandi sig til að selja og kaupandi sig til að kaupa eftirgreindar eignir fyrirtækisins:

,,1.	Viðskiptaumboð Weider Sports Equipment	kr.	300.000.00
2.	Viðskiptavild		
3.	Áhöld og búnaður í æfingastöð	"	200.000,00
4.	Vörulager	"	350.000,00
5.	Útistandandi skuldunautar	"	150.000,00
	Kaupverð samkvæmt framantöldu	"	1,000.000,00

Samkvæmt samningnum skal greiða kaupverðið með yfirtöku eftirfarandi skulda fyrirtækisins sem hér segir:

,,Prentsmiðjan Oddi	kr.	400.000,00
Skuldabréf S.Í.S.	"	108.000,00
Skuldabréf Offsetfjölritun	"	62.000,00
Víxill Útvegsbanka Íslands	"	280.000,00
Peningar	"	150.000,00
	Samtals kr.	1.000,000,00

Þá segir ennfremur í samningnum að afhending skuli fara fram frá og með 21. maí 1985 og frá þeim degi hirði kaupandi tekjur og greiði af þeim skatta, rekstrargjöld og aðrar skyldur.

Sama dag og uppskrift fór fram á búinu, svo sem að framan er rakið, var ákærði X yfirheyrður í skiptarétti. Þá var hann yfirheyrður fyrir RLR þann 2. október sl. og fyrir dómi við þingfestingu málsins þann 9. desember sl. Hann kvað félagið hafa verið stofnað í janúar 1983. Upphaflegu stofnendur fyrirtækisins hafi verið þeir sömu og að ofan greinir og hlutaféð verið 250.000 krónur. Var það allt greitt á sínum tíma, en hlutaféð aldrei aukið. Aðrir hluthafar hafi verið að nafninu til. Hann hafi átt allt hlutaféð og því í raun rekið félagið sem einkafyrirtæki. Reksturinn hafi verið samtvinnaður öðrum fyrirtækjum sem hann rak, en t.d. hafi hann flutt inn vörur fyrir tilgreindar verslanir sem síðar urðu gjaldþrota. Strax árið 1983 hafi farið að halla undan fæti með rekstur fyrirtækisins og um áramótin 1983 - 1984 hafi honum verið það ljóst að það var gjaldþrota. Starfsemin hafi upp frá því verið að nafninu til. Við yfirheyrsluna í skiptarétti kannaðist ákærði við þær kröfur sem lýst var í þrotabúið og upplýsti að fyrirtækið væri gersamlega eignalaust. Um áramótin 1983 - 1984 hafi ákærði Jón Ágúst komið inn í fyrirtækið. Framlag hans til fyrirtækisins hafi verið það að hann yfirtók skuld þess við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 1.000.000,00. Þegar kaupsamningurinn var gerður þann 2. maí 1985 hafi í kaupum Jóns Ágústs á fyrirtækinu verið tilgreindar skuldir þær sem Jón Ágúst var persónulega í ábyrgð fyrir. Það hafi verið skuldir við Prentsmiðjuna Odda, SÍS, Offsetfjölritun og Útvegsbanka Íslands, samtals að fjárhæð kr. 850.000,00. Við gerð kaupsamningsins hafi honum verið það ljóst, að fleiri kröfuhafar yrðu í búið, en Jón Ágúst hafi veitt honum mikla fjárhagsaðstoð í peningavandræðum hans og með gerð kaupsamningsins hafi fjármunum Jóns Ágústs verið að einhverju leyti bjargað, sem annars hefðu farið í súginn, með því að veita öðrum aðgang að eignum Vaxtarræktarinnar, tækjum og vörulager og umboði Weider Sports Equipment. Svo sem fram komi í kaupsamningnum hafi áætlað verðmæti áhalda og búnaðar verið 200.000 krónur, en þetta hafi verið 2 ára tæki sem hefðu verið í notkun, og áætlað verðmæti vörulagers 350.000 krónur. Vörulagerinn hafi aðallega verið tæki sem erfitt hefði reynst að selja.

Hann bar að honum hefði ekki verið það ljóst að með kaupsamningnum hefði hann mismunað lánardrottnum sínum, því hann hefði sjálfur ætlað að greiða þær skuldir sem kaupandinn tók ekki að sér að greiða. Áframhaldandi fjárhagsvandræði hafi hins vegar valdið því að hann gat ekki greitt skuldirnar. Það hafi verið vankunnáttu sinni að kenna að hann seldi fyrirtækið með þeim hætti sem varð.

Ákærði Y var yfirheyrður fyrir RLR sama dag og ákærði X. Hann kvaðst hafa verið stjórnarmaður og hluthafi að nafninu til en aldrei átt hlutafé. Í raun hafi hann lítinn þátt tekið í rekstrinum nema í fjarveru X. Hann hafi unnið hjá fyrirtækinu eins og hver annar starfsmaður og þegið

laun sem slíkur. Hann hafi séð um bókhald fyrirtækisins og ýmsa snúninga. Hann kannaðist við kaupsamninginn og nafnritun sína á hann, og efni hans hafi verið með samþykki hans og vitund. Þá hafi hann vitað að fyrirtækið var „komið á hausinn". Hann bar á sama veg og ákærði X um söluna á fyrirtækinu. Honum hafi hins vegar ekki orðið það ljóst fyrr en síðar, þegar málið var komið til skiptaréttar, að þarna hefðu þeir mismunað væntanlegum kröfuhöfum í fyrirtækið. Honum hafi verið það ljóst við söluna að fleiri kæmu til með að gera kröfu í fyrirtækið en Jón Ágúst. Honum hafi verið það ljóst að fyrirtækið hafi verið eignalaust eftir söluna, en hins vegar hafi það verið þekkingarleysi að kenna að hann hafi undirritað kaupsamninginn þrátt fyrir ofangreinda vitneskju sína.

Við þingfestingu málsins fyrir dómi bar ákærði hins vegar að honum hefði ekki verið það ljóst við undirritun kaupsamningsins að fyrirtækið stefndi í gjaldþrot, en honum hefði verið það ljóst að kaupandi yfirtæki aðeins brot af skuldunum. Hins vegar hefði honum ekki verið það ljóst að verið væri að mismuna lánardrottnum, enda hefði X ætlað að yfirtaka þær skuldir. Honum hefði þó verið ljóst að um þessar mundir hefði X verið í miklum fjárhagsörðugleikum. Að öðru leyti var framburður hans í samræmi við skýrslu hans fyrir RLR.

Ákærði Jón Ágúst kom sama dag og meðákærðu fyrir dóm þann 16. desember sl. Hann kannaðist við nafnritun sína á kaupsamninginn svo og að efni hans væri rétt. Þá lýsti hann kaupunum og aðdraganda þeirra á sama veg og meðákærðu. Hann kvaðst hafa yfirtekið skuldir þær sem greindar eru í kaupsamningi, en áður hefði hann gengist í ábyrgð fyrir þeim í greiðaskyni fyrir X. Áður en hann ábyrgðist þær skuldir hefði hann einnig gengist í ábyrgð fyrir 1.000.000 króna skuld fyrir X, sem tengd var öðrum fyrirtækjum hans. Það hefði verið fyrri hluta árs og þeirri skuld væri hann enn að greiða af. Þeir X væru gamlir kunningjar og átti síðargreind skuldaábyrgð m.a. að vera tryggð í rekstri Vaxtarræktarinnar hf., þó svo að skuldin væri ekki tengd því fyrirtæki. Rætt hefði verið um það að hann fengi í staðinn hlutafé í fyrirtækinu, en af því hefði ekki orðið. X hefði ekkert greitt af skuldinni. Frá því í febrúar 1984 (sic) hefði hann séð um að leysa út vörur fyrir fyrirtækið, en hann hefði þó hvorki fyrir eða eftir gerð kaupsamnings þegið laun eða aðrar tekjur hjá því. Þegar kaupin fóru fram hefði honum verið ljóst að fyrirtækið var skuldugt, en honum hefði ekki verið fyllilega ljóst að í gjaldþrot stefndi. Hann hefði vitað að fyrirtækið skuldaði Árvakri og Eimskip, en hann hefði ekki vitað að það skuldaði fleiri aðilum, enda hefði hann ekki kynnt sér bókhaldið fyrir kaupin. Hann hefði talið að hann væri aðallega að kaupa viðskiptaumboð fyrirtækisins Weider Sports Equipment. Eignarliðir kaupsamningsins hefðu aðallega verið settir fram þannig að þeir gengju upp á móti skuldaliðunum,

þ.e. þeim skuldum sem fyrirtækið skuldaði honum, en fjárhæðirnar hefðu verið hærri en raun bar vitni. Endurskoðandi fyrirtækisins hefði ráðlagt þeim að setja upphæðirnar í eignarliðunum þannig fram til að vega upp á móti skuldaliðunum. X hefði ætlað að sjá um aðrar skuldir Vaxtarræktarinnar. X hefði einn verið eigandi fyrirtækisins, þó Y hefði einnig undirritað samninginn sem seljandi.

Sakaferill ákærðu:

Ákærðu X og Jón Ágúst hafa hvorugir sætt kærum eða refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði X hefur frá árinu 1976 tvívegis gengist undir dómsátt, í annað skiptið fyrir tollagabrot, en í hitt skiptið fyrir fíkniefnabrot. Þá var hann dæmdur árið 1982 í 6 mánaða fangelsi og til sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot.

Niðurstöður:

Af framburði ákærðu X og Y og öðru því sem fram er komið í málinu er ljóst að þeim hlaut báðum að vera það ljóst að fyrirtækið Vaxtarræktin hf., sem þeir störfuðu við og voru skráðir hluthafar og prókúruhafar í, átti ekki fyrir skuldum, þá er samningurinn var gerður þann 21. maí 1985, enda var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta tæpum 7 mánuðum síðar. Þrátt fyrir þetta seldu þeir meðákærða Jóni Ágúst allar eigur fyrirtækisins fyrir kr. 1.000.000,00, en skuldir þess að fjárhæð kr. 850.000,00, sem hann hafði gengist í ábyrgð fyrir, gengu upp í kaupverðið. Við gerð kaupsamningsins var skulda annarra lánardrottna að engu getið. Sú viðbára ákærðu að ákærði X hafi ætlað að taka að sér greiðslu skulda við aðra lánardrottna skiptir hér engu, enda var báðum ljóst að hann var í miklum fjárhagsörðugleikum. Með þessari háttsemi hafa ákærðu X og Y báðir brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá þykir ennfremur sannað af framburði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu að ákærði Jón Ágúst keypti fyrirtækið Vaxtarræktina hf. með ofangreindum hætti þrátt fyrir það að annarra skulda lánardrottna væri að engu getið í kaupsamningi og honum væri ljóst að fyrirtækið skuldaði fleiri aðilum. Þrátt fyrir að bókhald fyrirtækisins liggi ekki frammi í málinu er ljóst að ákærði Jón Ágúst vissi að með margnefndum samningi seldi fyrirtækið allar eigur sínar, en ekki aðeins hluta þeirra, svo sem ákærði hefur haldið fram, enda bar honum að kynna sér fjárhagsstöðu fyrirtækisins áður en hann keypti fyrirtækið sem honum hlaut að vera ljóst að stefndi í gjaldþrot. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 22. gr. sömu laga.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða varðhald.

Refsing ákærða Y þykir hæfilega ákveðin 1 mánaðar varðhald.

Refsing ákærða Jóns Ágústs þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald.

Með hliðsjón af því að ákærðu Y og Jón Ágúst hafa ekki áður hlotið refsidóm og sakarferli ákærða X, þykir þó mega ákveða að fullnustu refsingar þeirra allra megi fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Þá er ákærði X dæmdur til að greiða til ríkissjóðs kr. 30.000 í sekt innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Vararefsing er ákveðin 20 dagar.

Ákærði Jón Ágúst er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Othari Erni Petersen hrl., í málsvarnarlaun kr. 15.000,00. Annan sakarkostnað eru ákærðu allir dæmdir til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði X sæti varðhaldi í 5 mánuði.

Ákærði Y sæti varðhaldi í 1 mánuð.

Ákærði Jón Ágúst Guðjónsson sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X greiði kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði Jón Ágúst Guðjónsson greiði skipuðum verjanda sínum, Othari Erni Petersen hrl., kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 17. desember 1987.

Nr. 331/1987. **Lífeyrissjóður sjómanna**
(Sigurður G. Guðjónsson hdl.)
gegn
þrotabúi Hafskips h.f.
(Viðar Már Matthíasson hdl.)

Skipti. Skuldaröð. Lögveðréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s.m. samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst viðurkenningar á því, að hann eigi kröfu utan skuldaraðar á hendur stefnda um greiðslu á dráttarvöxtum á mánuði þannig: 3,75% af 3.653,334,40 krónum frá 1. janúar 1986 til 28. febrúar s.á., 2,75% frá þeim degi til 31. mars s.á., 2,25% frá þeim degi til 30. júní s.á., 2,25% af 621.066,82 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1987, 2,5% frá þeim degi til 31. maí s.á., 2,8% frá þeim degi til 30. júní s.á., 3% frá þeim degi til 31. júlí s.á., 3,4% frá þeim degi til 31. ágúst s.á., 3,5% frá þeim degi til 30. september s.á., 3,6% frá þeim degi til 31. október s.á., 3,8% frá þeim degi til 30. nóvember s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann að viðurkenndur verði með dómi lögveðréttur fyrir umkröfðum iðgjöldum, vöxtum og kostnaði í eftirgreindum skipum þannig: m/s Hofsá 25,57%, m/s Rangá 25,3266%, m/s Selá 23,8249% og í uppboðsandvirði m/s Skaftár 25,0915%. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og Hæstarétti auk 10% söluskatts í ríkissjóð.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I

Fallast ber á úrlausn skiptaráðanda á ágreiningi um efni kröfu áfrýjanda og rétt hans til að hafa hana uppi í málinu.

II

Meginágreiningsefni málsaðila er að öðru leyti það, hvort dráttarvextir, sem féllu á lögveðskröfur áfrýjanda eftir 1. janúar 1986 til 1. júlí s.á. er Hafskip h.f. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, eigi að koma til fullrar greiðslu í skjóli lögveðréttinda án tillits til gjaldþrotaskiptanna, eða hvort þessir vextir teljist svonefndar eftirstæðar kröfur samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Það er meginregla um veðréttindi að veðrétturinn sé ekki aðeins til tryggingar á höfuðstól veðkröfunnar heldur einnig aukagreiðslum, sem henni fylgja, svo sem vöxtum, þar með töldum dráttarvöxtum. Á þetta við þótt veðtrygging vaxtanna sé ekki sérstaklega áskilin í samningi eða lögveðsheimild.

Stefndi reisir mótmæli sín við kröfum áfrýjanda á því, að eftir bretyingar þær sem gerðar voru á lögum nr. 3, 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., með lögum nr. 32/1974 eigi framangreint þó ekki við um vexti af veðtryggðum kröfum, sem á hafi fallið eftir upphaf skipta í skuldafrágöngubúum og gjaldþrotabúum. Vísar hann því til stuðnings til þess að það leiði af 86. gr. skiptalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974, sbr. ennfremur 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að vextir þessir teljist til svonefndra eftirstæðra krafna sem standa skuli að baki öllum öðrum kröfum við skiptin. Segir svo í ákvæði þessu:

„Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82. - 85. gr. skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr. ...“

Enginn ágreiningur er um það að fyrir gildistöku laga nr. 32/1974 hafi framangreind regla um veðrétt fyrir vöxtum af veðtryggðum kröfum einnig tekið til vaxta er á féllu eftir upphaf skipta. Er þá álitaefnið hvort á það verði fallist með stefnda að breyting hafi á þessu orðið við gildistöku laga nr. 32/1974.

III

Með áðurnefndum lögum nr. 32/1974 var meðal annars gerð sú breyting á VIII. kapitula skiptalaga að öllum kröfum tryggðum með veði eða öðrum tryggingaréttindum í búi var skipað í skuldaröð í 83. grein. Koma þær þar á eftir útfararkostnaði, skiptakostnaði og kröfum, sem til er stofnað af búinu sbr. 82. gr., en á undan forgangskröfum samkvæmt 84. grein. Var þetta breyting frá eldri reglum, en um veðkröfur, aðrar en þær er greindi í 84. gr., var ekki fjallað meðal krafna sem lúkast ættu úr búinu sem heild, sbr. 8. kapitula B I, heldur sérstaklega í kafla B II. Segir í athugasemdum við 3. grein frumvarpsins að lögum nr. 32/1974, þ.e. 83. grein skiptalaga, að breyting þessi sé gerð vegna þess að „til yfirlits sé þó gleggst að hafa sem mest af reglunum um skuldaröð saman". Á hinn bóginn er þar í engu að því vikið að við þessa skipan og í tengslum við nýmælið um eftirstæðar kröfur í 86. grein skiptalaga eigi að verða breyting á efnisreglum að því er tekur til veðréttar fyrir vöxtum af veðtryggðum kröfum. Hefði þó verið til þess brýnt tilefni ef sú var ætlunin. Var það því fremur sem á því er vakin sérstök athygli, að með ákvæðinu í sinni nýju mynd séu aukin tryggingarréttindi þeirra sem eigi sjálfsvörsluveð í lausafé eða almennt lögveð.

Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins að lögum nr. 32/1974, nú 86. gr. skiptalaga, er sú grein m.a. gerð fyrir nýmæli þessu, að það sé meginsjónarmið að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta. Þyki ekki ástæða til að vaxtareikningur við það tímamark raski því. Sé þess vegna gerð tillaga í samræmi við það sem sé í Danmörku og Noregi að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Eigi mun það heldur vera svo að dönskum eða norskum rétti að vextir af veðkröfum eftir upphaf skipta teljist til eftirstæðra krafna. Væru greind ummæli í greinargerðinni að því leyti villandi ef til þess hefði verið ætlast að slík regla yrði lögleidd. Bendir þetta til þess að svo hafi ekki verið.

Áður er greint frá upphafsákvæðum 86. gr. skiptalaga. Í 83. gr. segir, að um forgang einstakra rétthafa tryggingarréttinda fari að lögum. Er þar vísað til almennra reglna um vernd eignarréttinda. Þá segir einnig, að selja skuli fjármuni, sem aðrir eigi tryggingarrétt í, greiða síðan rétthöfum af andvirði eignarinnar, en afgangurinn

renni saman við aðrar eignir í búinu. Hliðstæð regla gildir séu kröfur hærri en andvirðið, enda sé þeim lýst. Þar sem með þessum hætti er kveðið á um greiðslur þessara krafna í 83. gr. átti ekki við að geta þeirra sérstakelga í 86. gr. Öðru máli gegndi með vexti af kröfum samkvæmt 82. gr., sem sjaldnast eru veðtryggðar og tíðast orðnar til eftir upphaf skipta. Þegar 1. tl. 86. gr. er þannig skýrður með hliðsjón af 83. gr. þykir hann vera í fullu samræmi við fyrrgreind ummæli úr greinargerðinni.

Þegar framangreint er virt og með hliðsjón af veðreglum og þeirri meginreglu, að réttarstaða veðhafa breytist ekki við gjaldþrotaskipti á búi veðþola, þykir eiga að skýra 1. tl. 86. gr. skiptalaga svo, að hann taki ekki til vaxta af veðtryggðum kröfum, sem á hafa fallið eftir upphafsdag skipta, að því leyti sem þær fást greiddar af andvirði veðsins.

Fyrir Hæstarétti er komið fram að þrotabú Hafskips h.f. hefur selt skipin Hofsá, Rangá og Selá. Verður kröfum um viðurkenningu á lögveðrétti í skipunum því ekki nú beint að þrotabúinu. Eiganda skipanna hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Samkvæmt því verður krafa um viðurkenningu á lögveðrétti í skipum þessum ekki tekin til greina.

Í málflutningi lýsti stefndi yfir því að hann mótmælti ekki, að áfrýjandi ætti rétt á að fá kröfu sína greidda af söluverði framangreindra skipa að því marki sem lögveð teldist hafa stofnast í hverju skipanna fyrir sig. Þykir mega dæma málið í þessu horfi.

Um m/s Skaftá er það komið fram í málflutningi að það skip hafi verið kyrrsett erlendis og selt þar nauðungarsölu. Ómótmælt er að söluverðinu hafi verið úthlutað þar til kröfuhafa án þess að nokkuð fengist greitt inn í þrotabú Hafskips h.f. Um sölu skips þessa og möguleika áfrýjanda til að fá fullnustu á kröfu sinni af því veði liggur ekkert frekara fyrir í málinu. Þykir áfrýjandi eins og hér hagar til og svo sem hann hefur gert mál sitt úr garði, því eigi geta fengið tekna til greina kröfu sína vegna skips þessa nema sem eftirstæða vaxtakröfu samkvæmt 1. tl. 86. greinar skiptalaga, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga.

Samkvæmt framansögðu ber að viðurkenna rétt áfrýjanda til að fá greiddar sem lögveðstryggðar kröfur 159.968,18 krónur vegna m/s Hofsár, 157.295,11 krónur vegna m/s Rangár og 147.968,35 krónur vegna m/s Selár, eða samtals 465.231,64 krónur.

Með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Kröfum áfrýjanda, Lífeyrissjóðs sjómanna, um viðurkenningu á lögveði í m/s Hofsá, m/s Rangá og m/s Selá er vísað frá Hæstarétti.

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda til að fá greiddar úr þrotabúi Hafskips h.f. ofangreindar kröfur samtals 465.231,64 krónur í skuldaröð sem lögveðtryggðar kröfur af söluandvirði m/s Hofsár, m/s Rangár og m/s Selár.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans og teljum að staðfesta eigi hinn áfrýjaða úrskurð með skírskotun til forsendna hans og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við föllumst á afgreiðslu meirihlutans á lögveðskröfum áfrýjanda.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. janúar 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 17. desember 1986.

Sóknaraðili, Lífeyrissjóður sjómanna, nafnnúmer 6088-9104, Laugavegi 114, Reykjavík, krefst þess að viðurkennd verði krafa hans utan skuldaraðar á hendur varnaraðila um greiðslu á 3.75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar til 28. febrúar 1986, 2.75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð fyrir tímabilið frá 1. mars til 31. mars 1986, 2.25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá 1. apríl til 30. júní 1986, en 2.25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 621.066,82 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags. Krefst sóknaraðili þess að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans fyrir umkröfðum vöxtum í flutningaskipum, er tilheyrðu varnaraðila, í þeim hlutföllum að 25.757% teljist njóta veðréttar í m/s

Hofsá, 25.3266% í m/s Rangá, 23.8249% í m/s Selá og 25.0915% í m/s Skaftá. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu verði hafnað, og að staðfest verði að umkrafðir dráttarvextir njóti stöðu eftirstæðrar kröfu við skipti þrotabúsins. Þá krefst varnaraðili ennfremur málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 6. desember 1985, var bú Hafskips hf., nafnnúmer 3504-0528, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmennirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 15. janúar 1986. Með heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Með bréfi, dagsettu 12. maí 1986, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík þann 13. sama mánaðar, lýsti sóknaraðili kröfum í þrotabú Hafskips hf. um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda að fjárhæð kr. 5.512.054,30, auk dráttarvaxta vegna nóvember og desember 1985, að fjárhæð kr. 392.121,00, eða samtals kr. 5.904.175,30. Í bréfi þessu segir ennfremur:

„Kröfunni er lýst í búið sem forgangskröfu, en hún nýtur lögveðréttar samkvæmt 10. gr. laga nr. 49/1974, hvað varðar iðgjöld vegna sjómanna, og er að því leyti forgangskrafa samkvæmt 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ennfremur nýtur hún forgangsréttar samkvæmt 4. tölulið 84. gr. skiptalaga.

Loks er krafist dráttarvaxta frá 1. janúar 1986 til greiðsludags af höfuðstól þeirra krafna, er sjóveð er fyrir, þ.e. af kr. 3.653.334,40 (vegna Hofsár, Rangár, Selár og Skaftár).“

Bústjórar til bráðabirgða í þrotabúi Hafskips hf. lýstu afstöðu sinni til kröfu þessarar með bréfi til sóknaraðila þann 23. maí 1986, en afstaða þessi er þar greind með eftirfarandi hætti:

„Afstaða bústjóra:

Krafan er samþykkt sem forgangskrafa þannig:

Samþykkt að fjárhæð kr. 5.889.792,30.

Athugasemdir:

Samþykkt krafa er í samræmi við bókhald þrotabúsins. Mismunur kr. 14.383,00 er vegna iðgjalds sem var greitt 12.12. 1985.“

Í skrá um lýstar kröfur, sem bústjórar gerðu í samræmi við 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett var þann 11. júní 1986, var afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfu sóknaraðila lýst með sama hætti og fram kom í áður ívitnuðu bréfi. Með bréfi dagsettu 18. júní 1986 mótmælti sóknaraðili afstöðu þessari, og er meginmál bréfsins svohljóðandi:

„Í bréfi Jóhanns Níelssonar, bússtjóra þrotabús Hafskip h/f, til Lífeyrissjóðs sjómanna, dags. 23. maí 1986, er krafa sjóðsins samþykkt sem forgangskrafa nema iðgjöld að fjárhæð kr. 14.383,00, sem eiga að hafa verið greidd 12. desember 1985. Samkvæmt bókhaldi Lífeyrissjóðs sjómanna barst engin greiðsla á lífeyrissjóðsiðgjöldum fyrir starfsmenn Hafskip h/f til sjóðsins frá 23. október 1985 til 24. febrúar 1986. Athugasemd bússtjóra þrotabús Hafskip h/f er því hér með mótmælt."

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var þann 20. júní 1986 til umfjöllunar um lýstar kröfur, voru mótmæli þessi áréttuð af hálfu sóknaraðila.

Í kjölfar nefnds skiptafundar voru sóknaraðila greiddar kr. 5.889.792,00, en eins og áður hefur komið fram er það sú fjárhæð, sem bústjórar til bráðabirgða höfðu þá viðurkennt sem forgangskröfu sóknaraðila í þrotabúið og ágreiningur stóð ekki um. Með bréfi dagsettu 3. júlí 1986 viðurkenndi sóknaraðili móttöku þessarar greiðslu, en í því bréfi segir ennfremur:

„Lífeyrissjóður sjómanna ítrekar hér með kröfu um greiðslu dráttarvaxta frá 1. janúar 1986 til greiðsludags af höfuðstól þeirra krafna, sem sjóveð er fyrir, þ.e. af kr. 3.653.334,40 (vegna Hofsár, Rangár, Selár og Skaftár)."

Samkvæmt 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var á ný fjallað um kröfu sóknaraðila á skiptafundi þann 3. júlí 1986. Kom þar fram að skiptastjórar í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu störfum bústjóra til bráðabirgða, héldu fast við fyrri afstöðu til kröfunnar sem sóknaraðili felldi sig ekki við. Var því ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreining þeirra, og var það þingfest þann 22. ágúst 1986.

Í þinghaldi í máli þessu þann 22. ágúst 1986 var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að hann féllist á að viðurkenna kr. 14.383,00 af kröfum sóknaraðila umfram það sem hann áður hafði samþykkt, þannig að varnaraðili hefur endanlega viðurkennt umkrafinn höfuðstól krafna sóknaraðila með áföllnum dráttarvöxtum til upphafsdags gjaldþrotaskipta. Er óumdeilt í máli þessu að varnaraðili hafi að fullu greitt kröfur sóknaraðila að þessu leyti með kr. 5.904.175,00. Ágreiningsefni þessa máls varðar hins vegar hvort dráttarvextir, sem fallið hafa eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta á þann hluta krafna sóknaraðila sem hann heldur fram að njóti sjóveðréttar í eignum varnaraðila, eigi að koma til greiðslu að fullu, eða hvort vextir þessir verði taldir eftirstæð krafa samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

III.

Hér að framan hefur verið rakið efni bréfa, er fóru milli aðilja þessa máls fyrir þingfestingu þess, og varða ágreiningsefni þeirra.

Í greinargerð sóknaraðila í máli þessu, sem lögð var fram þann 28. október 1986, gerði hann þær kröfur að varnaraðili „greiði honum utan skuldaraðar 3.75% mánaðarlega dráttarvexti af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar 1986 til 28. feb. 1986, 2.75% mánaðarlega dráttarvexti af sömu fjárhæð frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986 og 2.25% mánaðarlega dráttarvexti af sömu fjárhæð frá 1. apríl 1986 til greiðsludags".

Í þinghaldi í máli þessu þann 17. desember 1986 var lögmaður sóknaraðila inntur eftir nánari skýringu á þessari kröfugerð. Kom þá fram af hálfu sóknaraðila að líta beri svo á að í henni felist krafa um að áðurgreindir vextir verði reiknaðir af kr. 3.653.334,40 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. júlí 1986, er nefnd fjárhæð var greidd honum. Sóknaraðili telur þá greiðslu eiga fyrst að ganga upp í áfallna vexti, sem hafi þann 1. júlí 1986 verið að fjárhæð kr. 621.066,82, en afgangur fjárins skoðist sem greiðsla upp í höfuðstól kröfunnar. Eftirstöðvar höfuðstólsins, kr. 621.066,82, eigi síðan að bera umkrafða vexti til greiðsludags. Var kröfugerð sóknaraðila í kjölfar þess umorðuð í það horf sem gerð er grein fyrir í upphafi þessa úrskurðar, en því viðhorfi lýst af hálfu sóknaraðila, að telja yrði þessa framsetningu hennar rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar hans í málinu.

Af hálfu varnaraðila kom það fram að gefnu tilefni að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð, kr. 3.653.334,40, væri ekki mótmælt tölulega, og heldur ekki að sú skuld hafi átt rætur að rekja til lífeyrissjóðsiðgjalda skipverja á fjórum flutningaskipum hins gjaldþrota félags. Var því og lýst yfir af hálfu varnaraðila að samþykkt væri að iðgjöldum þessum væri réttilega skipt á einstök skip með þeim hlutfallstölum sem sóknaraðili hafi byggt á. Hins vegar var því haldið fram af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi með greinargerð sinni og undanfarandi yfirlýsingum ráðstafað sakarefninu með þeim hætti að sú kröfugerð sem hann hefur endanlega haft uppi og áður er rakin fái ekki komist að í máli þessu. Nánar tiltekið taldi varnaraðili að kröfugerð sóknaraðila í greinargerð yrði að skilja á þann veg, að þar væri krafist viðurkenningar á veðréttindum fyrir greiðslu dráttarvaxta af fyrrnefndum höfuðstól fyrir tímabilið frá 1. janúar til greiðsludags sem hafi verið 1. júlí 1986. Samtals væri um 17% dráttarvexti að ræða og fjárhæð þeirra þannig kr. 621.066,92. Að greiddri höfuðstólsfjárhæðinni telur varnaraðili kröfu um síðar áfallandi vexti ekki rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar sóknaraðila, og telur hann kröfugerðina því aðeins taka til umræddrar vaxtafjárhæðar, sem skiptast ætti eftir málsútlistun sóknaraðila sem krafa um viðurkenningu sjóveðréttar fyrir eftirfarandi fjárhæðum varðandi hvert umræddra flutningaskipa:

vegna m/s Hofsár:	kr.	159.968,18
vegna m/s Rangár:	kr.	157.295,11
vegna m/s Selár:	kr.	147.968,35
vegna m/s Skaftár:	kr.	155.834,98
Samtals	kr.	621.066,92

Var því sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðila að sóknaraðili gæti haft uppi kröfur í máli þessu um vexti af þessari fjárhæð frá 1. júlí 1986 að telja.

IV.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að ágreiningur sé ekki með aðiljum um að lífeyrissjóðsiðgjöld, alls að fjárhæð kr. 3.653.334,40, hafi átt rætur að rekja til starfa skipverja á 4 skipum, sem rekin hafi verið af hinu gjaldþrota félagi og voru í eigu þess við upphaf gjaldþrotaskipta. Byggir hann á því að fyrir lífeyrissjóðsiðgjöldum þessum hafi verið lögveðréttur í umræddum skipum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. laga nr. 34/1985 og 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974, og að sá réttur hafi færst yfir á söluandvirði skipanna sem runnið hafi til varnaraðila. Telur sóknaraðili það koma berlega fram í kröfulýsingu hans að krafist hafi verið viðurkenningar á að þessi hluti kröfunnar nyti stöðu veðkröfu samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878, þótt krafa hans um lífeyrissjóðsiðgjöld njóti í heild forgangsréttar samkvæmt 4. tl. 84. gr. sömu laga. Mótmælir sóknaraðili þeirri staðhæfingu varnaraðila að hann hafi glatað rétti til að halda uppi kröfu um viðurkenningu veðréttinda með því að andmælum þess efnis hafi ekki sérstaklega verið hreyft gegn afstöðu bústjóra til kröfunnar á skiptafundi í þrotabúinu þann 20. júní 1986. Telur sóknaraðili það ekki felast í orðalagi afstöðu bústjóra að veðréttindum hafi verið hafnað, þar sem aðeins komi þar fram að krafan sé viðurkennd sem forgangskrafa tiltekinnar fjárhæðar. Ennfremur hafi þess sérstaklega verið krafist í kröfulýsingu að vextir yrðu greiddir af veðtryggðum hluta kröfunnar til greiðsludags hennar. Í afstöðu bústjóra hafi hvergi verið minnst á vaxtakröfu þessa, og því ekkert tilefni verið til að sóknaraðili gerði athugasemdir vegna hennar á fyrrnefndum skiptafundi.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að sú grundvallarregla komi fram í 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra kröfuhafa, sem geta knúið fram nauðungarsölu veðbundinnar eignar þrotamanns án undanfarandi réttargerða. Heldur sóknaraðili því fram að hann njóti heimilda til slíkrar nauðungarsölu skipa vegna ógreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda skipverja samkvæmt 1. gr. laga nr. 49/1951 og e-lið 1. tl. 1. gr.

laga nr. 57/1949. Meðal þeirra réttinda, sem njóti fyrrnefndrar verndar 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978, telur sóknaraðili rétt sinn til áfallandi dráttarvaxta af veðkröfu eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, sem hann geti krafist greiðslu á af andvirði veðsins án tillits til gjaldþrotsins. Gagnstæð niðurstaða yrði brot á þeirri meginreglu gjaldþrotalaga að réttur sértökumanna raskist ekki við gjaldþrot.

Því til frekari stuðnings að krafa um áfallna vexti eftir upphafsdag skipta af veðkröfu fylgi henni í skuldaröð, vísar sóknaraðili til þess að fram að setningu laga nr. 32/1974 hafi gilt regla 87. gr. laga nr. 3/1878, sem tvímælalaust hafi leitt til þeirrar niðurstöðu. Bendir sóknaraðili á að í greinargerð með frumvarpi, er varð að lögum nr. 32/1974 og breytti fyrirmælum laga nr. 3/1878 um skuldaröð, komi berlega fram að megintilgangur þeirrar lagasetningar hafi verið að fækka forgangskröfum. Greinargerðin gefi á engan hátt til kynna að ætlunin hafi verið að breyta reglum um stöðu vaxta af veðkröfum í skuldaröð, heldur hafi nýrri reglu 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878, sem þá var lögleidd, aðeins verið ætlað að taka til vaxta af forgangskröfum samkvæmt 84. gr. og almennum kröfum samkvæmt 85. gr. laganna. Telur sóknaraðili þetta sjást meðal annars á því að í umræddri greinargerð komi fram að regla 1. tl. 86. gr. laganna sé í samræmi við gildandi reglur um sama efni í dönskum og norskum lögum, en sóknaraðili heldur því fram að samkvæmt rétti þeirra landa greiðist vextir af veðkröfum utan skuldaraðar án tillits til gjaldþrots, en ekki sem eftirstæðar kröfur.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að sóknaraðili hafi í upphafi lýst kröfu sinni með valkvæðum hætti, þannig að meta hafi mátt hana hvort heldur sem veðkröfu eða forgangskröfu, hvað varðar lífeyrissjóðsiðgjöld skipverja á þeim skipum sem í máli þessu er fjallað um. Í afstöðu bústjóra til kröfunnar hafi sá kostur verið valinn að viðurkenna kröfuna í heild sem forgangskröfu sem komi berlega fram í tilkynningu bústjóra til sóknaraðila. Þar komi og fram með hverri fjárhæð krafan hafi verið viðurkennd, og hafi yfirlýsing þess efnis verið bindandi af hendi bústjóra, meðal annars um vexti, sem ekki hafi verið viðurkenndir. Telur varnaraðili augljóst af umræddri tilkynningu að krafan hafi verið viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki sem veðkrafa samkvæmt 83. gr. laganna, og hafi því verið sjálfgefið samkvæmt 1. tl. 86. gr. þeirra að áfallnir vextir af kröfunni eftir upphafsdag skipta kæmu ekki til álita á annan hátt en sem eftirstæð krafa. Í bréfi sóknaraðila frá 18. júní 1986 hafi eingöngu komið fram andmæli gegn afstöðu bústjóra um að hafna viðurkenningu á kr. 14.383,00 af höfuðstól kröfunnar, en engin mótmæli hafi hins vegar komið fram þar eða á skiptafundi þann 20. sama mánaðar varðandi afstöðu bústjóra til skipunar kröf-

unnar í skuldaröð eða höfnun þeirra á að vextir fylgi höfuðstól kröfunnar í skuldaröð. Telur varnaraðili þetta athafnaleysi sóknaraðila fela í sér ráðstöfun sakarefnis samkvæmt 108. og 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 4. mgr. 110. gr. og 113. gr. laga nr. 85/1936, og leiða til þess að hann geti ekki á síðara stigi haldið uppi mótmælum á þessum grundvelli. Telur varnaraðili að hafna verði þegar af þessari ástæðu þeim kröfum, sem sóknaraðili hefur uppi í máli þessu.

Verði ekki á framangreint fallist heldur varnaraðili því fram að þeir vextir, sem deilt er um í máli þessu og fallið hafa til eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, verði að teljast til eftirstæðra krafna við búskiptin. Rökstyður varnaraðili þetta á þann veg að í 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 sé mælt svo fyrir að vextir sem fallið hafa á kröfu eftir upphaf skipta standi að baki kröfum samkvæmt 82. - 85. gr. laganna. Frá þessu sé aðeins gerð ein undantekning sem getið er um berum orðum í 1. tl. 86. gr. laganna, en sú undantekning taki til vaxta af kröfum samkvæmt 82. gr. þeirra. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila byggist hins vegar á 83. eða 84. gr. laganna, og telur varnaraðili ótvírætt að áfallnir vextir af slíkum kröfum eftir upphafsdag skipta falli undir meginreglu 1. tl. 86. gr. þeirra. Telur varnaraðili að skýra verði reglu þessa bókstaflega, hún taki eftir orðanna hljóðan til vaxta af öllum kröfum öðrum en samkvæmt 82. gr. laganna. Ef ætlun löggjafans hefði verið önnur hefði það komið berum orðum fram að fyrrnefnd undantekning væri víðtækari. Í greinargerð með því ákvæði frumvarps er varð að 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 hafi verið fjallað um að reglan væri byggð á meginsjónarmiðum um jafnræði lánardrottna eftir upphaf skipta og sagt að ekki hafi þótt ástæða til að vaxtaáfall eftir það tímamark yrði til að raska því jafnræði. Hins vegar hafi sérstaklega verið rökstutt hvers vegna undantekning væri gerð frá reglunni varðandi kröfur, sem falla undir 82. gr. laga nr. 3/1878. Telur varnaraðili þetta taka af tvímæli um að frekari undantekningar eigi ekki að gera frá meginreglu 1. tl. 86. gr. laganna en þar er getið beinlínis.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið mótmælt að ákvæði 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 geti haft þýðingu við úrlausn málsins, eins og sóknaraðili haldi fram. Telur varnaraðili þá reglu aðeins varða heimildir tiltekinna veðhafa til að knýja fram uppboðssölu á eign þrotamanns en ráði engu um rétthæð krafna í skuldaröð. Að auki hefur varnaraðili dregið í efa að fyrrnefnd lagaregla geti varðað kröfu sóknaraðila með því að bein uppboðsheimild fylgi henni ekki, enda ekki getið slíkrar heimildar í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 49/1974 eða siglingalögum nr. 34/1985, og telur varnaraðili að ákvæði laga nr. 49/1951 veiti sóknaraðila heldur ekki slíka heimild.

V.

Eins og fram hefur komið hér að framan stendur ágreiningur með málsaðiljum um það á hvern veg skilja beri orðalag upphaflegrar kröfugerðar sóknaraðila í greinargerð, svo og um það hvort kröfugerð hans í endanlegu horfi komist að við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila, sem lögð var fram í málinu þann 28. október 1986, eru málskröfur fram settar með þeim hætti að hann krefst greiðslu tiltekinna mánaðarlegra dráttarvaxta utan skuldaraðar af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar 1986 til greiðsludags. Eins og þessu orðalagi kröfugerðar er hagað verður hún vart skilin með öðrum hætti en þeim að með henni sé stefnt að því að fá úrlausn um tilkall til áfallandi vaxta af umræddri höfuðstólsfjárhæð frá hinum tiltekna upphafsdegi til þess dags, sem höfuðstóll kröfunnar er greiddur. Fyrir liggur í málinu að sú fjárhæð, sem vaxta er krafist af, umræddar kr. 3.653.334,40, var að fullu greidd sóknaraðila þann 1. júlí 1986. Var því beint tilefni til að sóknaraðili hagaði kröfugerð þegar í greinargerð með öðrum hætti en þeim er raun varð á ef hann ætlaðist til að farið yrði með umrædda greiðslu á þann veg að hluti hennar yrði fyrst látinn ganga til greiðslu áfallinna dráttarvaxta, en afgangur fjárins yrði til lækkunar á höfuðstól kröfunnar. Ljóst er og að sú kröfugerð sem sóknaraðili hafði endanlega uppi í málinu gengur umtalsvert lengra en sá skilningur sem unnt er að leggja í upphaflegt orðalag kröfugerðar. Af þessum sökum og með því að varnaraðili hefur mótmælt því að endanleg kröfugerð sóknaraðila fái komist að í málinu, verður samkvæmt 113., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 að líta svo á að kröfur sóknaraðila taki aðeins til greiðslu hinna tilteknu dráttarvaxta af kr. 3.653.334,40 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. júlí 1986 sem ágreiningslaust er að nemi kr. 621.066,82.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi glatað rétti til að hafa uppi kröfu um greiðslu áfallandi vaxta eftir upphafsdag skipta með því að kröfu þess efnis í kröfulýsingu hafi verið hafnað með afstöðu bústjóra til bráðabirgða til hennar og sóknaraðili hafi ekki mótmælt þeirri afstöðu fyrir eða á skiptafundi, þar sem kröfuskrá kom til umfjöllunar, sbr. 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978.

Í 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 segir að sá sem með bú fer skuli gera skrá um lýstar kröfur og geta þess „við hverja kröfu hvort hann telur að hana skuli viðurkenna". Í 1. tl. 110. gr. laganna segir hins vegar að sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitsgerð þessari, teljist hún endanlega samþykkt. Í ljósi þeirra víðtæku réttaráhrifa sem þessi lagaákvæði veita álitsgerð bústjóra um viðurkenningu lýstrar kröfu, verður að ætlast til að í henni komi fram skýr og afdráttarlaus afstaða til allra atriða sem máli geta skipt varðandi viðkomandi kröfu. Í tilkynningu sem bústjórar sendu sóknaraðila samkvæmt 3. tl. 108. gr. nefndra laga og hefur að

geyma yfirlýsingu þeirra um afstöðu til kröfulýsingar hans segir að krafan sé samþykkt sem forgangskrafa tiltekinnar fjárhæðar. Á vaxtakröfu sóknaraðila er hins vegar ekkert minnst og þess ekki getið berum orðum að kröfu hans um viðurkenningu lögveðréttinda fyrir hluta kröfunnar sé hafnað. Verður því ekki fallist á það með varnaraðila að fram hafi komið álitsgerð um þessa þætti kröfugerðar sóknaraðila af hendi bústjóra sem fullnægir skilyrðum 1. tl. 108. gr. og 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 til að teljast endanlega samþykkt vegna andmælaleysis af hálfu sóknaraðila.

Meginágreiningsefni málsaðilja snýr að því hvort dráttarvextir, sem í máli þessu er fjallað um og féllu á kröfu sóknaraðila eftir töku bús Hafskips hf. til gjaldþrotaskipta, eigi að koma til fullrar greiðslu í skjóli lögveðréttinda án tillits til gjaldþrotaskiptanna, eða hvort þessir vextir teljist svonefnd eftirstæð krafa samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Af hálfu sóknaraðila hefur því verið haldið fram í þessu sambandi að sú meginregla, sem fram kemur í 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978, leiði til þess að veðhafi í eign þrotabús eigi tilkall til fullnustu allrar kröfu sinnar, eftir því sem andvirði veðsins hrekkur til, og að sá réttur nái jafnt til áfallinna vaxta eftir upphafsdag skipta sem annarra þátta veðkröfunnar án tillits til gjaldþrotaskipta. Í nefndu lagaákvæði er að finna reglu sem kveður á um að tiltekin tryggingarréttindi lánardrottna í eignum þrotabús haldist þrátt fyrir gjaldþrotaskiptin. Þar er hins vegar ekki tekin afstaða til réttmæðar þessara tryggingarréttinda gagnvart öðrum kröfum á hendur þrotabúi. Um þau efni er gagngert fjallað í 8. kapítula laga nr. 3/1878, sbr. X. kafla laga nr. 6/1978, og ræðst því niðurstaða þessa ágreiningsefnis af þeim reglum, sem þar er að finna.

Um skuldaröð við gjaldþrotaskipti er, að því leyti sem hér skiptir máli, að finna reglur í 82. - 86. gr. laga nr. 3/1878. Í 82. gr. laganna eru tilteknar kröfur sem ganga á undan öllum öðrum skuldum bús, en þær eru útfararkostnaður, skiptakostnaður og kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum. Samkvæmt 83. gr. laganna koma næstar í skuldaröð kröfur, sem tryggðar eru með tryggingarréttindum í eignum þrotabús, en samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ganga skiptakostnaður og kröfur samkvæmt samningum bús aðeins fyrir veðkröfum að því leyti, sem slík útgjöld varða veðbundnar eignir. Af fyrirmælum þessum leiðir að ákvæði laganna um skuldaröð ráðgera að þótt krafa njóti veðtryggingar í eign bús, verða réttindi eiganda hennar til fullnustu af andvirði eignarinnar að þoka fyrir útfararkostnaði, sem ekki tengist viðkomandi eign, og jafnframt fyrir kostnaði sem eignina varðar. Af þessu er því þegar ljóst að þó svo að regla 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 mæli fyrir um að tiltekin tryggingarréttindi haldist þrátt fyrir gjaldþrot styðjast reglur 8. kapítula laga nr. 3/1878 um skuldaröð við það viðhorf að veðhafar verði eins og aðrir lánardrottnar að þola

lögmælta röskun á réttindum sínum við gjaldþrotaskipti. Í 84. gr. laga nr. 3/1878 er að finna talningu þeirra krafna er næstar koma í skuldaröð og teljast til forgangskrafna, en í 85. gr. laganna eru fyrirmæli um stöðu svokallaðra almennra krafna í skuldaröðinni. Loks eru í 86. gr. laganna taldar þrenns konar kröfur sem fyrst koma til álita að greiddum öllum áðurtöldum kröfum, og eru í 1. tölulið ákvæðisins fyrirmæli um hina rétthæstu þeirra sem skilgreind er með þeim orðum að um sé að ræða „kröfur um vexti sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr".

Ívitnað ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 verður ekki skýrt á annan veg eftir orðanna hljóðan en þann að undir reglu þess falli áfallnir vextir eftir upphaf skipta af öllum þeim kröfum, sem taldar eru í 83., 84. og 85. gr. laganna. Slík skýring 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 leiðir að sönnu til skerðingar á rétti þeirra lánardrottna sem njóta tryggingarréttinda í eignum bús, en eins og áður greinir er ljóst af öðrum ákvæðum 8. kapítula laganna að reglur hans hafna því viðhorfi, að réttarstaða veðhafa skuli í hvívetna vera óhögguð þrátt fyrir gjaldþrotaskipti. Verður því ekki séð að skýring sem þessi stríði gegn grundvallarreglum um stöðu lánardrottna við gjaldþrotaskipti.

Eins og áður hefur komið fram, var umrætt ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 lögfest með breytingum, sem gerðar voru með lögum nr. 32/1974. Fram að setningu þessarar reglu giltu ekki sérreglur um meðferð áfallandi vaxta af kröfum eftir upphaf skipta, og fylgdu slíkir vextir því upphaflegri kröfu í skuldaröð. Um þá breytingu, sem stefnt var að með þessu ákvæði, segir eftirfarandi í greinargerð með frumvarpi til þessara laga:

„Vextir, sem á falla eftir upphaf skipta, geta að sjálfsögðu verið ákveðnir með mismunandi hætti að því er hundraðshluta snertir. Vextir af forgangskröfum eftir skiptaupphaf geta einnig minnkað líkur fyrir því að greiðsla fáist upp í almennar kröfur. Því er meginsjónarmið að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta, og þykir ekki vera ástæða til að vaxtareikningur eftir það tímamark raski þessu. Er þess vegna gerð tillaga í samræmi við það sem er í Danmörku og Noregi, þess efnis að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Í raun leiðir þetta til þess, að slíkir vextir fást sjaldnast greiddir í þrotabúum. Ef til slíks kemur ber að fara eftir reglunum um skuldaröð milli þeirra sem krefjast vaxtanna. Þar sem kröfur stofnaðar með löglegum hætti skv. 82. gr. hafa verulega sérstöðu og það eru hagsmunir búsins að þær geti stofnazt, þykir ekki unnt að láta ákvæðið, sem hér um ræðir, ná til þeirra."

Eins og sést af framansögðu er ekki berum orðum vikið að því í greinargerð hvort ákvæði því er varð að 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 hafi verið ætlað að taka til áfallinna vaxta af veðkröfum eftir upphaf skipta. Þær röksemdir sem þar koma fram geta hins vegar jafnt átt við um veðkröfur

sem forgangskröfur samkvæmt 84. gr. laganna. Meiru skiptir þó að ekki verður séð af ummælum greinargerðarinnar að bein orðskýring ákvæðisins, þess efnis að vextir af veðkröfum falli undir reglu þess, sé víðtækari eða annars efnis en ætlast var til við setningu þess.

Í ljósi þess, sem nú hefur verið greint, þykir verða að skýra ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 á þann veg að vextir sem falla á veðkröfu eftir upphaf gjaldþrotaskipta, lúti reglu ákvæðisins og standi þannig að baki kröfum samkvæmt 82. - 85. gr. laganna í skuldaröð.

Af framangreindum ástæðum verður það niðurstaða þessa máls að þeim dráttarvöxtum, sem deilt er um í máli þessu og féllu til eftir upphaf gjaldþrotaskipta á búi Hafskips hf., verður skipað í skuldaröð sem eftirstæðri kröfu samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878, og telst hún að fjárhæð kr. 621.066,82. Ber af þessum sökum að hafna kröfu sóknaraðila um viðurkenningu lögveðréttinda fyrir kröfu þessari.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að gera sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000,00.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við skipti á þrotabúi Hafskips hf. telst krafa sóknaraðila, Lífeyrissjóðs sjómanna, um áfallna dráttarvexti eftir 6. desember 1985 að fjárhæð kr. 621.066,82, standa í skuldaröð eftir fyrirmælum 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 294/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Garðari Óskari Sverrissyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar, en ákærði vildi una dóminum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í dagbók lögreglunnar í Reykjavík segir, að föstudaginn 26. júlí 1985 hafi verið gerðar hraðamælingar með ratsjá á Skúlagötu við Vitastíg þar sem heimilt sé að aka með 50 km hraða miðað við klukkustund. Á blaði því úr dagbókinni, sem lagt hefur verið fram ljósritað, er getið 18 bifreiða, sem frá kl. 10.26 til kl. 11.08 fóru um götuna á 65-78 km/klst hraða. Meðal þeirra er sögð R 51991, Lada fólksbifreið, gul, er á að hafa farið í austurátt.

Lögreglumenn rituðu skýrslu um málið þar sem bílnúmerið er sagt R 56991 og ákærði sagður ökumaður. Honum var gert sektarboð og sendur gíróseðill, en ekki sinnti hann því. Var þá gerð lögregluskýrsla 17. september 1986. Ákærði undirritaði skýrsluna, sem er á stöðluðu eyðublaði. Í skýrslunni segir m.a.:

„Mætti kveðst kannast við málið hvað sig varðar og viðurkennir brot sitt. Lýsir hann sig reiðubúinn að ljúka málinu með greiðslu sektar að fjárhæð kr. 1.300 eigi síðar en þann 24/10 '86 næstkomandi."

Ákærði greiddi ekki sektina og gekk málið þá til sakadóms Reykjavíkur eftir 8. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 sbr. lög nr. 107/1976. Dómþing var háð 15. apríl sl. Var ákærða boðið að ljúka málinu með því að greiða 2.000,00 króna sekt, en hann hafnaði því. Þá var bókað:

„Kærði kveðst muna eftir að hafa verið stöðvaður af lögreglu 27. júlí 1985 (sic) á Skúlagötu þar sem hann hafi ekið bifreiðinni R-56991, og verið kærður fyrir að hafa ekið með 70 km/klst, þar sem leyfður hraði er 50 km/klst. Kærði kveðst ekki mótmæla kærðum hraða, en hafnar að ljúka máli þessu með dómsátt og sektargreiðslu. Kærða var boðið að ljúka máli þessu með lögreglusektargerð og fékk frest á greiðslu þeirrar sektar en hann sinnti eigi greiðslu fyrir þann tíma, sem honum var gefinn frestur til.

Kærði kveður ástæðuna fyrir því að hann hafni að ljúka málinu með sátt vera þá, að hann viti að þetta sé sá hraði sem ekið er á jafnt af hinum almenna borgara sem lögreglunni sjálfri."

Ákæra var gefin út 1. júní sl. og kom ákærði fyrir sakadóm 25. júní. Hann sagðist ekki mótmæla mældum hraða og kvaðst sjálfur ætla að koma að skriflegri vörn í málinu. Varnarskjalið er dagsett 7. ágúst. Það er á því byggt að ákærði hafi ekið eins og í ákæru greinir, en ítarlega um það fjallað að aksturinn hafi verið með sama hætti og almennt sé, enda hafi yfirvöld með athöfnum sínum og athafnaleysi „ræki lega gert okkur ljóst að okkur er ekki ætlað að taka hinn skráða hámarkshraða mjög alvarlega ..."

Héraðsdómur var birtur ákærða 4. september sl. og kvaðst hann una dómi. Ríkissaksóknari áfrýjaði hins vegar og var ákærða skipaður verjandi. Þegar málið var flutt fyrir Hæstarétti benti verjandinn á að í héraðsdómi er ákærði sagður hafa verið á ferð 9 mínútum fyrr en í lögregludagbókinni og númer bíls hans sagt R 56991 en R 51991 í dagbókinni. Þá véfengdi verjandi að unnt væri að framkvæma radarmælingu með nægilegri nákvæmni, þegar umferð væri jafnmikil og á Skúlagötu, þegar ákærði var stöðvaður, og ennfremur taldi verjandinn, að ákærði hefði ekki viðurkennt mældan hraða.

Þegar gögn þessa máls eru virt verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið austur Skúlagötu í Reykjavík 26. júlí 1985 kl. 10.49 með 70 km hraða miðað við klukkustund. Í 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eins og henni var breytt með lögum nr. 16/1977, segir, að í þéttbýli megi ekki aka hraðar en 50 km á klukkustund. Dómsmálaráðherra er í greininni heimilað að breyta þessu, en það hafði ekki verið gert að því er varðar þá leið, sem ákærði ók í þetta sinn. Í 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga segir eftir breytingu með lögum nr.

54/1976: „Brot gegn lögum þessum ... varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum ...“ Dómstólum ber að framfylgja lagareglum þessum og verður því að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 6.000,00 krónur, en vararefsing 3 daga varðhald. Enginn sakarkostnaður var í héraði svo að ekki eru efni til að fjalla um ákvæði héraðsdóms um kostnað, en dæma verður ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Garðar Óskar Sverrisson, greiði 6.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 3 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1987.

Ár 1987, mánudaginn 10. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 443/1987: Ákæruvaldið gegn Garðari Óskari Sverrissyni sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 1. júní sl. á hendur ákærða, „Garðari Óskari Sverrissyni, Hjarðarhaga 29, Reykjavík, fæddum 17. júní 1959 þar í borg, fyrir að aka föstudaginn 26. júlí 1985 bifreiðinni R-56991 austur Skúlagötu í Reykjavík með 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Vitastíg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 26. júlí 1985 kl. 10:40 ók ákærði bifreiðinni R-56991 með 70 km hraða miðað við klukkustund austur Skúlagötu að Vitastíg, samkvæmt ratsjármælingu lögreglu. Á umræddum vegarkafla er 50 km hámarkshraði.

Samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta, sólskin, yfirborð vegar malbikað og þurrt.

Þann 15. apríl sl. var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, greiðslu 2.000,00 króna sektar til ríkissjóðs, en hann hafnaði því. Viðurkenndi ákærði mældan hraða, en kvaðst vita að þetta væri sá hraði sem ekið væri á, jafnt af hinum almenna borgara sem lögreglunni.

Með framangreindri ratsjármælingu og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann árið 1977 sviptur ökuleyfi í 12 mánuði vegna ölvunaraksturs.

Með hliðsjón af því að ákærði ekur umrædda leið við bestu hugsanlegu aðstæður og ekki er í ljós leitt að nein sérstök hætta hafi skapast við akstur hans þykir mega ákveða að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing í máli þessu, enda ekki loku fyrir það skotið að máli hans hefði mátt ljúka með áminningu fyrir útgáfu ákæru.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærða, Garðari Óskari Sverrissyni, verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 287/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Erlingi Rúnari Steingrímssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar, en fyrir Hæstarétti er af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða verði 20 daga varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Erlingur Rúnar Steingrímsson, sæti varðhaldi 20 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar á meðal málssóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. ágúst 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 12. ágúst er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3515/1986: Ákæruvaldið gegn Erlingi Rúnari Steingrímssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dags. 29. janúar 1987 á hendur Erlingi Rúnari Steingrímssyni, Stekkjarhvammi 29, Hafnarfirði, fæddum 28. október 1949 í Reykjavík, fyrir að aka, miðvikudaginn 29. október, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-3862 frá Bólstaðarhlíð í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Háaleitisbraut við Borgarspítalann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Lögreglunni í Reykjavík barst 29. október 1986 kl. 16:40 tilkynning um að ökumaður á bifreiðinni G-3862 væri sviptur ökuréttindum. Lögreglumenn veittu bifreiðinni athygli þar sem henni var ekið austur Bústaðaveg, síðan suður Háaleitisbraut, þar sem hún var stöðvuð á móts við Borgarspítalann. Þá veittu lögreglumenn því athygli að ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, Erlingur Rúnar Steingrímsson, fór út úr bifreiðinni og settist farþegamegin, en farþeginn, sem var kvenmaður, settist undir stýri. Lögreglan handtók ákærða, sem viðurkenndi strax að hafa ekið bifreiðinni, þrátt fyrir það að hann væri sviptur ökuréttindum. Fluttu lögreglumenn ákærða á aðalstöð lögreglunnar, þar fyrir rannsóknarlögreglumann sem tók af honum skýrslu. Farþegi í bifreiðinni G-3862 reyndist vera Vilborg Sigurjónsdóttir, til heimilis á sama stað og ákærði. Hún framvísaði ökuskírteini og fékk hún umráð bifreiðar þeirrar er hann ók.

Ákærði játaði brot sitt fyrir lögreglu. Hann kvaðst hafa verið að koma úr húsi í Hlíðunum, nánar tiltekið Bólstaðarhlíð 6. Hann kvaðst hafa ekið um Bólstaðarhlíð, Lönguhlíð, Litluhlíð og Skógarhlíð og út á Kringlumýrarbraut, þar sem hann var stöðvaður af lögreglu. Ákærði játaði að vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá því um miðjan september 1984.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1965 11/12 í Reykjavík. Sátt: 200,00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 5/1 í Reykjavík. Sátt: 3.500,00 kr. sekt fyrir brot á 24. gr. áfengislaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 5.1. 1968.

1968 24/1 í Reykjavík. Sátt: 300,00 kr. sekt fyrir brot á 50 gr. umferðarlaga.

1974 29/4 í Hafnarfirði. Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 29.4. 1974.

1979 28/2 í Hafnarfirði. Sátt: 25.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1980 1/9 í Hafnarfirði. Sátt: 60.000,00 kr. sekt f. brot g. 6. gr., 25. gr. umfl.

1980 30/12 í Hafnarfirði. Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 1. og 2. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

1982 20/1 í Hafnarfirði. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 15/12 1981.

1983 15/8 í Hafnarfirði. Sátt: 280,00 kr. sekt f. brot g. 18. gr. umfl.

1983 30/9 í Hafnarfirði. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 15/8 1983.

1983 7/2 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

1984 25/9 í Reykjavík. Dómur: 30 daga varðhald f. brot g. 25. gr. og 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 25/9 1984.

1986 3/1 í Hafnarfirði. Sátt: 12.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum telst fullsannað að ákærði hafi framið það brot sem honum er að sök gefið í ákæruskjali og hefur hann staðfest skýrslu sína fyrir lögreglu hér fyrir dómi í dag.

Brot ákærða telst rétt fært undir 1. mgr. 27. gr. umferðarlaganna nr. 40, 1968, sbr. 80. gr. þeirra laga og sbr. lög nr. 54, 1976.

Þegar litið er til sakaferils ákærða sem fram kemur hér að ofan, sérstaklega brot hans gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaganna á síðast liðnum 5 árum, þykir refsing hans sem ákveðst skv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, vera hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Erlingur Rúnar Steingrímsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 353/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m. er barst sama dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1987.

Ár 1987, mánudaginn 14. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni, fæddum 17.05. 1961 verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember n.k. kl. 17:00.

Kærði hefur ekki gert athugasemdir við kröfu RLR.

Málavextir eru þeir að sl. sunnudagsmorgun var óskað lögregluaðstoðar að X. Er lögreglan kom á vettvang hafði íbúi yfirbugað kærða og mæðgur sem búa í íbúðinni báru það á kærða að hann hefði leitað kynferðislega á dótturina sem er 10 ára gömul. Kvað stúlkan kærða hafa sleikt hana á öxl, kysst hana og reynt að þukla afturenda hennar.

Kærði hefur neitað sakargiftum. Kveðst hann hafa farið inn í íbúðina, sem var opin að hans sögn, og hafi komið til átaka milli hans og mæðgnanna. Kveðst kærði hafa gefið annarri hvorri utan undir. Samkvæmt gögnum málsins hlaut barnið skurð á vinstri augabrún.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og verulegt misræmi er í frásögn kærða og mæðgnanna, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember n.k. kl. 17:00, enda er kærði grunaður um brot er getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember 1987 kl. 17:00.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 345/1987. **Hörður Rist Ólafsson**
gegn
heilbrigðisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Ólafi Helga Grímssyni og
Sigmundi Sigfússyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember 1987, er barst 3. þ.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp og halda því áfram þar sem frá var horfið. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Fallast ber á, að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óskýr að stað-

festa beri hinn kærða frávísunardóm. Þá er það að athuga, að sóknaraðili hefur eigi notfært sér tiltæk réttarfarsúrræði til að fá úr því skorið, hvort hann á rétt á að fá þær sjúkraskýrslur sem hann hefur leitað eftir.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1987.

1.0

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu föstudaginn 20. nóvember sl., hefur Hörður Rist Ólafsson, nnr. 4476-7856, hæstaréttarlögmaður, Njálsgötu 87, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu þingfestri 4. júní 1987 á hendur Ólafi Helga Grímssyni, nnr. 6756-5916, lækni, Hörgslundi 6, Garðabæ, Sigmundi Sigfússyni, nnr. 7576-1384, lækni, Flögusíðu 3, Akureyri, Ragnhildi Helgadóttur heilbrigðisráðherra, nnr. 7237-5416, Stigahlíð 73, Reykjavík, f.h. ríkisspítalanna og Þorsteini Pálssyni, nnr. 9753-5388, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 45.000.000,00 með dómvöxtum frá 29. apríl 1986 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og þeim verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til þrautavara krefjast stefndu, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

2.0

Stefnandi, sem samkvæmt gögnum málsins virðist hafa verið til meðferðar á geðdeild Landspítalans um nokkurn tíma á árunum 1983 og 1984, lýsir málsatvikum svo, að hann hafi aldrei verið áfengissjúklingur. Hann hafi stundað íþróttir og alla tíð verið við góða heilsu, þar til hann hafi orðið á vegi læknanna Ólafs Helga Grímssonar og Sigmundar Sigfússonar og þeir tekið að beita hann sinni læknisk únst. Meðferð þeirra hafi leitt til þess, að stefnandi hafi orðið ósjálfbjarga og reynt að fremja sjálfsmorð

7. júlí 1983. Stefnandi hafi enn verið ósjálfbjarga fyrir jólin 1983, þegar hann hafi verið útskrifaður. Hins vegar hafi honum verið fenginn plástur, vottorð um að nú væri hann orðinn meira en 75% öryrki, sem jafnframt hafi verið ávísun á kr. 15.000,00 á mánuði úr opinberum sjóði.

Stefnandi segir störf lögmanns vera trúnaðarstörf. Geðveikum lögmönnum séu ekki falin slík störf. Reynsla stefnanda sé sú, að lögmanni, sem hafi verið á geðdeild, sé heldur ekki falin slík störf, þótt heilbrigður sé. Að öðru leyti taki ýmsir ekki það mark á honum, sem þeir áður gerðu.

Stefnandi segir stefnukröfuna vera bætur, fjártjón og annað tjón. Hann reisir kröfu sína um bætur fyrir fjártjón á hendur hinum stefndu á sakarreglu skaðabótaréttarins, en kröfu um bætur fyrir annað tjón á meginreglu 264. gr. almennra hegningarlaga. Hann segir stefnukröfuna vera um það bil 1/15 hluta af dómkröfum ekkju geimfarans, sem fórst á Challenger. Hins vegar muni hann leggja fram útreikninga, actuarii, dómara til leiðbeiningar og viðmiðunar.

Stefnandi upplýsir, að mál þetta hafi upphaflega verið þingfest 5. júní 1986, en það hafi fallið niður vegna útivistar hans.

3.0

Í greinargerð stefndu segir, að mál þetta sé nú borið undir dómstóla í annað sinn. Í hið fyrra skiptið hafi af hálfu stefndu verið krafist frávísunar vegna vanreifunar. Ekki verði hjá því komist að hafa þá kröfu uppi aftur. Ekki hafi verið bætt úr réttarfarslegum annmörkum hins fyrri málatilbúnaðar nema að óverulegu leyti. Allar þær ástæður, sem áður hafi leitt til frávísunar, geri það enn.

Aðalkrafa stefndu um frávísun sé reist á því, að mál þetta sé algjörlega vanreifað af hálfu stefnanda. Málsútlistan hans sé enn með þeim hætti, að með öllu sé óljóst, á hvaða málsástæðum sé byggt. Fjallað sé um málavexti undir kaflaheitinu „málsatvik". Sú umfjöllun öll feli í sér afar óljósa lýsingu málavaxta. Verði trauðla séð af henni, á hvaða málsástæðum sé byggt.

Niðurlag kaflans „Skjöl við þingfestingu" beri með sér, að stefnandi ætli stefndu að hafa hönd í bagga við málatilbúnað sinn. Ennfremur leggi hann ekki fram nein gögn sem raunverulegt gagn sé að, til að styðja sjónarmið sín. Megi t.d. nefna, að sjúkradagbók hans vanti, en ætla verði að hann hafi sjálfur greiða leið til að komast yfir hana og leggja fram í málinu. Á hinn bóginn séu flest þau gögn, sem stefnandi hafi lagt fram, málinu í raun óviðkomandi.

Þá sé afar takmörkuð grein gerð fyrir því, hvaða afleiðingar stefnandi telji læknismeðferð þá, sem hann hlaut á Landspítalanum, hafi haft fyrir hann. Ekki sé heldur nein grein gerð fyrir heilsufari hans, áður en læknis-

meðferðin hófst. Loks sé heldur ekkert upplýst um, hvaða lyf honum hafi verið gefin eða hvers vegna þau hafi ekki átt við með hliðsjón af heilsufarsástandi hans.

Stefnandi geri kröfu um bætur sér til handa að fjárhæð 45 milljónir króna. Hann telji sig hafa beðið bæði fjártjón og miska af völdum stefndu. Samhengið milli málsreifunar annars vegar og stefnukrafna hins vegar sé ekki finnanlegt í umfjöllun stefnanda. Eina tilraun stefnanda til að varpa ljósi á fjárhæð stefnukröfunnar sé að finna í kaflanum „lagarök". Sé þar vitnað til atvika, viðmiðana og hugsanlegra réttarreglna, sem falli langt utan marka íslensks réttar. Þótt ekki kæmi annað til en þetta eitt, sýnist frávísun málsins augljós.

Þá vanti alla sundurliðun á kröfu vegna fjárhagslegs tjóns annars vegar og miskabóta hins vegar, sem hljóti að leiða til þess, að efnisdómur verði ekki felldur á þessa þætti málsins.

Allur framangreindur málatilbúnaður sé með þeim hætti að hann feli í sér brýnt brot á fyrirmælum réttarfarslaga þess efnis, að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Af þeirri ástæðu, sbr. einnig það sem hér hafi verið sagt um vanreifun málsins af hálfu stefnanda, beri að vísa málinu frá dómi.

4.0

Rétt þykir eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera örstutta grein fyrir meginrökum stefndu varðandi efnishlið málsins.

Verði málinu ekki vísað frá, krefjast stefndu sýknu. Stefndu telja, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem rekja megi til bótaskyldra athafna annarra.

Stefndu telja, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að nein þau tengsl utanaðkomandi aðila við málsatvik séu fyrir hendi, sem bótaskyldu geti varðað, þótt fallist væri á, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni.

Undir engum kringumstæðum sé hægt að sýna fram á orsakatengsl á milli þeirrar læknismeðferðar, sem stefnandi hlaut á Landspítalanum og þess tjóns, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, sé fallist á að stefnandi hafi orðið fyrir skaða. Hafi ekki komið fram nein þau gögn frá stefnanda, sem varpað geti ljósi á þætti í læknismeðferðinni, er hugsanlega hafi getað bakað stefnanda tjón.

Krafa stefnanda um miskabætur eigi sér enga stoð, enda hafi hann ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni, er uppfylli skilyrði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þrautavarakrafa stefndu er byggð á þeim forsendum, að stefnukrafan sé órökstudd og allt of há. Um skort á rökstuðningi hjá stefnanda vísa stefndu til þess, sem að framan greinir.

5.0

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni sé hrundið og málið tekið til efnislegrar umfjöllunar. Hann krefst þess að sér sé tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu.

Hann mótmælir eindregið málsástæðum lögmanns stefndu. Málavexti og málsatvik telur hann koma skýrt fram í málsskjölum. Hann telur málsatvik ljós og tjón sitt augljóst. Ennfremur telur hann málsástæður sínar skýrar og skilmerkilegar. Erfitt hafi verið að afla vissra gagna, svo sem sjúkradagbókar, sem hann hafi gert ítarlegar tilraunir til að fá í hendur. Hann telur það vera skyldu stefndu að aðstoða sig við öflun þeirra gagna.

Stefnandi telur kröfur sínar sanngjarnar og mótmælir því alfarið, að kröfur sínar séu ekki dómtækar, enda muni hann síðar gera grein fyrir fjártjóni og miska og leggja fram útreikninga í því sambandi.

Hann telur málatilbúnað sinn skýran og glöggan og frávísunarkröfuna því vera út í hött.

6.0 Forsendur og niðurstaða.

Fallast verður á það með stefndu, að málavaxtalýsing stefnanda sé óljós. Ekki liggur ljóst fyrir á hvaða grundvelli stefnandi byggir kröfur sínar í málinu. Framsetning málatilbúnaðar í stefnu og greinargerð er stuttaraleg og sundurlaus og innihald rýrt. Orsakir sjúkleika stefnanda og afleiðingar hans eru lítt skilgreindar og erfitt er að sjá hvað hafi í raun valdið sjúkleika hans. Lítil grein er gerð fyrir því, hvaða afleiðingar stefnandi telur læknismeðferð þá, er hann hlaut, hafi haft fyrir hann og ekki er heldur gerð nægileg grein fyrir heilsufari hans áður en læknismeðferð hófst, né hvaða lyf honum hafi verið gefin og hvers vegna þau hafi ekki átt við. Orsakatengsl eru flest óljós og orsakavaldur óupplýstur. Erfitt er að sjá af málsskjölum, á hvaða málsástæðum er byggt og hverjar kunna að vera fyrir hendi.

Kröfufjárhæð er órökstudd og engar vísbendingar eru gefnar um stærð eða umfang tjónsins að öðru leyti. Kröfufjárhæð er ekki sundurliðuð, t.d. í fjártjón og miska og er því ekki kleift að leggja efnisdóm á þá þætti málsins. Lítið samhengi er milli málsreifunar annars vegar og kröfufjárhæðar hins vegar. Þá er og að finna viðmiðun við óskylt atvik erlendis, sem ekki getur átt við.

Það er grundvallarregla réttarfarslaga, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936, að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Telja verður samkvæmt framansögðu, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málatilbúnaður sé að öðru leyti ekki nægilega skýr og glöggur til að dómur verði lagður á efni máls þessa. Þykir því óhjákvæmilegt, með vísan til 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, að vísa þessu máli frá dómi.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 125/1987. **Kristveig Ósk Jónsdóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum g.t. og
Jónatan Jónatanssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótaskylda. Vátrygging. Sakarefni skipt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri in solidum að bæta áfrýjanda allt tjón og miska, er hann varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

I.

Þegar árekstur sá varð, sem málið er risið af, var bifreiðin G-16969 á röngum vegarhelmingi vegna þess að ökumaðurinn, stefndi Jónatan, hafði misst vald á henni. Ekki þykir komið fram, að þetta hafi stafað af öðru en því að bifreiðinni hafi ekki verið ekið svo varlega sem aðstæður kröfðust. Athugast í því sambandi að í skýrslu bifreiðaeftirlitsmanns, sem skoðaði flak bifreiðarinnar, er þess ekki getið að hjólbarði á bifreiðinni hafi verið sprunginn og ummæli áfrýjanda um þetta í lögregluskýrslu virðast styðjast við frásögn Jónatans. Á stefndi Jónatan samkvæmt þessu sök á slysinu og er fébótaskyldur gagnvart áfrýjanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þykja ekki efni til að fella niður þá fébótaábyrgð hans vegna vanbúnaðar bifreiðarinnar, svo sem stefndu krefjast, eins og gögnum er háttað um það atriði og um skipti aðilja.

II.

Áfrýjandi og stefndi Jónatan voru sameigendur að bifreiðinni G-16969. Verður eftir málflutningi að miða við að þau hafi átt bifreiðina að jöfnu og að þau hafi sem eigendur hennar keypt hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. í þessum hlutföllum hina lögboðnu ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaga. Skilmálar um vátrygginguna hafa ekki verið lagðir fram í málinu. Er því ekki haldið fram að í þeim séu ákvæði sem sérstaklega skipti máli við úrlausn þessa máls.

Þar sem stefndi Jónatan bar samkvæmt framansögðu fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda og hafði ennfremur keypt ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. að tiltölu við eignarhlutdeild sína í bifreiðinni, svo sem sagt var, þykir þessum stefnda sem vátryggjanda vera skylt að því marki að bæta áfrýjanda tjón hennar ásamt stefnda Jónatan, sbr. 74. gr. 2. mgr. umferðarlaga. Þykir mega taka kröfur áfrýjanda á hendur Samvinnutryggingum g.t. til greina í þessu horfi þótt áfrýjandi hafi ekki gert um það sérstaka varakröfu, þar sem þetta mátti þó ráða af málflutningi hans.

III.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda Jónatan og stefndu Samvinnutryggingum g.t. dæmt skylt að bæta áfrýjanda tjón

hennar óskipt að hálfu en stefnda Jónatan einum að bæta henni hinn helming tjónsins.

Rétt er að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Jónatan Jónatansson og Samvinnutryggingar g.t., eru fébótaskyldir óskipt að hálfu en stefndi Jónatan einn að hálfu gagnvart áfrýjanda, Kristveigu Ósk Jónsdóttur, vegna fjártjóns hennar og miska af meiðslum er hún hlaut við bifreiðaárekstur þann sem í málinu greinir hinn 26. desember 1983.

Stefndu greiði áfrýjanda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Hrafns Bragasonar.

Áfrýjandi og stefndi Jónatan voru sameigendur að bifreiðinni G-16969.

Stefndi Jónatan hefir borið, að engin hálka hafi verið, er þau lögðu af stað frá Keflavík til Hafnarfjarðar, en eftir að bíllinn var nýkominn úr Hvassahrauni hafi hálka verið komin á brautina. Áfrýjandi bar að nokkur hálka hafi verið á Reykjanesbrautinni.

Hafsteinn Gunnar Karlsson er ók bifreið norður Reykjanesbrautina á sama tíma og varð vitni að slysinu, hefir borið, að fljúgandi hálka hafi verið á slysstað.

Stefndi Jónatan kveðst, í umrætt sinn, hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Áfrýjandi taldi hraða bifreiðarinnar hafa verið 50 - 60 km. Vitnið, Hafsteinn Gunnar Karlsson, er ók á undan stefnda Jónatan fyrir slysið, kveðst hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund.

Er slysið vildi til var myrkur, hálka, ísing og rok. Telja verður það gálaust af stefnda Jónatan, eins og aðstæðum var háttað, að hætta á framúrakstur. Við framúraksturinn missti Jónatan stjórn á bifreiðinni þannig, að hún tók að rása til á veginum, þar til hún

lenti á öfugum vegarhelmingi og olli þeim árekstrum, sem lýst er í héraðsdómi. Verður því að telja að stefndi Jónatan hafi átt sök á slysinu með ökulagi sínu, enda er ósannað, að slysið verði rakið til þess að sprungið hafi á bifreiðinni. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga ber stefndi Jónatan fébótaábyrgð á slysi þessu eftir almennum skaðabótareglum. Bifreiðina G-16969 höfðu áfrýjandi og stefndi Jónatan vátryggt sameiginlega hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t og voru því bæði vátryggð. Samkvæmt 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga skal með vátryggingu þessari tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt umferðarlögunum eða almennum skaðabótareglum. Stefndi Jónatan var hér vátryggður vegna þess tjóns er hann olli öðrum, þar á meðal sameiganda sínum, sem var farþegi í bifreiðinni. Ber því samkvæmt framansögðu, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að taka dómkröfur áfrýjanda til greina og viðurkenna, að stefndu beri in solidum að bæta áfrýjanda allt tjón og miska, er hún varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 64.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1987.

Mál þetta var höfðað með þingfestingu þess 29. janúar 1987.

Stefnandi er Kristveig Ósk Jónsdóttir, nnr. 5972-3405, Víðivangi 1, Hafnarfirði.

Stefndu eru Samvinnutryggingar g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík og Jónatan Jónatansson, nnr. 5280-9428, Víðivangi 1, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000,00 með 25% ársvöxtum frá 26. desember 1983 til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Í dómsorði verði kveðið á um að áfallnir vextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í fyrsta sinn 1. janúar 1985 og síðan á 12 mánaða fresti 1. janúar ár hvert.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeim verði dæmd sýkna af dómkröfum stefnanda og málskostnaður úr hennar hendi að mati dómara.

Kröfur stefnanda um að stefndu greiði henni skaða- og miskabætur byggjast á því að hún var farþegi í bifreiðinni G-16969 er bifreiðin undir stjórn stefnda Jónatans lenti í árekstri og síðan utan vegar 26. desember 1983. Bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir örorkutjóni og miska sem stefndu beri að bæta.

Í þinghaldi í máli þessu 27. febrúar sl. ákvað dómarinn að ósk lögmanna aðila og á grundvelli 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 að málið skyldi fyrst flutt um skaðabótaskyldu stefndu, en annað sakarefni biði niðurstöðu í þessum þætti málsins.

Málflutningur um skaðabótaskyldu stefndu fór fram 12. mars sl. og var málið dómtekið um það sakarefni að málflutningnum loknum.

Í þessum þætti málsins gerði stefnandi þá dómkröfu að viðurkennt yrði með dómi að stefndu bæri in solidum að bæta stefnanda allt tjón hennar og miska er hún hefði orðið fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Stefnandi gerði ekki kröfu um að málskostnaður yrði dæmdur henni í þessum þætti málsins en áskildi sér að gera þá kröfu síðar.

Stefndu gerðu þá kröfu að þeir yrðu sýknaðir af kröfum stefnanda og hún yrði dæmd til að greiða þeim málskostnað.

I.

Málavextir.

Nánari atvik framangreinds umferðarslyss eru þau sem hér á eftir verða rakin.

Stefnandi og stefndi Jónatan búa í óvígðri sambúð og eru sameigendur bifreiðarinnar G-16969 að jöfnu. Bifreiðin er fólksbifreið af gerðinni Honda.

Að kvöldi 26. desember 1983 voru þau á leiðinni frá Keflavík til Hafnarfjarðar á bifreið sinni. Á þjóðveginum á móts við jörðina Lónakot lenti bifreiðin í árekstri við tvær bifreiðar sem komu úr gagnstæðri átt og síðan út af veginum sjávarmegin.

Stefndi Jónatan skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu að talsvert rok hefði verið en engin hálka á veginum þegar þau lögðu af stað úr Keflavík. Jónatan kvaðst hafa ekið á 60 km hraða miðað við klukkustund. Skammt norðan Hvassahrauns hafi hálka verið á veginum og þegar þau voru stödd rétt sunnan Lónakots hafi hann tekið eftir því að bifreiðin hallaðist að framan. Þá hafi hann haft á orði við sambýliskonu sína hvort sprungið gæti verið á framhjólbarða. Bifreiðin hafi tekið að rása og hann þá sleppt bensíngjöfinni og stigið á hemla, en

sennilega aðeins of fast því að bifreiðin hafi byrjað að renna til á milli akreina. Þá hafi hann séð bifreiðina Ö-4345 koma á móti sér og hafi henni verið ekið vel út í vegkantinn vinstra megin miðað við aksturssstefnu sína. Jónatan sagði bifreið sína hafa lent á bifreiðinni Ö-4345, en eftir það muni hann lítið eftir sér fyrr en á slysadeild Borgarspítalans.

Áður en bifreiðin G-16969 hafnaði utan vegar lenti hún einnig í árekstri við bifreiðina R-45896.

Slys þetta var tilkynnt lögreglunni í Hafnarfirði kl. 22:08. Lögreglumenn þaðan fóru á vettvang og lýsa aðstæðum þannig að myrkt hafi verið og skýjað, ísing og hálka hafi verið á steyptum veginum. Bifreiðin Ö-4345 hafi verið syðst bifreiðanna þriggja og staðið utan vegar austan megin. Bifreiðin R-45896 hafi verið á miðjum veginum nokkru norðar. Bifreiðin G-16969 hafi verið nyrst utan vegar, vestan megin eins og fyrr segir.

Í skýrslu sem tekin var af ökumanni bifreiðarinnar Ö-4345, Ólafi Þorkeli Pálssyni, á vettvangi kemur fram að hann telur bifreiðina G-16969 hafa komið á móti sér á talsverðri ferð. Hún hafi dansað til á veginum á milli kanta hans. Ólafur Þorkell kvaðst hafa dregið úr ferð og ekið vel út á malarkantinn á hægri vegarbrún. Það hafi ekki dugað til, bifreiðin G-16969 hafi komið á vinstri hlið bifreiðar sinnar sem við það hafi snúist og farið aftur á bak út af veginum austan megin.

Í skýrslu sem tekin var af ökumanni bifreiðarinnar R-45896, Halldóri Halldórssyni, á vettvangi kemur fram að hann hafi ekið suður Reykjanesbraut næst á eftir bifreiðinni Ö-4345 og hafi verið um 15 - 20 metrar á milli bifreiðanna. Halldór kvaðst hafa séð bifreiðina G-16969 lenda á bifreiðinni Ö-4345 og þá hafi þær bifreiðar verið frekar utarlega á hægri vegarhelmingi miðað við aksturstefnu sína. Síðan hafi bifreiðin G-16969 komið á mikilli ferð og lent framan á bifreið sinni með miklu höggi og síðan kastast út af veginum.

Í skýrslu sem Halldór gaf fyrir rannsóknarlögregunni í Hafnarfirði daginn eftir slysið kvaðst hann ekki hafa orðið var við neina hálku á veginum.

Hafsteinn Gunnar Karlsson, Hólabraut 15, Hafnarfirði varð vitni að umferðarslysi þessu og gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu 3. jan. 1984. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Keflavík og ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Fram úr sér hafi verið ekið bifreiðinni G-16969 og hafi ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni við það. Bifreiðin hafi fyrst farið út í hægri vegarkantinn og síðan runnið inn að miðju vegarins. Þá hafi sér virst að ökumaðurinn væri að ná valdi á bifreiðinni. Beygja hafi komið til hægri á veginum en bifreiðin hafi haldið áfram yfir á vinstri akreinina. Þá hafi árekstrarnir orðið sem lýst er hér að framan.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu 30. desember 1983.

Hún kvað nokkra hálku hafa verið. Þegar þau voru stödd rétt sunnan við Lónakot hafi Jónatan spurt sig að því hvort sprungið gæti verið á framdekki og taldi hún að svo hefði verið. Stuttu áður hefði sprungið á vinstra framdekki og þau hafi orðið að setja sumardekk undir. Stefnandi taldi að það dekk hefði sprungið. Stefnandi kvað Jónatan hafa stigið á hemlana og þá hefði bifreiðin byrjað að rása á milli akreina. Síðan hafi bifreiðin lent á bifreiðinni Ö-4345 og við það hafi hún rotast. Stefnandi taldi að ökuhraði bifreiðarinnar G-16969 hefði verið 50 - 60 km miðað við klukkustund.

Engilbert Valdimarsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina G-16969 á vettvangi sama dag og slysið varð. Hann segir í skýrslu sinni að bifreiðin hafi ekki verið í ökuhæfu ástandi. Ekki hafi verið hægt að athuga öryggistæki þar sem bifreiðin hafi verið slitin í sundur. Bifreiðin hafi verið á snjódekkjum á þremur hjólum, en á vinstra framhjóli hafi verið radíalhjólbarði. Eftirlitsmaðurinn getur ekki um það hvort sprungið hafi verið á einhverju hjóli eða ekki.

II.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á það bent að engar sérstakar skýringar hafi komið fram á því hvers vegna framangreint umferðarslys hafi orðið. Hins vegar byggir stefnandi á því að stefndi Jónatan eigi alla sök á slysinu með gálausum akstri. Jónatan hafi fatast stjórntök á bifreiðinni á beinum, breiðum og hindrunarlausum vegi, án þess að nokkru utanaðkomandi verði um kennt. Þá kröfu verði að gera til ökumanna að þeir geti haldið bifreið á vegi undir slíkum kringumstæðum. Geti þeir það ekki sé við þá eina að sakast og beri þeir því ábyrgð á tjóni sem af akstrinum kunni að leiða.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt sem ósönnuðu af hálfu stefndu að sprungið hafi á framhjólbarða bifreiðarinnar og það sé orsök slyssins. Ekki skipti máli þótt stefnandi og stefndi Jónatan hafi verið með getgátur um það að sprungið hafi. Bollaleggingar stefnanda um þetta verði á engan hátt metnar sem bindandi yfirlýsing.

Ekkert komi fram í skoðunargerð bifreiðaeftirlitsmanns um að sprungið hafi á bifreiðinni.

Þótt talið yrði að sprungið hefði skipti það ekki máli því að ökumaður eigi að búa yfir þeirri ökuhæfni að hann missi ekki bifreið út af vegi þótt slíkt gerist.

Þótt dekkjabúnaður bifreiðarinnar hafi e.t.v. ekki verið upp á það besta sé ósannað að hann hafi nokkurn þátt átt í slysinu.

Sökin á slysinu sé því stefnda Jónatans og samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sbr. og 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga, beri hann fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Hin lögboðna ábyrgðartrygging bifreiðarinnar G-16969 sem tekin hafi verið hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. taki til allrar skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda Jónatan samkvæmt orðum og efni 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Verði maður fyrir tjóni sem stafi af bifreið sem hann er farþegi í byggist bótaréttur hans á sök ökumanns bifreiðarinnar. Þá skipti ekki máli að farþeginn sé eigandi bifreiðarinnar. Með ábyrgðartryggingunni sé honum tryggð greiðsla bótanna. Skýring á 4. mgr. 70. gr. sem leiði til gagnstæðrar niðurstöðu sé ekki heimil samkvæmt efni og orðalagi greinarinnar og eigi sér ekki neina stoð í lögskýringargögnum.

Verði ekki á framangreindar röksemdir fallist eigi stefnandi samt rétt á því að fá hálft tjón sitt bætt. Réttur þessi byggist á bindandi, skriflegri yfirlýsingu starfsmanns stefnda Samvinnutrygginga g.t., en í kvittun fyrir greitt fatnaðartjón stefnanda sem dags. sé 20. janúar 1984 segi að stefnandi njóti bótaréttar að hálfu vegna slyssins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að stefnandi eigi ekki bótarétt að lögum vegna slyssins gagnvart stefnda Samvinnutryggingum g.t. þar sem hún sé skráður eigandi bifreiðarinnar G-16969. Stefnandi beri sem eigandi ábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga og sé fébótaskyld samkvæmt 67. gr. laganna og einnig samkvæmt 68. gr. eins og 1. mgr. 69. gr. hafi verið túlkuð. Ekki skipti máli að stefnandi sé sameigandi bifreiðarinnar með stefnda Jónatan. Ábyrgð sameigendanna sé solidarisk og ekki sé hægt að ætla að á milli þeirra geti verið einhver pro rata réttur um eigið tjón.

Tilgangurinn með ábyrgðartryggingu sé að gera ábyrgð bifreiðareigenda sem virkasta og vernda þá sem stafi hætta af bifreiðum, hætta sem þeir geti ekki sjálfir komið í veg fyrir. Farþegi sem taki sér far með bifreið án þess að greiða gjald fyrir sé ekki verndaður af ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, nema á grundvelli bótaábyrgðar hins skráða eða skráningarskyldna eiganda bifreiðarinnar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 1939 og skýringum fræðimanna á 4. mgr. 70. gr. umferðarlaganna njóti eigandi sem sé farþegi í eigin bifreið hins vegar ekki verndar ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar, enda fari ekki saman að bera ábyrgð á bifreið og fá bætur greiddar úr ábyrgðartryggingu sömu bifreiðar.

Verði ekki á framangreinda sýknuástæðu fallist sé sýknukrafan ennfremur byggð á því að slysið verði ekki rakið til gálauss aksturs stefnda Jónatans og eigi hann því ekki sök á tjóni stefnanda. Orsökin sé annaðhvort sú að sprungið hafi á öðrum framhjólbarða bifreiðarinnar eða hún hafi verið vanbúin með tilliti til aksturseiginleika.

Í skýrslu stefnanda fyrir lögreglu komi fram að hún telji að sprungið hafi á framhjóli bifreiðarinnar. Stefnandi hafi tjáð sig um þetta með þeim hætti að meta verði sem hverja aðra yfirlýsingu aðila dómsmáls. Hafi stefnandi ekki þannig gefið skuldbindandi yfirlýsingu hafi hún þó tjáð sig með afgerandi hætti.

Farþegi sem ekki sé fluttur gegn gjaldi eigi ekki bótarétt nema sönnuð sé sök ökumanns bifreiðarinnar á tjóni farþegans. Ef hjólbarði springi á bifreið með þeim afleiðingum að bifreiðin valdi tjóni sé ekki um að ræða sök ökumanns. Sök sé ekki sönnuð nema slys verði rakið til einhvers sérstaks sem úrskeiðis hafi farið hjá ökumanni. Ekki hafi verið leitt í ljós í þessu máli að stefndi Jónatan eigi nokkra sök á því hvernig fór.

Allra veðra sé von í desember og Reykjanesbraut geti verið hættuleg yfirferðar eins og dæmi sanni. Hálka og ísing hafi verið á brautinni þegar slysið varð. Bifreiðin G-16969 hafi verið vanbúin til aksturs eins og aðstæður hafi verið. Ónegldir snjóhjólbarðar hafi verið á þremur hjólum, sumarhjólbarði á einu.

Eigandi bifreiðar, stefnandi í þessu tilviki, beri ábyrgð á búnaði bifreiðarinnar og á því tjóni sem verði vegna vanbúnaðarins.

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., hafi ekki gefið neina bindandi yfirlýsingu um að tjón stefnanda bæri að bæta að hálfu. Það hafi verið mistök að í þessa veru hafi verið ritað á kvittun 20. janúar 1984. Sú kvittun hafi aðeins verið fyrir greiðslu á útlögðum kostnaði stefnanda.

III.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi og stefndi Jónatan voru skráðir sameigendur bifreiðarinnar G-16969 og höfðu keypt saman lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaganna. Þau voru því bæði vátryggð sem vátryggingartakar samkvæmt 4. mgr. 70. gr., þ.e. ábyrgðartryggingin átti að tryggja greiðslu á hverri þeirri bótakröfu sem á þau kynni að falla vegna ábyrgðar þeirra á tjóni samkvæmt umferðarlögum eða almennum skaðabótareglum.

Enda þótt hér hagi svo til að stefnandi sé annar af tveimur vátryggðum samkvæmt ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar verður ekki litið svo á að það svipti hana þeirri vernd sem ábyrgðartryggingin veitir tjónþola þar sem af tryggingunni ber að bæta það tjón sem hinn vátryggði stefndi Jónatan ber ábyrgð á samkvæmt umferðarlögum og almennum skaðabótareglum.

Stefndi Samvinnutryggingar g.t. verður því ekki sýknaður af þeim sökum að samkvæmt 4. mgr. 70. gr. umferðarlaganna beri ekki að bæta stefnanda tjón hennar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnanda er því sérstaklega mótmælt sem ósönnuðu að orsakir

slyssins sem stefnandi varð fyrir verði raktar til þess að sprungið hafi á framhjóli bifreiðarinnar eða til vanbúnaðar hennar. Á það verður að fallast þótt bæði stefnandi og stefndi Jónatan hafi lýst þeim grun sínum að sprungið hafi á öðru framhjóli bifreiðarinnar.

Að framan eru raktar þær upplýsingar sem fyrir liggja í málinu um það hvernig stefndi Jónatan hagaði akstri sínum þegar slysið varð og hverjar aðstæður voru. Af þessum upplýsingum verður ekki ráðið að stefndi Jónatan hafi við aksturinn beitt aðferðum sem taldar verði gálaus hegðun í þeim skilningi sem lagður er til grundvallar í skaðabótarétti, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna.

Ekki er hægt að fallast á þá röksemd stefnanda að það eitt að geta ekki haldið bifreið í akstri á greiðfærum vegi teljist gáleysi ökumanns án tillits til þess hvort slíkt verði rakið til sérstakra atvika eða ekki.

Orsök slyssins sem stefnandi varð fyrir þykir því ekki verða rakin til atvika sem leiði til þess að stefndi Jónatan sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna.

Gegn mótmælum er ekki hægt að fallast á að stefndi Samvinnutryggingar hafi gefið bindandi yfirlýsingu um það að stefnandi eigi rétt á að fá hálft tjón sitt bætt úr hans hendi.

Samkvæmt því og framangreindri niðurstöðu um skaðabótaskyldu stefnda Jónatans verður ekki talið að stefndi Samvinnutryggingar g.t. sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú að ekki er viðurkennd krafa stefnanda um að stefndu beri in solidum að bæta henni allt tjón og miska sem hún varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri þessa þáttar málsins.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ekki er viðurkennd skylda stefndu, Samvinnutrygginga g.t. og Jónatans Jónatanssonar, til þess að bæta in solidum stefnanda, Kristveigu Ósk Jónsdóttur, tjón og miska er hún varð fyrir í umferðarslysi 26. desember 1983. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. desember 1987.

Nr. 209/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Axel Axelssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Umboðssvik. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða áfrýjað með stefnu sem út var gefin 18. júní 1986, en var birt 16. júní 1987. Hér fyrir dómi eru langdvalir ákærða erlendis sagðar hafa valdið þeim drætti, sem á birtingu varð, og þar með á málsmeðferðinni allri.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms á sakfellingu samkvæmt báðum ákæruliðum og greiðslu sakarkostnaðar, en þess jafnframt krafist, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð. Þá er ennfremur krafist staðfestingar héraðsdóms að því er varðar greiðslu skaðabóta og dráttarvaxta, þó með þeirri breytingu, að 2,5% dráttarvextir frá 2. júní til 2. júlí 1984 reiknist af 92.191,54 krónum í stað 99.916,51 króna, en eftir það með þeim vöxtum, sem gert er í héraðsdómi af 160.690,58 krónum. Dæmdir verði dráttarvextir eftir 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara er þess krafist, að því er sakfellingu varðar, að brot það, sem í I. kafla ákæru getur, verði „sameinað broti því sem í II. kafla ákæru getur" og atferli ákærða allt fært til refsingar eftir 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu og þess, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er þess krafist að refsing ákærða verði eins væg og lög leyfa. Þá krefst skipaður verjandi málsvarnarlauna.

Ýmis ný reikningsyfirlit hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Það atferli ákærða, sem um er fjallað í I. kafla ákærunnar 31. október 1984, varðar ekki við 157. gr. almennra hegningarlaga,

enda notaði ákærði ekki skjal, þegar hann sótti um að fá greiðslukort. Ekki kemur til greina að dæma ákærða fyrir þetta atferli eftir 248. gr. laganna eða að dæma eftir 249. gr. þeirra fyrir atferlið ásamt því, sem lýst er í II. kafla ákærunnar, þar sem ekki eru uppfyllt réttarfarsskilyrði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 til að svo megi verða. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds að því er þetta ákæruatriði varðar.

Fram er komið, að ákærði og Sparisjóður Hafnarfjarðar gerðu samning 22. febrúar 1984 þess efnis, að ákærði fengi Visa-greiðslukort og mætti nota það til greiðslu á allt að 20.000,00 krónum hér á landi. Hvert „úttektartímabil" eða „færslutímabil" var frá 18. degi mánaðar til 17. dags næsta mánaðar að báðum dögum meðtöldum. Senda átti korthöfum mánaðarlega útskrift yfir útistandandi skuldir og bar að greiða þær að fullu innan 15 daga frá lokum hvers tímabils, þ.e. eigi síðar en 2. dag mánaðar. Ákærði notaði eftir 17. mars 1984 kort sitt til hærri úttekta en um hafði verið samið. Úttektirnar, sem ákæran fjallar um, skiptast sem hér segir á tímabil:

Frá 25. febrúar til 17. mars 1984	5.546,45 krónur
Frá 18. mars til 17. apríl 1984	23.116,22 krónur
Frá 18. apríl til 17. maí 1984	63.528,87 krónur
Frá 18. maí til 13. júní 1984	68.499,04 krónur
Alls	160.690,58 krónur

Ákærði var ekki krafinn um greiðslu vegna þessara úttekta fyrr en honum var í mailok 1984 sent reikningsyfirlit dagsett 24. maí með niðurstöðutölunni 92.191,54 krónur. Upp í þessa kröfu kom engin greiðsla. Ákærða var í lok júní sent annað reikningsyfirlit dagsett 22. júní og var hann þá krafinn um 68.499,04 krónur. Ekki greiddi ákærði heldur upp í þá kröfu. Fram er komið, að auk þessa tók ákærði út með korti sínu fyrir 28.260,94 krónur og greiddi upp í skuld vegna þess 7.103,15 krónur. Ákæran í málinu fjallar ekki um þessi viðskipti.

Úttektir ákærða umfram 20.000,00 krónur, sem ekki hafa verið greiddar, varða hann refsingu eftir 249. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuðir með tilliti til þess, sem segir í héraðsdómi um skilorðsrof.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu til Sparisjóðs Hafnarfjarðar ber að staðfesta, þó þannig, að vextir verði eins og krafist er hér fyrir dómi. Ágreiningur er ekki um bæturnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Axel Axelsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu til Sparisjóðs Hafnarfjarðar er staðfest, þó þannig, að vextir reiknist af 92.191,54 krónum frá 2. júní til 2. júlí 1984, en af 160.690,58 krónum frá þeim degi. Dráttarvextir reiknist eftir 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 31. desember 1985.

Árið 1985, miðvikudaginn 31. desember er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2239/1984: Ákæruvaldið gegn Sigurði Axel Axelssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er með ákæruskjali Ríkissaksóknara dags. 31. október 1984, höfðað gegn Sigurði Axel Axelssyni, Sléttahrauni 29, Hafnarfirði fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

I. Skjalafals.

Með því að hafa þann 21. febrúar 1984 sótt um Visa-greiðslukort hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar undir nafninu Axel Axelsson, nnr. 0891-1940, en út á það nafn hafði ákærði þá nokkru áður fengið útgefin persónuskilríki hjá Hagstofu Íslands, og þar með annað nafnnúmer en hann áður hafði, og með þeim hætti villt um fyrir þeim, sem mátu viðskiptatraust hans, þar á meðal að komast að því að ákærði hafði ítrekað misnotað

ávísanareikning hjá innlánsstofnunum með þeim afleiðingum að þeim hafði verið lokað, og þannig með blekkingum fengið afhent Visa-greiðslukort með kr. 20.000,00 úttektarheimild á mánuði.

Telst þetta varða við 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Umboðssvik.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 24. febrúar fram til 24. maí 1984 misnotað framangreint greiðslukort með refsiverðum hætti með því að nota það í verslunarviðskiptum hérlendis langt umfram heimildir og láta auk þess hjá líða að tryggja innistæðu, sem nam úttektarheimildinni á ávísanareikningi sínum nr. 5655 við Sparisjóð Hafnarfjarðar, sem tengdur var notkun hans á greiðslukortinu, með þeim afleiðingum, að Sparisjóðurinn var bundinn við að greiða kr. 160.690,58 af viðskiptum ákærða út á greiðslukortið umfram tiltæka innistæðu á ávísanareikningi ákærða nr. 5655 áður en tókst að ná af ákærða greiðslukortinu.

Telst þetta aðallega varða við 249. gr. en til vara við 248. gr. almennra hegningarlaga.

III. Refsingar o.fl.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 23. maí 1948 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 í Keflavík. Uppvís að brotum g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 5/10 1964.

1966 21/2 í Vestm.ey. Sátt: 1.000,00 kr. sekt f. brot g. 244. gr. sbr. 256. gr. hgl., 4. gr., 11. gr., 27. gr. umfl.

1966 12/11 í Gull. og Kjós. Dómur: 7 mán. fangelsi, skb. í 3 ár. Greiði skaðabætur kr. 18.600,00 + in solidum með Jóni Evans Sigurjónssyni. Brot g. 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hgl., sbr. l. nr. 20 1956 og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1968 27/2 í Keflavík. Sátt: 500,00 kr. sekt f. brot g. 5. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl.

1976 18/5 í Reykjavík. Sátt: 4.500,00 kr. sekt f. brot g. 4., 5. gr., 18. gr. umfl.

1977 21/6 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt f. brot g. 11. gr. l. nr. 40/1968 (umfl.).

1981 30/10 í Reykjavík. Sátt: 1.500,00 kr. sekt f. brot g. 73. gr. laga um tékka.

1982 15/11 í Reykjavík. Dómur: 4 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 248. gr. hgl.

Ákærður hefur haldið uppi vörnum í málinu og gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, en til vara að ákærði hljóti þá vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá er þess krafist, að tildæmd verði hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans.

Málavextir.

I. Skjalafals.

21. febrúar 1984 sækir ákærður í málinu undir nafninu Axel Axelsson, nnr. 0891-1940, um Visa-greiðslukort hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar, en hafði áður eða 7. febrúar 1984 stofnað hjá Sparisjóðnum ávísanareikning nr. 5655, sem var meðal annars notaður sem launareikningur, þannig að Landsvirkjun greiddi laun hans inn á reikninginn í lok hvers mánaðar. Farið var yfir umsóknina eins og venja var til og könnuð viðskipti hans, vanskilaskrár og skrár um lokanir ávísanareikninga og var ákærður ekki á þessum skrám undir framangreindu nafni og nafnnúmeri og hann hafði ekki orðið uppvís að því að misnota ávísanareikning sinn við Sparisjóðinn. Eftir að umsóknin hafði verið send Visa Íslands, þar sem ákærða var komið inn í svonefnt Visakerfi, var gefið út til hans í nafni Axels Axelssonar, nnr. 0891-1940, Visa-greiðslukort, sem ákærða var svo afhent 24/2 1984, en áður hafði hann samþykkt tryggingarvíxil að upphæð $ 1500 til tryggingar greiðslu á væntanlegri úttekt. Með undirskrift sinni undir umsóknina hafði hann undirgengist þá skilmála, sem Visa Ísland setur um notkun greiðslukortanna, jafnframt því, sem hann heimilaði Sparisjóðnum að skuldfæra ávísanareikning sinn nr. 5655 fyrir úttektum á síðasta degi greiðslufrests og ábyrgðist að ávallt yrði þar næg innistæða fyrir hendi á gjalddögum.

Í maí 1984 hafði Sparisjóðnum borist yfirlit um úttekt á framangreint Visakort að upphæð um kr. 92.000,00 sem var langt umfram mánaðarlega úttektarheimild kr. 20.000,00 og einnig heimild fyrir tímabilið frá því hann hafði fengið kortið. Var þá reynt að hafa samband við korthafa til að fá hann til að greiða skuldina og er hann sinnti ekki tilmælum um að hafa samband við Þórð Guðlaugsson, skrifstofustjóra í Sparisjóðnum, né greiddi skuldina, tók Þórður að athuga nánar feril hans og afla sér upplýsinga. Hann hafði samband við Hagstofu Íslands og fékk þar uppgefið að hann hefði áður haft annað nafnnúmer. Reyndist eldra nafnnúmer hans vera 7840-4418 og hann hafði áður verið í skránni undir nafninu Sigurður Axel Axelsson. Ferill ákærða í bönkum og sparisjóðum var kannaður og kom þá í ljós að hann var vanskilamaður. 7 tékkareikningum, sem hann hafði haft, hafði verið lokað, og þegar vanskilaskrá Reikningsstofu Hafnarfjarðar h/f var athuguð með þetta nafn í huga kom í ljós að gegn honum

höfðu verið höfðuð 28 dómsmál vegna vanskilaskulda og hann hafði líka lent í 2 uppboðsmálum. Það liggur fyrir í málinu að hefði ákærður er hann sótti um Visa-greiðslukortið gefið upp nafn sitt sem Sigurður Axel Axelsson og eldra nafnnúmer þá hefði Sparisjóðurinn haft á reiðum höndum framangreindar upplýsingar og honum hefði verið synjað um greiðslukortið vegna fyrra ferils í bankaviðskiptum.

Eftir margítrekaðar kvaðningar hafði ákærður komið til viðtals við Þórð skrifstofustjóra, þar sem hann var látinn gera grein fyrir nafn- og nafnnúmerabreytingunni og í framhaldi af því var tekið af honum greiðslukortið og tékkheftið.

Ákærður hefur borið um sakarefnið hér fyrir dómi og lýst því yfir að hann teldi sig saklausan. Hann kvaðst hafa farið á Hagstofu Íslands vorið 1983 og kannað hvort unnt væri að fá fellt niður í þjóðskrá fyrra fornafnið og hann fengi nýtt nafnnúmer miðað við að hann tæki upp síðara nafn sitt. Honum hafi verið sagt að ekki væru nein vandkvæði á því og hann sótt um þessa breytingu og fengið. Hann kvað margar ástæður hafa legið að baki þessari beiðni. Á vinnustað hans hafi verið margir menn með nafninu Sigurður og því almennt verið farið að kalla hann Axel og einnig hafi valdið að nokkru hjátrú. Við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann hafa gert þetta m.a. þar sem hann hafi verið á vanskilaskrám víða, en þessu neitaði hann svo er hann kom fyrir dóm. Hann kvað ekkert samband hafa verið milli umsóknarinnar um Visa-greiðslukortið og nafnbreytingarinnar enda sótt um nafnbreytinguna í þjóðskrá ári áður. Hann minntist þess ekki að hafa verið inntur sérstaklega eftir ferli sínum eða viðskiptum við aðra banka er hann sótti um greiðslukortið, og sjálfur kvaðst hann ekki hafa átt um það neitt frumkvæði né talið að honum bæri að tjá starfsmönnum Sparisjóðsins, áður en hann hafði hafið þar viðskipti, að hann hefði áður gengið undir öðru nafni og nafnnúmeri.

Vitnið Ingimar Haraldsson, deildarstjóri í Sparisjóði Hafnarfjarðar, til heimilis að Sléttahrauni 21, Hafnarfirði, fæddur 20.10. 1956, afgreiddi ákærða um Visa-greiðslukortið og hefur borið um það vætti hér fyrir dómi. Það kvað afgreiðslu þessa hafa farið fram með venjulegum hætti, svo sem lýst hefur verið hér að framan, en ákærður hafi þó beðið um að hraða afgreiðslunni, virst liggja mikið á, og því verið skrifað express á umsóknina. Hann hafi í sambandi við afgreiðsluna átt að skila tryggingarvíxli með ábyrgðarmanni, en einhverra hluta vegna hafi það farist fyrir og minnti vitnið að talað hefði verið um að ábyrgðarmaður kæmi seinna og skrifaði upp á víxilinn, sem svo brást. Vitnið kvað ákærða ekki hafa framvísað persónuskilríkjum er hann sótti um Visakortið. Ekkert hefði þá komið fram um að hann hefði áður borið Sigurðar nafnið og það hvergi komið fram í þeim skjölum sem skoðuð voru í sambandi við umsóknina. Ákærður

var ekki inntur eftir því hvernig hann stæði fjárhagslega heldur stuðst við þá könnun sem gerð var og lýst er að framan á grundvelli uppgefins nafns og nafnnúmers, en vitnið kvað vanskilaskrárnar hjá bönkunum byggðar upp á nafnnúmerum.

Með bréfi dags. 22. mars 1985 var þess farið á leit við Snorra Hallgrímsson (sic) hagstofustjóra að hann upplýsti hvernig því hafi verið háttað að Sigurður Axel Axelsson, nnr. 7840-4418, hafi fengið útgefið nýtt nafnskírteini á nafnið Axel Axelsson, nnr. 0981-1940, svo og hvaða ástæður hann hafi tilgreint fyrir breytingunni. Þá var og óskað upplýsinga um hvaða skilyrði væru fyrir breytingu sem þessari, hvaða venjur hefðu um þær myndast og hvers væri gætt í sambandi við nafnalögin er þær væru framkvæmdar.

Í svarbréfi hagstofustjóra dags. 22/4 1985 kemur þetta fram:

„Vegna þessa erindis vill Hagstofan fyrst benda á að nafnnúmer eru stafrófsröðunarnúmer þjóðskrár. Nafnnúmerin voru beinlínis tekin upp á sínum tíma til stafrófsröðunar nafna í þjóðskrá og þau eru enn notuð í þeim tilgangi. Þar að auki hafa svo númerin smám saman unnið sér sess sem talnaleg auðkenni einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana í þjóðskrá. Hlutverk nafnnúmera sem stafrófsröðunarnúmera veldur því, að ef breyting verður á ritun nafna í þjóðskrá, verður að gefa viðkomandi einstaklingi eða fyrirtæki nýtt nafnnúmer til að tryggja rétta stafrófsröðun nafnsins.

Að öðru leyti vill Hagstofa Íslands upplýsa eftirfarandi vegna erindis yðar:

1. Sá einstaklingur, sem hér um ræðir, er fæddur 23. maí 1948 og var hann skráður í allsherjarmanntalið 16. október 1952 sem Sigurður Axel Axelsson. Þannig var hann jafnframt skráður í þjóðskrá í upphafi, en þetta allsherjarmanntal var stofn þjóðskrárinnar.

Maður þessi kom á Hagstofu og bað um, að skrásetning á nafni sínu í þjóðskrá yrði Axel Axelsson. Hann færði þær ástæður fyrir þessari beiðni, að hann gengi alltaf undir Axelsnafninu og notaði það, en ekki Sigurðarnafnið. Hagstofa varð við þessari beiðni og af því leiddi, að hann fékk nýtt nafnnúmer. Einnig fékk hann útgefið nýtt nafnskírteini í samræmi við þá breytingu sem var á ritun nafns hans í þjóðskrá.

2. Breytingar á skráningu nafns í þjóðskrá fá menn vegna eftirtalinna tilvika:

1) Nafn breytist vegna nafnbreytingaleyfa frá Dómsmálaráðuneyti, þ.á m. vegna upptöku íslensks ríkisfangs og vegna ættleiðinga.

2) Föðurnafn breytist vegna úrskurða í barnsfaðernismálum.

3) Skráning eftirnafns breytist hjá konum, sem óska eftir að taka upp eða leggja niður ættarnafn eiginmanns.

4) Skrásetningu nafns í þjóðskrá breytt vegna óska viðkomandi einstaklings. Í þessu sambandi skal ítrekað, að hér er jafnan um að ræða breytingar á ritun nafns í þjóðskrá en ekki nafnbreytingar. Þannig er aldrei heimilað að menn breyti nöfnum sínum frá því sem skírnarvottorðið segir til um. Þær breytingar á nafnritun í þjóðskrá, sem til greina kemur að heimila, eru þessar:

1) Að fyrra nafn af tveimur sé fellt niður.

2) Að fyrra nafni sé bætt framan við millinafn, ef aðeins hið síðara hefur komið fyrir í þjóðskrá.

3) Að skráningu eftirnafns sé breytt þannig að farið sé að rita viðurkennt ættarnafn föður í stað skírnarnafns föður eða öfugt.

4) Að skráningu eftirnafns sé breytt þannig, að viðkomandi sé ritaður í þjóðskrá með skírnarnafni móður í stað föður eða öfugt.

5) Að skráningu föðurnafns sé breytt, ef faðirinn heitir fleiri nöfnum en einu.

3. Af framangreindu leiðir, að við ýmsar þær breytingar á ritun nafns í þjóðskrá sem hér getur verið um að ræða, koma ákvæði nafnalaga ekki til álita, enda ekki um nafnbreytingar að ræða. Að öðru leyti er þess jafnan gætt, að ekki séu gerðar neinar breytingar á ritun nafns í þjóðskrá, sem að mati Hagstofunnar eru í andstöðu við lögin um mannanöfn."

Með ítrekuðum skriflegum fyrirspurnum til hagstofustjóra var óskað upplýsinga um hvernig breytingar á þjóðskrá, þ. á m. umrædd breyting á nafnritun ákærða, væru birtar, en því er látið ósvarað af hans hendi, hins vegar kom fram í vætti Þórðar Guðlaugssonar hér fyrir dómi að eftir áramót 1983-1984 fari að birtast í Hagtíðindum tilkynningar um svona breytingar um nafnritun og nafnnúmer, en ákærða ekki verið getið í þessum tilkynningum, svo að hann hljóti að hafa fengið breytinguna fyrir þennan tíma. Vitnið kvað Hagstofu Íslands ekki áður hafa tilkynnt svona breytingar á nafnritun og nafnnúmeri til Sparisjóðsins, en hins vegar muni þær hafa verið tilkynntar til Reiknistofnunar bankanna eða nafnnúmerabreytingarnar, en ekki hafi í því sambandi verið athugað hverjar nafnnúmerabreytingar tengdust númerabreytingunni sem farið væri að gera nú.

Eins og rakið er hér að framan kvaðst ákærði m.a. hafa sótt um framangreinda breytingu á nafnritun og nafnnúmeri, þar sem hann hafi verið á vanskilaskrám víða, og þó að hann hafi horfið frá þessum framburði hér fyrir dómi, verður það fráhvarf að teljast ósennilegt, og þykir þegar litið er til eftirfarandi breytni ákærða, styður það mjög að framburður hans hjá rannsóknarlögreglu sé réttur.

Ljóst er af vætti Ingimars Haraldssonar að er ákærður sækir um umrætt Visa-greiðslukort sér til handa framvísar hann ekki persónuskilríkjum sínum með breyttu nafnnúmeri og eru því ekki efni til að fella atferli hans

undir 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga og ber að sýkna hann af broti á þeirri grein. Engu að síður þykir sannað að hann beitti refsiverðum blekkingum í samskiptum sínum við starfsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Í 1. gr. laga nr. 54, 1925 um mannanöfn segir að hver maður skuli heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig við föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi. Það var því eðlilegt að starfsmenn Sparisjóðsins treystu því að er ákærður gaf upp á umsókninni um Visakortið sem nafn sitt Axel Axelsson og undirritaði hana í sama nafni, þá væri það nafnið sem hann hefði alla tíð gengið undir og leituðu þeir því undir því nafni í vanskilaskrám, lokunarskrám og ávísanareikninga o.fl. til að kanna áreiðanleika ákærða. Honum var fullljóst að í þessar skrár og önnur álíka gögn yrði leitað upplýsinga um hann áður en umsóknin yrði afgreidd og hann vissi, sbr. það sem áður var sagt um lokanir á ávísanareikn. hans og dómsmál á hann út af vanskilaskuldum, að á þessum skrám var hann undir nafninu Sigurður Axel Axelsson og með nafnnúmer skv. því. Þrátt fyrir þetta leynir hann starfsmenn bankans þessu fyrra fornafni sínu þ.e. Sigurðar nafninu og með því að hagnýta sér þá röngu hugmynd sem hann hafði vakið hjá starfsmönnum Sparisjóðsins, að hann héti einungis Axel Axelsson, nnr. 0891-1940, sem ekki var finnanlegur í framangreindum skrám, kom hann því til leiðar að hann fékk afhent Visa-greiðslukort sem þýddi að Sparisjóðurinn ábyrgðist greiðslu á úttekt ákærða í vörum og þjónustu að upphæð kr. 20.000,00 á mánuði og átti jafnframt á hættu að verða fyrir fjárhagstjóni að sama skapi sem og varð raunin á.

Ákærður hefur með þessu atferli gerst sekur um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en sakaatriðum er í meginatriðum efnislega rétt lýst í I. kafla ákæru og verður þessi heimfærsla að teljast í samræmi við heimild 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

II. Umboðssvik.

Svo sem rakið var hér á undan í lið I skuldbatt ákærður sig með undirskrift sinni undir umsóknina um Visa-greiðslukort að nota kortið í samræmi við reglur og skilmála samnings við korthafa á bakhlið umsóknarinnar, sem hann lýsti yfir að hann hefði kynnt sér og samþykkti að öllu leyti. Í 3. gr. samningsins b-lið segir: „Korthafi skuldbindur sig til að fara ekki umfram úttektarmörk á hverjum tíma." Á umsóknina er svo af Sparisjóðsins hálfu bókuð heimild til korthafa til úttektar mánaðarlega hérlendis að upph. kr. 20.000,00 en erlendis að upphæð $ 1350. Á ávísanareikning hans við Sparisjóðinn skyldi á hverjum tíma samkv. loforði ákærða vera nægjanleg innistæða fyrir væntanlegri úttekt á síðasta degi greiðslufrests um hana. Þetta brást frá fyrstu hendi. Á tímabilinu frá því ákærður fékk

greiðslukortið og þar til það var tekið af honum í lok maí 1984 hafði hann tekið út á kortið kr. 167.793,73, en af ávísanareikningi ákærða nr. 5655 hafði 7. maí 1984 verið teknar kr. 7.103,15 til lækkunar á skuld sem þá hafði myndast vegna úttektar ákærða út á greiðslukortið. Skuld þessi var komin upp í kr. 92.191,54 til greiðslu í síðasta lagi 2. júní 1984, en þá var innistæða á ávísanareikningnum kr. 2.802,35 og 2. júlí hafði bæst við skuldina vegna úttektar frá 18. maí þar til kortið var tekið af ákærða og svo vegna eldri úttektar kr. 68.499,00 en engin innborgun hafði komið inn á reikninginn, en ávísun að upphæð kr. 2.000,00 hafði verið færð til lækkunar fyrri innistæðu auk innheimtukostn. og svo fyrri skuldar vegna úttektar út á greiðslukortið, svo ávísanareikningur var neikvæður um kr. 95.386,39, er úttektarskuldin að upph. kr. 68.499,00 bættist við. Inn á ávísanareikninginn voru lögð laun ákærða, og átti sú inneign sem af því myndaðist að fara til greiðslu úttektarinnar auk hugsanlegrar annarrar innborgunar frá ákærða. Á tímabilinu frá 7. mars til 3. júlí 1984 eru innlögð laun og aðrar innborganir á reikninginn kr. 80.382,00 en 7. mars var fyrir innistæða að upphæð kr. 7.901,50 sem er samt. kr. 88.283,00. Að undanskildum kr. 7.103,15, sem fóru upp í greiðslu Visaskuldarinnar, ávísaði ákærður eða tók út alla framangreinda upphæð á tímabilinu eða hún fór til greiðslu innheimtukostn. vegna innistæðulausrar ávísunar.

Er ákærður kom fyrir Þórð Guðlaugsson, skrifstofustjóra í Sparisjóðnum, vegna framangreindrar notkunar á greiðslukortum, lýsti hann því yfir að hann skuldaði mjög mikið annars staðar og aðeins væri dagaspursmál hvenær hann yrði gjaldþrota. Beiðni um að hann yrði úrskurðaður gjaldþrota barst skiptaráðandanum í Hafnarfirði 20.2. 1985 og hann var úrskurðaður gjaldþrota 13.11. 1985.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa tekið út á greiðslukortið eins og að framan er rakið, en hefur borið fyrir sig að hann hafi ekki fengið yfirlit um úttektina með greiðslufresti nema um lítinn hluta upphæðarinnar, og hann ekkert vitað hvernig staðan var fyrr en hann hafi verið kallaður í Sparisjóðinn, látinn vita að úttektin næmi yfir kr. 90.000,00 og honum gert að greiða hana. Þá bar hann því við að hann hefði reiknað með að laun hans hjá Landsvirkjun yrðu meiri en raun varð á, eða kr. 32.000,00 á mánuði í stað kr. 28.000,00.

Lagt hefur verið fram vottorð frá Landsvirkjun, þar sem staðfest er að 1. jan. 1984 hafi verið fjölgað aðstoðarmönnum á vöktum við Hrauneyjarfoss og Sigöldustöð um einn (4 í stað 3) og við það hafi breyst vinnutími og tilhögun vakta, þannig að vaktaálagið lækkaði úr 23,9% í 18,56% og öllum yfirvinnuklst. á mánuði fækkaði úr 120 klst. á mán. í 78,35 klst. á mán. Þetta rennir stoðum undir það að tekjur ákærða hafi dvínað. Hins vegar er breyting þessi gerð um 2 mánuðum áður en hann fékk greiðslukortið, svo að hann gat séð þessa tekjurýrnun fyrir.

Ljóst er að ákærður hefur á greindu tímabili tekið út langt umfram heimildina samkv. samningi þeim um greiðslukortið sem hann undirritaði. Fram kom við yfirheyrslu hér fyrir dómi að af hálfu Sparisjóðsins væri það liðið þó farið væri eitthvað fram yfir heimildir í úttektum með greiðslukortin, ef hlutaðeigandi greiddi skuldina á síðasta degi greiðslufrests.

Fram er komið í málinu að yfirlit um úttektir ákærða hafi ekki borist í upphafi á réttum tíma og skýringin talin vera helst sú að ákærður hafi ekki í fyrstu fundist undir Axels Axelssonar nafninu og nafnnúmerinu 0891-1940 í gögnum þeim frá þjóðskrá sem Visa Ísland studdist við og úttektarnóturnar verið lagðar til hliðar og ekki færðar á yfirlit fyrr en staðreynt hafði verið að ákærður væri til í þjóðskrá undir þessu nafni og nafnnúmeri. Þórður Guðlaugsson kvaðst (sic) áður en yfirlit um úttekt ákærða um kr. 92.000,00 kom í maí hafi einungis komið apríl-yfirlit um úttekt að upph. um kr. 14.000,00. Vitnið kvaðst þá hafa athugað nánar úttektir ákærða og miðað við að rétt hefði verið staðið að innfærslum á yfirlitin. Hefði yfirlitið í mars til greiðslu 2. apríl átt að hljóða upp á kr. 16.867,45, yfirlit í apríl til greiðslu 2. maí kr. 28.739,76 og yfirlitið í maí til greiðslu 2. júní kr. 61.412,45. Samkvæmt þessu hefur úttekt ákærða í apríl- og maímánuði numið kr. 117.019,66.

Í vætti Þórðar Guðlaugssonar kemur og fram að ákærða hafi verið boðið að semja um greiðslu skuldarinnar, þ.e. að honum yrði veitt lán til að greiða skuldina á lengri tíma, en hann hafi ekki tekið undir það. Vitnið sagði að er það hefði tekið af ákærða greiðslukortið hans og tékkhefti hefði legið fyrir að hann fengi þetta ekki aftur og alla vega ekki nema hann hefði samið um skuldina, en hann hefði ekki tekið undir þetta og lýst sig neikvæðan vegna þess að kortið var tekið af honum. Ákærður kvaðst ekki hafa getað boðið Sparisjóðnum neitt veð eða tryggingu fyrir skuldinni, en bauðst til að láta hana ganga fyrir öðrum skuldum sínum ef hann fengi að halda kortinu.

Þegar virtar eru hverjar launatekjur ákærða voru, að hann var eignalaus og kominn í greiðsluþrot vegna annarra skuldbindinga, mátti honum vera ljóst að hann var ekki fær um að greiða úttektir sínar með greiðslukortinu jafnvel þó að þær væru innan leyfilegra úttektarmarka. Engu að síður tekur hann út á greiðslukortið í apríl og maí 1984 fyrir kr. 82.186,52 umfram úttektarheimildir, ráðstafar að mestu launum sínum út af ávísanareikningi sínum, svo að þau komi ekki til greiðslu úttektinni sem til var ætlast nema að óverulegu leyti og gerir sér hvorki far um að greiða né semja um greiðslu skuldarinnar þegar um það er gerð krafa af hálfu Sparisjóðsins.

Ákærður hafði er honum var afhent Visa-greiðslukortið fengið aðstöðu til að binda Sparisjóð Hafnarfjarðar til að greiða framangreindar úttektir sínar og með því að fara í úttektum sínum langt umfram leyfilegar heimildir

hefur hann misnotað aðstöðu sína, svo að varðar við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en hann hefur valdið Sparisjóðnum fjártjóni að sama skapi.

III. Refsingar o.fl.

Með framangreindum hegningarlagabrotum hefur ákærður rofið skilorð samkv. dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. nóv. 1982 og ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða í einu lagi refsingu fyrir framangreind brot og brot þau, sem fjallað var um í dómi sakadóms Reykjavíkur. Refsing þessi þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Sparisjóður Hafnarfjarðar, Strandgötu 8-10, Hafnarfirði hefur gert kröfu til þess að ákærður greiði honum kr. 177.653,98 með 2,75% mánaðarvöxtum frá 1. sept. 1984 til 1. febr. 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og auk þess er krafist kr. 14.000,00 í innheimtulaun.

Ákærður hefur viðurkennt að skuld hans við Sparisjóð Hafnarfjarðar vegna úttektar hans með Visa-greiðslukortið nemi kr. 160.690,58 og ber honum að greiða þessa upphæð og er krafan tekin til greina að þessu leyti, en mismunurinn kr. 16.963,40 virðist aðallega vera vextir o.fl. sem fallið hafi á upphæðina fram til 1. sept. 1984. Af þessari upphæð eru krafðir vanskilavextir sem hluta af höfuðstól og felst í þessu krafa um vaxtavexti sem ekki er fallist á í málinu. Í 7. gr. samningsins um Visa-greiðslukort fellst ákærður á að greiða hæstu vanskilavexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands af skuldum vegna úttektar ef þær eru ekki greiddar 2. hvers mánaðar eftir úttektartímabil. Samkvæmt því þykir mega dæma ákærða til að greiða í vanskilavexti af kr. 99.916,51 2,5%, en þ.e. skuld sú m.v. úttektartímabil, sem ákærða bar að greiða 2. júní 1984 og svo greiði ákærður 2,5% vanskilavexti á mánuði af kr. 160.690,55 frá 2. júlí til 1. sept. 1984, 2,75% af sömu upphæð frá þeim degi til 1. febr. 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. sept. 1985 og 3,75% frá þeim degi til greiðsludags.

Krafan um innheimtulaun er ekki tekin til greina sbr. tíðkanl. venju í sakamálum.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, hrl. Páls A. Pálssonar, sem ákveðst kr. 13.000,00.

Dómsorð:

Ákærður, Sigurður Axel Axelsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærður greiði Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 160.690,58 ásamt 2,5% vanskilavöxtum af kr. 99.916,51 og svo 2,5% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 160.690,58 frá 2. júlí til 1. sept. 1984 og 2,75% af sömu upphæð frá þeim degi til 1. febr. 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. sept. 1985 og 3,75% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrl. Páls Arnórs Pálssonar, kr. 13.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. desember 1987.

Nr. 126/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Benedikt Halldórssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að refsing verði þyngd. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og skilorðsbindingar. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Að frumkvæði Hæstaréttar fór fram framhaldsrannsókn og gáfu

þá skýrslur hjá lögreglu Gunnar Frans Brynjarsson, Guðjóna Breiðfjörð, Guðmundur Helgi Önundarson, Margrét Erla Halldórsdóttir, Ómar Óskarsson og Skúli Sigurðsson. Þá voru lögð fram 2 áverkavottorð Stefáns Eggertssonar læknis, sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum. Ennfremur örorkumat varðandi Guðjónu Breiðfjörð gert af Birni Önundarsyni lækni og örorkutjónsútreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Dómendur fóru í sumarhúsið að Klapparvör 6 í Grímsnesi ásamt saksóknara, skipuðum verjanda ákærða og rannsóknarlögreglumönnum, sem gerðu nýjan uppdrátt af neðri hæð bústaðarins og tóku þar ljósmyndir. Loks var lagt fram vottorð frá Sjómannafélagi Reykjavíkur þess efnis, að sumarhúsinu hefði ekki verið breytt eftir 1984.

Framhaldsrannsóknin beindist að því í fyrsta lagi að afla upplýsinga um ónefndan mann, sem tvö vitni kváðu hafa verið í sumarhúsinu að Klapparvör eftir að ákærði, Ómar Óskarsson og Skúli Sigurðsson, komu þangað aðfaranótt 27. maí 1985. Önnur vitni töldu sig muna eftir manni þessum, en ekki komu fram upplýsingar, sem nota mætti til að finna hann og fá skýrslu hans.

Þá gerðu vitnin grein fyrir því, hvar þau hefðu verið í sumarhúsinu á þeim tíma, sem saksóknari telur, að ákærði hafi veist að Guðjónu Breiðfjörð og Gunnari Frans Brynjarssyni. Þær upplýsingar leiddu síðan til þess, að vettvangsskoðun fór fram. Kom þá í ljós, að uppdráttur sá, sem lá fyrir sakadómi, var ekki réttur. Er nú ljóst, að framburðir vitnisins Guðmundar Helga Önundarsonar um það, hvar hann var í bústaðnum, geta samrýmst þeirri fullyrðingu hans, að hann hafi séð ákærða veitast bæði að Guðjónu og Gunnari Frans.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi slegið Guðjónu Breiðfjörð í andlitið. Um það, hvað sannað sé í þessu dómsmáli um afleiðingar höggsins, er þessa að geta: Vottorð Stefáns Eggertssonar, sem tekið er upp í héraðsdóm, er dagsett 12. febrúar 1986, en árásin var sem fyrr er fram komið aðfaranótt 27. maí árið áður. Ekki hefur verið fengin skýrsla heimilislæknis Guðjónu eða annarra, sem kunna að hafa rannsakað hana. Í síðari vottorðum Stefáns Eggertssonar, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eru ekki upplýsingar um neinar rannsóknir milli 27. maí 1985 og 23. janúar 1986 og ekki skýringar því til stuðnings,

að heyrnarskerðing Guðjónu sé af völdum áverka, sem ákærði hafi veitt henni. Í vottorðinu 7. janúar s.l. segir aðeins: „Það er nánast öruggt að þessi heyrnarskerðing er af völdum ofangreinds áverka og má reikna með að þetta verði varanlegt.“ Gögn þau sem fyrir liggja duga ekki til að í þessu máli sé sannað, að orsakasamband sé milli líkamsárásarinnar og heyrnarskerðingarinnar.

Fallast verður á það með héraðsdómara að sannað sé, að ákærði hafi slegið Gunnar Frans Brynjarsson á hægra gagnauga, svo að sprunga kom í gegnum beinið við neðri augabrún.

Með því atferli, er nú var lýst, hefur ákærði brotið 217. gr. almennra hegningarlaga, og verður hann sakfelldur fyrir það brot, enda málið flutt á þeim grundvelli eftir 118. gr. laga nr. 74/1974.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um bætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Benedikt Halldórsson sæti varðhaldi 20 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um bætur til Gunnars Frans Brynjarssonar er staðfest, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Ákærði greiði 20.000,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 30.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, svo og annan áfrýjunarkostnað að ⅔ hlutum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 11. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7, af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 100/1987: Ákæruvaldið gegn Benedikt Halldórssyni, sem dómtekið var samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember 1986 á hendur Benedikt Halldórssyni, Vesturhólum 13 í Reykjavík, fæddum 12. janúar 1956 þar í borg, „fyrir líkamsárás, með því að hafa

aðfaranótt mánudagsins 27. maí 1985 um kl. 04:00, er ákærði var gestkomandi í sumarbústað að Klapparvör 6 í Hraunborgum, Grímsnesi, slegið Guðjónu Breiðfjörð, Reynigrund 59, Kópavogi, hnefahögg sem lenti á vinstra eyra hennar. Síðan strax á eftir slegið Gunnar Frans Brynjarsson, Vogatungu 16, Kópavogi, hnefahögg á hægra gagnauga.

Afleiðingar líkamsárása þessara urðu þær að Guðjóna hlaut væga heyrnarskerðingu á vinstra eyra, sem reikna má með að verði varanleg, en Gunnar Frans hlaut sprungu í gegnum beinið við neðri augabrún.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir:

Um hvítasunnuna 1985 dvaldist fólk í sumarbústaðahverfi í Hraunborgum í Grímsnesi. Í sumarbústað nr. 6 við Klapparvör voru fjórir unglingar, Gunnar Frans Brynjarsson fæddur 28. nóvember 1967, Guðmundur Helgi Önundarson, fæddur 6. október 1967, Guðjóna Breiðfjörð, fædd 10. september 1969 og Margrét Erla Halldórsdóttir, fædd 1. maí 1969.

Í sumarbústað nr. 12 dvöldu ákærði og þeir Skúli Sigurðsson, fæddur 13. maí 1964 og Ómar Óskarsson fæddur 18. febrúar 1963, auk eiginkvenna þeirra allra.

Aðfaranótt mánudagsins 27. maí sátu þeir ákærði, Skúli og Ómar við drykkju í bústað sínum. Þegar líða tók á nóttina fóru þeir í heimsókn í bústað nr. 6.

Vitnið Guðjóna Breiðfjörð hefur greint frá því að ákærði hafi verið ölvaður. Hann hafi farið á salernið og hafi þá virst í góðu skapi. Vitnið kveðst einnig hafa ætlað á salernið til þess að skola úr tusku og beðið eftir því að ákærði kæmi út. Þegar hann hafi komið út var eins og hann hefði umhverfst og hafi hann umsvifalaust slegið vitnið hnefahögg á vinstra eyrað og gengið rakleiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, er setið hafi á borðstofuborði, og slegið hann hnefahögg á augað svo að Gunnar valt niður á gólf.

Vitnið segir að þessar árásir ákærða hafi komið á óvart og verið algerlega tilefnislausar.

Vitnið Gunnar Frans Brynjarsson hefur skýrt frá því að ákærði hafi verið talsvert ölvaður. Hann hafi brugðið sér fram á salernið og Guðjnóna hafi beðið fyrir utan eftir því að komast þar að til þess að skola úr tusku. Þegar Benedikt kom út aftur hafi hann gengið beint til sín og slegið sig á hægra gagnaugað eitt högg svo að hann féll ofan af borðinu. Árás ákærða hafi verið algerlega tilefnislaus og komið sér á óvart. Vitnið kveðst hafa forðað sér yfir í annan bústað.

Þegar vitnið ætlaði að koma aftur var honum sagt að ákærði hefði slegið Guðjónu Breiðfjörð, og sá ákærði að hún strauk eyrað eins og hún fyndi til í því.

Vitnið Guðmundur Helgi Önundarson hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur í eldhúsi bústaðarins ásamt Ómari Óskarssyni þegar hann sá ákærða, sem var áberandi ölvaður, fara á salernið. Nokkru síðar hafi Guðjóna Breiðfjörð ætlað á salernið og þurfti hún að bíða fyrir utan eftir að það losnaði. Þegar ákærði hafi komið út hafi hann fyrirvaralaust og án tilefnis slegið hana með krepptum hnefa á eyrað. Ákærði hafi svo gengið rakleiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, sem sat á borðstofuborðinu, og slegið hann án tilefnis í andlitið. Gunnar Frans hafi fallið aftur fyrir sig ofan af borðinu.

Vitnið Margrét Erla Halldórsdóttir hefur skýrt frá því að hún hafi setið í stofu sumarbústaðarins þegar ákærði gekk rakleiðis að Gunnari Frans Brynjarssyni, sem sat á borðstofuborði, og sló hann tilefnislaust hnefahögg á augað. Hafi Gunnar Frans fallið aftur á bak á gólfið. Flestir þeirra sem í bústaðinum voru hafi verið vel undir áhrifum áfengis.

Vitnið kveðst hafa farið fram á salerni eftir þetta og hafi Guðjóna staðið þar og haldið um eyrað og sagt að ákærði hafi slegið sig.

Ákærði kvaðst hjá lögreglu hafa verið ölvaður, þegar hann hafði viðdvöl í Klapparvör 6, en þó muna samfellt eftir því sem þar gerðist. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa slegið nokkurn þar og kvaðst reyndar vera fullviss um að hann hafi ekki gert það. Ákærði kvaðst vera rólyndur að eðlisfari og auk þess hefði hann ekki fundið til neinna eymsla í hendinni eftir nóttina, eins og líklegt væri, hefði hann slegið einhvern.

Aftur á móti kveðst ákærði ekki sjá neina ástæðu fyrir því að verið sé að bera hann röngum sökum.

Hér fyrir dómi kvaðst ákærði hafa verið mjög drukkinn í umrætt sinn. Hann minnti þó að á meðan hann var inni á salerninu hafi fólk knúið þar hurð og haft orð á að honum dveldist þar. Þegar hann hafi opnað hafi verið 12 manns fyrir framan dyrnar. Ekki kvaðst ákærði hafa áreitt fólkið neitt. Eftir þetta mundi hann ekkert og kvaðst hvorki geta játað né neitað að hafa slegið Gunnar Frans Brynjarsson.

Vitnið Ómar Óskarsson hefur skýrt frá því að hann hafi ekki orðið var við nein átök í Klapparvör 6. Hann hafi brugðið sér upp á loft í bústaðnum til þess að þrífa upp ælu, og þegar hann hafi komið niður aftur hafi andrúmsloftið verið breytt og hafi húsráðendur vísað þeim þremur út. Kveðst vitnið hafa álitið að það væri út af ælunni. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt um það að ákærði hefði slegið nokkurn fyrr en daginn eftir.

Vitnið Skúli Sigurðsson hefur skýrt frá því að hann hafi aldrei orðið var við að ákærði slægi nokkurn mann og ekki að nein átök yrðu í bústaðinum

um nóttina. Hann kveðst þá skyndilaga hafa heyrt hávaða og séð að ákærði og Ómar voru á förum út úr bústaðinum. Vitnið segir að engan þeirra þriggja hefði mátt telja ofurölvi svo að þeir myndu ekki atburði næturinnar, nema þá helst ákærða.

Daginn eftir hafi stúlkurnar komið og sagt að Benedikt hefði slegið mann í bústaðinum.

Stefán Eggertsson læknir rannsakaði heyrn Guðjónu Breiðfjörð. Í vottorði hans, dagsettu 12. febrúar 1986, segir:

„Stúlka þessi var send til mín af heimilislækni þann 23. janúar s.l. Kvaðst hún hafa verið slegin á vinstra eyrað Hvítasunnuhelgi 1985. Hún hafði í tvo sólarhringa suð og hellu fyrir eyranu og jafnframt minnkaða heyrn. Þetta lagaðist, en hefur síðan verið með eymslatilfinningu bak við eyrað.

Við rannsókn kemur í ljós væg heyrnarskerðing á vi. eyra, bundið við 6 og 8000 hertz. Er næsta öruggt að þessi heyrnarskerðing er af völdum ofangreinds áverka og má reikna með að þetta verði varanlegt."

Gunnar Frans Brynjarsson leitaði til háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans með meiðsli sín. Í vottorði Einars Thoroddsens læknis dagsettu 2. maí 1986, segir:

„Að morgni 27.05.85 fékk Gunnar Brynjarsson högg á andlitið og því fylgdi dofi undir hægra auga og mikið glóðarauga. Hann fékk tvísýni samdægurs, en það lagaðist daginn eftir.

Röntgenmynd sýndi sprungu í gegnum beinið við neðri augabrún án þess að um röskun væri að ræða. Við skoðun þann 31.05. var engin tvísýni, en hann var ennþá dofinn á hægri kinn og uppá nef hægra megin."

Með framburði vitna, einkum Guðjónu Breiðfjörð og Guðmundar Helga Önundarsonar, í málinu, sem nýtur stuðnings af vottorði Stefáns Eggertssonar læknis, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða að hann hafi slegið Guðjónu eins og lýst er í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir.

Þá er á sama hátt sannað með framburði vitnanna Gunnars Frans Brynjarssonar og Margrétar Erlu Halldórsdóttur, sem nýtur stuðnings af vottorði Einars Thoroddsen læknis, sem ákærði hefur ekki vefengt, að hann hafi slegið Gunnar Frans eins og segir í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir.

Verknaðir ákærða þykja báðir varða við 218. gr. almennra hegningarlaga. Líkamstjón Guðjónu þykja vera þess eðlis að það hljóti að eiga undir 2. mgr. þeirrar greinar en áverki Gunnars Frans þykir eiga undir 1. mgr. þeirrar greinar eins og segir í ákæru. Þykir því verða að sakfella ákærða fyrir brot gegn báðum þessum ákvæðum, enda þótt honum verði ekki refsað frekar en refsimörk hins vægari ákvæðis leyfa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Gunnar Frans Brynjarsson hefur gert kröfu um að ákærði greiði sér 25.000 krónur í miskabætur. Kröfu þessari þykir vera stillt í hóf og ber að taka hana til greina að fullu.

Guðjóna Breiðfjörð hefur ekki gert bótakröfu.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um önnur brot en að árið 1977 var hann sektaður fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða Gunnari Frans Brynjarssyni 25.000 krónur í skaðabætur.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Guðnýjar Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanns, 16.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Halldórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingarinnar ber að fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Gunnari Frans Brynjarssyni 25.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun tilskipaðs verjanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur, héraðsdómslögmanns, 16.000 krónur.